# ÚRSKURÐUR
# ÓBYGGÐANEFNDAR

**Mál nr. 2/2022**

**Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals**

ÓBYGGÐANEFND

**5. nóvember 2024**

## EFNISYFIRLIT


**1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD ... 1**

**2 MÁLSMEÐFERÐ ... 2**

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar ... 2

2.2 Austfirðir (svæði 11) teknir til meðferðar ... 2

2.3 Lýstar kröfur og kynning ... 2

2.4 Mál nr. 2/2022, Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals ... 3

**3 KRÖFUGERÐ ... 6**

3.1 Kröfur íslenska ríkisins ... 6

3.2 Kröfur vegna Hátúnatorfu á Völlum (Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Grófargerðis ... 6

3.3 Kröfur vegna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum ... 7

3.4 Kröfur vegna Áreyja í Reyðarfirði ... 7

3.5 Kröfur vegna Skorrastaðar í Norðfirði ... 8

**4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN ... 9**

4.1 Inngangur ... 9

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar ... 9

4.3 Vettvangsferð ... 10

4.4 Skýrslutökur ... 10

**5 SAGA LANDSVÆÐA ... 11**

5.1 Landnám ... 11

5.2 Afréttir og afréttarnot ... 12

5.3 Tunghagi á Völlum ... 14

5.3.1 Grófargerði á Völlum ... 18

5.3.2 Arnkelsgerði á Völlum ... 21

5.4 Gíslastaðir á Völlum ... 24

5.4.1 Gíslastaðagerði á Völlum ... 26

5.5 Áreyjar í Reyðarfirði ... 29

5.6 Suðurhluti Eyvindarárdals, Svínadalur, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur ... 32

5.7 Skorrastaður í Norðfirði ... 37

5.7.1 Seldalur í Norðfirði ... 49

5.7.2 Skuggahlíð í Norðfirði ... 53

5.7.3 Oddsdalur ... 55

5.8 Nærliggjandi og tengdar jarðir á Völlum og í Skriðdal ... 58

5.8.1 Vallanes á Völlum og Vallaneskirkja ... 58

5.8.2 Útnyrðingsstaðir á Völlum ... 77

5.8.3 Keldhólar á Völlum ... 83

5.8.4 Ketilsstaðir á Völlum ... 85

5.8.5 Beinárgerði á Völlum ... 96

5.8.6 Eyjólfsstaðir á Völlum ... 98
5.8.7 Úlfsstaðir á Völlum ... 103
5.8.8 Stóra-Sandfell í Skriðdal ... 104
5.8.9 Litla-Sandfell í Skriðdal ... 107
5.8.10 Eyrarteigur í Skriðdal ... 109
5.8.11 Arnhólsstaðir í Skriðdal ... 110
5.8.11.1 Hryggstekkur í Skriðdal ... 112
5.9 Nærliggjandi jarðir í Eyvindarárdal og Mjóafirði ... 112
5.9.1 Þuríðarstaðir í Eyvindarárdal ... 112
5.9.2 Fjörður í Mjóafirði ... 116
5.9.2.1 Fjarðarkot í Mjóafirði ... 125
5.9.2.2 Friðheimur í Mjóafirði ... 126
5.10 Nærliggjandi jarðir í Norðfirði og Hellisfirði ... 126
5.10.1 Fannardalur í Norðfirði ... 126
5.10.2 Tandrastaðir í Norðfirði ... 129
5.10.3 Hólar í Norðfirði ... 130
5.10.4 Hellisfjörður í Hellisfirði ... 132
5.10.4.1 Hellisfjarðarsel í Hellisfirði ... 137
5.11 Nærliggjandi jarðir í Reyðarfirði og Eskifirði ... 138
5.11.1 Helgustaðir í Reyðarfirði ... 138
5.11.2 Sigmundarhús í Reyðarfirði ... 142
5.11.3 Sellátrar í Reyðarfirði ... 145
5.11.4 Högnastaðir í Reyðarfirði ... 147
5.11.5 Svínaskáli í Eskifirði ... 149
5.11.5.1 Svínaskálastekkur/Engjabakki í Eskifirði ... 153
5.11.6 Lambeyri í Eskifirði ... 154
5.11.7 Bleiksá í Eskifirði ... 161
5.11.8 Eskifjörður í Eskifirði ... 162
5.11.8.1 Eskifjarðarsel í Eskifirði ... 168
5.11.8.2 Veturhús í Eskifirði ... 170
5.11.9 Bakkagerði í Reyðarfirði ... 170
5.11.10 Kollaleira í Reyðarfirði ... 174
5.11.11 Seljateigur í Reyðarfirði ... 176
5.11.11.1 Seljateigshjáleiga í Reyðarfirði ... 185
5.12 Eignir og ítök kirkna ... 191
5.12.1 Hallormsstaður í Skógum ... 191
5.12.2 Vallaneskirkja ... 192
**6 SJÓNARMIÐ AÐILA ... 193**
6.1 Íslenska ríkið ... 193
6.1.1 Hjálpleysa ... 194

6.1.2 Gíslastaðir og Gerði ... 195
6.1.3 Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. ... 197
6.1.4 Oddsdalur ... 198
6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins ... 198
6.2.1 Hátúnatorfa á Völlum (Tunghagi, Arnkelsgerði, Ásgarður og Grófargerði), Gíslastaðir og Gíslastaðagerði á Völlum og Skorrastaður í Norðfirði ... 199
6.2.1.1 Hátúnatorfa á Völlum (Tunghagi, Arnkelsgerði, Ásgarður, Grófargerði) ... 201
6.2.1.2 Gíslastaðir og Gíslastaðagerði á Völlum ... 203
6.2.1.3 Skorrastaður í Norðfirði ... 206
6.2.2 Áreyjar í Reyðarfirði ... 208
**7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... 211**
7.1 Inngangur ... 211
7.2 Almenn atriði ... 211
7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar ... 211
7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 211
7.3 Landnám ... 214
7.4 Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals ... 215
7.4.1 Hjálpleysa ... 215
7.4.1.1 Afmörkun ... 217
7.4.1.2 Eignarréttarleg staða ... 219
7.4.2 Gíslastaðir og Gerði ... 224
7.4.2.1 Afmörkun ... 225
7.4.2.2 Eignarréttarleg staða ... 231
7.4.3 Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl. ... 236
7.4.3.1 Afmörkun ... 237
7.4.3.2 Eignarréttarleg staða ... 241
7.4.4 Oddsdalur ... 247
7.4.4.1 Afmörkun ... 248
7.4.4.2 Eignarréttarleg staða ... 251
7.5 Um málskostnað ... 255
**8 ÚRSKURÐARORÐ ... 257**
VIÐAUKI I: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... I
VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR ... CXXV
FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ ... CXXVII
FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ ... CXXVIII
a) Efnisflokkuð skjalaskrá ... CXXVIII
b) Skjalaskrá í númeraröð ... CLXXIV
FYLGISKJAL III: KORT ... CCXXIII
a) Úrskurðarkort í máli nr. 2/2022 ... CCXXIII
b) Yfirlitskort um svæði 11 ... CCXXIII

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 5. nóvember 2024 er tekið fyrir mál nr. 2/2022, Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals, og í því kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR**

Úrskurð þennan kveða upp Hulda Árnadóttir, Allan V. Magnússon og Þorsteinn Magnússon.

Aðilar máls eru:[1]

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir og Andri Andrason lögmenn.)

Ármann Ingimagn Halldórsson, Þuríður Jónbjörg Halldórsdóttir, Halldór Jón Halldórsson, Sigurður Halldórsson, Sigþór Arnar Halldórsson og Margrét Sólveig Halldórsdóttir vegna Tunghaga á Völlum.

Guðni Nikulásson, Ásdís Nikulásdóttir og Edda Nikulásdóttir vegna Arnkelsgerðis á Völlum.

Viðar Eiríksson vegna Ásgarðs á Völlum.

Guðni Nikulásson vegna Grófargerðis á Völlum.

Sæmundur Guðmundsson vegna Gíslastaða á Völlum.

Jónína Fjóla Þórhallsdóttir vegna Gíslastaðagerðis á Völlum.

Björn Reynir Jónsson og Guðmundur Birkir Jónsson vegna Skorrastaðar I í Norðfirði.

Jóhanna Ármann Guðjónsdóttir vegna Skorrastaðar II í Norðfirði.

Þórður Júlíusson vegna Skorrastaðar III í Norðfirði.

(Jón Jónsson lögmaður.)

Svavar Valtýr Valtýsson vegna Áreyja í Reyðarfirði.

(Magnús Óskarsson lögmaður.)

---

[1] Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Fjarðar í Mjóafirði af hálfu Valþórs Þorgeirssonar og Ólafs Hólm Þorgeirssonar; Fannardals í Norðfirði af hálfu Síldarvinnslunnar hf.; og Tandrastaða í Norðfirði af hálfu Ingimars Jóhannssonar og Lillýjar Valgerðar Oddsdóttur. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað.

# 2 MÁLSMEÐFERÐ

## 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi þjóðlendulög, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

## 2.2 Austfirðir (svæði 11) teknir til meðferðar

Með bréfi dagsettu 20. apríl 2021 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 11, Austfirði, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 8. október 2021 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða. Að beiðni íslenska ríkisins var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu framlengdur fimm sinnum, síðast til 25. janúar 2022.

Landsvæði þetta, hið sextánda í röðinni hjá óbyggðanefnd,[2] tekur til sveitarfélaganna Fjarðabyggðar og hluta Múlaþings.

Svæði 11 afmarkast svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlaþings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar en mörkum þess og Múlaþings er síðan fylgt suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélögum var tilkynnt um málsmeðferðina þegar kröfur ríkisins höfðu borist og gerð grein fyrir framhaldinu.

## 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11 barst óbyggðanefnd 25. janúar 2022. Kröfulýsingin ásamt kortum var birt á vefsíðu nefndarinnar daginn eftir. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu

---

[2] Upphaflega var meginlandinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7, 8 og 9 var öllum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A, 8B, 9A og 9B. Svæði 10 var síðan skipt í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Svæði 11 var því sextánda og síðasta svæðið á meginlandinu þegar þarna var komið sögu.

1. febrúar 2022, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 6. maí 2022. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar í Lögbirtingablaðinu var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. fyrrnefnt lagaákvæði, auk þess sem birtar voru auglýsingar í héraðsfréttamiðlum.

Kynningargögn um kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerð aðgengileg almenningi á öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi, þ.e. á Seyðisfirði, Eskifirði, Egilsstöðum og Vopnafirði, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar. Að auki voru gögnin send sveitarfélögum á svæðinu rafrænt með beiðni um að hafa þau aðgengileg. Enn fremur var fréttatilkynning send út um þjóðlendukröfu ríkisins, kröfulýsingarfrest annarra og hvar kynningargögn væru aðgengileg. Ríkisútvarpið, Morgunblaðið og Bændablaðið fjölluðu um þjóðlendukröfurnar 2.–3. febrúar 2022 og Múlaþing kynnti kröfurnar á vefsíðu sinni.

Tilkynningu um kröfugerð ríkisins var þinglýst á fasteignir á svæðinu 8. apríl 2022 í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var framlengdur tvisvar, síðast til 20. júní 2022. Innan frestsins bárust 32 kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis, og eitt erindi að auki.

Gefið var út yfirlit yfir lýstar kröfur ásamt uppdrætti. Lögboðin kynning á heildarkröfum fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi frá 15. nóvember 2022 til og með 15. desember 2022, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 22. desember 2022. Sveitarfélögum á svæðinu, þ.e. Múlaþingi og Fjarðabyggð, voru einnig send kynningargögn rafrænt og þau voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu nefndarinnar. Eitt erindi barst nefndinni með athugasemdum.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók upphaflega til 25 skilgreindra svæða en við meðferð málsins féll íslenska ríkið frá kröfum til tveggja þeirra svo að eftir stóðu 23 svæði, auk þess sem gerðar voru breytingar á afmörkun nokkurra kröfusvæða.[3] Á móti bárust 32 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust en eftir fyrrgreindar breytingar á kröfugerð ríkisins voru samtals 25 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins til úrlausnar.

## 2.4 Mál nr. 2/2022, Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 11, sem haldin var sameiginlega vegna allra málanna 29. mars 2023, var tilkynnt um skiptingu svæðisins í fjögur mál, nr. 1–4/2022, og að mál nr. 2/2022 nefndist *Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals*. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málunum og að hana skipuðu í máli nr. 2/2022 Hulda

[3] Í máli nr. 3/2022 fólu breytingar á afmörkun eins kröfusvæðis í sér að aukið var við kröfur ríkisins en um málsmeðferð vegna þeirrar breytingar fór skv. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 eins og gerð er grein fyrir í kafla 2.4 í úrskurði í máli nr. 3/2022.

Árnadóttir, Allan V. Magnússon og Ásgerður Ragnarsdóttir. Þá var gerð grein fyrir mati á sérstöku hæfi nefndarmanna og starfsmanns Þjóðskjalasafns Íslands sem hafði umsjón með gagnaöflun safnsins fyrir nefndina. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við þessi atriði.

Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 11 og stöðu málsmeðferðar. Brýnt var fyrir lögmönnum að skila skriflegum umboðum frá öllum umbjóðendum sínum til skrifstofu óbyggðanefndar og vakin athygli á því að litið væri svo á að einungis þeir sem gefið hefðu slíkt umboð væru aðilar máls, að því frátöldu ef aðilar gættu hagsmuna sinna sjálfir.

Gerð var grein fyrir gagnaöflun nefndarinnar og stöðu hennar. Einnig var greint frá verklagi við framlagningu skjala og lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Sömuleiðis var gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem varða málskostnað og greiðslur á útlögðum kostnaði en í því sambandi var vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Því var beint til lögmanna og annarra fulltrúa aðila að kanna hvort ljúka mætti málinu með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Enn fremur var farið yfir framhald málsmeðferðar og m.a. upplýst að vettvangsferðir væru fyrirhugaðar síðsumars eða um haustið. Lögmenn voru beðnir að kanna, í samráði við umbjóðendur sína, hvað þeir teldu helst þurfa að skoða í vettvangsferð og hvernig því yrði best komið við.

Önnur fyrirtaka í málum nr. 1–4/2022 var haldin sameiginlega 18. september 2023. Tilkynntar voru breytingar á skipan nefndarinnar í málunum, sem áður höfðu verið kynntar lögmönnum í tölvupósti, og að nefndina skipuðu í máli nr. 2/2022 Hulda Árnadóttir, Allan V. Magnússon og Þorsteinn Magnússon. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við breytta skipan nefndarinnar.

Greint var frá því að lögmaður ríkisins hefði upplýst nefndina um breytingar á kröfugerð ríkisins í málum nr. 1–3/2022 sem fólu í máli nr. 2/2022 í sér að fallið hefði verið frá kröfu til Fannardals í Norðfirði og þjóðlendukröfulína vegna kröfusvæðisins *Suðurhluta Eyvindarárdals o.fl.* hefði verið aðlöguð að kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna Fjarðar í Mjóafirði. Kallað var eftir afstöðu þeirra lögmanna sem önnuðust hagsmunagæslu vegna viðkomandi jarða til þess hvort ágreiningi um merki viðkomandi jarða væri lokið og þeir staðfestu að svo væri.

Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá og gerð grein fyrir stöðu gagnaöflunar, auk þess sem kynnt var fyrirhugað skipulag vettvangsferðar 19.–21. september en lögmönnum höfðu áður verið sendar upplýsingar um þessi atriði í tölvupósti. Þá var gerð grein fyrir framhaldi málsmeðferðar, þar á meðal áformum um greinargerðarfresti málsaðila og samspili þeirra við aðra þætti málsmeðferðar en fram kom að lögmönnum yrði tilkynnt um nákvæma fresti þegar sæi fyrir endann á kerfisbundinni gagnaöflun nefndarinnar.

Vettvangsferð vegna máls nr. 2/2022 fór fram 19. september 2023. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Með tölvupósti 18. október 2023 voru lögmenn upplýstir um að kerfisbundinni gagnaöflun óbyggðanefndar teldist lokið og greinargerðarfrestir yrðu ákveðnir í framhaldinu. Gögn kynnu að bætast við síðar en þau yrðu þá send lögmönnum jafnóðum og þeim gæfist færi á að tjá sig um þau ef þeim þætti tilefni til. Daginn eftir var lögmönnum svo tilkynnt í tölvupósti að íslenska ríkið hefði frest til 22. nóvember 2023 til að skila greinargerð og að aðrir málsaðilar fengju í framhaldinu frest til 20. desember 2023 til að skila greinargerðum. Síðar var frestur ríkisins framlengdur til 13. desember 2023 og frestur gagnaðila ríkisins var framlengdur tvisvar, síðara sinnið til 12. febrúar 2024.

Aðalmeðferð í málum nr. 2/2022 og 4/2022 var haldin sameiginlega 18. mars 2022. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Bent var á að þótt kerfisbundinni gagnaöflun væri lokið væri hugsanlegt að fleiri skjöl ættu eftir að koma fram síðar en lögmenn og aðrir fulltrúar málsaðila fengju að sjálfsögðu afhent jafnóðum öll skjöl sem kynnu að koma fram, sem og færi á að tjá sig um þau og uppfæra málskostnaðaryfirlit sín ef þeim þætti tilefni til.

Einnig fóru fram skýrslutökur sem gerð er grein fyrir í kafla 4.4.

Þá voru málin flutt munnlega. Fyrst flutti lögmaður íslenska ríkisins mál nr. 2/2022 og 4/2022 sameiginlega. Lögmaðurinn tók fram að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þá fluttu lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins málin.

Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar en ef frekari gögn kæmu fram yrðu málin þó tekin fyrir aftur af því tilefni.

Lokafyrirtaka í málum nr. 1–4/2022 var haldin sameiginlega vegna allra málanna 4. nóvember 2024. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá, sem höfðu áður verið gerð aðgengileg lögmönnum og þeir fengið upplýsingar um. Þá gerði formaður grein fyrir því að málskostnaður sem ætlunin hefði verið að úrskurða gagnaðilum íslenska ríkisins í málunum rúmaðist ekki innan fjárheimilda óbyggðanefndar á árinu. Í ljósi þess hefði nefndin ákveðið að úrskurða um málskostnað að hluta samhliða efnislegum úrskurðum í málunum en fresta ákvörðun málskostnaðar að öðru leyti. Málin yrðu síðan endurupptekin í byrjun árs 2025 til að úrskurða um þann málskostnað sem út af stæði. Formaður lýsti því að nefndin teldi þetta ekki heppilegt en þó óhjákvæmilegt svo að unnt væri að kveða upp efnislega úrskurði í málunum á árinu 2024. Að öðrum kosti hefði nefndin þurft að fresta uppkvaðningu alfarið til ársins 2025. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemd við þetta fyrirkomulag. Að því búnu tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar.

# 3 KRÖFUGERÐ[4]

## 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Kröfum fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er skipt í fjögur svæði í máli þessu. Þess er krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðanna.

> *Hjálpleysa:*
>
> Upphafspunktur er þar sem Kálfsvallará rennur í Gilsá (1). Þaðan er Gilsá fylgt að Hjálpleysuvatni (2) og síðan Lambavallaá inn á Hjálpleysuvarp (3). Ræður Hjálpleysuvarp landamerkjum að austan og sunnan eftir fjallsbrúnum að upptökum Kálfsvallarár (4) og er Kálfsvallará fylgt aftur í upphafspunkt.
>
> *Gíslastaðir og Gerði:*
>
> Upphafspunktur er þar sem Efri-Launá rennur í Fagradal (1). Er Efri-Launá fylgt að upptökum (2) og þaðan norðvestur í vatnaskil á Aurum (3). Þaðan er vatnaskilum fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár (4) og eftir Efri-Hrútá niður í Fagradalsá (5) og þaðan í upphafspunkt.
>
> *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.:*
>
> Upphafspunktur er þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará (1) og ræður Slenjudalsá merkjum austur að landamerkjavörðu Fjarðar í Mjóafirði á Slenjudalshálsi, sunnan árinnar (2). Þaðan beina stefnu suður á fjallseggjar (3) og eftir vatnaskilum á Fönn (4), síðan er vatnaskilum fylgt til austurs á Tungufell (5) og þaðan suður á Hrævarskörð (6). Frá Hrævarskörðum er vatnaskilum fylgt á Svínadalsvörp (7), og austur á Skagafell í Njörvadalsárdrög (8). Frá þeim punkti er vatnaskilum fylgt austur í Fagradalsá (9), sem ræður vesturmerkjum. Er Fagradalsá fylgt norður þar til hún rennur í Eyvindará (10) og er Eyvindará fylgt þaðan aftur í upphafspunkt.
>
> *Oddsdalur:*
>
> Upphafspunktur er í Hengifossá (1), þaðan bein lína í veginn á Bröttubrekkubrún (2), svo umhverfis allan Oddsdalinn upp á fjallshrygg og að Geithúsaá (3) sem er fylgt niður í upphafspunkt.

## 3.2 Kröfur vegna Hátúnatorfu á Völlum (Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Grófargerðis

Af hálfu eigenda Hátúnatorfu á Völlum (Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Grófargerðis) er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

> Að utan ræður Stórilækur (1) þar til hann fellur í Tunghagalæk (2), þá Tunghagalækur uns hann fellur í Grímsá (3). Að norðan og vestan Grímsá (4). Að framan Gilsá, að Hjálpleysuvatni, (5) og síðan Lambavallaá (6) inn á Hjálpleysuvarp (7). Að austan og sunnan: fjallsbrún (8) suður á Hjálpleysuvarp.

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign, komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

---

[4] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### 3.3 Kröfur vegna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum

Af hálfu eigenda Gíslastaða og Gíslastaðagerðis er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

> Að utanverðu úr merkikeldu sem rennur í Tunguhagalæk (1) upp um torfuhnaus (2) sem hlaðinn er í flóanum, í Grástein (3) ofan við flóann, þaðan beint upp eftir í Sniðlæk (4) og með honum upp fjallið í svokallaðan Klofastein (5) á aurbrúninni, svo austur aurana að Efri Launá (6) sem rennur norðan af aurunum og með honum í Fagradalsá (7), sem skiptir landi að austan.
>
> Að framan Stórilækur (12) úr Tunguhagalæk (13) og upp um svokallaða Grjótárbotna (11) og suður um aurinn rétt fyrir utan Hött (10), inn og suður í Hrútárdrög og niður Hrútá (9) að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrútárbotna ofan í Fagradalsá (8) en á Fagradal aðskilur Fagradalsá.

Innan svæðisins er landi skipt milli Gíslastaða og Gíslastaðagerðis, að hluta.

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign, komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### 3.4 Kröfur vegna Áreyja í Reyðarfirði

Af hálfu eiganda Áreyja í Reyðarfirði er þess krafist að landamerki Áreyja afmarkist í samræmi við landamerkjalýsingu frá 1885 og dómsorð Hæstaréttar í máli nr. 611/2006 og innan þeirra sé um að ræða beinan eignarrétt landeiganda. Gerð er krafa um að landamerkin séu:

> að sunnan úr (1) Flóalækjarósi (720 918 austur og 511 338 norður) í (2) Sandskörð (720 117 austur og 510 660 norður) og þaðan á (3) Merkimel (719 693 austur og 510 302 norður) þaðan á (4) mitt Kotfell (einnig kallað Kollfell) (hábungu Kotfells 719 192.496 austur og 509 797.840 norður). Að vestan liggja mörkin úr miðju Kotfelli á (5) Hvalvörðu (Kvalvörðu) þaðan á (6) Hallsteinsdalsvarp þaðan á (7) Hjálpleysuvarp eftir því sem vötnum hallar. Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi (8) þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. (9) Að austan og utan skilur Fagradalsá alla leið út í (1) Flóalækjarós.

Til vara er gerð krafa um fullan afnotarétt af því landi sem ríkið gerir kröfu um og skarast við framangreint, þ.m.t. upprekstrar og beitarrétt.

Þá er krafist málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða eftir mati óbyggðanefndar.

### 3.5 Kröfur vegna Skorrastaðar í Norðfirði

Af hálfu eigenda Skorrastaðar í Norðfirði er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, samanber merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

> Milli Skorrastaðar og Skálateigs, bein lína af fjalli (1), um Þrígjár (2) og um gilið utan undir Skálateigstúni efra þar sem túnhóllinn gengur lengst út að læknum, er um gilið rennur (3), þá bein lína frá læknum þar sem hann rennur við hólshornið niður að Grænuþúfu (4). Þaðan inn að Merkilæk (5), þannig að stefnan úr þúfunni verði réttsýnis á Melshorn, sem er ysti endi Seldalsháls , í Norðfjarðará (6). Þaðan að merkjum við Skuggahlíð við Norðfjarðará (7) í Munnlagarstein (8) til fjalls (9) og út fjallið að merkjum við Grænanes (10). Þaðan bein lína í Bugalækjarós við Norðfjarðará (11). Þaðan út með Norðafjarðará (12) og upp í Illukeldu (13), þaðan í Kjálkalæk utan undir Kirkjumel (14), í miðja Staðargjá (15) og fjall (16). Þaðan inn eftir eggjum (1).
>
> Einnig:
>
> Grænanesbakkar; sem afmarkast af Norðfjarðará (17), þangað sem Merkikelda fellur í hana við Grænhyl (18) þá Merkikelda í Merkivörðu (19) og í Norðfjarðará (17).
>
> Staðarháls/Skorrastaðaháls; Frá Gvendarfossi (20), þaðan bein lína upp á Hálsinn (21) upp á Hólafellseyra (22). Þaðan niður Rauðuskriður í Markstein, móts við Slekkvallarárós (23). Út Norðfjarðará að ármótum (24). Þaðan í Gvendarfoss (20).
>
> Oddsdalur; Geithúsárós (25) þar sem hún fellur í Hengifossá. Þaðan bein lína í mitt Grænafell (26). Eftir fjallseggjum um Oddsdalinn (27-30), niður að vegi við Bröttubrekkubrún (31), og beina línu í Hengifoss (32). Þaðan upp að Geithúsárós (25).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign, komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1−15 ásamt undirskjölum, samtals 807 skjöl, auk 11 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fulltrúum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa fulltrúa málsaðila um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru jafnóðum gerð lögmönnum aðgengileg rafrænt og síðan bókuð framlögð við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni (skjals nr. 2), inngangs að sögulegri greinargerð safnsins og minnisblaða þess um tiltekin efni (skjala nr. 3(2)–3(5)), frumgagnayfirlits og jarðalista (hliðsjónargagna nr. 5–6) og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum (hliðsjónargagna nr. 7–9). Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II.

## 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins þriðjudaginn 19. september 2023 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Jafnframt voru með í för starfsmaður Þjóðskjalasafns Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Vettvangsferðin hófst á Egilsstaðaflugvelli. Eftir stuttan fund um skipulag dagsins var ekið þaðan á Fagradal og m.a. hugað að staðsetningu Efri-Launár. Hópurinn nam því næst staðar nærri vatnaskilum og sveitarfélagamörkum Múlaþings og Fjarðabyggðar í dalnum og gekk af stað þar sem vatnaskilin og sveitarfélagamörkin sáust vel. Þaðan var ekið áfram suður Fagradal og staðnæmst milli Efri- og Neðri-Hrútár. Lokst var staðnæmst á móts við Hjálpleysuá og horft inn Hjálpleysudal til norðvesturs.

Úr Fagradal var ekið áfram yfir í Norðfjörð. Þegar þangað var komið var ekið inn Oddsdal og numið staðar neðarlega í dalnum við Geithúsaá. Þaðan var svo ekið áfram dalinn og upp að gömlu jarðgöngunum um Oddskarð en þaðan sást yfir allt kröfusvæði ríkisins í Oddsdal. Að því búnu var ekið til baka um Fagradal og beygt til suðausturs inn Eyvindarárdal austan við Skagafell og staðnæmst skammt frá þeim stað þar sem Slenja rennur í Eyvindará. Þaðan gafst yfirsýn um Eyvindarárdal, inn Tungudal, Svínadal og Slenjudal og að Slenjudalshálsi. Því næst var ekið til baka til Egilsstaða og gert hádegishlé. Að því loknu var ferðinni haldið suður á Velli og staðnæmst við þjóðveginn til að horfa í átt að Hjálpleysudal. Þar lauk vettvangsferð málsins.

## 4.4 Skýrslutökur

Engar skýrslutökur fóru fram við aðalmeðferð málsins.

# 5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðanna sem málið varðar. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám þar. Því næst verða raktar heimildir um kröfusvæði málsins og nærliggjandi og tengdar jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Umfjöllun um þær jarðir sem liggja að kröfusvæðum ríkisins takmarkast oftast við heimildir um afmörkun. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.[5]

## 5.1 Landnám

Í *Landnámu* segir eftirfarandi um landnám á Völlum, í Skriðdal, Mjóafirði, Norðfirði, Hellisfirði, Eskifirði og Reyðarfirði.

> Graut-Atli nam ena eystri strǫnd Lagarfljóts allt á milli Giljár og Vallaness fyrir vestan Øxnalæk.
>
> […]
>
> Þorgeirr Vestarsson hét maðr gǫfugr; hann átti þrjá sonu; var einn Brynjólfr enn gamli, annarr Ævarr enn gamli, þriði Herjólfr. Þeir fóru allir til Íslands á sínu skipi hverr þeira. Brynjólfr kom skipi sínu í Eskifjǫrð ok nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan fyrir ofan Hengiforsá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðudal allan, ok svá Vǫlluna út til Eyvindarár ok tók mikit af landnámi Una Garðarssonar ok byggði þar frændum sínum ok mágum.
>
> […]
>
> Ævarr enn gamli bróðir Brynjólfs kom út í Reyðarfirði ok fór upp um fjall; honum gaf Brynjólfr Skriðudal allan fyrir ofan Gilsá; hann bjó á Arnaldsstǫðum; hann átti tvá sonu ok dætr þrjár.
>
> […]
>
> Ásrøðr hét maðr, er fekk Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs ok stjúpdóttur; henni fylgðu heiman ǫll lǫnd milli Gilsár ok Eyvindarár; þau bjǫggu á Ketilsstǫðum.
>
> […]
>
> Uni son Garðars, er fyrst fann Ísland, fór til Íslands með ráði Haralds konungs hárfagra ok ætlaði að leggja undir sik landit, en síðan hafði konungr heitit honum at gera hann jarl sinn. Uni tók land, þar sem nú heitir Unaóss, ok húsaði þar; hann nam sér land til eignar fyrir sunnan Lagarfljót, allt herað til Unalækjar. En er landsmenn vissu ætlan hans, tóku þeir at ýfask við hann ok vildu eigi selja honum kvikfé eða vistir, ok mátti hann eigi þar haldast.
>
> […]

[5] Þessi kafli er að mestu byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 26. júní 2024, sem lögð var fram sem skjal nr. 3(2), sbr. einnig eldri gerð hennar, skjal nr. 3(1), dags. 14. júlí 2023. Þó hefur verið felld brott eða stytt umfjöllun um sumar heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins, auk þess sem bæst hefur við umfjöllun um gögn sem aflað var annars staðar en á Þjóðskjalasafninu. Í inngangi að greinargerð Þjóðskjalasafnsins er greint frá gagnaflokkum sem leitað var í og tilhögun gagnaöflunar, sbr. einnig yfirlit um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar og jarðalista, hliðsjónargögn nr. 5–6. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, hliðsjónargögnum nr. 7–9, er gerð grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram. Tilvísanir til skjalsnúmera vísa til skjalaskrár í fylgiskjali II en nánari upplýsingar en þar eru skráðar um uppruna skjala er að finna í heildarskilabréfi og greinargerð Þjóðskjalasafnsins.

> Eyvindr hét maðr, er út kom með Brynjólfi ok færði síðan byggð sína í Mjóvafjǫrð ok bjó þar. Hans son var Hrafn, er seldi Mjóvafjarðarland Þorkatli klǫku, er <þar> bjó síðan; frá honum er Klǫkuætt komin.
>
> Egill enn rauði hét maðr, er nam Norðfjǫrð ok bjó á Nesi út; hans son var Óláfr, er Nesmenn eru frá komnir.
>
> Freysteinn enn fagri hét maðr; hann nam Sandvík ok bjó á Barðsnesi, Viðfjǫrð ok Hellisfjǫrð. Frá honum eru Sandvíkingar ok Viðfirðingar ok Hellisfirðingar komnir.
>
> […]
>
> Ævarr var fyrst í Reyðarfirði, áðr hann fór upp um fjall, en Brynjólfr í Eskifirði, áðr hann fór upp at byggja Fljótsdal, sem áðr var ritat.[6]

## 5.2 Afréttir og afréttarnot

Hinn 4. júlí 1892 var sett reglugerð fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil m.fl., nr. 105/1892. Þar segir m.a.:

> 12. gr.
>
> Afrjett er þar, sem venja hefur verið, enda sje eigi búsmala haldið þar á sumrum að staðaldri, og eptir því skal í hverri sveit aðgreina afrjettarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. […]
>
> 13. gr.
>
> Hver búandi er skyldur til að reka geldfje sitt og lömb og þeirra, sem hjá honum eiga fje, á einhverja sveitarafrjett ellegar á afrjett annara sveita, og er honum það heimilt. Sekt varðar, ef hann sleppir geldfje sínu í heimalandi. […] Þó má hreppsnefnd leyfa undanþágu frá þessari reglu, þar sem afrjettarlönd eru þröng, en heimalönd víðlend.[7]

Samsvarandi texti er í fjallskilareglugerðum frá árunum 1919 og 1936.[8]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er skráð um Helgustaðahrepp að enginn afréttur sé í hreppnum og yfirleitt lítið land sem fylgi hverri jörð.[9]

Hinn 15. febrúar 1920 skrifaði Nikulás Guðmundsson í Vallahreppi bréf til sýslumanns Suður-Múlasýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Nikulásar var eftirfarandi:

> Í tilefni af brjefi yðar, háttvirti herra sýslumaður, dags. 8. f.m. viðvíkjandi almenningum og öðrum landsvæðum, sem ekki tilheyra neinu sjerstöku býli, tilkynnist yður hjer með, að afjrettarland milli Svínadalsár og Tungudalsár að landamærum Reyðarfjarðarhrepps, er óskipt sameign (almenningur) Valla- og Eiðahrepps.
>
> Ár þessar falla saman við mynni Svínadals
>
> Ønnur svæði eru ekki í Vallahreppi, sem ekki tilheyra sjerstökum býlum.[10]

Hinn 22. apríl 1920 skrifaði Hjálmar Vilhjálmsson í Mjóafjarðarhreppi bréf til sýslumanns Norður-Múlasýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar hans var að enginn almenningur og ekkert afréttarland væri

6 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 296, 298–300, 306–307, skjal nr. 4(7).
7 Skjal nr. 4(9).
8 Skjöl nr. 4(10)–4(11).
9 Skjal nr. 2(105).
10 Skjal nr. 2(364).

í hreppnum sem ekki tilheyrði einhverju lögbýli.[11] Jón Bjarnarson, oddviti Norðfjarðarhrepps, svaraði fyrirspurninni á sömu leið með bréfi dagsettu 14. maí 1920.[12] Gerð var ítarleg leit í Þjóðskjalasafni að því hvort svar hafi borist frá Eiðahreppi vegna fyrirspurnar Stjórnarráðsins frá 29. desember 1919. Ljóst er að sýslumaður sendi hreppstjóra Eiðahrepps bréf um erindið, dagsett 8. apríl 1920, en allar líkur benda til þess að ekkert svar hafi borist frá Eiðahreppi.[13]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið til allra sveitarstjórna fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.[14] Bæjarstjóri Eskifjarðarkaupstaðar svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 22. september sama ár og sagði enga afrétti vera í hreppnum. Sömu svör komu frá bæjarstjóra Neskaupstaðar og sveitarstjóra Reyðarfjarðarhrepps, dagsettum 9. nóvember og 13. nóvember 1989.[15] Oddviti Eiðahrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 24. nóvember sama ár. Þar segir að afrétturinn nefnist Tungudalur í Dalaafrétti en um mörk hans segir í bréfinu:

> Liggur milli Slenjudals og Svínadals í Dalaafrétti, nær að Slenjudalsá að utan og liggur upp á Eskifjarðarheiði að innan.[16]

Þá segir í bréfinu að allharðar deilur hafi staðið yfir milli Eiðahrepps annars vegar og Vallahrepps hins vegar um til hvors sveitarfélagsins afrétturinn ætti að teljast. Oddviti Eiðahrepps segir í bréfinu að viðurkennt sé að Tungudalur teljist til Vallahrepps en lagði um leið áherslu á að ekki yrði hróflað við afnotarétti bænda í Eiðaþinghá af Tungudal.[17] Oddviti Vallahrepps svaraði fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins með bréfi dagsettu 27. apríl 1989. Þar er fjallað um tvo afrétti. Annars vegar Gilsárdal fyrir bændur vestan Grímsár, þ.e. á Norður-Völlum. Hins vegar Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal fyrir bændur austan Grímsár. Um afmörkun segir eftirfarandi:

> Gilsárdalur afmarkast að vestan af Gilsá sunnan Hornbrynju (Sauðahnúkur) austan Hraungarður þar sem hann er hæstur norðan Grafningsá.
>
> Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal afmarkast að austan Eyvindará frá ármótum Fagradalsár í Slenju upp með henni á Slenjudalsháls þaðan upp hálsinn um Slenjufjall í Jökulkinn og Fonn hæðarpunkt 1058 m.vatnaskil Eskifjarðarheiði Tungufell Hræfarskörð Eskihnúkur vatnaskil Svínadal þvert yfir Skagafell í Þrílæki vatnaskil Fagradalsár síðan ræður hún í Eyvindará.[18]

[11] Skjal nr. 2(362).
[12] Skjal nr. 2(363).
[13] Sjá minnisblað Þjóðskjalasafns Íslands um hvort svar hafi borist frá Eiðahreppi vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, dagsettrar 29. desember 1919, um almenninga, dagsett 2. febrúar 2024, skjal nr. 3(5).
[14] Skjal nr. 2(393).
[15] Skjöl nr. 2(395)–2(397).
[16] Skjal nr. 2(394).
[17] Skjal nr. 2(394).
[18] Skjal nr. 2(399).

## 5.3 Tunghagi á Völlum

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfa Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfa Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.[19]

Í kaupmálabréfi sr. Ólafs Guðmundssonar og Önnu Stefánsdóttur frá 26. september 1693 kemur fram að Anna hafi fengið í fasteign hálfa jörðina Tunghaga, 10 hundruð að dýrleika, og hálft Meðalholt í Árnessýslu, fimm hundruð að dýrleika. Bræður Önnu, sr. Ólafur og Þorvaldur Stefánssynir, töldu henni þessar jarðir með samþykki móður þeirra.[20]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Tunghaga metinn 20 hundruð. Eigandi jarðarinnar var ekkja Thorstensons sýslumanns.[21]

Við manntals- og skattaþing að Egilsstöðum 24. júní 1836 var þinglesið gjafabréf, dagsett 25. maí 1835, þar sem Nikulás Brynjólfsson afhenti Ingibjörgu Brynjólfsdóttur tvö hundruð í jörðinni Tunghaga. Við sama manntalsþing var þinglesið afsal greindrar Ingibjargar þar sem hún afhenti Björgólfi Brynjólfssyni sömu tvö hundruð í Tunghaga, dagsett sama ár.[22]

Hinn 12. maí 1840 seldi Nikulás Brynjólfsson sex hundruð í jörðinni Kirkjubóli, nefnilega Kirkjubólssel, til Eiríks Brynjólfssonar fyrir fjögur hundruð í jörðinni Tunghaga, nefnilega afbýlið Grófargerði. Makaskiptabréfið var þinglesið á manntalsþingi að Heydölum þann 29. júlí 1840.[23]

Hinn 18. júní 1845 seldi Nikulás Brynjólfsson tengdasyni sínum Jóni Jónssyni tvö hundruð í Jörðinni Tunghaga á Völlum. Kaupbréfið var þinglesið á Ketilsstöðum þann 22. maí 1854. Sýslumaður gat þess að í afsals- og veðmálabók sjáist ekki heimild seljanda til sölu á Tunghaga.[24]

Hinn 17. maí 1846 gaf Nikulás Brynjólfsson sonum sínum meðal annars eftirtaldar fasteignir sem hann fékk eftir konu sína Hallgerði Þórðardóttur: Ólafur á Bakkagerði fékk fimm hundruð úr heimajörðinni Tunghaga og afbýlið Grófargerði og Brynjólfur Þórður á Þverhamri fékk þrjú hundruð úr heimajörðinni í Tunghaga. Gjafabréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 29. maí 1846 og að Heydölum þann 18. júní sama ár. Sýslumaður gat þess að Hallgerður og Þórður hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir greindum jarðapörtum.[25]

19 Skjal nr. 2(389).
20 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 283, skjal H-10.
21 Skjal nr. 2(64).
22 Skjal nr. 2(529).
23 Skjal nr. 2(152).
24 Skjal nr. 2(170).
25 Skjöl nr. 2(162) og 2(423).

Hinn 19. maí 1846 óskuðu bræðurnir Ólafur og Brynjólfur Þórður Nikulássynir eftir þinglýsingu á eftirtöldum jarðapörtum sem þeir fengu í arfshlut eftir móður sína Hallgerði Þórðardóttur: Brynjólfur fyrir þrjú hundruð í Tunghaga og þrjú hundruð í Grófargerði og Ólafur fyrir fjögur hundruð í Grófargerði. Útdráttur úr skiptabréfunum var þinglesinn á manntalsþingi á Egilsstöðum þann 29. maí 1846. Sýslumaður gat þess að Hallgerður og Þórður hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir greindum jarðapörtum.[26]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 29. maí 1846 var þinglesinn útdráttur úr prívatskiptabréfi, dagsettu 16. maí 1846, eftir Hallgerði Þórðardóttur á Þverá ásamt útdrætti úr skipta- og skilmálabréfi milli Nikulásar Brynjólfssonar og sona hans þar sem Brynjólfur Þórður Nikulásson fékk sex hundruð úr jörðinni Tunghaga en Ólafur Nikulásson fékk tvö hundruð í Tunghaga og fjögur hundruð í afbýlinu Grófargerði.[27]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Tunghagi metin 10 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1760 sé Tunghagi metinn 20 hundruð en hér sé mat hjáleiganna Arnkelsgerðis og Grófargerðis frádregið.[28]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Tunghaga:

> 14 Tunghagi
>
> Túnið er rétt gott, eingiar fremur litlar og reitingssamar; útigángur í lakara lagi, skógarkropp til kola. 4 vyrðíngarmenn meta þessa jörd á 400$^{\underline{rbd}}$ enn 1 á 450$^{\underline{rbd}}$ meðaltal þaraf er 410$^{\underline{rbd}}$.[29]

Við manntalsþing að Ketilsstöðum á Völlum 22. maí 1854 var þinglesið afsalsbréf frá N. Brynjólfssyni á Þverhamri til Jóns Jónssonar sama staðar fyrir tveimur hundruðum úr Tunghaga, dagsett 18. júní 1854.[30]

Hinn 26. desember 1870 seldi Sigurður Árnason á Gvendarnesi Brynjólfi Þ. Nikulássyni á Þverhamri 30 álnir, að fornu mati, í jörðinni Tunghaga. Kaupbréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 10. júní 1871. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést heimild Sigurðar fyrir umgetnum parti í Tunghaga.[31]

Við manntalsþing að Heydölum 24. júní 1875 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 11. desember 1874, þar sem Gunnar Jónsson á Þverhamri afsalaði frá sér hálfu hundraði fornu úr Kirkjubóli fyrir eitt hundrað úr Tunghaga. [32]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. júní 1880 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 6. desember 1879, þar sem Jón Bjarnason og Eiríkur Jónsson seldu Sigbirni Eyjólfssyni þrjú hundruð úr jörðinni Tunghaga.[33]

---

[26] Skjal nr. 2(161).
[27] Skjal nr. 2(405).
[28] Skjal nr. 4(1), bls. 370.
[29] Skjal nr. 2(75).
[30] Skjal nr. 2(573).
[31] Skjöl nr. 2(199) og 2(505).
[32] Skjal nr. 2(640).
[33] Skjal nr. 2(496).

Við manntalsþing á Egilsstöðum 21. júní 1881 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 27. apríl 1880, þar sem Sigurbjörn Eyjólfsson seldi Ísleifi Jónssyni jörðina Tunghaga fyrir 640 krónur.[34]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði er dagsett 14. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 18. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing
>
> jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði: að utan ræður Stórilækur þar til hann fellur í Tunghagalæk, þá Tunghagalækur uns hann fellur í Grímsá.
>
> Að norðan og vestan Grímsá.
>
> Að framan Gilsá, að „Hjálpleysuvatni", og síðan „Lambavallaá" inn á „Hjálpleysuvarp".
>
> Að austan og sunnan: fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarps.
>
> Tunghaga 14. júní 1884.
>
> Eyjólfur Arngrímsson fyrir hönd Tunghaga og Grófargerðis.
>
> Einar Jónsson, Björn Árnason eigendur Stórasandsfells.
>
> B.Jónsson prestur að Vallanesi.
>
> Guðmundur Jónsson eigandi Arnkelsgerðis.
>
> Árni Auðunarson Úlfsstöðum.
>
> Jón Vilhjálmsson, Vilhjálmur Jónsson eigendur Gíslastaða.[35]

Hinn 22. júní 1895 seldi Ragnheiður Halldórsdóttir í Dalhúsum Finnboga Ólafssyni á Borg í Skriðdal eitt hundrað í jörðinni Tunghaga. Afsalsbréfið var þinglesið þann 14. ágúst 1895.[36]

Hinn 12. maí 1896 afhentu Sveinn Árnason, Eiríkur Þórðarson og Indriði Sturluson Magnúsi Bl. Jónssyni þrjú hundruð að fornu mati í jörðinni Tunghaga. Afsalsbréfið var þinglesið á Höfða þann 1. júní 1896.[37]

Við manntalsþing að Höfða 1. júní 1896 var þinglesið afsalsbréf Ragnheiðar Halldórsdóttur á Dalhúsum fyrir einu hundraði í jörðinni Tunghaga til Finnboga Ólafssonar á Borg í Skriðdal, dagsett 22. júní 1895. Við sama manntalsþing var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 12. maí 1896, þar sem Sveinn Árnason í Ameríku, Eiríkur Þórðarson og Indriði Sturluson á Vattarnesi seldu og afsöluðu Magnúsi Bl. Jónssyni í Vallanesi þremur hundruðum að fornu mati í jörðinni Tunghaga.[38]

34 Skjal nr. 2(572).
35 Skjöl nr. 2(1) og 2(530).
36 Skjal nr. 2(205).
37 Skjal nr. 2(206).
38 Skjal nr. 2(436).

Við manntalsþing að Höfða 7. júlí 1903 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 7. nóvember 1900, þar sem Þórarinn Sölvason á Ormsstöðum seldi Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði þrjú hundruð að fornu mati í jörðinni Tunghaga.[39]

Við manntalsþing fyrir Vallnahrepp að Höfða 10. júní 1913 var þinglesið afsal, útgefið 25. maí 1913, þar sem Magnús Bl. Jónssen prestur í Vallanesi seldi Oddi Þorgrímssyni söðlasmiði í Reyðarfirði þrjú hundruð í jörðinni Tunghaga.[40]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Tunghagi var metin á 3.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með Arnkelsgerði og Grófargerði. Þá segir að land sé óskipt milli jarðanna og ágreiningslaust. Einnig segir að jörðin hafi upprekstrarland í félagi við áðurnefndar jarðir. Eigendur jarðarinnar voru Skriðdalshreppur að 4/10 hlutum, Nikulás Guðmundsson að 3/10 hlutum og Oddur Þorgrímsson að 3/10 hlutum.[41]

Hinn 1. júlí 1922 fóru fram landskipti milli jarðanna Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga á Völlum. Þau voru þinglesin við manntalsþing að Ketilsstöðum 3. júlí 1923 og eru skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998. Þar segir:

> Ár 1922 1. julí voru tilstaðar að Grófargerði úttektar og virðingarmenn Vallahrepps, Hallgrímur Þórarinsson og Guðmundur Kjerúlf ásamt hreppsstjóra Gunnari Pálssyni sem útnefndur var til þess að vera oddamaður, við landaskifti á milli jarðanna Grofargerðis Arnkellsgerðis og Tunguhaga. Landaskiftanna óskaði Þórunn Bjarnadóttir með bréfi dags. 18. mai 1921.
>
> Viðstaddir við landaskiftin voru eigendur nærliggjandi jarða Nikulás Guðmundsson Arnkelsgerði, Sigurður Björnsson Tunguhaga og oddviti Skriðdalshrepps Jón Runólfsson Litla Sandfelli, ábúendur eru hinir sömu og eigendur, nema ábúandinn á eign Skriðdalshrepps Jón Sigvaldason var aðvaraður en mætti ekki. Einnig var viðstödd eigandi jarðarinnar Grófargerðis Þórunn Bjarnadóttir.
>
> Landaskiftin fóru sem hér segir:
>
> Að utan ræður Miðgrófargrafningur frá Grímsá að merkjasteini sem er við Grafninginn. Úr merkjasteini í Klettinn í Lækjarholti. Þaðan beina línu í merkjavörðu við Stekkjalæk, þá Stekkjalækur upp í neðri brún á Stekkjabarða, þá barðabrúnirnar að Ytri Grófarlæk, þá lækurinn að varnargarði hinum forna, síðan garðurinn að Hátúnalæk, og þrjátíu föðmum framar, og þaðan í Vöð í forustulækjum, svo ynnri Svuntulækur til Fjallsbrúna, og Fjallsbrúnirnar að Kálfa Vallará, þá ræður nefnd á þar til hún fellur í Gilsá, síðan Gilsá í Grímsá að Miðgrófargrafningi.
>
> Grófargerði á tiltölulegann hluta af afréttu landi framangreindra jarða eftir núgildandi jarðamati. Eigendur og ábúendur Tunghaga og Arnkelsgerði hafa rétt til umferðar í gegnum land í Grófargerðis til að nota afréttarland sitt.
>
> Ábúandi Grófargerðis hefur rétt til að nota vatn til áveitu eins og verið hefur.
>
> Beitahús þau sem nú eru frá Arnkelsgerði mega standa óhogguð fyrir landaskiftum þessum, þó nær kunni að vera en forn lög mæla fyrir.
>
> Skiftagjörðinni lokið sama dag og áður greinir

[39] Skjal nr. 2(410).
[40] Skjal nr. 2(468).
[41] Skjal nr. 2(93).

Gunnar Pálsson, Hallgrímur Þórarinsson, Guðmundur Kjerulf, Þórunn Bjarnadóttir (handsalað), Nikulás Guðmundsson

Rétt afrit staðfestir

Gunnar Pálsson[42]

Hinn 8. október 1940 skrifaði sýslumaður Benedikt Guðnasyni um landskipti milli Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga. Sýslumaður tjáði Benedikt að skiptin hafi farið fram samkvæmt þágildandi landskiptalögum nr. 43 frá 1913 og að eigendur Tunghaga hafi aldrei samþykkt landskiptin. Í bréfinu segir að samkvæmt lögunum hafi verið heimilt að skipta sameignarlöndum ef einn sameigenda óskaði þess, þótt aðrir mótmæltu. Þó segi í 4. gr. laganna að eigandi sameignarlands sem sé ónægður með skiptin geti krafist yfirmats, en skiptum verði ekki breytt öðruvísi en með yfirmati. Sýslumaður sagði í framhaldinu að eigendur Tunghaga hafi ekki farið fram á slíkt yfirmat og gætu varla krafist þess héðan af. Að lokum sagði sýslumaður að vildi Benedikt hefja málssókn til að reyna að fá rift landskiptunum þá yrði slíkt að gerast áður en 20 ár væru liðin frá skiptunum. Að hans áliti væri ólíklegt að þeim fengist breytt nema það upplýstist að þau hafi ekki farið fram samkvæmt lögum.[43]

### *5.3.1 Grófargerði á Völlum*

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Grófargerði metin fjögur hundruð að dýrleika en jörðin er skráð sem hjáleiga Tunghaga.[44]

Hinn 12. maí 1840 seldi Nikulás Brynjólfsson sex hundruð í jörðinni Kirkjubóli, nefnilega Kirkjubólssel, til Eiríks Brynjólfssonar fyrir fjögur hundruð í jörðinni Tunghaga, nefnilega afbýlið Grófargerði. Makaskiptabréfið var þinglesið á manntalsþingi að Heydölum þann 29. júlí 1840.[45]

Hinn 17. maí 1846 gaf Nikulás Brynjólfsson sonum sínum meðal annars eftirtaldar fasteignir sem hann fékk eftir konu sína Hallgerði Þórðardóttur: Ólafur á Bakkagerði fékk fimm hundruð úr heimajörðinni Tunghaga og afbýlið Grófargerði og Brynjólfur Þórður á Þverhamri fékk þrjú hundruð úr heimajörðinni í Tunghaga. Gjafabréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 29. maí 1846 og að Heydölum þann 18. júní sama ár. Sýslumaður gat þess að Hallgerður og Þórður hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir greindum jarðapörtum.[46]

Hinn 19. maí 1846 óskuðu bræðurnir Ólafur og Brynjólfur Þórður Nikulássynir eftir þinglýsingu á eftirtöldum jarðapörtum sem þeir fengu í arfshlut eftir móður sína Hallgerði Þórðardóttur: Brynjólfur fyrir þrjú hundruð í Tunghaga og þrjú hundruð í Grófargerði og Ólafur fyrir fjögur hundruð í Grófargerði. Útdráttur úr skiptabréfunum var þinglesinn á manntalsþingi á Egilsstöðum þann 29. maí 1846. Sýslumaður gat þess að

42 Skjal nr. 2(2).
43 Skjal nr. 2(271).
44 Skjal nr. 4(1), bls. 370.
45 Skjöl nr. 2(152) og 2(504).
46 Skjal nr. 2(162).

Hallgerður og Þórður hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir greindum jarðapörtum.[47]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 29. maí 1846 var þinglesinn útdráttur úr prívatskiptabréfi, dagsettu 16. maí 1846, eftir Hallgerði Þórðardóttur á Þverá ásamt útdrætti úr skipta- og skilmálabréfi milli Nikulásar Brynjólfssonar og sona hans þar sem Brynjólfur Þórður Nikulásson fékk sex hundruð úr jörðinni Tunghaga en Ólafur Nikulásson fékk tvö hundruð í Tunghaga og fjögur hundruð í afbýlinu Grófargerði.[48]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Grófargerði:

> 16 Grófargerði
>
> afbyli talið 4[hndr]. Túnið er mikið lakara, út heyskapur reitingssamur, landgott, lítið skógarkropp til kola og eldsneytis. Þessa jörd meta vyrðíngarmenn saméginlega á 175[rbd].[49]

Hinn 20. apríl 1871 seldi Ólafur Vigfússon á Kömbum B. Þ. Nikulássyni á Þverhamri eitt hundrað, að fornu mati, úr jörðinni Grófargerði. Kaupbréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 10. júní 1871. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést heimild Ólafs fyrir umgetnum parti.[50]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði er dagsett 14. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 18. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing
>
> jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði: að utan ræður Stórilækur þar til hann fellur í Tunghagalæk, þá Tunghagalækur uns hann fellur í Grímsá.
>
> Að norðan og vestan Grímsá.
>
> Að framan Gilsá, að „Hjálpleysuvatni“, og síðan „Lambavallaá“ inn á „Hjálpleysuvarp“.
>
> Að austan og sunnan: fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarps.
>
> Tunghaga 14. júní 1884.
>
> Eyjólfur Arngrímsson fyrir hönd Tunghaga og Grófargerðis.
>
> Einar Jónsson, Björn Árnason eigendur Stórasandsfells.
>
> B.Jónsson prestur að Vallanesi.
>
> Guðmundur Jónsson eigandi Arnkelsgerðis.
>
> Árni Auðunarson Úlfsstöðum.
>
> Jón Vilhjálmsson, Vilhjálmur Jónsson eigendur Gíslastaða.[51]

---

[47] Skjal nr. 2(161).
[48] Skjal nr. 2(405).
[49] Skjal nr. 2(75).
[50] Skjöl nr. 2(200) og 2(505).
[51] Skjal nr. 2(1).

Hinn 27. júlí 1895 seldu og afsöluðu þeir Þorsteinn og Nikulás Jónssynir á Borgargerði Jóni Guðmundssyni í Grófargerði jörðinni Grófargerði, 5,74 hundruð að nýju mati. Kaupsamningurinn var þinglesinn þann 1. júní 1896.[52]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Grófargerði var metin á 1.100 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með Tunghaga og Arnkelsgerði. Þá segir að hún hafi upprekstrarland á Hjálpleysuafrétti í sameign með Tunghaga og Arnkelsgerði. Eigandi jarðarinnar var Þórunn Bjarnadóttir.[53]

Hinn 1. júlí 1922 fóru fram landskipti milli jarðanna Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga á Völlum. Þau voru þinglesin við manntalsþing að Ketilsstöðum 3. júlí 1923 og eru skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998. Þar segir:

> Ár 1922 1. julí voru tilstaðar að Grófargerði úttektar og virðingarmenn Vallahrepps, Hallgrímur Þórarinsson og Guðmundur Kjerúlf ásamt hreppsstjóra Gunnari Pálssyni sem útnefndur var til þess að vera oddamaður, við landaskifti á milli jarðanna Grofargerðis Arnkellsgerðis og Tunguhaga. Landaskiftanna óskaði Þórunn Bjarnadóttir með bréfi dags. 18. mai 1921.
>
> Viðstaddir við landaskiftin voru eigendur nærliggjandi jarða Nikulás Guðmundsson Arnkelsgerði, Sigurður Björnsson Tunguhaga og oddviti Skriðdalshrepps Jón Runólfsson Litla Sandfelli, ábúendur eru hinir sömu og eigendur, nema ábúandinn á eign Skriðdalshrepps Jón Sigvaldason var aðvaraður en mætti ekki. Einnig var viðstödd eigandi jarðarinnar Grófargerðis Þórunn Bjarnadóttir.
>
> Landaskiftin fóru sem hér segir:
>
> Að utan ræður Miðgrófargrafningur frá Grímsá að merkjasteini sem er við Grafninginn. Úr merkjasteini í Klettinn í Lækjarholti. Þaðan beina línu í merkjavörðu við Stekkjalæk, þá Stekkjalækur upp í neðri brún á Stekkjabarða, þá barðabrúnirnar að Ytri Grófarlæk, þá lækurinn að varnargarði hinum forna, síðan garðurinn að Hátúnalæk, og þrjátíu föðmum framar, og þaðan í Vöð í forustulækjum, svo ynnri Svuntulækur til Fjallsbrúna, og Fjallsbrúnirnar að Kálfa Vallará, þá ræður nefnd á þar til hún fellur í Gilsá, síðan Gilsá í Grímsá að Miðgrófargrafningi.
>
> Grófargerði á tiltölulegann hluta af afréttu landi framangreindra jarða eftir núgildandi jarðamati. Eigendur og ábúendur Tunghaga og Arnkelsgerði hafa rétt til umferðar í gegnum land í Grófargerðis til að nota afréttarland sitt.
>
> Ábúandi Grófargerðis hefur rétt til að nota vatn til áveitu eins og verið hefur.
>
> Beitahús þau sem nú eru frá Arnkelsgerði mega standa óhogguð fyrir landaskiftum þessum, þó nær kunni að vera en forn lög mæla fyrir.
>
> Skiftagjörðinni lokið sama dag og áður greinir
>
> Gunnar Pálsson, Hallgrímur Þórarinsson, Guðmundur Kjerulf, Þórunn Bjarnadóttir (handsalað), Nikulás Guðmundsson
>
> Rétt afrit staðfestir
>
> Gunnar Pálsson[54]

[52] Skjal nr. 2(208).
[53] Skjal nr. 2(92).
[54] Skjal nr. 2(2).

Hinn 8. október 1940 skrifaði sýslumaður Benedikt Guðnasyni um landskipti milli Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga. Sýslumaður tjáði Benedikt að skiptin hafi farið fram samkvæmt þágildandi landskiptalögum nr. 43 frá 1913 og að eigendur Tunghaga hafi aldrei samþykkt landskiptin. Í bréfinu segir að samkvæmt lögunum hafi verið heimilt að skipta sameignarlöndum ef einn sameigenda óskaði þess, þótt aðrir mótmæltu. Þó segi í 4. gr. laganna að eigandi sameignarlands sem sé ónægður með skiptin geti krafist yfirmats, en skiptum verði ekki breytt öðruvísi en með yfirmati. Sýslumaður sagði í framhaldinu að eigendur Tunghaga hafi ekki farið fram á slíkt yfirmat og gætu varla krafist þess héðan af. Að lokum sagði sýslumaður að vildi Benedikt hefja málssókn til að reyna að fá rift landskiptunum þá yrði slíkt að gerast áður en 20 ár væru liðin frá skiptunum. Að hans áliti væri ólíklegt að þeim fengist breytt nema það upplýstist að þau hafi ekki farið fram samkvæmt lögum.[55]

### *5.3.2 Arnkelsgerði á Völlum*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Arnkelsgerðis ekki tilgreindur en jörðin var hjáleiga frá Tunghaga.[56]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 29. maí 1846 var þinglesinn útdráttur úr skiptabréfi eftir Björgólf Brynjólfsson á Skjöldólfsstöðum, dagsettu 10. febrúar 1845, þar sem börnum hans, Brynjólfi, Sveini og Guðlaugu, voru útlögð tvö og hálft hundrað í jörðinni Arnkelsgerði.[57]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Arnkelsgerði metin sex hundruð að dýrleika en hún er skráð sem hjáleiga Tunghaga.[58]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Arnkelsgerði:

> 15 Arnkellsgerði
>
> hiáleiga talin 6$^{\text{hndr}}$. Túnið er eptir dyrleika all gott; útheyskapur talsverður, landgott og útbeit í betralagi. Þessa jörd meta vyrðíngarmenn saméginlega á 325$^{\underline{\text{rbd}}}$.[59]

Hinn 24. apríl 1862 gáfu G. Sveinsson, S. Björgólfsson og B. Björgólfsson, fyrir hönd Guðlaugar Björgólfsdóttur, Árna Sigurðssyni á Skjöldólfsstöðum eitt hundrað úr jörðinni Arnkelsgerði á Völlum. Gjafabréfið var þinglesið að Heydölum þann 9. júlí 1862.[60]

Hinn 1. júní 1865 seldu Guðríður Sveinsdóttir og Sveinn Björgólfsson Árna Sigurðssyni tvö hundruð að fornu mati í jörðinni Arnkelsgerði á Völlum. Afsalsbréfið var þinglesið 9. júlí 1867. Sýslumaður gat þess að samkvæmt afsals- og veðmálabókinni hefði

55 Skjöl nr. 2(271) og 2(414).
56 Skjal nr. 2(65).
57 Skjal nr. 2(405).
58 Skjal nr. 4(1), bls. 370.
59 Skjal nr. 2(75).
60 Skjöl nr. 2(182) og 2(406).

Sveinn Björgólfsson haft þinglesna eignarheimild fyrir hálfu hundraði í hinu selda, en engar heimildir hefðu fundist fyrir því einu og hálfa hundraði sem eftir stóð.[61]

Hinn 11. apríl 1872 seldi Ingibjörg Þorláksdóttir á Stóra-Sandfelli Árna Magnússyni á Arnkelsgerði hálfa jörðina Arnkelsgerði. Kaupbréfið var þinglesið á Egilsstöðum 1. júlí sama ár. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést eignarheimild seljanda fyrir hinu selda.[62]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði er dagsett 14. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 18. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing
>
> jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði: að utan ræður Stórilækur þar til hann fellur í Tunghagalæk, þá Tunghagalækur uns hann fellur í Grímsá.
>
> Að norðan og vestan Grímsá.
>
> Að framan Gilsá, að „Hjálpleysuvatni", og síðan „Lambavallaá" inn á „Hjálpleysuvarp".
>
> Að austan og sunnan: fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarps.
>
> Tunghaga 14. júní 1884.
>
> Eyjólfur Arngrímsson fyrir hönd Tunghaga og Grófargerðis.
>
> Einar Jónsson, Björn Árnason eigendur Stórasandsfells.
>
> B.Jónsson prestur að Vallanesi.
>
> Guðmundur Jónsson eigandi Arnkelsgerðis.
>
> Árni Auðunarson Úlfsstöðum.
>
> Jón Vilhjálmsson, Vilhjálmur Jónsson eigendur Gíslastaða.[63]

Við manntalsþing að Höfða 12. júní 1901 var þinglesið gjafabréf, dagsett 31. maí 1900, þar sem Jón Guðmundsson í Litla-Sandfelli gaf barninu Eymundi Einarssyni í Litla-Sandfelli tvö hundruð úr jörðinni Arnkelsgerði á Völlum. Nikulás bróðir gefandans og hreppsnefnd Vallahrepps létu bóka mótmæli við gjafabréf Jóns, þar sem heilsufar gefandans var dregið í efa.[64]

Við manntalsþing að Höfða 22. júní 1906 var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 21. mars sama ár, þar sem Eymundur Einarsson í Flögu seldi og afsalaði Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði tvö hundruð úr jörðinni Arnkelsgerði.[65]

Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998 er skráð inn skjal, dagsett 23. maí 1909, þar sem Vilhjálmur Jónsson, eigandi Gíslastaða, veitti Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði leyfi til að gera griphelda girðingu í landareign jarðarinnar. Fram kemur

61 Skjöl nr. 2(190) og 2(407).
62 Skjöl nr. 2(203) og 2(408).
63 Skjal nr. 2(1).
64 Skjal nr. 2(409).
65 Skjal nr. 2(411).

að girðingin raski ekki landamerkjum sem hafi verið milli jarðanna. Skjalið var þinglesið við manntalsþing að Höfða 17. júlí 1909 og er svohljóðandi:

> Jeg undirritaður eigandi jarðarinnar Gíslastaðir, veiti hér með Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði leyfi til að gjöra griphelda girðingu í landareign nefndrar jarðar meðfram Stóralæk frá Fossklettsbrekku og niður að klettholti, og er ábúendum Arnkelsgerðis heimilt að viðhalda girðingu þessari framvegis. Girðingin skal aðallega vera sem næst læknum, þó er leyft að hún megi vera spölkorn frá honum, þar sem svo hagar til að miklu auðveldara er að girða á brekkubrúnum við lækjargilið.
>
> Girðing þessi raskar ekki landamerkjum þeim, sem verið hafa, ræður þar Stórilækur framvegis, eins og undanförnu.
>
> p.t. Arnkelsgarði, 23. maí 1909.
>
> Vilhjálmur Jónsson.
>
> Vitundarvottar:
>
> Guðm. Þorgrímsson.
>
> Sigurður Sigurbjörnsson.[66]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Arnkelsgerði var metin á 2.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með Tunghaga og Grófargerði. Þá segir að land sé óskipt milli jarðanna að undanteknu túni og engjum og að enginn innbyrðis ágreiningur sé um landamerkin. Fram kemur að jörðin á nægjanlegt upprekstrarland á afrétti áföstum við land jarðarinnar. Eigandi jarðarinnar var Nikulás Guðmundsson.[67]

Hinn 1. júlí 1922 fóru fram landskipti milli jarðanna Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga á Völlum. Þau voru þinglesin við manntalsþing að Ketilsstöðum 3. júlí 1923 og eru skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998. Þar segir:

> Ár 1922 1. julí voru tilstaðar að Grófargerði úttektar og virðingarmenn Vallahrepps, Hallgrímur Þórarinsson og Guðmundur Kjerúlf ásamt hreppsstjóra Gunnari Pálssyni sem útnefndur var til þess að vera oddamaður, við landaskifti á milli jarðanna Grofargerðis Arnkellsgerðis og Tunguhaga. Landaskiftanna óskaði Þórunn Bjarnadóttir með bréfi dags. 18. mai 1921.
>
> Viðstaddir við landaskiftin voru eigendur nærliggjandi jarða Nikulás Guðmundsson Arnkelsgerði, Sigurður Björnsson Tunguhaga og oddviti Skriðdalshrepps Jón Runólfsson Litla Sandfelli, ábúendur eru hinir sömu og eigendur, nema ábúandinn á eign Skriðdalshrepps Jón Sigvaldason var aðvaraður en mætti ekki. Einnig var viðstödd eigandi jarðarinnar Grófargerðis Þórunn Bjarnadóttir.
>
> Landaskiftin fóru sem hér segir:
>
> Að utan ræður Miðgrófargrafningur frá Grímsá að merkjasteini sem er við Grafninginn. Úr merkjasteini í Klettinn í Lækjarholti. Þaðan beina línu í merkjavörðu við Stekkjalæk, þá Stekkjalækur upp í neðri brún á Stekkjabarða, þá barðabrúnirnar að Ytri Grófarlæk, þá lækurinn að varnargarði hinum forna, síðan garðurinn að Hátúnalæk, og þrjátíu föðmum framar, og þaðan í Vöð í forustulækjum, svo ynnri Svuntulækur til Fjalls-

[66] Skjöl nr. 2(5) og 2(412).
[67] Skjal nr. 2(91).

brúna, og Fjallsbrúnirnar að Kálfa Vallará, þá ræður nefnd á þar til hún fellur í Gilsá, síðan Gilsá í Grímsá að Miðgrófargrafningi.

Grófargerði á tiltölulegann hluta af afréttu landi framangreindra jarða eftir núgildandi jarðamati. Eigendur og ábúendur Tunghaga og Arnkelsgerði hafa rétt til umferðar í gegnum land í Grófargerðis til að nota afréttarland sitt.

Ábúandi Grófargerðis hefur rétt til að nota vatn til áveitu eins og verið hefur.

Beitahús þau sem nú eru frá Arnkelsgerði mega standa óhogguð fyrir landaskiftum þessum, þó nær kunni að vera en forn lög mæla fyrir.

Skiftagjörðinni lokið sama dag og áður greinir

Gunnar Pálsson, Hallgrímur Þórarinsson, Guðmundur Kjerulf, Þórunn Bjarnadóttir (handsalað), Nikulás Guðmundsson

Rétt afrit staðfestir

Gunnar Pálsson[68]

Hinn 8. október 1940 skrifaði sýslumaður Benedikt Guðnasyni um landskipti milli Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga. Sýslumaður tjáði Benedikt að skiptin hafi farið fram samkvæmt þágildandi landskiptalögum nr. 43 frá 1913 og að eigendur Tunghaga hafi aldrei samþykkt landskiptin. Í bréfinu segir að samkvæmt lögunum hafi verið heimilt að skipta sameignarlöndum ef einn sameigenda óskaði þess, þótt aðrir mótmæltu. Þó segi í 4. gr. laganna að eigandi sameignarlands sem sé ónægður með skiptin geti krafist yfirmats, en skiptum verði ekki breytt öðruvísi en með yfirmati. Sýslumaður sagði í framhaldinu að eigendur Tunghaga hafi ekki farið fram á slíkt yfirmat og gætu varla krafist þess héðan af. Að lokum sagði sýslumaður að vildi Benedikt hefja málssókn til að reyna að fá rift landskiptunum þá yrði slíkt að gerast áður en 20 ár væru liðin frá skiptunum. Að hans áliti væri ólíklegt að þeim fengist breytt nema það upplýstist að þau hafi ekki farið fram samkvæmt lögum.[69]

## 5.4 Gíslastaðir á Völlum

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Gíslastaða metinn átta hundruð. Eigendur jarðarinnar voru erfingjar Thorstensons sýslumanns.[70]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 1. júní 1813 var þinglesið kaupbréf Eyjólfs Jónssonar á Ketilsstöðum fyrir jörðinni Gíslastöðum með afbýlinu Gíslastaðagerði, dagsett 29. maí 1813.[71]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 2. júlí 1816 var þinglesin lögfesta Eyjólfs Jónssonar á Gíslastöðum, dagsett 16. maí 1816, fyrir Gíslastaðalandi.[72]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 22. apríl 1826 var upplesin lögfesta fyrir jörðina Gíslastaði, dagsett 16. ágúst 1817.[73]

68 Skjöl nr. 2(2) og 2(414).
69 Skjal nr. 2(271).
70 Skjal nr. 2(62).
71 Skjal nr. 2(497).
72 Skjal nr. 2(501).
73 Skjal nr. 2(624).

Hinn 28. maí 1843 makaskipti Einar Nikulásson á Gíslastöðum þremur hundruðum í eignarjörð sinni Keldhólum, fimm hundruð að dýrleika, við Jón Eyjólfsson í Vallanesi fyrir þrjú hundruð hans í Gíslastöðum. Þá seldi Einar Nikulásson Jóni Eyjólfssyni einnig tvö hundruð í fyrrnefndum Keldhólum. Makaskipta- og kaupbréfið var þinglesið að Egilsstöðum þann 29. maí 1843. Sýslumaður gat þess að Jón Eyjólfsson hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir jörðinni Gíslastöðum.[74]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Gíslastaðir metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[75]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Gíslastaði:

> 12 Gíslastaðir
>
> taldir 8$^{\text{hndr}}$. Túnid er gott og getur enn nú kostnaðar lítið tekid stórum bótum, eingiar líka nokkrar, landið er lítið og vetrarhardt. 3 af vyrdíngarmönnum meta þessa jörd á 400$^{\underline{\text{rbd}}}$, 1 á 425 og 1 á 450$^{\underline{\text{rbd}}}$; meðaltal þaraf verður 415$^{\underline{\text{rbd}}}$.[76]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Gíslastaða er dagsett 4. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 5. júlí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Að framan milli Gíslastaða og Arnkelsgerðis skilur Stórilækur úr Tunguhaga læk og upp um svokallaða grjótarbotna og suður um aurinn rétt fyrir utan Hött ynn og suður í Hrútárdrög og niður Hrúta að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrútárbotna ofan í Fagradalsá en á Fagradal aðskilur Fagradalsá; á millum Tunguhaga og Gíslastaða skilur Tunguhaga lækur, að utan skilur millum Gíslastaða og Gíslastaðagerðis varða við Tunguhagalæk og er bein stefna um Kirkjusund í klett fyrir framan og neðan Gerðistún og í vörðu fyrir framan Gerðisás og svo beint upp í vörðu á Aurbrún og um þverann Aurinn ofan um Hlauphjalla í Fagradalsá millum Gíslastaða og Gerðis er oskipt afréttarland á norðanverðum Fagradal millum efrilaunár og efri Hrútár. –
>
> Framanskrifuðum landamerkjum eru samþykkir undirskrifaður sameigendur.
>
> Hvammi 4. júní 1884
>
> Vilhjálmur Jónsson.
>
> Sigurður Einarsson.
>
> Jón Vilhjálmsson.
>
> Stefán Einarson.
>
> Eigendur Arnkelsstaða og Tunguhaga.
>
> Guðmundur Jónsson og Eyólfur Arngrímsson.
>
> Eigandi Gíslastaðagerðis Eiríkur Auðunnson.
>
> Þessum landamerkjum er samþykkur hvað Vallanes snertir
>
> B. Jónsson (umboðsm. Vallaneskirkjueigna)[77]

[74] Skjöl nr. 2(155) og 2(502).
[75] Skjal nr. 4(1), bls. 370.
[76] Skjal nr. 2(75).
[77] Skjal nr. 2(4).

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Áreyja í Reyðarfirði, sem er dagsett 5. september 1885 og þinglesin 31. maí 1886, segir: „Gíslastaðir á Völlum eiga afrétt á Fagradal frá milli Hrútár og Launár.“[78]

Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998 er skráð inn skjal, dagsett 23. maí 1909, þar sem Vilhjálmur Jónsson, eigandi Gíslastaða, veitti Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði leyfi til að gera griphelda girðingu í landareign jarðarinnar. Fram kemur að girðingin raski ekki landamerkjum sem hafi verið milli jarðanna. Skjalið var þinglesið við manntalsþing að Höfða 17. júlí 1909 og er svohljóðandi:

> Jeg undirritaður eigandi jarðarinnar Gíslastaðir, veiti hér með Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði leyfi til að gjöra griphelda girðingu í landareign nefndrar jarðar meðfram Stóralæk frá Fossklettsbrekku og niður að klettholti, og er ábúendum Arnkelsgerðis heimilt að viðhalda girðingu þessari framvegis. Girðingin skal aðallega vera sem næst læknum, þó er leyft að hún megi vera spölkorn frá honum, þar sem svo hagar til að miklu auðveldara er að girða á brekkubrúnum við lækjargilið.
>
> Girðing þessi raskar ekki landamerkjum þeim, sem verið hafa, ræður þar Stórilækur framvegis, eins og undanförnu.
>
> p.t. Arnkelsgarði, 23. maí 1909.
>
> Vilhjálmur Jónsson.
>
> Vitundarvottar:
>
> Guðm. Þorgrímsson.
>
> Sigurður Sigurbjörnsson.[79]

Við manntalsþing fyrir Vallnahrepp að Höfða 29. júlí 1910 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 20. september 1909, þar sem Vilhjálmur Jónsson á Gíslastöðum afsalaði bústýru sinni Björgu Eyjólfsdóttur hálfri jörðinni Gíslastöðum á Völlum.[80]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Gíslastaðir var metin á 2.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin á upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda. Eigendur jarðarinnar voru Björg Eyjólfsdóttir að hálfu og erfingjar Vilhjálms Jónsson að hálfu.[81]

### *5.4.1 Gíslastaðagerði á Völlum*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Gíslastaðagerðis ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Gíslastöðum.[82]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 1. júní 1813 var þinglesið kaupbréf Eyjólfs Jónssonar á Ketilsstöðum fyrir jörðinni Gíslastöðum með afbýlinu Gíslastaðagerði, dagsett 29. maí 1813.[83]

---

[78] Skjal nr. 2(6).
[79] Skjöl nr. 2(5) og 2(412).
[80] Skjal nr. 2(503).
[81] Skjal nr. 2(90).
[82] Skjal nr. 2(63).
[83] Skjal nr. 2(497).

Hinn 22. maí 1845 lögfesti Þórður Eyjólfsson landamerki Gíslastaðagerðis við Úlfsstaði. Lögfestan var þinglesin fyrir manntalsþingsrétti að Egilsstöðum þann 22. maí 1845 og var henni mótmælt þar af Sig. Guðmundssyni. Lögfestan var aftur þinglesin á sama stað 15. maí 1851 og þá undir mótmælum Stefáns Jónssonar stúdents á Úlfsstöðum. Texti hennar er eftirfarandi:

> Eg Þordur Eyólfsson bondi á Gislastadagerdi lögfesti her í dag þessa Eignar og ábílis jörd mína til eptirnefndra ummerkja á þá síduna er veit til Úlfstada lands herna meginn Hálsins edur auranna nefnilega ad ofan ur Klofasteininum á Fiallsbrúninni upp yfir ytri Sandhauginn beina stefnu í vordubrot á Lángamel (miðjum) þaðan siónhendíng niður út au verdt við Miðás allt í Grástein; úr Grásteini í Merkikéldu og þaðan í Grímsá. Fyrirbíd eg hvorjum manni ad yrkia beita edr brúka land það er liggr medfram takmörkum þessum ad innan verdu nema mitt se lof edr lagt til skora eg hermed á hvörn þann er þessari minni lögfestu hvort heldr í einu edr öllum mótmæla vildi að framkoma með þau skiöl edr skilríki er hann í höndum hefir edr hafa kynni henni í móti og hia honum gyldandi að giöra.
>
> Til Stadfestu mitt undirskrifad nafn
>
> Staddr að Egilsstöðum á Völlum þann 22 Maii 1845
>
> Þordr Eyolfsson
>
> Upplesin fyrir manntalsþíngsretti að Egilsst 22 Mai 1845 og innfært í S.M.S. Afsals og Vedmala bók.
>
> Á móti Lögfestunni var á þinginu protesterad af Administrator Sig Gudmundssyni eins og Jústits Protocollin náqvæmar sýnir.
>
> J.C.Voigt[84]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. maí 1851 var þinglesin lögfesta, dagsett 22. maí 1845, þar sem Þórður Eyjólfsson á Gíslastaðagerði lögfesti land Gíslastaðagerðis. Lögfestunni mótmælti St. Jónsson stúdent á Úlfsstöðum þar sem hún væri ósamkvæm þeim ummerkjum sem hann teldi takmarka Úlfsstaðaland.[85]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Gíslastaðagerði ekki metin sérstaklega en hún er skráð sem hjáleiga Gíslastaða. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telji Gíslastaðagerði vera fjögur hundruð að dýrleika sem ekki skerði mat Gíslastaða.[86]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Gíslastaðagerði:

> 13 Gíslastaðagerði
>
> afbyli talið 4$^{\text{hndr}}$. Túnið er í gódu meðallagi og eingiar talsverðar, útbeit hæg. Þessa jörð meta 4 vyrðingarmenn á 250$^{\underline{\text{rbd}}}$ enn 1 á 275; verður meðaltal þaraf 255$^{\underline{\text{rbd}}}$.[87]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Gíslastaðagerðis er dagsett 12. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 5. júlí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

---

84 Skjöl nr. 2(159), 2(165) og 2(478).
85 Skjal nr. 2(498).
86 Skjal nr. 4(1), bls. 370.
87 Skjal nr. 2(75).

Landamerkjaskýrsla fyrir

Gíslastaðagerði á Völlum í Suðurmúlasýslu

eru að utanverðu samkvæmt Úlfsstaða og Eyólfsstaða úr merki keldu, sem rennur í Tunguhagalæk upp um torfuhnaus sem hlaðinn er í flóanum í Grástein ofan við flóann, þaðan beint upp eptir í Sniðlæk og með honum upp fjallið í svokallaðan Klofastein á aurbrúninni svo austur aurana að efri Launá, sem rennur norðan af aurunum og með honum í Fagradalsá, sem skiptir landi að austan. – Að norðan skilur Tunguhagalækur Tunguland frá – að framan eru landamerki milli Gíslastaðagerðis og Gíslastaða þannig merkin eru um garð sem hlaðinn er ~~eptir~~ yfir þvert Kirkjusund og beint ofan í Tunguhagalæk en uppeptir úr fyr nefndum garði upp um klett sem er norðan við brekku milli bæanna og í vörðubrot sem er á holti sem er fyrir framan Gerðisás þaðan beint upp í svokallaða Grænulág, sem er norðan í Berjaás þaðan beint upp fjallið í vörðubrot sem er á aurbrúninni síðan austur aurana og ásamt Gíslastaðalandamerkjum að Fagradalsá sem rennur eptir Fagradal.

Gíslastaðagerði 12. maí 1884.

Framanskrifuðum landamerkjum til staðfestu eru samþykkir undir skrifaðir eigendur. Eigandi Gíslastaðagerðis

Eiríkur Auðunnson Úlfsstöðum

Einar Sigurðsson Eyólfsstöðum

Eigendur Gíslastaða:

Jón Vilhjálmsson

Vilhjálmur Jónsson

Eyólfur Arngrímsson Tunguhaga.[88]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Gíslastaðagerði var metin á 1.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin á upprekstrarland með Gíslastöðum. Eigendur jarðarinnar voru Bjarni Eiríksson að ¼ hluta og Margrét Eiríksdóttir að ¾ hlutum.[89]

Við manntalsþing fyrir Vallnahrepp að Ketilsstöðum 4. júlí 1924 var þinglesið að Jón Eiríksson hefði selt Halldóri Helgasyni þrjá fjórðu hluta úr jörðinni Gíslastaðagerði. Við sama þing var þinglesið að Bjarni Eiríksson hefði selt Halldóri Helgasyni einn fjórða hluta úr sömu jörð.[90]

Við manntalsþing fyrir Vallnahrepp að Ketilsstöðum 5. júlí 1925 var þinglesið að Halldór Helgason hefði selt Þórði Helgasyni jörðina Gíslastaðagerði. Á sama þingi var þinglesið að Þórður Helgason hefði selt P. V. Jensen Eskf. sömu jörð.[91]

---

88 Skjal nr. 2(3).
89 Skjal nr. 2(89).
90 Skjal nr. 2(499).
91 Skjal nr. 2(500).

## 5.5 Áreyjar í Reyðarfirði

Í máldaga Vilchins fyrir Péturskirkju á Hallormsstað frá um 1397 segir m.a. að kirkjan eigi Áreyjar.[92] Hið sama kemur fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.[93]

Í vitnisburði Bjarna Jónssonar um landamerki milli Sléttu og Áreyja í Reyðarfirði, dagsettum 15. ágúst 1555 og afrituðum 1. júní 1712, segir meðal annars:

> hiellt minn fader þessi landamerki j millum Sliettu og Äreýa vr gili þuii sem gengur ofan vr midiu Kollfelli. og sionhending ut æ eýrarnar og ut at midrar strandar æ. en þo lysti hann þui at sier hefdi suo elldre menn sagt. at Slietta ætti land vt at Jotnagaurdum og suo vissa ec hann hafdi uerstaudu á Selstaudum. og suo sagdi hann Slietta ætti skogarpart j Seliateigsland ýfer under mela. og tueggia hrossa beit ä Teigarbacka ä uetur j Somastada land. heyrdi eg hier alldri tuimæli ä leika fýrr enn nu fyrir fãm ärum.[94]

Í biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstað frá 1641 segir eftirfarandi um landamerki Áreyja:

> Peturskyrkia ad Hallormstodum ä heimaland alltt til þeirra landamerkia er Sera Eirÿkur Biarna Son og Hans formadur haffa hafft og hallded
>
> […]
>
> Hün ä Äreyar Jnnan þessara landamerkia, J þann læk Sem fellur wr midiu kotfelle, og rennur wt ä millum Melanna üt ä eyrar[95]

Sama lýsing kemur fram í biskupsvísitasíum fyrir Hallormsstað frá 1. september 1677 og 30 ágúst 1706 og í ódagsettum texta, líklega frá miðri 18. öld, í kirkjustól Hallormsstaðarkirkju.[96]

Hinn 16. júní 1792 fór fram úttekt á Hallormsstaðarkirkju. Þar kemur fram að jörðin Áreyjar, níu hundruð að dýrleika, byggðist fyrir sex hundruð.[97]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Áreyja metinn níu hundruð. Eigandi jarðarinnar var Hallormsstaðarkirkja.[98]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Áreyjar metin níu hundruð að dýrleika og skráð sem eign Hallormsstaðarkirkju.[99]

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólmum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Í umfjöllun um Hallormsstaðarkirkju segir að kirkjujörðin Áreyjar eigi skógarteig undir Grænafelli, líklega áfastan við skógarteig Hólma.[100]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Áreyjar:

---

92 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 207–208, skjal nr. 4(69).
93 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 682–683.
94 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 75–76, skjal nr. 4(16).
95 Skjal nr. 2(645).
96 Skjöl nr. 2(646)–2(648).
97 Skjal nr. 2(649).
98 Skjal nr. 2(47).
99 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
100 Skjal nr. 2(380).

4. Áreyjar

Þar er og rétt gott tún en útheyskapur lítill og eingið að miklu leiti eydt af skriðuhlaupum. Þar er landrými afarmikið og besti hagi fyrir búsmala á sumrum, en heldur lítil útibeit á vetrum; skógarkropp er þar lítið. Þessa jörð meta allir virðíngarmenn á 550$^{rbd}$.[101]

Við manntalsþing fyrir Reyðarfjarðarhrepp að Eskifjarðarhöndlunarstað 1. júní 1883 var þinglesið forboð Jóhanns Péturssonar í Áreyjum um að ferðamenn ái ekki í engjum hans.[102] Forboð Jóhanns var þinglesið við manntalsþing á Egilsstöðum 4. júní 1883.[103] Þá er í dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1881–1887 skráð að við manntalsþing að Heydölum 27. júní 1883 hafi verið þinglesið forboð Jóhanns Péturssonar í Áreyjum um beit utan Áreyjarklifs.[104]

Við manntalsþing að Skorrastað 7. júlí 1883 var þinglesið forboð Jóhanns Péturssonar í Áreyjum.[105]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Áreyja er dagsett 5. september 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

Að sunnan milli Áreyja og Stuðla liggur markið úr Flóalækjarós í sandskörð þaðan á Merkimel þaðan í mitt Kotfell.

Að vestan milli Arnhólsstaða, Eirarteigs, Litlasandfells og Stórasandfells liggja mörkin úr miðju Kotfelli á Kvalvörðu þaðan á Hallsteinsdalsvarp þaðan á Hjálpleysuvarp eptir því sem vötnum hallar. –

Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. – Að austan og utan skilur Fagradals á alla leið Seljateigs og Áreyjalands út í Flóalækjarós. – Innan þessara landamerkja liggja þau ítök er hér greinir:

1. Vallaneskirkja á afrétt í Fagradal frá Hrútá til Afréttará.
2. Gíslastaðir á Völlum eiga afrétt á Fagradal ~~frá~~ milli Hrútár og Launár.

Þingmúla 5. sept. 1885

Páll Pálsson.

Áður höfðu samþykkt landamerkjalýsing þessa eptirfylgjandi menn/: sjá meðfylgjandi frumrit.

Eyjólfur Þorsteinsson á Stuðlum,

Jónas Eyjólfsson,

Bjarni Eiríksson.

Fyrir hönd Arnhólsstaða, samþykkur

Antoníus Björnsson.

[101] Skjal nr. 2(71).
[102] Skjal nr. 2(417).
[103] Skjal nr. 2(639).
[104] Skjal nr. 2(416).
[105] Skjal nr. 2(418).

Fyrir hönd þess hluta úr Tunghaga sem Skriðdalshrepp heyrir til er samþykkur.

Í umboði hreppsnefndar: Antoníus Björnsson.

Fyrir hönd Eyrar~~hrepps~~teigs er ég samþykkur ég undirskrifaður

Jón Ívarsson.

Fyrir hönd Litlasandfells ég undirskrifuð

Þuríður Jónsdóttir.

Fyrir hönd Stórasandfells eg undirskrifaður

Einar Jónsson.

Ennfremur eru hinsvegar rituðum landamörkum og íþökum samþykkir:

Vér undirskrifaðir samþykkjum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir, með svo felldu móti; að vér notum afréttalandið á sama hátt frjálst og átölulaust, eins og hingað til hefur verið.

Bergur Jónsson (fyrir hönd Vallaneshrepps)

Jón Vilhjálmsson, Vilhjálmur Jónsson (eigendur Gíslastaða)[106]

Hinn 16. júlí 1910 voru við aukarétt dómkvaddir þeir Páll Beck hreppstjóri á Sámsstöðum og Sigurjón Gíslason bóndi á Bakkagerði til að virða kirkjujörðina Áreyjar í Reyðarfirði samkvæmt lögum um sölu kirkjujarða frá 16. nóvember 1907 og eftir ósk ábúanda.[107]

Hinn 15. október 1910 skrifaði sr. Magnús Bl. Jónsson skýrslu um kirkjujörðina Áreyjar, sbr. 7.–9. gr. laga nr. 50 frá 16. nóvember 1907. Í skýrslunni er landamerkjum jarðarinnar lýst og er sú lýsing samhljóða landamerkjabréfi jarðarinnar frá 5. september 1885. Þá kemur fram að afréttarstykki Vallaneskirkju sé ekki leigt með jörðinni Áreyjum og fylgi því ekki þeirri leigu.[108]

Hinn 14. janúar 1911 var tekið fyrir að lýsa og meta jörðina Áreyjar. Í matslýsingunni segir meðal annars:

Hvað legu jarðarinnar í sveit snertir, þá liggur hún innst í Reyðarfjarðarhreppi, og mun vera um tæpa mílu vegar frá verslunarstodum Búðareyri, bærinn stendur má svo segja þjétt ved veg, þar sem haldið er til fjalls á Þórdalsheiði. Mest er land jarðarinnar fjalla og dala land, landrími er þar mikið, og fremur kjarngott og hollt fyrir sauðfjenað sömuleiðis reinist heyfengur svo. Brattlendi er þar víða, sem er undirorpið skriðum. Tún er mjög þýft, en allgott til útfærslu. Ekki hefur svo mikið verið unnið að jarðarbótum að við álítum að það hafi nokkra þýðingu að geta þeirra. Töðufengur er að meðaltali samkvæmt uppgjöf til landbúnaðarskýrslna Reyðarfjarðarhrepps, yfir síðast liðin 10 ár 72 hestar á ári, og útheyisfengur yfir sama tímabil 116 hestar á ári þess skal getið að ábúandi hefur skýrt okkur frá, að í þessum útheyisfeng felist þó talsverður aðfenginn heyskapur. Eftir því sem okkur hefur litist til um víðáttu slægjulands, samanborið við liðsafla, munum við meiga fullyrða, að árlega hafi verið uppunnið það sem eingi getur kallast; að heyskap mun vera fremur sein unnið þareð engi er mjög sundurlaust, og víðast lítið í stað; sjérstaklega má geta þess, að slæjuland það, sem liggur norður á svokallaðri Hjálpleisu hefur gengið úr sjér, vegna aurskriða og grjótfoks.[109]

---

106 Skjal nr. 2(6).
107 Skjal nr. 2(419).
108 Skjal nr. 2(625).
109 Skjal nr. 2(626).

Um landamerki vísuðu matsmenn til landamerkjabókar og umsagnar umráðamanns jarðarinnar. Jörðin var loks metin á 2.100 kr.[110]

Við aukarétt 10. maí 1911 staðfestu Páll Beck og Sigurjón Gíslason virðingargjörð sína um Áreyjar, dagsetta 14. janúar 1911. Önnur skjöl sem voru framlögð við réttinn voru útnefningarbréf þeirra frá 16. júlí 1910, útskrift úr landamerkjabók sýslunnar og skýrsla sóknarprestsins í Vallanesi.[111]

Með afsalsbréfi dagsettu 5. júní 1912 seldi ráðherra Íslands jörðina Áreyjar til Jóhanns E. Péturssonar fyrir 2.300 kr.[112]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Áreyjar var metin á 2.300 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin á víðlent og gott upprekstrarland fyrir sauðfé jarðarinnar. Eigandi jarðarinnar var Indriði Jóhannsson.[113]

Við manntalsþing að Eskifirði 9. júlí 1923 var þinglesið afsal þar sem Jóhann Pétursson afsalaði Indriða og Pétri sonum sínum jörðinni Áreyjum.[114]

Við manntalsþing að Eskifirði 21 júní 1924 var þinglesið skjal þar sem Indriði Jóhannsson lýsti Pétur V. Jóhannson eiganda að hálfri jörðinni Áreyjum.[115]

Árið 2007 dæmdi Hæstiréttur í máli nr. 611/2006 sem varðaði ágreining um landamerki Stuðla í Reyðarfirði gagnvart jörðunum Áreyjum, Grænuhlíð, Seljateig, Seljateigshjáleigu og Sléttu. Ágreiningurinn sem þar var uppi snertir ekki ágreiningssvæði málsins.[116]

## 5.6 Suðurhluti Eyvindarárdals, Svínadalur, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur

Hinn 20. janúar 1477 seldi Brandur Eiríksson Oddi presti Teitssyni hálfa jörðina Eyjólfsstaði á Völlum með tilgreindum landamerkjum. Þar er einnig getið seljarðar á Þuríðarstöðum í Eyvindardal og afréttar í Fagradal og undir Skagafelli:

> sagdi [hann] þessi landamerki vt at beinæ. þar hvn fellr ofan j aurida watn. enn auridalækur rædur ofan or vatnino j grimsæ ok fram at tunghagalæk hid nedra enn þa rædur kelldu drag vpp or læknum er honum sneider fram ok upp j laufenni, ok þa sionhending upp j haugana ytri ok austur a fial[l]it at kaldakuisl. tuo skogar teiga. annar j hofda merki vt fra hofdæ firir nedan Reidgotur ok ut at gardi er geingur or hofdanum ofan j fliot. annar j sandfelzmerki firir ofan hatunagotur ok upp at hryg fra gilsæ ok heim at dalslæk. seliord a þuridarstodvm j eyuindardal milli slednadalsar ok valagilsár. afrett j fagradal ok vnder skagafell. uitum ver ok firir sanninde at þessi landamerki ok skogarteigar hafa hafder verid ok eingi at fundit suo ver vitvm.[117]

---

110 Skjal nr. 2(626).
111 Skjal nr. 2(623).
112 Skjal nr. 2(627).
113 Skjal nr. 2(114).
114 Skjal nr. 2(420).
115 Skjal nr. 2(421).
116 Skjal nr. 4(61).
117 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 98–99, skjal nr. 4(18).

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju Jóhannesar skírara að Vallanesi frá 9. ágúst 1641 segir meðal annars um Fagradal, Tungudal, Eyvindarárdal og Skagafell:

> Kyrkian ä afriett J fagradal, og vnder Skagafelle, Selfór ad Tungusele J Eyvindar Är dal (kallast nu Tüngudalur) Skögarteyg mille þræla Aar og Hólkn Är allann Skögarteyg (epter Breff Biskup Sveinz annann, epter ódrum 3 Skylrykium) mille walagyls är og Eyrar Är, Skögarteyg J kietelstada land, Skögarteyg J Sandfell hid ysta (Biskup Sveirn.) Nedsta (OddGeyr Biskup.) Næsta (Wilchinz Bok.) tuo Skögarteyga J Sandfell hid effsta, komner epter Skranne vnder Eydala kirkiu etc fyrer Gallttastade, vide supra.[118]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 2. júlí 1816 var þinglesin lögfesta fyrir Vallanes-kirkju ítökum í Eyvindarárdölum, dagsett 21. júlí 1799.[119]

Í skýrslu sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi, dagsettri 18. júní 1839, yfir inntektir Vallanesprestakalls samkvæmt lögum frá 18. desember 1838, segir m.a. um ítök:

> Itök, sem kyrkjan á og enn beheldur, og kunnug eru, eru eptirfylgjandi: Afrétt á Fagradal og undir Skagafell. Selför ad Túnguseli í Eivindardal. Skógarteigur milli Valagilsár og Eyrarár. Skógarteigur i Ketilsstadaland nú skóglaus. Skógarteigur i Sandfell ed nærsta, i hvörs Stad nú er komid Skógarhögg, þar óvíst er hvar i Landinu sidstnefndur Skógarteigur hefir legid edur hvad stór verid.[120]

Hinn 14. maí 1840 lögfesti Guttormur Pálsson prófastur heimaland Vallaness. Lögfestan var þinglesin að Egilsstöðum þann 14. maí 1840. Hinn 8. júlí 1844 var lögfestan aftur þinglesin á Egilsstöðum og þá einnig þinglesin mótmæli S. Magnússonar við lögfestuna, dagsett sama dag. Hinn 13. júlí 1844 voru bæði skjölin svo, að því er virðist, þinglesin að Þingmúla. Texti lögfestunnar og mótmælanna við hana er sem fylgir:

> Eg Guttormur Palsson Profastr í Sudur Mula Sýslu og prestr til Vallaness lögfesti her i dag Vallanes heimaland med öllum Landsnytjum milli Lagarfljóts og Grímsár eptir sem hún ad fornu hefir fallid inní Spena herum millum Vads og Saudhaga og rettsynis úr Hrauninu austr í Grímsá og vestr í Torfvallar Læk, rædr svo Lækrinn allt utad Breidumyri sem nú kallast Votiteigur enn á milli Strandar og Stadarins inní Merkilá og þadan Siónhending í Lækinn utan til í Votateig. Sömuleidis lögfesti eg þessi Itök kirkjunnar liggiandi í þessu og Þíngmula þinglagi: Afrett undir Skagafell bádu megin og á Fagradal fyrir ofan Afrettará Selfor á Tunguseli og þar tilheyrandi Land á Tungudal fyrir innan Slenju. Skógarteig milli Valagilsár og Eyrarár sem nú kallast Hrútá. Skogarteig í Ketilsstada Landi, Skogarteig í Höfda merki fyrir austan Lækinn er fellur út fyrir austan Siónarás. Skogarteig í Sandfell ed næsta fyrirbýd eg öllum monnum ad nota ser ted Land og talin Itök edr þarí ad yrkia an míns Leyfis edr Vitundar, undir vidliggiandi málssókn og Lagasektir.
>
> Til Stadfestíngar þessari minni Lögfestu, sem eg þienustusamlega óska ad birt verdi her á þínginu set eg mitt Nafn og Signet.
>
> Vallanesi þann 14da Maii 1840
>
> G. Pálsson
>
> […]
>
> Upplesin fyrir Manntalsþingsretti ad Egilsstödum þann 8da Julii 1844 og innfærd i Sudur Mula Syslu Afsals og Vedmalabók.

---

118 Skjal nr. 2(301).
119 Skjal nr. 2(501).
120 Skjal nr. 2(372).

Sama dag var á þinginu þínglýst fylgiandi Skiali

Jafnvel þó eg viti ad Vallaness kirkiu Forvaltari hafi fyrir nokkrum Arum Logfest Selför á Tungudal undir Vallaness kirkiu, þá var þeirri Logfestu samstundis motmælt af þáverandi Eydaþínghár hreppstióra, og dalurinn sídan eins og ádur brukadr atölulaust fyrir Afrett af Eyda þínghár Frambyggjurum. – Því lýsi eg hermed almennings Eign og hefdar haldi vegna mín og Sveitarinnar á ofannefndum Tungudal og fyrirbíd því hvorjum manni ad bruka edr Liá adrnefndt Landsplats til Afréttar ödrum enn okkur Eydahreppsbuum

Eydahrepp þann 8da Julii 1844

S. Magnusson[121]

Hinn 8. júlí 1844 lögfesti S. Magnússon almenningseign í Tungudal. Lögfestan var þinglesin á Egilsstöðum þann 8. júlí 1844. Sama dag lét prófastur G. Pálsson þinglesa lögfestu, frá 14. maí 1840, fyrir selför Vallanesskirkju á Tunguseli og tilheyrandi landi á Tungudal. Texti lögfestu S. Magnússonar er eftirfarandi sem og texti í afsals- og veðmálabók um þinglestur lögfestu Vallaneskirkju:

Jafnvel þó eg viti ad Vallanesskirkiu Forvaltari hafi fyrir nokkrum Arum Logfest Selfor á Tungudal undir Vallanesskirkiu, þá var þeirri Logfestu samstundis motmælt af þáverandi Eydaþínghár hreppstióra; og dalurinn sídan eins og ádur brukadr atölulaust fyrir Afrett af Eyda þínghár Frambyggjurum. Því lýsi eg hermed almennings Eign og hefdar haldi vegna mín og Sveitarinnar á ofannefndum Tungudal og fyrirbíd því hvorjum manni ad bruka edr Liá adurnefndt Landsplats til Afrettar odrum enn okkur Eydahreppsbúum

Eydahrepp þann 8da Julii 1844

S. Magnusson

Upplesid fyrir Manntalsþíngs Retti ad Egilsstödum þann 8da Julii 1844 og innfært í Sudur Mula Syslu Afsals og Vedmálabók.

Sama dag var af Profasti G. Palssyni látid þínglysa Lögfestu af 14da Maii 1840 Vallaness kirkju vegna, hvarmed á milli annars er Lögfest Selför á Tunguseli og þar til heyrandi Land á Tungudal fyrir innan Slenju.

Hvad hermed attesterast.

Sudur Mula Syslu Skrifstofu þann 10da Julii 1844

J.C. Voigt[122]

Við manntals- og skattaþing að Egilsstöðum 8. júlí 1844 var upplesin fyrir réttinum lögfesta, dagsett 14. maí 1840, þar sem G. Pálsson prófastur lögfesti Vallaness heimaland og Vallaneskirkju ítök á Egilsstaða- og Þingmúlaþinglagi. Þá var þinglesið skjal Sigvalda Magnússonar, dagsett 8. júlí 1844, þar sem hann lýsti almenningseign og hefðarhaldi að Tungudal, sem getið var í lögfestu prófasts.[123]

Við manntals- og skattaþing að Þingmúla 13. júlí 1844 var þinglesin lögfesta, dagsett 14. maí 1840, þar sem G. Pálsson prófastur lögfesti meðal annars ítök Vallaneskirkju.[124]

121 Skjöl nr. 2(157) og 2(543).
122 Skjal nr. 2(158).
123 Skjal nr. 2(465).
124 Skjal nr. 2(542).

Hinn 6. janúar 1845 fór fram fundur hjá sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis þar sem tekið var fyrir mál um tungusel á Eyvindarárdal. Hreppstjórinn Sigvaldi Magnússon viðurkenndi selför sem heimilaði Vallanespresti en engjar aðrar landsnytjar í hennar stað. Sr. Guttormur Pálsson var ekki sáttur með þessi málalok og kvaðst myndi ráðfæra sig við stiftsyfirvöld.[125]

Í bréfi dagsettu 17. janúar 1845 að Vallanesi, líklega rituðu af sr. Guttormi Pálssyni, til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi segir frá mótmælum hreppstjóra við lögfestu Vallaneskirkju um selför á Tungudal í Eyvindarárdal. Fram kemur að sáttafundur hafi farið fram 6. janúar 1845 en bréfið er svohljóðandi:

> Í Máldögunum er Vallaness kirkju medal annara ítaka eignud Selför á Túnguseli í Eÿvindardal. – Þessu ítakji sem talid var medal annara ítaka i Lögfestu upplesinni á sídasta manntalsþíngji mótmælti Hreppstjórinn i Eÿdalaþinghá Sgr Sigvaldi Magnússon og lýsti Tungudal i Hvörs mÿnni Selid stendur almenníng og fyrirbaud alla brúkun hanns og lán ödrum enn Eÿdalaþinghár innbyggjendum. Hvörsvegna eg finn mig orsakadann til ad innkalla nefndann Hreppstjóra fÿrir af Amtinu settu forlíkunarmenn þann 6ta þ.m. vidurkéndi hann þá – eins og hjálögd útskript af forlíkunar-protokolnum sýnir – Prestakallinu Heimila þá – ádurnefndu Selför, enn neitar þvi um alla brúkun nærliggjandi lands, þegar ekkji væri haft i Seli. – Í þessu tilliti orsakast eg til ad gjöra þá fyrirspurn til Stiptisins: Hvört ad vidkomandi prestar ekkji megji gjöra neina adra brúkun af því landi hvar þeir kÿnnu ad ega Selför þann tíma eda þau ár [innskot á spássíu, óvíst frá hverjum] nei! sem þeir ekkji einhvörra kringumstæda vegna nota sér af Selförinni.[126]

Biskup og stiftamtmaður svöruðu sr. Guttormi Pálssyni þann 11. mars 1845 og sögðu að hægt ætti að vera að leysa málið en á hinn bóginn ætti ekki að banna réttinn til að leigja selið til annarra.[127]

Í biskupsvísitasíu Vallaneskirkju frá 29. júlí 1850 segir að kirkjan eigi afrétt á Fagradal fyrir ofan afréttará og undir Skagafelli. Einnig segir að hún eigi selför að Tunguseli í Eyvindarárdal og skógarteig milli Þrætaár og Hölknár, ítak sem menn viti ekki hvar liggi, og annan skógarteig milli Valagilsár og Eyrarár, sem nú kallist Hrútá.[128]

Við manntalsþing að Ketilsstöðum á Völlum 22. maí 1854 var þinglesin lögfesta með hverri G. Pálsson prófastur lögfesti land Vallaness með ítökum, dagsett 14. maí 1840.[129]

Í skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar, dagsettri í október 1854, um tekjur og útgjöld Vallanesprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir eftirfarandi um ítök og hlunnindi:

> 2. Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem fylgja prestakallinu eptir maldögunum og öðrum skjölum
>
> a. Brúkuð af prestinum sjálfum.

125 Skjal nr. 2(368).
126 Skjal nr. 2(368).
127 Skjal nr. 2(383).
128 Skjal nr. 2(309).
129 Skjal nr. 2(573).

> 1. Afrétt á Fagradal fyrir ofan afréttará og undir Skagafell – notad sem afrétt fyrir géldfé prestsins 3 rbd.
>
> […]
>
> b. Ónotuð
>
> Selför í Tunguseli í Eyvindardal (getur ekki notast vegna fjarlægdar)
>
> Skógarteigur milli Þrælaár og Holknár – þetta ítak veit engin hvar er.
>
> Skógarteigur milli Valagilsár og Hrútár – þar er skógur í vestri og er því ekki höggin ad sostoddu.[130]

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Áreyja í Reyðarfirði, sem er dagsett 5. september 1885 og þinglesin 31. maí 1886, segir: „Vallaneskirkja á afrétt í Fagradal frá Hrútá til Afréttará."[131]

Gangnaseðill fyrir Dalina, Gagnheiði og Hálsa er dagsettur 7. september 1913. Á hann er skráð skipulag fyrir fjórar göngur fyrir bændur á bæjum í Eiðahreppi.[132]

Hinn 21. september 1913 skrifaði Sigurður Steindórsson á Dalhúsum hreppsnefnd Eiðahrepps bréf í tilefni af gönguseðli nefndarinnar fyrir afréttarlöndin Hálsa, Gagnheiði og Dali. Sigurður kvað of mörg dagsverk lögð á sig með því að leggja mann í afréttarstykkin Gagnheiði og Dali og sagðist ekki myndi leggja mann til gangna í Dalina, en afréttarland sem Dalhús ættu væri að öllum líkindum stærsta afrétt sem nokkur jörð á umræddu svæði hefði. Í lok bréfs segir eftirfarandi:

> þó Eiðahreppur eigi fje á áður nemdum svæðum þá á hann líka fje og það svo hundruðum skiptir á afrjettum sem hann smalar ekki
>
> Sjai hreppurinn ser hag í að smala Slenjudal og Valnastikkið af Tungudal þá sýnist liggja næst að þeir smali það sem litla eða aungva afrjett hafa.[133]

Með byggingarbréfi dagsettu 2. október 1942 var Björgu Jónsdóttur byggð jörðin Jaðar I, þ.e. nýbýli úr landi Vallaness. Um landamerki er vitnað til landamerkjalýsingu nýbýlisins frá 23. febrúar 1942. Í bréfinu segir eftirfarandi um beitar- og upprekstrarrétt:

> Nýbýlið hefir beitarrétt fyrir 4 nautgripi, 6 hross og 125 fjár í sameiginlegu beitilandi Vallanesstorfunnar. Hafi ábúandi gripi eða fénað framyfir það, sem að framan greinir, verður hann að ganga út frá því, að ætla því hagbeit í útskiftu landi jarðarinnar.
>
> Nýbýlið hefir rétt til upprekstrar í afréttalandi Vallanesstorfunnar í Skagafelli ásamt öðrum býlum úr Vallanesslandi.[134]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið til allra sveitarstjórna fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.[135] Oddviti Eiðahrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 24. nóvember sama ár. Þar segir að afrétturinn nefnist Tungudalur í Dalaafrétti en um mörk hans segir í bréfinu:

[130] Skjal nr. 2(373).
[131] Skjal nr. 2(6).
[132] Skjal nr. 2(235).
[133] Skjal nr. 2(234).
[134] Skjal nr. 2(266).
[135] Skjal nr. 2(393).

> Liggur milli Slenjudals og Svínadals í Dalaafrétti, nær að Slenjudalsá að utan og liggur upp á Eskifjarðarheiði að innan.[136]

Þá segir í bréfinu að allharðar deilur hafi staðið yfir milli Eiðahrepps annars vegar og Vallahrepps hins vegar um til hvors sveitarfélagsins afrétturinn ætti að teljast. Oddviti Eiðahrepps segir í bréfinu að viðurkennt sé að Tungudalur teljist til Vallahrepps en lagði um leið áherslu á að ekki yrði hróflað við afnotarétti bænda í Eiðaþinghá af Tungudal.[137] Oddviti Vallahrepps svaraði fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins með bréfi dagsettu 27. apríl 1989. Þar er fjallað um tvo afrétti. Annars vegar Gilsárdal fyrir bændur vestan Grímsár, þ.e. á Norður-Völlum. Hins vegar Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal fyrir bændur austan Grímsár. Um afmörkun segir eftirfarandi:

> Gilsárdalur afmarkast að vestan af Gilsá sunnan Hornbrynju (Sauðahnúkur) austan Hraungarður þar sem hann er hæstur norðan Grafningsá.
>
> Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal afmarkast að austan Eyvindará frá ármótum Fagradalsár í Slenju upp með henni á Slenjudalsháls þaðan upp hálsinn um Slenjufjall í Jökulkinn og Fonn hæðarpunkt 1058 m.vatnaskil Eskifjarðarheiði Tungufell Hræfarskörð Eskihnúkur vatnaskil Svínadal þvert yfir Skagafell í Þrílæki vatnaskil Fagradalsár síðan ræður hún í Eyvindará.[138]

Árið 2017 seldu Ríkiseignir, f.h. ríkissjóðs, Eymundi Magnússyni jörðina Vallanes að hluta en haldið var eftir tilteknum eignarhlutum, þar á meðal ítökum og réttindum. Í kaupsamningi/afsali er í því sambandi m.a. vísað til þess að í bréfi frá Búnaðarfélagi Íslands frá árinu 1942 segi að „Vallanesbýlið hafi öll réttindi til upprekstrar í afréttarlandi jarðarinnar í Skagafelli“. Í framhaldinu segir: „Ríkissjóður mun ekki selja ábúanda Vallaness þessi meintu ítök og réttindi. Framangreind ítök og réttindi eru því undanskilin við sölu þessa.“[139]

## 5.7 Skorrastaður í Norðfirði

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Skorrastað.[140]

Í máldaga Vilchins fyrir Skorrastaðarkirkju frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkia a Skorrastodumm a heimaland allt med gognum oc giædum. Buland oc Grænanes oc Seliadal.
>
> Rekstur i Fannardal firir framann Liosä og vidarteig firir nordann.
>
> Vidarteig j Miofafirdi j Myrarskog.
>
> fiordung j ollumm Sandvijkur rekumm firir nordann huad sem a rekur. enn þui minna firir sunnan ad þar eiga adrer settunginn adur af ad taka. Þann reka gaf Biorn Sigvatsson sier til salumessu.

[136] Skjal nr. 2(394).
[137] Skjal nr. 2(394).
[138] Skjal nr. 2(399).
[139] Skjal nr.4(62).
[140] *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(15).

> Hualreka allann a Monesi milli Valagils oc Svartabiarga. þann reka lagdi til Eyolfur Helgason vid margra manna vittnni.
>
> allt lingrif oc vidinn fyrer sunnann a vmm Hals oc Eyrar til Raudaskridu. enn þad gaf Hilldibrandur prestur stadnumm.
>
> fiskveide i Helluhyl til mots vid Kirklækinga. Hana selldi Sorli af Skuggahlid og a stadurinn tuo hluti firir þat land oc gaf Hilldibrandur stadnumm.[141]

Í skjali frá árinu 1541 um afhendingu Skorrastaðar í Norðfirði þegar sr. Haukur Hallsson tók við af sr. Magnúsi koma eingöngu fram upplýsingar um veraldlega muni en ekki landamerki eða ítök.[142]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Skorrastaðarkirkju:

> Kirkian ad Skorastaudum. ä heimaland alltt med gøgnum og giædum. Buland og Grænanes Skuggahlijd. Ormstader. Midbæie og Kirkiuböl i Vijkum og Seliadal.
>
> Lambarekstur i F[a]nnardal fijrer framann Liösä.
>
> Vidarteig fijrer nordann vidarteig i Mioffafirde. i Mijrarskog.
>
> fiordung i øllum Sandvijkur rekum fijrer nordan huad sem ä rekur. en thui minna fijrer sunnann. ad thar eiga adrer siettungin ädur aff ad taka. hualreka allann ä Mönese. mille Valagils og Suartabiarga.
>
> alltt lijngrif og vidinn fijrer sunnann ä vmm hals og eijrar. til Raudaskridu.
>
> fiskveijde i Holluhijl til mötz vid Kirkiubælinga.[143]

Í biskupsvísitasíu fyrir Skorrastaðarkirkju frá 12. ágúst 1645 er fjallað um landamerki Skorrastaðar. Þar segir meðal annars:

> 12 Augusti Kyrkia ad Skorastódum Aa heimaland allt Med gógnum og giædum, Med þeim ummerkjum er heffdarvitne adgagnast ätólulausum og ei koma eignar wittne J möte, Buland og Græna Nes, og Seliadal, Skuggahlýd og Midbæ, Ormstade og Kyrkjuböl J Výkum, Rekstur J fannardal seiger Vilchinsbök, Lambarekstur J fannar dal Visitatiuböken, lambaafrjett J fannardal KyrkjuSkräen fyrer framan liosä, og Vidarteig fyrer nordan Vidarteig J Mioafirde J Myrarskög, fjórdung J óllum Sandvýkur Rekum fyrer Nordan huad sem ärekur fyrer Nordan Výkur ä, enn þui Minna fyrer Sunnan, ad þar eiga adrer Sjóttungenn Adur aff ad taka, þann Reka gaff Björn Siguatsson etc. Hualreka allann a Mönese Millum Suartabiargs og Valagils, þann Reka lagde til Eyölffur Helgason vid margra Manna Vittne, Allt lýngriff og Vidun fyrer sunnan ä um Häls og eyrar til Raudaskridu þad gaff Hilldebrandur Prestur Stadnum. Fiskveide J Helluhil til möts vid Kyrkbælýnga, hana sellde Sórle aff Skuggahlýd, og ä Stadurenn tuo hlute fyrer þad land og gaff Hilldebrandur Stadnum, enn J Kyrkjubol J Krossavýk, nu Vódlavýk, hälfft fjmta hundrat, seiger Kyrkjuskraen, ad Halle Magnusson lagde til Kyrkjunnar. Jtem Stendur J Kyrkjuskränne, Ad Kyrkjan aa Skorastad eige landareign framm ad læknum þeim er fellur offan vr Gilenu fyrer Vtan Skälateigs tun, enn þar sem Sægaraugu falla ut effter Nesjunum, þar eige Stadurenn allann haga fyrer Nedan, ad Snarkijl, Ønnur Skraa Gómul Næsta Myrk og brosten skyrer so, vnder naffne Einars Prestz Olaffssonar Jnnsiglesslaus, Ad sag haffe sier elldre Menn landamerke so felld, Ad Stadurenn ætte alla Jórd og haga fyrer Nedan Saffra augu, Vt ad Stararkyl og framm

[141] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 225–226, skjal nr. 4(23).
[142] *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 694–695, skjal nr. 4(24).
[143] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 690, skjal nr. 4(25).

> ad Berghil, Sem huad hier vti Räda og gillda skule, hlytur til laga ad kuædast ad Standa, framar Aa Kyrkjan Skipstódu og vervist J Nessland, kallast ad BritaSkäla,[144]

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 7. september 1706, 20. maí 1764 og 26. júlí 1850, prófastsvísitasíu frá 27. júní 1842 og texta í kirkjustól Skorrastaðarkirkju frá 1748.[145] Í biskupsvísitasíu fyrir Skorrastað frá 12. febrúar 1780 er fjallað um matreka á Mónesi og skipstöðu og skálagjörð í landi Ness í Norðfirði.[146]

Í prófastsvísitasíu fyrir Skorrastað frá 13. júlí 1796 eru taldar upp kirkjujarðir, allar í Norðfirði nema Kirkjuból í Vöðlavík.[147] Sama kemur fram í skoðun á Skorrastaðarkirkju frá 3. ágúst 1867.[148]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Skorrastaðar metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skorrastaðarkirkja. Fram kemur að eyðihjáleigan Stóragerði tilheyri Skorrastað.[149]

Í prófastsvísitasíu frá 23. ágúst 1818 koma fram sömu upplýsingar og í biskupsvísitasíunni frá 12. ágúst 1645, meðal annars um landamerki Skorrastaðar. Einnig segir þar:

> Hún á Seliadal allann fyrir Sunnann og nordann Seldalsá Hals og Eyrar inní Rauduskridu Oddsdal allann[150]

Við manntalsþing að Skorrastað 21. apríl 1823 var þinglesið bréf frá amtinu, dagsett 18. febrúar 1823, um að Björn Skúlason í Skuggahlíð sæki um að mega byggja upp bæ í Selárdal til eigin ábúðar. Þá lofaði B. Þorsteinsson prestur að leggja fram kvittun fyrir eignarrétti Skorrastaðar kirkju til Selárdals, innan næstu póstgöngu. Á sama manntalsþingi voru lesin fyrir þinginu beiðni fyrrgreinds Björns Skúlasonar á Skuggahlíð og forboðsskjal frá Benedikt presti fyrir Selárdal.[151]

Hinn 3. júní 1824 var í Seldal í Norðfirði, framkvæmd skoðunar- og útvísunargjörð á nefndum dal og var það niðurstaða tilkvaddra eiðsvarinna matsmanna að á meðan kirkjujörðin Skorrastaður nyti þeirra réttinda sem hún hefði í Seldal, gæti dalurinn ekki álitist í því ásigkomulagi að bera nýbýli.[152]

Í skýrslu sr. Benedikts Þorsteinssonar, dagsettri 1. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Skorrastaðarprestakalls segir að dýrleiki jarðarinnar hafi verið 12 hundruð ásamt eyðihjáleigunum Stóragerði, Efstagerði, Miðgerði og Götutóptum. Um Oddsdal og Seldal segir:

> Oddsdalur og Seldalur eru Afrettarplats á Sumardag fyrir Gieldfé Prestsins og nokkurra annara Bænda, og á þeim sidarnefnda dal er Heyskapur þá annadhvort þritur Eingi edr

144 Skjal nr. 2(294).
145 Skjöl nr. 2(295)–2(296), 2(298), 2(329) og 2(332).
146 Skjal nr. 2(297).
147 Skjal nr. 2(330).
148 Skjal nr. 2(334).
149 Skjal nr. 2(50).
150 Skjal nr. 2(331).
151 Skjal nr. 2(532).
152 Skjal nr. 2(581).

> ecki vex i Heimalandinu, fyrer brukun Afrettarinar hafa um nokkur ár goldist árlega herum 20 al. enn sá Skogur sem fyrrum var á Seldalshalsi er nú engin ordin[153]

Þá er í skýrslunni fjallað um hjáleigur, rekaítök og ítök í Mýrarskógi í Mjóafirði og Fannardal, en þau tvö síðastnefndu hafi ekki verið nýtt í langan tíma.[154]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Skorrastaður metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem kirkjueign (beneficium). Í neðanmálsgrein kemur fram að þrjú hundruð af mati Skorrastaðar tilheyri hjáleigunni Seldal.[155]

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólmum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Þar segir að í heimalandi Skorrastaðar yxi enginn viður þar sem heimalandið sé lítið til fjalls. Skógur á Seldalshálsi, hjáleigu heimalandsins, væri að mestu eyddur. Þá segðu máldagar að Skorrastaðarkirkja hefði viðarteig í Fannardal fyrir norðan á og í Mýrarskógi í Mjóafirði en þeir væru fyrir löngu gjöreyddir.[156]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Skorrastað:

> 13. Skorrastaður
>
> með afbýlinu Seldal (sem byggt er um sinn, en ekki hefir landamerki móts við staðinn:) og eydihjáleigum Stóragerði og Borgum. – Hér er gott tún, engjar miklar og gódar, útbeit í betra lagi og landkostir sæmilegir. Þar er reki nokkur fyrir heimalandi og rekaítak á staðurinn í Sandvík. – Allir meta þessa jörd á 1248rbd.[157]

Í áliti J. Jónssonar og B. Stefánssonar, dagsettu 13. nóvember 1854, um prestssetrið Skorrastað segir að jörðin sé 24 hundruð að dýrleika. Í álitinu er fjallað um Oddsdal og Seldal en þar segir eftirfarandi:

> Þared vidkomandi Prófastur eptir skipun biskupsins hefur mælst til þess að vid undirskrifadir mettum hvad sanngjarnlega mætti byggja prestsetrið Skorrastað, þá gjörum við það hjérmeð og tiltökum við þá örnefninn á landi Heímajardarinnar, sem liggur mjög dreíft, til þess að betur sjáist hvað mikið land við leggjum til undirstödu undir matníngu þessa, teljum vid þá.
>
> […]
>
> 4. Oddsdalurinn sem er aféttarland á sumardag fyrir sauðfé þess er býr á stadnum og nokkurra annara nábúa.
>
> 5. Seldalurinn hvar verið hefur gömul selför frá staðnum. Þó dalur þessi hafi verið byggður um næstlidin 5 ár fyrir 9 hndr. Eptirsvar og 1 kúgildi, þá þykir okkur tilhlídilegra ad meta han med stadnum, þar mögulegt er ad han vid ábúendaskipti á stadnum verdi tekin fyrir selför því landid heíma er mjög lítid og kostalétt. Ad þessum landspörtum meðtöldum, álítum við ad prestsetrið mætti byggjast fyrir 24 hndr. eptirsvar og 2 kúgildi.[158]

Í skýrslu sr. Jóns Hávarðarsonar á Skorrastað, dagsettri 28. nóvember 1854, um tekjur og útgjöld Skorrastaðarprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir að

---

153 Skjal nr. 2(366).
154 Skjal nr. 2(366).
155 Skjal nr. 4(1), bls. 373.
156 Skjal nr. 2(380).
157 Skjal nr. 2(72).
158 Skjal nr. 2(370).

dýrleiki jarðarinnar sé óviss. Þá eru taldar upp kirkjujarðir og dýrleiki þeirra. Einnig er í skýrslunni fjallað um tekjur af ítökum og hlunnindum en þar segir um lambarekstur í Fannardal:

> 2. Tekjur af itokum og hlinnindum sem prestakallinu fylgia eptir morgum Visitatjum hvara medal eru Visitatjan af 10 August 1748 og 26 Julii 1850 –
>
> […]
>
> b, Lambarekstur i Fannardal fyrir framan liosa er hvorki leigður né brukaður, þvi ef það á að skiljast svo, að hann sé fyrir innan ána þa synist sialdan edur aldrei þar svo groið um frá færur að nota megi.[159]

Hinn 24. september 1859 skrifaði sr. Hinrik Hinriksson á Skorrastað til biskups um jarðarhús í Seldal. Álit sr. Hinriks var að ekki yrði ráðið af máldögum og vísitasíum um Skorrastað að byggt býli hafi verið í Seldal, heldur hafi dalurinn verið selland kirkjustaðarins. Sr. Hinrik óskaði eftir áliti biskups um efnið.[160] Biskup skrifaði sr. Hallgrími Jónssyni prófasti um efnið þann 27. febrúar 1860 og samþykkti að jarðarhúsin í Seldal yrðu keypt fyrir 70 ríkisdali.[161]

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Skorrastaðar er fjallað um landamerki margra jarða í Norðfirði sem voru kirkjujarðir Skorrastaðar. Lýsingarnar eru dagsettar dagana 4.–14. júlí 1890. Þær fjalla meðal annars um Staðarháls sem eign Skorrastaðarkirkju, landamerki Skorrastaðar, lambarekstur í Fannardal, landamerki Seldals og einnig Skuggahlíðar. Efni landamerkjaskrárinnar er svohljóðandi:

> Landamerki
>
> milli Staðarháls að utan, sem er eign Skorrastaðarkirkju, og Hólalands að innan sunnan Norðfjarðarár eru:
>
> Bein lína úr steini þeim, er gagnvart stendur Stekkvallarárós á fjallsvegg upp.
>
> Staddir á Hólum 10. júlí 1884.
>
> Hávarður Einarsson (eigandi og fullmektugur)
>
> Jónas P. Hallgrímsson (prestur á Skorrastað)
>
> Landamerki
>
> milli Skorrastaðar og Skalateigs. <u>Að utan</u>: Bein lína dregin upp miðjar Þrígjár á fjall upp, en niður á við sje hún dregin um gilið, er liggur utan undir Skálateigstúni efra þar sem túnhóllinn gengur lengst út að læknum, er um gilið rennur, þá bein lína frá læknum þar sem hann rennur við hólshornið niður á Grænuþúfu. –
>
> <u>Að neðan</u>: Úr grænuþúfu bein sjónhending inn að Merkilæk, þannig að stefnan úr straxnefndri þúfu verði rjettsýnis á Melshorn, sem er yzti endi Seldalshals sunnan Norðfjarðarár; þar fyrir innan Merkilæk ræður Norðfjarðará að Kirkjubólslandamerkjum.
>
> Skorrastað 14. júlí 1890
>
> Jón Guðmundsson

[159] Skjal nr. 2(369).
[160] Skjal nr. 2(371).
[161] Skjöl nr. 2(333) og 2(381).

Rjett eptirrit:

Daníel Halldórsson.

Landamerki

milli Kirkjubóls í Norðfirði að norðan og Staðarháls og Skuggahlíðarlands að sunnan eru:

Norðfjarðará þ sem beinast fellur aðaláin um dalin út. – Veiðina í Helluhil á Skorrastaður að 2/3 (tveim þriðju) hlutum við Kirkjuból. – Skorrastaður á 12 fóta gröf til mótöku í Kirkjubólslandi í Norðfirði árlega.

Skorrastað 11. júlí 1884

Jónas P. Hallgrímsson (prestur á Skorrastað)

Jón Þorsteinsson (fullmektugur og ábúandi)

Landamerki

milli Búlands í Norðfirði, sem er eign Skorrastaðarkirkju og Sveinsstaða í Hellisfirði eru þessi: Bein lína úr Ófærugilsforvaða til fjalls upp á egg.

Skorrastað og Sveinsstöðum 4. júlí 1884.

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Gunnhildur Ólafsdóttir (eigandi 4½ hundraðs í Sveinsstöðum)

Skorrastaðarkirkja

á hvalreka allan á Mónesi í Barðsneslandi, milli Valagilsá og Svörtubjarga – nb. þetta örnefni þekkist ei nú, en er máski sama sem „Hesturinn“. –

Skorrastað og Barðsnesi 4. júlí 1884

Guðný Jónsdóttir (eigandi að Barðsnesi)

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Skorrastaðarprestakall

á vervist og verstöð í Neslandi í Norðfirði samkvæmt máldögum

Skorrastað 14. júlí 1884.

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Eigendur að Nesi: Bjarni Stefánsson, H. Hermannsson, Ari Marteinsson.

Skorrastaðaarprestakall

á „lambarekstur“ í Fannardal fyrir framan Ljósá og viðarteig þar fyrir norðan.

Skorrastað 14. júlí 1884.

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Guðmundur Magnússon (eigandi Fannadals).

Ítak Skorrastaðarkirkju í Sandvík.

Fjórði partur úr öllum reka fyrir norðan á, hvað sem á land ber og þeim mun minna – meira? – ~~sem~~ fyrir sunnan á, að þeir eiga aðrir sjöttung af að taka.

Skorrastað 14. júlí 1890

Jón Guðmundsson

Magnús Marteinsson (handsl.)

Jón Stefánsson (handsl.)

Árni Aauðunnson

Landamerki Seldals.

Frá mótum Hengifossár og Selár ræður Hengifossa upp að Hengifossi, þaðan bein lína í veginn á Bröttubrekkubrún, svo kring allan Seldalinn upp á fjallabrýr og út að Gvendarfossi og þaðan bein lína upp á hálsinn og þaðan bein sjónhending á Hólafellseyrar.

Skuggarhlíð.

Að utan: Munnlagarsteinn, úr honum upp til fjalls bein lína og niður í Norðfjarðará. Að innan: Gestahúsaárós þar sem hún fellur í Hengifossá og þaðan bein lína í mitt Grænafell, síðan Hengifossa í Selá og síðan Selá út að hinni áður tilteknu línu.

Grænanes.

Að innan: Bugalækjarós og þaðan bein lína í fjallsegg.

Að utan: Álftahraun og þaðan bein lína í fjallsegg niður í á. Að neðan: Norðfjarðaráin.

Skorrastaðaháls.

Frá Gvendarfossi hringinn í kring að Rauðuskriðu og ofan að Marksteini, móts við Stekkvallará.

Landamerki milli Miðbæjar og Skorrastaðar er bein lína úr miðri Staðargjá í Kjálkalæk utan undir Kirkjumel og þaðan bein sjónhending í Illukeldu sem þaðan af ræður út að Hofslandi. Milli Hofs og Miðbæjar ræður bein lína úr Hofsgjá niður mitt Gráaþýfi þar til hún sker Merkjakeldu, sem fellur í ána við Grænahyl og eptir það ræður merkjum.

Skorrastað 14. júlí 1890

Jón Guðmundsson[162]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 14. júlí 1890 voru þinglesin landamerki milli Skorrastaðar og Skálateigs. Við sama þing voru þinglesin landamerki fyrir Seldal, Skuggahlíð, Grænanes, Seldálsháls, Miðbæ og Skorrastað, Naustahvamm og Ormsstaði, Ormsstaði og hjáleigu. Einnig voru við þingið lesin landamerki milli Kirkjubóls, Staðarháls og Skuggahlíðar að sunnan, milli Staðarháls og Hóla, milli Kirkjubóls og Hóla, milli Kirkjubóls, Staðarháls og Skuggahlíðar að norðan. Loks voru þinglesin eftirtalin ítök Skorrastaðarkirkju: 12 fóta gröf í Kirkjubólslandi til mótöku, vervist og verstöð á Neslandi, Hvalreki á Mónesi í Barðsneslandi, lambrekstur í Fannardal fyrir

[162] Skjal nr. 2(10).

framan Ljósá og viðarteig fyrir austan og einn fjórði úr öllum reka fyrir norðan á í Sandvík.[163]

Við manntalsþing á Skorrastað fyrir Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhrepp 13. júlí 1891 var þinglesin landamerkjaskrá Skorrastaðar í Norðfirði.[164]

Við aukarétt 5. júní 1912 útnefndi rétturinn þá Jón Jónsson á Ormsstöðum og Magnús Guðmundsson í Skálateigi til að meta kirkjujörðina Skorrastað í Norðfirði.[165]

Við aukarétt 5. október 1912 var lögð fram og staðfest virðingargjörð á jörðinni Skorrastað í Norðfirði, dagsett 4. október 1912, að viðstöddum Jóni Bjarnasyni kaupbeiðanda, umboðsmanni og matsmönnunum Jóni Jónssyni á Ormsstöðum og Magnúsi Guðmundssyni á Skálateigi.[166]

Hinn 28. júní 1912 skrifaði Einar Jónsson, hreppstjóri í Norðfjarðarhreppi, skýrslu um jörðina Skorrastað að beiðni sýslumanns. Í skýrslunni er einkum fjallað um húsakost en einnig sagt frá dýrleika jarðarinnar og landskuld og þá er getið ítakanna Seldalsháls, Oddsdals, miðstykkis milli Skuggahlíðar og Grænaness og Búlands að undanskilinni Búlandsborg.[167] Einar skrifaði Stjórnarráði Íslands þann 7. janúar 1913 en meðfylgjandi bréfinu voru virðingargerðir fyrir jarðirnar Skorrastað og Skuggahlíð. Sem umráðamaður jarðanna lét Einar í ljós álit sitt á fyrirhugaðri sölu þeirra. Einar lýsti meðal annars stórgripagöngu sem ábúendur Skálateigsjarða og Miðbæjar hefðu í landi Skorrastaðar en óvíst væri hvort frí stórgripaganga yrði heimiluð af Skorrastaðarábúanda eftir að jörðin væri orðin bændaeign. Allir stórgripahagar um miðja Norðfjarðarsveit tilheyrðu Skorrastaðarlandi að sögn Einars, að norðanverðu við Norðfjarðará og annað allstórt stykki að sunnanverðu við ána milli jarðanna Skuggahlíðar og Grænaness. Þetta væru stór hlunnindi sem Skorrastaður hefði fram yfir aðrar nærliggjandi jarðir. Um önnur hlunnindi fjallaði Einar stuttlega um Seldalsháls eða Staðarháls sem ábúendur Seldals hefðu sóst eftir að fá leigðan. Þriðju hlunnindi Skorrastaðar væru Oddsdalur, sem hlyti að hafa verið tekinn frá Skuggahlíðarlandi sökum afstöðu hans. Einar sagði Oddsdal vera grösugt land sem nýta mætti fyrir afrétt á sumrin. Loks er í bréfi Einars fjallað um fjórðu ítökin eða hlunnindin, Búlandið.[168]

Hinn 4. október 1912 var tekið fyrir að virða jörðina Skorrastað. Í virðingargjörðinni segir meðal annars:

> Lýsing jarðarinnar er þannig. Jörðin Skorrastaður er að nýju mati 24,5 hundruð að dýrleika, að fráskildu Búlandinu.
>
> […]
>
> Engjar jarðarinnar munu gefa af sér 3–400 hesta heys, þess utan eru engjar í afréttarlandinu Oddsdal og Staðarhálsi, sem sjaldan eru notaðar vegna fjarlægðar

163 Skjal nr. 2(476).
164 Skjal nr. 2(582).
165 Skjal nr. 2(531).
166 Skjal nr. 2(604).
167 Skjal nr. 2(629).
168 Skjal nr. 2(631).

> Heimaland jarðarinnar er fremur lítið einkanlega fjalllendi, en henni fylgjir bæði mikið og gott land á svonefndum Oddsdal, Staðarhálsi og Miðstikki.
>
> […]
>
> Aðalkostur þessarar er að hún hefir víðáttumikið land til umráða, bæði afréttaland og stórgripabeit. Hagbeit fyrir sauðfé er góð á vetrum, eftir því sem hér gjörist í snjóaplássi
>
> […]
>
> Mikinn ókost má telja á jörð þessari að land hennar liggur dreift og er því erfidt til afnota og liggur mjög fyrir ágangi frá öðrum jörðum.[169]

Jörðin var metin án Búlandsins á 3.200 kr. en með því á 3.600 kr.[170]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Skorrastaður var metin á 6.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi gott upprekstrarland í Oddsdal. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.[171]

Við aukarétt 28. febrúar 1919 voru útnefndir þeir Sveinn Guðmundsson á Kirkjubóli og Hermann Davíðsson í Skuggahlíð til lýsa og meta kirkjujörðina Skorrastað, samkvæmt lögum um sölu kirkjujarða frá 16. nóvember 1907, og eftir beiðni ábúanda jarðarinnar Jóns Bjarnasonar.[172]

Við aukarétt 27. júní 1919 var lögð fram og staðfest matsgjörð á jörðinni Skorrastað í Norðfirði, dagsett 7. júní 1919, að viðstöddum kaupbeiðanda, umráðamanni jarðarinnar og matsmönnunum.[173]

Með afsalsbréfi, dagsettu 5. nóvember 1921, seldi ráðherra dóms- og kirkjumála jörðina Skorrastað, að undanskyldu Búlandi með Borg, til Jóns Bjarnasonar.[174]

Við manntalsþing í barnaskólahúsinu á Nesi 15. júlí 1922 var þinglesið afsalsbréf, með hverju ráðherra Íslands seldi og afsalaði Jóni Bjarnasyni kirkjujörðina Skorrastað í Norðfirði fyrir 6.000 kr.[175]

Við manntalsþing að Nesi 14. júlí 1926 var þinglesið kaupbréf með hverju Jón Bjarnason seldi Guðjóni Ármann hálfa jörðina Skorrastað í Norðfirði fyrir 3.000 kr.[176]

Við manntalsþing að Nesi 13. júlí 1928 var þinglesin friðlýsing þar sem friðlýst var fyrir skotum í landi jarðarinnar Búlandsborgar frá Illugjá að Norðfjarðarósi og enn fremur varphólma fyrir sunnan Norðfjarðará í Skorrastaðarlandi.[177]

Árið 1938 var þinglýst ódagsettu landamerkjabréfi fyrir Skorrastað. Það er svohljóðandi:

---

169 Skjal nr. 2(630).
170 Skjal nr. 2(630).
171 Skjal nr. 2(99).
172 Skjal nr. 2(605).
173 Skjal nr. 2(606).
174 Skjal nr. 2(388).
175 Skjal nr. 2(607).
176 Skjal nr. 2(608).
177 Skjal nr. 2(609).

Landamerki

Skorrastaðar í Norðfirði.

1. Milli Skorrastaðar og Skálateigs, úr miðjum Þrygjám að ofan bein lína niður utan við túnbarð í Skálateigi, þaðan beint niður í merkiþúfu, þaðan inní merkilæk bein lína í melshorn.
2. Milli Skorrast. og Miðbæja:

   Úr staðargjáarkambi að ofan bein lína niður í kjálkalæk utan við kyrkjumelshorn, þaðan bein lína niður í illukeldu, sem ræður mörkum út fyrir neðan Miðbæi og Hof alt út í Norðfjarðará.
3. Milli Skorrast. og Grænanes sunnan ár: Úr innri bugalækjarós, að neðan bein lína uppí járnskoru.
4. Sama megin milli Skorrast. og Skuggahlíðar: Mundlaugarsteinn, er miðpuntur, þaðan bein lína niður í Norðfjarðará og bein lína uppí grákamb í Skuggahliðarbjargi.
5. Milli Skuggahlíðar og Oddsdals sem er afrjettarland frá Skorrastað. Úr geithúsaaros að neðan bein lína uppí mitt grænafell.
6. Milli Oddsdals og Seldals: Úr hátúnshálsi að neðan bein lína uppí hátúnsröð, (um hádegistein á bröttubrekku).
7. Milli Seldals og staðarháls (tilheyrandi Skorrastað.).

   Af gvöndarfossi að neðan beint uppí hálsbrún, sem ræður takmörkum í beinni línu upp í hólaeyra.
8. Milli Hóla og Staðarháls: Úr gráballarsteini að neðan bein lína uppí rauðuskriðu í hólafjalli.

Að þetta sjeu rjett merki milli ofangreindra jarða, eftir því sem við vitum best, og hafa viðgengist vottum við undirritaðir ábúendur.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Bjarnason, | ábúandi | Skorrastað |
| Þorleifur Þorleifsson | – | Skálateigi |
| Guðm. Sighvatsson | – | Skuggahlíð |
| Árni Davíðsson | – | Grænanesi |
| Sveinn Sigfússon | – | Hólum |
| Friðrik Jónsson | – | Seldal[178] |

Hinn 1. júní 1963 fór fram fundur landskiptanefndar þar sem tekið var fyrir að skipta því sem óskipt var úr landi Skorrastaðar I og Skorrastaðar II norðan Norðfjarðarár. Tekin var til greina aðild Júlíusar Þórðarsonar, bónda og eiganda nýbýlisins Skorrastaðar III, en nýbýlið var byggt úr Skorrastað II. Landið var athugað og mælt. Í landskiptabók Suður-Múlasýslu eru skráðar gerðir fundarins sem meðal annars var að skrá upp öll eldri skipti milli býlanna og komu engin mótmæli fram gegn því. Loks var skipting býlanna skráð þannig í landskiptabók:

1. Áður ákveðin skipti:

a) Neðan frá gömlum farvegi Norðfjarðarár upp að bæjarhúsum skiptir Borgarvallalækur.

178 Skjal nr. 11(3).

> b) Ofan bæjar ræður fyrst girðing frá hesthúshorni í krókum upp yfir Hesthúshól að enda á skurði, sem liggur upp um Stekk og ræður hann mörkum þar, sem hann nær, en síðan girðing í beinu áframhaldi af honum.
>
> 2. Ofan girðingu skiptir bein lína í framhaldi af fyrrnefndum merkjaskurði og girðingu í klettabelti.
>
> 3. Landið neðan áður greindra marka við Borgarvallalæk skiptist þannig að lænan vestan við Staðarhólma ræður mörkum og skal vegur sem liggur eftir henni vera frjáls til umferðar fyrir báða aðila.
>
> 4. Skorrastaður I á allt land austan þeirra marka sem nú hefur verið greint og auk þess skák vestast af Skorrastaðaland á móti Fram-Skálateigi. Þar eru mörkin milli Skorrastaða I. og II um línu dregna hornrétt á merkjaskurð milli Skálateigs og Skorrastaða 180 metra austan við enda hans við Merkjalæk. Skorrastaður II á allt land vestan við hér tilgreind mörk nema áður nefnda skák.
>
> 5. Skorrastaður I skal hafa rétt til að fá flutningsleið upp frá þjóðvegi, vestan við Borgarvallalæk upp á móts við fjós. Skulu báðar jarðir í félagi kosta þar brú á lækninn.[179]

Hinn 24. júlí 1978 var tekið fyrir að skipta óskiptu ræktanlegu landi jarðanna Skorrastaðar I, II og III. Skiptagerðinni lauk 31. júlí 1978. Fram kom að eigendur Skorrastaðar II og Skorrastaðar III óskuðu ekki eftir skiptum sín á milli. Fóru þá skipti þannig fram samkvæmt eignarhlutfalli að Skorrastaður I fékk annan helminginn en Skorrastaður II og Skorrastaður III hinn helminginn. Þá var ákveðið að skipta ræktanlegu landi í Staðarhálsi, á Oddsdal og í fjalli sunnan Norðfjarðarár gegnt Skorrastað, þ.e. milli jarðanna Grænaness, að utan, og Skuggahlíðar, að innan. Enginn ágreiningur var um landamerki nema milli Skorrastaðar og Grænaness sem væru óljós vegna breytinga við Norðfjarðará og týndra örnefna á fjallsegg sem nefnd væru í landamerkjabréfi. Samkomulag var um að Sigfinnur Þorleifsson í Grænanesi væri fenginn til að ákveða merki milli nefndra jarða sem næst því sem stæði í landamerkjabréfi. Þá var eftirfarandi skráð í landskiptabók um Staðarháls, Oddsdal og Suðurfjall:

> Staðarháls: Frá merkjaskurði við Seldal var dregin lína réttvísandi frá skurði sem tekinn er úr Seldalslandi í skurð á mörkum Seldals og Skorrastaða við Gvendarfoss. Nefnd lína síðan dregin út með, ofan við HVAMMA út á norðanvert MELSHORN. HVÖMMUM skipt í tvennt með vörðuðum þverlínum af skurðlínu í Selá, í INNRI og YTRI HVAMMA. Frá ytri þverlínu í HVÖMMUM er MELSHORNI skipt í tvennt með langlínu í vörðu yzt á MELSHORNI í SUÐUR og NORÐUR MELSHORN. Síðan dregin lína sem næst 70 m ofan við MELBRÚN í merkjastaur ofan við Hálshús. Þar næst dregin þverlína frá vörðu við Norðfjarðará í vörðu á MELBRÚN og beina línu áfram í áðurgreinda línu sem næst 70 m ofan við MELBRÚN. Þessi þverlína er miðuð á áberandi háan stein uppreistan á háhálsinum og skiptir í INNRA og YTRA EYRARSTYKKI. INNRA EYRARSTYKKI takmarkast að innan af línu sem dregin er úr merkjastaur ofan við Hálshús í ytri tótt Hálshúsa og beina línu í Norðfjarðará.
>
> INNRI HVAMMAR eru 440 m langir í vörðu á skurðlínu, mælt frá Seldalsmerkjum.
>
> YTRI HVAMMAR ná frá fyrrnefndri vörðu í næstu vörðu á skurðlínu og er 700 m frá Seldalsmerkjum. Þaðan þverlína 110 m suður í vörðu þar og þaðan dregin langlína í vörðu yzt á MELSHORNI sem skiptir í NORÐUR og SUÐUR MELSHORN.

[179] Skjal nr. 2(400).

Oddsdalur: Mældar voru tvær spildur og sett merki á jöðrum. Spilda ofan þjóðvegar innan við merki Skuggahlíðar og Skorrastaða. Eru innri mörk við jaðar Víðihóla rétt utan og neðan við Skíðaskála. Er sú spilda 7.33 ha að flatarmáli. Spilda milli þjóðvegar og Hengifossár á Oddsdal, mæld frá Geithússtóttum 844 m inneftir og er hún 6.92 ha. Skiptanefnd vill vekja athygli á að Geithússtættur eru utan við skipta landið og er þessvegna óheimilt að hrófla við þeim.

Um þessar spildur var samstaða allra aðila að meta að jöfnu þrátt fyrir smá stærðarmun.

Suðurfjall gegnt Skorrastað: Merki á árbakka. Varða 44 m innan við merkjavörðu til miðunar á landamerki milli Miðbæja og Skorrastaða norðan ár. Þaðan bein lína í skarð hið næsta innan við Járnskarartind á fjallsegg. Miðlínupunktur er hóll á hjalla í fjalli neðan við miðju fjallsins.

Ekki þótti annað fært en skipta Suðurfjalli öllu frá Norðfjarðará í fjallseggjar með beinum línum legu sinnar vegna. Skipt er því í ytri og innri spildu. Þar sem talin er allmikill gæðamunur á ytri og innri spildu varð samkomulag um, að ytri spilda næði 100 m inn fyrir miðju skipta landsins. Ytri spilda er þá 737 m frá merkjum við Grænanes talið. Innri spilda 537 m talið frá merkjum við Skuggahlíð – Mundlaugarsteini.

Merki milli ytri og innri spildu eru frá vörðu á árbakka í vörðu á mel og þaðan í Svartakamb í fjallsbrún þar sem hann ber hæst.

Um stykki í Staðarhálsi og Oddsdal var dregið með samþykki allra Skorrastaðabænda. Þó þannig að stykkin í Staðarhálsi voru dregin á tveimur númerum og raðað niður á þau af skiptanefnd áður. Í Suðurfjalli gegnt Skorrastað réði samkomulag bænda um hvernig lönd skiptust.

Lönd skiptust þannig:

Í Staðarhálsi: Skorrastaður I fær Ytri-Hvamma, syðra Melshorn og innra Eyrarstykki. Skorrastaður II og III fá innri Hvamma, nyðra [svo] Melshorn og ytra Eyrarstykki.

Á Oddsdal: Skorrastaður I fær spildu neðan þjóðvegar. Skorrastaður II og III fá spildu ofan þjóðvegar.

Í Suðurfjalli gegnt Skorrastað: Skorrastaður I fær ytri spildu. Skorrastaður II og III fá innri spildu.

Landeigendur skulu koma sér saman um vegi á öll þau landsvæði sem koma til skipta samkvæmt þessari skiptagjörð og er þeim óheimilt að hindra umferð eigenda á sitt land eftir samþykktum leiðum. Ákvæði þetta gildir einkum um Staðarháls og Suðurfjall gegnt Skorrastað og skiptir ekki máli hvort ökuleiðir koma utan eða innan frá eða eftir öðrum stefnum, t.d. ef um nýjar brýr yrði að ræða á Norðfjarðará eða Selá.

Landeigendur mega ekki hindra umferð manna og dýra meðfram ám þar sem áðurnefnd skipti ná til. Því til stuðnings bendir skiptanefnd á Reglugerð um. náttúruvernd, Stj.tíð. B. nr 205/1973. Fyrsta málsgr. 9. greinar.

Ennfremur vill skiptanefnd benda landeigendum á að innan skipta í Staðarhálsi er allmikið kjarrlendi og minnir á 4. atr. 37. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.[180]

Í nóvember 1980 kom skiptanefnd saman til að framkvæma endurskoðun landskipta milli jarðanna Skorrastaðar I annars vegar og Skorrastaðar II og Skorrastaðar III hins vegar. Fram kom að helsta deiluefnið var landskák vestast í Skorrastaðarlandi niður við Norðfjarðará, sbr. lið IV í skiptagerð frá 1. júní 1963. Ekki náðist samkomulag og var

[180] Skjal nr. 2(401).

fundi nefndarinnar frestað til næsta vors. Nefndin hittist að nýju 8. júní 1981 og var þá eftirfarandi ákveðið:

> 1. Skorrastaður I lætur af hendi til Skorrastaðar II og III umdeilda landspildu vestast í Skorrastaðalandi við Norðfjarðará, um 1,1 ha. sem nú er ræktuð.
>
> 2. Skorrastaður I fær í staðinn 1,4 ha lands frá ~~við~~ Skorrastað II úr óskiptu landi Skorrastaða I og II fyrir neðan Hof á árbökkum (Grænanesbakkar).
>
> 3. Fyrir ræktun á fyrrnefndum 1,1 ha. greiða ábúendur á Skorrastað II og III kr. 2.000.- til ábúenda Skorrastaðar I. Auk þess taki ábúandi Skorrastaðar III upp umdeilda þvergirðingu og færi heim til ábúenda Skorrastaðar I. Einnig greiði ábúandi Skorrastaða III til ábúanda Skorrastaðar I kr. 350.00 fyrir meint óþægindi og vinnu við fyrrnefnda girðingu.
>
> 4. Greiðslur þær og skuldbindingar er skiptagjörð þessi kveður á um skulu inntar af hendi svo fljótt sem tök eru á, og eigi síðar en 10. júlí n.k.[181]

Skiptagerðinni lauk 8. júní 1981.[182]

Hinn 24. október 1990 var tekið fyrir að skipta sameiginlegu landi jarðanna Skorrastaðar I og Skorrastaðar II. Landspildan var í kringum bæjarhúsin á Skorrastað I og Skorrastað II. Reynt var að ná sátt milli aðila um ágreining sem meðal annars laut að eignarhaldi á umræddri landspildu. Nefndin hélt annan fund um málið 25. október 1990 og var þá ákveðið að nefndin aðhefðist ekki frekar í málinu.[183]

### *5.7.1 Seldalur í Norðfirði*

Í máldaga Vilchins fyrir Skorrastaðarkirkju frá um 1397 segir að kirkjan hafi átt Seljadal.[184] Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar og biskupsvísitasíu fyrir Skorrastaðarkirkju frá 12. ágúst 1645.[185]

Í prófastsvísitasíu Skorrastaðar frá 23. ágúst 1818 segir m.a.:

> Hún á Seliadal allann fyrir Sunnann og nordann Seldalsá Hals og Eyrar inní Rauduskridu Oddsdal allann[186]

Við manntalsþing að Skorrastað 21. apríl 1823 var þinglesið bréf frá amtinu, dagsett 18. febrúar 1823, um að Björn Skúlason í Skuggahlíð sækti um að mega byggja upp bæ í Selárdal til eigin ábúðar. Þá lofaði B. Þorsteinsson prestur að leggja fram kvittun fyrir eignarrétti Skorrastaðarkirkju til Selárdals, innan næstu póstgöngu. Á sama manntalsþingi voru lesin fyrir þinginu beiðni fyrrgreinds Björns Skúlasonar á Skuggahlíð og forboðsskjal frá Benedikt presti fyrir Selárdal.[187]

Hinn 3. júní 1824 var í Seldal í Norðfirði framkvæmd skoðunar- og útvísunargjörð á nefndum dal og var það niðurstaða tilkvaddra eiðsvarinna matsmanna að á meðan kirkjujörðin Skorrastaður nyti þeirra réttinda sem hún hefði í Seldal, gæti dalurinn ekki

---

181 Skjal nr. 2(402).
182 Skjal nr. 2(402).
183 Skjal nr. 2(403).
184 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 225–226, skjal nr. 4(23).
185 Skjal nr. 2(294) og *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 690, skjal nr. 4(25).
186 Skjal nr. 2(331).
187 Skjal nr. 2(532).

álitist í því ásigkomulagi að bera nýbýli.[188] Sama dag skrifaði sr. Benedikt Þorsteinsson á Skorrastað til sýslumanns og skoðunarmanna þar sem hann taldi upp ástæður þess að ekki ætti að byggjast nýbýli í Seldal. Fyrsta ástæðan var að Skorrastaðarprestakall mætti ekki missa dalinn til selfarar, engja, hrísrifs og beitilands. Önnur ástæða var að bæir í Norðfirði væru afréttarlausir nema fyrir tvo dali, Seldal og Oddsdal. Nýbýli myndi þrengja enn frekar að afréttarmálum bæja í Norðfirði. Loks myndi í þriðja lagi kirkjustaðurinn Skorrastaður rýrna við stofnun nýbýlis í Seldal.[189]

Hinn 20. júní 1824 skrifaði M. Tvede sýslumaður til Björns Skúlasonar og tjáði honum skrif norður- og austuramts til sín vegna fyrirhugaðrar nýbýlisstofnunar í Seldal. Amtið hafði skrifað sýslumanni þann 20. nóvember 1823 um að eftir tilskipun frá 15. apríl 1776 skyldi sýslumaður framkvæma skoðun í framhaldi löglegrar auglýsingar um stofnun nýbýlis í Seldal. Sýslumaður gat þess að hafa yrði í huga að land þyrfti að vera nóg til bæjar í Seldal og að prestur á Skorrastað missti ekki meira af landi en nauðsyn krefði.[190]

Í skýrslu sr. Benedikts Þorsteinssonar, dagsettri 1. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Skorrastaðarprestakalls segir að dýrleiki jarðarinnar hafi verið 12 hundruð ásamt eyðihjáleigunum Stóragerði, Efstagerði, Miðgerði og Götutóptum. Um Oddsdal og Seldal segir:

> Oddsdalur og Seldalur eru Afrettarplats á Sumardag fyrir Gieldfé Prestsins og nokkurra annara Bænda, og á þeim sidarnefnda dal er Heyskapur þá annadhvort þritur Eingi edr ecki vex i Heimalandinu, fyrer brukun Afrettarinar hafa um nokkur ár goldist árlega herum 20 al. enn sá Skogur sem fyrrum var á Seldalshalsi er nú engin ordin[191]

Þá er í skýrslunni fjallað um hjáleigur, rekaítök og ítök í Mýrarskógi í Mjóafirði og Fannardal, en þau tvö síðastnefndu hafi ekki verið nýtt í langan tíma.[192]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Seldalur ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Skorrastaðar. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður álíti Seldal tilheyra þrjú hundruð af mati Skorrastaðar.[193]

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólmum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Þar segir að í heimalandi Skorrastaðar yxi enginn viður þar sem heimalandið sé lítið til fjalls. Skógur á Seldalshálsi, hjáleigu heimalandsins, væri að mestu eyddur. Þá segðu máldagar að Skorrastaðarkirkja hefði viðarteig í Fannardal fyrir norðan á og í Mýrarskógi í Mjóafirði en þeir væru fyrir löngu gjöreyddir.[194]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er fjallað um Seldal sem afbýli frá Skorrastað. Þar segir eftirfarandi:

---

188 Skjal nr. 2(581).
189 Skjal nr. 2(227).
190 Skjal nr. 2(228).
191 Skjal nr. 2(366).
192 Skjal nr. 2(366).
193 Skjal nr. 4(1), bls. 373.
194 Skjal nr. 2(380).

> 13. Skorrastaður
>
> með afbýlinu Seldal (sem byggt er um sinn, en ekki hefir landamerki móts við staðinn:) og eydihjáleigum Stóragerði og Borgum. – Hér er gott tún, engjar miklar og gódar, útbeit í betra lagi og landkostir sæmilegir. Þar er reki nokkur fyrir heimalandi og rekaítak á staðurinn í Sandvík. – Allir meta þessa jörd á 1248rbd.[195]

Í áliti J. Jónssonar og B. Stefánssonar, dagsettu 13. nóvember 1854, um prestssetrið Skorrastað segir að jörðin sé 24 hundruð að dýrleika. Í álitinu er fjallað um Oddsdal og Seldal en þar segir eftirfarandi:

> Þared vidkomandi Prófastur eptir skipun biskupsins hefur mælst til þess að vid undirskrifadir mettum hvad sanngjarnlega mætti byggja prestsetrið Skorrastað, þá gjörum við það hjérmeð og tiltökum við þá örnefninn á landi Heímajardarinnar, sem liggur mjög dreíft, til þess að betur sjáist hvað mikið land við leggjum til undirstödu undir matníngu þessa, teljum vid þá.
>
> […]
>
> 4. Oddsdalurinn sem er afréttarland á sumardag fyrir sauðfé þess er býr á stadnum og nokkurra annara nábúa.
>
> 5. Seldalurinn hvar verið hefur gömul selför frá staðnum. Þó dalur þessi hafi verið byggður um næstlidin 5 ár fyrir 9 hndr. Eptirsvar og 1 kúgildi, þá þykir okkur tilhlídilegra ad meta han med stadnum, þar mögulegt er ad han vid ábúendaskipti á stadnum verdi tekin fyrir selför því landid heíma er mjög lítid og kostalétt. Ad þessum landspörtum meðtöldum, álítum við ad prestsetrið mætti byggjast fyrir 24 hndr. eptirsvar og 2 kúgildi.[196]

Hinn 24. september 1859 skrifaði sr. Hinriks Hinrikssonar á Skorrastað til biskups um jarðarhús í Seldal. Álit sr. Hinriks var að ekki yrði ráðið af máldögum og vísitasíum um Skorrastað að byggt býli hafi verið í Seldal, heldur hafi dalurinn verið selland kirkjustaðarins. Sr. Hinrik óskaði eftir áliti biskups um efnið.[197] Biskup skrifaði sr. Hallgrími Jónssyni prófasti um efnið þann 27. febrúar 1860 og samþykkti að jarðarhúsin í Seldal yrðu keypt fyrir 70 ríkisdali.[198]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Skorrastaðar er dagsett 14. júlí 1890 en hún inniheldur lýsingu á landamerkjum Seldals. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Skorrastað 13. júlí 1891. Sá hluti sem varðar Seldal er svohljóðandi:

> Landamerki Seldals.
>
> Frá mótum Hengifossár og Selár ræður Hengifossa upp að Hengifossi, þaðan bein lína í veginn á Bröttubrekkubrún, svo kring allan Seldalinn upp á fjallabrýr og út að Gvendarfossi og þaðan bein lína upp á hálsinn og þaðan bein sjónhending á Hólafellseyrar.
>
> […]
>
> Skorrastað 14. júlí 1890
>
> Jón Guðmundsson[199]

---

[195] Skjal nr. 2(72).
[196] Skjal nr. 2(370).
[197] Skjal nr. 2(371).
[198] Skjöl nr. 2(333) og 2(381).
[199] Skjöl nr. 2(10) og 2(582).

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 14. júlí 1890 voru m.a. þinglesin landamerki fyrir Seldal.[200]

Hinn 16. febrúar 1909 voru við aukarétt dómkvaddir þeir Jón Bjarnason á Skorrastað og Sveinn Guðmundsson á Kirkjubóli til að lýsa og meta jörðina Seldal í Norðfirði, sem ábúandinn Friðrik Jónsson óskaði að fá keypta, samkvæmt lögum um sölu kirkjujarða frá 16. nóvember 1907.[201]

Hinn 10. mars 1909 var jörðin Seldalur metin til söluverðs. Í matsgjörðinni segir að hún hafi verið byggð úr afréttarlandi Skorrastaðar og verið nýlenda þegar jarðamat fór fram í kringum 1850. Síðar hafi Seldal verið skipt frá Skorrastaðarlandi með glöggum landamerkjum og jörðin verið byggð fyrir níu hundruð að fornu mati.[202]

Hinn 28. júní 1912 skrifaði Einar Jónsson, hreppstjóri í Norðfjarðarhreppi, skýrslu um jörðina Skorrastað að beiðni sýslumanns. Í skýrslunni er einkum fjallað um húsakost en einnig sagt frá dýrleika jarðarinnar og landskuld og þá er getið ítakanna Seldalsháls, Oddsdals, miðstykkis milli Skuggahlíðar og Grænaness og Búlands að undanskilinni Búlandsborg.[203] Einar skrifaði Stjórnarráði Íslands þann 7. janúar 1913 en meðfylgjandi bréfinu voru virðingargerðir fyrir jarðirnar Skorrastað og Skuggahlíð. Sem umráðamaður jarðanna lét Einar í ljós álit sitt á fyrirhugaðri sölu þeirra. Einar lýsti meðal annars stórgripagöngu sem ábúendur Skálateigsjarða og Miðbæjar hefðu í landi Skorrastaðar en óvíst væri hvort frí stórgripaganga yrði heimiluð af Skorrastaðarábúanda eftir að jörðin væri orðin bændaeign. Allir stórgripahagar um miðja Norðfjarðarsveit tilheyrðu Skorrastaðarlandi að sögn Einars, að norðanverðu við Norðfjarðará og annað allstórt stykki að sunnanverðu við ána milli jarðanna Skuggahlíðar og Grænaness. Þetta væru stór hlunnindi sem Skorrastaður hefði fram yfir aðrar nærliggjandi jarðir. Um önnur hlunnindi fjallaði Einar stuttlega um Seldalsháls eða Staðarháls sem ábúendur Seldals hefðu sóst eftir að fá leigðan. Þriðju hlunnindi Skorrastaðar væru Oddsdalur, sem hlyti að hafa verið tekinn frá Skuggahlíðarlandi sökum afstöðu hans. Einar sagði Oddsdal vera grösugt land sem nýta mætti fyrir afrétt á sumrin. Loks er í bréfi Einars fjallað um fjórðu ítökin eða hlunnindin, Búlandið.[204]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Seldalur var metin á 3.300 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi gott upprekstrarland fyrir heimafé en ekki aflögu. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.[205]

Hinn 28. ágúst 1919 voru við aukarétt dómkvaddir þeir Sveinn Guðmundsson á Kirkjubóli og Hermann Davíðsson á Skuggahlíð til að lýsa og meta jörðina Seldal í

[200] Skjal nr. 2(476).
[201] Skjal nr. 2(583).
[202] Skjal nr. 2(628).
[203] Skjal nr. 2(629).
[204] Skjal nr. 2(631).
[205] Skjal nr. 2(103).

Norðfirði samkvæmt lögum um sölu kirkjujarða frá 16. nóvember 1907 og eftir beiðni ábúanda jarðarinnar Friðriks Jónssonar.[206]

Árið 1938 var þinglýst ódagsettu landamerkjabréfi fyrir Skorrastað. Sá hluti þess sem varðar Seldal er svohljóðandi:

> 6. Milli Oddsdals og Seldals: Úr hátúnshálsi að neðan bein lína uppí hátúnsröð, (um hádegistein á bröttubrekku).
>
> 7. Milli Seldals og staðarháls (tilheyrandi Skorrastað.).
>
> Af gvöndarfossi að neðan beint uppí hálsbrún, sem ræður takmörkum í beinni línu upp í hólaeyra.[207]

### *5.7.2 Skuggahlíð í Norðfirði*

Í máldaga Vilchins fyrir Skorrastaðarkirkju frá um 1397 er getið um Skuggahlíð en þar segir að kirkjan hafi átt fiskveiði í Helluhyl til móts við Kirklækinga en hana hafi Sörli af Skuggahlíð selt og ætti staðurinn tvo hluti fyrir það land en það hafi Hildubrandur gefið staðnum.[208]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir að meðal eigna Skorrastaðarkirkju var jörðin Skuggahlíð.[209]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Skuggahlíðar metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skorrastaðarkirkja.[210]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Skuggahlíð metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Skorrastaðarkirkju.[211]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Skuggahlíð:

> 7. Skuggahlíð
>
> Tún er þar lítid, en ad ödru leiti er þessari jörd lýst sem hinni næstundanfarandi [Grænanesi]; hún er af öllum metin á 276rbd.[212]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Skorrastaðar er dagsett 14. júlí 1890 en hún inniheldur lýsingu á landamerkjum Skuggahlíðar. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Skorrastað 13. júlí 1891. Sá hluti sem varðar Skuggahlíð er svohljóðandi:

> Skuggarhlíð.
>
> Að utan: Munnlagarsteinn, úr honum upp til fjalls bein lína og niður í Norðfjarðará. Að innan: Gestahúsaárós þar sem hún fellur í Hengifossá og þaðan bein lína í mitt Grænafell, síðan Hengifossa í Selá og síðan Selá út að hinni áður tilteknu línu.
>
> […]

206 Skjal nr. 2(584).
207 Skjal nr. 11(3). Landamerkjabréfið í heild er að finna í umfjöllun um Skorrastað hér framar.
208 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 225–226, skjal nr. 4(23).
209 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 690, skjal nr. 4(24).
210 Skjal nr. 2(54).
211 Skjal nr. 4(1), bls. 373.
212 Skjal nr. 2(72).

Skorrastað 14. júlí 1890

Jón Guðmundsson[213]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 14. júlí 1890 voru m.a. þinglesin landamerki fyrir Skuggahlíð, og landamerki milli Kirkjubóls, Staðarháls og Skuggahlíðar að sunnan, milli Staðarháls og Hóla, milli Kirkjubóls og Hóla, milli Kirkjubóls, Staðarháls og Skuggahlíðar að norðan.[214]

Við aukarétt 5. júní 1912 útnefndi rétturinn þá Jón Jónsson á Ormsstöðum og Magnús Guðmundsson í Skálateigi til að meta kirkjujörðina Skuggahlíð í Norðfirði.[215]

Hinn 28. júní 1912 skrifaði Einar Jónsson, hreppstjóri í Norðfjarðarhreppi, skýrslu um jörðina Skorrastað að beiðni sýslumanns. Í skýrslunni er einkum fjallað um húsakost en einnig sagt frá dýrleika jarðarinnar og landskuld og þá er getið ítakanna Seldalsháls, Oddsdals, miðstykkis milli Skuggahlíðar og Grænaness og Búlands að undanskilinni Búlandsborg.[216] Einar skrifaði Stjórnarráði Íslands þann 7. janúar 1913 en meðfylgjandi bréfinu voru virðingargerðir fyrir jarðirnar Skorrastað og Skuggahlíð. Sem umráðamaður jarðanna lét Einar í ljós álit sitt á fyrirhugaðri sölu þeirra. Einar lýsti meðal annars stórgripagöngu sem ábúendur Skálateigsjarða og Miðbæjar hefðu í landi Skorrastaðar en óvíst væri hvort frí stórgripaganga yrði heimiluð af Skorrastaðarábúanda eftir að jörðin væri orðin bændaeign. Allir stórgripahagar um miðja Norðfjarðarsveit tilheyrðu Skorrastaðarlandi að sögn Einars, að norðanverðu við Norðfjarðará og annað allstórt stykki að sunnanverðu við ána milli jarðanna Skuggahlíðar og Grænaness. Þetta væru stór hlunnindi sem Skorrastaður hefði fram yfir aðrar nærliggjandi jarðir. Um önnur hlunnindi fjallaði Einar stuttlega um Seldalsháls eða Staðarháls sem ábúendur Seldals hefðu sóst eftir að fá leigðan. Þriðju hlunnindi Skorrastaðar væru Oddsdalur, sem hlyti að hafa verið tekinn frá Skuggahlíðarlandi sökum afstöðu hans. Einar sagði Oddsdal vera grösugt land sem nýta mætti fyrir afrétt á sumrin. Loks er í bréfi Einars fjallað um fjórðu ítökin eða hlunnindin, Búlandið.[217]

Við aukarétt 13. desember 1912 var lögð fram og staðfest matsgjörð á kirkjujörðinni Skuggahlíð í Norðfirði, dagsett 4. október 1912, að viðstöddum Hermanni Davíðssyni kaupbeiðanda, Einari Jónssyni umráðamanni jarðarinnar og matsmönnunum Jóni Jónssyni og Magnúsi Guðmundssyni.[218]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Skuggahlíð var metin á 2.700 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi gott og nægilegt upprekstrarland fyrir heimafé. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.[219]

---

[213] Skjöl nr. 2(10) og 2(582).
[214] Skjal nr. 2(476).
[215] Skjal nr. 2(531).
[216] Skjal nr. 2(629).
[217] Skjal nr. 2(631).
[218] Skjal nr. 2(610).
[219] Skjal nr. 2(104).

Við aukarétt 26. mars 1917 voru þeir Guðjón Ármannsson bóndi í Fannardal og Sveinn Guðmundsson á Kirkjubóli útnefndir til að meta jörðina Skuggahlíð í Norðfirði.[220]

Í virðingargjörð á jörðinni Skuggahlíð í Norðfirði, dagsettri 9. júní 1917 og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu hinn 20. júní sama ár, segir að jörðinni fylgi engin hlunnindi og að hún liggi rúmlega hálfa mílu frá sjó. Að lokum var jörðin metin á 1.700 kr.[221]

Við aukarétt 20. júní 1917 var lögð fram og staðfest matsgjörð á kirkjujörðinni Skuggahlíð í Norðfirði, dagsett 9. júní 1917, að viðstöddum kaupbeiðanda, umráðamanni jarðarinnar og matsmönnunum.[222]

Við manntalsþing að Nesi 14. júlí 1926 var þinglesið kaupbréf með hverju Hermann Davíðsson seldi Davíð syni sínum jörðina Skuggahlíð í Norðfirði fyrir 2.700 kr.[223]

Árið 1938 var þinglýst ódagsettu landamerkjabréfi fyrir Skorrastað. Sá hluti þess sem varðar Skuggahlíð er svohljóðandi:

> 4. Sama megin milli Skorrast. og Skuggahlíðar: Mundlaugarsteinn, er miðpuntur, þaðan bein lína niður í Norðfjarðará og bein lína uppí grákamb í Skuggahliðarbjargi.
>
> 5. Milli Skuggahlíðar og Oddsdals sem er afrjettarland frá Skorrastað. Úr geithúsaaros að neðan bein lína uppí mitt grænafell.[224]

Við aukarétt 6. ágúst 1949 voru Eyþór Þórðarson og Guðmundur Sveinsson útnefndir til að meta til verðs tjón sem orðið hafði á jörðinni Skuggahlíð vegna lagningar þjóðvegar. Að sögn Guðjóns Hermannssonar í Skuggahlíð höfðu ekki náðst samningar um bætur.[225]

### *5.7.3 Oddsdalur*

Í prófastsvísitasíu Skorrastaðar frá 23. ágúst 1818 segir m.a.:

> Hún á Seliadal allann fyrir Sunnann og nordann Seldalsá Hals og Eyrar inní Rauduskridu Oddsdal allann[226]

Hinn 3. júní 1824 var í Seldal í Norðfirði framkvæmd skoðunar- og útvísunargjörð á nefndum dal til að kanna hvort þar gæti byggst nýbýli.[227] Sama dag skrifaði sr. Benedikt Þorsteinsson á Skorrastað til sýslumanns og skoðunarmanna þar sem hann taldi upp ástæður þess að ekki ætti að byggjast nýbýli í Seldal. Í skjali sr. Benedikts er Oddsdals getið þegar taldar eru upp ástæður þess að Skorrastaðarprestakall mætti ekki missa Seldal. Þar segir:

---

220 Skjal nr. 2(440).
221 Skjal nr. 2(351).
222 Skjal nr. 2(611).
223 Skjal nr. 2(608).
224 Skjal nr. 11(3). Landamerkjabréfið í heild er að finna í umfjöllun um Skorrastað hér framar.
225 Skjal nr. 2(252).
226 Skjal nr. 2(331).
227 Skjal nr. 2(581).

> 2. Hin önnur orsök er þessi: Nordfiördur er fyrir 11^u af bæumm i nordursveitinni edur frá Backa allt innad Kyrkiubols inclusive aldeilis afréttalaus fyrir géldfé, annarstadar enn á þeim 2^r dölumm Seldal, og Oddsdal nordann meiginn, og þetta land sem eg hefi eptirlátid til sameiginnlegrar afréttar f[yr]ir þá, er þo allt ofþraungt eins og allir kunnugir vita. Skyldi nu nybyle sem lifvænlegt væri upptakast a Seldal mindi þad minka þetta afréttarland stórlega og þad orsaka öllumm þessara bæa ábuendumm stórann já óbætanlegann skada þvi þeir géta hv[ergi] feingid sér afrétt annarstadar, þar allstadar er i nálægum Sv[eit] umm stór þraung med þær.[228]

Í skýrslu sr. Benedikts Þorsteinssonar, dagsettri 1. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Skorrastaðarprestakalls segir að dýrleiki jarðarinnar hafi verið 12 hundruð ásamt eyðihjáleigunum Stóragerði, Efstagerði, Miðgerði og Götutóptum. Um Oddsdal og Seldal segir:

> Oddsdalur og Seldalur eru Afrettarplats á Sumardag fyrir Gieldfé Prestsins og nokkurra annara Bænda, og á þeim sidarnefnda dal er Heyskapur þá annadhvort þritur Eingi edr ecki vex i Heimalandinu, fyrer brukun Afrettarinar hafa um nokkur ár goldist árlega herum 20 al. enn sá Skogur sem fyrrum var á Seldalshalsi er nú engin ordin[229]

Í áliti J. Jónssonar og B. Stefánssonar, dagsettu 13. nóvember 1854, um prestssetrið Skorrastað segir að jörðin sé 24 hundruð að dýrleika. Í álitinu er fjallað um Oddsdal og Seldal en þar segir eftirfarandi:

> Þared vidkomandi Prófastur eptir skipun biskupsins hefur mælst til þess að vid undirskrifadir mettum hvad sanngjarnlega mætti byggja prestsetrið Skorrastað, þá gjörum við það hjérmeð og tiltökum við þá örnefninn á landi Heímajardarinnar, sem liggur mjög dreíft, til þess að betur sjáist hvað mikið land við leggjum til undirstödu undir matníngu þessa, teljum vid þá.
>
> […]
>
> 4. Oddsdalurinn sem er afréttarland á sumardag fyrir sauðfé þess er býr á stadnum og nokkurra annara nábúa.
>
> 5. Seldalurinn hvar verið hefur gömul selför frá staðnum. Þó dalur þessi hafi verið byggður um næstlidin 5 ár fyrir 9 hndr. Eptirsvar og 1 kúgildi, þá þykir okkur tilhlídilegra ad meta han med stadnum, þar mögulegt er ad han vid ábúendaskipti á stadnum verdi tekin fyrir selför því landid heíma er mjög lítid og kostalétt. Ad þessum landspörtum meðtöldum, álítum við ad prestsetrið mætti byggjast fyrir 24 hndr. eptirsvar og 2 kúgildi.[230]

Hinn 28. júní 1912 skrifaði Einar Jónsson, hreppstjóri í Norðfjarðarhreppi, skýrslu um jörðina Skorrastað að beiðni sýslumanns. Í skýrslunni er einkum fjallað um húsakost en einnig sagt frá dýrleika jarðarinnar og landskuld og þá er getið ítakanna Seldalsháls, Oddsdals, miðstykkis milli Skuggahlíðar og Grænaness og Búlands að undanskilinni Búlandsborg.[231] Einar skrifaði Stjórnarráði Íslands þann 7. janúar 1913 en meðfylgjandi bréfinu voru virðingargerðir fyrir jarðirnar Skorrastað og Skuggahlíð. Sem umráðamaður jarðanna lét Einar í ljós álit sitt á fyrirhugaðri sölu þeirra. Einar lýsti meðal annars stórgripagöngu sem ábúendur Skálateigsjarða og Miðbæjar hefðu í landi Skorra-

[228] Skjal nr. 2(227).
[229] Skjal nr. 2(366).
[230] Skjal nr. 2(370).
[231] Skjal nr. 2(629).

staðar en óvíst væri hvort frí stórgripaganga yrði heimiluð af Skorrastaðarábúanda eftir að jörðin væri orðin bændaeign. Allir stórgripahagar um miðja Norðfjarðarsveit tilheyrðu Skorrastaðarlandi að sögn Einars, að norðanverðu við Norðfjarðará og annað allstórt stykki að sunnanverðu við ána milli jarðanna Skuggahlíðar og Grænaness. Þetta væru stór hlunnindi sem Skorrastaður hefði fram yfir aðrar nærliggjandi jarðir. Um önnur hlunnindi fjallaði Einar stuttlega um Seldalsháls eða Staðarháls sem ábúendur Seldals hefðu sóst eftir að fá leigðan. Þriðju hlunnindi Skorrastaðar væru Oddsdalur, sem hlyti að hafa verið tekinn frá Skuggahlíðarlandi sökum afstöðu hans. Einar sagði Oddsdal vera grösugt land sem nýta mætti fyrir afrétt á sumrin. Loks er í bréfi Einars fjallað um fjórðu ítökin eða hlunnindin, Búlandið.[232]

Hinn 4. október 1912 var tekið fyrir að virða jörðina Skorrastað. Í virðingargjörðinni segir meðal annars:

> Lýsing jarðarinnar er þannig. Jörðin Skorrastaður er að nýju mati 24,5 hundruð að dýrleika, að fráskildu Búlandinu.
>
> […]
>
> Engjar jarðarinnar munu gefa af sér 3–400 hesta heys, þess utan eru engjar í afréttarlandinu Oddsdal og Staðarhálsi, sem sjaldan eru notaðar vegna fjarlægðar
>
> Heimaland jarðarinnar er fremur lítið einkanlega fjalllendi, en henni fylgjir bæði mikið og gott land á svonefndum Oddsdal, Staðarhálsi og Miðstikki.
>
> […]
>
> Aðalkostur þessarar er að hún hefir víðáttumikið land til umráða, bæði afréttaland og stórgripabeit. Hagbeit fyrir sauðfé er góð á vetrum, eftir því sem hér gjörist í snjóaplássi
>
> […]
>
> Mikinn ókost má telja á jörð þessari að land hennar liggur dreift og er því erfidt til afnota og liggur mjög fyrir ágangi frá öðrum jörðum.[233]
>
> Jörðin var metin án Búlandsins á 3.200 kr. en með því á 3.600 kr.[234]

Í umfjöllum um Skorrastað í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er Oddsdals getið en þar segir:

> Upprekstrarland: Afréttarland á Oddsdal, gott land, tekjulaust að öðru.[235]

Árið 1938 var þinglýst ódagsettu landamerkjabréfi fyrir Skorrastað. Sá hluti þess sem varðar Oddsdal er svohljóðandi:

> 5. Milli Skuggahlíðar og Oddsdals sem er afrjettarland frá Skorrastað. Úr geithúsaaros að neðan bein lína uppí mitt grænafell.
> 6. Milli Oddsdals og Seldals: Úr hátúnshálsi að neðan bein lína uppí hátúnsröð, (um hádegistein á bröttubrekku).[236]

[232] Skjal nr. 2(631).
[233] Skjal nr. 2(630).
[234] Skjal nr. 2(630).
[235] Skjal nr. 2(99).
[236] Skjal nr. 11(3). Landamerkjabréfið í heild er að finna í umfjöllun um Skorrastað hér framar.

Hinn 24. júlí 1978 var tekið fyrir að skipta óskiptu ræktanlegu landi jarðanna Skorrastaðar I, II og III. Skiptagerðinni lauk 31. júlí 1978. Eftirfarandi var skráð í landskiptabók um Oddsdal:

> Oddsdalur: Mældar voru tvær spildur og sett merki á jöðrum. Spilda ofan þjóðvegar innan við merki Skuggahlíðar og Skorrastaða. Eru innri mörk við jaðar Víðihóla rétt utan og neðan við Skíðaskála. Er sú spilda 7.33 ha að flatarmáli. Spilda milli þjóðvegar og Hengifossár á Oddsdal, mæld frá Geithússtóttum 844 m inneftir og er hún 6.92 ha. Skiptanefnd vill vekja athygli á að Geithússtættur eru utan við skipta landið og er þessvegna óheimilt að hrófla við þeim.
>
> Um þessar spildur var samstaða allra aðila að meta að jöfnu þrátt fyrir smá stærðarmun.
>
> […]
>
> Um stykki í Staðarhálsi og Oddsdal var dregið með samþykki allra Skorrastaðabænda. Þó þannig að stykkin í Staðarhálsi voru dregin á tveimur númerum og raðað niður á þau af skiptanefnd áður. Í Suðurfjalli gegnt Skorrastað réði samkomulag bænda um hvernig lönd skiptust.
>
> Lönd skiptust þannig:
>
> […]
>
> Á Oddsdal: Skorrastaður I fær spildu neðan þjóðvegar. Skorrastaður II og III fá spildu ofan þjóðvegar.
>
> […]
>
> Landeigendur skulu koma sér saman um vegi á öll þau landsvæði sem koma til skipta samkvæmt þessari skiptagjörð og er þeim óheimilt að hindra umferð eigenda á sitt land eftir samþykktum leiðum. Ákvæði þetta gildir einkum um Staðarháls og Suðurfjall gegnt Skorrastað og skiptir ekki máli hvort ökuleiðir koma utan eða innan frá eða eftir öðrum stefnum, t.d. ef um nýjar brýr yrði að ræða á Norðfjarðará eða Selá.
>
> Landeigendur mega ekki hindra umferð manna og dýra meðfram ám þar sem áðurnefnd skipti ná til. Því til stuðnings bendir skiptanefnd á Reglugerð um. náttúruvernd, Stj.tíð. B. nr 205/1973. Fyrsta málsgr. 9. greinar.
>
> Ennfremur vill skiptanefnd benda landeigendum á að innan skipta í Staðarhálsi er allmikið kjarrlendi og minnir á 4. atr. 37. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.[237]

## 5.8 Nærliggjandi og tengdar jarðir á Völlum og í Skriðdal

### *5.8.1 Vallanes á Völlum og Vallaneskirkja*

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið í Vallanesi.[238]

Í máldaga Vallaneskirkju sem Árni biskup Þorláksson setti sumarið 1270 segir meðal annars:

> Jons kirkia Baptistę i vallanese er eignvd med gudi envum helga nicholao: hvn a vallaness land alltt og vijking stada land alltt: oc hvammland alltt:
>
> […]

237 Skjal nr. 2(401).
238 *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(15).

> J kross skogvm kvgilldi: þad er eyvindar dal: mille valagils og eyrargils. hvn ä oc halfs kugilldis skög: giallda skal hvert sem vill reka þann er liggur fyrer vestan lagar fliotz ös: þat er einn teigur þriv hvndrud. og a vallaness kirkia tvo hlvte j vidreka: enn kirkivbæiar kirkia þridivnd: enn tuo hlute a kirkivbæiar kirkia j hvaleka. Vallanes kirkia a helming vidreka vid sledbriotz Menn. enn attvng j hualreka: attvng hvalreka j ofærv, þetta skvlv vera ij. kvgilldi: eda þriar m[erkr] vadmala: selfor j Eyvindardal. fiogur hus ad syngia til: og tyvnder ä mille gils är: og eyvindær: og fra vadi v:[239]

Í máldaga Jónskirkju í Vallanesi er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti er hann vígði kirkju 17. júlí 1367 segir meðal annars:

> Kirkia hins heilaga johannis baptiste j vallanesi a heimaland allt oc huamsland saudhaga land allt oc vikingstada land afrett j fagradal oc vnder skagafelli selfôr at tunguseli j eyuindardal skogarteig milli þrælær oc holknær annan skogar teigh milli valagilsær oc eyrar ær skogar teigh i ketilstada land skogar teigh j sandfell hit nedsta tueir skogar teighar j sandfell it efzsta skog j medalnes land hælfir allir krossskógar att ung j hualreka j ofærurekvm attvng j kilmanna teigh hælfuan vidreka vid sledbrottmenn j siau hvndradvm en fiordungh hualreka. vid kirkiubænga tueir hlutir vidreka j þrimr hundrodum oc suo j hualreka. þriar vetter liggia til vallanes a eyiarsandi. hælfa reka vid sandbrekkumenn j x hundrudvm hælfer osrekar bædi hualreka oc vidreka stærra en ælnar kefli. fiordung hualreka a gripdeilld tolftung vid galltstôdinga annan tolftung milli þeistavags oc spakærdals oc slik[t] j flutninghi huargi sem a land kemr. fiordunghr j bualreka vid snotrunesmenn vnder Vægsfiol[l]om sunnan fra sundi oc til gripsgiar tolftungh a hrollaugstaða sandi. balfuan hualreka a eyri j borgarfirði milli drangs oc kambs attvngh j hual j brunauik oc j kiolsuik oc j hualuik oc j suinavik huargi sem a land kemr stiga æs allann grindar æs allan[240]

Í máldaga Vilchins fyrir kirkju Jóhannesar skírara í Vallanesi frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkia hins heilaga Johannis baptistæ j Wallanesi a heimaland allt oc Hvams land. Sandhaga land allt oc Wijkingstanda land.
>
> Afriett i Fagradal oc vnder Skagafell.
>
> Selfôr ad Tunguseli j Eyvindardal.
>
> Skogarteig milli þrælár oc Holknár.
>
> Annann skogarteig milli Valagilsär oc Eyarär.
>
> Skogteig i Kietilstadaland.
>
> Skogteig i Sandfell hid næsta.
>
> ij skogarteigar j Sandfell hid efsta.
>
> Skogarteig j Medalnes land.
>
> halfer aller Kross skogar.
>
> Attung j hualreka j Ofæru rekumm.
>
> […]
>
> attung j Kilmannateig.
>
> Halfann vidreka vid Sledbrotz menn j vijc.
>
> einn fiordung j hualreka vid Kirkbæinga. ij hluter vidreka j þrimur hundrudumm oc so i hualreka.

239 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 83–84, skjal nr. 4(26).
240 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 237–238, skjal nr. 4(72).

> […]
>
> Halfann reka vit Sandbreckumenn j x hundrudumm.
>
> Halfer Osrekar bæde hvalreka oc vidreka stærra enn alnarkefli.
>
> Fiordung hualreka a Gripdeilld.
>
> Tolfttung vid Salltstædinga.
>
> annan tolfttung milli Þeistavogs oc Spakardals oc slijkt j fluttningi huargi sem a land kiemur.
>
> fiordung i hvalreka vid Snotronesmenn vnder Vogsfôllumm sunnann fra sunndi og til Greipsgiär.
>
> tolfttung i Hrollaugstada lanndi.
>
> Halfann hualreka a Eyri j Borgarfirdi milli Drangs oc Kambs.
>
> attung i hval j Brunavijk og j Kiolsvijk og i hvalreka i Hualvijk.
>
> fiordung og j Svijnavijk huar sem æ land kiemur.
>
> Stigaäs allann og Grindaräs allann.
>
> […]
>
> Jtem lagdi til sira Jngi Hafnar land i Borgarfirdi firir spioll.
>
> […]
>
> Jtem skipadi sira Oddur kirkiunni j Wallanesi til eignar jord j Hofn i Borgarfirde. er adur laukst j stadarspioll. og adra jord ad Ose j Vtmannasveit. og skipadi ad þar skylldi kirkiutiund oc prestztiund af hvorri sem i sokninni liggur.
>
> fiordung j Osreka er Teitur Sockason gaf.[241]

Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Jónskirkju í Vallanesi sem Árni biskup Ólafsson setti árið 1419 og máldaga Sveins biskups Péturssonar frá 4. september 1471.[242] Í hinum fyrrnefnda segir þó eftirfarandi um einn skógarteig:

> oc skogarteig j hofda merki firir austan sionaras oc ad læknum er þar fellur firir austan.[243]

Í Stefánsmáldaga fyrir Vallaneskirkju frá 1491–1518 er ekki getið um jarðeignir, ítök eða hlunnindi.[244]

Í máldaga Vallaneskirkju frá 1541 og síðar segir að hún hafi átt heimaland allt, Hvammsland, Víkingsstaðaland, Sauðhagaland og nokkrar jarðir, þeirra á meðal Ós í Útmannasveit.[245]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Vallaneskirkju:

> Kirkian ad Wallanese. ä heimaland og Huammzland Saudhagaland alltt. og Vijkingsstadaland.
>
> affriett i Fagradal og vnder Skagafell.

241 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 204–207, skjal nr. 4(27).
242 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 270–271; V, bls. 629–632; skjöl nr. 4(74)–4(75).
243 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 270–271, skjal nr. 4(74).
244 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 25–26, skjal nr. 4(65).
245 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 696–698, skjal nr. 4(76).

Selfaur ad Tungusele. i Eijvindardal.

Skogarteig. mille Thrælär. Haullknär(!) annann skögarteig mille Valagilsär. og Eijiar Är. Skögteig i Kietels stada land. Skögteig i Sandfelle hid næsta. ij skögarteigar i Sandfell hid effsta. Skögarteig i Medalnes land hälfer aller Krossskögar.

ättung i hualreka i Öfæru rekum ättung i Kiilmannateig. hälfan vidreka vid Sledbriotzmenn. i sio hundrudum: einn fiordung i hualreka vid Kirkiubæinga tueir hluter vidreka i thremur hundrudum og so i hualreka iij vætter liggia til Vallaness ä Eijiarsandi. hälffann reka vid Sandbreckumen J x^c. hälffer Ösrekar bædi hualreka og vidreka stærra enn alnar kieffle. fiordung hualreka ä Gripdeilld. tolfftung vid Salttstædinga. annann tolftung mille Theistavogs og Spakardals. og slijktt i fluttningi huar sem ä land kiemur. fiordung i hualreka vid Snotonesmenn(!) vnder Vogsføllum sunnan frä Sunde. og til Greipsgeitar (!) tolfftung i Hrollaugstada sande. hälffann hualreka i Eij i Borgarfirde mille Drängs og Kambs. attung i hual i Brunnavijk og i Kiölsvijk og i hualreka i Hualvijk fiordung og i Suijnavijk huar sem ä land kiemur. Stiga Äs allann. og Grindaräs allan.

Jtem ij^c. fadma. Sandur. er Biarne bonde Ellendsson lagdi til kirkiunnar.

Jtem hälff ättunda Jørd ad tølu.[246]

Hinn 4. janúar 1572 lýsti Guðríður Þorsteinsdóttir á Ketilsstöðum því yfir að hún gaf Vallaneskirkju tvö hundruð faðma rekasand fyrir Héraðsflóa. Hinn helmingurinn heyrði áfram undir Ketilsstaði. Þetta galt hún kirkjunni fyrir þann reka, tvö hundruð faðma, sem fylgja átti Víðastöðum, en sú jörð var lögð Vallanesstað fyrir tíundir og lýsistolla þegar gerð var hálfkirkja á Ketilsstöðum.[247]

Hinn 10. ágúst 1573 lofaði Gísli Jónsson, með samþykki sr. Einars Árnasonar og Eiríks Árnasonar sýslumanns, Þorvarði Magnússyni Vallanesstað og öllu því sem staðnum fylgdi næstu fardaga.[248]

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju Jóhannesar skírara að Vallanesi frá 9. ágúst 1641 segir meðal annars:

9 Augusti

Johannis Baptistæ kyrkia ad Wallaness a heimaland alltt, og Hvams land, Saudhagaland, Wÿkÿngstada land, Strónd J Wallaness þÿngum, epter Breffe Biskups Sveinz og Skrä er meinast vera S. Einars, heitinz Arna Sonar, og heffdarhallde, Hóffn J Borgarfirde, og adra Jórd ad öse J wtmannasveit, og ä aff þessum og Jordum Hoffn og Öse (epter Breffe Biskups Sveinz) ad lukast kyrkiutÿund og Preststÿund, þar aff huorre fyrer sig Sem J Soknenne liggur.

[…]

Kyrkian ä afriett J fagradal, og vnder Skagafelle, Selfór ad Tungusele J Eyvindar Är dal (kallast nu Tüngudalur) Skögarteyg mille þræla Aar og Hólkn Är allann Skögarteyg (epter Breff Biskup Sveinz annann, epter ódrum 3 Skylrykium) mille walagyls är og Eyrar Är, Skögarteyg J kietelstada land, Skögarteyg J Sandfell hid ysta (Biskup Sveirn.) Nedsta (OddGeyr Biskup.) Næsta (Wilchinz Bok.) tuo Skögarteyga J Sandfell hid effsta, komner epter Skranne vnder Eydala kirkiu etc fyrer Gallttastade, vide supra.

[…]

246 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 683–684, skjal nr. 4(28).
247 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 277, skjal H-10.
248 Skjöl nr. 2(285) og 2(390).

> halffann hualreka A Eyre J Borgarfirde, mille drangs og kambs ättung J hual (oddgeyr, wilchinns Jon) Hualreka ~~(Jon)~~ (Sveirn.) J Brunavÿk og kiölsvÿk. og J hualreka J hualvÿk (Wilchinn og Sveirn) og J hualvÿk (Oddgeyr og Jön) fiördüng J Svÿna vÿk (Sveirn) fiördung og J svÿnavÿk (wilchinn) og J Svÿnavÿk (neffna eigi fiördung /(oddgeyr og Jon / Sosem samfleytt vid fyrerfarande attung J Brünavÿk og kiölsvÿk) huar sem a land kemur, Stiga äs allann og Grundar äs allann. War þetta alltt fyrrskriffad, samanlesid og Borid, epter vÿgslu Breffe Oddgeyrs Biskups, kyrkiunnar J Wallanese, Datum Skalholltte, Þorlaksmessu 1376, [á spássíu] DI. III. Nr. 184. og Wilchinz mäldaga Bök Skalhollttz kyrkiu, og Jnnsigludu Breffe Biskups Sveinz ([†] huort Breff (enn þo Skada haffe lided ad þar ed greyner Jtók kyrkiunnar vantar nockud sem truannlegt er kyrkian mune ätt haffa og menn þykiast fiatrad gefa, og hundrad lamba affriett, Sem kyrkian Skyllde eiga med Nautzfödre Arlega ä Seliamyre Strax þar epter an annara orda millum Settra, þo menn komest ei frammür huar þad takmark Sie.) Biskupenn helldur uppä kyrkiunnar hónd nytt og myndugt, med þvÿ Su audna sem falsklega heffur giord verid, Stodar ecki helldur skadar kyrkiuna ä neffndre hundrad lamba affriett[249]

Í sömu vísitasíu er fjallað um landamerki Vallanes en þeim er lýst svo:

> Stadarinz landamerke eru med þessum umm merkium, epter heffdarhallde, ad framan wr midiu Spenahraune, Sem liggur mille Saudhaga og wads, rettsynes austur J Grymsä, og ä hinn veiginn wr Sógdu hraune, nordur J torffvallalæk rædur þä lækurinn wt J Breydumyre, enn ä mille Strendur og Stadarinz läg Sü er merke läg er kóllud er Suo öslitid Stadarinz lantid mille Lagarflötz og Grÿmsär. Enn wmm landamerke Stadarinz Jarda loffar S[ra] Eirÿkur kietelsson, heffdar vitnum, handskriffud med sÿnu Breffe til Skalhollts, ad Næstkomande Alþÿnge 1642, Suo þar epter meigi þad Jnnskriffast J kyrkiunnar mäldaga bök.[250]

Í biskupsvísitasíu fyrir Vallaneskirkju frá 7. september 1657 kemur fram að biskupi þótti vísitasía Vallaness frá 1641 óskilmerkileg varðandi ítök kirkjunnar. Biskup óskaði eftir að öll skjöl kirkjunnar yrðu við næstu prestastefnu tekin saman og opinberlega orðuð og sett í skilmerkilegan máldaga.[251]

Í biskupsvísitasíu fyrir Vallaneskirkju frá 3. september 1663 voru fyrri vísitasíur, þ.e. frá 1641, 1654, 1657 og 1660 staðfestar. Þá er í vísitasíunni fjallað um rekarétt undir Vogsfjöllum í Borgarfirði, sunnan frá sundi og til Greipsgjár.[252]

Í biskupsvísitasíum frá 8. september 1682, 1. september 1706, 28. maí 1727 og 20. ágúst 1763 koma fram sömu upplýsingar um eignir og ítök Vallaneskirkju og í eldri vísitasíum.[253] Í þeirri fyrstnefndu er fjallað um kirkjujarðir og vísað í vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir árin 1641 og 1663. Í þeirri síðastnefndu er fjallað um örnefnin Stigaás, Grindarás og Víðistaðasand, öll sem mönnum væru ókunn.[254] Í vísitasíunni frá 1. september 1706 er sagt frá ýmsum breytingum sem hafi orðið á ítökum og réttindum. Meðal annars er fjallað um rekaréttindi við Héraðsflóa og þá er fjallað um ýmis frumskjöl sem liggi í kirkjunni og varði nefnd ítök og réttindi. Í vísitasíunni segir að öðru leyti:

---

249 Skjal nr. 2(301).
250 Skjal nr. 2(301).
251 Skjal nr. 2(302).
252 Skjal nr. 2(303).
253 Skjöl nr. 2(304)–2(307).
254 Skjal nr. 2(304) og 2(307).

> Anno ut Supra 1sta Septembris Visiterud Kirkian ad Vallanese, hun ä heimaland allt med gógnum og giædum, Hvamms land, Saudhaga land allt og vïkingstada land, afrett i Fagradal og under Skagafell, Selfór ad Tungusele i Eivindardal, skögarteig mille þræl är og Holkuär, annann skogarteig millum valagils är og Eÿarär, skogarteig i Ketelstada land, skogarteig i Sandfell ed nærsta, tvo skogarteiga i Sandfell hid efsta, þesser tveir i Sandfelle efsta eru komner under Eidala kirkiu. skogarteig i Medalnessland, halfer aller Krossskögar, attung i hvalreka i Öfærurekum, attung i Kÿlmanna teig, halfan vidreka vid Sledbriötz menn i vij hndr. Eirn fiördung hvalreka vid kirkiubæinga, tveir hluter vidreka i þremur hundrudum, og so i hvalreka þriär vætter liggia til vallaness á Eÿasandi, Halfan reka vid Sandbrecku menn i x hndr. halfer ösrekar, bæde hvalreka og vidreka, stærra enn alnar Kieble. Fiördung hvalreka ä Gripdeilld, tolftung vid Stædinga; annann tolftung mille þeistar vogs og Spakardals og sligt i flutnïnge hvar sem ä land kiemur. Fiördung i hvalreka vid Snotruness menn under vogsfóllum, sunnann fra sundj og til Greipsgeitar; tolftung i hrollaugstada lande. halfan hvalreka i Eÿre i Borgarfÿrde, mille drängs og Kambs. ättung i hval i Brunavik og i Kiölsvik, og i hvalreka i hvalvik; [Spássía:] NB husavik maldage Fiördung og i Svïnavik hvar sem a land kemur. Stigaäs allan, og Grindaräs allan, item ij hndr. fadma Sandur er Biarne b. Ellendsson lagde til kirkiunnar, item viij iord ad tólu; sem siä er af visitatiu Mag. Brinjolfs ad sieu þessar, Strond i Vallanessþingum, Hófn i Borgarfÿrde, og adra iórd ad Öse i utmanna Sveit, Vogur i Borgarfÿrde, þriggia hundrada partur i jórdunne Randisstódum i Breiddal, Bondastadir sem komner eru fÿrer Galltastade, epter skrä Kirkiunnar; halft vattarnes, epter visitatiu Magst Brinjolfs og skränne, hafranes, Raudhollt 6 hndr. med Gudrunarstódum i hialltastadar þingä, Vidastader med ij hndr. Sande. xij hndr. óllum þessum iórdum helldur Kirkian enn nu, fÿrer utan iij hndr. part i Randisstódum i Breiddal, sem burt var feingin fÿrer Galltastade, enn Galltastader fÿrer bondastade sem adur eru skrifader.[255]

Sömu upplýsingar um eignir og ítök Vallaneskirkju koma fram í biskupsvísitasíu frá 20. ágúst 1779 en þar er einnig getið landamerkja staðarins með vísun í biskupsvísitasíu frá 1641.[256] Sama kemur fram í prófastsvísitasíum frá 29. júní 1847 og 24. maí 1850, en í þeirri síðarnefndu segir að ágreiningur sé uppi um Grasdal milli Óss og Njarðvíkur og einnig um tilkall kirkjunnar til áttungs í hvalreka í Ófærurekum.[257]

Í skoðun á eignum Vallaneskirkju fyrir árið 1751, dagsettri 28. maí 1752, segir að heyskapur hafi verið góður á jörðinni en Grímsá brjóti mikið af nesinu á hverju ári. Þá er fjallað um nokkra rekaparta og silungsveiði.[258] Í annarri skoðun yfir kirkjueignir Vallaness, dagsettri 29. desember 1789, er fjallað um kirkjujarðir hennar og hjáleigur. Fram kemur að Ós og Heyskálar lágu í eyði.[259]

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal Péturs Þorsteinssonar á Ketilsstöðum frá 1769 þar sem fjallað er um mörk jarðanna Ketilsstaða og Vallaness. Einkum er í skjalinu fjallað um Prestabólshólma og Grímsá á Völlum. Annað sams konar skjal um Ytri-Prestabólshólma og jarðirnar Ketilsstaði og Vallanes er varðveitt í jarðaskjölum, líklega frá Pétri, og er frá árinu 1769. Líkt og í því fyrrnefnda er einkum fjallað

---

255 Skjal nr. 2(305).
256 Skjal nr. 2(308).
257 Skjöl nr. 2(339)–2(340).
258 Skjal nr. 2(335).
259 Skjal nr. 2(336).

um mörk jarðanna við Grímsá á Völlum. Þau voru bæði lögð fyrir landamerkjadóm að Ketilsstöðum hinn 7. júlí 1885.[260]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Vallaness metinn 24 hundruð, með Vallaneshjáleigu. Eigandi jarðarinnar var Vallaneskirkja.[261]

Í prófastsvísitasíu frá 31. maí 1806 er fjallað um ýmis ítök, einkum skógarteiga, sem eignuð séu Vallaneskirkju en menn viti ekki hvar þau séu.[262]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 2. júlí 1816 var þinglesin lögfesta fyrir Vallaneskirkju ítökum í Eyvindarárdölum, dagsett 21. júlí 1799.[263]

Í prófastsvísitasíu frá 29. júní 1818 koma fram sömu upplýsingar og áður um eignir og ítök.[264] Í biskupsvísitasíu frá 29. júlí 1850 koma sömuleiðis fram sömu upplýsingar og áður um eignir og ítök en þar segir þó að örnefnið Breiðamýri, sem getið er í landamerkjalýsingu í vísitasíum 1641 og 1779, kallist nú Votiteigur. Þá segir að kirkjan eigi afrétt á Fagradal fyrir ofan afréttará og undir Skagafelli. Einnig segir að hún eigi selför að Tunguseli í Eyvindarárdal og skógarteig milli Þrætaár og Hölknár, ítak sem menn viti ekki hvar liggi, og annan skógarteig milli Valagilsár og Eyrarár, sem nú kallist Hrútá.[265]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 12. júlí 1824 var þinglesin lögfesta fyrir prestssetrinu Vallanesi ásamt undirliggjandi jörðum, dagsett 12. júlí 1824.[266]

Hinn 17. janúar 1826 skrifaði sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi biskupi viðvíkjandi skógarteig milli Valagilsár og Eyrarár á Eyvindardal sem máldagar segðu tilheyra Vallaneskirkju. Í bréfinu segir að Eyrará kallist nú Hrútá en sr. Guttormur óskaði eftir aðstoð um hvernig væri best að tryggja að réttindin myndu ekki ganga undan kirkjunni.[267] Biskup svaraði sr. Guttormi með bréfi dagsettu 10. mars 1826 og sagði hann þurfa að leggja fram sönnunargögn máli sínu til stuðnings. Í bréfi biskups er annars fjallað um Valagilsá, Eyrará, Eyjá, Hrútá, Dalhús og Vallanes auk þess sem vísað er í Fljótsdælasögu og Droplaugarsonasögu.[268]

Í skýrslu sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi, dagsettri 18. júní 1839, yfir inntektir Vallanesprestakalls samkvæmt lögum frá 18. desember 1838, segir að jörðinni tilheyri fjórar hjáleigur í heimalandinu. Um ítök segir:

> Itök, sem kyrkjan á og enn beheldur, og kunnug eru, eru eptirfylgjandi: Afrétt á Fagradal og undir Skagafell. Selför ad Túnguseli í Eivindardal. Skógarteigur milli Valagilsár og Eyrarár. Skógarteigur i Ketilsstadaland nú skóglaus. Skógarteigur i Sandfell ed nærsta, i hvörs Stad nú er komid Skógarhögg, þar óvíst er hvar i Landinu sidstnefndur Skógarteigur hefir legid edur hvad stór verid. Skógarteigur i Medalness land, sem óvíst

260 Skjöl nr. 2(140) og 2(142).
261 Skjal nr. 2(66).
262 Skjal nr. 2(337).
263 Skjal nr. 2(501).
264 Skjal nr. 2(338).
265 Skjal nr. 2(309).
266 Skjal nr. 2(545).
267 Skjal nr. 2(365).
268 Skjal nr. 2(382).

> er hvar legid hefir og nú er eyddur. Halfir allir Kross-Skógar nú gjöreÿddir. Hún á og Skógarteig í Höfda-merki fyrir austan Sjónarás nú ad mestu eÿddur. Hálfann Vidreka vid Sledbrjótsmenn i 7 hndr. hálfann Reka vid Sandbrekkur menn i 10 hndr. hálfa Ós-Reka bædi Hvalreka og Vidreka stærri enn álnar Kébli. Fjórdúng HvalReka á Gripdeild. Fjórdung í Hvalreka vid Snotruness-menn undir Vogs-fjöllum, sunnan frá Sandi og til Gripsgjár er meinast sama sem nú svokallad Uxafall. Tólftung i Hrollaugs-stada-Sandi. Hálfan Hvalreka á Eyri i Borgarfyrdi milli Drángs og Kambs. Áttúng i Hval i Brúnavík og i Kjólsvík og i Hvalreka i Hvalvík. Fjórdúng í Svínavík, hvar sem á Land kemur. – Skógarteigur milli Þræla-Ár og Hólkna-Ár vita menn ei hvar leigid hefir, ekki heldur um Hvalreka í Ófæru-Rekum, Kílmannateig eda Reka Kyrkjubæinga, i hvörjum kyrkjunni eignast Fjórdúngur i Hvalreka. Enn þeir 2 Hlutir Hvalreka i 3 hndr. sýnist líklegt ad sé á svokölludum Máriu-Reka, er svara á þessari Leingd, enn hvar Kyrkjubæar-Máldagar eigna Hallormsstada Kyrkju, eptir sem eg hefi heyrt, þetta Itak. 3 Vættir er liggja til Vallaness á Eyasandi, géra Menn sér í grun ad sé á Huseÿar-Sandi sem liggur undir Kyrkjubæ. Tólftúngur vid Saltstædinga er rangt lesid og skrifad istadin fyrir Galtstædinga, hvör Jörd Galtastadir ytri i Kÿrkjubæar Sókn komst undir Kyrkjubæ fyrir Makaskifti; Hvarum Upplysingu má finna í Visitatiu Brÿnjulfs Biskups Sveinssonar yfir Vallaness Kirkju af 1641. Enn bædi gat þetta Itak þá undangeingid vid Skiptin og líka er Galtastada Sandur nú med öllu tapadur. Reki milli Þeistavegs og Spakárdals vita menn nú ei hvar liggur. Stiga-As og Grindar-As vita Menn ei heldur med Vissu hvar liggja, þó nokkur Líkindi séu til ad þad séu Fjallhryggir 2 i Os-landi. Enn um þann 200 Fadma Sand er Kyrkjunni eignast vita menn ekkert. – Ønnur herlegheit enn þau upptöldu eru eyngin nema ef telja skyldi lítid Skógarkropp i Sandhaga Landi og nýfundid Lélegt Mótak í Hvamms og Víkingsstada Landi. – Til eru nokkrir Vitnisburdir bædi á Kálfskinni og Papír vidvíkjandi nokkrum Hólmum, er fyrir eina Tid voru i Gríms-Ár klofum, enn eru nú áfastir Vallaness-Landi þar Grímsáin hefir aptur nád sinum forna Farveg.[269]

Hinn 14. maí 1840 lögfesti Guttormur Pálsson prófastur heimaland Vallaness. Lögfestan var þinglesin að Egilsstöðum þann 14. maí 1840. Hinn 8. júlí 1844 var lögfestan aftur þinglesin á Egilsstöðum og þá einnig þinglesin mótmæli S. Magnússonar við lögfestuna, dagsett sama dag. Hinn 13. júlí 1844 voru bæði skjölin svo, að því er virðist, þinglesin að Þingmúla. Texti lögfestunnar og mótmælanna við hana er sem fylgir:

> Eg Guttormur Palsson Profastr í Sudur Mula Sýslu og prestr til Vallaness lögfesti her i dag Vallanes heimaland med öllum Landsnytjum milli Lagarflióts og Grímsár eptir sem hún ad fornu hefir fallid inní Spena herum millum Vads og Saudhaga og rettsynis úr Hrauninu austr í Grímsá og vestr í Torfvallar Læk, rædr svo Lækrinn allt utad Breidumyri sem nú kallast Votiteigur enn á milli Strandar og Stadarins inní Merkilá og þadan Siónhending í Lækinn utan til í Votateig. Sömuleidis lögfesti eg þessi Itök kirkjunnar liggiandi í þessu og Þíngmula þinglagi: Afrett undir Skagafell bádu megin og á Fagradal fyrir ofan Afrettará Selfor á Tunguseli og þar tilheyrandi Land á Tungudal fyrir innan Slenju. Skógarteig milli Valagilsár og Eyrarár sem nú kallast Hrútá. Skogarteig í Ketilsstada Landi, Skogarteig í Höfda merki fyrir austan Lækinn er fellur út fyrir austan Siónarás. Skogarteig í Sandfell ed næsta fyrirbýd eg öllum monnum ad nota ser ted Land og talin Itök edr þarí ad yrkia an míns Leyfis edr Vitundar, undir vidliggiandi málssókn og Lagasektir.
>
> Til Stadfestíngar þessari minni Lögfestu, sem eg þienustusamlega óska ad birt verdi her á þínginu set eg mitt Nafn og Signet.

269 Skjal nr. 2(372).

Vallanesi þann 14da Maii 1840

G. Pálsson

[…]

Upplesin fyrir Manntalsþingsretti ad Egilsstödum þann 8da Julii 1844 og innfærd i Sudur Mula Syslu Afsals og Vedmalabók.

Sama dag var á þinginu þínglýst fylgiandi Skiali

Jafnvel þó eg viti ad Vallaness kirkiu Forvaltari hafi fyrir nokkrum Arum Logfest Selför á Tungudal undir Vallaness kirkiu, þá var þeirri Logfestu samstundis motmælt af þáverandi Eydaþínghár hreppstióra, og dalurinn sídan eins og ádur brukadr atölulaust fyrir Afrett af Eyda þínghár Frambyggjurum. – Því lýsi eg hermed almennings Eign og hefdar haldi vegna mín og Sveitarinnar á ofannefndum Tungudal og fyrirbíd því hvorjum manni ad bruka edr Liá adrnefndt Landsplats til Afréttar ödrum enn okkur Eydahreppsbuum

Eydahrepp þann 8da Julii 1844

S. Magnusson[270]

Hinn 8. júlí 1844 lögfesti S. Magnússon almenningseign í Tungudal. Lögfestan var þinglesin á Egilsstöðum þann 8. júlí 1844. Sama dag lét prófastur G. Pálsson þinglesa lögfestu, frá 14. maí 1840, fyrir selför Vallanesskirkju á Tunguseli og tilheyrandi landi á Tungudal. Texti lögfestu S. Magnússonar er eftirfarandi sem og texti í afsals- og veðmálabók um þinglestur lögfestu Vallaneskirkju:

Jafnvel þó eg viti ad Vallanesskirkiu Forvaltari hafi fyrir nokkrum Arum Logfest Selfor á Tungudal undir Vallanesskirkiu, þá var þeirri Logfestu samstundis motmælt af þáverandi Eydaþínghár hreppstióra; og dalurinn sídan eins og ádur brukadr atölulaust fyrir Afrett af Eyda þínghár Frambyggjurum. Því lýsi eg hermed almennings Eign og hefdar haldi vegna mín og Sveitarinnar á ofannefndum Tungudal og fyrirbíd því hvorjum manni ad bruka edr Liá adurnefndt Landsplats til Afrettar odrum enn okkur Eydahreppsbúum

Eydahrepp þann 8da Julii 1844

S. Magnusson

Upplesid fyrir Manntalsþings Retti ad Egilsstödum þann 8da Julii 1844 og innfært í Sudur Mula Syslu Afsals og Vedmálabók.

Sama dag var af Profasti G. Palssyni látid þínglysa Lögfestu af 14da Maii 1840 Vallaness kirkju vegna, hvarmed á milli annars er Lögfest Selför á Tunguseli og þar til heyrandi Land á Tungudal fyrir innan Slenju.

Hvad hermed attesterast.

Sudur Mula Syslu Skrifstofu þann 10da Julii 1844

J.C. Voigt[271]

Við manntals- og skattaþing að Egilsstöðum 8. júlí 1844 var upplesin fyrir réttinum lögfesta, dagsett 14. maí 1840, þar sem G. Pálsson prófastur lögfesti Vallaness heimaland og Vallaneskirkju ítök á Egilsstaða- og Þingmúlaþinglagi. Þá var þinglesið skjal

270 Skjöl nr. 2(157) og 2(543).
271 Skjal nr. 2(158).

Sigvalda Magnússonar, dagsett 8. júlí 1844, þar sem hann lýsti almenningseign og hefðarhaldi að Tungudal, sem getið var í lögfestu prófasts.[272]

Við manntals- og skattaþing að Þingmúla 13. júlí 1844 var þinglesin lögfesta, dagsett 14. maí 1840, þar sem G. Pálsson prófastur lögfesti meðal annars ítök Vallaneskirkju.[273]

Hinn 6. janúar 1845 fór fram fundur hjá sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis þar sem tekið var fyrir mál um tungusel á Eyvindarárdal. Hreppstjórinn Sigvaldi Magnússon viðurkenndi selför sem heimilaði Vallanespresti en engjar aðrar landsnytjar í hennar stað. Sr. Guttormur Pálsson var ekki sáttur með þessi málalok og kvaðst myndi ráðfæra sig við stiftsyfirvöld.[274]

Í bréfi dagsettu 17. janúar 1845 að Vallanesi, líklega rituðu af sr. Guttormi Pálssyni, til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi segir frá mótmælum hreppstjóra við lögfestu Vallaneskirkju um selför á Tungudal í Eyvindarárdal. Fram kemur að sáttafundur hafi farið fram 6. janúar 1845 en bréfið er svohljóðandi:

> Í Máldögunum er Vallaness kirkju medal annara ítaka eignud Selför á Túnguseli í Eÿvindardal. – Þessu ítakji sem talid var medal annara ítaka i Lögfestu upplesinni á sídasta manntalsþíngji mótmælti Hreppstjórinn i Eÿdalaþinghá Sgr Sigvaldi Magnússon og lýsti Tungudal i Hvörs mÿnni Selid stendur almenníng og fyrirbaud alla brúkun hanns og lán ödrum enn Eÿdalaþinghár innbyggjendum. Hvörsvegna eg finn mig orsakadann til ad innkalla nefndann Hreppstjóra fÿrir af Amtinu settu forlíkunarmenn þann 6ta þ.m. vidurkéndi hann þá – eins og hjálögd útskript af forlíkunar-protokolnum sýnir – Prestakallinu Heimila þá – ádurnefndu Selför, enn neitar þvi um alla brúkun nærliggjandi lands, þegar ekkji væri haft i Seli. – Í þessu tilliti orsakast eg til ad gjöra þá fyrirspurn til Stiptisins: Hvört ad vidkomandi prestar ekkji megji gjöra neina adra brúkun af því landi hvar þeir kÿnnu ad ega Selför þann tíma eda þau ár [innskot á spássíu, óvíst frá hverjum] nei! sem þeir ekkji einhvörra kringumstæda vegna nota sér af Selförinni.[275]

Biskup og stiftamtmaður svöruðu sr. Guttormi Pálssyni þann 11. mars 1845 og sögðu að hægt ætti að vera að leysa málið en á hinn bóginn ætti ekki að banna réttinn til að leigja selið til annarra.[276]

Í prófastsvísitasíu fyrir Vallaneskirkju frá 29. júní 1847 segir eftirfarandi um landamerki:

> „Og eru þessi staðarins landamerki enn óátalin: Að framan úr miðju Spenahrauni, rjett fyrir austur í Grímsá, og á hinn veginn úr sögðu hrauni vestur í Torfvallalæk, ræður þá lækurinn út í Breiðumýri, sem nú kallast Votiteigur, en á milli Strandar og staðarins lág sú, er Merkilág er kölluð, og eptir sem lágin liggur sjónhending í hátt hraun, er nefnt hefur verið Stekkahraun, og þaðan í stein, utarlega í Votateig, vestan við lækinn, að vitni núverandi staðarhaldara“[277]

272 Skjal nr. 2(465).
273 Skjal nr. 2(542).
274 Skjal nr. 2(368).
275 Skjal nr. 2(367).
276 Skjal nr. 2(383).
277 Skjal nr. 2(244).

Afrit af vísitasíunni var lagt fram í landamerkjadómi 30. október 1922 (sjá neðar um mál Ketilsstaða og Vallaness).[278]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Vallanes ekki metin að dýrleika en hún var eign kirkjunnar (beneficium). Hjáleigur Vallaness eru hins vegar metnar að dýrleika: Vallaneshjáleiga fjögur hundruð, Hvammur fjögur hundruð, Sauðhagi átta hundruð og Víkingsstaðir fjögur hundruð. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1696 var jörðin Vallanes metin 24 hundruð að dýrleika.[279]

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólmum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Vallaneskirkju tilheyrðu nokkrir skógarteigar eða sjö talsins fyrir utan skógarkropp í heimalandi og landi hjáleigunnar Sauðhaga. Sumir skógarteiganna væru þó eyddir.[280]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Vallanes:

> 17 Vallanes
>
> með Vallaneshiáleigu og Hvammi sem hvör um sig er talin 4$^{\text{hndr}}$. Túnin eru góð út heyskapur óuppvinnannlegur og landrými talsverdt, útigángur hinn besti fyrir hesta, magurt fyrir saudfé. – Undir staðinn liggia nokkur skógarítök, svoog á ymsum stödum reka ítök fyrir héradsflóa og í Borgarfirdi, og afrétt í Reidarfjarðardölum. Þessa jörd með nefndum hiáleigum, ítökum og hlunnindum meta 4 vyrðingarmenn á 3000$^{\underline{\text{rbd}}}$ og 1 á 3300$^{\underline{\text{rbd}}}$, verður meðaltal þaraf 3060$^{\underline{\text{rbd}}}$.[281]

Við manntalsþing að Ketilsstöðum á Völlum 22. maí 1854 var þinglesin lögfesta með hverri G. Pálsson prófastur lögfesti land Vallaness með ítökum, dagsett 14. maí 1840.[282]

Í skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar, dagsettri í október 1854, um tekjur og útgjöld Vallanesprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir að dýrleiki jarðarinnar með hjáleigu í eyði sé óviss. Í skýrslunni eru taldar upp aðrar hjáleigur og dýrleiki þeirra. Um ítök og hlunnindi segir:

> 2. Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem fylgja prestakallinu eptir maldögunum og öðrum skjölum
>
> a. Brúkuð af prestinum sjálfum.
>
> 1. Afrétt á Fagradal fyrir ofan afréttará og undir Skagafell – notad sem afrétt fyrir géldfé prestsins 3 rbd.
>
> 2. hálfur viðreiki við Sleðbrjótsminni 700 f. […]
>
> 3. halfur vidreki við Sandbrekkuminni 1000 f. […]
>
> 4. hálfir Ósrekar […]
>
> 5 attung úr hvalreka i ófærum, attungur hval í Brunavík og í Kjölsvík og i hvalreka í hvalvík; fjordungr í Svinavík, hvar sem á land kemur. Fjórdúngur hvalreka í Gripdeild ~~tillftung i Hrollaugstaðasandi~~

278 Skjal nr. 2(244).
279 Skjal nr. 4(1), bls. 370-371.
280 Skjal nr. 2(380).
281 Skjal nr. 2(75).
282 Skjal nr. 2(573).

6 Skogarteig i sandfell hid næsta (þar er enn lítid skógarkropp og er umsamid vid ábúanda að presturinn fái ad gjöra til einnrar Kolatunnu á ári) […]

b. Ónotuð

Selför í Tunguseli í Eyvindardal (getur ekki notast vegna fjarlægdar)

Skógarteigur milli Þrælaár og Holknár – þetta ítak veit engin hvar er.

Skógarteigur milli Valagilsár og Hrútár – þar er skógur í vestri og er því ekki höggin ad sostoddu.

Skógarteigur i Ketilstaðalandi; Skogarteigur i Meðalnesslandi; halfr allir Krossskógur; Skógarteigur i Hofðamerki – þessir skógar eru allir gjorsamlega eydilagðir

Attungur ur hvalreka i Kilmannateig – veit engin hvar er fjorðungur ur hvalreka við Kyrkjubæínga, 2 hlutir viðreka i 300, og svo i hvalreka; 3 vættir liggja til Vallaness a Eyasandi – Um þessi 3 ítök er mesta óvisni, og eru þvi ad líkindum töpuð.

Tolftungur hvalreka vid Saltstædinga; annar tólftungur milli Teistavogs og Spakárdals þessi ítök veit enginn hvar eru – Fjordungur úr hvalreka vid Snotruness menn undir Vogsfjöllum – Þetta itak meina menn ad se innan landamerkja Kirkjujardarinnar Hafnar sem áður er getid. Stiga ás allur og Grindarás allur, somuleiðis 200 faðma sandur – þessi ítök þekkir enginn framar[283]

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1883–1951 er fært inn skjal frá eigendum Njarðvíkur sem skjal við ítakalýsingu prófasts í Vallanesi, dagsettri 13. febrúar 1884. Skjal Njarðvíkureigenda er dagsett 27. febrúar 1884 og var þinglesið 2. júlí sama ár. Texti þess er svohljóðandi:

Ítakalýsing kyrkjunnar í Vallanesi frá prófasti séra B. Jónssyni, dags. 13. febr. þ.á., svörum vér á þessa leið:

Sjá má af skjölum Njarðvíkurkyrkju að Vallanesskyrkja á ¼ af hvalreka í Gripdeild. En enginn veit hér hvar Eyri og Drangur er, en Kamb þekkja menn að er til. Sama er um Teistuvog og Spakárdal að menn vita eigi um þau örnefni. –

Vér samþykkjum því fjórðung hvalreka í Gripdeild, en hin ítökin eigi. –

Njarðvík, 27. febrúar 1884

Njarðvíkureigendur.[284]

Hinn 3. júní 1884 fór fram fundur hjá sáttanefnd Vallanesumdæmis þar sem tekið var fyrir mál um landamerki Vallaness og Ketilsstaða. Sr. Bergur Jónsson í Vallanesi hafði kært eigendur Ketilsstaða fyrir að hafa ekki viljað skrifa undir landamerki Vallaneslands hvað varðar Ytri-Vallanesvíðu. Sátt náðist ekki milli aðila og var málinu vísað til landslaga og réttar eða til landamerkjadóms samkvæmt lögum frá 17. mars 1882.[285]

Hinn 18. maí 1885 var hjá sáttanefnd Vallaumdæmis tekið fyrir mál sr. Bergs Jónssonar í Vallanesi gegn Sigurði Hallgrímssyni og Gunnari Pálssyni á Ketilsstöðum þar sem sr. Bergur gerði tilkall til Ketilsstaðasands. Sr. Bergur bauðst til að gefa eftir tilkallið til sandsins ef eigendur Ketilsstaða gæfu eftir tilkall til Ytri-Vallanesvíðu og

283 Skjal nr. 2(373).
284 Skjal nr. 2(636).
285 Skjal nr. 2(279).

skrifuðu undir landamerki Vallaness. Sátt náðist ekki milli aðila og var málinu vísað til aðgjörða hlutaðeigandi sýslumanns.[286]

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Áreyja í Reyðarfirði, sem er dagsett 5. september 1885 og þinglesin 31. maí 1886, segir: „Vallaneskirkja á afrétt í Fagradal frá Hrútá til Afréttará.“[287]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Vallanes.

Við manntalsþing að Egilsstöðum 10. júní 1890 var greint frá að Gunnar Pálsson hefði lagt fram landamerkjaskrá milli Ketilsstaða og Vallaness, sem annar eigandinn hafi verið samþykkur, en hinn neitað að skrifa undir.[288]

Í biskupsvísitasíu frá 23. júlí 1890 segir að landamerkjaskrá kirkjunnar sé samin og þinglesin.[289]

Við aukarétt 1. október 1906 voru, eftir beiðni prófastsins í Suður-Múlaprófastsdæmi, þeir Jónas Eiríksson á Breiðavaði og Finnbogi Ólafsson á Arnhólsstöðum útnefndir til að mæla og meta til peningaverðs þá óræktuðu spildu úr landi jarðarinnar Vallaness í Vallnahreppi og sem héraðsfundur hafði mælt með að Magnús Bl. Jónsson fengi keypta.[290]

Hinn 4. ágúst 1908 ritaði Hallgrímur Þórarinsson á Ketilsstöðum og níu aðrir menn til Stjórnarráðs Íslands þar sem kærð var sala landsins Jaðars undan prestssetrinu Vallanesi. Í útdrætti úr bréfinu segir að um meira land sé að ræða en aðeins móa, nefnilega Útvíða, Landvíða, Norðurnes, Svæður, Krossbrekkumýri og fleira.[291]

Hinn 21. júlí 1908 fór fram áreið á landamerki Vallaness og landspildu þeirrar sem sr. Magnús Bl. Jónsson hafði fengið leyfi til að kaupa úr heimalandi Vallaness. Landamerkjunum er nákvæmlega lýst í vísitasíubók Suður-Múlaprófastsdæmis 1892–1925 en virðast ekki varða kröfusvæði í máli nr. 2/2022.[292]

Við manntalsþing fyrir Vallnahrepp að Ketilsstöðum 13. júlí 1917 var þinglesið afsal, dagsett 21. júlí 1908, þar sem Jóhannes Sveinbjarnarson prófastur, í umboði biskups, seldi Magnúsi Bl. Jónssyni presti í Vallanesi landspildu úr landi prestssetursVallaness. Þá var við sama manntalsþing þinglesin yfirlýsing Magnúsar, árituð á framangreint afsal, þess efnis að hann hafi gefið greindri landspildu nafnið Jaðar.[293]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Vallanes var metin á 7.000 kr. Auk þess eru Vallaneshjáleiga og nýbýli Vallaness hvor um sig metin á 1.600 kr. Þá segir að jörðin hafi upprekstrarland á Múlaafrétt, metið á 600 kr. Eigandi jarðarinnar var Vallaneskirkja. Um landamerki Vallaness segir eftirfarandi:

[286] Skjal nr. 2(282).
[287] Skjal nr. 2(6).
[288] Skjal nr. 2(444).
[289] Skjal nr. 2(310).
[290] Skjal nr. 2(539).
[291] Skjal nr. 2(247).
[292] Skjal nr. 2(342).
[293] Skjal nr. 2(437).

> Landamerkjum hefir ekki verið þinglýst, þau eru sem hér segir: Milli Vallaness hjáleiganna og hins selda nybýlislands: Að vestan og norðan ræður bein lína úr svonefndu Stekkjarholti yfir Vörðuholt og Dilksklett í Merkiklett vestur af Pálshúsi. Þaðan bein lína austur í Merkistein í mýrinni ut og austur af Kvíakletti, og frá Merkisteini bein lína í Stekkjarkílsenda fremri, norðan við starartoppinn í honum, þar sem hlaða skal merkivörðu. Þaðan Stekkjarkíll út að svonefndum Krókkíl. Þá Krókkíll bein lína frá austurenda hans í Grímsá, þar sem dýpst er við bakkann og merki er sett. Að austan ræður Grímsá og hinn gamli árfarvegur milli Vallaness og Prestshólma á aðra hlið og Eyjólfsstaðanes, Vaðhólma og Kiðeyrar á hina. Að framan ræður bein lína Milli Merkivörðu í Hvamms móum – „Ólundarvörðu“ – og Einbúavörðu fremri, yst í Víkingstaðablá, framlengd í Grímsá og Stekkjarholt.[294]

Um landamerki nýbýlisins segir svo:

> 2. Landamerki: Að austan bein lína úr Stekkjarholti yfir Vörðuholt og Dilksklett í Merkiklett vestur af Pálshúsi. Þaðan bein lína austur í Merkistein. Þaðan í Stekkjarkílsenda fremri í Merkivörðu. Þá Stekkjarkíll út að Krókkíl, þá Krókkíll, þaðan garður austur í Grímsá. Þá Grímsá þangað sem hún fellur í Lagarfljót, milli Útvíða og Ketilsstaða-víða. Að vestan Lagarfljót og að framan lína milli Merkivörðu – Ólundarvörðu – og Einbúavörðu. Sbr. landamerkjaskrá Ketilsstaða, er hér um ósamkvæmni að ræða, þar báðar jarðirnar eigna sér hina svonefndu „Útvíða“ sem þanig er þrætuland og er metið sérstaklega.[295]

Við landamerkjadóm á Egilsstöðum 30. september 1921 var tekið fyrir landamerkjamálið: Hallgrímur Þórarinsson eigandi hálfra Ketilsstaða gegn Magnúsi Bl. Jónssyni eiganda Jaðars. Hallgrímur gerði þá kröfu að engjastykkið Ytri-Vallanesvíða sem liggur nyrst á Vallanesinu vestan Grímsár eins og hún fellur, yrði dæmd Ketilsstöðum. Sýslumaður skipaði fjóra menn í merkjadóm og frestaði svo málinu.[296] Hinn 4. júlí 1922 var málið tekið fyrir þrisvar í landamerkjadómi og einu sinni í aukarétti, en í hinum síðasta landamerkjadómi þessa dags ruddu málsaðilar tveimur dómsmönnum úr hinum skipaða merkjadómi. Merkjadómurinn samanstóð því af þeim Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði og Kristjáni Sigmundssyni á Eyjólfsstöðum, auk sýslumanns.[297] Við landamerkjadóma hinn 29. september og 30. október 1922 voru lögð fram skjöl í málinu og því svo frestað.[298] Meðal gagna málsins var greinargerð Hallgríms Þórarinssonar, nefnd skýringar á landaþrætumáli milli Ketilsstaða og Vallaness um Ytri-Víða. Með skjalinu fór Hallgrímur yfir rök sín í málinu og túlkun á gögnum þess og árfarvegi Grímsár. Þá er í skjalinu vísað í landamerkjadóm frá 15. ágúst 1885 þar sem Prestabólshólmi í Grímsá var dæmdur eign Vallaness en hólminn Ytri-Víðar skyldi tilheyra Ketilsstöðum. Umboðsmaður Vallaness hafi skotið dómnum til landsyfirréttar sem hafi þann 16. apríl 1887 vísað málinu frá. Hallgrímur krafðist þess að Ytri-Víða tilheyrði Ketilsstöðum.[299] Annað skjal sem lagt var fram í málinu inniheldur afrit af gögnum sem áður er getið, þ.e. vitnisburði Björns Jónssonar frá 27. mars 1636, þremur lögfestum

294 Skjal nr. 2(94).
295 Skjal nr. 2(94).
296 Skjal nr. 2(552).
297 Skjöl nr. 2(553)–2(556).
298 Skjöl nr. 2(557)–2(558).
299 Skjal nr. 2(239).

Ásmundar Jónssonar upplesnum árið 1644, 12. júní 1669 og 7. júní 1670, lögfestu Péturs Thorsteinssonar frá 16. maí 1770 og lögfestu Páls Melsted frá 26. maí 1832.[300] Þá lagði Magnús Bl. Jónsson fram varnarskjal, dagsett 6. október 1922, þar sem vísað var í skjöl sem áður er lýst, og einnig skýringar við þrjú önnur skjöl sem lögð voru fram í málinu, dagsettar 28. október 1922.[301] Einnig var framlagður útdráttur úr dómsgjörðum landsyfirdómsins í máli nr. 19/1886, Bergur prófastur Jónsson vegna Vallaneskirkju gegn Sigurði Hallgrímssyni og Gunnari Pálssyni. Í útdrættinum eru afrit gagna, s.s. textar úr kirkjustól Vallaneskirkju frá 1769, bréfaskrif frá sama ári og vitnisburðir um Ytri-Vallanesvíðu frá 1884 og 1885.[302]

Eitt þeirra skjala sem lögð voru fram í málinu var landamerkjaskrá Vallaness, dagsett 23. september 1921. Skjalið er merkt sem „Landamerkjaskrá fyrir hið forna prestsetur Vallanes, óskipt, eins og þau hafa verið haldin frá fornu fari.“ Í því er fjallað um landamerki gagnvart Ketilsstöðum, Eyjólfsstöðum, Úlfsstöðum, Tunghaga, Grófargerðis og Stóra-Sandfells. Þá segir að nýbýlið Jaðar sé innan þessara fornu landamerkja. Landamerkjalýsingin er svohljóðandi:

> Landamerki Vallaness, með undir liggjandi hjáleigum, Hvammi Víkingsstöðum og Sauðhaga, eru þessi: Að framan, milli Vaðs og Sauðhaga, bein lína frá Spana- eða Spenahrauni til austurs í Merkilækjarós, þar sem hann fellur í Grímsá, og til vesturs í Kapladalslæk (Torfvallalæk). Að vestan, milli Mjóaness- Gunnlaugsstaða og Sauðhaga ræður Torfvallalækur, þangað sem hann fjell~~ur~~ út í Torfvallablá áður en hann lagðist í Sauðhagaskurðinn, þaðan bein lína í sama læk utan við blána, þar sem farvegur hans er orðinn skýr (fyrir utan Illabuska). þá lækurinn að Helluvaði. Að vestan og framan, milli Víkingsstaða og Strandar, ræður bein lína frá Helluvaði í Grástein, utarlega í Votateig, vestan við lækinn (Torfvallalæk), þá bein lína frá Grásteini í Stekkahraun og þaðan í suðausturenda Merkilágar, þá Merkilág í Lagarfljót. Að vestan og norðvestan ræður Lagarfljót frá Merkilág að Grímsá, þar sem hún fellur í Lagarfljót á milli Ytri-Vallanesvíðu og Ketilsstaðavíðu (Sultarhólma). Að utan og austan, milli Ketilsstaða og Vallaness, ræður Grímsá, eins og hún hefur fallið og fellur á milli Ytri-Vallanesvíðu, að framan og vestan og Ketilsstaðavíðu (Sultarhólma) og Ketilsstaðaness að utan og austan, þá austurkvísl árinnar, milli Prestabólshólma (ytra og fremra) að vestan og Ketilsstaðaness að austran, þá hinn forni árfarvegur á milli Prestabólshólma og Kiðeyrar, þannig, að landamerkjalínan liggur eptir miðju farveganna. Að austan, á milli Eyjólfsstaða – Úlfsstaða – Tunghaga – Grófargerðis – Stórasandfells og Vallaness ræður hinn forni árfarvegur vestan við Vaðhólma, milli Eyjólfsstaðaness og Stekkhólma og austan við Melshorn, yzt og austast á Hvammsmóum, þar sem hann kemur saman við núverandi, rennslisfarveg Grímsár, þá Grímsá að Merkilækjarósi. – þar sem hinn forni Farvegur ræður, liggur landamerkjalínan eptir miðju hans vestan við Vaðhólma, þá 55 faðma austan við Stekkhólmabakkann, þar sem Varða er sett, í vestur frá Kaldárósi (þar sem hún fellur í Grímsá), þá sjónhending á vesturbrún Hvammsáss, þangað til íbúðarhús Jaðars er gengið fram úr Pálshúsi, svo að vatnar á milli , þaðan bein lína í farveg Grímsár, 10 faðma fyrir austan Melhornsklöpp. Á milli þessara fjögra nefndu punkta ráða beinar línur frá einum til annars, yfir farvegi og eyrar.
>
> Innan þessara fornu landamerkja liggur nýbýlið „Jaðar“. Landamerki milli þess og prestsetursins Vallaness eru: Að framan, milli Víkingsstaða og Jaðars bein lína úr Merkivörðu – einnig nefnd Ólundarvarða – á Hvammsmóum í Einbúavörðu, um fremri

[300] Skjal nr. 2(240).
[301] Skjöl nr. 2(242) og 2(246).
[302] Skjal nr. 2(243).

hala Stekkjarkletts, framlengd vestur í Lagarfljót. Að vestan og utan, milli Vallaness og Jaðars, ræður bein lína úr Stekkjarkletti yfir Vörðuholt og Dilkklett í Merkiklett, norðvestur af Pálshúsi, þaðan bein lína austur í Merkistein, í mýrinni út og austur af Kvíakletti, þá bein lína frá Merkisteini í Merkivörðu við Stekkjarkílsenda fremri, þá Stekkjarkíll út að Krókkíl, þá Krókkíll og loks landamerkjagirðing frá suðausturenda Krókkíls þverbeint að Grímsá.

Vallanesi 23. septemb. 1921

Magnús Bl. Jónsson

Samþykkir vegna að liggjandi Jarða

Vegna Vaðs Jón Jónsson (eigandi)

Vegna Mjóaness

Vegna Gunnlaugsstaða Nikulás Jónsson eigandi

Vegna Strandar Dagur Gunnarsson.

Vegna Ketilsstaða

Vegna Eyjólfsstaða Kristján Sigmundsson

Vegna Úlfsstaða Þórður Eiriksson eigandi

Vegna Tunghaga f.h. Jón Runólfsson oddviti Skriðdalshrepps Sigurður Björnsson (eigandi)

Vegna Grófargerðis Þórunn Bjarnadóttir eigandi

Vegna Stóra-Sandfells Jón Einarsson Guðni Björnsson[303]

Við landamerkjadóm að Egilsstöðum 1. nóvember 1922 var uppkveðinn dómur í máli Hallgríms Þórarinssonar og Magnúsar Bl. Jónssonar og er hann svohljóðandi:

Landamerki hálfra Ketilsstaða eignar Hallgríms Þórarinssonar og Jaðars í Vallahreppi skulu vera þessi: Hinn forni farvegur Grímsár, austan Prestabólshólma, austan Ytri-Vallanesvíða, vestan Sultarhólma og þaðan í Lagarfljót. Hallgrímur Þórarinsson greiði dómendum í þóknun og ferðakostnað, syslumanni Kr. 497.75 Nikulási Guðmundssyni Kr. 92.63 og Kristjáni Sigmundssyni Kr. 74.63 og í málskostnað eiganda Jaðars séra Magnúsi Bl. Jónssyni Kr. 50 00[304]

Við aukarétt 2. júní 1923 var Benedikt M. Blöndal kennari skipaður, eftir beiðni Hallgríms Þórarinssonar bónda á Ketilsstöðum, til að gera uppdrátt af þrætustað í ágreiningsmáli um landamerki jarðanna Jaðars í Vallahreppi og hálfra Ketilsstaða í sama máli.[305]

Hinn 26. október 1938 voru gerð landskipti milli Vallaness og Vallaneshjáleigu. Landskiptagerðin er færð inn í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998 og er svohljóðandi:

Landamerki

milli Vallaness – og Vallaneshjáleigu.

[303] Skjal nr. 2(245).
[304] Skjal nr. 2(559).
[305] Skjal nr. 2(560).

Miðvikudaginn 26. október voru gjörð þannig löguð land~~amerki~~skifti milli prestssetursins í Vallanesi og hjáleigunnar Vallaneshjáleigu, en fullnaðar skifti fóru fram á túni og engjum ~~og~~ en ekki þótti fært að skifta beitilandi milli jarðanna að svo stöddu.

Samkvæmt þessum skiftum verða tún og engjamörk milli téðra jarða sem hér segir:

Vallaneshjáleiga fær fremsta hlutann af túninu samfellt út að gömlum grónum Vallargarði, skamt fyrir framan Lambhús. Merkin eru þvert vestur af garðinum um klettnibbu, sem er í áframhaldandi garðstefnni og þaðan áfram vestur í Ormamýri. Austur af fylgja mörkin fyrst garðinum, þangað til hann beygir út í túnið, þaðan fylgja mörkin beinni línu, niður í ytra og neðra nátthagahorn.

Engjarnar verða allar í einu lagi og liggja niður frá túninu. Að ofan ræður túnið og mörk þau, er að framan eru skráð um ytri enda túnsins. Úr nátthagahorninu ytra fylgja mörkin börðunum út að Þrætugarði. Síðan fylgja þau honum um Grænutóft í vörðu við Uxalæk. Þá ræður lækurinn inní Tjörn og síðan Tjörnin þar sem hún nær og loks lína úr framenda Tjarnarinnar upp í Mela, fylgir síðan melunum út í Uxalæk og áfram úti innra og neðra túnshornið.

Landskiftamenn:

Benedikt Blöndal

Jón G. Kerulf

Sigurður Einarsson

Samþykkir ofanskráðum skiftum.

Fyrir Vallanes, Marino Kristinsson

Fyrir Vallaneshjáleigu, Sigfús Jóhannesson.[306]

Sama dag, 26. október 1938, voru einnig framkvæmd landskipti milli Hvamms annars vegar og hins vegar Vallaness, Víkingsstaða og Sauðhaga. Landskiptagerðin er færð inn í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998 og er svohljóðandi:

Landamerki

milli Hvamms annarsvegar og Vallaness, Víkingsstaða og Sauðhaga hinsvegar:

Samkvæmt áreið er gjörð var miðvikudaginn 26. október 1938 eru landamerki jarðarinnar Hvamms í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu ákveðin þannig:

Að sunnan lína frá vörðu hjá Illukeldu við Grímsá í Fremsta Stórhól, þaðan bein lína í Borgardalslæk við Fremsta-ás í stefnunni Fremstihóll-Grásteinn (landamerki Víkingsstaða halda áfram eftir þessari línu).

Að vestan Borgardalslækur í bláarkerin, þaðan bein lína í innri endann á Uxalæk, þaðan ræður Uxalækur að Einbúavörðu.

Að norðan lína frá Einbúavörðu í innstu Þrívörðu, þaðan í Torfastekk á Hvammsmelum og beint í Grímsá hjá Úlfstaðavaði.

Að austan ræður Grímsá.

Landskiftamenn:

Benedikt Blöndal

Jón G. Kerulf

Sigurður Einarsson.

306 Skjal nr. 2(34).

Samþykkir ofangreindum landamerkjum.

Fyrir Hvamm, Þórður Helgason.

Fyrir Sauðhaga Sigurður Björnsson.

Fyrir Víkingsstaði, Magnús Jónsson.

Fyrir Vallanes, Maríno Kristinsson.[307]

Með áreið 25. október 1938 voru ákveðin landamerki Víkingsstaða gagnvart Vallanesi, Hvammi og Sauðhaga. Skjalið var fært inn í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 17. nóvember 1938 og hljóðar svo:

Landamerki.

Milli Víkingsstaða annarsvegar, Vallaness, Hvamms og Sauðhaga hinsvegar.

Samkvæmt áreið er gjörð var þriðjudaginn 25. október 1938 eru landamerki jarðarinnar Víkingsstaða í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu ákveðin þannig:

Að norðan: frá Einbúavörðu við Uxalæk bein lína yfir Stekkjarklett, við ytri endann á Ytri-Stekkjartjörninni, að vörðu við Lagarfljót, nokkuð fyrir utan Skjólkamb, svo Lagarfljót að vörðu á utanverðum Skjólkambi.

Að vestan: Bein lína frá vörðunni á Skjólkambi, inn yfir Merkjalá að Hlóðarsteini, þaðan yfir Stekkjarhraun að Grásteini.

Að sunnan: Bein lína frá Grásteini að Borgardalslæk, austan við Fremsta-ás í stefnunni Grásteinn-Fremsti-Stórhóll (landamerki Hvamms halda áfram eftir þessari línu).

Að austan: Borgardalslækur í bláarkerin, þaðan bein lína yfir kerin í innri enda Uxalækjar, þaðan ræður Uxalækur að Einbúavörðu.

Landskiftamenn:

Benedikt Blöndal

Jón G. Kerulf,

Sigurður Einarsson

Fyrir Víkingsstaði Magnús Jónsson

Fyrir Sauðhaga Sigurður Björnsson

Fyrir Hvamm Þórður Helgason.

Fyrir Vallanes: Marino Kristinsson.

Fyrir Strönd, Dagur Gunnarsson.[308]

Í tillögum meirihluta landskiptanefndar um ráðstöfun Vallanestorfunnar, dagsettum 26. janúar 1942, segir að Vallaneshjáleiga haldi sínum réttindum samkvæmt ábúðarsamningi ábúanda og engjum samkvæmt skiptum sem framkvæmd voru haustið 1938. Um Vallanesprestssetur er fjallað um útskipt land, þ.e. tún jarðarinnar, og ræktunarland austan við túnið. Þá segir frá öðru landi til handa Vallanesprestssetri, samföstu við engi á Bakkanum og Stekkjarhólma, en samtals hafi verið um að ræða 117,6 hektara. Um nýbýli í Vallanesi segir að það fái útskipt 112,5 hekturum af landi. Þá hafi nýbýlið

[307] Skjal nr. 2(35).
[308] Skjal nr. 2(36).

beitarrétt í svonefndu Sellandi. Loks segir um Jaðar að býlið fái 120 hektara útskipta af landi. Um öll fjögur býlin er fjallað um beitarrétt í sameiginlegu beitilandi.[309]

Með byggingarbréfi dagsettu 2. október 1942 var Björgu Jónsdóttur byggð jörðin Jaðar I, þ.e. nýbýli úr landi Vallaness. Um landamerki er vitnað til landamerkjalýsingu nýbýlisins frá 23. febrúar 1942. Í bréfinu segir eftirfarandi um beitar- og upprekstrarrétt:

> Nýbýlið hefir beitarrétt fyrir 4 nautgripi, 6 hross og 125 fjár í sameiginlegu beitilandi Vallanesstorfunnar. Hafi ábúandi gripi eða fénað framyfir það, sem að framan greinir, verður hann að ganga út frá því, að ætla því hagbeit í útskiftu landi jarðarinnar.
>
> Nýbýlið hefir rétt til upprekstrar í aféttalandi Vallanesstorfunnar í Skagafelli ásamt öðrum býlum úr Vallanesslandi.[310]

Hinn 17. ágúst 1948 fór fram landamerkjadómur Suður-Múlasýslu þar sem tekið var fyrir mál um landamerki Vallaness og Eyjólfsstaða. Málsaðilar settu fram kröfur sínar og eftir að sýslumaður hafði árangurslaust leitað sátta voru fjórir menn skipaðir í landamerkjadóm. Málinu var frestað til 24. september 1948.[311] Við aukarétt 16. ágúst 1949 var tekið fyrir að staðfesta utanréttarvottorð Guðmundar Þorbjörnssonar sem lagt hafði verið fram í landamerkjamálinu. Í vottorði hans er einkum fjallað um svonefnda Þrætueyri milli Uxalækjar og hins forna aðalfarvegar Grímsár.[312] Sama dag var tekið fyrir að staðfesta vottorð Jóns Þorgrímssonar.[313]

Í úttekt yfir prestssetur Vallaness, dagsettri 21. október 1970, er fjallað um hlunnindi sem fylgdu Vallanesi og eru þar talin upp þrjú rekapláss á Héraðssandi. Þá segir um fjórða plássið, Ósreka við Unaós, að það hafi ekki verið nytjað í tíð síðustu þriggja presta í Vallanesi.[314] Sama kemur fram í skjali um afhendingu staðarins þann 27. júní 1977.[315]

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1982 var Eymundi Magnússyni byggð jörðin Vallanes frá fardögum 1982 til lífstíðarábúðar. Í byggingarbréfinu segir að Vallanes eða Vallaneskirkja hafi átt rekaítök við Héraðsflóa en réttur þeirra ítaka væri óljós og því væru þau ekki meðtalin í byggingarbréfinu.[316]

Á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 11. júlí 2007 var bókað að bæjarráðið legðist ekki gegn sölu hluta Vallaness sem nýttur væri af ábúanda fyrir sinn rekstur að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum: 1) Að landamerki jarðarinnar væru skýr og ágreiningslaus og að skýrt kæmi fram að hvergi væri um óskipt land að ræða milli Hvamms og Vallaness, 2) að Vallaneskirkju og -kirkjugarð yrði mæld út ákveðin lóð, 3) aflað yrði nákvæmra upplýsinga um öll hlunnindi og ítök sem væru í eigu Vallaneskirkju auk þess sem þau skyldu skilgreind á nútímavísu og látin vera áfram í eigu ríkisins og 4) að landakaup í

309 Skjal nr. 2(634).
310 Skjal nr. 2(266).
311 Skjal nr. 2(249).
312 Skjal nr. 2(250).
313 Skjal nr. 2(251).
314 Skjal nr. 2(343).
315 Skjal nr. 2(344).
316 Skjal nr. 2(633).

þágu hestamannafélagsins Freyfaxa, sem sveitarfélagið Fljótsdalshérað hefði leitað samninga um, gengi eftir. Enn fremur yrðu tryggðar auðveldar samgöngur milli væntanlegrar reiðhallar í landi Iðavalla og félagssvæðisins í Stekkhólma.[317]

Yfirlýsing um eignarrétt íslenska ríkisins að jörðinni Vallanesi er dagsett 24. júní 2008. Í henni kemur fram að jörðin var á forræði landbúnaðarráðuneytisins með vísan í reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 og jarðalög nr. 81/2004. Einnig var vísað í lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem kvæði á um eign íslenska ríkisins yfir kirkjujörðum og öðrum kirkjueignum. Yfirlýsingin var þinglesin og innfærð í afsals- og veðmálabók 8. júlí 2008.[318]

Árið 2017 seldu Ríkiseignir, f.h. ríkissjóðs, Eymundi Magnússyni jörðina Vallanes að hluta en haldið var eftir tilteknum eignarhlutum, þar á meðal ítökum og réttindum. Í kaupsamningi/afsali er í því sambandi m.a. vísað til úttektar frá árinu 1970 þar sem tilgreind hafi verið „eftirfarandi hlunnindi í jörðinni: Péturssandur, Ólafssandur, Kluftarsandur og ósreki (Unaós). Einnig er vísað til þess að í bréfi frá Búnaðarfélagi Íslands frá árinu 1942 segi að „Vallanesbýlið hafi öll réttindi til upprekstrar í afréttarlandi jarðarinnar í Skagafelli“. Í framhaldinu segir: „Ríkissjóður mun ekki selja ábúanda Vallaness þessi meintu ítök og réttindi. Framangreind ítök og réttindi eru því undanskilin við sölu þessa.“[319]

### *5.8.2 Útnyrðingsstaðir á Völlum*

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfa Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfa Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.[320]

Árið 1589 fór fram gjörningur hvar hjónin Einar Ásmundsson og Málfríður Bjarnadóttir létu til sonar síns Jóns Einarssonar í arfskipti meðal annars jarðirnar Ketilsstaði á Völlum og Útnyrðingsstaði. Einnig sögðust hjónin hafa selt Jóni jörðina Sandbrekku.[321]

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal með afritum fjögurra skjala. Hið fyrsta er vitnisburður Björns Jónssonar frá 1636 er varðar jörðina Ketilsstaði. Skráð er á skjalið að það hafi verið framlagt við landamerkjadóm að Ketilsstöðum þann 7. júlí 1885. Hin þrjú afritin eru af ódagsettum lögfestum fyrir Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum. Sú fyrsta af þeim er ódagsett lögfesta Ásmundar Jónssonar fyrir jörðinni Ketilsstöðum, upplesin að Egilsstöðum í sjöttu viku sumars árið 1644.[322]

---

317 Skjal nr. 2(635).
318 Skjal nr. 2(632).
319 Skjal nr.4(62).
320 Skjal nr. 2(389).
321 Skjal nr. 2(651).
322 Skjal nr. 2(139).

Í ódagsettri lögfestu Ásmundar Jónssonar fyrir eignarjörðum sínum Ketilsstöðum, Útnyrðingsstöðum og Höfða segir eftirfarandi:

> Eg asmundur Jonsson logfesti hier J däg Eign myna Þessar Jarder er Suo hejta kietjlstadi vtnjrdjngstadi og hofda / huorjar Ad liggia A Wollum J Vallanes Stadar kirkiusoknn / logfeste eg akra og tödur / Ejngiar og Sköga sem allann þejrra haga og landsnýtkar þær sem grejndum Jordum fýlgir og fýlgtt hefur ad fornu og nýu sem ei er med logum og Rjetti fra komid tjl vtmerkjä þejra er adrir menn eiga J mötj mier / ad þessumm landamerkjum til teknum / fram fra kietilstodumm / logfesti eg land alltt J þann læk er kallast aurjdalækur
>
> Eptir því sem hann gejngur vr alfta vattnne og J grýmsä suo vt J fljót og suo J þann læk er næstur er fyrir vtann Bejnagierdj sem kallast bejnä og hun ad fornu falljd hefur J aurjdauattnn / Og Riettsýnes ÿfer ä fjall Eptjr þui sem grejnd ä tilsejgir ÿfir vmm kuislardal, saudahlÿdjr allar og græfur framm J fagradalz minnj / og suo austur J Eÿujndarä / huor ed gejngur J milli skaga fellz og þurÿdarstada vt eptjr dalmini / En vt fra kietjlstodum logfesti eg tad alltt og skög Ejgn kietjlstada J þann læk er liggur fyrer framann hofda og Hofda er kollud Jtemm logfesti eg alltt land og skög fyrer vtann hofda J þann gard er liggur fyrer vtann þörsnesgierdj / þadann logfesti eg land alltt og skög vpp J merkiläg og framm eptjr mÿrjni fyrer nordann kollstadakoll fremmrj og vpp J þann lejrlæk sem liggur J milli hofda og kollstada milli tueggia Hraungarda a almenjngs Vejginum / og Suo J þann gard sem liggur næstur fyrer framann kollstadagierdj Og Syonhendjng vr þeim partti gardsins er til fialls horfer vpp a hálzinn og austur Riettsÿnes J adurskrjfad vasfall Eÿuindar A / logfesti eg land alltt og skog milli adurskrifadra takmarka vt og südur eptir þui sem fÿr skrifad stendur (og ei Beuÿsast med logum og Rietti sie fra komid. Somuleydis logfesti eg og kalla ejgnn mÿna lÿtjn holm J flÿötjnu fyrer framann hofdæ Logfesti eg alltt adurnefndt land og skog ad ordfullu og logmali rjettu med ollum nefndum og onefndum Jtokum sem þessumm Jordum fylgtt hefur Ad fornu og nÿu[323]

Lögfestan var upplesin í Vallaneskirkju á Jónsmessu árið 1651.[324]

Önnur lögfestan í áðurnefndu afritaskjali sem varðveitt er í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er fyrir jörðunum Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum, upplesin við þing að Egilsstöðum 12. júlí 1669. Þar segir um landamerkin:

> J fyrstu Land allt i Hofda og i gard nockurn framarlega ur alftavattne so þvertt upp um Ketelstad[a] Hals i Hnutu og aust[ur] i Ejvindara so effter þvi sem hun fellur a mottz vid Fagradalsa Sauda Hlyder allar og Græfur fram ad Fagradalsmine. Svo beint austur yfer fiall, [yfir] Launardal, og [so a nefndan Ketilstada Hals, i Beinä þar hun] fellur af Fialli [og bein]t [i Aurrida Vatn] so i Aurridalæk, Rædur þa sagdur lækur ofan i Grymsa þa effter þvi sem greind Grymsa fellur ad fornu og nyu uti Lagarfliot. Lógfeste ec allt adurgreint land og Skög fyrer utan þann Skogarteig sem Vallanes kirkiu er eignad ef halldinn er J Riettu Takmarki sem ber og Hæfer ad Jardarennar eign oskiertri.[325]

Þriðja lögfestan og þar með fjórða afritið í áðurnefndu afritaskjali er ódagsett lögfesta Ásmundar Jónssonar fyrir Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum. Lögfestan var upplesin við þing að Egilsstöðum 7. júní 1670. Í henni segir eftirfarandi:

> J fyrstu logfeste eg Land fram fra Ketelstodum i Aurridalæk og svo sem hann fellur ur Auridavatne, Rædur þa Greint Vatn þadann a Möts vid Beina þar hun Rennur af Fiallgordumm svo ä Kvixslärdal þar Sudur yfer Fiall og framm ad Fadradalsminni fyrer

323 Skjal nr. 2(131).
324 Skjal nr. 2(131).
325 Skjal nr. 2(139).

framann Græfur i Fagradalsä og svo i Ejvindará ut ä mots vid Hnutu svo beint þadan Nordur yfir Háls i Alftavatnsenda [Næri] og svo i Höfdä ad undannteknumm þeim Slæjumm –

annars Rædur hun sem hun hefur ad fornu og nÿu fallid i Lagarfliot svo og Lógfeste eg litenn Hólma i fliotenu fyrer framann greinda Ä, Jtem allar Graseyrar og Hólma sem liggia i Grymsa fyrer Ketelstada lande sem Hun med Riettu ä og hefur ätt þó nÿer farveiger [a lan]ded nu falle.[326]

Í landamerkjalýsingu Péturs Þorsteinssonar fyrir merkjum jarðanna Ketilsstaða og Útnyrðingsstaða, dagsettri 16. maí 1770, segir eftirfarandi:

Nefnelega: frammfrä Ketelstódum Aurridalækur, so sem Hann fellur ur Aurridwatne, rædur þä greint vatn þadann mötz vid Beinaa, siidann Beinaa, effter sem hun rennur af fiallgórdumm, so ä kvislaardal og Sudur yfer fiall framm ad fagradals minne, sem vidtekur fyrer framann Græfur, þar Laun aa Ofannfellur, þadann er fagradals Aa-land merke, til þess Hun fellur i Eyvindaraa, so Eivindaraa ut ä mötz vid Hnutu, so beint þadann nordur yfer Hälsenn i Hófdaa, sem rædur ofann i fliöted Af Hölmum nuverande i Grimsaa, eru þesser Vafalaus eign Jardarennar Ketelstada, Nefnelega Kidu Eÿrar sem er [sa] Næste Holme. Ketelstada lande framm og nidur […] og […] nærst fyrer Nordann Ketelstada Viida, Jeg lyse og ad dæmee minn Formanna M[inu] eignar tilkalla til þess Störa Wyderholma Nordr vid fliöted, so sem aarennar afstada og plátsanna landslag giorer þad i alla stade eins lïklegt, ad nefnd Grimaa Hann til forna Skored og leeyst hafe frä Ketelstada sem Wallanes […]de. Enn minne, i likann Mäta Velgrundadre Pret[…] uppä þann litla Hölma þar fyrer framann, er almennelega kallast Prestabols Hölmenn ytre, slepte Jeg vid nuverande Stadarhalldara prestenn S[r] Jon Stephansson, med f[ri]vilia og fyrer g[odra] manna bön og tillógur, er þar ä nærstlidnu Hauste, Areid[ar þing] halded [var.][327]

Landamerkjalýsingin var þinglesin fyrir rétti að Egilsstöðum 11. júní 1770 og framlögð í landamerkjadómi að Ketilsstöðum 7. júlí 1885.[328]

Í lögfestu Péturs Þorsteinssonar sýslumanns fyrir landamerkjum eignarjarða hans Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum á Völlum, dagsettri 24. maí 1786, segir:

Jeg underskrifadur Petur Thorsteinsson Eignar madur Jardanna Ketelstada og Utnÿrdingstada lyse þeïrra Landamerkium, so sem ad fornu Vered hefur, þessum effterfylgiande, Nefnelega framm frä Ketelstódum rædur Aurridalækur. so sem Hann fellur ur Aurridawatne, þä greïnt Vatn þadan, mötz Vid Beinæ, siidann Beïná effter sem Hun rennur af Fiallgördum, so äkvislaardal, og Sudur yfer fiall framm ad Fagradals minne, sem Vidtekur fyrer framann græfur, þar Launä ofannfellur, þadann er Fagradals Aa Landamerke til þess Hun fellur i Eivindaræ, so Eivindaræ ut ä mötz Vid Hnutu, so beïnt þadann nordur ÿfer Hälsenn i Höfdä, sem rædur ofann i Fliöted.

Af Hölmum nu Verande i Grÿmsä, eru þesser Vafalaus Eïgn Jardarennar Ketelstada, Nefnelega; Kidu Eÿrar, sem eru sä nærste Hölme Ketelstada lande, framm og nidre frä Hallberuhusum, og Sultarhölme nærst fyrer nordann Ketelstada Vida;

Jnnann nefndra Jarda Landamerkia finnast eïngenn Jtök ödrumm tilheirande, Fyrer utann Eïrn Skögarteïg, sem Vallaness kirkiu tilheïrer i Ketelstadalande effter hennar Mäldögum; hvör af Stadar hölldurum Vallaness bevislega haldenn hefur Vered frä unulæk, og ut ad þeïm Dräng edur klett, sem stendur nidre Vid Fliöted, Vid framann Verda so kallada Drängsvïk, og So uppä nærstu götu minder, sem Skögar götur hafa

[326] Skjal nr. 2(139).
[327] Skjal nr. 2(141).
[328] Skjal nr. 2(141).

> kalladar Vered, og hafa nu undannfarner Stadarhaldarar so rösklega greint Pläts sier, Hagnyta Läted, ad þad mä nu kallast nærsta Sköglaust orded.
>
> Lögfeste eg so nefndar mïnar Eignar Jarder innann Fyrrsagdra ummmerkia ad nefndum Skögarteïg eïnasta Fräteknum so vidt ad Lögum framast Lögfesta mä og fyrer byd hvörjumm Manne þeïrra landeïgn ad bruka edur sier nytka, nie heldur greïnda Hölma framar enn Lög leïfa, än mïns Leïfes og Vitundar.[329]

Lögfestan var þinglesin í rétti að Ketilsstöðum sama dag, 24. maí 1786.[330]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Útnyrðingsstaða metinn átta hundruð. Eigandi jarðarinnar var Á. Þorsteinsson prestur.[331]

Við extrarétt að Eyjólfsstöðum á Völlum 9. ágúst 1830 var þinglesið kaupbréf þar sem Stefán Arnarson prestur seldi K. Ísfjörð jörðina Útnyrðingsstaði.[332]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 25. júní 1831 var þinglesin lögfesta fyrir jörðunum Ketilsstöðum á Völlum og Útnyrðingsstöðum á Völlum, dagsett 24. júní 1831.[333]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 26. maí 1832 var þinglesið afsalsbréf þar sem Ísfjörð kaupmaður afhenti Þórunni Guttormsdóttur á Krossavík jörðina Útnyrðingsstaði.[334] Sama dag lögfesti Páll Melsted sýslumaður Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði. Lögfestan var upplesin við manntalsþing að Egilsstöðum 26. maí 1832 og lögð fram í við landamerkjadóm 7. júlí 1885 (sjá mál Ketilsstaða og Vallaness í viðkomandi köflum).[335] Í afriti af lögfestunni frá 29. september 1922 er skráð að lögfestan hafi verið þinglesin 29. maí 1832. Lögfestan er svohljóðandi:

> Jeg undirskrifaður eignarmaður jarðarinnar Ketilsstaða og p.t. umboðsmaður jarðarinnar Útnyrðingsstaða, lýsi hjer með þeirra landamerkjum svo sem þau að fornu verið hafa og tilgreind eru í áður upplesnum og þinglýstum óuppátöldum lögfestum [af] 16. Maí 1770 og 24. Mai (Mai) 1786 þannig sem hjer eftir fylgir: Fram frá Ketilsstöðum ræður Urriðalækur, svo sem hann fellur úr Urriðavatni, þá greint vatn þaðan móts við Beiná eftir sem hún rennur af fjallgörðum, svo á Kvíslárdal og suður yfirfjall fram að Fagradalsmynni, sem viðtekur fyrir framan Græfur þar Launá ofan fellur. Þaðan er Fagradalsá landamerki til þess hún fellur í Eyvindará, út á móts við Hnútu, svo beint þaðan norður yfir hálsinn í Höfðaá, sem ræður ofan í fljótið.
>
> Af hólmum núverandi í Grímsá eru þessir vafalaust eign jarðarinnar Ketilsstaða, nefnilega Kiðueyrar, sem er sá næsti hólmi Ketilsstaðalandi fram og niður frá Hallberuhúsum og Sultarhólmi næst fyrir norðan Ketilsstaðavíðu.
>
> Jnnan nefndra landamerkja finnast engin itök öðrum tilheyrandi fyrir utan einn skógarteig, sem Vallaneskirkju tilheyrir í Ketilsstaðalandi eftir hennar máldögum, hver af staðarhöldurum Vallaness ber~~syni~~[vísan]lega haldinn hefur verið frá Unalæk og út að þeim dranga eða Kletti, sem stendur niður við fljótið við framanverða svokallaða Drang[s]avík og svo upp á næstu götumyndir, sem skógargötur hafa kallaðar verið, en á þessu plázi,

[329] Skjal nr. 2(137).
[330] Skjal nr. 2(137).
[331] Skjal nr. 2(56).
[332] Skjal nr. 2(548).
[333] Skjal nr. 2(546).
[334] Skjal nr. 2(547).
[335] Skjöl nr. 2(240) og 2(547).

> hvert staðarhaldarar Vallaness að undanförnu tjást uppyrkt hafa, er nú með öllu skólaust orðið.
>
> Lögfesti jeg svo nefndar jarðir innan fyrrsagðra annmerkja, svo framarlega sem að lögum framast lögfesta má, og fyrirbýð hverjum manni mína landeign að brúka eða nota femur en lög leyfa undir viðliggjandi lögskipaðar bætur.[336]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 22. maí 1845 var þinglesin lögfesta, dagsett 20. apríl, þar sem Sigurður Jónsson bóndi á Höfða lögfesti nefnda jörð. Bændurnir Ólafur Ísleifsson og Arngrímur Vilhjálmsson á Útnyrðingsstöðum kváðust ekki geta samþykkt lögfestuna að því er snerti Útnyrðingsstaði fyrr en Oddur Guðumundsson á Krossavík, eigandi Útnyrðingsstaða, gæfi þar samþykki.[337]

Hinn 7. júní 1845 var hjá sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis tekið fyrir mál um landamerki jarðanna Ketilsstaða og Útnyrðingsstaða. Ábúendur Útnyrðingsstaða höfðu mótmælt lögfestu Sigurðar Jónssonar á Höfða vegna Ketilsstaða. Málsaðilar voru sammála um að kalla til vitni og gera áreið á þrætulandið.[338]

Við extrarétt að bænum Höfða 30. september 1845 var tekið fyrir að skoða örnefni og ákveða landamerki milli jarðarinnar Höfða, annars vegar, og jarðanna Ketilsstaða og Útnyrðingsstaða hins vegar. Fyrir réttinum voru lögð fram eftirfarandi skjöl: útskrift úr sáttabók frá 7. júní 1845, bréf til dómarans dagsett 29. júlí sama ár, stefna dagsett 20. ágúst sama ár og lögfesta, dagsett 20. apríl 1845, sem þinglesin var 22. maí sama ár. Mættir eftir stefnu Sigurðar Jónssonar voru Jón Sigfússon á Ketilsstöðum og bændurnir Óli Ísleifsson á Útnyrðingsstöðum og fyrir Ó. Guðmundsson stúdent var mættur St. Arnarson prófastur og framlagði hann umboð þess efnis. Sem skoðunarmenn voru útnefndir þeir E. Jónsson á Egilsstöðum, Halldór Einarsson á Egilsstöðum, St. Jónsson stúdent á Úlfsstöðum og Einar Nikulásson á Gíslastöðum. Þeir fóru svo ásamt dómara og málsaðilum og skoðuðu örnefni og riðu um þrætulandið. Í dómsmála- og lögregluréttarbók Suður-Múlasýslu 1843–1848 er skráð eftirfarandi um skoðunargjörðina:

> Rettrinn flutti sig þar eptir ásamt med málspörtunum og þeim utnefndu monnum, á þrætuplásid, og var birjad ad skoda Ornefnin vid Lagarfliótid þar sem Hofdaá fellur i það. – og var þrætulandid upp ~~ad~~ undir hálsin ridid og skodad hvar eptir Rettrinn aptur, þar þad vegna ovedurs ekki vard innfært i protocollinn úti, ~~aptur~~ flutti sig heim ad Hofda og lysingin á því umhondlada þrætuplátsi innfærd svoleidis. Hofda áin myndar þar sem hun fellur i Fiótid Foss nokkurn og voru malspartarnir einugir um, ad ain heiti Hofda á allt úti Fljót. – Ain giorir nokkru adur enn hún kemur í Fliótid toluverdan bug herumbil fra Sudri til Nordurs, og ~~er~~ við Sudurendan af bugt þessari med talsverdu millibili frá arosnum ad sunnan verdu er sa í þeirri framlogdu Lögfestu umtaladi Borgarklettur midt á milli arinnar og Fliótsins og skammt fra bádum, ain mindar i Rás sinni ofan fra hálsinum fleiri talsverdar bugtir, og allskamt fra Sudaustr bakka hennar liggr sú í logfestunni nefnda Sortukelda og liggr herumbil eptir beinni Stefnu fra Snosunum midvegar á milli áróssins og borgarklettsins. Ornefnid Snau[s] er ofar og nær hálsinum og liggur hartnær í beinni línu vid Sortukéldu: Strax fyrir ~~nordaustan~~ ofan Snasirnar fellr Lækur Bláarlækr kalladr í ána og lítil kelda og meina Innstefndu Jon Sigfusson og bændurnir á Utnyrdíngsstodum ad ain se þar fyrst köllud Hofdaá hvarámóti Cítantinn uppastod ad

[336] Skjal nr. 2(240).
[337] Skjal nr. 2(478).
[338] Skjal nr. 2(254).

> hun hefdi upptök sín leingra uppundir hálsinum og var þessvegna til þess ad komast ad Raun um hvar ain hafi upptök sín ridid uppmed henni uppfyrir Útnyrdíngsstadi og fannst þá ad 2 lækir badir vidlíka stórir sameinast og ad áin allt þadan ad Fliotinu hefur glöggann og óbreittann Farveg, svo ad Skodunarmennirnir gátu ei betur séd, enn ad ain mætti álítast ad hafa þar upptök sín, hvad líka Citantinn uppástód og hvorju einnig profastr S$^{\underline{ra}}$ St Arnason var Samdóma.[339]

Málspartar sættust loks á eftirfarandi landamerki:

> Eptir öllu þvi framanskrifada var Sokin svoleidis forlíkud ad landamerki jardarinnar Höfda ad framan skuli vera Höfdaáin þadan fra sem hún fellur í Lagarfliót og allt af uppundir Fjallid þar sem Lækirnir ytri og fremri Stekkjarlækur sameinast, þadan eptir beinni Stefnu austur yfir Hals fyrir framan Rauðshauginn þadan beina Stefnu i Hnútu þar sem hún er hærst, og þadan beint í Eyvindará. –[340]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 26. maí 1847 var þinglesinn samningur um landamerki milli Höfða og Útnyrðingsstaða, dagsettur 30. september 1845, og lögfesta af 20. apríl 1845 um landamerki Höfða að utan.[341]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Útnyrðingsstaðir metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem hjáleiga Ketilsstaða.[342]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Útnyrðingsstaði:

> 5 Útnyrðingsstaðir
>
> Túnið er gott, eingiar nokkrar einlegar, enn landið mjög svo lítið til beitar sumar og vetur. Þessa jörd meta vyrðingarmenn sameginlega á 350$^{\underline{rbd}}$.[343]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. júní 1880 voru, eftir ósk eigenda jarðanna Ketilsstaða, Útnyrðingsstaða og Keldhóla, útnefndir þeir Páll Vigfússon á Hallormsstað, Stefán Einarsson á Gunnlaugsstöðum og Sölfi Jónsson á Víkingsstöðum til að skipta landi jarðanna.[344]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Útnyrðingsstaða er dagsett 17. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 18. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing jarðarinnar Útnyrðingsstaða á Völlum í Suðurmúlasýslu: á milli Útnyrðingsstaða og Höfða ræður Höfða á frá ofanverðum „Völusteinsás", upp að mel þeim sem er fyrir utan og ofan Útnyrðingsstaðatúnið fyrir innan ~~túnið~~ ána, síðan upp holtin utan við bakkana á ytri „Stekkjarlæk" utanundir svonefndu „Stekkjarholti", þaðan ræður nefndur lækur upp undir „háubrekku", eptir það upp nefnda brekku framanverða upp utan við „Háukletta" uppá hjallabrýrnar þar sem þær eru hæstar, síðan samkvæmt nefndum mörkum sjónhending austur í „Miðhnútu", þaðan í „Eyvindará", sem ræður að austan inn á móts við læk þann sem fellur ofan af hnútu ~~þeirri~~ næst fyrir utan „Köldukvísl" – þaðan frá læknum norður í utanverða „Aurbungu ytri" og og svo sjónhending ofan framan við há „Þorleifarhraun" niður á „Fögrukinnarbelti" og þaðan í bugtina á Timburlæknum utan undir „Timburhöfðanum" í klett þann sem er ~~frem~~ fremstur neðan í neðsta-hrauni eptir það sjónhending í „Grænulagardý" eptir þetta ofan

339 Skjal nr. 2(549).
340 Skjal nr. 2(549).
341 Skjal nr. 2(493).
342 Skjal nr. 4(1), bls. 370.
343 Skjal nr. 2(75).
344 Skjal nr. 2(496).

á móts við „Háahraun“ á „Skarðás“ þaðan útí „Völustein“ út ofanverðan „Völusteinsás“ í „Höfðaá“.

Útnyrðingsstöðum 17. júní 1884.

Jón Ólason (handsalað).

Framanrituðum landamerkjum er jeg ~~und~~ samþykk sem eigandi að hálflendunni úr Ketilsstöðum og Höfða.

Sigríður Arnabjörnsdóttir.

Framanskrifuðum landamerkjum er jeg eigandi hálflendunni Ketilsstöðum samþykkur.

Sigurður Hallgrímsson.

Fyrir hönd eiganda Keldhóla Jóns Marteinssonar

Benidikt Rafnsson.[345]

Við manntalsþing fyrir Vallnahrepp að Höfða 29. júlí 1910 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 27. júní 1910, þar sem Jón Ólafsson afsalaði syni sínum Þorsteini M. Jónssyni hálfri jörðinni Útnyrðingsstöðum á Völlum.[346]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Útnyrðingsstaðir var metin á 1.900 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland sem og rétt til upprekstrar. Eigendur jarðarinnar voru erfingjar Jóns Ólasonar.[347]

### *5.8.3 Keldhólar á Völlum*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Keldhóla ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Ketilsstöðum.[348]

Við manntalsþing á Ketilsstöðum 29. maí 1837 var þinglesinn kaupgjörningur, dagsettur 5. júní 1836, ásamt kvittun þar sem Jón Sigfússon skuldbindur sig til að selja Einari Nikulássyni jörðina Keldhóla fimm hundruð að dýrleika.[349]

Hinn 28. maí 1843 makaskipti Einar Nikulásson á Gíslastöðum þremur hundruðum í eignarjörð sinni Keldhólum, fimm hundruð að dýrleika, við Jón Eyjólfsson í Vallanesi fyrir þrjú hundruð hans í Gíslastöðum. Þá seldi Einar Nikulásson Jóni Eyjólfssyni einnig tvö hundruð í fyrrnefndum Keldhólum. Makaskipta- og kaupbréfið var þinglesið að Egilsstöðum þann 29. maí 1843. Sýslumaður gat þess að Jón Eyjólfsson hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir jörðinni Gíslastöðum.[350]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Keldhólar metin fimm hundruð að dýrleika og skráð sem hjáleiga Ketilsstaða.[351]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Keldhóla:

345 Skjöl nr. 2(33) og 2(530).
346 Skjal nr. 2(503).
347 Skjal nr. 2(82).
348 Skjal nr. 2(58).
349 Skjal nr. 2(540).
350 Skjöl nr. 2(155) og 2(502).
351 Skjal nr. 4(1), bls. 370.

6 Keldhólar

taldir 5$^{hndr}$. Túnid er i lakaralagi, skógur til eldiviðar. Þessa jörd meta 3 af vyrðíngarmönnum 225$^{\underline{rbd}}$ enn 2 á 250$^{\underline{rbd}}$ verður þá meðaltal þaraf 235$^{\underline{rbd}}$.[352]

Hinn 20. ágúst 1859 seldi Jón Eyjólfsson Jóni Marteinssyni fimm hundruð í jörðinni Keldhólum. Kaupbréfið var þinglesið á Egilsstöðum 25. maí 1859.[353] Í dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1858–1865 er skráð að við manntalsþing að Egilsstöðum þann 25. maí 1860 hafi verið þinglesið kaupbréf J. Marteinssonar fyrir Keldhólum.[354]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. júní 1880 voru, eftir ósk eigenda jarðanna Ketilsstaða, Útnyrðingsstaða og Keldhóla, útnefndir þeir Páll Vigfússon á Hallormsstað, Stefán Einarsson á Gunnlaugsstöðum og Sölfi Jónsson á Víkingsstöðum til að skipta landi jarðanna.[355]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Keldhóla er dagsett 4. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 18. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerkjalýsing jarðarinnar Keldhóla á Völlum eru:

að utan, neðan frá Ketilsstaðalandi gagnvart háahrauni á „Skarðsás“ upp ásinn framanvið svonefnt „Grænulágardý“ beint uppí klettinn, sem er fremstur neðan í neðsta hrauninu þaðan í „Timburlækjarbugtina“ utan undir „Timburhöfðanum, síðan sjónhending upp „Fögrukinnarbelti“ og þaðan framanvið há „Þorleif~~tungu~~arhraun“ og austur utan í „Aurbungunni ytri“ gagnvart Timburlækjarfossinum norðan í aurnum. –

Að innan milli Ketilsstaða og Keldhóla samkvæmt álitsgjörð af 31. júlí 1880, úr áðurnefndu „Háahrauni“ á „Skarðsás“ upp svonefndan „Bugtanga“ við „Keldhólabakkalæk“, síðan upp með læknum uppfyrir utan svonefndan „Hrossadal“ beina línu þaðan á utanvert „Bjargið“ og í Timburlækjarfoss ~~og~~ norðan á aurnum.

Af því Keldhólar eru hjáleiga úr Ketilsstaðalandi þá á Keldhóla ábúandi afrjett að tiltölu í Ketilsstaða afrjettarlandi.

Höfða 4. júní 1884.

Fyrir hönd eiganda Keldhóla Jóns Marteinssonar

Benidikt Rafnsson.

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur fyrir hönd Sigríðar Arnabjörnsdóttur sem eiganda að hálflendunni Ketilsstöðum

Gunnar Pálsson.

Þessum landamerkjum er jeg eigandi hálflendu Ketilsstaða samþykkur.

Sigurður Hallgrímsson.

Þessum landamerkjum ~~er jeg~~ milli Keldhóla og Útnyrðingsstaða er jeg samþykkur.

Jón Ólason.[356]

[352] Skjal nr. 2(75).
[353] Skjal nr. 2(181).
[354] Skjal nr. 2(541).
[355] Skjal nr. 2(496).
[356] Skjöl nr. 2(32) og 2(530).

Við manntalsþing fyrir Eiða- og Vallnahreppa að Miðhúsum 7. júlí 1891 var þinglesið gjafabréf, dagsett 4. janúar 1891, þar sem Jón Marteinsson gaf Benedikt Rafnssyni jörðina Keldhóla.[357]

Við manntalsþing að Höfða 12. júní 1901 var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 21. apríl 1900 og 16. mars 1901, þar sem Benedikt Rafnsson á Gilsárteigi seldi og afsalaði Jónasi og Halldóri Benediktssonum jörðina Keldhóla.[358]

Við manntalsþing að Höfða á Völlum 17. júní 1908 var þinglesið kaupbréf, dagsett 15. júní 1908, þar sem Halldór Benediktsson í Firði í Seyðisfirði seldi bróður sínum Jónasi hálfa jörðina Keldhóla, 3,9 hundruð að nýju mati.[359]

Við manntalsþing að Höfða 17. júní 1909 var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 22. mars sama ár, þar sem Jónas Benediktsson í Gilsárteigi seldi og afsalaði Vigfúsi Einarssyni í Mjóanesi jörðina Keldhóla.[360]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Keldhólar var metin á 1.600 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Vigfús Einarsson.[361]

### *5.8.4 Ketilsstaðir á Völlum*

Í máldaga Oddgeirs biskups fyrir Jóns kirkju í Vallanesi frá 17. júlí 1367 segir að kirkjan eigi skógarteig í landi Ketilsstaða.[362] Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Vilchins frá 1397 um Vallaneskirkju.[363]

Í máldaga Stefáns biskups frá 1491–1518 um kirkjuna á Ketilsstöðum segir að kirkjan eigi meðal annars fjögurra hundraða reka er kallist Ketilsstaðasandur og liggi milli Steinavaðssands og Hjaltastaðarsands.[364] Fram kemur í bréfi Stefáns biskups um hálfkirkjuskyld, dagsettu 23. ágúst 1500, að Erlendur Bjarnason hafi gefið hálfkirkjunni á Ketilsstöðum nefndan reka.[365]

Í festingarbréfi frá 18. ágúst 1550 kemur fram að Bjarni Erlendsson hafði selt Þorsteini Finnbogasyni jörðina Ketilsstaði fyrir 40 hundruð, hverja hann gaf dóttur sinni Guðríði Þorsteinsdóttur til eignar á giftingardegi. Þá segir í bréfinu að Guðríður ætti í garð Bjarna tvö hundruð hundraða í sinn mála og tilgreindi hann þar til jörðina Ketilsstaði. Þá kvaðst hann hafa gefið henni hálfan staðinn Fjörð í Mjóafirði til fullrar eignar.[366]

---

357 Skjal nr. 2(762).
358 Skjal nr. 2(409).
359 Skjal nr. 2(544).
360 Skjal nr. 2(412).
361 Skjal nr. 2(83).
362 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 237–238, skjal nr. 4(72).
363 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 204–207, skjal nr. 4(73).
364 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 26, skjal nr. 4(65).
365 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 511–512, skjal nr. 4(70).
366 *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 796–797, skjal nr. 4(81).

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar um hálfkirkju á Ketilsstöðum segir að jörðin sé 50 hundruð að dýrleika.[367]

Hinn 4. janúar 1572 lýsti Guðríður Þorsteinsdóttir á Ketilsstöðum því yfir að hún gaf Vallaneskirkju tvö hundruð faðma rekasand fyrir Héraðsflóa. Hinn helmingurinn heyrði áfram undir Ketilsstaði. Þetta galt hún kirkjunni fyrir þann reka, tvö hundruð faðma, sem fylgja átti Víðastöðum, en sú jörð var lögð Vallanesstað fyrir tíundir og lýsistolla þegar gerð var hálfkirkja á Ketilsstöðum.[368]

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfa Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfa Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.[369]

Árið 1589 fór fram gjörningur hvar hjónin Einar Ásmundsson og Málfríður Bjarnadóttir létu til sonar síns Jóns Einarssonar í arfskipti meðal annars jarðirnar Ketilsstaði á Völlum og Útnyrðingsstaði. Einnig sögðust hjónin hafa selt Jóni jörðina Sandbrekku.[370]

Í vitnisburði Björns Jónssonar, dagsettum 27. mars 1636, er fjallað um hólma sem liggi við fljót fyrir austan Grímsárós. Þar segir:

> Suo felldan Vitnirsburd Ber eg Bjorn Jonsson Sannleikans vegna til krafdur ad ec er Barnfæddur ä Brecku J fliotsdäl og þar verid Samfelld 26 ar Sÿdann þar eptir 6 ár J vallanesz þingä og eitt är æ eÿuindara Og [vard] eg alldreÿ annars var en Jordjn Kietilstadir æ vollum ætti þann störa vÿdir Hölma sem liggur vt vid fliot fyrer austan grÿmsar Ös Og alldreÿ Heÿrdi eg þar tuÿmæli ä Leika fÿrri en nu er Sakt var S[ra] Arni Salugi Þoruardsson. Hafdi Hann vallanestad eigna Viliad[371]

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal með afritum fjögurra skjala, þar á meðal er vitnisburður Björns Jónssonar frá 1636. Skráð er á skjalið að það hafi verið framlagt við landamerkjadóm að Ketilsstöðum þann 7. júlí 1885. Hin þrjú afritin eru af ódagsettum lögfestum fyrir Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum. Sú fyrsta af þeim er ódagsett lögfesta Ásmundar Jónssonar fyrir jörðinni Ketilsstöðum. Lögfestan var upplesin að Egilsstöðum í sjöttu viku sumars árið 1644. Þar segir um landamerkin:

> J fyrstu uti Hofda [ed nedra] og so uppi þá gótu sem liggur Vid ófannverdan Volusteinsäs so framm ad Volusteine og [þversynes] austur Yfer Hals i Evindarä. Jtm [Oslited land ad nefndre] Ejvindarä, Saudahlyder allar, og Græfur framm ad Fagdradals minne svo beint [nordur] yfer [hals i Beina] þar [hun kemur] af fiallgordumm [riett synes i Votn berg] og svo [í Gortijarnar læk, rædur þá Urrida Vatn og þá Urridaælækur] ofann i Grymsa, sydan greind Grymsa, sem hun hefur ad fornu Runned i Lacharfliot[372]

Í ódagsettri lögfestu Ásmundar Jónssonar fyrir eignarjörðum sínum Ketilsstöðum, Útnyrðingsstöðum og Höfða segir eftirfarandi:

---

367 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 685, skjal nr. 4(19).
368 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 277, skjal H-10.
369 Skjal nr. 2(389).
370 Skjal nr. 2(651).
371 Skjal nr. 2(130).
372 Skjal nr. 2(139).

> Eg asmundur Jonsson logfesti hier J däg Eign myna Þessar Jarder er Suo hejta kietjlstadi vtnjrdjngstadi og hofda / huorjar Ad liggia A Wollum J Vallanes Stadar kirkiusoknn / logfeste eg akra og tödur / Ejngiar og Sköga sem allann þejrra haga og landsnýtkar þær sem grejndum Jordum fýlgir og fýlgtt hefur ad fornu og nýu sem ei er med logum og Rjetti fra komid tjl vtmerkjä þejra er adrir menn eiga J mötj mier / ad þessumm landamerkjum til teknum / fram fra kietilstodumm / logfesti eg land alltt J þann læk er kallast aurjdalækur
>
> Eptir því sem hann gejngur vr alfta vattnne og J grýmsä suo vt J fljót og suo J þann læk er næstur er fyrir vtann Bejnagierdj sem kallast bejnä og hun ad fornu falljd hefur J aurjdauattnn / Og Riettsýnes ýfer ä fjall Eptjr þui sem grejnd ä tilsejgir ýfir vmm kuislardal, saudahlýdjr allar og græfur framm J fagradalz minnj / og suo austur J Eýujndarä / huor ed gejngur J milli skaga fellz og þurýdarstada vt eptjr dalmini / En vt fra kietjlstodum logfesti eg tad alltt og skög Ejgn kietjlstada J þann læk er liggur fyrer framann hofda og Hofda er kollud Jtemm logfesti eg alltt land og skög fyrer vtann hofda J þann gard er liggur fyrer vtann þörsnesgierdj / þadann logfesti eg land alltt og skög vpp J merkiläg og framm eptjr mýrjni fyrer nordann kollstadakoll fremmrj og vpp J þann lejrlæk sem liggur J milli hofda og kollstada milli tueggia Hraungarda a almenjngs Vejginum / og Suo J þann gard sem liggur næstur fyrer framann kollstadagierdj Og Syonhendjng vr þeim partti gardsins er til fialls horfer vpp a hálzinn og austur Riettsýnes J adurskrjfad vasfall Eýuindar A / logfesti eg land alltt og skog milli adurskrifadra takmarka vt og südur eptir þui sem fýr skrifad stendur (og ei Beuýsast med logum og Rietti sie fra komid. Somuleydis logfesti eg og kalla ejgnn mýna lýtjn holm J flýötjnu fyrer framann hofdæ Logfesti eg alltt adurnefndt land og skog ad ordfullu og logmali rjettu med ollum nefndum og onefndum Jtokum sem þessumm Jordum fylgtt hefur Ad fornu og nýu[373]

Lögfestan var upplesin í Vallaneskirkju á Jónsmessu árið 1651.[374]

Önnur lögfestan í áðurnefndu afritaskjali sem varðveitt er í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er fyrir jörðunum Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum, upplesin við þing að Egilsstöðum 12. júní 1669. Þar segir um landamerkin:

> J fyrstu Land allt i Hofda og i gard nockurn framarlega ur alftavattne so þvertt upp um Ketelstad[a] Hals i Hnutu og aust[ur] i Ejvindara so effter þvi sem hun fellur a mottz vid Fagradalsa Sauda Hlyder allar og Græfur fram ad Fagradalsmine. Svo beint austur yfer fiall, [yfir] Launardal, og [so a nefndan Ketilstada Hals, i Beinä þar hun] fellur af Fialli [og bein]t [i Aurrida Vatn] so i Aurridalæk, Rædur þa sagdur lækur ofan i Grymsa þa effter þvi sem greind Grymsa fellur ad fornu og nyu uti Lagarfliot. Lógfeste ec allt adurgreint land og Skög fyrer utan þann Skogarteig sem Vallanes kirkiu er eignad ef halldinn er J Riettu Takmarki sem ber og Hæfer ad Jardarennar eign oskiertri.[375]

Þriðja lögfestan og þar með fjórða afritið í áðurnefndu afritaskjali er ódagsett lögfesta Ásmundar Jónssonar fyrir Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum. Lögfestan var upplesin við þing að Egilsstöðum 7. júní 1670. Í henni segir eftirfarandi:

> J fyrstu logfeste eg Land fram fra Ketelstodum i Aurridalæk og svo sem hann fellur ur Auridavatne, Rædur þa Greint Vatn þadann a Möts vid Beina þar hun Rennur af Fiallgordumm svo ä Kvixslärdal þar Sudur yfer Fiall og framm ad Fadradalsminni fyrer framann Græfur i Fagradalsä og svo i Ejvindará ut ä mots vid Hnutu svo beint þadan Nordur yfir Háls i Alftavatnsenda [Næri] og svo i Höfdä ad undannteknumm þeim Slæjumm –

[373] Skjal nr. 2(131).
[374] Skjal nr. 2(131).
[375] Skjal nr. 2(139).

> annars Rædur hun sem hun hefur ad fornu og nÿu fallid i Lagarfliot svo og Lógfeste eg litenn Hólma i fliotenu fyrer framann greinda Ä, Jtem allar Graseyrar og Hólma sem liggia i Grymsa fyrer Ketelstada lande sem Hun med Riettu ä og hefur ätt þó nÿer farveiger [a lan]ded nu falle.[376]

Í biskupsvísitasíu um hálfkirkju að Ketilsstöðum 2. september 1706 er fjallað um eign kirkjunnar á fjögurra hundraða rekasandi sem hún fékk að gjöf.[377] Sömu upplýsingar koma fram í vísitasíu frá 1790 og úttekt prófasts á kirkjunni frá 20. ágúst 1796.[378]

Í kaupbréfi, dagsettu 4. júlí 1744, þar sem Páll Eyjólfsson seldi Þorsteini Sigurðssyni sex hundruð og 60 álnir í ytri hluta jarðarinnar Ketilsstaða, er einnig skráð að hinn 24. maí 1747 hafi Páll tekið við greiðslu frá Þorsteini fyrir önnur sex hundruð í ytri hluta Ketilsstaða sem Þorsteinn hafði keypt af bróður Páls, Jóni Eyjólfssyni, árið 1746.[379]

Hinn 29. september 1746 fór fram jarðaskiptagjörningur þar sem Jón Eyjólfsson seldi Þorsteini Sigurðssyni sýslumanni sex hundruð í jörðinni Ketilsstöðum og fékk Jón í staðinn frá Þorsteini sjö hundruð í jörðinni Glúmsstöðum í Fljótsdal.[380]

Með kaupbréfi, dagsettur 14. maí 1747, seldi Páll Eyjólfsson Þorsteini Sigurðssyni sýslumanni eitt hundrað í heimajörðinni Ketilsstöðum.[381]

Með kaupsamningi, dagsettum 31. október 1752, seldi Jórunn Pétursdóttir 12 af 15 hundruðum í jörðinni Ketilsstöðum til Péturs Þorsteinssonar sýslumanns. Fram kemur að eyðihjáleigan Ketilsstaðagerði var þar fyrir utan önnur fimm hundruð að dýrleika. Hana og þau þrjú hundruð sem eftir stóðu myndi Pétur fá að uppfylltum ákveðnum skilmálum, s.s. að Jórunn hefði eina tímabæra kú um vetur, tvær á sumrin, 20 fullorðna sauði, tvo hesta í landinu, en alla gripi skyldi Pétur láta vakta og fóðra. Jórunn tilskildi sér einnig húsmann og þjónustustúlku. Skjalið var þinglesið við manntalsþing að Egilsstöðum hinn 16. júní 1756.[382]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 16. júní 1756 lét Pétur Thorsteinsson sýslumaður lesa sitt aðkomstarbréf, dagsett 31. október 1752, þar sem Pétur hafði fengið 15 hundruð í framparti Ketilsstaða og fimm hundruð í eyðihjáleigunni Ketilsstaðagerði frá Jórunni Pétursdóttur. Við sama þing var upplesinn samningur og gjörningsbréf, dagsett 21. júlí 1749 og 31. október 1752, þar sem Hans Wium staðfesti samkomulag milli Jórunnar Pétursdóttur og Péturs Thorsteinssonar sýslumanns um jörðina Ketilsstaði, samkvæmt þar tilgreindum nánari skilmálum.[383]

Með kaupbréfi, dagsettu 24. júlí 1756, seldi Svanhildur Jónsdóttir Pétri Þorsteinssyni Hallberuhús, hjáleigu frá Ketilsstöðum, fimm hundruð að dýrleika.[384]

---

376 Skjal nr. 2(139).
377 Skjal nr. 2(293).
378 Skjöl nr. 2(327)–2(328).
379 Skjal nr. 2(132).
380 Skjal nr. 2(133).
381 Skjal nr. 2(134).
382 Skjal nr. 2(135).
383 Skjal nr. 2(432).
384 Skjal nr. 2(136).

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt skjal Péturs Þorsteinssonar á Ketilsstöðum frá 1769 þar sem fjallað er um mörk jarðanna Ketilsstaða og Vallaness. Einkum er í skjalinu fjallað um Prestabólshólma og Grímsá á Völlum. Annað sams konar skjal um Ytri-Prestabólshólma og jarðirnar Ketilsstaði og Vallanes er varðveitt í jarðaskjölum, líklega frá Pétri, og er frá árinu 1769. Líkt og í því fyrrnefnda er einkum fjallað um mörk jarðanna við Grímsá á Völlum. Þau voru bæði lögð fyrir landamerkjadóm að Ketilsstöðum hinn 7. júlí 1885.[385]

Í landamerkjalýsingu Péturs Þorsteinssonar fyrir merkjum jarðanna Ketilsstaða og Útnyrðingsstaða, dagsettri 16. maí 1770, segir eftirfarandi:

> Nefnelega: frammfrä Ketelstódum Aurridalækur, so sem Hann fellur ur Aurridwatne, rædur þä greint vatn þadann mötz vid Beinaa, siidann Beinaa, effter sem hun rennur af fiallgórdumm, so ä kvislaardal og Sudur yfer fiall framm ad fagradals minne, sem vidtekur fyrer framann Græfur, þar Laun aa Ofannfellur, þadann er fagradals Aa-land merke, til þess Hun fellur i Eyvindaraa, so Eivindaraa ut ä mötz vid Hnutu, so beint þadann nordur yfer Hälsenn i Hófdaa, sem rædur ofann i fliöted Af Hölmum nuverande i Grimsaa, eru þesser Vafalaus eign Jardarennar Ketelstada, Nefnelega Kidu Eÿrar sem er [sa] Næste Holme. Ketelstada lande framm og nidur […] og […] nærst fyrer Nordann Ketelstada Viida, Jeg lyse og ad dæmee minn Formanna M[inu] eignar tilkalla til þess Störa Wyderholma Nordr vid fliöted, so sem aarennar afstada og plátsanna landslag giorer þad i alla stade eins lïklegt, ad nefnd Grimaa Hann til forna Skored og leeyst hafe frä Ketelstada sem Wallanes […]de. Enn minne, i likann Mäta Velgrundadre Pret[…] uppä þann litla Hölma þar fyrer framann, er almennelega kallast Prestabols Hölmenn ytre, slepte Jeg vid nuverande Stadarhalldara prestenn S$^{r}$ Jon Stephansson, med f[ri]vilia og fyrer g[odra] manna bön og tillógur, er þar ä nærstlidnu Hauste, Areid[ar þing] halded [var.][386]

Landamerkjalýsingin var þinglesin fyrir rétti að Egilsstöðum 11. júní 1770 og framlögð í landamerkjadómi að Ketilsstöðum 7. júlí 1885.[387]

Í lögfestu Péturs Þorsteinssonar sýslumanns fyrir landamerkjum eignarjarða hans Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum á Völlum, dagsettri 24. maí 1786, segir:

> Jeg underskrifadur Petur Thorsteinsson Eignar madur Jardanna Ketelstada og Utnÿrdingstada lyse þeïrra Landamerkium, so sem ad fornu Vered hefur, þessum effterfylgiande, Nefnelega framm frä Ketelstódum rædur Aurridalækur. so sem Hann fellur ur Aurridawatne, þä greïnt Vatn þadan, mötz Vid Beinæ, siidann Beïná effter sem Hun rennur af Fiallgördum, so äkvislaardal, og Sudur yfer fiall framm ad Fagradals minne, sem Vidtekur fyrer framann græfur, þar Launä ofannfellur, þadann er Fagradals Aa Landamerke til þess Hun fellur i Eivindaræ, so Eivindaræ ut ä mötz Vid Hnutu, so beïnt þadann nordur ÿfer Hälsenn i Höfdä, sem rædur ofann i Fliöted.
>
> Af Hölmum nu Verande i Grÿmsä, eru þesser Vafalaus Eïgn Jardarennar Ketelstada, Nefnelega; Kidu Eÿrar, sem eru sä nærste Hölme Ketelstada lande, framm og nidre frä Hallberuhusum, og Sultarhölme nærst fyrer nordann Ketelstada Vida;
>
> Jnnann nefndra Jarda Landamerkia finnast eïngenn Jtök ödrumm tilheirande, Fyrer utann Eïrn Skögarteïg, sem Vallaness kirkiu tilheïrer i Ketelstadalande effter hennar Mäldögum; hvör af Stadar hölldurum Vallaness bevislega haldenn hefur Vered frä unulæk, og ut ad þeïm Dräng edur klett, sem stendur nidre Vid Fliöted, Vid framann

385 Skjal nr. 2(140) og 2(142).
386 Skjal nr. 2(141).
387 Skjal nr. 2(141).

> Verda so kallada Drängsvïk, og So uppä nærstu götu minder, sem Skögar götur hafa kalladar Vered, og hafa nu undannfarner Stadarhaldarar so rösklega greint Pläts sier, Hagnyta Läted, ad þad mä nu kallast nærsta Sköglaust orded.
>
> Lögfeste eg so nefndar mïnar Eignar Jarder innann Fyrrsagdra ummmerkia ad nefndum Skögarteïg eïnasta Fräteknum so vidt ad Lögum framast Lögfesta mä og fyrer byd hvörjumm Manne þeïrra landeïgn ad bruka edur sier nytka, nie heldur greïnda Hölma framar enn Lög leïfa, än mïns Leïfes og Vitundar.[388]

Lögfestan var þinglesin í rétti að Ketilsstöðum sama dag, 24. maí 1786.[389]

Hinn 14. mars 1787 skrifaði Stefán Þórarinsson amtmaður til Péturs Þorsteinssonar sýslumanns um að ágreiningur um réttindi á Ketilsstaðasandi og Stórasteinsvaðssandi væri honum óviðkomandi.[390]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Ketilsstaða metinn 50 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru erfingjar Thorstensens sýslumanns. Fram kemur að eyðihjáleigan Ketilsstaðagerði tilheyrði jörðinni.[391]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 25. júní 1831 var þinglesin lögfesta fyrir jörðunum Ketilsstöðum á Völlum og Útnyrðingsstöðum á Völlum, dagsett 24. júní 1831.[392]

Hinn 26. maí 1832 lögfesti Páll Melsted sýslumaður Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði. Lögfestan var upplesin við manntalsþing að Egilsstöðum 26. maí 1832 og lögð fram í við landamerkjadóm 7. júlí 1885 (sjá neðar um mál Ketilsstaða og Vallaness).[393] Í afriti af lögfestunni frá 29. september 1922 er skráð að lögfestan hafi verið þinglesin 29. maí 1832. Lögfestan er svohljóðandi:

> Jeg undirskrifaður eignarmaður jarðarinnar Ketilsstaða og p.t. umboðsmaður jarðarinnar Útnyrðingsstaða, lýsi hjer með þeirra landamerkjum svo sem þau að fornu verið hafa og tilgreind eru í áður upplesnum og þinglýstum óuppátöldum lögfestum [af] 16. Maí 1770 og 24. Mai (Mai) 1786 þannig sem hjer eftir fylgir: Fram frá Ketilsstöðum ræður Urriðalækur, svo sem hann fellur úr Urriðavatni, þá greint vatn þaðan móts við Beiná eftir sem hún rennur af fjallgörðum, svo á Kvíslárdal og suður yfirfjall fram að Fagradalsmynni, sem viðtekur fyrir framan Græfur þar Launá ofan fellur. Þaðan er Fagradalsá landamerki til þess hún fellur í Eyvindará, út á móts við Hnútu, svo beint þaðan norður yfir hálsinn í Höfðaá, sem ræður ofan í fljótið.
>
> Af hólmum núverandi í Grímsá eru þessir vafalaust eign jarðarinnar Ketilsstaða, nefnilega Kiðueyrar, sem er sá næsti hólmi Ketilsstaðalandi fram og niður frá Hallberuhúsum og Sultarhólmi næst fyrir norðan Ketilsstaðavíðu.
>
> Jnnan nefndra landamerkja finnast engin itök öðrum tilheyrandi fyrir utan einn skógarteig, sem Vallaneskirkju tilheyrir í Ketilsstaðalandi eftir hennar máldögum, hver af staðarhöldurum Vallaness ber~~syni~~[vísan]lega haldinn hefur verið frá Unalæk og út að þeim dranga eða Kletti, sem stendur niður við fljótið við framanverða svokallaða Drang[s]avík og svo upp á næstu götumyndir, sem skógargötur hafa kallaðar verið, en á þessu plázi, hvert staðarhaldarar Vallaness að undanförnu tjást uppyrkt hafa, er nú með öllu skólaust orðið.

---

388 Skjal nr. 2(137).
389 Skjal nr. 2(137).
390 Skjal nr. 2(138).
391 Skjal nr. 2(57).
392 Skjal nr. 2(546).
393 Skjöl nr. 2(240) og 2(547).

> Lögfesti jeg svo nefndar jarðir innan fyrrsagðra annmerkja, svo framarlega sem að lögum framast lögfesta má, og fyrirbýð hverjum manni mína landeign að brúka eða nota femur en lög leyfa undir viðliggjandi lögskipaðar bætur.[394]

Við manntals- og skattaþing að Egilsstöðum 24. júní 1836 var þinglesið kaupbréf, dagsett 24. júní 1835, þar sem kammerráð og sýslumaður Melsted seldi Jóni Sigfússyni bónda jörðina Ketilsstaði.[395]

Hinn 7. júní 1845 var hjá sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis tekið fyrir mál um landamerki jarðanna Ketilsstaða og Útnyrðingsstaða. Ábúendur Útnyrðingsstaða höfðu mótmælt lögfestu Sigurðar Jónssonar á Höfða vegna Ketilsstaða. Málsaðilar voru sammála um að kalla til vitni og gera áreið á þrætulandið.[396]

Við extrarétt að bænum Höfða 30. september 1845 var tekið fyrir að skoða örnefni og ákveða landamerki milli jarðarinnar Höfða, annars vegar, og jarðanna Ketilsstaða og Útnyrðingsstaða hins vegar. Fyrir réttinum voru lögð fram eftirfarandi skjöl: útskrift úr sáttabók frá 7. júní 1845, bréf til dómarans dagsett 29. júlí sama ár, stefna dagsett 20. ágúst sama ár og lögfesta, dagsett 20. apríl 1845, sem þinglesin var 22. maí sama ár. Mættir eftir stefnu Sigurðar Jónssonar voru Jón Sigfússon á Ketilsstöðum og bændurnir Óli Ísleifsson á Útnyrðingsstöðum og fyrir Ó. Guðmundsson stúdent var mættur St. Arnarson prófastur og framlagði hann umboð þess efnis. Sem skoðunarmenn voru útnefndir þeir E. Jónsson á Egilsstöðum, Halldór Einarsson á Egilsstöðum, St. Jónsson stúdent á Úlfsstöðum og Einar Nikulásson á Gíslastöðum. Þeir fóru svo ásamt dómara og málsaðilum og skoðuðu örnefni og riðu um þrætulandið. Í dómsmála- og lögregluréttarbók Suður-Múlasýslu 1843–1848 er skráð eftirfarandi um skoðunargjörðina:

> Rettrinn flutti sig þar eptir ásamt med málspörtunum og þeim utnefndu monnum, á þrætuplásid, og var birjad ad skoda Ornefnin vid Lagarfliótid þar sem Hofdaá fellur i það. – og var þrætulandid upp ~~ad~~ undir hálsin ridid og skodad hvar eptir Rettrinn aptur, þar þad vegna ovedurs ekki vard innfært i protocollinn úti, ~~aptur~~ flutti sig heim ad Hofda og lysingin á því umhondlada þrætuplátsi innfærd svoleidis. Hofda áin myndar þar sem hun fellur i Fiótid Foss nokkurn og voru malspartarnir einugir um, ad ain heiti Hofda á allt úti Fljót. – Ain giorir nokkru adur enn hún kemur í Fliótid toluverdan bug herumbil fra Sudri til Nordurs, og ~~er~~ við Sudurendan af bugt þessari med talsverdu millibili frá arosnum ad sunnan verdu er sa í þeirri framlogdu Lögfestu umtaladi Borgarklettur midt á milli arinnar og Fliótsins og skammt fra bádum, ain mindar i Rás sinni ofan fra hálsinum fleiri talsverdar bugtir, og allskamt fra Sudaustr bakka hennar liggr sú í logfestunni nefnda Sortukelda og liggr herumbil eptir beinni Stefnu fra Snosunum midvegar á milli áróssins og borgarklettsins. Ornefnid Snau[s] er ofar og nær hálsinum og liggur hartnær í beinni línu vid Sortukéldu: Strax fyrir ~~nordaustan~~ ofan Snasirnar fellr Lækur Bláarlækr kalladr í ána og lítil kelda og meina Innstefndu Jon Sigfusson og bændurnir á Utnyrdíngsstodum ad ain se þar fyrst köllud Hofdaá hvarámóti Cítantinn uppastod ad hun hefdi upptök sín leingra uppundir hálsinum og var þessvegna til þess ad komast ad Raun um hvar ain hafi upptök sín ridid uppmed henni uppfyrir Útnyrdíngsstadi og fannst þá ad 2 lækir badir vidlíka stórir sameinast og ad áin allt þadan ad Fliotinu hefur glöggann og óbreittann Farveg, svo ad Skodunarmennirnir gátu ei betur séd, enn ad ain

[394] Skjal nr. 2(240).
[395] Skjal nr. 2(529).
[396] Skjal nr. 2(254).

> mætti álítast ad hafa þar upptök sín, hvad líka Citantinn uppástód og hvorju einnig profastr S^ra St Arnason var Samdóma.[397]

Málspartar sættust loks á eftirfarandi landamerki:

> Eptir öllu þvi framanskrifada var Sokin svoleidis forlíkud ad landamerki jardarinnar Höfda ad framan skuli vera Höfdaáin þadan fra sem hún fellur í Lagarfliót og allt af uppundir Fjallid þar sem Lækirnir ytri og fremri Stekkjarlækur sameinast, þadan eptir beinni Stefnu austur yfir Hals fyrir framan Rauðshauginn þadan beina Stefnu i Hnútu þar sem hún er hærst, og þadan beint í Eyvindará. –[398]

Í prófastsvísitasíu fyrir Vallaneskirkju frá 29. júní 1847 segir eftirfarandi um landamerki:

> „Og eru þessi staðarins landamerki ^enn óátalin: Að framan úr miðju Spenahrauni, rjett fyrir austur í Grímsá, og á hinn veginn úr sögðu hrauni vestur í Torfvallalæk, ræður þá lækurinn út í Breiðumýri, sem nú kallast Votiteigur, en á milli Strandar og staðarins lág sú, er Merkilág er kölluð, og eptir sem lágin liggur sjónhending í hátt hraun, er nefnt hefur verið Stekkahraun, og þaðan í stein, utarlega í Votateig, vestan við lækinn, að vitni núverandi staðarhaldara“[399]

Afrit af vísitasíunni var lagt fram í landamerkjadómi 30. október 1922 (sjá neðar um mál Ketilsstaða og Vallaness).[400]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Ketilsstaðir metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Auk hjáleiganna Keldhóla og Útnyrðingsstaða eru Hallberuhús skráð sem hjáleiga Ketilsstaða og eru metin fimm hundruð að dýrleika.[401]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Ketilsstaði:

> 7 Ketilsstaðir
>
> Túnið er stórt og grasgéfid, eingiar vída greidfærar og grasgódar, en harðslægar og snöggar. Skógur til kola og eldiviðar, sílúngsveidi nokkur. Jördunni fylgir reka sandur fyrir héradsflóa, og hefir hann um mörg undanfarin ár verið leigdur fyrir 4^ra sauda eptirgiald árlega. Þessa jörd með sandinum meta 4 vyrðingarmenn á 1750^rbd enn 1 á 1800^rbd meðaltal þaraf verður 1760^rbd.[402]

Hinn 6. maí 1862 makaskipti Jón Sigfússon Ketilsstöðum, 40 hundruðum að fornu mati með Sörlastöðum í Seyðisfirði, til Hallgríms Eyjólfssonar fyrir 24 hundruð í Ormarsstöðum og átta hundruð Meðalnesi í Fellum, bæði að fornu mati. Makaskiptabréfið var þinglesið á Egilsstöðum 19. maí 1863.[403]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. júní 1880 voru, eftir ósk eigenda jarðanna Ketilsstaða, Útnyrðingsstaða og Keldhóla, útnefndir þeir Páll Vigfússon á Hallormsstað, Stefán Einarsson á Gunnlaugsstöðum og Sölfi Jónsson á Víkingsstöðum til að skipta landi jarðanna.[404]

---

397 Skjal nr. 2(549).
398 Skjal nr. 2(549).
399 Skjal nr. 2(244).
400 Skjal nr. 2(244).
401 Skjal nr. 4(1), bls. 370.
402 Skjal nr. 2(75).
403 Skjöl nr. 2(183) og 2(550).
404 Skjal nr. 2(496).

Hinn 3. júní 1884 fór fram fundur hjá sáttanefnd Vallanesumdæmis þar sem tekið var fyrir mál um landamerki Vallaness og Ketilsstaða. Sr. Bergur Jónsson í Vallanesi hafði kært eigendur Ketilsstaða fyrir að hafa ekki viljað skrifa undir landamerki Vallaneslands hvað varðar Ytri-Vallanesvíðu. Sátt náðist ekki milli aðila og var málinu vísað til landslaga og réttar eða til landamerkjadóms samkvæmt lögum frá 17. mars 1882.[405]

Hinn 18. maí 1885 var hjá sáttanefnd Vallaumdæmis tekið fyrir mál sr. Bergs Jónssonar í Vallanesi gegn Sigurði Hallgrímssyni og Gunnari Pálssyni á Ketilsstöðum þar sem sr. Bergur gerði tilkall til Ketilsstaðasands. Sr. Bergur bauðst til að gefa eftir tilkallið til sandsins ef eigendur Ketilsstaða gæfu eftir tilkall til Ytri-Vallanesvíðu og skrifuðu undir landamerki Vallaness. Sátt náðist ekki milli aðila og var málinu vísað til aðgjörða hlutaðeigandi sýslumanns.[406]

Hinn 28. maí 1886 fór fram fundur hjá sáttanefnd Vallaumdæmis þar sem tekið var fyrir mál um landamerki jarðanna Eyjólfsstaða og Ketilsstaða. Einar Sigurðsson á Eyjólfsstöðum hafði kært Sigurð Hallgrímsson og Gunnar Pálsson á Ketilsstöðum til nefndarinnar til að reynt yrði að koma á milli þeirra sáttum um landamerki jarðanna á Fagradal. Einar lagði fram eftirrit af lögfestu frá 8. júlí 1844 en aðilum kom síðan saman um að fara sjálfir á þrætulandið til skoðunar svo hægt yrði að tala betur um landamerkin.[407] Málið var tekið fyrir að nýju á fundi sáttanefndar þann 26. júní 1886 en var að nýju frestað.[408]

Hinn 24. júní 1886 vitnaði Páll Melsted um tvo hólma í Grímsá, nefnilega Ytri-Víða og Prestabólshólma. Í vitnisburðinum segir frá Grímsá og hvernig hún brast árlega af Hallberuhúsum og Ketilsstaðalandi. Þá sagðist Páll vera sannfærður um að hólmarnir tveir hafi frá ómunatíð legið undir Vallanes.[409]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Ketilsstaði.

Við manntalsþing að Egilsstöðum 10. júní 1890 var greint frá að Gunnar Pálsson hefði lagt fram landamerkjaskrá milli Ketilsstaða og Vallaness, sem annar eigandinn hafi verið samþykkur, en hinn neitað að skrifa undir.[410]

Við manntalsþing að Höfða 17. júní 1909 var þinglesið skjal frá erfingjum Sigurðar heitins Hallgrímssonar frá Ketilsstöðum þar sem tilkynnt var að Hallgrímur Þórarinsson fengi eftir skipti á búinu hálfa jörðina Ketilsstaði á Völlum.[411]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Ketilsstaðir var metin á 9.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi ekki verið þinglýst, en landamerkjalýsing fylgir. Fram kemur að jörðin hafi nægilegt upp-

[405] Skjal nr. 2(279).
[406] Skjal nr. 2(282).
[407] Skjal nr. 2(283).
[408] Skjal nr. 2(284).
[409] Skjal nr. 2(241).
[410] Skjal nr. 2(444).
[411] Skjal nr. 2(412).

rekstrarland fyrir afréttarfé. Eigendur jarðarinnar voru til helminga Gunnar Pálsson og Hallgrímur Þórarinsson. Meðfylgjandi landamerkjalýsing hljóðar svo:[412]

> Landamerki Ketilsstaða á Völlum í Suðurmúlasýslu
>
> 1. Að framan (innan) neðar Urriðalækur svo sem hann fellur úr Urriðavatni. Ræður þá vatnið, móts við Beina. Síðan Beiná eptir því „sem hun rennur af fjallgörðum", svo á Kvislárdal og suður yfir fall „fyrir framan Græfur" í Stóralæk, næst fyrir framan Sauðahnúk
>
> 2. Að austan Fagradalsá frá Stóralækjarósi út þangað, sem hún fellur í Eyfindará þaðan Eyfindará útá móts við Læk þann sem fellur ofan af hnútu næst fyrir utan Köldukvisl þaðan frá læknum norður í utanverða aurbungu ytri
>
> 3. Að utan ræður Höfðá uppá móts við ofan verðan Völusteinsás og þaðan fram að Völusteini; þaðan bein stefna i Háahraun á Skarðsás, þaðan uppi Bugtanga við Keldhólabakkalæk, síðan upp með læknum og upp fyrir utan svonefndan Hrossadal; beina línu þaðan á utanvert Bjargið í Timburlækjarfoss norðan á Aurnum og þaðan út aurbrún útað Útnyrðingsstaðalandi
>
> 4. Að vestan ræður yfir Grímsá eystri frá Urriðalækjarósi bein stefna í dæld, þá sem aðskilur Vaðhólma og Kiðeyri og síðan lágin og svo þverstefna í vestustu kvísl Gríms[ár.] Síðan ræður Grímsá vestri eptir því sem hún rennur og hefir runnið til forna norður í Lagarfljót innanvið Vallanesviða ytri og hólma þ[á] sem eru fyrir innan þá, eða utan hinn innsta farveg árinnar sem er mestur ~~fyrir~~ utan við landviða Vallaness, – þó svo, að Instabólshól[ar] ytri heyrir til Vallaneslandi, eptir gömlum samningi
>
> Ketilsstöðum 16 júní 1884
>
> Sigurður Hallgrímsson
>
> Sigríður Arnabjarnardóttir
>
> ofanskrifuðum landamer[kj]um er ég samþykkur fyrir hönd Jóns Mart[eins]sonar eiganda Keldhóla.
>
> Benedikt Rafnsson
>
> Framan skrifuðu landamerkjum er eg eigandi Útnirðingsstaða samþykkur
>
> Jón Olason handsalað
>
> Einar Sigurðsson Þórður Þorsteinsson eigendur Eyjulfsstaða
>
> Rétt eptirrit af okkur syndu frumriti vottar
>
> Matsnefnd Suður-Múlasýslu
>
> Ketilsstöðum 14 Júli 1916
>
> Björn Antoníusson BR Stefánsson Jónas Eiríksson.[413]

Við landamerkjadóm á Egilsstöðum 30. september 1921 var tekið fyrir landamerkjamálið: Hallgrímur Þórarinsson eigandi hálfra Ketilsstaða gegn Magnúsi Bl. Jónssyni eiganda Jaðars. Hallgrímur gerði þá kröfu að engjastykkið Ytri-Vallanesvíða sem liggur nyrst á Vallanesinu vestan Grímsár eins og hún fellur, yrði dæmd Ketilsstöðum. Sýslu-

[412] Skjal nr. 2(85).
[413] Skjal nr. 2(84).

maður skipaði fjóra menn í merkjadóm og frestaði svo málinu.[414] Hinn 4. júlí 1922 var málið tekið fyrir þrisvar í landamerkjadómi og einu sinni í aukarétti, en í hinum síðasta landamerkjadómi þessa dags ruddu málsaðilar tveimur dómsmönnum úr hinum skipaða merkjadómi. Merkjadómurinn samanstóð því af þeim Nikulási Guðmundssyni í Arnkelsgerði og Kristjáni Sigmundssyni á Eyjólfsstöðum, auk sýslumanns.[415] Við landamerkjadóma hinn 29. september og 30. október 1922 voru lögð fram skjöl í málinu og því svo frestað.[416] Meðal gagna málsins var greinargerð Hallgríms Þórarinssonar, nefnd skýringar á landaþrætumáli milli Ketilsstaða og Vallaness um Ytri-Víða. Með skjalinu fór Hallgrímur yfir rök sín í málinu og túlkun á gögnum þess og árfarvegi Grímsár. Þá er í skjalinu vísað í landamerkjadóm frá 15. ágúst 1885 þar sem Prestabólshólmi í Grímsá var dæmdur eign Vallaness en hólminn Ytri-Víðar skyldi tilheyra Ketilsstöðum. Umboðsmaður Vallaness hafi skotið dómnum til landsyfirréttar sem hafi þann 16. apríl 1887 vísað málinu frá. Hallgrímur krafðist þess að Ytri-Víða tilheyrði Ketilsstöðum.[417] Annað skjal sem lagt var fram í málinu inniheldur afrit af gögnum sem áður er getið, þ.e. vitnisburði Björns Jónssonar frá 27. mars 1636, þremur lögfestum Ásmundar Jónssonar upplesnum árið 1644, 12. júní 1669 og 7. júní 1670, lögfestu Péturs Thorsteinssonar frá 16. maí 1770 og lögfestu Páls Melsted frá 26. maí 1832.[418] Þá lagði Magnús Bl. Jónsson fram varnarskjal, dagsett 6. október 1922, þar sem vísað var í skjöl sem áður er lýst, og einnig skýringar við þrjú önnur skjöl sem lögð voru fram í málinu, dagsettar 28. október 1922.[419] Einnig var framlagður útdráttur úr dómsgjörðum landsyfirdómsins í máli nr. 19/1886, Bergur prófastur Jónsson vegna Vallaneskirkju gegn Sigurði Hallgrímssyni og Gunnari Pálssyni. Í útdrættinum eru afrit gagna, s.s. textar úr kirkjustól Vallaneskirkju frá 1769, bréfaskrif frá sama ári og vitnisburðir um Ytri-Vallanesvíðu frá 1884 og 1885.[420]

Við landamerkjadóm að Egilsstöðum 1. nóvember 1922 var uppkveðinn dómur og er hann svohljóðandi:

> Landamerki hálfra Ketilsstaða eignar Hallgríms Þórarinssonar og Jaðars í Vallahreppi skulu vera þessi: Hinn forni farvegur Grímsár, austan Prestabólshólma, austan Ytri-Vallanesvíða, vestan Sultarhólma og þaðan í Lagarfljót. Hallgrímur Þórarinsson greiði dómendum í þóknun og ferðakostnað, syslumanni Kr. 497.75 Nikulási Guðmundssyni Kr. 92.63 og Kristjáni Sigmundssyni Kr. 74.63 og í málskostnað eiganda Jaðars séra Magnúsi Bl. Jónssyni Kr. 50 00[421]

Við aukarétt 2. júní 1923 var Benedikt M. Blöndal kennari skipaður, eftir beiðni Hallgríms Þórarinssonar bónda á Ketilsstöðum, til að gera uppdrátt af þrætustað í

[414] Skjal nr. 2(552).
[415] Skjöl nr. 2(553)–2(556).
[416] Skjal nr. 2(557)–2(558).
[417] Skjal nr. 2(239).
[418] Skjal nr. 2(240).
[419] Skjöl nr. 2(242) og 2(246).
[420] Skjal nr. 2(243).
[421] Skjal nr. 2(559).

ágreiningsmáli um landamerki jarðanna Jaðars í Vallahreppi og hálfra Ketilsstaða í sama máli.[422]

Við lögreglurétt á Eskifirði þann 23. nóvember 1934 var dæmt í máli valdstjórnarinnar gegn Hallgrími Þórarinssyni á Ketilsstöðum fyrir brot á fjallskilareglugjörð sýslunnar. Hann átti ekki að hafa lagt til mann í göngu til að reka fé í Reyðarfjörð eins og honum hafi verið uppálagt af hreppsnefndinni. Dómur féll þannig að Hallgrímur var sýknaður af ákærunni.[423]

Hinn 29. maí 1940 skrifaði Gunnar Sigurðsson í Beinárgerði til hreppstjóra Vallahrepps og sagði fasteignamatsnefnd hafa metið skógarstykki úr jörð sinni án þess að líta á landið eða hafa upplýsingar um stærð eða takmörk nefndrar landspildu. Gunnar mótmælti þessari gerð nefndarinnar og krafðist þess að lögð yrðu fram hrein landamerki á skógarstykkið.[424] Hinn 10. júlí 1940 skrifuðu Pétur Jónsson, Þórhallur Jónasson og Sveinn Benediktsson í fasteignamatsnefnd til sýslumanns Suður-Múlasýslu vegna erindis Gunnars Sigurðssonar á Beinárgerði um hrein landamerki á skógarspildu sem lagst hafði til Ketilsstaða. Fasteignamatsnefnd sagði málið heyra undir landskipti eða landamerkjadóm.[425]

### *5.8.5 Beinárgerði á Völlum*

Við manntalsþing að Egilsstöðum 16. júní 1756 var upplesið kaupbréf, dagsett 1. júní 1756, þar sem Árni Vigfússon seldi Pétri Thorsteinssyni sýslumanni hjáleiguna Beinárgerði á Völlum, sex hundruð að dýrleika.[426]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Beinárgerðis metinn sex hundruð. Jörðin var hjáleiga frá Eyjólfsstöðum.[427]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 27. apríl 1838 og að Vopnafjarðarhöndlunarstað 30. júlí sama ár var upplesinn makaskiptagjörningur þar sem Pétur Jónsson aðstoðarprestur makaskipti þremur hundruðum í Beinárgerði á Völlum, hjáleigu frá Eyjólfsstöðum, til S. Guðmundssonar stúdents fyrir þrjú hundruð í jörðinni Felli í Vopnafirði, dagsett 6. janúar sama ár.[428] [429]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 16. maí 1848 var þinglesið gjafabréf, dagsett 3. febrúar 1839, þar sem S. Guðmundsson gaf eiginkonu sinni Ingunni Vigfúsdóttur í morgungjöf jörðina Beinárgerði, afbýli frá Eyjólfsstöðum.[430]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Beinárgerði:

---

422 Skjal nr. 2(560).
423 Skjal nr. 2(561).
424 Skjal nr. 2(273).
425 Skjal nr. 2(272).
426 Skjal nr. 2(432).
427 Skjal nr. 2(60).
428 Skjal nr. 2(433).
429 Skjal nr. 2(434).
430 Skjal nr. 2(435).

10. Beinárgerði

Afbyli talið 6$^{\text{hndr}}$. Sami vyrðingarmaður geingur hér frá mati af sömu orsök. Túnið er í betralagi eptir dyrleika, og getur enn nú tekið bótum, eingiar eru litlar, enn útbeit nokkur. Skógur nægur til eldiviðar kola og tróds. 3 af vyrðíngarmönnum meta þessa jörd á 300$^{\underline{\text{rbd}}}$ enn 1 á 350$^{\underline{\text{rbd}}}$, verður þá meðaltal þaraf 313 2/4 $^{\underline{\text{rbd}}}$.[431]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Eyjólfsstaða með Beinárgerði er dagsett 29. júní 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 5. júlí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

jarðarinnar Eyólfsstaða með Beinárgerði.

1. Að utan milli Kétilsstaða og Eyólfsstaða frá Urriðalækjarós þar sem hann fellur í Grímsá ræður svo lækurinn og Urriðavatnið alt að Beiná síðan Beináin alt að Beinárfossi og svo beina línu frá honum yfir aurinn og Kvíslárdal utan í Sauðahnúk þaðan sömu stefnu í Fagradalsá. –

2. Að austan Fagradalsá.

3. Fyrir norðan og vestan Grímsá ræður að utan kvísl (kvílsarfarvegur), sem aðskilur svokallaðan Vaðhólma og Kiðueyri norður af og í útnorður frá Urriðalækjarósnum og er hólmanum sleppir ræður sjónhending þvert norður í hinn gamla farveg Grímsár austan undir Uxalækjarbökkum síðan ræður bakkinn inneptir ámótavið beitarhúsin á bökkunum og síðan inneptir svonefndur Stokkholmsbakki inná móti við þar sem áin (Grímsá) áður hefir fallið norður að bakkanum rétt fyrir utan Hvammsmela.

4. Að innan (framan) að austan Grímsár milli Eyolfsstaða og Úlfsstaða úr Miðþúfu á svonefndan Þúfukyl (fyrir neðan Þjófaenni) beina stefnu eptir sjónhending í fremri Fögrukinnarlæk þar, er hann fellur ofan af Sauðárhalanum og ræður lækur þessi úr því og allt uppí Ölfishamra sem skipta landi að ofan allt inn að Gíslastaðagerðislandi. En fyrir ofan þessa hamra eru landamörk milli Eyólfsstaða og Gíslastaðagerðis landa bein línar úr Sniðlæk þar sem hann fellur ofan af hömrunum uppí svo nefnda Klofasteina á Aurbrún og suður yfir aurinn. En á afréttinni Fagradalsmeigin eiga Eyólfsstaðir suður að efri Launá.

Eyólfsstöðum 29. júní 1886.

Einar Sigurðsson

Þórður Þorsteinsson

Framanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir

Eigendur Ketilsstaða

Sigurður Hallgrímsson

Gunnar Pálsson

Eiríkur Auðunnsson Gíslastaðagerði

Árni Auðunnson Úlfsstöðum.

B. Jónsson.[432]

431 Skjal nr. 2(75).
432 Skjal nr. 2(31).

Hinn 18. mars 1896 afhenti Vigfús Þórðarson á Eyjólfsstöðum Þórdísi Guttormsdóttur, frændkonu sinni, jörðina Beinárgerði með tilgreindum landamerkjum milli Beinárgerðis og Eyjólfsstaða. Þeim er lýst svo í bréfinu:

> Landamerki milli Beinargerðis og Eyjólfsstaða eru þessi: Að neðan ræður stefna frá Hvíldarholti lóðrjett á Urriðalæk; að innan ræður Kaldá frá Hvíldarholti þangað er Sellækur fellur í hana; því næst Sellækur þangað er hann myndast af hinum 3 þrílækjum; því næst Miðþrílækur þangað er hann kemur ofan af Brúnunum; og þaðan þvert upp í Aur og yfir hann og austur í Fagradalsá.[433]

Gjafabréfið var þinglesið á Höfða þann 1. júní 1896.[434]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Beinárgerði var metin á 1.900 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með heimajörðinni Eyjólfsstöðum. Fram kemur að jörðin hafi nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé. Eigandi jarðarinnar var Hallgrímur Þórarinsson.[435]

Hinn 29. maí 1940 skrifaði Gunnar Sigurðsson í Beinárgerði til hreppstjóra Vallahrepps og sagði fasteignamatsnefnd hafa metið skógarstykki úr jörð sinni án þess að líta á landið eða hafa upplýsingar um stærð eða takmörk nefndrar landspildu. Gunnar mótmælti þessari gerð nefndarinnar og krafðist þess að lögð yrðu fram hrein landamerki á skógarstykkið.[436] Hinn 10. júlí 1940 skrifuðu Pétur Jónsson, Þórhallur Jónasson og Sveinn Benediktsson í fasteignamatsnefnd til sýslumanns Suður-Múlasýslu vegna erindis Gunnars Sigurðssonar á Beinárgerði um hrein landamerki á skógarspildu sem lagst hafði til Ketilsstaða. Fasteignamatsnefnd sagði málið heyra undir landskipti eða landamerkjadóm.[437]

### *5.8.6 Eyjólfsstaðir á Völlum*

Hinn 1. september 1314 setti Árni biskup Helgason máldaga fyrir Þorlákskirkju að Eyjólfsstöðum.[438]

Hinn 20. janúar 1477 seldi Brandur Eiríksson Oddi presti Teitssyni hálfa jörðina Eyjólfsstaði á Völlum með tilgreindum landamerkjum:

> sagdi [hann] þessi landamerki vt at beinæ. þar hvn fellr ofan j aurida watn. enn auridalækur rædur ofan or vatnino j grimsæ ok fram at tunghagalæk hid nedra enn þa rædur kelldu drag vpp or læknum er honum sneider fram ok upp j laufenni, ok þa sionhending upp j haugana ytri ok austur a fial[l]it at kaldakuisl. tuo skogar teiga. annar j hofda merki vt fra hofdæ firir nedan Reidgotur ok ut at gardi er geingur or hofdanum ofan j fliot. annar j sandfelzmerki firir ofan hatunagotur ok upp at hryg fra gilsæ ok heim at dalslæk. seliord a þuridarstodvm j eyuindardal milli slednadalsar ok valagilsár. afrett j fagradal ok vnder skagafell. uitum ver ok firir sanninde at þessi landamerki ok skogarteigar hafa hafder verid ok eingi at fundit suo ver vitvm.[439]

---

433 Skjal nr. 2(207).
434 Skjöl nr. 2(207) og 2(436).
435 Skjal nr. 2(86).
436 Skjal nr. 2(273).
437 Skjal nr. 2(272).
438 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 396, skjal nr. 4(17).
439 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 98–99, skjal nr. 4(18).

Hinn 14. janúar 1549 gaf Þorsteinn Þorvaldsson Jóni syni sínum á giftingardegi hlut í jörðinni Eyjólfsstöðum. Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld* segir að um að hafi verið að ræða fimm hundruð og líklega 40.[440]

Hinn 27. janúar 1580 seldi Árni Jónsson Eiríki Árnasyni þriðjung Eyjólfsstaða fyrir átta hundruð í Skála ásamt Postulaparti, fjögur hundruð, eftir þeim landamerkjum sem lýst er í bréfinu.[441]

Hinn 23. september 1580 seldi Árni Jónsson, með ráði föðurbróður síns og fjárhaldsmanns sr. Ólafs Árnasonar, Eiríki Árnasyni sjö og hálft hundrað í Eyjólfsstöðum.[442]

Hinn 26. janúar 1581 seldu Koðrán Jónsson, Halldóra Jónsdóttir móðir hans og sr. Ólafur Árnason, föðurbróðir hans, Eiríki Árnasyni hálfa jörðina Eyjólfsstaði fyrir Mjóanes.[443]

Hinn 31. mars 1581 gerðu Eiríkur Árnason og Halldóra Jónsdóttir þannig samning sín á milli þar sem Eiríkur skyldi hafa Koðrán son hennar til sín og helft jarðar hans við Halldóru móður hans. Halldóra samþykkti þau kaup um Eyjólfsstaði sem hann hafði gert við Árna son hennar og Halldóra skyldi fá fé af Eiríki ef hún þyrfti sér til þarfa og gera engin kaup við annan en Eirík og selja engum öðrum Eyjólfsstaði en honum.[444]

Í afriti af vitnisburði sr. Ólafs Árnasonar frá 14. maí 1583 um landamerki Eyjólfsstaða á Völlum segir eftirfarandi:

> Svofelldann Vitnisburd ber eg Olafur prestur Arnason, ad eg hef sied og yfirlesid svo latandi brief med Jnnsiglum, ad Jördin Eyolfstadir ætti allt landit yfer j giegn, og allann fagradal, ofann ad laun ä, þar med allt Skagafell og ofan ad Miölk äm, er kalladar eru j Svyna dal, Og hier epter hefur halldít verít, umm allann minn lidinn alldur med öllu atölulaust, og er eg nu LXX. ära gamall. Og til meyri sanninda hier umm, set eg mitt Jnnsigli fyrer þetta vitnisburdar Bref.[445]

Í skjali, dagsettu 9. júní 1704, yfir jarðeignir Björns Péturssonar kemur fram að meðal eigna hans voru jarðirnar Eyjólfsstaðir á Völlum, Hellisfjörður, Bakki í Borgarfirði, Hvannstóð, Breiðavík við Borgarfjörð og Hamragerði.[446]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Eyjólfsstaða metinn 26 hundruð. Eigandi jarðarinnar var G. Petersen sýslumaður. Fram kemur að eyðijörðin sé nytjuð af ábúanda.[447]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 24. júní 1817 var þinglesið makaskipta- og kaupbréf, dagsett 9. júní sama ár, þar sem Einar Jónsson afhenti Birni Vigússyni presti á Eiðum eignar- og óðalsjörð sína Mýrnes fyrir 13 hundruð í jörðinni Eyjólfsstöðum á Völlum.[448]

440 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 275, skjal H-10.
441 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 275–276, skjal H-10.
442 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 276, skjal H-10.
443 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 276, skjal H-10.
444 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 276, skjal H-10.
445 Skjal nr. 2(392).
446 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 410–413, skjal H-11.
447 Skjal nr. 2(59).
448 Skjal nr. 2(461).

Hinn 11. september 1820 makaskipti Sigurður Guðmundsson á Eyjólfsstöðum átta hundruðum að fornum dýrleika í jörðinni Gili á Jökuldal með Hvammsseli til Einars Jónssonar á Eiðum og fékk í staðinn Eyjólfsstaði hálfa (ytri part), 13 hundruð að fornum dýrleika. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 5. júlí 1823.[449]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 20. september 1821 var þinglesið makaskiptabréf, dagsett 11. september 1820, þar sem Einar Jónsson á Eiðum afhenti Sigurði Guðmundssyni stúdent hálfa jörðina Eyjólfsstaði á Völlum fyrir Gil á Jökuldal.[450]

Við manntals- og skattaþing að Egilsstöðum 7. apríl 1841 var þinglesinn lóðseðill, dagsettur 29. júlí 1812, þar sem Sigurður Guðmundsson stúdent fékk útlagða í móður- og föðurarf hálfa jörðina Eyjólfsstaði á Völlum 14 hundruð að dýrleika.[451]

Hinn 17. apríl 1842 lögfesti Sigurður Guðmundsson land og nytjar Eyjólfsstaða. Lögfestan var þinglesin á Egilsstöðum þann 8. júlí 1844 og er texti hennar eftirfarandi:

> Undirskrifadur Sigurdur Gudmundsson Lögfesti her med Abýlis Eygnar og Odalsjord mína Eyolfsstadi liggiandi í Vallanes kirkiu Sokn og Egilsstada þinglagi, med öllu landi og landsnytium sem nefndri Jordu med rettu tilheyra til þessara ummerkia:
>
> ad utan eins og verid hefur ad landamerkium Jardarinnar Ketilsstada nl. frá Urridalæk, ad ós þar sem hann fellr í Grímsá, rædr svo lækrinn og Urridavatnid allt ad Beiná sídan Beináin allt ad Beinárfossi og svo beina Stefnu fra honum yfir Aura í Græfur, þar adurkollud Launá nú Fagradalsá ofanfellur ad innan líka eins og verid hefir ad landamerkjum Jardarinnar Gíslastada nl. úr Tunguhagalæk á Merkikeldu framanundir svokolludu Merkiholti þadan beina Siónhendíngu á Klofasteina á Fialli upp og þadan beina Stefnu ofaná Fagradal; logfeste eg holt og haga Todur og Eingiar og Skog allann í greindu landi og hverjar adrar landsnytiar er vera kunna innan tedra ummerkia, fyrirbíd eg einum og öllum þær ad nota og ser ad eygna nema mitt leyfi þar til hafi, legg eg logsókn vid ef utaf er brugdid, og bíd eg öllum er í grend búa ad áfría logfestu þessa ef þeir þikiast þurfa, hvorri til Stadfestu er undirskrifad Nafn mitt og hiá þrykt Signet
>
> Eyolfsstodum þann 8da Julii 1844
>
> S Gudmundsson (L.S.)[452]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eyjólfsstaðir metin 44 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telji sex hundruð af matinu til hjáleigunnar Úlfsstaða. Þá segir að í jarðamatinu 1760 taldist hjáleigan Beinárgerði til Eyjólfsstaða sem og eyðihjáleigan Einarsstaðir, sem árið 1804 er sögð nytjuð frá Eyjólfsstöðum.[453]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eyjólfsstaði:

> 9. Eyólfsstaðir
>
> með eydibýlinu Einarsstödum. Einn vyrðingarmanna geingur frá mati þessarar jarðar vegna teingda við eigandann. Túnið er i meðallagi. Eingiar liggia fyrir áföllum af Grímsá, sem hefur borid á þær grjót til stór skémda; skógur til kola og eldiviðar og

[449] Skjöl nr. 2(147) og 2(463).
[450] Skjal nr. 2(462).
[451] Skjal nr. 2(464).
[452] Skjöl nr. 2(156) og 2(465).
[453] Skjal nr. 4(1), bls. 370.

> mótak allgott; útbeit í lakara lagi, þessa jörð meta 4 vyrðingarmenn saméginlega á 1200rbd.[454]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 17. maí 1856 voru þinglesnir lóðseðlar Guðlaugar, Malenar og Þórunnar Sigurðardætra fyrir tveimur hundruðum og 20 álnum sem Malen (skrifað Malena) átti og tvö og hálft hundrað sem hver hinna átti í Eyjólfsstöðum á Völlum.[455]

Hinn 9. júní 1868 seldi Sæmundur Sigfússon á Eyvindarstöðum Einari Sigurðssyni fjögur og hálft hundrað í jörðinni Eyjólfsstöðum. Afsalsbréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 20. júní sama ár. Athugasemd var gerð með færslunni í afsals- og veðmálabókinni að aðeins hefði fundist þinglesin eignarheimild seljanda fyrir tveimur og hálfu hundraði úr Eyjólfsstöðum.[456]

Hinn 28. maí 1886 fór fram fundur hjá sáttanefnd Vallaumdæmis þar sem tekið var fyrir mál um landamerki jarðanna Eyjólfsstaða og Ketilsstaða. Einar Sigurðsson á Eyjólfsstöðum hafði kært Sigurð Hallgrímsson og Gunnar Pálsson á Ketilsstöðum til nefndarinnar til að reynt yrði að koma á milli þeirra sáttum um landamerki jarðanna á Fagradal. Einar lagði fram eftirrit af lögfestu frá 8. júlí 1844 en aðilum kom síðan saman um að fara sjálfir á þrætulandið til skoðunar svo hægt yrði að tala betur um landamerkin.[457] Málið var tekið fyrir að nýju á fundi sáttanefndar þann 26. júní 1886 en var að nýju frestað.[458]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Eyjólfsstaða með Beinárgerði er dagsett 29. júní 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 5. júlí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki
>
> jarðarinnar Eyólfsstaða með Beinárgerði.
>
> 1. Að utan milli Kétilsstaða og Eyólfsstaða frá Urriðalækjarós þar sem hann fellur í Grímsá ræður svo lækurinn og Urriðavatnið alt að Beiná síðan Beináin alt að Beinárfossi og svo beina línu frá honum yfir aurinn og Kvíslárdal utan í Sauðahnúk þaðan sömu stefnu í Fagradalsá. –
>
> 2. Að austan Fagradalsá.
>
> 3. Fyrir norðan og vestan Grímsá ræður að utan kvísl (kvílsarfarvegur), sem aðskilur svokallaðan Vaðhólma og Kiðueyri norður af og í útnorður frá Urriðalækjarósnum og er hólmanum sleppir ræður sjónhending þvert norður í hinn gamla farveg Grímsár austan undir Uxalækjarbökkum síðan ræður bakkinn inneptir ámótavið beitarhúsin á bökkunum og síðan inneptir svonefndur Stokkholmsbakki inná móti við þar sem áin (Grímsá) áður hefir fallið norður að bakkanum rétt fyrir utan Hvammsmela.
>
> 4. Að innan (framan) að austan Grímsár milli Eyolfsstaða og Úlfsstaða úr Miðþúfu á svonefndan Þúfukyl (fyrir neðan Þjófaenni) beina stefnu eptir sjónhending í fremri Fögrukinnarlæk þar, er hann fellur ofan af Sauðárhalanum og ræður lækur þessi úr því og allt uppí Ölfishamra sem skipta landi að ofan allt inn að Gíslastaðagerðislandi. En

454 Skjal nr. 2(75).
455 Skjal nr. 2(466).
456 Skjöl nr. 2(191) og 2(467).
457 Skjal nr. 2(283).
458 Skjal nr. 2(284).

> fyrir ofan þessa hamra eru landamörk milli Eyólfsstaða og Gíslastaðagerðis landa bein línar úr Sniðlæk þar sem hann fellur ofan af hömrunum uppí svo nefnda Klofasteina á Aurbrún og suður yfir aurinn. En á afréttinni Fagradalsmeigin eiga Eyólfsstaðir suður að efri Launá.
>
> Eyólfsstöðum 29. júní 1886.
>
> Einar Sigurðsson
>
> Þórður Þorsteinsson
>
> Framanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir
>
> Eigendur Ketilsstaða
>
> Sigurður Hallgrímsson
>
> Gunnar Pálsson
>
> Eiríkur Auðunnsson Gíslastaðagerði
>
> Árni Auðunnson Úlfsstöðum.
>
> B. Jónsson.[459]

Hinn 18. mars 1896 afhenti Vigfús Þórðarson á Eyjólfsstöðum Þórdísi Guttormsdóttur, frændkonu sinni, jörðina Beinárgerði með tilgreindum landamerkjum milli Beinárgerðis og Eyjólfsstaða. Þeim er lýst svo í bréfinu:

> Landamerki milli Beinargerðis og Eyjólfsstaða eru þessi: Að neðan ræður stefna frá Hvíldarholti lóðrjett á Urriðalæk; að innan ræður Kaldá frá Hvíldarholti þangað er Sellækur fellur í hana; því næst Sellækur þangað er hann myndast af hinum 3 þrílækjum; því næst Miðþrílækur þangað er hann kemur ofan af Brúnunum; og þaðan þvert upp í Aur og yfir hann og austur í Fagradalsá.[460]

Gjafabréfið var þinglesið á Höfða þann 1. júní 1896.[461]

Við manntalsþing fyrir Vallnahrepp að Höfða 10. júní 1913 var þinglesið afsal Vigfúsar Þórðarsonar prests til Kristjáns Sigmundssonar á Eyjólfsstöðum fyrir jörðinni Eyjólfsstöðum, útgefið 4. ágúst 1911.[462]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Eyjólfsstaðir var metin á 6.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með hjáleigunni Beinárgerði árið 1886 og að landamerkjum milli jarðanna hafi verið þinglýst árið 1896. Fram kemur að jörðin hafi nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé. Eigandi jarðarinnar var Kristján Sigmundsson.[463]

459 Skjal nr. 2(31).
460 Skjal nr. 2(207).
461 Skjal nr. 2(207).
462 Skjal nr. 2(468).
463 Skjal nr. 2(87).

### *5.8.7 Úlfsstaðir á Völlum*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Úlfsstaða metinn sex hundruð. Jörðin var hjáleiga frá Eyjólfsstöðum.[464]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Úlfsstaðir ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Eyjólfsstaða. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telji Úlfsstaði vera sex hundruð af jarðarmati Eyjólfsstaða.[465]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Úlfsstaði:

> 11 Úlfsstaðir
>
> einnig hiáleiga talinn $6^{hndr}$. Sami vyrðíngarmaður er hér ei heldur með að mati. Túnið er i meðallagi enn þarf góda pössun, heyskapur er reitingssamur, útbeit slæm. 3 af vyrðíngarmönnum meta þessa jörd á $275^{\underline{rbd}}$, enn 1 á $300^{\underline{rbd}}$ meðaltal þaraf verður $287\frac{1}{4}^{\underline{rbd}}$.[466]

Hinn 22. maí 1845 lögfesti Þórður Eyjólfsson landamerki Gíslastaðagerðis við Úlfsstaði. Lögfestan var þinglesin fyrir manntalsþingsrétti að Egilsstöðum þann 22. maí 1845 og var henni mótmælt þar af Sig. Guðmundssyni. Lögfestan var aftur þinglesin á sama stað 15. maí 1851 og þá undir mótmælum Stefáns Jónssonar stúdents á Úlfsstöðum.[467]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. maí 1851 var þinglesin lögfesta, dagsett 22. maí 1845, þar sem Þórður Eyjólfsson á Gíslastaðagerði lögfesti land Gíslastaðagerðis. Lögfestunni mótmælti St. Jónsson stúdent á Úlfsstöðum þar sem hún væri ósamkvæm þeim ummerkjum sem hann teldi takmarka Úlfsstaðaland.[468]

Hinn 22. maí 1851 afhenti Ingunn Vigfúsdóttir í Beinárgerði sex hundruð í jörðinni Úlfsstöðum til Óla Eiríkssonar á Merki. Afsalsbréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 19. maí 1852.[469]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. júní 1880 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 17. mars 1880, þar sem Níels Sigurðsson dannebrogsmaður seldi Árna Auðunssyni jörðina Úlfsstaði.[470]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Úlfsstaða er dagsett 2. júlí 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 6. júlí 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

> Að „Grímsá“ skilur lönd að neðan, að utan eru ~~þannig~~ þau úr „Miðþúfu“ í „Þúfukíl“ og í „Rauðalæk“ þaðan upp hjá „Förgukinnarlæk“ og uppá „Ölvishamra“ suður eptir þeim og í „Sniðlæk“, sem fellur ofan af þeim; að innan eru þau, úr „Grímsá“ uppmeð „Tunghagalæk“ og í svokallaða „Merkikeldu“, þaðan upp flóann fyrir utan Gíslastaðagerði um torfvörðu, sem er í flóanum upp hjá „Grástein“, sem er ofan við flóann og beina línu upp hjá áðurnefndum „Sniðlæk“, sem fellur ofan af „Ölvishömrum“.
>
> Þessu til staðfestu eru hlutaðeigenda nöfn og heimili.

---

464 Skjal nr. 2(61).
465 Skjal nr. 4(1), bls. 370.
466 Skjal nr. 2(75).
467 Skjöl nr. 2(159), 2(165) og 2(478).
468 Skjal nr. 2(498).
469 Skjöl nr. 2(166) og 2(551).
470 Skjal nr. 2(496).

Úlfstöðum 2. júlí 1885

Eiríkur Auðunsson Gíslastaðagerði.

Árni Auðunsson

Einar Sigurðsson, Þórður Þorsteinsson á Eyjólfsstöðum

Eyjólfur Arngrímsson Tunghaga.[471]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Úlfsstaðir var metin á 2.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Þórður Eiríksson.[472]

### *5.8.8 Stóra-Sandfell í Skriðdal*

Í máldaga Vilchins fyrir Ólafskirkju að Þingmúla frá um 1397 segir að kirkjan hafi átt skóg í Sandfellslandi.[473] Í máldaga Vilchins fyrir kirkju Jóhannesar skírara í Vallanesi frá sama tíma segir að kirkjan hafi átt skógarteig í Sandfelli hinu næsta og tvo skógarteiga í Sandfelli hinu efsta.[474]

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfa Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfa Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.[475]

Með vitnisburði dagsettum tveimur dögum eftir Maríumessu árið 1598 vitnaði Skeggi Þorleifsson um skógarteig Múlakirkju í Stóra-Sandfelli. Um afmörkun skógarins segir:

> ad Hun ä Skogenn allann frä þeirre æ, sem fellur Næst Sandfelle lytla, og ad þeim Læk, sem Næstur er Sandhölum[476]

Við manntalsþing að Þingmúla 30. maí 1783 var upplesið afristingskort viðvíkjandi þrætuskógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, út gefið af Högna Torfasyni 28. maí 1873. Einnig var þinglesin útmælingargjörð yfir greindan þrætuskógarpart sem Þingmúlakirkja hafði gert kröfu til í landi Stóra-Sandfells og liggur milli þeirrar ár sem fellur næst Sandfelli litla og þess lækjar sem næstur er Sandhólum.[477]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Stóra-Sandfells metinn 20 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Gunnlaugur Þórðarson prestur.[478]

---

[471] Skjal nr. 2(30).
[472] Skjal nr. 2(88).
[473] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 203–204, skjal nr. 4(77).
[474] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 204–207, skjal nr. 4(73).
[475] Skjal nr. 2(389).
[476] Skjal nr. 2(643).
[477] Skjal nr. 2(612).
[478] Skjal nr. 2(67).

Hinn 2. mars 1840 seldi Jón Arnesen Hallgrími Ásmundssyni tvö hundruð í jörðinni Stóra-Sandfelli. Kaupbréfið var þinglesið á manntalsþingsrétti að Þingmúla þann 13. apríl 1841. Sýslumaður gat þess að Jón Arnesen hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir því selda. Enn fremur var þess getið að þann 14. maí 1814 hafi verið þinglesin auglýsing, dagsett 12. sama mánaðar, þess efnis að Hallormsstaðarkirkja ætti tvo skógarteiga í Sandfelli hinu efsta og að annar þeirra liggi til Mýra, en hinn til Geirólfsstaða.[479]

Við manntalsþing að Þingmúla 13. apríl 1841 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 2. mars 1841, með hverju St. Jónsson, fyrir hönd assistents J. Árnasonar, seldi Hallgrími Ásmundssyni tvö hundruð í jörðinni Stóra-Sandfelli.[480]

Við manntalsþing að Þingmúla 5. júní 1847 voru þinglesnir lóðseðlar yfir hluta úr jörðinni Stóra-Sandfelli, þar sem þau Guðrún og Helgi fengu hálft hundrað hvort og Anna fékk eitt hundrað í arf eftir föður sinn Hallgrím Ásmundsson.[481]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Stóra-Sandfell metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður meti jörðina aðeins á 14 hundruð og með henni eyðihjáleiguna Mið-Sandfell.[482]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Stóra-Sandfell:

> 1, Stóra Sandfell
>
> med eydibýlinu Midsandfelli. Túnid er í betralagi, útheyskapur lakari enn í medallagi, skógur talsverdur, landrými og útigángur í betralagi. Aurhlaup skemmir nokkud eingiar. Þessa jörð meta 4 vyrðingarmanna á 800rbd. enn 1 á 850rbd, verður þá medal þaraf 810rbd.[483]

Hinn 10. október 1853 seldi Gunnar Gunnarsson Helga Hallgrímssyni hálft hundrað í jörðinni Stóra-Sandfelli. Kaupbréfið var þinglesið í Þingmúla þann 19. maí 1854.[484]

Hinn 18. janúar 1855 seldi Jón Einarsson Þorkeli Árnasyni eitt hundrað og 75 álnir í jörðinni Stóra-Sandfelli. Kaupbréfið var þinglesið í Þingmúla þann 19. maí 1856. Skrifari afsals- og veðmálabókarinnar gat þess að bókin bæri það ekki með sér að seljandi hafi haft þinglesna heimild fyrir hinu selda.[485]

Hinn 12. maí 1855 seldi Helgi Hallgrímsson Þorkeli Árnasyni eitt hundrað í jörðinni Stóra-Sandfelli. Kaupbréfið var þinglesið í Þingmúla þann 19. maí 1856. Skrifari afsals- og veðmálabókarinnar gat þess að bókin bæri það ekki með sér að seljandi hafi haft þinglesna heimild fyrir hinu selda.[486]

---

479 Skjal nr. 2(153).
480 Skjal nr. 2(613).
481 Skjal nr. 2(614).
482 Skjal nr. 4(1), bls. 371.
483 Skjal nr. 2(76).
484 Skjöl nr. 2(169) og 2(615).
485 Skjöl nr. 2(176) og 2(616).
486 Skjöl nr. 2(177) og 2(616).

Hinn 9. desember 1862 seldu Páll Pálsson og Eiríkur Torfason hvor um sig Birni Árnasyni 24 álnir og 6/11 hluta úr alin í jörðinni Stóra-Sandfelli. Afsalsbréfið var þinglesið í Þingmúla þann 9. júní 1864. Við færslu þessa í afsals- og veðmálabókinni voru gerðar tvær athugasemdir: Að seljendur hefðu ekki haft þinglesna eignarheimild fyrir því selda og að salan hefði gengið gegn tilskipun frá 18. febrúar 1847 um fjárráð ómyndugra á Íslandi.[487]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Stóra-Sandfells er dagsett 9. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 27. júní 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

> Að utan ræður „Gilsá“ inná „Hjálpleysuvarp“; að norðan „Grímsá“; að framan „Hvína“. Að ofan eggjar.
>
> Stórasandfelli 9. júní 1884
>
> Björn Árnason
>
> Einar Jónsson (sameigandi)
>
> Páll Ólafsson umboðsmaður fyrir hönd Litlasandfells og Vaðs.
>
> Fyrir hönd Sauðhaga
>
> B.Jónsson prestur til Vallaness.
>
> Fyrir hönd Areyja, samþykkir
>
> Páll Pálsson prestur til Hallormsstaðar, en neitar vegna Þingmúlakirkju en, samkvæmt áliti styptsyfirvaldanna, samþykkur.
>
> 3/6 1885 Páll Pálsson.
>
> Eyjólfur Arngrímsson fyrir hönd Tunghaga og Grófargerðis.
>
> Guðmundur Jónsson eigandi Arnkelsgerðis.[488]

Við manntalsþing að Arnhólsstöðum 18. júní 1908 var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 18. febrúar 1908, þar sem Björn Árnason á Stóra-Sandfelli seldi og afsalaði Einari Jónssyni sama staðar hálfri jörðinni Stóra-Sandfelli, sjö hundruð að fornu mati.[489]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Stóra-Sandfell var metin á alls 4.000 kr. en hvor hálflenda fyrir sig var metin á 2.000 kr. Tilgreint er að landamerki séu þinglýst og ágreiningslaus. Fram kemur að jörðin hafi nægilegt upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda. Eigendur helmings jarðarinnar voru Björn Antoníusson, Jón Einarsson og Bergljót Einarsdóttir og eigendur hins helmingsins voru Björn Árnason og Gróa Einarsdóttir.[490]

Við manntalsþing fyrir Skriðdalshrepp á Arnhólsstöðum 19. júní 1926 voru þinglesin afnotaskipti á Stóra-Sandfelli II.[491]

---

[487] Skjöl nr. 2(186) og 2(617).
[488] Skjal nr. 2(29).
[489] Skjal nr. 2(494).
[490] Skjal nr. 2(77).
[491] Skjal nr. 2(618).

### *5.8.9 Litla-Sandfell í Skriðdal*

Í máldaga Vilchins fyrir Ólafskirkju að Þingmúla frá um 1397 segir að kirkjan hafi átt skóg í Sandfellslandi.[492] Í máldaga Vilchins fyrir kirkju Jóhannesar skírara í Vallanesi frá sama tíma segir að kirkjan hafi átt skógarteig í Sandfelli hinu næsta og tvo skógarteiga í Sandfelli hinu efsta.[493] Í máldaga Vilchins fyrir Péturskirkju á Hallormsstað frá sama tíma segir að kirkjan hafi átt tvo skógarteiga í Sandfelli hinu efsta. Annar lá til Geirólfsstaða en hinn til Mýra.[494]

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfa Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfa Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.[495]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Litla-Sandfells metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.[496]

Í afriti sr. Guttorms Pálssonar, prófasts í Suður-Múlaprófastsdæmi, frá 14. janúar 1823, kemur fram að M. H. Tvede sendi Hallgrími Ásmundssyni hreppstjóra þann 8. september 1822 bréf sem fjallaði um réttindi ábúenda á Mýrum í Skriðdal til skógarhöggs í landi Litla-Sandfells í Skriðdal.[497]

Hinn 15. janúar 1823 skrifaði sr. Gunnlaugur Þórðarson á Hallormsstað biskupi bréf um skógarítök Hallormsstaðar í landi Litla-Sandfells í Skriðdal og sagði að gengið væri á skógarítökin. Sr. Gunnlaugur óskaði eftir aðstoð biskups um hvernig hann ætti að framfylgja málinu.[498]

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Fremsta-Sandfell skoðuð 25. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

> Landa merki ad utan ~~Rædur~~ Hvína, enn framan Rædur Þórirs á, enn grímsá að neðann.[499]

Við úttekt á Skriðklaustursjörðum var jörðin Fremsta-Sandfell skoðuð 24. júní 1830. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

> Landamerki ad utan Hvíná, framan rædur Þórirsá, en Grímsá ad nedan.[500]

Við úttekt á Skriðklaustursjörðum var jörðin Litla-Sandfell skoðuð 23. maí 1842. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

> Landamerki ad utan, eru: Hvíná; ad framan Þórisá; en ad nedan Grímsá.[501]

[492] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 203–204, skjal nr. 4(77).
[493] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 204–207, skjal nr. 4(27).
[494] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 207–208, skjal nr. 4(69).
[495] Skjal nr. 2(389).
[496] Skjal nr. 2(68).
[497] Skjal nr. 2(376).
[498] Skjal nr. 2(375).
[499] Skjal nr. 2(260).
[500] Skjal nr. 2(229) og 2(386).
[501] Skjal nr. 2(387).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Litla-Sandfell metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs.[502]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Litla-Sandfell:

> 2 Litla Sandfell
>
> Túnid er í betralagi, eingiar litlar sem eingar, vetrarbeit lítil, landgott, nokkurt skógarkropp. Abúandinn hefir að undanförnu haft undir part úr Stórasandfelli og ætid keypt eingiar annarsstaðar til að framfleyta gripum sínum. Þessa jörð meta allir vyrdíngarmenn saméginlega á 200rbd.[503]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Litla-Sandfell.

Í dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1881–1887 er skráð að við manntalsþing í Þingmúla fyrir Skriðdalshrepp 20. júní 1884 hafi verið þinglesin landamerkjaskrá fyrir jörðina Litla-Sandfell. Færslan hefur svo verið yfirstrikuð í þingbókinni og skráð að landamerkjaskrá hafi ekki verið þinglesin.[504]

Í byggingarbréfi Einars Eyjólfssonar fyrir jörðinni Litla-Sandfelli, dagsettu 18. desember 1885, segir eftirfarandi um landamerki jarðarinnar:

> Ad framan ræður Þórisá, ad neðan ræður Grímsá, að utan Hvíná að ofan eggjar.[505]

Vegna óskar Einars Eyjólfssonar um kaup á jörðinni Litla-Sandfelli sendi Sigurður Einarsson þann 23. apríl 1897 lýsingu á jörðinni til sýslumanns Suður-Múlasýslu. Þar segir að tún gefi af sér árlega um 80–90 hesta. Þá segir að land jarðarinnar sé fremur lítið en mest af því sé skógi og lyngi vaxið. Loks segir að jörðin sé metin 6,5 hundruð að dýrleika.[506]

Í byggingarbréfi Jóns Runólfssonar fyrir jörðinni Litla-Sandfelli, dagsettu 19. maí 1905, segir að landamerki jarðarinnar séu að framan Þórisá, að neðan Grímsá, að utan Hvíná og að ofan eggjar.[507]

Í virðingargjörð á þjóðjörðinni Litla-Sandfelli í Skriðdal, dagsettri 25. ágúst 1906, segir að jörðin sé 6,5 hundruð að dýrleika og að henni fylgi öll hús og mannvirki ásamt tveimur ásauðarkúgildum. Afréttarland fylgdi ekki jörðinni. Bærinn Litla-Sandfell stóð yst í landinu þétt við landamerkin við Stóra-Sandfell. Að lokum var jörðin metin á 1.200 kr. með öllu.[508]

Á fundi Suður-Múlaprófastsdæmis 4. september 1916 var samþykkt að mæla með því að Jón Runólfsson fengi að kaupa skógarítak Vallanesprestakalls, áður Hallormsstaðar, í jörðinni Litla-Sandfelli fyrir 200 kr.[509]

---

502 Skjal nr. 4(1), bls. 371.
503 Skjal nr. 2(76).
504 Skjal nr. 2(415).
505 Skjal nr. 2(384).
506 Skjal nr. 2(347).
507 Skjal nr. 2(385).
508 Skjal nr. 2(359).
509 Skjal nr. 2(360).

Í umsókn Jóns Runólfssonar, dagsettri 5. mars 1907, um kaup á ábúðarjörð sinni, þjóðjörðinni Litla-Sandfelli í Suður-Múlasýslu, gat hann þess að á jörðinni hvíldi sex hesta skógarítak tilheyrandi Vallanesprestakalli sem hann hafði fengið vilyrði fyrir að fá að kaupa. Jón fór þess á leit við Stjórnarráðið að verðgildi ítaksins yrði dregið frá verði jarðarinnar ef hann fengi að kaupa hana.[510]

Við manntalsþing á Arnhólsstöðum 28. júlí 1910 var þinglesið afsalsbréf frá ráðherra Íslands, dagsett 22. ágúst 1908, með hverju hann afsalaði Jóni Runólfssyni jörðina Litla-Sandfell fyrir 1.500 krónur.[511]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Litla-Sandfell var metin á 1.500 kr. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Jón Runólfsson. Um landamerki hennar segir eftirfarandi:

> Landamerki: Að utan Hvíná, að neðan Grímsá, að innan Þóris og að ofan fjallseggjar. Um þau enginn ágreiningur.[512]

### *5.8.10 Eyrarteigur í Skriðdal*

Hinn 1. júlí 1564 dæmdi tylftardómur á Alþingi ónýtt kaup þeirra hjóna Arnfinns Jónssonar og Ragnhildar Ketilsdóttur um jarðir hennar, Kirkjuból í Norðfirði og Eyrarteig í Skriðdal, og skyldu þær falla í erfð bræðra hennar, Magnúsar og Indriða Ketilssona.[513]

Hinn 24. febrúar 1664 seldi sr. Stefán Ólafsson Ólafi Jónssyni níu hundruð í Stóra-Steinsvaði fyrir fimm hundruð í Eyrarteigi í Suður-Múlasýslu og 30 ríkisdali.[514]

Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld* segir frá ódagsettu skjali þar sem sr. Bjarni Einarsson lýsti því yfir að hann ætti engin skjöl um Eyrarteig í Suður-Múlasýslu, níu hundruð að dýrleika, eign Jóns Bergssonar.[515]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Eyrarteigs metinn níu hundruð. Eigandi jarðarinnar var Eiríkur Hallsson Stóra-Steinsvaði.[516]

Hinn 24. febrúar 1843 afhenti sr. Pétur Jónsson eignarjörð sína Egilssel í Fellum, sex hundruð að dýrleika, til Eiríks Jónssonar á Egilsstöðum og Jóns Jónssonar á Bót fyrir sameign þeirra, jörðina Eyrarteig, níu hundruð að dýrleika. Makaskiptabréfið var þinglesið þann 16. maí sama ár. Sýslumaður gat þess að hlutaðeigendur hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjöl fyrir Egilsseli og Eyrarteig.[517]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eyrarteigur metin níu hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[518]

---

510 Skjal nr. 2(361).
511 Skjal nr. 2(571).
512 Skjal nr. 2(78).
513 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 278–280, skjal nr. 4(79).
514 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 270, skjal H-10.
515 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 273, skjal H-10.
516 Skjal nr. 2(69).
517 Skjöl nr. 2(148) og 2(470).
518 Skjal nr. 4(1), bls. 371.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eyrarteig:

> 3 Eirarteigur
>
> Túnid er í medallagi, eingiar eru lakari enn í medallagi, útigángur eins, skógur einginn, hætt vid skridum og vatnságangi. Þessa jörd meta vyrðíngarmenn saméginlega á 250$^{\underline{rbd}}$.[519]

Við manntalsþing að Þingmúla 1. júlí 1893 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 25. apríl 1883, þar sem Jón Ívarsson keypti Eyrarteig.[520]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Eyrarteigs er dagsett 26. júní 1884 en líklega er um misritun að ræða í landamerkjabók þannig að landamerkjaskráin sé annaðhvort frá 26. júní 1883 eða 20. júní 1884. Hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki jarðarinnar Eyrarteigs eru: að innan ræður „Eyrarteigsá“ eptir sem vötnum hallar, ofan frá „Hallsteinsdalsvarpi“ til Grímsáar og beina stefnu á Mýrabæ, að utan ræður „Þórisá“ frá upptökum sínum og ~~alla leið~~ þegar gilið þrýtur beina leið niður í „Grímsá“, að öðru leyti ræður „Grímsá“ að norðan; en að austan af „Hallsteinsdals-vorpum“ á „Ófærudalsvörp“ eptir sem vötnum hallar.
>
> Eyrarteigi 26. júní 1884.
>
> Jón Ívarsson
>
> Fyrir hönd Arnhólsstaða er eg samþykkur ofanskrifaðri landamerkjalysingu
>
> Antotoníus Björnsson.
>
> Fyrir hönd Mýra og Areyja samþykkur
>
> Páll Pálsson.
>
> Fyrir Litlasandfell, eptir umboði
>
> Páll Pálsson.[521]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Eyrarteigur var metin á 1.700 kr. Tilgreint er að landamerki séu þinglesin og ágreiningslaus. Fram kemur að jörðin hafi nægjanlegt upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Ögmundur Ketilsson.[522]

Við manntalsþing að Arnhólsstöðum 30. júní 1920 var þinglesið afsalsbréf útgefið af hreppsnefnd Fljótsdalshrepps til Ögmundar Ketilssonar í Eyrarteigi fyrir jörðinni Eyrarteigi í Skriðdal, dagsett 20. apríl 1920.[523]

### *5.8.11 Arnhólsstaðir í Skriðdal*

Með próventubréfi Arnbjarnar Guðmundssonar og Höllu Magnúsdóttur, frá 5. júní 1486, gáfu þau Sveini presti Jónssyni meðal annars jörðina Arnaldsstaði.[524]

[519] Skjal nr. 2(76).
[520] Skjal nr. 2(471).
[521] Skjöl nr. 2(28) og 2(415).
[522] Skjal nr. 2(79).
[523] Skjal nr. 2(472).
[524] *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 577–578, skjal nr. 4(82).

Hinn 13. október 1683 seldi sr. Jón Eiríksson Jóni Þorlákssyni sýslumanni jörðina Berufjörð, 30 hundruð að dýrleika. Jón sýslumaður greiddi meðal annars til Jóns Eirikssonar jarðirnar Arnaldsstaði í Skriðdal, þ.e. Arnhólsstaði, og sjö hundruð í Geitdal.[525]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Arnhólsstaða metinn 20 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Bergur Jónsson prestur á Hornafirði.[526]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Arnhallstaðir metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telji fjögur hundruð af matinu til hjáleigunnar Hryggstekks.[527]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Arnhólsstaði:

> 4 Arnhilsstaðir
>
> Túnið er í lakara meðallagi eptir dyrleika jarðarinnar, eingiar í betralagi, landbrot og vatnságángur, hagbeit í lakara lagi, landrúmt. Þessa jörd meta 4 af vyrdingarmönnum á 525rbd enn 1 á 550rbd, verður þá meðaltal þaraf 530rbd.[528]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Arnhólsstaða er dagsett 25. júní 1884, en líklega er um misritun að ræða í landamerkjabók og að landamerkjaskráin sé frá 1883, enda eru rituð undir hana samþykki frá 25. júní 1883. Skráin var var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki jarðarinnar Arnhólsstaða eru að innan áin „Jóka“, sem innst nefnist nefnist „Djúpadalsá“, og ræður hún á Djúpadalsvarp; þá ræður „Þórdalsheiði“, eptir sem vötnum hallar; að utan ræður „Eyrarteigsá“ frá fjalli, og skriða sú er hún áður rann eptir fram með Eyrarteigi, og beina stefnu á Mýrabæ norður í Grímsá. Að öðru leyti ræður Grímsá að norðan og fjall að austan eptir sem vötnum hallar.
>
> Arnhólsstöðum 25. júní 1884.
>
> Antoníus Björnsson.
>
> Fyrir hönd Hallbjarnarstaða er eg samþykkur framanskrifaðri landamerkjalýsingu.
>
> Þingmúla 25. júní 1883
>
> Páll Pálsson.
>
> Sömuleiðis fyrir Þingmúlaland.
>
> Páll Pálsson.
>
> Framanskrifað samþykkir Stuðla vegna.
>
> Eyjólfur Þorsteinsson.
>
> Sömuleiðis fyrir Áreyjaland,
>
> Jóhann Edvarð Pjetursson.
>
> Fyrir Eyrarteig samþykkir,
>
> Jón Ívarsson.[529]

---

[525] Skjal nr. 2(644). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 279, skjal H-10.
[526] Skjal nr. 2(70).
[527] Skjal nr. 4(1), bls. 371.
[528] Skjal nr. 2(76).
[529] Skjöl nr. 2(27) og 2(415).

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Arnhólsstaðir var metin á 3.500 kr. Tilgreint er að landamerki séu þinglesin með hjáleigunni Hryggstekk. Fram kemur að jörðin hafi nægjanlegt upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru erfingjar Jóns Guðmundssonar.[530]

*5.8.11.1 Hryggstekkur í Skriðdal*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hryggstekks ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Arnhólsstöðum.[531]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hryggstekkur ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Arnhólsstaða. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður meti Hryggstekk fjögur hundruð að dýrleika.[532]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hryggstekk:

> 4 Hriggstekkur
>
> afbýli talid 4$^{\text{hndr}}$. Túnid er lítið, og verður ekki fært út, heyskapur í medallagi, enn eingiar liggia fyrir skémdum af vatnságángi. Útbeit nokkuð betri enn á höfud jördunni, enn þó vart í meðallagi. Þessa jörd meta allir vyrdingarmenn saméginlega á 175$^{\underline{\text{rbd}}}$.[533]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Hryggstekk.

Við manntalsþing í Þingmúla fyrir Skriðdalshrepp 20. júní 1884 var þinglesin landamerkjaskrá fyrir Arnhólsstaði með Hryggstekk.[534]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hryggstekkur var metin á 1.300 kr. Tilgreint er að landamerki séu þinglesin með heimajörðinni Arnhólsstöðum en að merki milli þessara jarða séu óglögg. Fram kemur að jörðin hafi nægjanlegt upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru erfingjar Jóns Guðmundssonar.[535]

## 5.9 Nærliggjandi jarðir í Eyvindarárdal og Mjóafirði

### *5.9.1 Þuríðarstaðir í Eyvindarárdal*

Hinn 20. janúar 1477 seldi Brandur Eiríksson Oddi presti Teitssyni hálfa jörðina Eyjólfsstaði á Völlum með tilgreindum landamerkjum. Í skjalinu er getið um Þuríðarstaði:

> sagdi [hann] þessi landamerki vt at beinæ. þar hvn fellr ofan j aurida watn. enn auridalækur rædur ofan or vatnino j grimsæ ok fram at tunghagalæk hid nedra enn þa rædur kelldu drag vpp or læknum er honum sneider fram ok upp j laufenni, ok þa sionhending upp j haugana ytri ok austur a fial[l]it at kaldakuisl. tuo skogar teiga. annar j hofda merki vt fra hofdæ firir nedan Reidgotur ok ut at gardi er geingur or hofdanum

530 Skjal nr. 2(81).
531 Skjal nr. 2(637).
532 Skjal nr. 4(1), bls. 371.
533 Skjal nr. 2(76).
534 Skjal nr. 2(415).
535 Skjal nr. 2(80).

> ofan j fliot. annar j sandfelzmerki firir ofan hatunagotur ok upp at hryg fra gilsæ ok heim at dalslæk. seliord a þuridarstodvm j eyuindardal milli slednadalsar ok valagilsár. afrett j fagradal ok vnder skagafell. uitum ver ok firir sanninde at þessi landamerki ok skogarteigar hafa hafder verid ok eingi at fundit suo ver vitvm.[536]

Í máldaga Ögmundar biskups frá 1523 segir að kirkjan á Eiðum ætti meðal annars jörðina Þuríðarstaði.[537] Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.[538]

Samkvæmt máldagatilvísan frá 20. júní 1703 átti Maríukirkja að Eiðum hálft heimaland með gögnum og gæðum, Hólsland hálft, Grænmó, Ormsstaði, Gröf og eyðijörðina Þuríðarstaði.[539]

Hinn 4. nóvember 1778 undirrituðu Everth Wium og Þórður Árnason kaupbréf fyrir Eiðum í Eiðaþinghá hvar Everth seldi Þórði bóndaeign Eiða, alls 30 hundruð. Auk þess fylgdu með hálf jörðin Hóll í Útmannasveit, Gröf, Ormsstaðir, Tókastaðir og Þuríðarstaðir allar í Eiðaþinghá. Á móti seldi Þórður Everth Mjóanes í Vallahreppi með afbýlinu Gunnlaugsstöðum alls 20 hundruð og átta hundruð í Breiðuvík í Borgarfirði.[540]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 15. september 1825 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 22. september 1822, þar sem jarðeigandi Þórður Jónsson makaskipti og afhenti Benedikt Vigfússyni hálfa bóndaeignina Eiða með tilheyrandi bæjum Ormsstöðum, Tókastöðum og hálfum Þuríðarstöðum fyrir jarðirnar hálfan Fjörð með Fjarðarseli í Seyðisfirði, 15 hundruð að fornu gildi.[541]

Hinn 1. júlí 1848 kunngerði Þorsteinn Jónsson sýslumaður að hin svokallaða Eiðatorfa hefði verið seld á uppboði þann 15. maí 1848 til Jóhanns Péturssonar á Arnórsstöðum. Eiðatorfan samanstóð af jörðunum Eiðum, Ormsstöðum, Gröf, Tókastöðum og Þuríðarstöðum í Eiðahreppi og Hóli (með Grenmó) í Hjaltastaðahreppi, samtals 60 hundruð að dýrleika. Kaupbréfið var þinglesið á Egilsstöðum þann 14. maí 1849.[542] Í dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1848–1855 er skráð að við manntalsþing að Egilsstöðum 14. maí 1849 hafi verið lesið afsalsbréf, dagsett 15. júlí 1848, fyrir jörðinni Eiðum með undirliggjandi hjáleigum til Jónatans Péturssonar.[543]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Þuríðarstaði:

> 1, Þuríðarstaðir
>
> Eydijörd, brúkuð sem afrétt frá Eydahrepp, og goldið eptir landið um nokkur ár sem eptir 4$^{hndr}$. Þá jörd álíta vyrðingarmenn lítt byggi lega, og meta hana allir sameiginlega á 100$^{\underline{rbd}}$.[544]

536 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 98–99, skjal nr. 4(18).
537 *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 185–187, skjal nr. 4(66).
538 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 686, skjal nr. 4(67).
539 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 405–406, skjal H-11.
540 Skjal nr. 2(650).
541 Skjal nr. 2(443).
542 Skjöl nr. 2(121) og 2(163).
543 Skjal nr. 2(638).
544 Skjal nr. 2(74).

Í biskupsvísitasíu fyrir Eiðakirkju frá 4. ágúst 1850 segir eftirfarandi um jörðina Þuríðarstaði:

> Þuríðarstaði 12 hndr. eyðijórð, nú afréttur,[545]

Í vitnisburði Gísla Nikulássonar, dagsettum 13. febrúar 1853, segir eftirfarandi um landamerki milli Þuríðarstaða og Fjarðarkirkjulands:

> Að efftir því sem jeg hef heirt frá því fyrst jeg til man og Sira Petur Sál. Jonsson biggði mér þiriðarstaði, þá nær Þuriðarstaða land innað Slenjudalsá, og ad Sunnann verðu á Slenjudalsháls, eda Jaðar þann sem sjest af almenníngs veigi, og svo rétt upp í fremri grjótá í drögunum[546]

Á sama skjal er skráður vitnisburður B. Jónsson á Eyvindará og Jóns Einarssonar á Finnsstöðum um að nefnd landamerki hafi verið þau sömu milli Fjarðar og Eiðakirkju.[547]

Hinn 6. maí 1853 lögfesti Jónatan Pétursson land Þuríðarstaða með tilgreindum landamerkjum. Lögfestan var þinglesin á Egilsstöðum 23. maí 1853 og er texti hennar eftirfarandi:

> Eg Jónathan Petursson Lögfesti hér í dag eignarjörð mína eidijörðina Þurídarstadi liggjandi í Eyda kirkju sókn sunnanverdri edur í svokölluðum Reydarfjardardölum, tólf hundruð ad dýrleika. Lögfesti eg þessarar jarðar holt og haga skóg og allar landsnytjar sem henni fylgir og fylgt hefir ad fornu og nýu og með réttu fylgja á til þeirra merkja á landinu er jeg nú tilgreini: að utanverðu í Valagilsá sem rennur af fjalli ofan í Eyvindará sem ræður landamerkjum að vestanverðu allt inn að Slenjudalsá og svo upp með téðri á á Slenjudals háls edur jadar þann sem sjest af almennings vegi og svo rétt upp í grjótárdrög. Fyrirbýd eg hverjum manni að yrkja edur nota tédrar jarðar land innan þessara ummerkja nema mitt sé leyfi til. Sömuleidis fyrirbýd eg nágrönnum beit og búendum geldfjárrekstur nær Þurídarstada landi en til er greint í landsl.b. XLI og XLVI Capítulum nema mitt sé lof edur leyfi til.[548]

Hinn 26. maí 1858 lögfesti Jónatan Pétursson eignarjörð sína Þuríðarstaði í Eyvindarárdal með tilgreindum takmörkum. Lögfestan var þinglesin á manntalsþingum á Egilsstöðum þann 3. júní 1858 og á Skorrastað 11. júní sama ár. Skráð er í afsals- og veðmálabók að Hjálmar Hermannsson hreppstjóri áskildi eigendum Fjarðar í Mjóafirði rétt til mótmæla. Texti lögfestunnar er eftirfarandi:

> Hjermed lögfesti jeg undirskrifaður eignarjörd mína Þuríðarstaði í Eiðaþinghá innan Suðurmúla sýslu með öllum gögnum og gæðum innan eptir fylgjandi landamerkja, sem eru þessi: utanfrá Valagilsá allt fram að Slenjudalsá, og svo upp með með tjedri á, á háls brún þá edur jaðar, sem sjest af almennings vegi, og svo rjett upp í Fremri Grjótá á dröngunum, og má engin brúka land þetta til notkunar innan ofanskrifadra landamerkja, án eigandans leyfis.[549]

Við manntalsþing að Egilsstöðum 27. maí 1858 var þinglesin lögfesta fyrir landi Þuríðarstaða.[550]

---

545 Skjal nr. 2(652).
546 Skjal nr. 2(143).
547 Skjal nr. 2(143).
548 Skjöl nr. 2(168) og 2(484).
549 Skjöl nr. 2(180) og 2(486).
550 Skjal nr. 2(442).

Í byggingarbréfi til Jóns Bjarnasonar frá Jónatani Péturssyni fyrir jörðinni Þuríðarstöðum, dagsettu 6. apríl 1870, segir að jörðin sé 3,2 hundruð að dýrleika. Um landamerkin segir:

> Land alt utann frá Valagilsá allt framm ad Sleniudalsá og upp med tiedri á á halsbrun þá edur jadar sem siest af almennings Veigi[551]

Í vitnisburði Jóns Bjarnasonar um landamerki Þuríðarstaða, dagsettum 24. maí 1883, segir eftirfarandi:

> Landamerki Jarðarinnar Þuríðarstaða, í Eyðaþínghá eru þessi sem nu skal greina; – Svo kölluð – Valagilsá, ræður landamerkjum að utann, austur á svokallaða Gagnheiði enn að framann ræður Slenjudalsá (Sem kölluð er Slenja) og síðann upp með tjeðri á – á fjalsbrún þá, eður jaðar þann er sjest af almennings vegi[552]

Á bakhlið sama bréfs eru skráð landamerki Fjarðar í Mjóafirði og vitnað í fimm þinglýstar lögfestur þar um frá árunum 1784–1852. Þar segir:

> landamerki Fjárðar i Mjóafirði eru þessi, eptir máldögum, – Fjörður á Slenjudal allann á Slenjudals háls að austann og í Grjótá að norða[n]
>
> 5 þínglesnar lögfestur höfum við einninn, sem segja allar hið sama n.l. að Fjörður eigi land á Slenjudals háls að austan enn í ytri Grjótá að norðann. Fyrsta lögfestann er frá 1784 hin síðasta 1852.[553]

Vitnisburðinn undirrita Ólafur Guðmundsson og Ingibjörg Einarsdóttir hinn 12. júní 1884 að Firði.[554]

Í landamerkjalýsingu dagsettri 24. maí 1884 að Þuríðarstöðum, sem var samhljóða byggingarbréfi ábúandans á Þuríðarstöðum, Jóns Bjarnasonar, segir um landamerki Eiðastólsjarðarinnar Þuríðarstaða:

> Svokölluð Valagilsá ræður landamerkjum að utan, austur í svokallaða „Gagnheiði", enn að framan ræður Slenjudalsá sem kölluð er „Slenja", nær landið upp með teðri á, á fjallsbrún þá sem sézt af almennings vegi. Báðar fyrrgreindar ár falla í Eyvindará, sem ræður landamerkjum Þuríðarstaða milli þeirra.[555]

Á spássíu skjalsins er skráð að skjalinu hafi ekki verið þinglýst vegna þess að það hafi vantað undirskriftir allra sem land áttu á móti.[556]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þuríðarstaða er dagsett 22. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Miðhúsum 7. júlí 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Að utanverðu við landið, milli Þuríðarstaða og Dalhúsa, ræður svokölluð „Valagilsá" landamerkjum austur í svokallaða „Gagnheiði". Að framanverðu eða sunnanverðu við Þuríðarstaðaland ræður Slenjudalsá, sem líka er kölluð „Slenja", merkjum; nær landið upp með tjeðri á að landamerkjavörðum Fjarðar í Mjóafirði á Slenjudalshálsi, sunnan árinnar Slenju, eins og þessar merkjavörður sýna og þaðan beina stefnu eptir merkjavörðum út í Grjótá hina „innri".

551 Skjal nr. 2(144).
552 Skjal nr. 2(145).
553 Skjal nr. 2(145).
554 Skjal nr. 2(145).
555 Skjal nr. 2(122).
556 Skjal nr. 2(122).

> Báðar fyrgreindar ár, Valagilsá og Slenjudalsá, renna í Eyvindará. Þessi síðast-nefnda á ræður því landamerkjum að vestanverðu við Þuríðarstaðaland milli Valagilsár og Slenjudalsár.
>
> Eiðum 22. maj 1890
>
> Jónas Eiríksson (umboðsm. Eyðastólsjarða)
>
> Ofanskrifuðum landamerkjum milli Þuríðarstaða og Dalhúsa eru samþykkir:
>
> Óli Halldórsson, Steindór Hinriksson.
>
> Ólafur Guðmundsson (eigandi Fjarðar)[557]

Með byggingarbréfi dagsettu 23. apríl 1891 byggði Jónas Eiríksson jörðina Þuríðarstaði, 3,2 hundruð að dýrleika, til Halldórs Marteinssonar til fimm ára.[558]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Þuríðarstaðir var metin á 600 kr. Jörðin var þá í eyði. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru sýslufélög Múlasýslna.[559]

### *5.9.2 Fjörður í Mjóafirði*

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið í Firði.[560]

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju í Mjóafirði frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Mariukirkia j Miofafirdi a fiordung i heimalanndi med ollum gognumm oc giædumm.
>
> fiordung j widreka þeim sem Miofifiordur a j Krosslannd.
>
> […]
>
> v. gielldneyta afriett j Dala lannd.
>
> […]
>
> portio Ecclesiæ vmm iiij är xij aurar. lauk Ari Oddsson halft annad hundrad j Riukendis jordu.[561]

Í ágripi af bréfi Konráðs Jónssonar um eignir Fjarðarkirkju í Mjóafirði, dagsettu 11. febrúar 1506, segir að kirkjan hafi átt reka, skipsátur, skálavist og eldivið í Höfn í Krosslandi, svo og fyrir Steinsneslandi og í Dalalandi undir Blábjargi.[562]

Í ágripi af bréfi um eign kirkjunnar í Firði í Mjóafirði, dagsettu 28. mars 1542, segir að kirkjunni tilheyri fjórðungur heimalandins sem var metinn á tíu hundruð samkvæmt kaupbréfi Bjarna Erlendssonar og Þorvarðar Jónssonar frá árinu 1542.[563]

---

[557] Skjöl nr. 2(7) og 2(506).
[558] Skjal nr. 2(146).
[559] Skjal nr. 2(95).
[560] *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(15).
[561] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 225, skjal nr. 4(20).
[562] *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 49, skjal nr. 4(68).
[563] *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 712, skjal nr. 4(21).

Í festingarbréfi frá 18. ágúst 1550 kemur fram að Bjarni Erlendsson hafði selt Þorsteini Finnbogasyni jörðina Ketilsstaði fyrir 40 hundruð, hverja hann gaf dóttur sinni Guðríði Þorsteinsdóttur til eignar á giftingardegi. Þá segir í bréfinu að Guðríður ætti í garð Bjarna tvö hundruð hundraða í sinn mála og tilgreindi hann þar til jörðina Ketilsstaði. Þá kvaðst hann hafa gefið henni hálfan staðinn Fjörð í Mjóafirði til fullrar eignar.[564]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Mjóafjarðarkirkju:

> Kirkian i Mioffafirde ä fiordung i heimalande fiordung i vidreka theim. sem Mioffafiordur ä i Kross lande.
>
> afriett i Dalaland.
>
> […]
>
> Jtem hälftt sietta hundradskot.
>
> […]
>
> [Jtem eru af kotenu v. aurar land[skylld].[565]

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfa Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfa Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.[566]

Hinn 10. ágúst 1641 var af prófasti Suður-Múlaprófastsdæmis fjallað um klögun sr. Rögnvaldar Ormssonar um uppihald sitt sem prestur í Firði í Mjóafirði. Fram kemur að kirkjan átti fjórðung í heimalandi og eftirfarandi ítök:

> fiördung J vid reka þeim sem mioefiordur ä J Krosslande, affriett J dalaland, halffu Siötta hundrads kote. Skipstodu,[567]

Í biskupsvísitasíu fyrir Maríukirkju að Firði frá 11. ágúst 1645 segir meðal annars:

> 11 Augu sti. Marjukyrckja Ad firde ä fjordung J heimalande, þad er / epter Jnnsigludu kaupbrieffe Bjarna Erlendssonar og Þorvardar Jönssonar, x. hndr. J heimalande, Datum þess brieffs 1542 þridjudagenn næstann fyrer Ambrosii Episcopi Aa Hóffda á Vóllum med tueimur hängande Jnnsiglum, þann fjördung aa hun med óllum gógnum og giædum. fjordung J vidreka þeim sem Miöefjördur ä J Krosslande, fimm gjelldnauta affrjett J dalaland Jtem Skipstódu. Framar greiner annad Kaupbrieff Daterat 1506, Glumstödum J fliötsdal Midkudagenn J niuviknafóstu, Ad Kodrann Jönsson lyst haffe, ad kyrkjan ætte halffann Reka fyrer óllu Krosslande, Skipsatur og Skalavist og elldevid J hóffn J Krosslande, og fjordung alls Reka fyrer Steinsnesslande, og Skipsät og Skala vist og elldebrand og Rekapart J dalaland vnder blabjarg Var þad brieff med ij Jnsiglum. Framar greiner visitatiuboken Ad kyrkjan eige halfft siótta hundrads kot, enn Jnnsiglad kaupbrieff Bjarna Erlendssonar skyrer, ad Þorvardur Jönsson sellde hónum, halffa Jórdena Reyke, þar J ädurgreindre fjardar kyrckjusokn til fullrar eignar og æffinglegrar etc. enn sálubrieff Kodrans Ad hann haffe lyst ad kyrckjan ætte vj hndr.

[564] *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 796–797, skjal nr. 4(81).
[565] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 690, skjal nr. 4(22).
[566] Skjal nr. 2(389).
[567] Skjal nr. 2(286).

> Jórd Reykena, þar ed næsta og þar Vppa Mäskje domur .S. Herra Odds, og logmannanna, bygge, Dateratur 1629 […] A Alþijnge, huar Jnne seiger Biskupenn haffe frammlagt Mjöafjardar Mäldaga suolatande Medal annara orda, Jtem vj hndr. kot, enn huor […] hier vti skule Mest räda, setur Biskupenn vnder lagadöm[568]

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 5. september 1706, 28. júní 1727, 8. ágúst 1748, 15. febrúar 1780, prófastsvísitasíum frá 21. ágúst 1818, 14. ágúst 1835, 10. júlí 1845 og 16. júlí 1864 og texta í kirkjustól Fjarðarkirkju, dagsettum 2. október 1757 og 22. júní 1759.[569] Í biskupsvísitasíunum frá 1706 og 1727 og prófastsvísitasíunni er enn fremur greint frá landamerkjum.[570] Lýsingin er svohljóðandi í fyrrnefndu vísitasíunni:

> item stadarins land frä kirkiu þufu, ä sleniudals Häls fyrer austan, og i Griötä fyrer nordan, og i Borgarä hid efra, enn i sinn farveg hid nedra. So lätandi bref sem hier fyrer ofanstendur hafa underskrifader menn Sied og hier vid samanlesed, efter þvj sem þeir kunnu nærst ad komast, hliödande umm eign og itók Mariukirkiu i Miöafyrde, og þad bref med þremur heilum hangande innsiglum og fiörda brakudu. til merkes undir skrifud nófn, asamt undersett Sigent A$^{\underline{o}}$ 1690. þann 30 Martii a Skridu Klaustrj i Fliotsdal.
>
> Besse Gudmundsson meh. (L.S.) biarne .p. Einarsson eghd. (L.S.)
>
> Biórn Niculasson meh. (L.S.) Jon Arnason meh. (L.S.).[571]

Við skoðun á Fjarðarkirkju 19. október 1743 voru skoðuð spjöll sem urðu á kirkjustaðnum vegna skriðuhlaupa úr fjallinu fyrir ofan bæinn. Einnig var rætt um að lækka kúgildafjölda jarðarinnar.[572]

Í kirkjustól Fjarðarkirkju er fært inn þann 14. ágúst 1780 að kirkjan eigi 18 hundruð í jörðinni Firði en bóndaeignin sé 17 hundruð.[573]

Hinn 2. júní 1781 var tekið fyrir að mæla tún í Firði til deilingar milli prests og bónda.[574]

Hinn 22. maí 1783 skrifaði Geir Vídalín biskup til sr. Jóns Þorlákssonar á Hólmum og tjáði honum að Hermann Jónsson hafi keypt jörðina Fjörð. Í bréfi biskups er fjallað um veð sem var á jörðinni en biskup hafði einnig athugasemdir við söluna og sagði að Hermann þyrfti að ganga að ákveðnum kostum svo kaupin myndu standa.[575]

Við úttekt á Fjarðarkirkju 4. júlí 1783 kom fram að ekkjan Ingibjörg Árnadóttir hafði veðsett átta hundruð í jörðinni til kirkjunnar fyrir 11 innistæðukúgildi. Jón Thorlaksson, sem tók við veðsetningunni árið 1768, hafði nú borgað þessi kúgildi og var því orðinn fullkominn eigandi að þessum hundruðum í jörðinni.[576]

---

568 Skjal nr. 2(287).
569 Skjöl nr. 2(288)–2(291), 2(312) og 2(317)–2(320).
570 Skjöl nr. 2(288)–2(289) og 2(317).
571 Skjal nr. 2(288).
572 Skjal nr. 2(311).
573 Skjal nr. 2(313).
574 Skjal nr. 2(314).
575 Skjal nr. 2(315).
576 Skjal nr. 2(316).

Í lögfestu Hermanns Jónssonar og Halldórs Pálssonar, dagsettri 1. mars 1784, fyrir eignar- og kirkjujörðinni Firði segir eftirfarandi:

Vid undir Skrifadir lögfestumm Hier med Eignarjörd okkar Fiörd i Mióafyrdi liggiandi i siálfrar sinnar kyrkiusók[n] med öllumm þeim gögnumm og giædumm, Eignumm, jtökumm og Hlunnindumm til lands og Siáfar, sem greindri jördu Fyrdi fylgia og fylgia ega, eptir eldri og jngri máldögumm, samt ödrumm löglegumm adkomstar titlumm, so sem giöfumm, sölumm makaskiptumm edur hefd. Lögfestumm vid greindt Stadarland i þessi takmörk, nefnilega: frá Kyrkiuþúfu til fialls og fiöru og á Sleniudalsháls fyrir austann, enn i jtri Griótá fyrir nordann, samt Sleniudal allann jnnann tiedra takmarka, og i Borgará Hid efra, enn i sinn farveg jtsta -Hid nedra.

> Hier ad auk lögfestumm vid kyrkiunar 10 hndr. sem er fiórdi partur i öllu Fiardar Heima landi, med gögnumm og giædumm, 3 hndr. i Jördunni Reikiumm jnnann sömu sóknar, leigufær til Húsa, vervist i Höfn i Kross landi, fiórdúng i Reka fyrir sama landi, fiórdúng i öllumm Reka fyrir öllu Steinsnes landi. Jtem, Skipstödu og Skálagiörd i Steinsnes vogie, kú i Drángshvammi, Skipstödu og Skálagiörd i Dölumm, Rekapart úr afriettar á sydstu, og allt i Stálid undir blábiargi, samt afriett i Dala landi.[577]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingi að Egilsstöðum hinn 14. maí 1784.[578]

Í lögfestu Hermanns Jónssonar og Halldórs Pálssonar, dagsettri 24. júní 1796, fyrir eignar- og kirkjujörðinni Firði segir eftirfarandi:

> Vid undir Skrifadir Lögfestumm Hier med Egnarjörd okkar Fiörd i Mióafyrdi liggiandi i siálfrar sinnar kyrkiusókn med öllumm þeim gögnumm og giædumm, Eignumm, jtökumm og Hlunnindumm til lands og Siáfar, sem greindri jördu Fyrdi fylgia og fylgia ega, eptir eldri og jngri máldögum, samt ödrumm löglegumm adkomstar titlumm, so sem giöfumm, sölumm makaskiptumm edur Hefd. Lögfestumm vid greindt Stadarland i þessi takmörk, nefnilega frá Kyrkiuþúfu til fjalls og fiöru og á Sleniudalsháls fyrir austann, enn i ytri Griótá fyrir nordann samt Sleniudal allann jnnann tiedra takmarka, og i Borgará hid efra, enn i sinn farveg ytsta Hid nedra.
>
> Hier ad auk lögfestumm vid kyrkiunnar 10 hndr. sem er fiórdi partur i öllu Fiardar Heimalandi, med gögnumm og giædumm 3 hndr. i Jördunni Reikiumm jnnann sömu Sóknar, leigufær til Húsa, vervist i Höfn i Kross landi fiórdung i Reka fyrir sama landi, fiórdúng i öllumm Reka fyrir Steinsneslandi. Jtem, Skipstödu og Skálagiörd i Steinsnes vogi, kú i Drangshvammi, Skipstödu og Skálagiörd i Dölumm, Rekapart úr afriettar á sidstu og allt i Stálid undir blábiargi, samt afriett i Dalalandi.[579]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingi að Egilsstöðum hinn 22. maí 1797.[580]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Fjarðar metinn 40 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Hermann Jónsson hreppstjóri að ¾ hlutum og Fjarðarkirkja að ¼ hluta.[581]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 31. maí 1814 var upplesið gjafa- og afhendingarbréf, dagsett 12. júní 1813, þar sem Hermann Jónsson jarðeigandi gaf

[577] Skjal nr. 2(123).
[578] Skjal nr. 2(123).
[579] Skjal nr. 2(124).
[580] Skjal nr. 2(124).
[581] Skjal nr. 2(48).

Halldóri Pálssyni fóstursyni sínum hálfan heimastaðinn Fjörð í Mjóafirði með helmingi kotanna Árness og Fjarðarkots.[582]

Í lögfestu Hermanns Jónssonar og Halldórs Pálssonar, dagsettri 4. maí 1816 að Firði, fyrir eignar- og kirkjujörðinni Firði segir eftirfarandi:

> Wid undirSkrifadir Løgfestumm Hier med EignarJørd Okkar Fyørd i Mióafyrde Liggiande i siálfrar sinnar Kyrkiusókn med öllum þeim gögnumm og giædumm Eignum Jtökumm og Hlunnindumm til Lands og Siáfar, sem greindre Jördu Fyrde filgia og filgia Eiga efter Elldre og Jngre Máldögumm samt Ødrumm Löglegumm adkomstar titlumm so sem giöfumm sölum, makaskiftumm, edur Hefd.
>
> Løgfestumm vid greinds Stadarlandi þessi Takmörk nefnelega, frá Kyrkiuþúfu til fialls og fiöru, og á Sleniudalsháls fyrir austann, enn i Itri griótá fyrir nordann, samt Sleniudal allann Jnnann tiedra takmarka, og í Borgar á Hid efra enn i sinn farveg Jtsta Hid nedra.
>
> Hier ad auk Lögfestumm vid Kyrkiunnar 10 hndr. sem er firórde partur i öllu Fyardar HeimaLande, med gögnumm og giædumm 3 hndr. i Jördunne Reikiumm innann sömu sóknar Leigu fær til Húsa, vervist i Höfn i KrossLande, fiórdúng í Reka fyrir sama Lande, fiórdúng i öllumm Reka fyrir Steinsnes Lande, Jtem Skipstödu og skála giörd i Steinsnes voge, kú i Drángs Hvamme, skipstödu og skálagiörd i Dölumm, Rekapart úr afriettar á sidstu og allt i stálid undir blábiargir, samt af Rietti Dala Lande.[583]

Lögfestan var þinglesin á hreppamóti að Eiðum hinn 10. júní 1816 og á manntalsþingi að Egilsstöðum hinn 25. júní 1818. Einnig var þinglesin pro memoria, sem rituð er á sama skjal, dagsett 4. maí 1816, varðandi gjaldtöku fyrir fé sem rekið var án leyfis í Fjarðarland.[584]

Við manntalsþing að Skorrastað 19. júlí 1836 var upplesin skiptaakt, dagsett 5. október 1835, þar sem Halldór Pálsson bóndi útlagði til eignar þrettán og hálft hundrað í jörðinni Firði í Mjóafirði.[585]

Hinn 10. júlí 1840 seldi Halldór Pálsson Einari Halldórssyni 15 hundruð að fornu mati í jörðinni Firði í Mjóafirði, að fráreiknuðum fimm hundraða kirkjuparti, en með hjáleigunni Árnesi. Afsalsbréfið var þinglesið á manntalsþingi að Skorrastað þann 13. júlí 1840. Sérstaklega var getið um að Halldór hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir því selda.[586]

Hinn 20. maí 1845 lögfesti Einar Halldórsson land Fjarðar í Mjóafirði innan tilgreindra landamerkja. Lögfestan var þinglesin fyrir manntalsþingsrétti að Egilsstöðum þann 22. maí sama ár. Texti lögfestunnar er eftirfarandi:

> Eg undirskrifadr logfesti hermed Eygnarjörd mína Fiord í Mjóafirdi liggjandi í siálfrar sinnar kyrkjusókn med öllum þeim Gögnum og Giædum Eygnum og Itökum og hlunnindum til Lands og Sióar sem greindri Jordu Firdi fylgia og fylgia eiga eptir eldri og yngrí Máldögum, samt odrum löglegum Adkomsta titlum, svo sem Giöfum Sölum Makaskiptum edr hefd. Lögfesti eg greindt Stadarland í þessi takmörk nefnilega frá Kirkjuþúfu til Fialls og Fiöru á Slenjudals Háls fyrir austan; en í ytri Grjótá fyrir nordan

582 Skjal nr. 2(473).
583 Skjal nr. 2(125).
584 Skjöl nr. 2(125) og 2(480).
585 Skjal nr. 2(481).
586 Skjöl nr. 2(150) og 2(482).

samt Slenjudal allan innan tedra takmarka; og í Borgara hid efra en í sinn Farveg ytsta hid nedra

Her ad auk logfesti eg kirkjunnar 10 hndr. sem er 4$^{di}$ Partr úr ollu Fiardar heimalandi med gognum og giædum, 3 hndr. i Jordinni Reikjum innan sömu Sóknar Leigufær til Húsa; Vervist í Höfn í Krosslandi, Fiordung í Reka fyrir sama Landi Fiórdung í öllum Reka fyrir Steinsnes Landi, item Skipstödu og Skálagiörd á Steinsnesvogi, kú í Drangshvammi, Skipastödu og Skalagiörd í Dölum. Rekapart úr Afrettar á sydstu og allt í Stálid undir Blábiargi samt Afrett í Dalalandi

Fyrirbíd eg hvörjum manni ádrnefndt Fiardarland, sér ad hagnyta beita edr brúka edr yrkia án míns Leyfis edr vitundar. dyrfist nokkur her í móti ad giöra mætir hann þeim Fimtarstefnu dómi sem Lögin áskilia og Landnamssekt med.

Ad sídustu framkallast allir þeir sem annadhvort þykiast ega Itök í Fiardarkirkju edr bondaeygnar Landi edr meina ad eg lögfesti um Landamerki fram, ad þeir fram komi med þeirra Skiöl og Skilríki sem þessari Logfestu hnekkja kunna innan Fimtar frá hennar auglysíngu og upplesníng á manntalsþingi ad Egilsstodum.[587]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fjörður metin 28 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[588]

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólmum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Þar segir að í heimalandi Dvergasteins væri enginn skógur, en lítilsháttar skógarkropp væri í Firði í Mjóafirði.[589]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fjörð:

4. Fjörður

med hjáleigunni Fjarðarkoti, þar eru ekki landamerki á milli. – Einar Halldórsson er og eigandi að þeirri jörd og er því eigi med ad virda hana. – Þar eru tún gód, en hætt er við áhlaupum á þau og víðar á landid; engjar miklar en mjög örðugar; útigángur góður og landmikið; skógur nokkur. Þar til heyrir rekaítak í Steinsness- og Kross-landi og undir Skálaness-bjargi. – Þessa jörd meta 2$^{r}$ virðíngarmanna á 1250$^{rbd}$, 1. á 1150$^{rbd}$ og 1. á 1100$^{rbd}$; verdur þá meðaltalan af þessum summum, skiptum með 4, virdíngarverð jardarinnar, eda 1187 ½ $^{rbd}$.[590]

Hinn 20. maí 1852 lögfesti Einar Halldórsson allt land Fjarðar með tilgreindum takmörkum. Lögfestan var þinglesin á Skorrastað og Egilsstöðum. Í afsals- og veðmálabók er skráð að þingið á Skorrastað hafi farið fram þann 11. júní 1852 en í dóma- og þingbók segir að þingið hafi farið fram 12. júní 1852. Þingið á Egilsstöðum fór 23. maí 1853. Texti lögfestunnar er eftirfarandi:

Eg undirskrifaður lögfesti hérmeð eignarjörð mín Fjörð í Mjóafirði liggjandi í sjálfrar sinnar kirkjusókn með öllum þeim gögnum og gjædum, eignum og ítökum og hlunnindum til lands og siófar sem greindri jördu Firði fylgja og fylgja eiga eptir eldri og yngri máldögum, samt ödrum löglegum adkomstar titlum svosem gjöfum, sölum, makaskiptum edur hefd; lögfesti eg greinds staðar land í þessi takmörk, nefnilega: frá kirkjuþúfu til fjalls og fjöru og á Slenjudalsháls fyrir austan en ytri Grjótá fyrir norðan samt Slenjudal allan innan tédra takmarka og í borgará hið efra en í sinn farveg ytsta hið neðra. – Héraðauk lögfesti eg kirkjunnar 10 hndr. sem er fjórði partur í öllu Fjarðar heimalandi með gögnum og gjædum 3 hndr. í jörðunni Reykjum innan sömu sóknar

[587] Skjöl nr. 2(126), 2(160) og 2(478).
[588] Skjal nr. 4(1), bls. 372.
[589] Skjal nr. 2(380).
[590] Skjal nr. 2(73).

> leigufær til húsa vervist í Höfn í Krosslandi, fjórdúng í reka fyrir sama landi, fjórdúng í öllum reka fyrir Steinsnes landi item í skipstöðu og skálagjörð í Steinsnesvogi, Kú í drángshvammi, skipstöðu og skálagjörð í Dölum, rekapart úr afrettará sydstu og alt í stálið undir blá bjargi, samt afrétt í Dala landi; fyrirbíd eg hverjum manni ádurnefnt Fjarðarland sjer að hagnýta, beita eða brúka edur yrkja, án míns leyfis eda vitundar. – Dyrfist nokkur hér í mót að gjöra mætir hann þeim fimtar stefnu dómi sem lögin áskilja og landnámssekt með. – Að sídustu framkallast allir þeir sem annað hvort þykjast eiga ítök í Fjarðar kirkju eður bónda eignarlandi edur meina að eg lögfesti um landamerki fram, að þeir framkomi með þeirra skjöl og skilríki sem þessari lögfestu hnekkja kunna innan fimta frá hennar auglýsingu á manntalsþíngi á Eigilsstödum.[591]

Í vitnisburði Gísla Nikulássonar, dagsettum 13. febrúar 1853, segir eftirfarandi um landamerki milli Þuríðarstaða og Fjarðarkirkjulands:

> Að efftir því sem jeg hef heirt frá því fyrst jeg til man og Sira Petur Sál. Jonsson biggði mér þiriðarstaði, þá nær Þuriðarstaða land innað Slenjudalsá, og ad Sunnann verðu á Slenjudalsháls, eda Jaðar þann sem sjest af almenníngs veigi, og svo rétt upp í fremri grjótá í drögunum[592]

Á sama skjal er skráður vitnisburður B. Jónsson á Eyvindará og Jóns Einarssonar á Finnsstöðum um að nefnd landamerki hafi verið þau sömu milli Fjarðar og Eiðakirkju.[593]

Hinn 13. febrúar 1853 seldi og afhenti H. Hermannsson 15 hundruð í Firði að fornu gildi með hjáleigunni Asknesi, til Einars Halldórssonar, sem fékk á móti þrjú hundruð í Reykjum í Mjóafirði. Makaskipta- og kaupbréfið var þinglesið á Skorrastað þann 7. júní 1854. Sýslumaður gat þess að í afsals- og veðmálabók sjáist ekki að seljandi hafi haft þinglesinn eignarrétt til hinnar seldu jarðar.[594]

Við manntalsþing að Skorrastað 7. júní 1854 var þinglesið afsalsbréf H. Hermannssonar fyrir jörðinni Firði í Mjóafirði. Kaupverðið var 1.200 ríkisdalir og þrjú hundruð í jörðinni Reykjum.[595]

Við manntalsþing að Skorrastað 11. júní 1858 var þinglesin lögfesta fyrir Þuríðarstaðarlandi. Hjálmar Hermannsson hreppstjóri áskyldi eigendum jarðarinnar Fjarðar í Mjóafirði, þeim ekkjunni Önnu Jónsdóttur og ómyndugum börnum hennar sem hann var fjárhaldsmaður fyrir, rétt til mótmæla gegn lögfestunni. Við sama þing voru þinglesnir lóðseðlar Guðlaugar og Ingibjargar Einarsdætra frá Firði.[596]

Hinn 7. september 1860 seldi Anna Jónsdóttir syni sínum Ólafi Guðmundssyni fimm hundruð í jörðinni Firði í Mjóafirði. Afsalsbréfið var þinglesið að Skorrastað þann 30. júní 1865. Sýslumaður gat þess að afsals- og veðmálabókin bæri það ekki með sér að seljandi hafi haft þinglesna heimild fyrir hinu selda.[597]

---

591 Skjöl nr. 2(127), 2(167) og 2(483)–2(484).
592 Skjal nr. 2(143).
593 Skjal nr. 2(143).
594 Skjal nr. 2(171).
595 Skjal nr. 2(485).
596 Skjal nr. 2(486).
597 Skjal nr. 2(187).

Hinn 10. október 1863 seldi Anna Jónsdóttir syni sínum Ólafi Guðmundssyni þrjú hundruð úr eignarjörð sinni Firði í Mjóafirði. Afsalsbréfið var þinglesið að Skorrastað þann 30. júní 1865. Sýslumaður gat þess að afsals- og veðmálabókin bæri það ekki með sér að seljandi hafi haft þinglesna heimild fyrir hinu selda.[598]

Við manntalsþing að Skorrastað 30. júní 1865 var þinglesið kaupbréf, dagsett 7. september 1860 þar sem Anna Jónsdóttir í Firði seldi Ólafi Guðmundssyni í Firði fimm hundruð í greindri jörð. Við sama þing var þinglesið kaupbréf, dagsett 10. október 1863, þar sem Anna Jónsdóttir í Firði seldi Ólafi Guðmundssyni sama staðar þrjú hundruð úr Firði.[599]

Við skoðun á Fjarðarkirkju 2. ágúst 1870 var skoðað hvernig grjótskriður höfðu fallið á túnið og heim að bænum og kirkjugarðinum.[600]

Við aukarétt 31. mars 1875 voru útnefndir þeir Konráð Sveinsson bóndi á Reykjum og Árni Vilhjálmsson bóndi á Hofi til að halda skoðunargjörð yfir þau spjöll sem urðu þegar skriða féll á jörðina Fjörð í Mjóafirði haustið 1874. Framlagt fyrir réttinn var bréf bóndans í Firði um þetta efni, dagsett 24. febrúar 1874.[601]

Við aukarétt 26. apríl 1875 var tekið fyrir að eiðfesta skoðunarmenn þá sem, 31. mars 1875, voru útnefndir til að halda skoðunargjörð á spjöllum þeim sem jörðin Fjörður í Mjóafirði varð fyrir af skriðu haustið 1874. Skoðunargerðin var framlögð og skoðunarmennirnir Ólafur Guðmundsson bóndi og Hjálmar Hermannsson hreppstjóri á Brekku unnu eiða sína. Talsmaður eiganda Fjarðar hafði ekkert við skoðunargjörðina að athuga, en óskaði að hún yrði send amtinu til frekari ráðstöfunar.[602]

Í vitnisburði Jóns Bjarnasonar um landamerki Þuríðarstaða, dagsettum 24. maí 1883, segir eftirfarandi:

> Landamerki Jarðarinnar Þuríðarstaða, í Eyðaþínghá eru þessi sem nu skal greina; – Svo kölluð – Valagilsá, ræður landamerkjum að utann, austur á svokallaða Gagnheiði enn að framann ræður Slenjudalsá (Sem kölluð er Slenja) og síðann upp með tjeðri á – á fjalsbrún þá, eður jaðar þann er sjest af almennings vegi[603]

Á bakhlið sama bréfs eru skráð landamerki Fjarðar í Mjóafirði og vitnað í fimm þinglýstar lögfestur þar um frá árunum 1784–1852. Þar segir:

> landamerki Fjárðar i Mjóafirði eru þessi, eptir máldögum, – Fjörður á Slenjudal allann á Slenjudals háls að austann og í Grjótá að norða[n]
>
> 5 þínglesnar lögfestur höfum við einninn, sem segja allar hið sama n.l. að Fjörður eigi land á Slenjudals háls að austan enn í ytri Grjótá að norðann. Fyrsta lögfestann er frá 1784 hin síðasta 1852.[604]

598 Skjal nr. 2(188).
599 Skjal nr. 2(487).
600 Skjal nr. 2(321).
601 Skjal nr. 2(488).
602 Skjal nr. 2(492).
603 Skjal nr. 2(145).
604 Skjal nr. 2(145).

Vitnisburðinn undirrita Ólafur Guðmundsson og Ingibjörg Einarsdóttir hinn 12. júní 1884 að Firði.[605]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Fjarðar er dagsett 8. júlí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Skorrastað 14. júlí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki eignarjarðar okkar Fjarðar í Mjófafirði eru þessi, eptir sönnunum og samkomulagi við jarðeigendur þá, er eiga lönd að Firði:
>
> Að austan eru þau þessi, norðanfjarðar: „Borgará“ að ofan, ofan að „Borgarárfossi“, þar fyrir neðan ræður gil það, er liggur ofan fyrir utan ána ofan á „Borgareyrarodda“, eptir læknum í gilinu og eptir laut þeirri á eyrinni, er liggur ~~ofan fyrir utan~~ frá borgartóptinni ofan á oddann og sem varða er hlaðin í.
>
> Sunnanfjarðar ~~og~~ eru þau „Arnarbólaklettur“, þar sem merkt er stofunum F.A. (Fjörður, Asknes) og beint þaðan til fjalls á „Grjótbrún“, þar sem merkjavörður eru hlaðnar og þaðan beint í fjallaeggjar. Að vestan eru landamerkin á „Slenjudalshálsi“ sunnan árinnar „Slenju“ eins og landamerkjavörður sýna og þaðan bein stefna eptir „Merkjavörðum“ út í Grjótá hina innri. Á aðrar hliðar ráða fjallaeggjar, og er allt það land er innan tjeðra takmarka liggur, eign jarðarinnar Fjarðar. –
>
> Talið er að kirkjan í Firði eigi einn fjórða hluta af heimalandi Fjarðar, þar að auki á kirkjan í Firði hálfa jörðina Reyki í Mjófafirði. Hún (kirkjan) á vervist í höfn á Krosslandi, fjórðapart í trjáreka fyrir sama landi, fjórðapart í öllum reka fyrir Steinsneslandi, ennfremur skipsstöðu og skálagerð skammt frá vegum í Steinsnessvogi; hún á kú í stokki í „Drangshvammi“, ennfremur skipsstöðu og skálagerð í í Dölum. Rekapart á kirkjan frá „Afrjettará“ og að „Stálormi“ undir „Blábjargi“, 25 nauta afrjett í Dalalandi, samkvæmt Wilchins máldaga. –
>
> Skorrastaðar kirkja á viðarteig í „Mýrarskógi“ í Fjarðarlandi í Mjófafirði.
>
> Firði 8. júlí 1884.
>
> Ólafur Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson eigendur og umráðamenn.
>
> HHermannsson.
>
> ÞJ.Halldórsson.
>
> Vilhjálmur Hjálmarsson eigandi Skóga.
>
> A. Vilhjálmsson
>
> Magnús Eiríksson.
>
> Jón Bjarnason á Þuríðarstöðum.
>
> Sveinbjörn Sveinsson.
>
> Jónas P. Hallgrímsson pastor loci
>
> Við undirskrifaðir álítum að hið svonefnda „Stál“ undir „Blábjargi“, er prófastsvisitatia Fjarðarkirkju frá. ? nefnir takmörk að norðan fyrir rekaparti Fjarðarkirkju þar, sje það, sem nú er kallaður „Stálormur“, þar eð örnefnið „Stál“ er alls ókunnugt nú á dögum og eigendur Dalalands Dalalands, þar sem rekapartur Fjarðarkirkju er, og björgunarmenn rekans hafa skoðað það svo og skoða enn, og sem hafa haldið til skila, til Fjarðarkirkju reka af strandlendinu frá „Afrjettará“ að „Stálormi“, án þess kirkjuhaldendur Dvergasteinskirkju, er reka á næst fyrir norðan, hafi átalið það.

605 Skjal nr. 2(145).

Firði 8. júlí 1884.

Samkvæmt umboði prestsins sra Jóns Bjarnasonar á Seyðisfirði frá 7. maí næstl. um að gjöra þessa ályktun fyrir sína hönd.

HHermannsson.

Ólafur Guðmundsson.[606]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 14. júlí 1884 var þinglesin landamerkjaskrá Fjarðar í Mjóafirði með Koti.[607]

Við manntalsþing að Brekku í Mjóafirði 21. maí 1901 var upplesin friðlýsing fyrir Fjarðarlandi, fjörunni í kring frá Borgareyri út gagnvart henni sunnan megin frá 1. apríl til 31. ágúst. [608]

Við manntalsþing að Mjóafirði 19. júní 1913, var samkvæmt ósk hlutaðeigandi, friðlýst fyrir skotum fyrir landi Fjarðar, Skógum og Brekku í Mjóafirði fyrir tímabilið 1. maí til 1. september.[609]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Fjörður var metin á alls 6.500 kr., þ.e. tvær hálflendur, önnur á 3.200 kr. og hin á 3.300 kr. Auk þess voru býlin Fjarðarkot og Völvuholt í landi Fjarðar. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin á mikið og grösugt upprekstrarland sem þó var aðeins nýtt fyrir heimafénað. Eigandi jarðarinnar, þ.e. beggja hálflenda, var Katrín Sveinsdóttir.[610]

Við manntalsþing að Brekku í Mjóafirði 19. júlí 1932 var þinglesin friðlýsing fyrir skotum í og fyrir Fjarðarlandi.[611]

#### *5.9.2.1 Fjarðarkot í Mjóafirði*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Fjarðarkots ekki tilgreindur en jörðin var hjáleiga frá Firði.[612]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 31. maí 1814 var upplesið gjafa- og afhendingarbréf, dagsett 12. júní 1813, þar sem Hermann Jónsson jarðeigandi gaf Halldóri Pálssyni fóstursyni sínum hálfan heimastaðinn Fjörð í Mjóafirði með helmingi kotanna Árness og Fjarðarkots.[613]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fjarðarkot ekki metin sérstaklega en jörðin er skráð sem hjáleiga Fjarðar.[614]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er fjallað um Fjarðarkot sem hjáleigu frá Firði. Þar segir eftirfarandi:

606 Skjal nr. 2(8).
607 Skjal nr. 2(475).
608 Skjal nr. 2(489).
609 Skjal nr. 2(490).
610 Skjal nr. 2(96).
611 Skjal nr. 2(491).
612 Skjal nr. 2(49).
613 Skjal nr. 2(473).
614 Skjal nr. 4(1), bls. 372.

> 4. Fjörður
>
> med hjáleigunni Fjarðarkoti, þar eru ekki landamerki á milli. – Einar Halldórsson er og eigandi að þeirri jörd og er því eigi med ad virda hana. – Þar eru tún gód, en hætt er við áhlaupum á þau og víðar á landid; engjar miklar en mjög örðugar; útigángur góður og landmikið; skógur nokkur. Þar til heyrir rekaítak í Steinsness- og Kross-landi og undir Skálaness-bjargi. – Þessa jörd meta 2$^{r}$ virðíngarmanna á 1250$^{rbd}$, 1. á 1150$^{rbd}$ og 1. á 1100$^{rbd}$; verdur þá meðaltalan af þessum summum, skiptum með 4, virdíngarverð jardarinnar, eda 1187 ½ $^{rbd}$.[615]

Hinn 24. apríl 1865 afhenti Anna Jónsdóttir Eiríki Pálssyni, tengdasyni sínum, tvö hundruð úr jörðinni Fjarðarkoti í Mjóafirði. Afsalsbréfið var þinglesið á Skorrastað þann 12. júlí 1871. Sú athugasemd var gerð með að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést eignarheimild Önnu fyrir umgetnum parti.[616]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 14. júlí 1884 var þinglesin landamerkjaskrá Fjarðar í Mjóafirði með Koti.[617]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Fjarðarkot.

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Fjarðarkot var metin á 3.000 kr. og sem hluti heimajarðarinnar Fjarðar. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Katrín Sveinsdóttir.[618]

#### *5.9.2.2 Friðheimur í Mjóafirði*

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er Friðheims getið sem húss með lóð sem stendur við túnið í Firði.[619]

## 5.10 Nærliggjandi jarðir í Norðfirði og Hellisfirði

### *5.10.1 Fannardalur í Norðfirði*

Í biskupsvísitasíu fyrir Skorrastaðarkirkju frá 12. ágúst 1645 er fjallað um Fannardal en þar segir meðal annars:

> Rekstur J fannardal seiger Vilchinsbök, Lambarekstur J fannar dal Visitatiuböken, lambaafrjett J fannardal KyrkjuSkräen fyrer framan liosä, og Vidarteig fyrer nordan[620]

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 7. september 1706 og 20. maí 1764 en þar er annars vegar talað um lambarekstur í Fannardal fyrir framan Ljósá og hins vegar viðarteig fyrir norðan eða viðarteig í Fannardalslandi milli Prestsleita.[621] Í biskupsvísitasíu frá 26. júlí 1850 segir að sá viðarteigur sé orðinn upprættur.[622]

---

615 Skjal nr. 2(73).
616 Skjöl nr. 2(202) og 2(479).
617 Skjal nr. 2(475).
618 Skjal nr. 2(96).
619 Skjal nr. 2(96).
620 Skjal nr. 2(294).
621 Skjal nr. 2(295)–2(296).
622 Skjal nr. 2(298).

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Fannardals metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Marteinn Tómasson.[623]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 31. maí 1814 var upplesið afsalsbréf próventumannsins Bjarna Guðmundssonar, með samþykki G. Ögmundssonar verslunarstjóra, á þremur hundruðum í jörðinni Fannardal til Péturs Péturssonar bónda í Karlskála.[624]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 22. maí 1822 var upplesið kaupbréf, dagsett 9. apríl 1818, þar sem Guðrún Runólfsdóttir ekkja seldi Benedikt Þorsteinssyni presti hálfa jörðina Fannardal í Norðfirði, þrjú hundruð að dýrleika. Við sama manntalsþing var upplesið kaupbréf, dagsett 21. apríl 1818, þar sem Pétur Pétursson á Karlskála seldi Benedikt Þorsteinssyni presti hálfa jörðina Fannardal, þrjú hundruð að dýrleika.[625]

Í skýrslu sr. Benedikts Þorsteinssonar, dagsettri 1. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Skorrastaðarprestakalls segir að dýrleiki jarðarinnar hafi verið 12 hundruð ásamt eyðihjáleigunum Stóragerði, Efstagerði, Miðgerði og Götutóptum. Um Oddsdal og Seldal segir:

> Oddsdalur og Seldalur eru Afrettarplats á Sumardag fyrir Gieldfé Prestsins og nokkurra annara Bænda, og á þeim sidarnefnda dal er Heyskapur þá annadhvort þritur Eingi edr ecki vex i Heimalandinu, fyrer brukun Afrettarinar hafa um nokkur ár goldist árlega herum 20 al. enn sá Skogur sem fyrrum var á Seldalshalsi er nú engin ordin[626]

Þá er í skýrslunni fjallað um hjáleigur, rekaítök og ítök í Mýrarskógi í Mjóafirði og Fannardal, en þau tvö síðastnefndu hafi ekki verið nýtt í langan tíma.[627]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fannardalur metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[628]

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólmum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Þar segir að í heimalandi Skorrastaðar yxi enginn viður þar sem heimalandið sé lítið til fjalls. Skógur á Seldalshálsi, hjáleigu heimalandsins, væri að mestu eyddur. Þá segðu máldagar að Skorrastaðarkirkja hefði viðarteig í Fannardal fyrir norðan á og í Mýrarskógi í Mjóafirði en þeir væru fyrir löngu gjöreyddir.[629]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fannardal:

> 8. Fannardalur
>
> Tún er þar allgott, en hætt er því vid skriduhlaupum; engjar eru vídlendar en eigi gódar og hætt vid hlaupum. Þar er vetrarhart, en sumarland sæmilegt og land mikid. Þá jörd meta allir á 336rbd.[630]

[623] Skjal nr. 2(53).
[624] Skjal nr. 2(473).
[625] Skjal nr. 2(474).
[626] Skjal nr. 2(366).
[627] Skjal nr. 2(366).
[628] Skjal nr. 4(1), bls. 373.
[629] Skjal nr. 2(380).
[630] Skjal nr. 2(72).

Í skýrslu sr. Jóns Hávarðarsonar á Skorrastað, dagsettri 28. nóvember 1854, um tekjur og útgjöld Skorrastaðarprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir að dýrleiki jarðarinnar sé óviss. Þá eru taldar upp kirkjujarðir og dýrleiki þeirra. Einnig er í skýrslunni fjallað um tekjur af ítökum og hlunnindum en þar segir um lambarekstur í Fannardal:

> 2. Tekjur af itokum og hlinnindum sem prestakallinu fylgia eptir morgum Visitatjum hvara medal eru Visitatjan af 10 August 1748 og 26 Julii 1850 –
>
> […]
>
> b, Lambarekstur i Fannardal fyrir framan liosa er hvorki leigður né brukaður, þvi ef það á að skiljast svo, að hann sé fyrir innan ána þa synist sialdan edur aldrei þar svo groið um frá færur að nota megi.[631]

Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1993 er skráð landamerkjaskrá um mörk milli Fannardals og Tandrastaða. Skjalið er dagsett 20. júní 1884 og var þinglesið við manntalsþing að Skorrastað 14. júlí 1884. Efni þess er svohljóðandi:

> Við undirskrifaðir eigendur jarðanna Fannardals og Tandrastaða lýsum hjer með yfir að hafa gjört þessi landamerki millum nefndra jarða: Fyrir norðan Norðfjarðará ræður „Fannardalsá“, sem kemur ofan úr svo nefndum „Gæsardal“ og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará. –
>
> Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr „Svartaskoti“ og beint niður í Norðfjarðará.
>
> Þessu til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn. –
>
> Ormsstöðum og Fannardal 20. júní 1884
>
> Guðmundur Magnússon, B. Stefánsson.[632]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 14. júlí 1884 var þinglesin landamerkjaskrá Fannardals í Norðfirði.[633]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 14. júlí 1890 voru þinglesin landamerki Fannardals. Við sama þing voru þinglesin eftirtalin ítök Skorrastaðarkirkju: 12 fóta gröf í Kirkjubólslandi til mótöku, vervist og verstöð á Neslandi, Hvalreki á Mónesi í Barðsneslandi, lambrekstur í Fannardal fyrir framan Ljósá og viðarteig fyrir austan og einn fjórði úr öllum reka fyrir norðan á í Sandvík.[634]

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Skorrastaðar er fjallað um lambarekstur í Fannardal. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Skorrastað 13. júlí 1891. Þar segir eftirfarandi:

> Skorrastaðaarprestakall
>
> á „lambarekstur“ í Fannardal fyrir framan Ljósá og viðarteig þar fyrir norðan.

[631] Skjal nr. 2(369).
[632] Skjal nr. 2(9).
[633] Skjal nr. 2(475).
[634] Skjal nr. 2(476).

Skorrastað 14. júlí 1884.

Jónas P. Hallgrímsson (prestur)

Guðmundur Magnússon (eigandi Fannadals).[635]

Hinn 21. mars 1913 skrifuðu Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson hjá Landsbanka Íslands til sýslumanns og mæltust til að haldið yrði opinbert uppboð á jörðinni Fannardal samkvæmt 17. gr. laga nr. 1 frá 12. janúar 1900.[636]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Fannardalur var metin á 3.100 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi gott og víðlent upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Guðjón Ármannsson.[637]

Við manntalsþing að Nesi í Norðfirði 12. júlí 1920 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 14. október 1919, þar sem eigendur jarðarinnar Fannardals í Norðfirði afsöluðu Guðjóni Ármannssyni í Fannardal téðri jörð. Við sama manntalsþing var þinglesið afsal, dagsett 15. október 1919, þar sem Guðjón Ármannsson afsalaði Jósep Axfirðingi í Norðfirði jörðinni Fannardal.[638]

### *5.10.2 Tandrastaðir í Norðfirði*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Tandrastaða ekki tilgreindur en jörðin var hjáleiga frá Hólum sem var 12 hundraða jörð í eigu Hávarðs Jónssonar.[639]

Við manntalsþing að Skorrastað 21. apríl 1823 var þinglesið skiptaskjal á landamerkjum milli jarðanna Hóla og Tandrastaða í Norðfirði.[640]

Við manntals- og skattaþing að Skorrastað 1. maí 1826 var þinglesið kaupbréf fyrir jörðinni Tandrastöðum, þar sem S. Finnsson prestur seldi til Ísfjarðar barna.[641]

Við manntalsþing að Skorrastað 13. júní 1833 var þinglesið kaupbréf, dagsett 22. apríl 1833, fyrir jörðinni Tandrastöðum þrjú hundruð að dýrleika frá K. Ísfjörð til J. Einarssonar. Við sama manntalsþing var þinglesið makaskiptabréf Jóns Einarssonar við G. Vilhjálmsson, á jörðinni Tandrastöðum og þremur hundruðum úr jörðinni Finnsstöðum.[642] Makaskiptabréfið var einnig þinglesið við manntalsþing að Egilsstöðum 20. júní 1833. Þar er í dóma- og þingbók heiti Tandrastaða skrifað sem Tandrasel.[643]

635 Skjal nr. 2(10).
636 Skjal nr. 2(238).
637 Skjal nr. 2(102).
638 Skjal nr. 2(477). Afsalið sjálft er síðan hluti af skjali nr. 9(7) og það skjal geymir fleiri gögn sem varða yfirfærslu eignarréttar að jörðinni á árunum 1919–2018, sbr. skjalaskrá í fylgiskjali II.
639 Skjal nr. 2(52).
640 Skjal nr. 2(532).
641 Skjal nr. 2(577).
642 Skjal nr. 2(576).
643 Skjal nr. 2(575).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Tandrastaðir ekki metin sérstaklega en er skráð sem hjáleiga Hóla. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður álíti að Tandrastöðum tilheyri þrjú hundruð úr jarðarmati Hóla.[644]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Tandrastaði:

> 10. Tandrastaðir
>
> gömul hjáleiga frá Hólum, nú jörd sér, 3^hndr^ ad dyrleika. Þar er lítill heyskapur bædi af túni og engjum, en útbeit gód og lítid skógarkropp. Þessa jörd meta allir á 174^rbd^.[645]

Hinn 28. október 1857 seldi Þórður Guðmundsson á Eyvindará Bjarna Stefánssyni á Ormsstöðum eitt og hálft hundrað í jörðinni Tandrastöðum. Kaupbréfið var þinglesið á Skorrastað 11. júní 1858.[646]

Hinn 24. febrúar 1859 seldi Gísli Vilhjálmsson á Ormsstöðum Bjarna Stefánssyni á Ormsstöðum eitt og hálft hundrað í jörðinni Tandrastöðum. Afsalsbréfið var þinglesið þann 14. júní 1859.[647]

Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1993 er skráð landamerkjaskrá um mörk milli Fannardals og Tandrastaða. Skjalið er dagsett 20. júní 1884 og var þinglesið við manntalsþing að Skorrastað 14. júlí 1884. Efni þess er svohljóðandi:

> Við undirskrifaðir eigendur jarðanna Fannardals og Tandrastaða lýsum hjer með yfir að hafa gjört þessi landamerki millum nefndra jarða: Fyrir norðan Norðfjarðará ræður „Fannardalsá", sem kemur ofan úr svo nefndum „Gæsardal" og beint eptir hennar gamla farveg og niður í Norðfjarðará. –
>
> Fyrir sunnan Norðfjarðará, ræður úr „Svartaskoti" og beint niður í Norðfjarðará.
>
> Þessu til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn. –
>
> Ormsstöðum og Fannardal 20. júní 1884
>
> Guðmundur Magnússon, B. Stefánsson.[648]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Tandrastaðir var metin á 1.400 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi gott og nægilegt upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Erlendur Guðmundsson.[649]

### *5.10.3 Hólar í Norðfirði*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hóla metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Hávarður Jónsson. Fram kemur að hjáleigan Tandrastaðir var ¼ hluti jarðamatsins en Hólar ¾ hlutar.[650]

644 Skjal nr. 4(1), bls. 373.
645 Skjal nr. 2(72).
646 Skjöl nr. 2(178) og 2(486).
647 Skjöl nr. 2(179) og 2(574).
648 Skjal nr. 2(9).
649 Skjal nr. 2(101).
650 Skjal nr. 2(51).

Við manntalsþing að Skorrastað 21. apríl 1823 var þinglesið skiptaskjal á landamerkjum milli jarðanna Hóla og Tandrastaða í Norðfirði.[651]

Hinn 12. mars 1840 seldi Jón Hávarðarson fjögur hundruð úr jörðinni Hólum til Einars Erlendssonar. Kaupbréfið var þinglesið á manntalsþingsrétti að Skorrastað þann 13. júlí 1840.[652]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hólar metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[653]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hóla:

> 9. Hólar
>
> Það er töðujörð sæmileg og er þar útheysskapur mikill enn nokkuð ördugur; útbeit sæmileg. – 4 virðingarmanna meta þessa jörd á 540rbd en 1 á 630rbd; verður þá meðaltalan af þessum summum, skiptum með 5, virðingarverð hennar, edur 558rbd.[654]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Hóla.

Við manntalsþing að Skorrastað 16. júlí 1888 var þinglesið kaupbréf, dagsett 31. mars 1888, þar sem Símon Jónsson á Nesi í Norðfirði seldi Jónasi Símonarsyni 2/9 hluta af eign sinni úr jörðinni Hólum í Norðfirði.[655]

Við manntalsþing að Skorrastað í Norðfirði 14. júlí 1890 voru þinglesin landamerki milli Kirkjubóls, Staðarháls og Skuggahlíðar að sunnan, milli Staðarháls og Hóla, milli Kirkjubóls og Hóla, milli Kirkjubóls, Staðarháls og Skuggahlíðar að norðan.[656]

Við aukarétt 21. september 1897 útnefndi rétturinn þá Jón Bjarnason á Skorrastað og Símon Jónsson á Kirkjubóli til að virða jörðina Hóla í Norðfirði.[657]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hólar var metin á 4.400 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi ágætt upprekstrarland sunnan megin við ána gagnvart bænum. Eigandi jarðarinnar var Ingigerður Marteinsdóttir.[658]

Árið 1938 var þinglýst ódagsettu landamerkjabréfi fyrir Skorrastað. Sá hluti þess sem varðar Hóla er svohljóðandi:

> 8. Milli Hóla og Staðarháls: Úr gráballarsteini að neðan bein lína uppí rauðuskriðu í hólafjalli.[659]

Hinn 23. nóvember 1942 fóru fram landskipti á jörðinni Hólum í Norðfirði. Eigendur jarðarinnar voru Sveinn Sigfússon að þremur og hálfu hundraði, Sigfús Þorsteinsson að öðrum þremur og hálfu hundraði og Marteinn Sigfússon að tveimur hundruðum. Skiptin fóru fram eftir þessum hlutföllum og urðu þessi:

---

651 Skjal nr. 2(532).
652 Skjal nr. 2(151).
653 Skjal nr. 4(1), bls. 373.
654 Skjal nr. 2(72).
655 Skjal nr. 2(533).
656 Skjal nr. 2(476).
657 Skjal nr. 2(534).
658 Skjal nr. 2(100).
659 Skjal nr. 11(3). Landamerkjabréfið í heild er að finna í umfjöllun um Skorrastað hér framar.

I.

A. Sveinn Sigfússon á land að vestan frá landamerkjum Tandrastaða og Hóla, sem er hornrétt frá miðju mynni Sörlagils og upp til eggja báðu megin ár.

b. Að austan er merkjalínan miðuð við læk er fellur gegnum túnið og nefnist Innri-Beljandalskur [svo] og beina stefnua í landamerkjavörðu og þaðan beina stefnu til eggjar að norðan en í kamb í Miðdegisgjá að sunnan.

II.

a. Marteinn Sigfússon á land að vestan frá eystri landamerkjalínu Sveins Sigfússonar norðan Norðfjarðarár.

b. Að austan, norðan Norðfjarðarár greinir landamerkjalína, sem er sett um 300 metrum austan við áður nefndan læk Innri-Beljanda, þar sem hann fellur gegn um túnið, og beint til fjalls.

III.

a. Sigfús Þorsteinsson á land að vestan frá eystri landamerkjalínu Marteins Sigfússonar, norðan Norðfjarðarár rjett til fjalls.

b. Að austan greinir Stekkvallará, sem er skráð landamerki milli Hóla og Kirkjubóls.

IV.

Land sunnan Norðfjarðarár frá landamerkjum að vestan sbr. I. kafla og að vestan í skráð landamerki milli Hóla og Skorrastaðar. Skal sameiginlegt nytjaland þeirra Marteins og Sigfúsar, eftir eignarhlutföllum þeirra.

V. Þar sem skiptinefndin [svo] sá sér ekki fært að skipta skipulega, miðað við túnafnot, varð að samkomulagi, svo sem lög mæla fyrir undir þeim kringumstæðum, að þeir Sigfús og Marteinn geri samning sín á milli um sameiginleg afnot þar til Sigfús fær jafnmikið ræktað land annarstaðar eða s.s. honum ber.

Merkjavörður skal setja eftir þessum mörkum.

Við landamerki aðliggjandi jarða var ekkert að athuga.[660]

Hinn 17. júlí 1945 var uppkveðinn dómur í máli Marteins Sigfússonar gegn Sveini Sigfússyni um flutning eigna af úrskiptum hluta Marteins í jörðinni Hólum. Fram kemur að skipti hafi farið fram á jörðinni milli Marteins, Sveins og þriðja aðila haustið 1942 þannig að hver og einn fékk tiltekinn hluta og séu glögg merki og ágreiningslaus milli landa þeirra. Sveinn var dæmdur til að flytja burt hluta mannvirkjanna sem hann átti á jarðarhluta Marteins.[661]

### *5.10.4 Hellisfjörður í Hellisfirði*

Í skjali, dagsettu 9. júní 1704, yfir jarðeignir Björns Péturssonar kemur fram að meðal eigna hans voru jarðirnar Eyjólfsstaðir á Völlum, Hellisfjörður, Bakki í Borgarfirði, Hvannstóð, Breiðavík við Borgarfjörð og Hamragerði.[662]

---

[660] Skjöl nr. 2(129) og 2(248).
[661] Skjal nr. 2(535).
[662] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 410–413, skjal H-11.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hellisfjarðar metinn 20 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru konungur að ¼ hluta en ¾ hlutar voru í einkaeign. Eigandi þeirra er ekki tilgreindur.[663]

Við manntalsþing að Skorrastað 24. maí 1813 var upplesið fyrir þinginu að Erlendur Árnason hefði verið hæstbjóðandi í fimm hundraða part úr jörðinni Hellisfirði.[664]

Við manntalsþing að Skorrastað 29. maí 1838 var þinglesið gjafabréf, dagsett 24. september 1837, þar sem Erlendur Árnason í Hellisfirði gaf dætrum sínum Guðrúnu og Mekkín hvorri um sig, eftir sinn dag, tvö hundruð í jörðinni Hellisfirði.[665]

Við manntalsþing að Skorrastað 13. júlí 1840 var boðin til sölu, við opinbert uppboð, konungspartur úr jörðinni Hellisfirði fimm hundruð að forngildi og sleginn hæstbjóðanda Bjarna Péturssyni bónda.[666]

Hinn 16. júlí 1840 seldi Th. Erlendsson prófastur á Bjarnanesi bróður sínum Jóni Erlendssyni eitt hundrað úr jörðinni Hellisfirði. Kaupbréfið var þinglesið að Skorrastað þann 21. júní 1841. Sýslumaður gat þess að Th. Erlendsson hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir því selda.[667]

Við manntalsþing að Skorrastað 20. maí 1843 var þinglesin friðlýsing Einars Erlendssonar um selveiðibann á öllum fjörum fyrir Sveinsstaða- og Hellisfjarðarlandi.[668]

Við manntals- og skattaþing að Skorrastað 24. júní 1844 var þinglesin friðlýsing, eftir beiðni ekkjanna Mekkínar og Guðrúnar Erlendsdætra á Hellisfirði, þar sem öll skotveiði, fugla- og selveiði var bönnuð í landi jarðarinnar Hellisfjarðar.[669]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hellisfjörður metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1760 hafi Hellisfjörður verið í skiptri eign: bændaeign 14 hundruð, Múlaumboð fimm hundruð og kirkjueign fimm hundruð.[670]

Hinn 5. júlí 1849 gerðu eigendur Hellisfjarðar og Sveinsstaða, E. Erlendsson og Hávarður Guðmundsson, með sér samning um skiptingu téðra jarða. Samningurinn var þinglesinn á Skorrastað þann 8. júní 1850 og er texti hans eftirfarandi:

> Samníngur um landamerki milli Sveinsstaða og Hellisfjarðar.
>
> Árið 1849 þann 5ta Juli framfóru landa skipti á Hellisfirði milli undirskrifadra eigenda og vóru þau þannig sem fylgir:
>
> 1 Jördin Sveinsstaðir skal héreptir vera 8 hndr. að dýrleika og eiga land allt til fjalls og fjöru með eptirfylgjandi landamerkjum: frá Ófærugjá að utan sem liggur fyrir nordan Götuhjalla í svokölluðum Skriðum, en að innan í Grjótstekkjagil ofan að ós og þadan beint upp í Grenjadargjá uppá fjallsbrún, gil þetta liggur innanverdt vid Sveinsstada-

663 Skjal nr. 2(55).
664 Skjal nr. 2(519).
665 Skjal nr. 2(520).
666 Skjal nr. 2(482).
667 Skjal nr. 2(154) og 2(521).
668 Skjal nr. 2(516).
669 Skjal nr. 2(495).
670 Skjal nr. 4(1), bls. 374.

> mela, þaradauk eiga Sveinsstadir stykki úr túninu í Hellisfirdi fyrir ofan bæinn hérum rumann teig og hússtædi þará, og loksins fyrir sunnan ána land allt hátt og lágt frá Hrafnagilsá út og yfir af Hellisfirdi og inn ad Kvíildisá eptir sem hvor rædur frá fjallatindum. Á þessari jördu liggur sú kvöd, ad Hellisfjardar og Sels bændur skulu ætíd hafa ókeypis skipsuppsátur á Sveinsstada eyri en ábyrgjast ad hestar þeirra gjöri þar eingann skada. Líka fylgja þessari jördu 4 qvíildisær, af hverjum presturinn til Skorastaðar skal árlega hafa hálfa leigu.
>
> 2 Jördin Hellisfjörður skal héreptir vera 10 hndr. að dýrleika og eiga land allt hátt og lágt frá Grjótstekkjagili að utan og innað Heyvegslæk hid nedra frá Dalsá uppá svokallada Eskifjallsbrún og þar fjallid allt fyrir ofan inná fremri Gvöndarhjallaenda og þadan beint upp fjallsröð; fyrir sunnan fylgir land allt frá Kvíildisá frammí Nóntindsröð hid efra og ofan Nónhrigginn en þá honum slítur í Klifafoss hid nedra; einnig á Hellisfjördur land allt til fjalls og fjöru frá Hrafnagilsá að innan og Glámulæk að utan sem rennur ofan midja svokallaða Glámu og skipsuppsátur á Sveinsstaðaeyri. Þær kvadir sem liggja á þessari jördu eru þessar: rúmur teigur gengur úr túninu fyrir ofan bæinn til Sveinsstaða, reki allur skiptist að hundradatali á Hellisfirði og Hellisfjarðarseli milli jarðanna, einnig fylgja hér 4 kvíildisær af hverjum hálf leiga Skilast árlega til prestsins á Skorastað.[671]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hellisfjörð:

> 5. Hellisfjörður
>
> með afbýlunum Sveinsstödum og Hellisfjardarseli; eru engin viss landamerki milli þessara jarda; verda þær því metnar í einu lagi. – Þar eru tún heldur lakleg, slægjur miklar en ördugar, og útigángur í betra lagi, þar er og reki lítill og skógarló; en hætt er þar vid landbroti. Allir eru samdóma í að meta þessar jardir á 1288rbd.[672]

Við manntalsþing að Skorrastað 24. júní 1880 var þinglesið afsalsbréf þar sem Hávarður Erlendsson afhenti Tuliniusi kaupmanni sjö hundruð úr jörðinni Hellisfirði.[673]

Við manntalsþing að Skorrastað 8. júlí 1881 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 7. febrúar 1881, þar sem Tulinius selur Sveini Sveinssyni sjö hundruð að fornu mati úr jörðinni Hellisfirði.[674]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hellisfjarðar er dagsett 18. júlí 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Skorrastað 18. júlí 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

> Jörðin Hellisfjörður í Norðfjarðarhreppi á land úr „Grenijaðarsgjá“ að ofanverðu og þaðan beina línu niður í svokallað „Grjótstekkagil“. – Að innan ræður fyrst „Heyvegslækur“ frá „Hellisfjarðará“ uppí efri fjallsbrún, þegar þangað kemur þá ræður efri fjallsbrún inní fremri „Gvöndarhjallaenda“, og úr fremri endanum beint upp til fjalls og er hlaðinn varða á fremri enda efri fjallsbrúnarinnar móti fremri enda „Gvöndarhjalla“. – Að sunnan í svokölluðu „Nónfjalli“ á Hellisfjörður „Kvígildisdal“ norðanmegin „Kvígildisáar“ og ræður þar að sunnan „Kvígildisa“ frá fjalli niður í „Hellisfjarðará“, en að norðan „Nontindaröð“ og úr henni niður svokallaðan „Nóntindshrigg“ og í gljúfur neðan í „Nónhriggnum“ og svo úr gljúfrinu norður í „Klifafoss“, sem er í „Hellisfjarðará“. Að utan fyrir sunnan Hellisfjörð, á Hellisfjörður land og ræður þar landamerkjum að utan „Glámulækur“ beint til fjalls, en að innan ræður „Hrafnagil“ frá fjalli niður í „Hellisfjarðará“. – Hellisfjörður á tvo þriðju parta af öllum reka sunnanmegin Hellisfjarðará~~a~~r út í Glamulæk, er Hellisfjarðarsel einn þriðja part.

[671] Skjöl nr. 2(164) og 2(522).
[672] Skjal nr. 2(72).
[673] Skjal nr. 2(523).
[674] Skjal nr. 2(524).

Þessum landamerkjum erum allir hlutaðeigendur samþykkir.

Hellisfirð þann 18. júlí 1885

Sveinn Sveinsson

Sigurður Eiríksson.

Hellisfjarðarseli 18. júlí 1885

Sveinn Stefánsson (handsalað)

Gunnhildur Ólafsdóttir yfirráðandi Sveinsstaða.

Samþykkir ofanskrifuðum landamerkjum er jeg undirskrifaður.

Viðfirði 16. júlí 1885.

Bjarni Sveinsson (eigandi og yfirráðandi).[675]

Við manntalsþing að Skorrastað 18. júlí 1892 var þinglesinn kaupsamningur, dagsettur 17. maí 1890, þar sem Sveinn Sveinsson bóndi á Hellisfirði seldi Sigurði Finnbogasyni 37 hundruð að fornu mati úr jörðinni Hellisfirði.[676]

Hinn 10. október 1895 seldi Sigurður Eiríksson á Björnshúsum Gísla Sigurðssyni þrjú hundruð í jörðinni Hellisfirði. Kaupsamningurinn var þinglesinn á Skorrastað 13. júlí 1897. Þær athugasemdir voru gerðar með færslunni að samkvæmt afsals- og veðmálabók hafi ekki sést ekki eignarheimild seljanda fyrir hinu selda og um áhvílandi veð.[677]

Við aukarétt 19. september 1896 voru útnefndir tveir menn til að skipta jörðinni Hellisfirði með túni og úthaga í þrjá parta, þannig að Gísli Sigurðsson fengi þrjú hundruð, en Víglundur Pétursson og Sveinn Sveinsson hvor þrjú og hálft hundrað, öll að fornu mati. Til að semja skiptingargjörðina voru útnefndir þeir bændur Jón Bjarnason á Skorrastað og Sveinn Stefánsson á Hellisfjarðarseli.[678]

Hinn 26. júní 1897 fór fram, að ósk eigenda jarðarinnar Hellisfjarðar, þeim Gísla Sigurðssonar, Víglundar Péturssonar og Sveins Sveinssonar, skiptagjörð þar sem skipt var túni, engjum og skóglendi jarðarinnar. Skiptagjörðin var þinglesin að Skorrastað þann 13. júlí 1897 og er skiptunum lýst svo í afsals- og veðmálabók:

Samkvæmt aukarjettargjörð á skrifstofu Suður-Múlasýslu 19. sept. 1896 höfum við tilkvaddir skipt jörðinni Hellisfirði, að túni og engjum á milli eigenda þannig:

Gísli Sigurðsson, eigandi að 3 hundruðum (að fornu mati) hefur hlotið í sinn part:

1. Í túni. a, ræktað tún inn á Björnshúsum, á lengd 41 faðmur og á breidd 41 faðmur

b, túnstykki í Hellisfjarðartúni; á lengd (upp og ofan) 41 faðmur og á breidd 29 faðmar. – c, Mön þar ofan við (fyrir utan og ofan Sveinstaðateig) á lengd 21 faðmur og á breidd 2 faðmar. d, rústarstyykki (fyrir framan Borgarbrekku) á lengd (út og fram) 15 faðmar og á breidd 6 faðmar. –

2. Í útengi. a, yzta stykkið af nesinu (niður af Borgarbrekku) inn í tilsett merki. b, á neðra fjalli frá Heyvegslæk (að innan) og út að Djúpagili, ásamt svo nefndan Slakka og

[675] Skjal nr. 2(12).
[676] Skjal nr. 2(525).
[677] Skjal nr. 2(209).
[678] Skjal nr. 2(526).

gontur þær, sem liggja ofan undir Klifatætlur. c, í Kvíildisdalnum Dragarmýrina meðfylgjandi blettur fyrir framan hana. –

Víglundur Pjetursson, eigandi að 3½ hundraði (eptir fornu mati) hefur hlotið í sinn part:

1. Í túni, a, stykki fram og uppi á túni, á lengd (upp og ofan) 55 faðmar og á breidd 13 faðmar, og til uppbóta, mön út fyrir ofan Sveinstaðateig. – b, stykki fyrir framan bæinn og ofan götu á lengd út og fram 22 faðmar og á breidd 9 faðmar. – c, rústarstykki fyrir framan og neðan bæinn, á lengd út og fram 23 faðmar og á breidd 17 faðmar; d, Borgarbrekkan, á lengd út og fram 38 faðmar og á breidd 10 faðmar. – e, stykki þar fyrir ofan götu, á lengd upp og ofan 31 faðmur og á breidd 15 faðmar. –

2. Utan túngarðs, útstykkið af grundunum fyrir framan túnið: merki, úr stórum stein utan við lækjarfarveg og beint niður í götu. –

3. Í útengi; [a,] fremsta stykkið af nesinu fyrir neðan bæinn, eptir settu merki, og til uppbóta, stykki frá kýlnum og út að merki Gísla; b, á efra fjalli, frá Heyvegslæk (að utan og framan að Sel-merki) og ofan á brún og upp á Guðmundarhjalla); c, þriðjung af þeim engjum sem eru undir svo nefndu Hellisfjarðarskarði, sem er fremsta stykkið út í vörðu á Slakkabrúninni og beint upp; d, í Kvíildisdalnum Finnbogahjallann. –

Sveinn Sveinsson, eigandi að 3½ hundraði (eptir fornu mati) hefur hlotið í sinn part:

1. Í túni, a, stykki fremst á túni (fyrir ofan götu) á lengd 55 faðmar og á breidd 13 faðmar og til uppbóta dálitla þríhyrnu innan við túngarðinn. b, stykki þar fyrir neðan götu, á lengd út og fram 35 faðma og á breidd 16 faðmar. – c, rústarstykki fyrir neðan bæinn, á lengd út og fram 23 faðmar og á breidd 17 faðmar; d, stykki út og uppi á túni, á lengd upp og ofan 31 faðmur og á breidd 15 faðmar. – e, Grundarstykki út við garð á lengd upp og ofan 30 faðmar og á breidd 7 faðmar. –

2. Utan túngarðs framstykkið af grundunum fyrir innan bæinn hjá svo nefndu Grundarhúsi, út að grundarstykki Víglundar (merki fyrnefndur steinn.) –

3. Í útengjum; á miðstykkið úr nesinu, frá kýlnum að utan og inn að stykki Víglundar. – b, á efra fjallinu, frá Heyvegslæk að innan og út í Urðarbotna og ofan á brún og upp í brekkur; c, 2/3 parta af enginu undir Hellisfjarðarskarðinu, sem er allt að utan og inn í ofannefnda vörðu á Slakkabrúninni; d, Í Kvíildisdalnum Einbúahjallann og þá bletti sem honum fylgja inn að Dragarmýri, eða inn að læk utan við hana. –

Vjer höfum ennfremur ákveðið, að Gísli Sigurðsson megi láta rækta út túnið á Björnshúsum svo mikið sem honum er hægt og Víglundur Pjetursson megi rækta út fyrir utan túnið í Hellisfirði og Sveinn Sveinsson inn frá túninu fyrir innan Grundarhús. Líka höfum við ákveðið, að blettur sá, sem er í kringum hústætturnar á klifunum tilheyri pörtum Víglundar og Sveins (til beitarhúsa).

[…]

Skiptagjörð

Samkvæmt ósk jarðeigendanna í Hellisfirði, Gísla Sigurðssonar, Víglundar Pjeturssonar og Sveins Sveinssonar, höfum við að þeim viðstöddum skipt skó$_g$lendi nefndrar jarðar þannig: Gísli Sigurðsson hefur skó$_g$lendi innan frá Selmerkjum og út í Klapparlæk, utan við Björnshúsatúnið. Sveinn Sveinsson hefur skóglendi frá nefndum Klapparlæk og út að Hafurhlaupi fyrir ofan Hellisfjörð. Víglundur Pjetursson hefur skóglendi frá nefndu Hafurhlaupi og út að Sveinstaðamerkjum. –[679]

Hinn 15. október 1897 seldi Gísli Sigurðsson á Bjarnarhúsum Símoni Jónssyni á Kirkjubóli þrjá túnparta, sem hann fékk við skipti á heimajörðinni Hellisfirði. Afsalið var þinglesið á Skorrastað þann 1. júní 1898.[680]

[679] Skjöl nr. 2(217) og 2(527).
[680] Skjal nr. 2(220).

Hinn 20. október 1897 seldi Sveinn Sveinsson Símoni Jónssyn jörðina hálfan Hellisfjörð, 5,6 hundruð að nýju mati. Kaupsamningurinn og afsalið voru þinglesin á Skorrastað þann 1. júní 1898.[681]

Við manntalsþing á Skorrastað 27. maí 1902 var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 18. maí 1901, þar sem Sigurður Finnbogason í Hellisfirði seldi og afsalaði Víglundi Péturssyni á Svínaskálastekk 5,6 hundruðum úr jörðinni Hellisfirði.[682]

Við manntalsþing að Skorrastað 23. júní 1903 var þinglesið kaupbréf, dagsett 16. júní 1902, þar sem Víglundur Pétursson á Högnastaðastekk seldi Símoni Jónssyni bónda á Kirkjubóli 5,6 hundruð að nýju mati úr jörðinni Hellisfirði.[683]

Með samningi dagsettu 1. júní 1911 lofaði og skuldbatt Símon Jónsson sig til að selja Jóni Kr. Jónssyni á Eskifirði allan námurétt í landi Hellisfjarðar fyrir 4.000 kr. Skjalið var lagt fram í fógetarétti þann 24. ágúst 1911.[684]

Hinn 22. ágúst 1911 bað Jón Kr. Jónsson sýslumann um að setja lögbann á vinnu annarra en hans við leit að málm- eða steinefnum á jörðinni Hellisfirði.[685]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hellisfjörður var metin á 4.400 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi ágætt og víðlent upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Símon Jónsson.[686]

### *5.10.4.1 Hellisfjarðarsel í Hellisfirði*

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er Hellisfjarðarsel ekki metið sérstaklega en skráð sem hjáleiga Hellisfjarðar. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður áliti Hellisfjarðarseli tilheyra fjögur hundruð af mati Hellisfjarðar.[687]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er fjallað um Hellisfjarðarsel sem afbýli frá Hellisfirði. Þar segir eftirfarandi:

> 5. Hellisfjörður
>
> með afbýlunum Sveinsstödum og Hellisfjardarseli; eru engin viss landamerki milli þessara jarda; verda þær því metnar í einu lagi. – Þar eru tún heldur lakleg, slægjur miklar en ördugar, og útigángur í betra lagi, þar er og reki lítill og skógarló; en hætt er þar vid landbroti. Allir eru samdóma í að meta þessar jardir á 1288rbd.[688]

Hinn 11. júlí 1871 gaf Guðrún Erlendsdóttir Guðfinnu dóttur sinni eitt hundrað í jörðinni Hellisfjarðarseli. Gjafabréfið var þinglesið þann 12. júlí sama ár. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést eignarheimild Guðrúnar fyrir umgetnum parti.[689]

681 Skjal nr. 2(219).
682 Skjal nr. 2(620).
683 Skjal nr. 2(528).
684 Skjal nr. 2(232).
685 Skjal nr. 2(231).
686 Skjal nr. 2(97).
687 Skjal nr. 4(1), bls. 374.
688 Skjal nr. 2(72).
689 Skjöl nr. 2(201) og 2(479).

Hinn 30. apríl 1872 seldi P. Sveinsson Sveini Stefánssyni tvö hundruð í jörðinni Hellisfjarðarseli. Kaupbréfið var þinglesið á Skorrastað þann 5. júlí sama ár. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést eignarheimild seljanda fyrir hinu selda.[690]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hellisfjarðarsels er dagsett 15. júní 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Skorrastað 18. júlí 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

> Jörðin Hellisfjarðarsel í Norðfjarðarhreppi á land úr „Heyvegslæk" að neðan og upp beina línu uppá efri fjallsbrún; þegar þangað kemur þá ræður efri fjallsbrún fram í fremri „Gvöndarfjallsenda", og er þar hlaðin varða úr grjóti, og þaðan beint uppá egg og inná „Hrafnaskörð" og út fyrir sunnan á „Nóntind" og ofan „Nónhrigg" að utan og beint í ána, sem rennur út dalinn, beint í „Heyvegslæk" að norðan.
>
> Hellisfjarðarsel á þriðjapart úr öllum reka sunnanmegin „Hellisfjarðar-ár" í „Glámulæk" út. –
>
> Þessum landamerkjum erum vjer hlutaðeigendur samþykkir.
>
> Hellisfjarðarseli þann 16. júlí 1885.
>
> Sveinn Stefánsson (eigandi Sels).
>
> Sigurður Eiríksson, Sveinn Sveinsson eigendur Hellisfjarðar.[691]

Við manntalsþing að Skorrastað 12. júlí 1900 var þinglesið gjafabréf þar sem Sveinn Stefánsson á Bakka gaf Guðrúnu Pjetursdóttur uppeldisdóttur sinni eitt hundrað úr jörðinni Hellisfjarðarseli.[692]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hellisfjarðarsel var metin á 1.600 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi gott og víðlent upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Halldór Stefánsson.[693]

## 5.11 Nærliggjandi jarðir í Reyðarfirði og Eskifirði

### *5.11.1 Helgustaðir í Reyðarfirði*

Hinn 29. júlí 1497 gaf Björn Guðnason og seldi Ragnhildi Bjarnadóttur konu sinni jarðir fyrir þær jarðir sem hún átti á Austfjörðum. Þeirra á meðal voru jarðirnar Nes, Seljamýri, Bárðarstaðir, Sellátrar og Helgustaðir. Þá segir einnig að með hafi fylgt í Hlíð 80 álna partur annars hundraðs í Kjólsvík.[694]

Við manntalsþingsrétt að Hólmum 13. maí 1796 var þinglesinn samningur, dagsettur 5. apríl sama ár, þar sem Steingrímur Ögmundsson seldi Jóni Jónssyni bónda fimm hundruð í jörðinni Helgustöðum í Reyðarfirði.[695]

---

690 Skjöl nr. 2(204) og 2(517).
691 Skjal nr. 2(11).
692 Skjal nr. 2(518).
693 Skjal nr. 2(98).
694 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 368–370, skjal nr. 4(80).
695 Skjal nr. 2(507).

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Helgustaða metinn 12 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru konungur að ¼ hluta en ¾ hlutar voru í einkaeign. Eigandi þeirra er ekki tilgreindur.[696]

Við manntalsþing í Eskifjarðarkaupstað 10. október 1812 lét Thorlacii sýslumaður þinglýsa sölu sinni á jörðinni Gytteborg.[697]

Hinn 3. maí 1813 var framkvæmd matsgjörð á þremur hundruðum í jörðinni Helgustöðum. Engin hús eða tóftir fundust á partinum. Túnið var mælt og yfirskoðað og þá voru engjarnar skoðaðar. Engar upplýsingar komu fram um hlunnindi, hvorki hrísrif, skógartak né rekafjörur. Loks voru þrjú hundruðin metin á 30 ríkisdali.[698]

Við manntalsþing að Hólmum 17. maí 1813 var, í krafti tilvitnaðs amtsbréfs, haldið uppboð á konungspartinum í jörðinni Helgustöðum, eða Gytteborg, þrjú hundruð að dýrleika og var jarðarparturinn sleginn G. Ögmundssyni verslunarstjóra.[699]

Við manntals- og skattaþing að Hólmum 19. júní 1819 var þinglesið afsalsbréf G. Ögmundssonar verslunarstjóra fyrir fimm hundruðum í jörðinni Helgustöðum og fjórum hundruðum í jörðinni Sigmundarhúsum, með tilheyrandi timburhúsi er stendur á Helgustöðum, til prestsekkjunnar Þórunnar Jónsdóttur.[700]

Við manntalsþing að Hólmum 31. ágúst 1820 ar þinglesið kaupbréf þar sem prestsekkjan Þórunn Jónsdóttir seldi Benedikt Þorsteinssyni presti á Ormsstöðum fimm hundruð í jörðinni Helgustöðum ásamt Sigmundarhúsum, fjögur hundruð að dýrleika.[701]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Helgustaðir metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign að ¾ hlutum og ¼ hluta eign Múlasýsluumboðs. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður álíti þrjú hundruð af mati Helgustaða tilheyra hjáleigunni Sigmundarhúsum.[702]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Helgustaði:

> 19 Helgustaðir
>
> Þar getur ordid gott tún med sæmilegri hyrdíngu; úteingi og útbeit í betra medallagi, sjáfarabli nokkur. Virdt á 608$^{\underline{rbd}}$.[703]

Við manntalsþing fyrir Hólmasókn 9. maí 1855 var þinglesið byggingarbréf, með hverju Th. Erlendsson prófastur byggði verslunarstjóra H. H. Svendsen Silfurteig og allt það er fyndist í Helgustaðalandi og honum tilheyrði.[704]

696 Skjal nr. 2(37).
697 Skjal nr. 2(578).
698 Skjal nr. 2(262).
699 Skjal nr. 2(508).
700 Skjal nr. 2(509).
701 Skjal nr. 2(510).
702 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
703 Skjal nr. 2(71).
704 Skjal nr. 2(511).

Hinn 6. ágúst 1862 gaf Th. Erlendsson tengdasyni sínum C.D. Tulinius þrjá fjórðu hluta úr jörðunum Helgustöðum og Sigmundarhúsum. Gjafabréfið var þinglesið á Hólmum 27. maí 1863.[705]

Við manntalsþing að Hólmum 27. maí 1863 var upplesið leigubréf frá Th. Erlendssyni prófasti á Hofi til Tuliniusar verslunartjóra á Eskifirði fyrir ¾ hlutum úr jörðinni Helgustöðum.[706]

Með afsali dagsettu 25. júlí 1873 seldi sr. Þórarinn Erlendsson á Hofi í Álftafirði tæp 18 hundruð í jörðinni Helgustöðum með hjáleigunni Sigmundarhúsum til Carls D. Tulinius.[707] Afsalið var þinglesið við manntalsþing á Eskifjarðarhöndlunarstað 28. maí 1874.[708]

Hinn 25. september 1879 seldi Georg Petersen, fyrir hönd Carls D. Tulinius, jörðina Helgustaði og hjáleiguna Sigmundarhús til landssjóðs.[709] Afsalsbréfið, þar sem Tulinius kaupmaður afhenti landssjóði Íslands sína þrjá fjórðu hluta úr Helgustöðum með silfurbergsnámunni, var þinglesið við manntalsþing á Eskifjarðarhöndlunarstað 31. maí 1880.[710]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Helgustaða og Sigmundarhúsa er dagsett 23. maí 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 23. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Helgustaðir og Sigmundarhús
>
> Landamerki: að utan: Hrafná frá fjalli niður á neðsta fossinn, þarsem klappað er L í bjargið, úr þessu L beina sjónhendingu eptir 2. á sama hátt merktum stórum steinum á Eyrarárgil, sunnan vert við Reiðarfjörð.
>
> Að innan: „Goðáin" í sínum forna farvegi, sem er rétt fyrir utan „Goðaklif". –
>
> Fyrir innan er landið jarðarinnar Sellátra, sem er eign hins opinbera eða Skriðuklausturs; fyrir utan er það Stórubreiðuvíkur, sem er eign Hólmakirkju. –
>
> Milli nefndra áa og fjöru og fjallseggja er landið allt Helgustaða með Sigmundarhúsum.
>
> Mér er ókunnugt að Helgustaðir með Sigmundarhúsum, eigi ítök á önnur lönd, ekki veit ég heldur til að neinn eigi ítök í þeirra landi.
>
> Skrifstofu Suðurmúlasýslu 23. maí 1887.
>
> Jón Johnsen.
>
> Samþykkt vegna Sellatra
>
> Páll Ólafsson.
>
> Samþykkt vegna Stórubreiðuvíkur.
>
> Hólmum[711]

[705] Skjal nr. 2(184).
[706] Skjal nr. 2(512).
[707] Skjal nr. 2(345).
[708] Skjal nr. 2(513).
[709] Skjal nr. 2(346).
[710] Skjal nr. 2(514).
[711] Skjal nr. 2(13).

Við aukarétt 14. september 1906 var tekið fyrir að eiðfesta matsmenn þjóðjarðanna Helgustaða og Eyra í Reyðarfjarðarhreppi. Fyrir réttinn var meðal annars lögð fram útnefning matsmanna, skýrsla umboðsmanns um Helgustaði og virðingargjörð jarðarinnar. Af eiðfestingu matsmanna fyrir virðingu Helgustaða varð því ekki þar sem:

> að landamerki Helgustaða voru sameiginleg landamerki Helgustaða og Sigmundarhúsa, og yfir höfuð hafa engin skipti farið fram milli þessara jarða. Það verður, með því þetta ekki er tekið til greina í virðingagjörðinni; að semja nýja virðingagjörð í hverri skal nákvæmlega tekin fram, afnot hverrar jarðar fyrir sig. Þessi virðing fer fram sem allra fyrst.[712]

Í virðingargjörð á jörðinni Helgustöðum í Reyðarfirði, dagsettri 5. nóvember 1906, kemur fram að jörðin sé 15,95 hundruð að dýrleika. Um landamerkin segir:

> Landamerki jarðarinnar að utan eru kölluð Hrafná, sem hefur upptök sín í Hrafnaskarði og fellur í sjó út innanvið svo kallaða Kaupstaðarmela, að innan er svo nemdur Stórilækur sem ræður slægnamerkjum milli Helgustaða og Sigmundarhúsa enn að öðru leyti óskipt land til hagagaungu og beitar milli þessara jarða, og eru Sigmundarhús 1 þriðjupartur úr aðaljörðinni.[713]

Útengi var allt uppi í fjalli, upp af bænum, og í landareigninni var silfurbergsnáma en ef silfurberg fannst á landinu yrði það undanskilið sölu jarðarinnar. Að lokum var jörðin metin á 2.550 kr. með öllu.[714]

Við aukarétt 5. júní 1912 útnefndi rétturinn þá Guðna Eiríksson hreppstjóra á Karlsskála og Halldór Jónsson á Stekk til að meta þjóðjörðina Helgustaði í Reyðarfirði.[715]

Hinn 13. ágúst 1912 voru hreppstjóri og vottar staddir í silfurbergsnámu í Helgustaðafjalli til að taka lögtak hjá námuleigjendum fyrir ógoldið sveitarútsvar.[716]

Í virðingargjörð á þjóðjörðinni Helgustöðum og hjáleigunni Sigmundarhúsum í Suður-Múlasýslu, dagsettri 4. september 1912 og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu hinn 16. september sama ár, segir að heimajörðin sé 15,95 hundruð að dýrleika. Einnig kemur fram að jörðin liggi sem næst í miðri sveit, við sjó, og áttu Helgustaðir og Sigmundarhús allt land á milli Hrafnaár og Goðaár. Í heimajörðinni var náma en gagn af henni hafði hvorki jörðin né ábúandi hennar eða eins og segir í skjalinu:

> annað en að heyra hljóminn af peningunum sem þaðan velta.[717]

Að lokum var jörðin metin á 1.499,50 kr. með húsum og einu ásauðarkúgildi.[718]

Með bréfi dagsettu 24. október 1912 sendi Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýsluumboðs, skjöl til Stjórnarráðsins um jarðirnar Helgustaði og Sigmundarhús vegna beiðni ábúanda um kaup á þeim. Almennt taldi umboðsmaður að mat dómkvaddra

[712] Skjal nr. 2(515).
[713] Skjal nr. 2(352).
[714] Skjal nr. 2(352).
[715] Skjal nr. 2(531).
[716] Skjal nr. 2(233).
[717] Skjal nr. 2(353).
[718] Skjal nr. 2(353).

manna á jörðunum væri of lágt. Hann lagði til að hvorug jörðin yrði seld fyrir það verð sem þær voru metnar.[719]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Helgustaðir var metin á 3.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst sameiginlega með Sigmundarhúsum. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.[720]

### *5.11.2 Sigmundarhús í Reyðarfirði*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Sigmundarhúsa ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Helgustöðum.[721]

Við manntals- og skattaþing að Hólmum 19. júní 1819 var þinglesið afsalsbréf G. Ögmundssonar verslunarstjóra fyrir fimm hundruðum í jörðinni Helgustöðum og fjórum hundruðum í jörðinni Sigmundarhúsum, með tilheyrandi timburhúsi er stendur á Helgustöðum, til prestsekkjunnar Þórunnar Jónsdóttur.[722]

Við manntalsþing að Hólmum 31. ágúst 1820 ar þinglesið kaupbréf þar sem prestsekkjan Þórunn Jónsdóttir seldi Benedikt Þorsteinssyni presti á Ormsstöðum fimm hundruð í jörðinni Helgustöðum ásamt Sigmundarhúsum, fjögur hundruð að dýrleika.[723]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sigmundarhús ekki metin sérstaklega en er skráð sem hjáleiga Helgustaða. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður álíti þrjú hundruð af mati Helgustaða tilheyra hjáleigunni Sigmundarhúsum.[724]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Sigmundarhús:

> 20 Sigmundarhús
>
> hjáleiga talin 4$^{hndr}$, einsog eptir hana er goldid þar er eins ástadt med landkosti og nytiar og á Helgustöðum; metin ad sömu tiltölu á 304$^{\underline{rbd}}$.[725]

Hinn 6. ágúst 1862 gaf Th. Erlendsson tengdasyni sínum C.D. Tulinius þrjá fjórðu hluta úr jörðunum Helgustöðum og Sigmundarhúsum. Gjafabréfið var þinglesið á Hólmum 27. maí 1863.[726]

Með afsali dagsettu 25. júlí 1873 seldi sr. Þórarinn Erlendsson á Hofi í Álftafirði tæp 18 hundruð í jörðinni Helgustöðum með hjáleigunni Sigmundarhúsum til Carls D.

719 Skjal nr. 2(354).
720 Skjal nr. 2(106).
721 Skjal nr. 2(38).
722 Skjal nr. 2(509).
723 Skjal nr. 2(510).
724 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
725 Skjal nr. 2(71).
726 Skjal nr. 2(184).

Tulinius.[727] Afsalið var þinglesið við manntalsþing á Eskifjarðarhöndlunarstað 28. maí 1874.[728]

Hinn 25. september 1879 seldi Georg Petersen, fyrir hönd Carls D. Tulinius, jörðina Helgustaði og hjáleiguna Sigmundarhús til landssjóðs.[729] Afsalsbréfið, þar sem Tulinius kaupmaður afhenti landssjóði Íslands sína þrjá fjórðu hluta úr Helgustöðum með silfurbergsnámunni, var þinglesið við manntalsþing á Eskifjarðarhöndlunarstað 31. maí 1880.[730]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Helgustaða og Sigmundarhúsa er dagsett 23. maí 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 23. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Helgustaðir og Sigmundarhús
>
> Landamerki: að utan: Hrafná frá fjalli niður á neðsta fossinn, þarsem klappað er L í bjargið, úr þessu L beina sjónhendingu eptir 2. á sama hátt merktum stórum steinum á Eyrarárgil, sunnan vert við Reiðarfjörð.
>
> Að innan: „Goðáin“ í sínum forna farvegi, sem er rétt fyrir utan „Goðaklif“. –
>
> Fyrir innan er landið jarðarinnar Sellátra, sem er eign hins opinbera eða Skriðuklausturs; fyrir utan er það Stórubreiðuvíkur, sem er eign Hólmakirkju. –
>
> Milli nefndra áa og fjöru og fjallseggja er landið allt Helgustaða með Sigmundarhúsum.
>
> Mér er ókunnugt að Helgustaðir með Sigmundarhúsum, eigi ítök á önnur lönd, ekki veit ég heldur til að neinn eigi ítök í þeirra landi.
>
> Skrifstofu Suðurmúlasýslu 23. maí 1887.
>
> Jón Johnsen.
>
> Samþykkt vegna Sellatra
>
> Páll Ólafsson.
>
> Samþykkt vegna Stórubreiðuvíkur.
>
> Hólmum[731]

Við aukarétt 14. september 1906 var tekið fyrir að eiðfesta matsmenn þjóðjarðanna Helgustaða og Eyra í Reyðarfjarðarhreppi. Fyrir réttinn var meðal annars lögð fram útnefning matsmanna, skýrsla umboðsmanns um Helgustaði og virðingargjörð jarðarinnar. Af eiðfestingu matsmanna fyrir virðingu Helgustaða varð því ekki þar sem:

> að landamerki Helgustaða voru sameiginleg landamerki Helgustaða og Sigmundarhúsa, og yfir höfuð hafa engin skipti farið fram milli þessara jarða. Það verður, með því þetta ekki er tekið til greina í virðingagjörðinni; að semja nýja virðingagjörð í hverri skal nákvæmlega tekin fram, afnot hverrar jarðar fyrir sig. Þessi virðing fer fram sem allra fyrst.[732]

727 Skjal nr. 2(345).
728 Skjal nr. 2(513).
729 Skjal nr. 2(346).
730 Skjal nr. 2(514).
731 Skjal nr. 2(13).
732 Skjal nr. 2(515).

Við aukarétt 21. október 1907 voru Hans K. Bech hreppstjóri og Ásmundur Helgason hreppsnefndaroddviti útnefndir til að virða jörðina Sigmundarhús.[733]

Með byggingarbréfi dagsettu 3. febrúar 1912 var Ottó Magnússyni byggð jörðin Sigmundarhús í Helgustaðahreppi. Í bréfinu er fjallað um landamerki jarðarinnar en þar segir:

> Landamerki jarðarinnar eru: sameiginleg landamerkjum Helgustaða og land allt óskipt milli jarða þessara, nema að túni og engjum.[734]

Við aukarétt 5. júní 1912 útnefndi rétturinn þá Guðna Eiríksson hreppstjóra á Karlsskála og Halldór Jónsson á Stekk til að meta þjóðjörðina Sigmundarhús í Reyðarfirði.[735]

Í virðingargjörð á þjóðjörðinni Helgustöðum og hjáleigunni Sigmundarhúsum í Suður-Múlasýslu, dagsettri 4. september 1912 og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu hinn 16. september sama ár, segir að heimajörðin sé 15,95 hundruð að dýrleika. Einnig kemur fram að jörðin liggi sem næst í miðri sveit, við sjó, og áttu Helgustaðir og Sigmundarhús allt land á milli Hrafnaár og Goðaár. Í heimajörðinni var náma en gagn af henni hafði hvorki jörðin né ábúandi hennar eða eins og segir í skjalinu:

> annað en að heyra hljóminn af peningunum sem þaðan velta.[736]

Að lokum var jörðin metin á 1.499,50 kr. með húsum og einu ásauðarkúgildi.[737]

Í virðingargjörð á þjóðjörðinni og hjáleigunni Sigmundarhúsum í Reyðarfirði, dagsettri 4. september 1912, segir að hún sé 7,97 hundruð að dýrleika, þriðjungur úr allri torfunni og óskipt frá heimajörðinni Helgustöðum. Að lokum var jörðin metin á 1.020 kr. með öllu.[738]

Með bréfi dagsettu 24. október 1912 sendi Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýsluumboðs, skjöl til Stjórnarráðsins um jarðirnar Helgustaði og Sigmundarhús vegna beiðni ábúanda um kaup á þeim. Almennt taldi umboðsmaður að mat dómkvaddra manna á jörðunum væri of lágt. Hann lagði til að hvorug jörðin yrði seld fyrir það verð sem þær voru metnar.[739]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Sigmundarhús var metin á 1.100 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst sameiginlega með Helgustöðum. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.[740]

---

[733] Skjal nr. 2(413).
[734] Skjal nr. 2(265).
[735] Skjal nr. 2(531).
[736] Skjal nr. 2(353).
[737] Skjal nr. 2(353).
[738] Skjal nr. 2(355).
[739] Skjal nr. 2(354).
[740] Skjal nr. 2(107).

### 5.11.3 Sellátrar í Reyðarfirði

Hinn 29. júlí 1497 gaf Björn Guðnason og seldi Ragnhildi Bjarnadóttur konu sinni jarðir fyrir þær jarðir sem hún átti á Austfjörðum. Þeirra á meðal voru jarðirnar Nes, Seljamýri, Bárðarstaðir, Sellátrar og Helgustaðir. Þá segir einnig að með hafi fylgt í Hlíð 80 álna partur annars hundraðs í Kjólsvík.[741]

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 segir að árið 1500 hafi Björn Guðnason gefið jörðina Sellátur í Reyðarfirði til Skriðuklausturs.[742]

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 28. ágúst 1706 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um vitnisburð um land Sellátra í Reyðarfirði frá 1696 og afrit af vitnisburði um Sellátra frá 1613.[743]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Sellátra metinn níu hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.[744]

Við úttekt á Skriðklaustursjörðum var jörðin Sellátrar skoðuð 24. júní 1830. Þar segir að úttektarmenn viti ekki hver landamerki jarðarinnar séu. Jörðin Högnastaðir var sömuleiðis skoðuð en engar upplýsingar koma fram um landamerki hennar.[745] Í dómsskjölum Suður-Múlasýslu er varðveitt skjal yfir úttekt á Sellátrum og skráð að hún hafi farið fram 26. júní 1830. Sömu upplýsingar koma þar fram um landamerki.[746]

Við úttekt á Skriðklaustursjörðum var jörðin Sellátrar skoðuð 25. maí 1842. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

> Landamerki ad utan, eru: Godá; en ad framan Marklækur sá fremri þó þessi Mörk þyki óviss.[747]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sellátrar ekki metin sérstaklega að dýrleika en er skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telur Sellátra vera níu hundruð að dýrleika.[748]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Sellátra:

> 17 Sellátrar
>
> Tún er þar allgott, útheyskapr heldr lítill og vetrarbeit í meyra lagi; þad er landlítil jörd; sjáfargagn nokkurt; metin á 400rbd.[749]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Sellátra er dagsett 28. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Að utan: gagnvart landssjóðsjörðinni Helgustaðir rædur merkjum „Goðá“ í sínum forna farvegi, sem er rjett fyrir utan „Goðaklif“. –

741 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 368–370, skjal nr. 4(80).
742 Skjal nr. 2(299).
743 Skjal nr. 2(300).
744 Skjal nr. 2(39).
745 Skjal nr. 2(386).
746 Skjal nr. 2(230).
747 Skjal nr. 2(387).
748 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
749 Skjal nr. 2(71).

Að innan: gagnvart umboðsjörðinni Högnastaðir rædur merkjum „Merkilækur“ hinn fremri.

Að ofan: ráða fjallseggjar að neðan Reiðarfjörður.

Enginn á ítak í landi Sellátra, ekki á hún heldur neitt ítak í annara jarða landi. Hallfríðarstödum þann 17. maí 1890

Páll Ólafsson

Samþykkur vegna Helgustaða

Skrifstofu Suðurmúlasýslu 28. maí 1890

Jón Johnsen[750]

Hinn 26. mars 1896 sendi Páll Ólafsson umboðsmaður til landshöfðingja lýsingu á jörðinni Sellátrum þar sem leiguliðinn þar hafði óskað eftir að fá að kaupa jörðina. Í skjalinu segir Páll að jörðin Sellátrar hafi verið of hátt metin til eftirgjalds. Þá segir að hlunnindi, sem heiti jarðarinnar vísi til, séu að öllu leyti horfin. Einnig segir að enginn reki og engin fjörubeit fylgi jörðinni og almennt séu landkostir litlir. Uppsátur sé þó allgott og þá hafi tún batnað hjá núverandi ábúanda, en það gefi af sér í meðalári um 120–130 hesta af töðu. Páll kvaðst að lokum ekki vera mótfallinn því að jörðin yrði seld.[751]

Hinn 13. maí 1897 sendi sýslumaður Suður-Múlasýslu til landshöfðingja umsóknir átta leiguliða á þjóðjörðum og umsagnir umboðsmanns og sýslunefndar um þær. Nefnd gögn liggja ekki með bréfinu í skjalasafni landshöfðingja.[752]

Hinn 26. maí 1908 voru við aukarétt dómkvaddir þeir Halldór Jónsson á Svínaskálastekk og Þórólfur Pétursson sama staðar til lýsa og meta jörðina Sellátra í Reyðarfirði, samkvæmt lögum um sölu kirkjujarða frá 16. nóvember 1907.[753]

Í virðingargjörð á þjóðjörðinni Sellátrum í Helgustaðahreppi, dagsettri 24. júlí 1909, segir að jörðinni fylgi engin ítök eða hlunnindi út á við og að engar aðrar jarðir áttu ítök í henni. Þá var jörðin metin á 1.969,50 kr.[754]

Við aukarétt 21. ágúst 1909 unnu þeir Halldór Jónsson á Svínaskálastekk og Þórólfur Pétursson sama staðar eið að matsgjörð sinni fyrir jörðinni Sellátrum í Reyðarfirði, samkvæmt lögum um sölu þjóðjarða frá 20. október 1905, að viðstöddum umboðsmanni Guðmundi Ásbjarnarsyni á Eskifirði og Páli Jónssyni á Sellátrum fyrir hönd kaupanda.[755]

Við manntalsþing á Eskifjarðarverslunarstað 22. júní 1911 var þinglesið afsalsbréf frá ráðherra Íslands, dagsett 5. júlí 1910, til Jóns Pálssonar bónda á Sellátrum fyrir

[750] Skjöl nr. 2(14) og 2(536).
[751] Skjal nr. 2(349).
[752] Skjal nr. 2(350).
[753] Skjal nr. 2(599).
[754] Skjal nr. 2(356).
[755] Skjal nr. 2(600).

jörðinni Sellátrum, 10,5 hundruð að nýju mati, með öllu jörðinni tilheyrandi, að námum undanskildum.[756]

Við manntalsþing að Eskifirði 29. maí 1914 var þinglesið afsal, dagsett 13. nóvember 1913, þar sem Jón Pálsson og Helga Magnúsdóttir seldu Páli Jónssyni jörðina Sellátra í Reyðarfirði.[757]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Sellátrar var metin á 3.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst, en gerð er grein fyrir þrætustykki við sjó. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Páll Jónsson.[758]

Við manntalsþing í barnaskólanum á Eskifirði 10. júlí 1925 var þinglesið kaupbréf þar sem Páll J. Jónsson seldi Magnúsi Magnússyni í Reykjavík jörðina Sellátra með húsum fyrir 12.000 krónur.[759]

### *5.11.4 Högnastaðir í Reyðarfirði*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Högnastaða ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Sellátrum.[760]

Í dómsskjölum Suður-Múlasýslu er varðveitt skjal yfir úttekt á Högnastöðum og skráð að hún hafi farið fram 26. júní 1830. Þar segir að jörðin hafi verið byggð Guðmundi Pálssyni með byggingarbréfi dagsettu 27. mars 1820.[761]

Við úttekt á Skriðklaustursjörðum var jörðin Högnastaðir skoðuð 25. maí 1842. Engar upplýsingar koma fram um landamerki og þá segir að engin ítök séu eða hlunnindi fyrir utan að endrum og sinnum megi ná til afla.[762]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Sellátra. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður álíti Högnastaði vera þrjú hundruð að dýrleika.[763]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Högnastaði:

> 18 Högnastaðir
>
> hjáleiga, talin 3$^{hndr}$, þar stendr líkt á landsnytjum og á Sellátrum, þá er útibeit betri á hjáleigunni. Virdt á 150$^{\underline{rbd}}$.[764]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Högnastaða er dagsett 17. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Að utan: gagnvart umboðsjörðinni Sellátrar rædur merkjum „Merkilækur" hinn fremri.

756 Skjal nr. 2(601).
757 Skjal nr. 2(431).
758 Skjal nr. 2(108).
759 Skjal nr. 2(602).
760 Skjal nr. 2(40).
761 Skjal nr. 2(230).
762 Skjal nr. 2(387).
763 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
764 Skjal nr. 2(71).

> Að innan: gagnvart bændaeigninni Svínaskála ræður merkjum „Merkigil“ hið fremra úr vörðu, sem er hlaðin í mynni þess miðju niður undir sjó á bakkanum fyrir ofan reiðgötu, úr vördunni beina sjónhending fyrir innan Þurshöfða beint í Ljósárfoss, úr því ræður Ljósá uppí eggjar.
>
> Að ofan ráða fjallseggjar að neðan Reiðarfjörður.
>
> Enginn á ítak í landi Högnastaða, ekki á hún heldur neitt ítak í annara jarða landi.
>
> Hallfríðarstöðum þann 17. maí 1890.
>
> Páll Ólafsson
>
> Samþykkur vegna Svínaskála
>
> J. Símonarson.[765]

Hinn 26. mars 1896 sendi Páll Ólafsson umboðsmaður til landshöfðingja lýsingu á jörðinni Högnastöðum þar sem ábúandinn, Halldór Árnason, hafði óskað eftir að fá að kaupa jörðina. Í skjalinu segir Páll að líkt og um Sellátra sé lítið um landkosti á Högnastöðum og að landþrengsli séu hinn mesti ókostur. Tún sé hins vegar í besta lagi og gefi af sér um 100 hesta af töðu. Að lokum segir í lýsingunni að land milli Sellátra og Högnastaða sé óskipt og að áliti Páls væri réttast að selja báðar jarðirnar ef önnur yrði seld. Þannig gætu eigendur verið sjálfráðir um hvort þeir skiptu landinu eða ekki.[766]

Hinn 13. maí 1897 sendi sýslumaður Suður-Múlasýslu til landshöfðingja umsóknir átta leiguliða á þjóðjörðum og umsagnir umboðsmanns og sýslunefndar um þær. Nefnd gögn liggja ekki með bréfinu í skjalasafni landshöfðingja.[767]

Við aukarétt 3. júní 1915 voru útnefndir þeir Ámundur Helgason oddviti á Bjargi og Halldór Jónsson á Stekk til að meta Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu, Högnastaði og Kirkjuból, sem ábúendur höfðu falað til kaups.[768] Við aukarétt 9. júlí 1915 voru útnefndir þeir Halldór Jónsson bóndi á Svínaskálastekk og Ólafur Helgason bóndi á Helgustöðum til að meta þjóðjörðina Högnastaði í Reyðarfirði sem ábúandi jarðarinnar hafði falað til kaups.[769]

Í virðingargjörð á þjóðjörðinni Högnastöðum í Helgustaðahreppi, dagsettri 13. september 1915, segir að umboðsmaður hafi létt undir með virðingarmönnum með skýrslu sinni um Högnastaði, dagsettri 26. júlí 1915. Þeim fannst óþarfi að endurtaka umsögn hans en létu hana fylgja matinu. Þá höfðu virðingarmenn nokkur orð um skýrslu umboðsmanns:

> og er það þá fyrst að hún minnir helst til mikið á lýsing Þórólfs á Íslandi forðum.[770]

Virðingarmenn sögðu einnig:

[765] Skjöl nr. 2(15) og 2(536).
[766] Skjal nr. 2(348).
[767] Skjal nr. 2(350).
[768] Skjal nr. 2(469).
[769] Skjal nr. 2(537).
[770] Skjal nr. 2(357).

> Þar sem umboðsmaðurinn talar um „eðlilega landkosti þegar þeirra sje neytt“ þá vitum við ekki hvað hann meinar, því við sjáum hjer hvorki nje þekkjum neina ónotaða landkosti[771]

Og jafnframt:

> Þau ummæli að jörðin sje „fremur land lítil“ geta staðist þegar tekið er tillit til þess að jörðin er aðeins 3,93 [hundruð]. Í okkar augum er jörðin afar lítil, ofboð lítil ræma frá sjó til fjalls um 600 metra breið.[772]

Að lokum var jörðin metin á 1.250 kr. með öllu.[773]

Við aukarétt 20. desember 1915 var framlögð og staðfest matsgjörð þeirra Halldórs Jónssonar á Svínaskálastekk og Ólafs Helgasonar á Helgustöðum á þjóðjörðinni Högnastöðum í Reyðarfirði.[774]

Með bréfi dagsettu 22. janúar 1916 sendi Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýsluumboðs, skjöl til Stjórnarráðsins varðandi jörðina Högnastaði vegna beiðni ábúanda um kaup á henni. Hann sá ekkert athugavert við að selja jörðina.[775]

Við manntalsþing í barnaskólahúsi Eskifjarðar 26. júní 1918 var þinglesið afsal, dagsett 10. janúar 1917, þar sem ráðherra Íslands afsalaði Guðríði Sigurðardóttur ábýlisjörð hennar Högnastöðum í Reyðarfirði.[776]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Högnastaðir var metin á 1.600 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Guðríður Sigurðardóttir.[777]

### *5.11.5 Svínaskáli í Eskifirði*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Svínaskála metinn níu hundruð. Eigandi jarðarinnar var G. Petersen sýslumaður.[778]

Við manntalsþing á Gytteborg 13. ágúst 1810 var þinglesin lögfesta Sigríðar Hjörleifsdóttur fyrir jörðinni Svínaskála, sem meðal annars fjallaði um rétt hennar sem hún hefði misst á Mjóeyri.[779]

Við manntalsþing í Eskifjarðarkaupstað 10. október 1812 var þinglesin lögfesta fyrir jörðinni Svínaskála, dagsett sama dag.[780]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 14. júlí 1817 var þinglesið kaupbréf, dagsett 26. ágúst 1815, með hverju Magnús Pálsson afhenti Stefáni Péturssyni assistent fimm hundruð úr jörðinni Svínaskála. Við sama manntalsþing var þinglesin lögfesta

771 Skjal nr. 2(357).
772 Skjal nr. 2(357).
773 Skjal nr. 2(357).
774 Skjal nr. 2(538).
775 Skjal nr. 2(358).
776 Skjal nr. 2(460).
777 Skjal nr. 2(109).
778 Skjal nr. 2(41).
779 Skjal nr. 2(622).
780 Skjal nr. 2(578).

prestsins Guttorms Pálssonar og áðurnefnds Stefáns Péturssonar fyrir Svínaskála, dagsett 14. júlí 1817.[781]

Við manntalsþing á Kolfreyjustað 12. apríl 1822 var þinglesið makaskipta- og kaupbréf með hverju Páll prófastur seldi Jóni Jónssyni fjögur hundruð úr jörðinni Svínaskála fyrir eitt hundrað úr jörðinni Þernunesi og Stefán Pétursson á Berunesi skipti með nefndum Jóni fimm hundruðum úr Svínaskála fyrir fimm hundruð úr jörðinni Þernunesi.[782] Afsalsbréfið var einnig þinglesið við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 26. apríl 1823.[783]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 28. apríl 1826 var þinglesið kaupbréf, dagsett 27. október 1825, með hverju Jón Jónsson á Svínaskála seldi Hemmert verslunarstjóra jörðina Svínaskála. Á sama manntalsþingi lagði Gísli Brynjólfsson prestur á Hólmum fram mótmæli, fyrir hönd konunnar á Svínaskála, gegn sölunni og því að kaupbréfið fengist upp lesið.[784]

Við manntalsþing að Skorrastað 22. maí 1827 var þinglesið afsalsbréf dagsett 28. september 1826 þar sem A. Hemmert verslunarstjóri seldi og afhenti Benedikt Þorsteinssyni presti jörðina Svínaskála.[785]

Hinn 25. maí 1839 lögfesti Benedikt Þorsteinsson land, reka og hlunnindi jarðarinnar Svínaskála. Lögfestan var þinglesin á manntalsþingi á Hólmum þann 25. maí sama ár og er texti lögfestunnar eftirfarandi:

> Eg Benedikt Þorsteinsson Prestur til Skorastadar sóknar lögfesti hérmed Eignarjörd mína Svínaskála 9 hndr. ad dyrleika liggiandi í Hólma sókn med Húsum, túni Eyngjum, Hagbeit, Hellutaki og reka samt öllum þeim Landsnytjum, Hlunnindum og Herlegheitum, til Lands, Vatna og Siáar, sem nefndri Jördu fylgir, fylgt hefur og fylgja ber [ad] fornu og nýu, nefnilega innan eptirfylgjandi Landamerkja; frá svokölludu Merkigili ad utan þadan upp framanverdt vid Þurshöfda og uppí Ljosá, enn að innanverdu inn á Lambeyrar á innri ad nedan, og þadan beint í Eggjar upp, að undan teknu því Platsi á Mjóueyri, sem útmælt er fyrir Kaupstadar grunn og ádur er selt Konúngligri hátign. – Lögfesti eg svo nefndrar Jardar Land ad réttu Lögmáli, og fyrirbíd einum og sérhvörium ádurnefndrar Jardar herlegheit að brúka eda á nockurn Máta ad hagnýta sér, nema þar til komi mitt Leifi, eda Leifi þess núverandi ábúanda á Jördunni Símónar Arnasonar eptir því Accordi, sem og sídan géf honum um ad semja vid hlutadegendur, enn bíd þar á móti þeim sem vanhaldnir kunna ad þikjast af þessari minni Lögfestu, ad þeir framkomi þad snarasta med skjöl sín og skilríki, sem þessari minni Lögfestu hneckja kunni til Merkis mitt Nafn ad Ormsstödum d 23 Maii 1839
>
> B. Thorsteinsson[786]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Svínaskáli metin níu hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[787]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Svínaskála:

---

781 Skjal nr. 2(597).
782 Skjal nr. 2(588).
783 Skjal nr. 2(594).
784 Skjal nr. 2(586).
785 Skjal nr. 2(603).
786 Skjöl nr. 2(149) og 2(580).
787 Skjal nr. 4(1), bls. 375.

> 15 Svínaskáli
>
> þar er tún gott, útheyskapur í minna lagi, útbeit á vetrum med besta móti, sjáfarabli nokkr, virdt af öllum á 504rbd.[788]

Á fundi sáttanefndar Hólmaumdæmis 8. júní 1863 var tekið fyrir mál milli Jónasar Símonarsonar á Svínaskála og Þorleifs Þorleifssonar á Svínaskálastekk um hestsgöngu á svokölluðum engjum fyrir utan Stekk. Þorleifur kvartaði yfir hestagöngu Jónasar, en sátt náðist milli aðila þannig að Jónas mætti láta hesta sína ganga átölulaust í fyrrgreindum engjum gegn því að greiða ábúendum Stekkjar tvö dagsverk eða tvo ríkisdali fyrir fyrirhöfn þeirra við að verja engjarnar í fjallinu á sumrin.[789]

Við manntalsþing á Eskifirði 15. júní 1876 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 6. desember 1876, með hverju Þrúður Benediktsdóttir seldi Jónasi Símonssyni sjö hundruð að fornu mati úr jörðinni Svínaskála. Við sama manntalsþing var þinglesin lögfesta, dagsett 15. júní 1876, fyrir Svínaskála undir mótmælum Stefáns Bjarnasonar á Eskifirði, í umboði eiganda Lambeyrar, G. E. Thorlaciusar.[790]

Hinn 16. júní 1877 lögfesti G. E. Thorlacius land Lambeyrar með tilgreindum landamerkjum:

> Hérmeð lýsi eg yfir því, að eg lögfesti eign mína Lambeyri, sem liggr milli jarðanna Eskifjarðar og Svínaskála, að innan fram í Bleiksárfarveg inn forna, er liggur á innanverðu Bleiksárnesi; að ofan nær landið á fjallsbrún upp, þartil vötnum deilir norðuraf og suðuraf; að utan nær þessi eign mín í Lambeyrarár inar ytri; á sjó út er í minni landeign allt, fyrir þessari strönd, og út til þess miðfjarðar. – Banna eg því einum og sérhverjum að nota á nokkurn hátt landið innan nefnd$_{ra}$ takmarka, án þess mitt leyfi til komi; ella varði við lög ef af er brotið.[791]

Lögfestan var þinglesin við manntalsþing á Eskifirði 16. júní 1877 en henni var mótmælt af J. Símonarson á Svínaskála.[792]

Hinn 6. október 1883 var á fundi sáttanefndar Hólmaumdæmis tekið fyrir mál Jóns Johnsens sýslumanns og Jónasar Símonarsonar á Svínaskála um landaþrætu varðandi jarðirnar Lambeyri og Svínaskála. Jón sýslumaður, eigandi Lambeyrar, vildi að Ytri-Lambeyrará réði landamerkjum en Jónas vildi að Fremri-Lambeyrará réði merkjum. Einnig var tekið fyrir að komast að því hvar hinar réttu ár, Ytri- og Fremri-Lambeyrarár, væru staðsettar. Eftir nokkrar umræður kom málsaðilum saman um að kynna sér betur afstöðu og upptök Lambeyraránna.[793] Á fundi sáttanefndar Hólmaumdæmis 4. janúar 1884 var að nýju tekið fyrir mál um landamerki Lambeyrar og Svínaskála en engri sátt var á komið og var málinu því vísað til landslaga og réttar.[794]

Við aukarétt á Eskifirði 20. ágúst 1884 tók settur sýslumaður fyrir ágreiningsmál um landamerki milli þeirra Jóns Johnsens sýslumanns eiganda hluta Lambeyrar og Jónasar

788 Skjal nr. 2(71).
789 Skjal nr. 2(274).
790 Skjal nr. 2(579).
791 Skjal nr. 4(58).
792 Skjöl nr. 2(458) og 4(58).
793 Skjal nr. 2(275).
794 Skjal nr. 2(276).

Símonarsonar bónda á Svínaskála. Lögð voru fram skjöl í málinu og svo skipaðir fjórir menn í merkjadóm.[795] Daginn eftir, 21. ágúst, unnu dómsmenn eiða sína og sækjandi lagði fram sókn og því næst var gengið á landamerkin.[796] Við aukarétt sama dag og að lokinni merkjagöngu dómsmanna varð eftirfarandi sætt milli málspartanna:

> að hinn stefndi sleppir af þrætuspildunni stykki því, er fylgir húsi Odlands Norðmanns og afgjaldi af tjeðu landstykki frá síðustu fardögum (1884), þannig að landamerki milli Lambeyrar og Svínaskála skulu hjereptir vera úr steini, sem stendur við sjóinn hjer um bil mitt á milli áðurnefnds Odlands húss og húss þess, sem tilheyrir Norðmanninum Mons Larsen, þaðan beina stefnu upp í foss þann, sem er í innri Lambeyrará uppi í miðbrúninni fram og upp af „Selbotni", síðan ráði áin úr því upp í eggjar. Sækjandi hefur samt það varaskilyrði, að ef erfingjar að dánarbúi frú Gyttu sál. Thorlacius vilji eigi samþykkja sættina, þá skuli hún ógild vera og málinu verða framhaldið til dóms eins og áður var ákveðið.[797]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Svínaskála er dagsett 31. maí 1889 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Frá miðjum Eskifyrði á fjallsegg upp til þess vötnum hallar að Norðfirði.
>
> Að norðanverðu liggur jördin að Lambeyri og eru merki milli þessara jarða í stein, sem er við fjördinn fyrir utan Odlandshúsgrunn, 13 faðma þaðan rjetta sjónhendingu í foss þann í fremri Lambeyraránni, sem er fyrir framan og ofan Selbotn, eptir það rædur áin til fjalls upp. – Að suðaustan liggur jörð þessi að Högnastaða landi og að merkivördu í fremra merkigili niður við sjó, þaðan rædur sjónhending í Ljósárfoss fyrir framan og neðan Rangármýrar, eptir það rædur Ljósá til fjalls upp.
>
> Staddur á Eskifirði 31. maí 1889.
>
> J. Símonarson, Eiríkur Björnsson eigendur Svínaskála.
>
> Halldór Árnason (leiguliði Högnastaða)
>
> Fyrir hönd umboðsmanns Páls Ólafssonar umráðamanns Högnastaða, eptir fullmakt.
>
> Jón Johnsen.
>
> Samþykkur vegna Lambeyrar
>
> Jón Johnsen.[798]

Hinn 31. júlí 1897 fór fram skiptagjörð þar sem eigendur Svínaskála og Svínaskálastekks, þau Guðbjörg Jónsdóttir og Eiríkur Björnsson, skiptu landi jarðanna með eftirfarandi tilgreindum takmörkum:

> Frá vörðu á svonefndu Leiti við sjóinn á að giska 25 faðma inn á við frá læk þeim er rennur fyrir framan túnið á Stekk, beina sjónhending í vörðu til fjalls á svo nefndum Stekkshnaus, þaðan beint í vörðu fyrir utan og ofan Sandskeiðsmel, og þaðan á ská út á við í vörðu við foss, sem er rjett innan við Litladalinn. –
>
> Strandrjettur er óskiptur fyrir báðum löndum, eins og verið hefur að undanförnu, að undanskildri fjörubeit, sem er háð þeim skiptum sem nú hafa verið gjörð. –

[795] Skjal nr. 2(566).
[796] Skjal nr. 2(567).
[797] Skjal nr. 2(568).
[798] Skjöl nr. 2(16) og 2(536).

> Grunnleigur hefur hver af sínu landi inn í svo nefnda innri Mjóeyrarvík, en húsgrunnar þaðan inn að innri landamerkjum Svínaskála, 70 faðma til fjalls frá sjó er óskipt, að undanteknum 900 □ föðmum í svo nefndu Hlíðarendatúni, er grunnleigur skulu gjaldast af til eiganda Svínaskála eins. –[799]

Skiptagjörðin var innfærð til þinglýsingar 2. ágúst 1897 og þinglesin á manntalsþingsrétti á Eskifjarðarverslunarstað, en dagsetningu þinglýsingar er ekki getið.[800]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 7. júní 1898 var þinglesið bréf, dagsett 31. júlí 1897, þar sem eigendur Svínaskála og Svínaskálastekks skiptu með sér eigninni eftir landamerkjum.[801]

Við manntalsþing að Eskifjarðarhöndlunarstað 10. júlí 1902 var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 28. október 1901, þar sem Guðbjörg Jónsdóttir á Svínaskála seldi og afsalaði syni sínum Árna Jónssyni jörðina Svínaskála með öllum húsum og bryggju.[802]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Svínaskáli var metin á 7.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Árni Jónasson.[803]

### *5.11.5.1 Svínaskálastekkur/Engjabakki í Eskifirði*

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Svínaskálastekkur ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Svínaskála. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður álíti Svínaskálastekk tilheyra þrjú hundruð af mati Svínaskála.[804]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Svínaskálastekk:

> 16 Svínaskálastekkur
>
> hjáleiga, talin 2$^{\text{hndr}}$, þar stendr eins á og á Svínaskála ad tiltölu; virdt á 144$^{\underline{\text{rbd}}}$.[805]

Við manntalsþing á Skorrastað 2. júní 1862 var þinglesið makaskiptabréf þar sem Jón Hávarðsson prestur skipti einu hundraði og átta álnum í jörðinni Naustahvömmum við S. Sigurðsson á Skógum fyrir eitt hundrað úr Svínaskálastekk.[806]

Á fundi sáttanefndar Hólmaumdæmis 8. júní 1863 var tekið fyrir mál milli Jónasar Símonarsonar á Svínaskála og Þorleifs Þorleifssonar á Svínaskálastekk um hestsgöngu á svokölluðum engjum fyrir utan Stekk. Þorleifur kvartaði yfir hestagöngu Jónasar, en sátt náðist milli aðila þannig að Jónas mætti láta hesta sína ganga átölulaust í fyrrgreindum engjum gegn því að greiða ábúendum Stekkjar tvö dagsverk eða tvo ríkisdali fyrir fyrirhöfn þeirra við að verja engjarnar í fjallinu á sumrin.[807]

---

[799] Skjal nr. 2(218).
[800] Skjal nr. 2(218).
[801] Skjal nr. 2(428).
[802] Skjal nr. 2(429).
[803] Skjal nr. 2(111).
[804] Skjal nr. 4(1), bls. 375.
[805] Skjal nr. 2(71).
[806] Skjal nr. 2(619).
[807] Skjal nr. 2(274).

Við manntalsþing á Eskifjarðarhöndlunarstað 31. maí 1880 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 19. apríl 1880, þar sem Jón Hávarðsson prestur á Ósi afhenti Jóni Ólafssyni ritstjóra Svínaskálastekk.[808]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Svínaskálastekk.

Hinn 31. júlí 1897 fór fram skiptagjörð þar sem eigendur Svínaskála og Svínaskálastekks, þau Guðbjörg Jónsdóttir og Eiríkur Björnsson, skiptu landi jarðanna með eftirfarandi tilgreindum takmörkum:

> Frá vörðu á svonefndu Leiti við sjóinn á að giska 25 faðma inn á við frá læk þeim er rennur fyrir framan túnið á Stekk, beina sjónhending í vörðu til fjalls á svo nefndum Stekkshnaus, þaðan beint í vörðu fyrir utan og ofan Sandskeiðsmel, og þaðan á ská út á við í vörðu við foss, sem er rjett innan við Litladalinn. –
>
> Strandrjettur er óskiptur fyrir báðum löndum, eins og verið hefur að undanförnu, að undanskildri fjörubeit, sem er háð þeim skiptum sem nú hafa verið gjörð. –
>
> Grunnleigur hefur hver af sínu landi inn í svo nefnda innri Mjóeyrarvík, en húsgrunnar þaðan inn að innri landamerkjum Svínaskála, 70 faðma til fjalls frá sjó er óskipt, að undanteknum 900 □ föðmum í svo nefndu Hlíðarendatúni, er grunnleigur skulu gjaldast af til eiganda Svínaskála eins. –[809]

Skiptagjörðin var innfærð til þinglýsingar 2. ágúst 1897 og þinglesin á manntalsþingsrétti á Eskifjarðarverslunarstað, en dagsetningu þinglýsingar er ekki getið.[810]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 7. júní 1898 var þinglesið bréf, dagsett 31. júlí 1897, þar sem eigendur Svínaskála og Svínaskálastekks skiptu með sér eigninni eftir landamerkjum.[811]

Við manntalsþing á Eskifjarðarverlunarstað 12. júní 1909 var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 4. janúar 1909, þar sem Eiríkur Björnsson á Karlsskála afsalaði Kristínu Gísladóttur á Svínaskálastekk 3,77 hundruðum úr jörðinni Svínaskálastekk.[812]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Svínaskálastekkur var metin á 2.400 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Kristín Gísladóttir.[813]

Við manntalsþing að Eskifirði 9. júlí 1923 var þinglesið afsal þar sem Kristín Gísladóttir afsalaði Jóni Jónssyni og Jóni Halldórssyni jörðinni Svínaskálastekk.[814]

### *5.11.6 Lambeyri í Eskifirði*

Við extrarétt 24. ágúst 1799 lagði O. Möller verslunarstjóri fram stefnu, dagsetta 22. ágúst sama mánaðar, þar sem hann stefndi kaupmönnum N. Örum og J. Wulff til að

[808] Skjal nr. 2(514).
[809] Skjal nr. 2(218).
[810] Skjal nr. 2(218).
[811] Skjal nr. 2(428).
[812] Skjal nr. 2(621).
[813] Skjal nr. 2(110).
[814] Skjal nr. 2(420).

vera viðstadda uppmælingargjörð og sjá framlögð skjöl og dæmast til að fjarlægja byggingar sínar í Eskifjarðar kaupstað. Þingmenn álitu að bygging Örums hafi staðið á landi hjáleigunnar Lambeyrar í eigu Kyhns kaupmanns. Sveinsson sýslumaður lýsti því að hann væri samþykkur því að Bleiksá ætti að vera landamerki milli Eskifjarðar og Lambeyrar og að jörðin Lambeyri hefði sitt takmarkaða land milli beggja vatnsfalla, Bleiksár og Lambeyrarár. Möller kaupmaður lagði fram uppmælingargjörð, dagsetta 24. ágúst 1799, yfir það pláss sem byggingar Örums kaupmanns tækju upp af Lambeyrar landi. Möller lagði einnig fram innlegg þar sem hann sagði Örum og Wulff tildæmda að færa byggingar sínar af landi Kyhns að viðlagðri sekt. Örum kaupmaður lagði fram gagnstefnu og innlegg til Möllers verslunarstjóra um að Kyhn kaupmaður verði tildæmdur að selja rentukammerinu það land sem húsin standi á.[815] Við extrarétt 30. ágúst 1799 var framhaldið sama máli og lögð fram skjöl í málinu, meðal annars mælingargjörð fyrir hús Örum-verslunarinnar. Þar sem Örum kaupmaður mætti ekki fyrir réttinn var dómur uppkveðinn. Þá var upplýst að eftir að Eskifjörður fékk kaupstaðarréttindi 1786 hafi verið gerð forrétting um hvar kaupstaðurinn ætti að rísa, dagsett 19. mars 1787, sem innihélt jarðirnar Lambeyri og Mjóeyri. Dómurinn var á þá leið að ekki var tekið undir kröfu Georgs A. Kyhn um að Niels Örum bæri að fjarlægja verslunarhús sín.[816]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Lambeyrar ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Eskifirði.[817]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 5. september 1821 var þinglesið kaupbréf, dagsett 10. maí 1814, þar sem Bagöe verslunarstjóri seldi G. Ögmundsen verslunarstjóra jörðina Lambeyri. Á sama kaupbréfi var áteiknun um sölu Ögmundsens á téðri jörð til Örum og Wulff, dagsett 14. maí 1814.[818]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Lambeyri metin fjögur hundruð að dýrleika og skráð sem hjáleiga Eskifjarðar.[819]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Lambeyri:

> 14 Lambeiri
>
> fyrrum hjáleiga frá Eskifirði, nu ábygð jörd sér, er túnid notad og ræktað, en landid er sem stendr, ætlad til beitar fyrir ferdamannahesta, med tilliti til þessa ókosts er hún virdt á 250rbd.[820]

Við manntalsþing að Hólmum 31. maí 1864 var þinglesið afsalsbréf frá Örum og Wulff í Kaupmannahöfn til C. D. Tulinius fyrir verslunarstaðnum Eskifirði og eyðijörðinni Lambeyri, dagsett 29. febrúar 1864.[821]

---

815 Skjal nr. 2(438).
816 Skjal nr. 2(439).
817 Skjal nr. 2(42).
818 Skjal nr. 2(564).
819 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
820 Skjal nr. 2(71).
821 Skjal nr. 2(565).

Við manntalsþing á Eskifirði 15. júní 1876 var þinglesin lögfesta, dagsett 15. júní 1876, fyrir Svínaskála undir mótmælum Stefáns Bjarnasonar á Eskifirði, í umboði eiganda Lambeyrar, G. E. Thorlaciusar.[822]

Hinn 16. júní 1877 lögfesti G. E. Thorlacius land Lambeyrar með tilgreindum landamerkjum:

> Hérmeð lýsi eg yfir því, að eg lögfesti eign mína Lambeyri, sem liggr milli jarðanna Eskifjarðar og Svínaskála, að innan fram í Bleiksárfarveg inn forna, er liggur á innanverðu Bleiksárnesi; að ofan nær landið á fjallsbrún upp, þartil vötnum deilir norðuraf og suðuraf; að utan nær þessi eign mín í Lambeyrarár inar ytri; á sjó út er í minni landeign allt, fyrir þessari strönd, og út til þess miðfjarðar. – Banna eg því einum og sérhverjum að nota á nokkurn hátt landið innan nefnd$_{ra}$ takmarka, án þess mitt leyfi til komi; ella varði við lög ef af er brotið.[823]

Lögfestan var þinglesin við manntalsþing á Eskifirði 16. júní 1877 en henni var mótmælt af J. Símonarson á Svínaskála.[824]

Við manntalsing að Eskifirði 15. júní 1878 var þinglesin lögfesta Jóns Ólafssonar fyrir Eskifjarðarlandi gagnvart Lambeyri, dagsett sama dag.[825]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 1. júní 1882 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 22. október 1881, þar sem Björn Sigurðarson seldi Tuliniusi kaupmanni landstykki úr Lambeyrarlandi milli Grjótár og lækjarins fyrir framan Lambeyrartúnið. Við sama þing var þinglesin lögfesta Kjartans Péturssonar fyrir Eskifjarðarlandi, eða friðun á sínu landi fyrir gripum frá Eskifirði. Þessari lögfestu mótmælti Tulinius kaupmaður að því leyti sem Kjartan vildi hafa ítak í Eskifirði.[826]

Með afsalsbréfi dagsettu 23. september 1882 seldi Björn Sigurðarson Jóni Johnsen sýslumanni hluta úr jörðinni Lambeyri fyrir 745 krónur. Landamerki eru tilgreind í skjalinu og eru þau svohljóðandi:

> að norðanverðu að læk þeim er fellur til sjávar framanvert við Lambeyrartún (Snæhvammslæk), en að sunnanverðu af Ytri-Lambeyrará, frá fjalli til fjöru, þannig að allur partur jarðarinnar Lambeyrar milli túna Svínaskalalands og eignarhluta kaupmanns C. D. Tuliniusar úr Lambeyri, hjereptir er eign herra sýslumanns J. Johnsens[827]

Með öðru afsalsbréfi dagsettu 23. september 1882 seldi Björn Sigurðarson Jóni Magnússyni kaupmanni hluta úr jörðinni Lambeyri fyrir 611 krónur. Landamerki eru tilgreind í skjalinu og eru þau svohljóðandi:

> part úr eignarjörð minni Lambeyri og ráða takmörkum hans Bleiksá að norðanverðu og Grjótá að sunnanverðu, frá fjalli til fjöru, þannig að allur partur jarðarinnar Lambey[rar milli] Eskifjarðarlands og eignarhluta kaupm. C. D. Tuliniusar úr Lambeyri, héreptir er eign herra kaupmanns Jóns Magnúss.[828]

---

822 Skjal nr. 2(579).
823 Skjal nr. 4(58).
824 Skjöl nr. og 2(458) og 4(58).
825 Skjal nr. 2(448).
826 Skjal nr. 2(450).
827 Skjal nr. 4(59).
828 Skjal nr. 4(59).

Afsalsbréfin voru bæði þinglesið við manntalsþing á Eskifirði 1. júní 1883.[829]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Lambeyrar er dagsett 6. apríl 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Lambeyri Miðlambeyri.
>
> Jeg Carl Daniel Tulinius á Eskifirði, lýsi hjermeð yfir, að jeg, samkvæmt eignarskjal, dagsettu 22. októberm. 1881, hef jeg keypt miðpartinn úr jörðinni „Lambeyri“ og eru landamerki: fyrir innan (í norðri) lækur sá, sem kallast „Grjótá“, og fyrir utan (í suðri) lækur sá, er rennur í fjörðinn niður með norðurhlið „Lambeyrartúns“.
>
> Þetta stykki úr Lambeyrarlandi, sem jeg á, nær frá lóð Eskifjarðarverslunarstaðar, að neðan til tinds fjallsins, þar sem vötnum hallar til Norðfjarðar.
>
> Þess skal getið, að samkvæmt eignarskjali, dagsettu 8. october 1806, fylgir með lóð þess~~ari~~ verslunarstaðar, sem þeir Örum & Vulff þá áttu og sem nú er mín eign, rjett til landsstykkis upp til fjalls svo mikið, sem þarf til vatnsmylnu byggingar eða annarar brukunar.
>
> Eskifirði 6. apríl 1883
>
> Carl D. Tulinius.
>
> Samþykkt fyrir mitt leyti.
>
> Jón Johnssen.
>
> Samþykkist þannig, að landsstykki það sem um er talað í síðasta kafla ofanskrifaðrar landamerkjaskrár, sje ekki fyrir innan (framan) „Grjótá“. –
>
> Eskifirði 8. ágúst 1883
>
> Jón Magnússon eigandi Bleiksár eða „Fram-Lambeyrar“.
>
> Athugasemd herra Jóns Magnússonar er jeg samþykkur þannig, að mjer sje heimilt að nota árbakkan ynnra til þess búa um vatnsveitingu að vatnsmylnu, sem stendur á minni lóð.
>
> Eskifirði 8. ágústm. 1883.
>
> Carl D. Tulinius.
>
> Þessu er jeg samþykkur með því skylyrði, að eigandi frampartsins „Lambeyrarlands“ skal hafa rjett til að nota ytra árbakkann til þess að búa um vatnsveitingu að vatnsmylnu sem stendur á hans lóð eða kaupstaðargrunni framan „Grjótár“.
>
> Eskifirði 20. Maí 1884
>
> fyrir hönd Jóns Magnússonar
>
> Friðrik Möller.
>
> Það er sjálfsagt að hvorugur má búa svo um vatnsveitingu úr „Grjótá“, að hins landi sje nokkur hætta búin af því.
>
> Eskifirði 20. Maí 1884
>
> fyrir hönd Jóns Magnússonar
>
> Friðrik Möller.

[829] Skjal nr. 4(59).

Carl D. Tulinius.

Þar sem „Miðlambeyrarland“ að neðan liggur að lóð Eskifjarðarverslunarstaðar skal þess getið, að neðri landamerki eru þessi: Tveir stórir steinar utarlega á stykkinu, hvarí eru höggnir: í hinum ytra stafirnir E/.D.K. og í þann innra stafirnir E.K. – Bein lína frá ytra landamerkjalæknum og til „Grjótár“ gegnum báða steina þessa eru landamerkin.

Eskifirði 26. Maí 1884

Carl D. Tulinius.

Samþykkjast

Jón Johnssen.[830]

Við manntalsþing fyrir Reyðarfjarðarhrepp að Eskifjarðarhöndlunarstað 1. júní 1883 var þinglesið uppboðsafsalsbréf á Lambeyri, dagsett 22. september 1882, til Björns Sigurðssonar. Við sama þing voru þinglesin tvö afsalsbréf frá Birni Sigurðssyni, dagsett 23. september 1882, fyrir pörtum úr Lambeyri til Johnsons sýslumanns og Jóns Magnússonar kaupmanns.[831]

Hinn 6. október 1883 var á fundi sáttanefndar Hólmaumdæmis tekið fyrir mál Jóns Johnsens sýslumanns og Jónasar Símonarsonar á Svínaskála um landaþrætu varðandi jarðirnar Lambeyri og Svínaskála. Jón sýslumaður, eigandi Lambeyrar, vildi að Ytri-Lambeyrará réði landamerkjum en Jónas vildi að Fremri-Lambeyrará réði merkjum. Einnig var tekið fyrir að komast að því hvar hinar réttu ár, Ytri- og Fremri-Lambeyrarár, væru staðsettar. Eftir nokkrar umræður kom málsaðilum saman um að kynna sér betur afstöðu og upptök Lambeyraránna.[832] Á fundi sáttanefndar Hólmaumdæmis 4. janúar 1884 var að nýju tekið fyrir mál um landamerki Lambeyrar og Svínaskála en engri sátt var á komið og var málinu því vísað til landslaga og réttar.[833]

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Lambeyrar er dagsett 24. maí 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

Takmörk þess hluta jarðarinnar „Lambeyri“ í Reyðarfjarðarhreppi (úthlutans) sem ég með kaupbrjefi dags. 23. sept. 1882 er orðinn eigandi að, eru þessi: að norðan (innan) hinn svokallaði Snæhvammslækur sem rennur í Eskifjörðinn á úttakmörkum kauptúnsins Eskifjarðar ræður sá lækur takmörkum ~~þessum~~ uppí fjallseggjar; kaupmaður Tulinius á land að takmörkum þessum og fyrir innan þau; að sunnan (utan) ræður takmörkum lína dregin úr steini milli húsanna Odlands og Mons Larsen þessi steinn er merktur L.S. úr þessum steini lína eptir hlöðnum merkivörðum í miðjan fossinn í hinni nú nú kölluðu Lambeyrar á innri uppí miðbrúnina fram og upp af „Selbotni“ sem svo er kallaður síðan ræður þessi sama á (Lambeyrár á innri) merkjum uppí fjallseggjar; fyrir utan þessi takmörk er Svínaskálaland eign Jónasar bónda Símonarsonar er þar býr nú; innan þessara takmarka milli fjalls (er vötnum fer að halla norður til Norðfjarðar) og fjöru er sá hluti Lambeyrar, sem ég tel mína eign. Þessi minn partur á ekki neinstaðar ítak og ekki á heldur neinn ítak í þessum mínum parti. 2 Norðmömnnum og kaupmanni

[830] Skjal nr. 2(17).
[831] Skjal nr. 2(417).
[832] Skjal nr. 2(275).
[833] Skjal nr. 2(276).

> Carl D. Tuliniusi hefur verið leigður landskiki með sjó fram, og 5 tómthúsmenn hafa þar stæði fyrir hús sín, fríkirkja Reyðfirðinga hefur þar leigulaust stæði fyrir sig.
>
> Eskifirði 24. mai 1886.
>
> Ofanskrifuðu er samþykkir:
>
> Jón A Johnsen.[834]

Við aukarétt á Eskifirði 20. ágúst 1884 tók settur sýslumaður fyrir ágreiningsmál um landamerki milli þeirra Jóns Johnsens sýslumanns eiganda hluta Lambeyrar og Jónasar Símonarsonar bónda á Svínaskála. Lögð voru fram skjöl í málinu og svo skipaðir fjórir menn í merkjadóm.[835] Daginn eftir, 21. ágúst, unnu dómsmenn eiða sína og sækjandi lagði fram sókn og því næst var gengið á landamerkin.[836] Við aukarétt sama dag og að lokinni merkjagöngu dómsmanna varð eftirfarandi sætt milli málspartanna:

> að hinn stefndi sleppir af þrætuspildunni stykki því, er fylgir húsi Odlands Norðmanns og afgjaldi af tjeðu landstykki frá síðustu fardögum (1884), þannig að landamerki milli Lambeyrar og Svínaskála skulu hjereptir vera úr steini, sem stendur við sjóinn hjer um bil mitt á milli áðurnefnds Odlands húss og húss þess, sem tilheyrir Norðmanninum Mons Larsen, þaðan beina stefnu upp í foss þann, sem er í innri Lambeyrará uppi í miðbrúninni fram og upp af „Selbotni“, síðan ráði áin úr því upp í eggjar. Sækjandi hefur samt það varaskilyrði, að ef erfingjar að dánarbúi frú Gyttu sál. Thorlacius vilji eigi samþykkja sættina, þá skuli hún ógild vera og málinu verða framhaldið til dóms eins og áður var ákveðið.[837]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 7. júní 1898 voru þinglesin eftirfarandi þrjú skjöl varðandi jarðirnar Lambeyri og Eskifjörð: Afsalsbréf fyrir fjallinu úr Lambeyrareigninni, keypt af Eyjólfi Eyjólfssyni, síðan selt sýslumanni Tulinius sem loks seldi föður sínum Carli D. Tuliniusi. Bann, dagsett 6. júní 1898, þar sem Carl D. Tulinius bannaði gripahald í landeign sinni, milli Grjótár og Innri-Lambeyrarár. Byggingarbréf Carls D. Tuliniusar á Eskifirði fyrir 1/16 parti úr jörðinni Eskifirði, dagsett 20. maí 1898.[838]

Í afsals- og veðmálabók Suður-Múlasýslu 1894–1900 eru færð inn sjö skjöl um að hinn 15. nóvember 1896 hafi Axel Tulinius sýslumaður tilkynnt um sölu, að undangengnu uppboði, á eignum úr dánarbúi Jóns Johnsens fyrrum sýslumanns. Í fyrsta lagi var um að ræða stykki úr jörðinni Lambeyri til Guðna Jónssonar snikkara á Eskifirði með þessum tilgreindum takmörkum:

> að innan af ytri hlið Lambeyrargarðsins og beint uppeptir, lengd línunnar 70 faðma; að ofan af fjalleigninni; að utan af innri hlið á grunni, mældum kaupmanni C.F. Schiöth, lengd línunnar 70 faðmar til fjalls, og að neðan af sjónum. –
>
> Og með því nefndur Guðni Jónsson, hefur staðið skil á ofanrituðu andvirði, afhendist honum hið nefnda stykki til fullrar eignar, eins og búið átti það, að undanteknum landshlutum, er fylgja fjallinu.[839]

---

[834] Skjal nr. 2(18).
[835] Skjal nr. 2(566).
[836] Skjal nr. 2(567).
[837] Skjal nr. 2(568).
[838] Skjal nr. 2(428).
[839] Skjal nr. 2(211).

Í öðru lagi var um að ræða stykki úr jörðinni Lambeyri til Hans K. Beck, með eftirfarandi takmörkum:

> að innan af innri hlið af grunni, útmældum kaupmanni C.F. Schiöth (30 álnir frá fríkirkjunni) er 70 faðma á breidd frá sjó reiknað og nær út á Miðklif (miðað við Miðklifsstein). –[840]

Í þriðja lagi var um að ræða stykki úr jörðinni Lambeyri til Fr. Clausens kaupmanns, með eftirfarandi takmörkum:

> að innanverðu af línu í gegnum Miðklif, 70 faðma upp frá sjó, að ofan af línu 70 faðma frá sjó, að neðan af sjónum og að utan af línu, þar sem endar Clausens útmældi grunnur, 70 faðma upp til fjalls frá sjó. –[841]

Í fjórða lagi var um að ræða stykki úr jörðinni Lambeyri til Carls Tulinius með eftirfarandi takmörkum:

> að utan af grunni, útmældum Fr. Clausen, að neðan af sjónum, er 70 faðma breiður upp til fjalls og takmarkast að utan af Innri-Lambeyrará. –[842]

Í fimmta lagi var selt húseignina á Lambeyri og tún til Carls D. Tulinius, með tilgreindum takmörkum. Þeim er lýst svo í afsals- og veðmálabók:

> hið svo kallaða Lambeyrartún, er takmarkast að innan af Snæhvammslæk, að neðan af sjónum, að ofan af línu frá Snæhvammslæk að túngarðinum þar sem hann er hæstur, og svo túngarðinum úteptir, og að utanverðu af túngarðinum.[843]

Þá var í sjötta lagi selt Eiríki Björnssyni stykki það úr jörðinni Lambeyri, sem liggi fyrir utan Innri-Lambeyrará og nái út að Svínaskálalandi, ofan að sjó. Í afsals- og veðmálabók er nafn kaupanda skráð Eiríkur Björnsson en í dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1896–1912 er nafnið skráð Björn Eiríksson.[844]

Og loks í sjöunda lagi var um að ræða hlut dánarbúsins í jörðinni Lambeyri sem var seldur Eyjólfi Eyjólfssyni. Sá hlutur var með þessum tilgreindum takmörkum:

> fjallið frá Snæhvammslæk að innan og út að Svínaskálalandi að utan, en að neðan takmarkað af kaupstaðargrunninum, Lambeyrartúngarðinum, þar sem túnið er breiðara en verzlunargrunnurinn (70 faðma) og frá túngarðinum þar sem hann er hæstur, að innan bein lína frá Snæhvammslæk. Landshlutir fylgja fjalleigninni.[845]

Fyrstu fimm skjölin voru þinglesin á Eskifirði þann 11. júní 1897.[846] Varðandi hinn síðastnefnda hlut í jörðinni Lambeyri, þá seldi Eyjólfur Eyjólfsson Axel V. Tulinius sýslumanni hlutinn þann 13. júní 1897. Hinn 24. júlí 1897 seldi Axel V. Tulinius svo Carli D. Tulinius konsúl á Eskifirði sama hlut úr Lambeyri. Skjalið var þinglesið á Eskifjarðarverslunarstað 7. júní 1898 og 16. júní 1899.[847]

840 Skjal nr. 2(215).
841 Skjal nr. 2(216).
842 Skjal nr. 2(214).
843 Skjal nr. 2(212).
844 Skjöl nr. 2(213) og 2(569).
845 Skjal nr. 2(210).
846 Skjöl nr. 2(211)–2(216) og 2(569).
847 Skjal nr. 2(210).

Hinn 6. júní 1898 bannaði Carl D. Tulinius hagagöngu í landi sínu á Lambeyri, milli Grjótár og Innri-Lambeyrarár. Forboðið var þinglesið á Eskifjarðarverslunarstað þann 7. júní 1898.[848]

Við manntalsþing á Eskifjarðarverslunarstað 16. júní 1899 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 15. nóvember 1896, fyrir landshluta fyrir Lambeyrarlandi þar sem A. V. Tulinius sýslumaður afsalaði föður sínum kaupmannni Carl D. Tulinius landshluta fyrir þeim parti jarðarinnar sem lá fyrir neðan Lambeyrartúnið.[849]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 26. júní 1906 var þinglesið gjafabréf, dagsett 21 maí 1906, frá Thor E. Tuliniusi stórkaupmanni til A. V. Tuliniusar sýslumanns á Eskifirði fyrir landshlutarétti fyrir neðan Lambeyrartún.[850]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Lambeyri var metin á 4.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Jón C.F. Arnesen.[851]

### *5.11.7 Bleiksá í Eskifirði*

Hinn 23. maí 1884 fór fram fundur hjá sáttanefnd Hólmaumdæmis þar sem tekið var fyrir mál um landamerki jarðanna Eskifjarðar og Bleiksár. Sátt náðist ekki milli málsaðila og var málinu vísað til landslaga og réttar.[852] Sama dag fór fram annar sáttafundur hjá nefndinni en þá um landamerki Eskifjarðar og Eskifjarðarsels. Þar náðist ekki heldur sátt og var því máli einnig vísað til landslaga og réttar.[853]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bleiksár er dagsett 28. maí 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Bleiksá ræður landamerkjum milli Eskifjarðar og Lambeyrar („Bleiksár“) niður að því að hlaðin er við hana landamerkjavarða, síðan bein sjónhending niður í vörðu, sem að hlaðin er niður á „Bleiksárnesi“ niður við Eskifjarðará sem að úr því ræður til þess hún fellur í Eskifjörð. – Eptir samkomulagi hvílir sú skylda á eigendum, Eskifjarðar og Bleiksár sameiginlega að halda farveg árinnar í sama standi og hann er nú, milli efri vörðunnar og fossins sem að þar er rjett fyrir ofan, þannig að áin skipti sjer hjerumbil til helminga í tvær kvíslir. Háeggjar fjalla ráða til Norðfjarðar.
>
> Að utan gagnvart þeim hluta Lambeyrar, er „Mið-Lambeyri“ er kallaður ræður Grjótá til Kaupstaðargrunns, sem ræður fram og niður til sjáfar. Þess skal getið að í landamerkjabrjefi „Mið-Lambeyrar“ hefur herra Carl D. Tuliníus heimilað eiganda Bleiksár rjett til sín meginn árinnar á ytri árbakka Grjótár að búa um vatnsveitingu að vatnsmylnu; jafnframt því að undirritaður heimilar honum sem eiganda „Mið-Lambeyrar“, sama rétt á innri árbakka Grjótár. Ennfremur skal þess getið að tekið er fram í umgetnu landamerkjabrefi „Mið-Lambeyrar“ af beggja hálfu að vatnsveiting sú er hjer ræður um eigi gjöri spjöll á landi hvorugs máls partanna er hjer eiga hlut að máli.

[848] Skjal nr. 2(222).
[849] Skjal nr. 2(570).
[850] Skjal nr. 2(454).
[851] Skjal nr. 2(112).
[852] Skjal nr. 2(277).
[853] Skjal nr. 2(278).

> Aðrar kvaðir eða ítök frá öðrum jörðum hvíla ekki á þeim hluta Lambeyrar er nefnist Bleiká.
>
> Eskifirði 28. maí 1886.
>
> Fyrir hönd eiganda Bleikár
>
> Jóns Magnússonar
>
> Friðrik Möller.
>
> Ofanrituðum landamerkjum „Bleiksár“ erum við undirritaðir samþykkir,
>
> fyrir hönd Andrésar Eyjólfssonar og sjálfs míns
>
> Carl D. Tulinius.[854]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bleiksá var metin á 5.000 kr. og hlunnindi á 2.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin á upprekstrarland og leigir beit. Eigandi jarðarinnar var Friðgeir Hallgrímsson.[855]

### *5.11.8 Eskifjörður í Eskifirði*

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfa Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfa Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.[856]

Hinn 4. september 1597 gerðu sr. Árni Magnússon og Marteinn Einarsson með sér skilmála þar sem sá síðarnefndi taldi sér til giftingar eftir því bréfi sem faðir hans skrifaði hans vegna í móts við Sesselju Oddsdóttur, meðal annars jörðina Eskifjörð. Þar á móti lýstu sr. Árni og hans kona, Guðbjörg Ásbjarnardóttir, móðir Sesselju, henni til föðurarfs jörðina Melrakkanes.[857]

Við extrarétt 24. ágúst 1799 lagði O. Möller verslunarstjóri fram stefnu, dagsetta 22. ágúst sama mánaðar, þar sem hann stefndi kaupmönnum N. Örum og J. Wulff til að vera viðstadda uppmælingargjörð og sjá framlögð skjöl og dæmast til að fjarlægja byggingar sínar í Eskifjarðar kaupstað. Þingmenn álitu að bygging Örums hafi staðið á landi hjáleigunnar Lambeyrar í eigu Kyhns kaupmanns. Sveinsson sýslumaður lýsti því að hann væri samþykkur því að Bleiksá ætti að vera landamerki milli Eskifjarðar og Lambeyrar og að jörðin Lambeyri hefði sitt takmarkaða land milli beggja vatnsfalla, Bleiksár og Lambeyrarár. Möller kaupmaður lagði fram uppmælingargjörð, dagsetta 24. ágúst 1799, yfir það pláss sem byggingar Örums kaupmanns tækju upp af Lambeyrar landi. Möller lagði einnig fram innlegg þar sem hann sagði Örum og Wulff tildæmda að færa

---

854 Skjal nr. 2(19).
855 Skjal nr. 2(113).
856 Skjal nr. 2(389).
857 Skjal nr. 2(391).

byggingar sínar af landi Kyhns að viðlagðri sekt. Örum kaupmaður lagði fram gagnstefnu og innlegg til Möllers verslunarstjóra um að Kyhn kaupmaður verði tildæmdur að selja rentukammerinu það land sem húsin standi á.[858] Við extrarétt 30. ágúst 1799 var framhaldið sama máli og lögð fram skjöl í málinu, meðal annars mælingargjörð fyrir hús Örum-verslunarinnar. Þar sem Örum kaupmaður mætti ekki fyrir réttinn var dómur uppkveðinn. Þá var upplýst að eftir að Eskifjörður fékk kaupstaðarréttindi 1786 hafi verið gerð forrétting um hvar kaupstaðurinn ætti að rísa, dagsett 19. mars 1787, sem innihélt jarðirnar Lambeyri og Mjóeyri. Dómurinn var á þá leið að ekki var tekið undir kröfu Georgs A. Kyhn um að Niels Örum bæri að fjarlægja verslunarhús sín.[859]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Eskifjarðar metinn 26 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Kjartan Ísfjörð kaupmaður.[860]

Hinn 7. september 1821 fór fram mat á jörðinni Eskifirði. Hún var sögð vera 20 hundruð að dýrleika og við skoðunina voru framtaldar ýmsar eigur hennar. Loks var hún metin á 536 ríkisbankadali.[861]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eskifjörður metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Með Eskifirði teljast hjáleigurnar Eskifjarðarsel (jarðamat ótilgreint), Lambeyri (fjögur hundruð að dýrleika) og Borgir (tvö hundruð að dýrleika).[862]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 3. júní 1848 var lesið afsalsbréf, dagsett 26. júlí 1847, þar sem börn Ísfjörðs kaupmanns afsöluðu Thaaes kaupmanni svokölluðu Ísfjarðar höndlunarhúsi á Eskifirði ásamt jörðinni Eskifirði og undirliggjandi hjáleigum.[863]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eskifjörð:

> 11 Eskifjörður
>
> Þar og gott tún og stendur [þó] til mikilla bóta; útheyskapur heldr lítill; vetrarbeit sæmileg og landkostir góðir; virdt af öllum á 900[rbd].[864]

Hinn 14. júní 1854 seldi Sigfinnur Pétursson bróður sínum Jóni Péturssyni fjögur hundruð í Eskifirði með afbýlinu Borgum. Afsalsbréfið var þinglesið í Þingmúla þann 18. maí 1855. Skrifari afsals- og veðmálabókarinnar gat þess að bókin bæri það ekki með sér að seljandi hafi haft þinglesna heimild fyrir hinu selda.[865]

Hinn 15. júní 1854 seldi Pétur Pétursson bróður sínum Jóni Péturssyni fjögur hundruð í Eskifirði með afbýlinu Borgum. Afsalsbréfið var þinglesið í Þingmúla þann

---

858 Skjal nr. 2(438).
859 Skjal nr. 2(439).
860 Skjal nr. 2(43).
861 Skjal nr. 2(445).
862 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
863 Skjal nr. 2(446).
864 Skjal nr. 2(71).
865 Skjal nr. 2(175).

18. maí 1855. Skrifari afsals- og veðmálabókarinnar gat þess að bókin bæri það ekki með sér að seljandi hafi haft þinglesna heimild fyrir hinu selda. [866]

Hinn 16. júní 1854 seldi Gunnlaugur Pétursson bróður sínum Jóni Péturssyni fjögur hundruð í Eskifirði. Afsalsbréfið var þinglesið í Þingmúla þann 18. maí 1855. Skrifari afsals- og veðmálabókarinnar gat þess að bókin bæri það ekki með sér að seljandi hafi haft þinglesna heimild fyrir hinu selda.[867]

Við aukarétt 24. apríl 1855 var tekið fyrir mál Runólfs Jónssonar á Eskifirði gegn bóndanum Pétri Vilhelm Brant. Runólfur krafðist þess að Pétur greiddi sér 10 ríkisdali fyrir óheimila beit í landi sínu. Pétur lagði fram byggingarbréf sitt, dagsett 4. maí 1844 sem þinglesið var 17. júní 1854, og játaði sökina að hluta. Sættir tókust með málspörtunum en með þeim fyrirvara Péturs að hann áskildi sér fullan rétt til þeirrar löglegu beitar er byggingarbréf hans áskildi honum.[868]

Við manntalsþing að Hólmum 31. maí 1864 var þinglesið afsalsbréf frá Örum og Wulff í Kaupmannahöfn til C. D. Tulinius fyrir verslunarstaðnum Eskifirði og eyðijörðinni Lambeyri, dagsett 29. febrúar 1864.[869]

Hinn 7. maí 1866 greindi Jón Pálsson frá því að hann hefði fengið jörðina hálfan Eskifjörð, með þeim skilmálum að ef kona hans dæi á undan Jóni og að þau ættu enga lífserfingja þá skyldi jörðin aftur falla til foreldra hennar. Arfleiðslubréfið var þinglesið að Hólmum þann 2. júní 1866. Við færslu þessa í afsals- og veðmálabókinni voru gerðar þær athugasemdir að tengdaforeldrar Jóns Pálssonar hefðu ekki haft þinglesna eignarheimild fyrir hálfum Eskifirði og auk þess fjórar athugasemdir um veðbönd á jörðinni.[870]

Hinn 15. júlí 1868 seldi Elín Katrín Þorvarðsdóttir Andrési Eyjólfssyni á Helgustöðum fjögur hundruð úr jörðinni Eskifirði. Afsalsbréfið var þinglesið þann 9. júní 1869. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést að seljandi hafi haft heimild fyrir hinni seldu jörð.[871]

Hinn 5. júní 1869 seldi Elín Katrín Þorvarðsdóttir Eiríki Björnssyni á Karlsskála fjögur hundruð úr jörðinni Eskifirði. Afsalsbréfið var þinglesið þann 9. júní 1869. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést að seljandi hafi haft heimild fyrir hinni seldu jörð.[872]

Við manntalsþing að Eskifjarðarhöndlunarstað 9. júní 1869 voru þinglesin tvö kaupbréf, dagett 15. júlí 1868 og 5. júní 1869, þar sem E. K. Þorvarðardóttir seldi Andrési Eyjólfssyni og svo Eiríki Björnssyni á Karlskála hvorum fjögur hundruð úr jörðinni Eskifirði.[873]

866 Skjal nr. 2(173).
867 Skjal nr. 2(174).
868 Skjal nr. 2(441).
869 Skjal nr. 2(565).
870 Skjöl nr. 2(189) og 2(447).
871 Skjal nr. 2(192).
872 Skjal nr. 2(193).
873 Skjal nr. 2(424).

Hinn 25. febrúar 1871 seldi Jón Pálsson Andrési Eyjólfssyni á Helgustöðum eitt hundrað úr jörðinni Eskifirði. Sama dag seldi Jón Pálsson Markúsi Tómassyni á Helgustöðum þrjú hundruð úr jörðinni Eskifirði. Bæði afsalsbréfin voru þinglesin þann 27. maí 1871. Þá voru athugasemdir gerðar með færslunum að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést að seljandi hafi haft heimild fyrir greindum jarðarpörtum.[874]

Hinn 15. júní 1878 lögfesti Jón Ólafsson land Eskifjarðar með tilgreindum landamerkjum:

> Hérmeð lögfesti eg landamerki Eskifjarðarlands að utan, útað Bleyksá einsog hún rennur og runnið hefur í manna minnum, frá fjalli til fjöru, og fyrir býð einum og sérhverjum að nota eða brúka nokkurt land fyrir innan nefnd takmörk.[875]

Lögfestan var þinglesin við manntalsing að Eskifirði 15. júní 1878.[876]

Við manntalsþing að Eskifjarðarkaupstað 23. júní 1879 var þinglesið kaupbréf, dagsett 14. desember 1878, þar sem Eiríkur Bjarnarson í Karlskála seldi Tuliniusi kaupmanni átta hundruð forn úr jörðinni Eskifirði. Við sama þing var þinglesin lögfesta frá Tuliniusi kaupmanni fyrir landi jarðarinnar Eskifjarðar, dagsett 23. júní 1879.[877]

Við manntalsþing á Eskifjarðarhöndlunarstað 31. maí 1880 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 28. apríl sama ár, þar sem Tulinius seldi Markúsi Tómassyni eitt hundrað úr Eskifirði. Við sama þing var þinglesið afsalsbréf, dagsett 31. maí 1880, þar sem Tulinius seldi Andrési Eyjólfssyni á Helgustöðum þrjú hundruð úr jörðinni Eskifirði.[878]

Við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1881 var þinglesin lögfesta, dagsett 23. maí 1881, milli Sels og Eskifjarðar, um ítök Sels í Eskifjarðarlandi. Þessari lögfestu mótmælti C. D. Tulinius kaupmaður fyrir hönd eigenda Eskifjarðar.[879]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 1. júní 1882 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 22. október 1881, þar sem Björn Sigurðarson seldi Tuliniusi kaupmanni landstykki úr Lambeyrarlandi milli Grjótár og lækjarins fyrir framan Lambeyrartúnið. Við sama þing var þinglesin lögfesta Kjartans Péturssonar fyrir Eskifjarðarlandi, eða friðun á sínu landi fyrir gripum frá Eskifirði. Þessari lögfestu mótmælti Tulinius kaupmaður að því leyti sem Kjartan vildi hafa ítak í Eskifirði.[880]

Hinn 23. maí 1884 fór fram fundur hjá sáttanefnd Hólmaumdæmis þar sem tekið var fyrir mál um landamerki jarðanna Eskifjarðar og Bleiksár. Sátt náðist ekki milli málsaðila og var málinu vísað til landslaga og réttar.[881] Sama dag fór fram annar sáttafundur hjá nefndinni en þá um landamerki Eskifjarðar og Eskifjarðarsels. Þar náðist ekki heldur sátt og var því máli einnig vísað til landslaga og réttar.[882]

---

874 Skjöl nr. 2(196)–2(197) og 2(425).
875 Skjal nr. 4(57).
876 Skjöl nr. 2(448) og 4(57).
877 Skjal nr. 2(449).
878 Skjal nr. 2(514).
879 Skjal nr. 2(426).
880 Skjal nr. 2(450).
881 Skjal nr. 2(277).
882 Skjal nr. 2(278).

Við aukarétt 23. ágúst 1884 var tekið fyrir landamerkjamál um takmörk Eskifjarðarsels að utan og Eskifjarðar að innan. Ágreiningur var um takmörk á nesi einu, svonefndu Selnesi, er gengur út í Eskifjarðará. Dómsmenn og málspartar gengu á landamerki og skoðuðu þrætupartinn. Eigendur Eskifjarðar vildu meina að Selnes væri nesið fyrir innan Langbarðslæk sem rynni úr Langbarðsgrafningi og að Eskifjarðarsel gæti ekki átt land lengra út eftir en að greindum læk. Kjartan Pétursson í Eskifjarðarseli vildi meina að Selnes næði talsvert út fyrir Langbarðslæk og bar að Eskifjarðarsel hefði lengi nýtt Selnes talsvert út fyrir greindan læk. Eigendur Eskifjarðar lögðu fram afsalsbréf með landamerkjum, dagett 8. janúar 1866, þar sem Jón Sigfússon seldi Þórði Eiríkssyni Eskifjarðarsel. Eigandi Eskifjarðarsels lagði fram afsalsbréf, dagsett 22. maí 1877, þar sem Þórður Eiríksson og Eiríkur sonur hans seldu Kjartani Péturssyni Eskifjarðarsel.[883]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Eskifjarðar er dagsett 24. maí 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Bleiksá ræður landamerkjum milli Eskifjarðar og Lambeyrar („Bleiksár") ofan þangað, sem hlaðinn er við hana landamerkisvarða, síðan bein sjónhending niður í vörðu sem hlaðin er á Bleiksárnesinu hjá Eskifjarðar á og ræður þessi á úr því og þangað til hún fellur út í Eskifjörð.
>
> Eptir samkomulagi hvílir sú skylda á eigendum Eskifjarðar og Bleiksár sameiginlega að halda farvegi ánnar í sama standi og hann er nú milli efri vörðunnar og fossins, sem er rétt fyrir ofan, að áin þannig skiptist hérum bil til helminga í tvær kvíslar.
>
> Frá Eskifjarðarárós með sjó fram í Borgarkrók að stöpli merktum D; þaðan beina stefnu ofan við ölduna í „Jónsstein" nr/ Í, svo beint í „Guðmundarstein" nr/ G, þaðan beint í stöpul nr/ C, ennfremur beint yfir stöpul nr/ B, í stöpul nr/ A, sem sem stendur hjá „Langabarðslæk".
>
> Lækur þessi ræður yfir um „nesið" í Langabarðslækjarmynni og svo sjónhending yfir aurana í Eskifjarðará sem ræður landamerkjum upp á ~~Eskifjarðará sem~~ há heiði; þaðan út fjallseggjar að Bleiksá.
>
> Það skal tekið fram að þar sem talað er um Eskifjarðará sem landamerki er auðvitað meint farvegur hennar eins og hann rennur nú.
>
> Eskifirði 24. mai 1886.
>
> Carl D. Tulinius.
>
> Andrés Eyjúlfsson.
>
> Vér undirritaðir erum þessu samþykkir:
>
> fyrir jörðina „Bleiksá"
>
> Pr. Jón Magnússon
>
> Friðrik Möller
>
> Fyrir jörðina „Borgir"
>
> Eiríkur Bjarnason

[883] Skjal nr. 2(451).

Fyrir jörðina „Eskifjarðarsel"

Kjartan Pétursson.[884]

Hinn 20. maí 1898 byggði Andrés Eyjólfsson Carli D. Tulinius 1/16 hluta úr jörðinni Eskifirði með þeim skilmálum meðal annars að Carl fékk hagagöngu fyrir stórgripi sína en ekki heyskap og að hlutar af síldar- og ufsaveiði, ásamt hvalreka og rekavið (undir þremur álnum) voru honum óviðkomandi. Byggingarbréfið var þinglesið þann 7. júní 1898.[885]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 7. júní 1898 voru þinglesin eftirfarandi þrjú skjöl varðandi jarðirnar Lambeyri og Eskifjörð: Afsalsbréf fyrir fjallinu úr Lambeyrareigninni, keypt af Eyjólfi Eyjólfssyni, síðan selt sýslumanni Tulinius sem loks seldi föður sínum Carli D. Tuliniusi. Bann, dagsett 6. júní 1898, þar sem Carl D. Tulinius bannaði gripahald í landeign sinni, milli Grjótár og Innri-Lambeyrarár. Byggingarbréf Carls D. Tuliniusar á Eskifirði fyrir 1/16 parti úr jörðinni Eskifirði, dagsett 20. maí 1898.[886]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 29. maí 1901 var þinglesið gjafabréf, dagsett 27. nóvember 1900, frá Carli D. Tuliniusi kaupmanni á Eskifirði fyrir landstykki sem Eskifjarðarkirkja stendur á.[887]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 19. maí 1905 var þinglesið gjafabréf, dagsett 25. mars sama ár, þar sem Andrés Runólfsson á Helgustöðum gaf lóð úr Eskifjarðarlandi undir kirkjugarð handa Eskifjarðarkirkjusókn.[888]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 26. júní 1906 var þinglesið kaupbréf, dagsett 24. nóvember 1905, þar sem Þorsteinn Jónsson í Litlu-Breiðuvík seldi bræðrunum Björgólfi og Andrési Runólfssonum á Helgustöðum einn þriðja úr jörðinni Eskifirði. Áritað á kaupbréfið var afsal, dagsett 24. apríl 1906, þar sem Andrés seldi og afsalaði Björgólfi bróður sínum hálfri jörðinni Eskifirði, ásamt meðfylgjandi vottorði, dagsettu 16. maí 1906, frá Þorsteini Jónssyni á Litlu-Breiðuvík og Andrési Runólfssyni á Helgustöðum þess efnis að Björgólfur Runólfsson væri einn eigandi jarðarinnar Eskifjarðar með húsum. Við sama manntalsþing var þinglesið kaupbréf, útgefið 22. maí 1906, þar sem Björgólfur Runólfsson á Helgustöðum seldi Ara Jónssyni cand. jur. og ritstjóra á Eskifirði lóð úr Eskifjarðarlandi. Þá var við sama manntalsþing þinglesið gjafabréf, dagsett 21 maí 1906, frá Thor E. Tuliniusi stórkaupmanni til A. V. Tuliniusar sýslumanns á Eskifirði fyrir landshlutarétti fyrir neðan Lambeyrartún.[889]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Eskifjörður, ásamt grasbýlinu Veturhúsum, var metin á 4.000 kr. og lóðir á 2.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin á

[884] Skjal nr. 2(20).
[885] Skjal nr. 2(224).
[886] Skjal nr. 2(428).
[887] Skjal nr. 2(453).
[888] Skjal nr. 2(459).
[889] Skjal nr. 2(454).

gott og víðlent upprekstrarland fyrir heimafé. Eigandi jarðarinnar var Björgólfur Runólfsson.[890]

### *5.11.8.1 Eskifjarðarsel í Eskifirði*

Hinn 4. maí 1844 byggði H. Svendsen, fyrir hönd K. Ísfjörð, Pétri Wilhelm jörðina Eskifjarðarsel, sex hundruð að dýrleika. Byggingarbréfið var þinglesið að Hólmum 17. júní 1854. Í byggingarbréfinu segir meðal annars eftirfarandi:

> Jeg undirskrifaður byggi hermeð fostursyni mínum Pjetri Wilhelm jörðina Eskjufjarðarsel 6 hndr. að dýrleika til allra leiguliðanota innan eptirskrifaðra takmarka: að utan í skriðu þá sem næst er fyrir innan bæinn á Borgum, þvert niður til Eskjufjarðarár og sjónhendíng til fjalls upp, og þaðan alt land inn eptir fyrir sunnan Eskjufjarðará á fjall upp þangað sem votnum hallar með eptirfylgjandi skylmálum:
>
> […]
>
> Enfremur skal Petur Wilhelm hafa beit fyrir fje sitt fyrir norðan Eskjufjarðará og útá strondina þegar þess gjörist þörf á vetrardag og jarðlaust er í Selslandi. Líka skal það vera mér heimilt að láta stínga svörð á Selslandi hvar sem hann er að finna alt að því að ekki verði að því tunspiöll.[891]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eskifjarðarsel ekki metin sérstaklega. Jörðin var hjáleiga Eskifjarðar.[892]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eskifjarðarsel:

> 12 Eskifjarðarsel
>
> hjáleiga talin 6$^{\text{hndr}}$. Þar er tún að tiltölu gott og heyskapur sæmilegur, landgott en vetrarhardt. Allir meta hana á 400$^{\underline{\text{rbd}}}$.[893]

Við manntalsþing að Hólmum 17. júní 1854 var þinglesið lífsfestu byggingarbréf fyrir Pétur bónda Vilhelm til ábúðar á Eskifjarðarseli.[894]

Við manntalsþing að Dvergasteini 12. júní 1862 var lesið upp skjal viðvíkjandi skipsuppsátri á Eskifjarðarseli.[895]

Með afsalsbréfi dagsettu 22. maí 1877 seldu Þórður Eiríksson og Eiríkur Þórðarson jörðina Eskifjarðarsel til Kjartans Péturssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 16. júní 1877 en í því er landamerkjum er lýst:

> Við Þórður Eiríksson og Eiríkur Þórðarson, búendur á Vattarnesi kunngjörum að við höfum selt og afhent frá okkur og okkar erfingjum einsog við með þessu okkar afsalsbréfi seljum og afhendum eignar- og óðalsjörð okkar Eskifjarðarsel með öllum þeim húsum sem jörðinni fylgja ber og fylgt hefur að fornu og nýju, töðum, engjum, afrjett og landi öllu fyrir sunnan Eskifjarðará uppá háheiði, þaðan eptir öllum eggjum frá Hræfarskörðum, að Nóntind, úr Nóntindi og í Skriðugil efst, ofan Skriðugil og ofaní Skriðuhöfuð, og úr Skriðuhöfði, eða Skriðugili neðst beint niður úr langa tanganum yztum í Eskjufjarðar og Selsnesi, á móti ytra græna dýinu sem er í Eskjufjarðarmelum þarsem þjóðveginum hallar ofan á eyrarnar, eða það sem Pjetur heitinn, faðir hans (sic)

---

890 Skjal nr. 2(120).
891 Skjal nr. 2(172).
892 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
893 Skjal nr. 2(71).
894 Skjal nr. 2(456).
895 Skjal nr. 2(457).

> bjó á síðustu árinn sem hann lifði og Jón Jónsson hefur síðan haft undir höndum og goldið mér landskuld af; svo afhendist ~~fyrir~~ Kjartani Pjeturssyni á Eskjufjarðarseli fyrir næstu fardaga til umráða og afraksturs fyrir 1600 kr., skrifa sextán hundruð krónur.[896]

Við manntalsþing á Eskifirði 16. júní 1877 var lesið afsalsbréf, dagsett 22. maí 1877, þar sem Þórður Eiríksson og Eiríkur Þórðarson á Vattarnesi seldu Kjartani Péturssyni jörðina Eskifjarðarsel.[897]

Við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1881 var þinglesin lögfesta, dagsett 23. maí 1881, milli Sels og Eskifjarðar, um ítök Sels í Eskifjarðarlandi. Þessari lögfestu mótmælti C. D. Tulinius kaupmaður fyrir hönd eigenda Eskifjarðar.[898]

Við aukarétt 23. ágúst 1884 var tekið fyrir landamerkjamál um takmörk Eskifjarðarsels að utan og Eskifjarðar að innan. Ágreiningur var um takmörk á nesi einu, svonefndu Selnesi, er gengur út í Eskifjarðará. Dómsmenn og málspartar gengu á landamerki og skoðuðu þrætupartinn. Eigendur Eskifjarðar vildu meina að Selnes væri nesið fyrir innan Langbarðslæk sem rynni úr Langbarðsgrafningi og að Eskifjarðarsel gæti ekki átt land lengra út eftir en að greindum læk. Kjartan Pétursson í Eskifjarðarseli vildi meina að Selnes næði talsvert út fyrir Langbarðslæk og bar að Eskifjarðarsel hefði lengi nýtt Selnes talsvert út fyrir greindan læk. Eigendur Eskifjarðar lögðu fram afsalsbréf með landamerkjum, dagett 8. janúar 1866, þar sem Jón Sigfússon seldi Þórði Eiríkssyni Eskifjarðarsel. Eigandi Eskifjarðarsels lagði fram afsalsbréf, dagsett 22. maí 1877, þar sem Þórður Eiríksson og Eiríkur sonur hans seldu Kjartani Péturssyni Eskifjarðarsel.[899]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Eskifjarðarsels er dagsett 18. maí 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 18. maí 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki Eskifjarðarsels eru þessi: Eskifjarðará ræður merkjum gagnvart Eskifirði þar til Langbarðslækur fellur í hana frá upptökum Eskifjarðarár í Hræfarskörðum út allar egjar út að Nóntindi úr honum innanvert í Borgarskriðu í grænt dý, er Langabarðsgrafningur kemur úr eptir honum og læknum (Langabarðslæk) er úr honum rennur innanvert við garðinn, og svo úr mynni lækjarins beint í Eskifjarðará yfir aurana.
>
> Eskifirði 18. Mai 1885.
>
> Samþykkist rétt að vera
>
> fyrir hönd Carl D Túlinius.
>
> Thor E Tulinius.
>
> Andrés Eyjólfsson.
>
> Eiríkur Bjarnason (handsalað).[900]

Við aukarétt 16. ágúst 1886 var kveðinn upp dómur í máli Kjartans Péturssonar í Eskifjarðarseli gegn Þórði Eiríkssyni og Eiríki Þórðarsyni á Vattarnesi út af sölu á Eskifjarðarseli. Með afsalsbréfi dagsettu, 22. maí 1877, seldu hinir innstefndu kæranda

[896] Skjal nr. 4(56)
[897] Skjal nr. 2(458).
[898] Skjal nr. 2(426).
[899] Skjal nr. 2(451).
[900] Skjal nr. 2(21).

málsins jörðina Eskifjarðarsel með þar tilgreindum landamerkjum. Með landamerkjadómi 2. september 1884 missti Eskifjarðarsel landspildu nokkra sem eftir afsalsbréfinu frá 22. maí 1877 átti að tilheyra Eskifjarðarseli. Krafa kæranda var því sú að hinir stefndu ættu að sæta lagariftingum og greiða skaðabætur. Hinir stefndu voru sýknaðir af kærum og kröfum sækjandans.[901]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 19. maí 1905 voru þinglesin fimm gjafabréf frá hjónunum Kjartani Péturssyni og Kristínu Jónsdóttur í Eskifjarðarseli til barna þeirra Þorbjargar, Jóhanns Björgvins, Péturs, Jóns og Lárusar fyrir fimm jöfnum hlutum í Eskifjarðarselslandi með húsum, dagsett 3., 10., 11., og 12. nóvember 1904.[902]

Við manntalsþing að Eskifjarðarhöndlunarstað 5. júní 1908 var þinglesið afsalsbréf þar sem Páll Þorláksson á Veturhúsum afsalaði Pétri Kjartanssyni í Eskifjarðarseli tveimur hundruðum að fornu mati í jörðinni Eskifjarðarseli.[903]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Eskifjarðarsel var metin á 3.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin átti víðlent og kjarngott upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru Pétur Kjartansson, Lárus Kjartansson, Jón Kjartansson og Björgvin Kjartansson.[904]

Við manntalsþing í barnaskólahúsi Eskifjarðar 26. júní 1918 var lesið bréf, dagsett 20. apríl 1917, þess efnis að eigendur Eskifjarðarsels hefðu gefið Guðmundi Jónssyni kaupmanni á Eskifirði rétt til að vinna hvers kyns kolategundir innan landamerkja Eskifjarðarsels til 75 ára.[905]

#### *5.11.8.2 Veturhús í Eskifirði*

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 29. maí 1901 var þinglesið gjafabréf, dagsett 17. september 1900, þar sem Guðni Vigfússon á Veturhúsum afsalaði Stefáni Magnússyni á Eskifirði öllum sínum eignum, föstum og lausum.[906]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er Veturhúsa getið sem grasbýlis í landi Eskifjarðar. Eigandi hennar var Björgólfur Runólfsson.[907]

### ***5.11.9 Bakkagerði í Reyðarfirði***

Í lögfestu Hans Wium fyrir Hólma við Reyðarfjörð, dagsettri 23. maí 1764, segir eftirfarandi um Bakkagerði:

> Eirnenn løgfeste Eg allann 3ia part i TeigarGerdis lande, Nefnelega Backagerde, kallad 3 hndr. til fialls og fiøru, Slægna og hagbeitar Med filgjande sierhvorjum hlunnindum Er tiedu kote ad synum hluta filgja Eiga, firirbid Eg Einum og Sierhvorjum Manne,

---

901 Skjal nr. 2(452).
902 Skjal nr. 2(459).
903 Skjal nr. 2(455).
904 Skjal nr. 2(119).
905 Skjal nr. 2(460).
906 Skjal nr. 2(453).
907 Skjal nr. 2(120).

> adur løgfest, ad bruka, i ad vinna, edur sier Nockud af firrsøgdu Nÿta utann Mitt leife og Effterlätseme Tilkome.[908]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Bakkagerðis ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Teigargerði og nytjuð af ábúanda þar.[909]

Með gjafabréfi dagsettu 4. febrúar 1827 gaf Sveinn Sigurðsson syni sínum Gísla Sveinssyni fjögur hundruð í jörðinni Bakkagerði fyrir utan hans erfðahlut. Gjafabréfið var þinglesið við við manntalsþing að Hólmum 14. júní 1828.[910]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bakkagerði ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga bændaeignarinnar Teigargerðis sem var 10 hundruð að dýrleika. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður álíti fjögur hundruð af mati Teigargerðis tilheyra Bakkagerði.[911]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Bakkagerði:

> 8. Bakkagerði
>
> hjáleiga, talin 4$^{\text{hndr}}$. Sæmileg tödujörd með gódri hirðíngu; talsverðar og haggóðar eingjar; útigángur og ablabrögð viðlíka og í Teigagerði. Virdt á 400$^{\underline{\text{rbd}}}$.[912]

Hinn 7. júní 1869 lýsti Ólöf Hemingsdóttir landamerkjum Bakkagerðis. Landamerkjalýsingin var þinglesin á manntalsþingi á Eskifirði þann 9. júlí sama ár og er texti lýsingarinnar eftirfarandi:

> Landamerkjalýsing fyrir eignarjörð minni Bakkagerði eru þessi, í ytri enda á svokölluðum Ærhjalla og beint í sjó niður, og úr nefndum hjalla uppá Víðirhjalla norður með eggjum og á vörp til þess votnum hallar til heraðs, og á hina síðuna í Búðará í sjó niður.
>
> Þessi ofanskrifudu landamerki hafa verið brúkuð síðan jeg kom hingað í 36 ár og þar fyrir hafa þau einnig verið brúkuð mann fram af manni, svo langt sem elztu menn muna eptir; vonast jeg því eptir að jeg megi halda þessum umtöluðu landamerkjum hjer eptir eins og verið hefur átölulaust, og án þess að land mitt verði brúkað af nokkrum án míns leyfis.[913]

Við manntalsþing að Eskifjarðarhöndlunarstað 9. júní 1869 var þinglesin lögfesta, dagsett 7. júní 1869, þar sem Ólöf Hemingsdóttir lögfesti land jarðarinnar Bakkagerðis.[914]

Hinn 14. janúar 1871 gaf Ólöf Hemingsdóttir Eyjólfi Nikulássyni, dóttursyni sínum, þrjú hundruð að fornu mati í jörðinni Bakkagerði. Gjafabréfið var þinglesið á Eskifirði 27. maí 1871. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést að Ólöf hafi haft heimild fyrir greindum jarðarparti.[915]

Hinn 10. febrúar 1871 seldi Ólöf Hemingsdóttir Stefáni Vigfússyni á Kollaleiru eitt hundrað í jörðinni Bakkagerði. Afsalsbréfið var þinglesið á Eskifirði þann 27. maí sama

908 Skjal nr. 2(323).
909 Skjal nr. 2(44).
910 Skjöl nr. 2(422) og 2(641).
911 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
912 Skjal nr. 2(71).
913 Skjal nr. 2(194).
914 Skjal nr. 2(424).
915 Skjal nr. 2(195).

ár. Sú athugasemd var gerð með færslunni að af afsals- og veðmálabók hafi ekki sést að Ólöf hafi haft heimild fyrir greindum jarðarparti.[916]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 27. maí 1871 var þinglesið gjafabréf, dagsett 24. janúar 1871, þar sem Ólöf Hemingsdóttir gaf Eyjólfi Nikulássyni dóttursyni sínum þrjú hundruð úr jörðinni Bakkagerði. Við sama þing var þinglesið afsalsbréf, dagsett 10. febrúar 1871, þar sem Ólöf Hemingsdóttir seldi Stefáni Vigfússyni eitt hundrað úr Bakkagerði[917]

Við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1881 var þinglesið kaupbréf, dagsett 1. desember 1878, þar sem Eyjólfur Nikulásson seldi Bóasi Bóassyni tvö hundruð úr jörðinni Bakkagerði. Við sama þing var þinglesið gjafabréf, dagsett 20. maí 1879, þar sem Ólöf Hemingsdóttir gaf Gísla Nikulássyni eitt hundrað úr Bakkagerði.[918]

Á fundi sáttanefndar Hólmaumdæmis 5. janúar 1885 var tekið fyrir mál þar sem Gísli Nikulásson í Bakkagerði kærði Stefán Vigfússon, vinnumann á Kollaleiru, fyrir að hafa selt A. Hommersand eitt hundrað í jörðinni Bakkagerðis án þess að vera gefinn kostur á að kaupa eignina auk þess að hafa verið um leið útbyggt af nefndu hundraði. Engin sátt náðist milli aðila og var málinu vísað til dóms og laga.[919]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bakkagerðis er dagsett 16. maí 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 18. maí 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki á jörðinni Bakkagerði eru þessi: að innanverðu milli Kollaleiru og Bakkagerðis aðskilur Búðará frá fjöru til fjalls á Svínadalsvörp en þar sem áin kemur fram til sjáfar kvíslar hún sig og hefir hlutaðeigendum komið saman saman um að Langarif, sem er mitt á milli kvíslanna, væri landamerki við sjóinn. Að utanverðu frá sjó úr djúpagilslækjarós til fjalls í ytri ærhjallaenda.
>
> Eigendur Bakkagerðis 16. Mai 1884.
>
> Bóas Bóasson (handsalað)
>
> Steffan Vigfússon
>
> Gísli Nikulásson.
>
> Sigbjörn Oddsson
>
> Sigurður Oddsson.[920]

Við manntalsþing að Heydölum 4. júní 1896 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 3. febrúar sama ár, þar sem Kristján Einarsson í Vík seldi og afsalaði Guðmundi Magnússyni 48 álnum úr jörðinni Bakkagerði.[921]

Hinn 20. apríl 1898 gerðu þeir Bóas Bóasson, Gísli Nikulásson, Fr. Wathne og Carl D. Tulinius með sér samning um sameiginleg kaup á einu hundraði, að fornu mati, úr jörðinni Bakkagerði á fyrirhugðu uppboði sama dag.[922]

[916] Skjal nr. 2(198).
[917] Skjal nr. 2(425).
[918] Skjal nr. 2(426).
[919] Skjal nr. 2(281).
[920] Skjal nr. 2(22).
[921] Skjal nr. 2(427).
[922] Skjal nr. 2(223).

Hinn 11. maí 1898 seldu Bóas Bóasson og Gísli Nikulásson Carli D. Tulinius tilgreint 70 ferfaðma stykki við sjó úr landi Bakkagerðis. Afsalsbréfið var þinglesið á Eskifirði 7. júní 1898.[923]

Hinn 20. maí 1898 seldi og afsalaði Gísli Nikulásson Bóasi Bóassyni 1/8 hluta, þ.e. hálfu hundraði, úr jörðinni Bakkagerði. Kaupsamningur og afsal voru þinglesin á Eskifirði þann 7. júní 1898.[924]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 7. júní 1898 voru þinglesin eftirfarandi þrjú skjöl varðandi jörðina Bakkagerði: Samningur, dagsettur 20. apríl 1898, milli Gísla Nikulássonar, Bóasar Bóassonar, Carls D. Tuliniusar og Fr. Wahtne um kaup á einu hundraði að fornu mati úr jörðinni Bakkagerði. Samningur, dagsettur 9. maí 1898, milli sömu manna um veiði fyrir Bakkagerðislandi. Kaupbréf, dagsett 20. apríl 1898, þar sem Gísli Nikulásson seldi Bóasi Bóassyni í Borgargerði hálft hundrað úr Bakkagerði á uppboði.[925]

Hinn 16. júní 1899 var þinglesið skjal á Eskifirði, dagsett 15. júní 1898, þar sem Bóas Bóasson og Gísli Nikulásson skuldbundu sig til að láta Carl D. Tulinius, kaupmann á Eskifirði, hafa einn stórgrip í landi Bakkagerðis borgunarlaust.[926]

Hinn 28. nóvember 1898 seldu þeir Bóas Bóasson og Gísli Nikulásson kaupmanni Fr. Wathne tilgreint stykki við sjó úr landi Bakkagerðis. Afsalsbréfið var þinglesið á Eskifirði þann 16. júní 1899.[927]

Við manntalsþing að Eskifjarðarhöndlunarstað 10. júlí 1902 var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 1. mars sama ár, þar sem Gísli Nikulásson í Bakkagerði seldi Sigurjóni syni sínum hálft hundrað að fornu mati úr jörðinni Bakkagerði.[928]

Við manntalsþing að Eskifirði 17. júní 1913 var þinglesið afsal, dagsett 1 maí 1913, þar sem Bóas Bóasson bóndi á Stuðlum seldi Hallgrími Bóassyni 5/8 hluta úr jörðinni Bakkagerði.[929]

Hinn 8. maí 1914 vottaði Bjarni Nikulásson að hann hafi ekki heyrt annað en að fjara og landhelgi framundan grunnum þeirra Fr. Wathne og Carls D. Tulinius í Reyðarfirði væri eign eigenda jarðarinnar Bakkagerðis.[930] Sama segir í vitnisburði Kristins Beck og Magnúsar Bjarnasonar.[931]

Við manntalsþing að Eskifirði 29. maí 1914 var þinglesið afsal, dagsett 17. júní 1913, þar sem Hallgrímur Bóasson afsalaði Sigurjóni Gíslasyni 1/8 hluta úr jörðinni Bakkagerði. Við sama þing var þinglesið skjal, dagsett 18. júní 1913, þar sem Gísli

923 Skjal nr. 2(221).
924 Skjal nr. 2(225).
925 Skjal nr. 2(428).
926 Skjal nr. 2(570).
927 Skjöl nr. 2(148), 2(570) og 2(642).
928 Skjal nr. 2(429).
929 Skjal nr. 2(430).
930 Skjal nr. 2(236).
931 Skjal nr. 2(237).

Nikulásson í Bakkagerði seldi Sigurjóni Gíslasyni eitt hundrað að fornu mati úr Bakkagerði.[932]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bakkagerði var metin á alls 4.000 kr. en hvor hálflenda fyrir sig var metin á 2.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin átti upprekstrarland nægilegt fyrir heimafé. Eigendur jarðarinnar voru Sigurjón Gíslason að hálfu leyti og Hallgrímur Bóasson að hálfu.[933]

### *5.11.10 Kollaleira í Reyðarfirði*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Kollaleiru metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.[934]

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Kollaleira skoðuð 13. júlí 1829. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

> Landamerki eru: ad innann í Niörfadalsá, enn ad utann, eptir Venju í Búdará.[935]

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Kollaleira skoðuð 24. júní 1830. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

> Landamerki ad innann Niörfadalsá, enn ad utan Búdará[936]

Í dómsskjölum Suður-Múlasýslu er varðveitt skjal yfir úttekt á Kollaleiru og skráð að hún hafi farið fram 26. júní 1830. Sömu upplýsingar koma þar fram um landamerki.[937]

Við úttekt á Skriðklaustursjörðum var jörðin Kollaleira skoðuð 24. maí 1842. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

> Landamerki: ad innan Niörfadalsá, en ad utan Búdará; ad ofan eru þau óviss.[938]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kollaleira metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs.[939]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kollaleiru:

> 6. Kollaleyra
>
> Tún er þar í besta lagi; útheyskapur með minna móti, útigángur í meðallagi, en jördin heldur landlítil. Þar er gott mótak og nokkurt sjáfargagn. Á bráðafári ber talsvert. Jördin er metin af öllum á 840rbd.[940]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Kollaleiru er dagsett 6. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Eskifirði 31. maí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

---

932 Skjal nr. 2(431).
933 Skjal nr. 2(118).
934 Skjal nr. 2(45).
935 Skjal nr. 2(261).
936 Skjal nr. 2(386).
937 Skjal nr. 2(230).
938 Skjal nr. 2(387).
939 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
940 Skjal nr. 2(71).

Að austan verðu milli Bakkagerðis og tjeðar jarðar, aðskilur „Búðará“ frá fjöru til fjalls á „Svínadalsvörp“, (en þar sem áin hefur breitt sjer við ósmynnið, þá hefur umráðamönnum jarðanna komið saman um, að ~~sína~~ sinn árklofi falli til hvorrar jarðar í svo nefnt „Langarif“).

Að norðanverðu, sem til hjeraðs veit, af „Svínadalsvörpum“ yfir svo kallað „Skagafell“ í „Njörfadalsárdrög“, þar sem „Njörfadalsá“ hefur upptök sín og fellur beint suður í „Sljettuárfarveg“, þessi á aðskilur Kollaleyru og Seljarteigsland. Að sunnanverðu aðskilur Sljettuárfarvegur í sjó fram Sljettu- og Kollaleyruland. Faðmatal við ósmynnið í fjöru, er frá Sjávarhjalli í Sljettárfarveg suður 420 faðmar.

Þar eð ábúendur jarðanna er hjer liggja næst, eru ánægðir með þessi landamerki, þá ritum vjer nöfn og heimili vor undir hana.

Ábúendur Kollaleyru 6. Maí 1884.

Sigurður Oddson, Bjarni Oddson.

Ábúendur Seljarteigs og Hjáleigu

Sæbjörg Jónsdóttir, Bjarni Eiríksson.

Ábúendur Sljettu

Sæbjörg Jónsdóttir, Guðm. Stefánsson, Guðjón Pálsson, Pjetur Pálsson, Bóas Pálsson

Ábúendur Bakkagerðis

Bóas Bóasson, Gísli Nikulásson.

Hvað landamerki snertir milli „Skagafells“ á móts við Kollaleyru, er jeg undirskrifaður umráðamaður Vallaness samþykkur.

B.Jónsson.

Bóas Bóasson.[941]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kollaleira var metin á 6.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin átti upprekstrarland nægilegt fyrir heimafé. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.[942]

Í hreppaskjölum Suður-Múlasýslu er varðveitt afrit af bréfi sýslumanns til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 6. febrúar 1954, um landamerki þjóðjarðarinnar Kollaleiru og Seljateigs vegna breytinga á farvegi Njörvadalsár. Fram kemur að áin ráði merkjum og að í þinglesnu landamerkjabréfi Kollaleiru sé gert ráð fyrir að hún falli í Sléttuárfarveg, en það geri hún ekki lengur. Hún falli nú í Norðurá. Sýslumaður, sem umboðsmaður Kollaleiru, kveðst hafa gert samkomulag við eiganda Seljateigs um nýja merkjalínu en vegna Kollaleiru þurfi samþykki ráðuneytisins svo landamerkin verði staðfest. Í bréfinu segir að nýja merkjalínan fylgi hinum forna farvegi Njörvadalsár í hinn gamla Sléttuárfarveg.[943] Landamerkjabréfið, sem dagsett er 6. nóvember 1953, segir eftirfarandi:

941 Skjöl nr. 2(23) og 2(562).
942 Skjal nr. 2(117).
943 Skjal nr. 2(263).

> Með því að nokkur hluti af landamerkjum jarðanna Kollaleiru og Seljateigs í Reyðarfjarðarhreppi er óglöggur orðinn vegna breytinga á árfarvegi frá því að merkjabréf Kollaleiru var gert hinn 6. maí 1884 hafa sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu sem umboðsmaður þjóðjarðarinnar Kollaleiru og Jóhann Björnsson, eigandi Seljateigs gert svofellt samkomulag um merki milli nefndra jarða:
>
> Njörvadalsá skal ráða merkjum frá upptökum sínum í Njörvadalsárdrögum að brúnni á þjóðveginum. Frá brúnni niður að hinum gamla farvegi Sléttuár skal ráða sjónhendingarlína dregin af miðri Njörvadalsárbrú í suðurenda Sléttuárbrúar.[944]

### *5.11.11 Seljateigur í Reyðarfirði*

Í biskupsvísitasíu fyrir Hólmakirkju frá 14. ágúst 1641 kemur fram að kirkjan átti skógarteig í landi Seljateigs, milli Geithúsár og Flatasteins neðan frá reiðgötum og svo langt upp í fjallið sem viður óx lengst.[945] Í skoðun prófasts á Hólmakirkju frá 10. júní 1809 segir að kirkjan hafi haldið sínum eignum og ítökum að fráteknum skógarteigi í Seljateigslandi, sem væri nær gjöreyddur.[946] Í biskupsvísitasíu Hólmakirkju frá 27. júlí 1850 segir að kirkjan eigi skógarteig í Seljateigslandi milli Geithússár og Flatasteins, neðan frá reiðgötum og svo langt upp í fjallið sem viður yxi lengst.[947] Í eftirriti af mati Hólmabrauðs frá 1869 kemur fram að skógarteigurinn í Seljateigslandi var ónotaður, nærri eyddur og arðlaus.[948]

Í lögfestu Jóns Þorlákssonar fyrir Hólma við Reyjarfjörð, dagsettri 12. apríl 1736, segir eftirfarandi um skógarréttindi:

> Jeg Jon Thorlaksson løgfestj hier i dag þetta mitt af Kongl. Maj^st tiltruada Beneficium Hölma vid Reidarfiørd, med øllu þvj sem ad fornu filgt hefur, filgir og filgja ber
>
> […]
>
> Efftir Mäldøgum og Biskupanna Visitatium tilheira, Samt Reka ~~og~~ Sköga ^og ýtøk øll, Nefnilega Skögarteig millum geithussär og Flatasteins, Skög ä Millum Holknalækjar og Biarga[949]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Seljateigs metinn níu hundruð. Eigandi jarðarinnar var Eiríkur Erlendsson. Fram kemur að samnefnd eyðihjáleiga sé nytjuð af ábúanda.[950]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 19. maí 1832 var þinglesið skiptabréf þar sem 10 hundruðum úr jörðinni Seljateigi var skipt þannig að Bjarni Eiríksson, Einar Eiríksson og Sigurður fengu tvö hundruð hver, Guðmundur og Einar Erlendssynir fengu eitt hundrað hvor, Guðmundur Jónsson fékk eitt og einn þriðja hundraðs og Þórdís Jónsdóttir fékk tvo þriðju hundraðs.[951]

---

944 Skjal nr. 2(264).
945 Skjal nr. 2(292).
946 Skjal nr. 2(324).
947 Skjal nr. 2(325).
948 Skjal nr. 2(326).
949 Skjal nr. 2(322).
950 Skjal nr. 2(46).
951 Skjal nr. 2(589).

Við manntals- og skattaþing að Hólmum í Reiðarfirði 18. júní 1836 var þinglesin skiptaakt, dagsett 14. júlí 1845, þar sem Eiríki Bjarnasyni útlögðust tvö hundruð í jörðinni Seljateigi. Á sama manntalsþingi var þinglesið kaupbréf þar sem Einar og Guðmundur Erlendssynir, Þórdís Jónsdóttir og Guðmundur Jónsson seldu þrjú hundruð og 100 álnir í Seljateigi.[952]

Við manntals- og skattaþing að Hólmum í Reyðarfirði 19. maí 1837 var þinglesið skiptabréf dánarbús Sigurðar Eiríkssonar með hverju Eiríkur Einarsson fékk tvö hundruð úr jörðinni Seljateigi.[953]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 28. maí 1838 var þinglesið afsalsbréf, með hverju Einar Eiríksson bóndi á Seljateigi seldi bóndanum Eiríki Bjarnasyni samastaðar tvö hundruð úr greindri jörð, dagsett 22. júlí 1837.[954]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 25. mars 1845 var þinglesinn skiptagjörningur, dagsettur 29. febrúar 1844, þar sem Jóni, Eiríki, Sigurði og Guðnýju, börnum Einars heitins Eiríkssonar, var útlagt samtals eitt og hálft hundrað í jörðinni Seljateigi.[955]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Seljateigur metin níu hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[956]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 3. júní 1848 var lesið afhendingarskjal fyrir einu og hálfu hundraði í jörðinni Seljateigi í Reyðarfirði frá Sigríði Finnbogadóttur til Indriða Ásmundssonar.[957]

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólmum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Hólmakirkju tilheyrði skógur í landi Seljateigs, undir Grænafelli milli Geithúsaár og Flatasteins, neðan frá reiðgötum og svo langt upp til fjalls sem viðr yxi lengst.[958]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Seljateig:

> 5. Seljateigur
>
> með Seljateigshjáleigu, sem talin $4^{hndr}$, en heimajörðin $6^{hndr}$. Þar eru eingin landamerki. Það er tödujörd í besta lagi, útheyskapur heldur lítill, en hægur; vetrarbeit er þar í lakara lagi, þó landrými sé nóg. – Þessa jörd meta 4 virðíngarmanna á $342^{\underline{Sp}}$ en einn á $351^{\underline{Sp}}$. Verður þá medaltalið á virðíngarverði hennar $687^{7/12\underline{rbd}}$.[959]

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 3. júní 1862 var þinglesinn lóðseðill Eygerðar Eiríksdóttur fyrir einu hundraði í jörðinni Seljateigi.[960]

952 Skjal nr. 2(590).
953 Skjal nr. 2(591).
954 Skjal nr. 2(592).
955 Skjal nr. 2(593).
956 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
957 Skjal nr. 2(446).
958 Skjal nr. 2(380).
959 Skjal nr. 2(71).
960 Skjal nr. 2(595).

Við manntalsing að Eskifirði 15. júní 1878 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 20. maí 1878, þar sem Eiríkur Einarsson seldi Sæbjörgu á Sléttu þrjú hundruð úr jörðinni Seljateigi.[961]

Við manntalsþing að Eskifjarðarkaupstað 23. júní 1879 var þinglesið kaupbréf, dagsett 16. júní 1878, þar sem Jón Einarsson á Melum seldi Jónasi Eyjólfssyni á Sléttu þrjú hundruð forn úr Seljateigi. Við sama þing var þinglesið kaupbréf, dagsett 2. desember 1878, þar sem Sigurður Oddson á Kollaleiru seldi Bjarna Eiríkssyni í Seljateigshjáleigu eitt hundrað og 30 álnir úr jörðinni Seljateigshjáleigu.[962]

Hinn 18. júní 1884 fór fram fundur hjá sáttanefnd Hólmaumdæmis þar sem tekið var fyrir mál milli sr. Páls Pálssonar í Þingmúla annars vegar og Bjarna Eiríkssonar í Seljateigshjáleigu og Sæbjargar Jónsdóttur á Sléttu. Ágreiningur var þess eðlis að sr. Páll eignaði Hallormsstaðarkirkju skógarteig í Seljateigslandi undir Grænafelli en eigendur Seljateigs neituðu því ítaki sökum þess að skógurinn væri þrotinn. Engin sátt varð og var málinu vísað til landslaga og réttar.[963]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Seljateig.

Við aukarétt 23. júní 1904 voru útnefndir matsmenn til að virða til peningaverðs vegastæði (engjar) undir akbrautina á Fagradal í Seljateigs- og Seljateigshjáleigu landi.[964]

Við manntalsþing að Eskifjarðarverslunarstað 26. júní 1906 var þinglesin áritun á kaupbréf, dagsett 16. júní 1878, þar sem Jón Einarsson seldi Jónasi Eyjólfssyni á Sléttu þrjú hundruð að fornu mati úr jörðinni Seljateigi. Jónas lýsti því yfir að hann hefði keypt greind þrjú hundruð fyrir móður sína Sæbjörgu Jónsdóttur í Seljateigi.[965]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Seljateigur var metin á 3.800 kr. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru Jónas Eyjólfsson, Siggerður Eyjólfsdóttir, Guðjón Pálsson, Kristján Eyjólfsson og Siggeir Eyjólfsson.[966] Um landamerki er vísað til fasteignamats Seljateigshjáleigu en þar segir:

> Landamerki: Seljateigur og Hjáleigan eiga saman óskift land, utan tún og engjar eru skift. Samkvæmt landamerkjagjörningi das. á Sléttu 9. apríl 1884, sem þó ekki hefir verið þinglýst, eru landamerki þessi:
>
> „Milli jarðanna Seljateigs og Kollaleyru: aðskilur hin svokallaða Nörfadalsá, er rennur suður í Sléttuá, að ofan upp áðurnefndan Nörfadal takmarka svokallaðar „Eggjar“ – Svo upp í Fagradal þar sem vötnum hallar til Héraðs og til Reyðarfjarðar. Þaðan fellur hin svonefnda Fagradalsá út og suður í Stuðlaá, er aðskilur Stuðla- og Áreyjaland. Að sunnan aðskilur hinn gamli Sléttuár-farvegur, er liggur þétt við Illeyri.“[967]

[961] Skjal nr. 2(448).
[962] Skjal nr. 2(449).
[963] Skjal nr. 2(280).
[964] Skjal nr. 2(596).
[965] Skjal nr. 2(454).
[966] Skjal nr. 2(116).
[967] Skjal nr. 2(115).

Við manntalsþing á Eskifirði 12. júlí 1927 var þinglesið afsal þar sem Guðjón Páls-son og Stefanía Pálsdóttir afsöluðu sonum sínum Guðmundi og Páli fimm hundruð og 67 álnir í jörðinni Sléttu, ásamt túnbletti á Sléttuströnd, 203 álnir úr Seljateigi og 48 álnir úr Borgargerði.[968]

Við manntalsþing í barnaskólanum á Eskifirði 11. júlí 1928 lýsti Jónas Eyjólfsson sinni eign, einu hundraði og 104 og 8/21 álnum úr jörðinni Seljateigi og einu hundrað og 119 og hálfri alin úr jörðinni Sléttu.[969]

Hinn 2. september 1935 fóru fram landskipti milli jarðanna Seljateigs og Selja-teigshjáleigu. Ekki er getið um þinglýsingardag en skjalið var fært inn í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998 og er svohljóðandi:

> Landamerki Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfjarðarhreppi.
>
> Ár 1935 mánudaginn þann 2. sept. voru undirritaðir úttektarmenn Reyðarfjarðarhrepps staddir að Seljarteigi og Seljarteigshjaleigu til þess að skifta landi milli nefndra jarða samkvæmt bréfi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu dags 27. júlí 1935.
>
> Mættir voru við skiftin af landeigenda hálfu Ólafur Jónasson fyrir hönd Jónasar Eyjólfssonar, Seljarteigshjáleigu og Ragnar Tryggvason fyrir hönd Útibús Lands-bankans á Eskifirði. Einnig var viðstaddur ábúandinn að Seljarteigi Jóhann L. Björnsson.
>
> Landskifti vöru gjörð á því, sem hjer um getur:
>
> Seljateigur á land frá Njörfadalsá að utan, alt austan túns Seljateigs, og inn með túninu alt að merkjalínu, sem gjörð er frá Seljarteigstúni og í beinni línu að landamerkjum Sljettu. Merkjalína þessi sker Fagradalsbraut 28 mtr. fyrir austan Bæjarlæk þar sem hann rennur gegnum Fagradalsbraut. Þó tilheyrir Seljarteigi bakkahorn sunnan Norður-ár að stærð 1000 □ mtr. og gengur vestur fyrir nefnda merkjalínu.
>
> Seljarteigshjáleiga á land frá nefndri merkjalínu og inn að Geithúsaá að vestan.
>
> Samkomulag varð um það með landeigendum og ábúendum að land fyrir vestan Geit-húsaá en neðan Grænafells skuli vera sameiginlegt beitiland fyrir báðar þessar jarðir með þeirri undantekningu þó að Kinnarbalinn skiftist þannig milli jarðanna: Selja-teigshjáleiga haldi þeim bletti sem nú er inngirtur á Kinnarbala og auk þess fylgi Seljateigshjáleigu móarnir austan girðingarinnar beina línu að Geithúsaá.
>
> Gegn þeim hluta, sem Seljateigur á í þessum inngirta Kinnarbala, fær Seljarteigur áður á minnst bakkahorn vestan merkjalínu jarðanna.
>
> Seljateigur á land ofan vegar og vestan þeirrar girðingar, sem nú er á Kinnabala, og vestur að Puntbalalæk.
>
> Kinnin sjálf skal óskift land.
>
> Komi það fyrir að oskað verði eftir landi til ræktunar, leigu eða afnota í óskiftu landi jarðanna, þarf samþykki beggja jarðeigenda til þess að teljast gilt.
>
> Svonefndur Þrætuhólmi, suður á Nesi, skal vera sameiginlegt beitiland beggja jarðanna og kemur ekki til skifta.
>
> Oddur Bjarnason
>
> Sigurjón Gíslason
>
> Guðmundur Einarsson.

968 Skjal nr. 2(563).
969 Skjal nr. 2(598).

Fyrir hönd Útibús Landsbankans Ragnar O. Tryggvason

Jóhann Björnsson ábúandi í Seljarteigi.

Jónas Eyjólfsson Seljarteigshjáleigu.[970]

Í október 1941 komu Benedikt Guttormsson fyrir hönd eigenda Seljateigs, þ.e. útibús Landsbanka Íslands á Eskifirði og útibús Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði, og Garðar Jónasson, fyrir hönd eigenda Seljateigshjáleigu, sér saman um skipti á landi téðra jarða í samræmi við 16. gr. landskiptalaga nr. 46 frá 27. júní 1941. Landamerkin hljóða svo:

1. Merkjalína sú, er liggur upp á milli bæjanna, innan við Seljateigsbæ og utan við Hjáleigubæinn, og sem skipt hefir þar landi undanfarin ár, skal haldast óbreytt. Þó skuldbinda báðir aðilar sig til þess að rétta línuna af á næsta vori, þannig að hún verði bein, (réttsýnis lína) að neðan upp á hálsbrún, og marka línuna með löglegum merkjavörðum og færa girðinguna til samræmis við þau. Skal við þá lagfæringu merkjanna og við þau óhjákvæmilegu skifti á túni og öðru landi, sem af réttingu merkjalínunnar hlýzt, hagað svo til, að hvor jörð fái jafn mikið af landi hinnar, sem frá henni er tekið.

2. Seljateigi tilheyri þannig landspildan frá landamerkjum Kollaleiru inn að umgetinni merkjalínu.

3. Seljateigshjáleigu tilheyri land frá þeirri línu inn að svo kallaðri Geithúsaá, sem ræður merkjum frá hálsbrún niður í Reyðarfjarðará.

4. Seljateigi tilheyri land frá Geithúsaá inn að línu, sem skipti svo kölluðum Puntbala um Puntbalalæk að neðan beint upp í Grænafell, og skerst sú lína suður í á. Við setningu þessarar línu skal Puntbala þannig skipt, að ekki breytist þau hlutföll, sem gilt hafa til þessa um skiptingu hans milli jarðanna.

5. Seljateigshjáleigu tilheyrir innri hluti Puntbala með áfastri grasfletju og rétti til þess að hafa þar beitarhús fyrir sauðfé en ekki til býlisstofnunar.

6. Allt land þar fyrir innan sé og verði sameiginlegt slægju- og beitiland beggja jarðanna, og er hvorugum aðila heimilt að inngirða nokkuð af því landi. En skipti á slægjum í því geta komið til greina og skal þeim skipt, ef annarhvor aðili óskar. Réttur til afnota af skógi í því landi tilheyri Seljateigi að svo miklu leyti sem landslög heimila að klippa skóg í sameignarlandi.

7. Land fyrir ofan hálsbrún sé óskipt beitiland, en til slægna fylgi svo kölluð Framsellönd Seljateigshjáleigu en Miðsellönd og útsellönd Seljateigi.

8. Eftir að löglegar merkjavörður hafa verið gerðar á næsta vori skal fullkomin merkjaskrá fyrir jarðirnar gerð í samræmi við samkomulag þetta og hún undirrituð af eigendum jarðanna og samþykkt af ábúendum og þinglesin.[971]

Í hreppaskjölum Suður-Múlasýslu er varðveitt afrit af bréfi, dagsettu 20. júní 1942, þar sem ónafngreindur höfundur skrifaði skiptanefnd um skipti á sameiginlegu landi Seljateigs og Seljateigshjáleigu. Nafn Benedikts Guttormssonar, bankastjóra á Eskifirði, er skráð efst á bréfið og líklega er hann höfundur þess. Að hans áliti kom til greina að skipta landinu frá Njörvadalsá inn fyrir svonefnda Puntbala frá landamerkjum jarðanna að sunnan upp til hálsbrúnar. Þá kvað hann hentugast að skipta landinu með

[970] Skjal nr. 2(24).
[971] Skjal nr. 2(257).

beinum línum að neðan til fjalls. Í bréfinu er lýst mati jarðanna og skiptum sem framkvæmd höfðu verið á túnum.[972]

Hinn 23. júní 1942 skrifaði prófastur til skiptanefndar vegna skipta jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu og tjáði nefndinni kröfu sína að við skiptin yrði mælt ítak Hólmakirkju í Seljateigslandi, þ.e. milli Geithúsaár og Flatasteins neðan frá reiðgötum og svo langt upp í fjallið sem víðir yxi lengst.[973]

Önnur landskiptagerð milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu er dagsett 14. júlí 1942 en þar segir meðal annars:

> Landamerki á milli Seljateigs og Seljateigshjáleigu og jarða þeirra er að þeim liggja eru ágreiningslaus og munu liggja skýrt fyrir í landamerkjabók.
>
> Skifti á landi jarðanna eru þessi:
>
> 1. Seljateigur á land frá Kollaleirulandi að austan og inn að merkjalínu sem liggur um tún jarðanna fyrir neðan veg á milli bæjanna, og beint framhald af þeirri línu og suður að Seljateigi.
> 2. Seljateigur á land frá landamerkjum Kollaleiru eða frá Njörfadalsá og 680 mtr. inn með Hálsinum þ.e. að læk sem rennur milli tveggja sáðgarða og ofan við túnin þaðan þvert yfir Seljateigsháls og framhaldandi upp Sellönd og skiftir þar löndum Miðsellanda lækur, innanvert við Þröskuldsmýri.
> 3. Seljateigsháleiga á land frá nefndum merkjum og inn að miðju mynni Geithúsaárgils að ofan. Efstu mörk miðast við línu frá Vatnslæk í Brúnir. Þaðan í Melshorn og beint framhald í Stuðlaá.
> 4. Seljateigur á land frá þessum mörkum, neðan Fagradalsvegar inn að Puntbalalæk, þaðan í næsta símastaur, austur Puntbala og framhaldandi beina línu í Stuðlaá.
> 5. Seljateigshjáleiga á land frá Puntbalalæk og þeim merkjum sem nefnd eru í 4. lið og inn að Skógarhöfðalæk (þ.e. læk austan við Skógarhöfða).
> 6. Seltjateigur á land frá Geithúsaá ofan Fagradalsbrautar og í vestur á móts við landamerki Seljateigshjál. og þaðan beina línu til fjalls innan við klettsendann eftir því sem girðingastæði þykir bezt á þessu svæði. Land fyrir innan nefndar merkjalínur skal sameiginlegt nytjaland beggja jarðanna.
>
> Merkjavörður skal setja eftir þessum mörkum.
>
> Landskiftum var þar með lokið.
>
> Reyðarfirði 14. júlí 1942.
>
> E.B. Malmquist
>
> Oddur Bjarnason
>
> f.h. Benedikts Guttormssonar, Sigurjón Gíslason
>
> Jóhann Björnsson (e.u.) Garðar Jónsson.[974]

Með afsali dagsettu 11. ágúst 1942 seldu útibú Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði og útibú Landsbanka Íslands á Eskifirði Jóhanni Björnssyni eignarrétt yfir helmingi eignarhluta útibúanna í jörðinni Seljateigi. Í skjalinu segir að eignarhluti þeirra hafi

972 Skjal nr. 2(267).
973 Skjal nr. 2(268).
974 Skjal nr. 2(25).

verið 995/1219 hlutar á móti 224/1219 hlutar sem voru í eigu Ólafs Jónassonar og systkina hans en vísað var í því sambandi til landskiptagerðar frá 14. júlí 1942. Þá segir að hinum selda jarðarhelmingi tilheyri land frá landamerkjum Kollaleiru inn að merkjalínu þeirri sem skipti landi milli hjáleigunnar og þess hluta Seljateigs. Kaupandi öðlaðist hins vegar ekki rétt yfir því landi sem Seljateigur fékk úr sameignarlandi Seljateigs og Seljateigshjáleigu undir Grænafellin innan Geithúsaár. Land þar fyrir innan væri hins vegar óskipt sameignarland beggja hálflendna sem og óskipt réttindi til vatnsvirkjunar í landi Seljateigs.[975]

Hinn 11. desember 1942 skrifaði Ólafur Jónasson á Seljateigshjáleigu til sýslumanns og sagði samning um landskipti milli Seljateigs og Seljateigshjáleigu frá 14. júlí 1942 vera gallaðan, sagði honum upp og krafðist endurskoðunar á honum.[976]

Með ódagsettu skjali, líklega frá því í maí 1943, er skýrt frá ástæðum þess að Ólafur Jónsson gerði kröfu um forkaupsrétt í 995 álnir í Seljateigi. Til vara gerði hann kröfu um 102 álnir sem höfðu verið í eigu föður hans, Jónasar Eyjólfssonar.[977] Með skjali dagsettu 15. júní 1943 skýrði Páll Guðjónsson frá því hvernig hann og Guðmundur bróðir hans gerðu samning við Jónas um ábúðarskipti þar sem innifalinn var hálfur hlutur þeirra bræðra í Seljateigi eða 102 álnir. Hlutinn hafi þeir svo lánað Jóni Björnssyni í veð og árið 1936 hafi verið gengið að veðinu og það selt.[978] Garðar Jónasson sá um samningaumleitanir milli Ólafs bróður síns annars vegar og Benedikts Guttormssonar og Jóhanns Björnssonar hins vegar um kaup á nefndum 102 álnum í Seljateigi. Samningar höfðu ekki tekist eins og skýrt er frá í skýrslu Garðars frá 16. júní 1943.[979]

Hinn 20. september 1944 skrifaði Benedikt Guttormsson á Eskifirði til yfirlandskiptanefndar vegna skipta jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu. Fram kemur að Ólafur Jónasson á Seljateigshjáleigu áfrýjaði skiptum sem fóru fram 14. júlí 1942. Benedikt kvaðst ekki sáttur við skiptin og tiltók ýmsa galla sem Ólafur hafði sett fram sem ýmist áttu við eða ekki að mati Benedikt. Að öðru leyti lýsti Benedikt því að Puntbali hafi átt að leggjast með Seljateigi en ekki Seljateigshjáleigu.[980]

Þriðja landskiptagerð milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu er dagsett 21. september 1944 en einn eigenda Seljateigshjáleigu tjáði sig óánægðan með skiptagerðina frá 1942. Landskiptagerðin er færð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu en þar segir meðal annars:

> Landskiftagjörð
>
> milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu
>
> […]
>
> Þetta skal tekið fram sem forsendur að niðurstöðum.

[975] Skjal nr. 2(259).
[976] Skjal nr. 2(270).
[977] Skjal nr. 2(255).
[978] Skjal nr. 2(256).
[979] Skjal nr. 2(258).
[980] Skjal nr. 2(269).

1. Árið 1861 er Seljateigur metinn á 6 hundruð og Seljateigshjáleiga á 4 hundruð. Samkvæmt síðari mati mun Seljateigur hafa verið metinn 10 hundruð og 19 álnir á landsvísu, en Seljateigshjáleiga á 6 hundruð 96 álnir. Úr jörðinni Seljateigi eru bændur Seljateigshjáleigu taldir eiga 224 álnir samkvæmt þessu mati þ.e. fullan 1/6 hluta hennar, sem hefur verið skift ur túni Seljateigs og sameinað túni Seljateigshjáleigu. Hér er þá um að ræða skifti milli Seljateigshjáleigu og 1/6 hluta Seljateigs annarsvegar og 5/6 hluti Seljateigs hins vegar (sbr. Jarðarmati 1861) þá verða hlutföllin sem skifta ber eftir þessi: Seljateigur 6 hundruð – 1 hundrað = 5 hundr. Seljateigshjáleiga 4 hundruð + 1 hundrað = 5 hundruð. Þ.e. 1 á móti 1 = jöfn skifti.

2. Landskiftalög kveða svo á, að skifti miðist sem mest við nytjaland, þ.e. tún, engi og gróið beitiland. Beinar merkjalínur eftir því sem við verður komið, og sem mest samhengi í hverri landeign.

3. Tún jarðanna eru samliggjandi og merkin milli þeirra ágreiningslaus enda þótt þau séu krókótt – og að því er virðist mjög óhentug. Því má alltaf kyppa í lag með frjálsu samkomulagi eða einfaldri mælingu.

4. Stæði bæjanna er þannig, að skifti á landinu frá Njörfadalsá að Geithúsá marka sig að mestu sjálf vegna legu og líkra landsgæða eftir hlutföllum. Þó fær Seljateigshjáleiga meira skógland, en Seljateigur nokkru minna land sem bæta verður upp með landi innan Geithúsaár. Hins vegar eru eðlilegir möguleikar á að land Seljateigshjáleigu verði samfellt.

5. Landamerki við nágrannajarðir eru ágreiningslaus, og liggja skýrt fyrir í Landamerkjabók.

Niðurstöður nefndarinnar eru þessar:

A. Seljateigur á land frá Kollaleirulandi að austan og inn að merkjalínu sem liggur um tún jarðanna fyrir neðan veg á milli bæjanna og beint framhald af þeirri línu suður að Sléttulandi.

B. Seljateigur á land frá landamerkjum Kollaleiru, eða Njörfadalsá, og 680 metra inn með hálsinum þ.e.a. læk sem rennur milli tveggja sáðgarða ofan við túnin. Þaðan þvert yfir Seljateigsháls, og framhaldandi upp Sellönd, skiftir þar löndum Miðsellandslækur innan vert við Þröskuldsmýri.

C. Seljateigshjáleiga á land frá nefndum merkjum, að efstu mörkum er miðist við línu um Brúnir, Vatnslæk, suður með gili Geithúsaár að mynni þess. Þaðan sem styttst er að Fagradalsvegi, sunnan hans, að merkjasteini sem er 2 ½ metir frá rennu Puntbalalækjar. Verða þá merkin að vestan úr áður nefndum steini við Puntbalalæk, um símastaur í melnum utan við Puntbalann. Þaðan í jarðfastan stein á slétta mónum austan við Puntbalann og sjónhending í Stuðlaá (bein lína).

D. Seljateigur á land vestan Geithusaár ofan Fagradalsvegar, og ræður vestur lína skógargirðingarinnar landamerkjum þar. Sunnan Fagradalsvegar á Seljateigur land frá nefndum mörkum Seljateigshjáleigu, austan Puntbala að rennu Fagradalsvegi, sem er upp af vesturenda Skógarhöfða og sjónhending í foss sem ber yfir Stuðlabæ.

E. Vestan og ofan framanskráðra merkja er sameiginlegt óskift beitiland.

Seljateigur svari til ítaks Hólmakirkju í skógarteig þeim sem áður er nefndur og girtur var s.l. sumar.

Mannvirki öll eru eign viðkomandi lands s.br. framangreind landskifti.

Á vesturlínu Seljateigshjáleigulands, sunnan Faagradalsvegar eru merki, á þrem stöðum, með ljósri málningu.

> Á vesturlínu Seljateigslands er merki með eins málningu á rennu í Fagradalsvegi.
>
> Eigendur jarðanna setji upp varanlegri merki samkv. 15. gr. landskiftalaganna.
>
> Af sérstökum ástæðum var ekki hægt að ljúka matsgerð þessari fyr en í dag þann 6. júní 1945.
>
> Formanni matsnefndar er falið að gefa reikning um kostnað er leiðir af matsgerð þessari:
>
> St. Reyðarfirði 6. júní 1945.
>
> Þórhallur Jónasson
>
> Davíð Árnason
>
> Þórhallur Helgason
>
> Jóhann P. Jóhannsson
>
> Björn Sveinsson.[981]

Í hreppaskjölum Suður-Múlasýslu er varðveitt afrit af bréfi sýslumanns til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 6. febrúar 1954, um landamerki þjóðjarðarinnar Kollaleiru og Seljateigs vegna breytinga á farvegi Njörvadalsár. Fram kemur að áin ráði merkjum og að í þinglesnu landamerkjabréfi Kollaleiru sé gert ráð fyrir að hún falli í Sléttuárfarveg, en það geri hún ekki lengur. Hún falli nú í Norðurá. Sýslumaður, sem umboðsmaður Kollaleiru, kveðst hafa gert samkomulag við eiganda Seljateigs um nýja merkjalínu en vegna Kollaleiru þurfi samþykki ráðuneytisins svo landamerkin verði staðfest. Í bréfinu segir að nýja merkjalínan fylgi hinum forna farvegi Njörvadalsár í hinn gamla Sléttuárfarveg.[982] Landamerkjabréfið, sem dagsett er 6. nóvember 1953, segir eftirfarandi:

> Með því að nokkur hluti af landamerkjum jarðanna Kollaleiru og Seljateigs í Reyðarfjarðarhreppi er óglöggur orðinn vegna breytinga á árfarvegi frá því að merkjabréf Kollaleiru var gert hinn 6. maí 1884 hafa sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu sem umboðsmaður þjóðjarðarinnar Kollaleiru og Jóhann Björnsson, eigandi Seljateigs gert svofellt samkomulag um merki milli nefndra jarða:
>
> Njörvadalsá skal ráða merkjum frá upptökum sínum í Njörvadalsárdrögum að brúnni á þjóðveginum. Frá brúnni niður að hinum gamla farvegi Sléttuár skal ráða sjónhendingarlína dregin af miðri Njörvadalsárbrú í suðurenda Sléttuárbrúar.[983]

Árið 2007 dæmdi Hæstiréttur í máli nr. 611/2006 sem varðaði ágreining um landamerki Stuðla í Reyðarfirði gagnvart jörðunum Áreyjum, Grænuhlíð, Seljateig, Seljateigshjáleigu og Sléttu. Ágreiningurinn sem þar var uppi snertir ekki ágreiningssvæði málsins.[984]

[981] Skjal nr. 2(26).
[982] Skjal nr. 2(263).
[983] Skjal nr. 2(264).
[984] Skjal nr. 4(61).

### *5.11.11.1 Seljateigshjáleiga í Reyðarfirði*

Við manntalsþing að Hólmum í Reyðarfirði 22. júní 1844 var þinglesið skiptabréf Eiríks Bjarnasonar á Seljateigshjáleigu, dagsett 11. mars 1844, sem heimilaði börnum hans hluta úr nefndri jörð.[985]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Seljateigshjáleiga ekki metin sérstaklega. Jörðin var hjáleiga Seljateigs. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður álíti fjögur hundruð af mati Seljateigs tilheyra Seljateigshjáleigu.[986]

Hinn 26. október 1863 seldi Björn Jónsson Bjarna Eiríkssyni á Hólmum eitt hundrað og 30 álnir, að fornu mati, í ábýlisjörð sinni Seljateigshjáleigu. Afsalsbréfið var þinglesið á Hólmum þann 31. maí 1864. Skrifari afsals- og veðmálabókarinnar gat þess að bókin bæri það ekki með sér að seljandi hafi haft þinglesna heimild fyrir hinu selda.[987]

Við manntalsþing að Eskifjarðarkaupstað 23. júní 1879 var þinglesið kaupbréf, dagsett 16. júní 1878, þar sem Jón Einarsson á Melum seldi Jónasi Eyjólfssyni á Sléttu þrjú hundruð forn úr Seljateigi. Við sama þing var þinglesið kaupbréf, dagsett 2. desember 1878, þar sem Sigurður Oddson á Kollaleiru seldi Bjarna Eiríkssyni í Seljateigshjáleigu eitt hundrað og 30 álnir úr jörðinni Seljateigshjáleigu.[988]

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir Seljateig.

Við manntalsþing á Eskifirði 31. maí 1889 var þinglesið afsalsbréf Bjarna Eiríkssonar þar sem hann seldi Jónasi Eyjólfssyni tvö hundruð úr jörðinni Seljateigshjáleigu.[989]

Við aukarétt 23. júní 1904 voru útnefndir matsmenn til að virða til peningaverðs vegastæði (engjar) undir akbrautina á Fagradal í Seljateigs- og Seljateigshjáleigu landi.[990]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Seljateigshjáleiga var metin á 2.200 kr. Fram kemur að jörðin á víðlent og gott upprekstrarland. Eigendur jarðarinnar voru Eyjólfur Jónasson og Guðný Jónasdóttir. Um landamerki segir:

> Landamerki: Seljateigur og Hjáleigan eiga saman óskift land, utan tún og engjar eru skift. Samkvæmt landamerkjagjörningi das. á Sléttu 9. apríl 1884, sem þó ekki hefir verið þinglýst, eru landamerki þessi:
>
> „Milli jarðanna Seljateigs og Kollaleyru: aðskilur hin svokallaða Nörfadalsá, er rennur suður í Sléttuá, að ofan upp áðurnefndan Nörfadal takmarka svokallaðar „Eggjar“ – Svo upp í Fagradal þar sem vötnum hallar til Héraðs og til Reyðarfjarðar. Þaðan fellur hin svonefnda Fagradalsá út og suður í Stuðlaá, er aðskilur Stuðla- og Áreyjaland. Að sunnan aðskilur hinn gamli Sléttuár-farvegur, er liggur þétt við Illeyri.“[991]

985 Skjal nr. 2(585).
986 Skjal nr. 4(1), bls. 375.
987 Skjal nr. 2(185).
988 Skjal nr. 2(449).
989 Skjal nr. 2(587).
990 Skjal nr. 2(596).
991 Skjal nr. 2(115).

Hinn 2. september 1935 fóru fram landskipti milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu. Ekki er getið um þinglýsingardag en skjalið var fært inn í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998 og er svohljóðandi:

> Landamerki Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfjarðarhreppi.
>
> Ár 1935 mánudaginn þann 2. sept. voru undirritaðir úttektarmenn Reyðarfjarðarhrepps staddir að Seljarteigi og Seljarteigshjaleigu til þess að skifta landi milli nefndra jarða samkvæmt bréfi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu dags 27. júlí 1935.
>
> Mættir voru við skiftin af landeigenda hálfu Ólafur Jónasson fyrir hönd Jónasar Eyjólfssonar, Seljarteigshjáleigu og Ragnar Tryggvason fyrir hönd Útibús Landsbankans á Eskifirði. Einnig var viðstaddur ábúandinn að Seljarteigi Jóhann L. Björnsson.
>
> Landskifti vöru gjörð á því, sem hjer um getur:
>
> Seljateigur á land frá Njörfadalsá að utan, alt austan túns Seljateigs, og inn með túninu alt að merkjalínu, sem gjörð er frá Seljarteigstúni og í beinni línu að landamerkjum Sljettu. Merkjalína þessi sker Fagradalsbraut 28 mtr. fyrir austan Bæjarlæk þar sem hann rennur gegnum Fagradalsbraut. Þó tilheyrir Seljarteigi bakkahorn sunnan Norðurár að stærð 1000 □ mtr. og gengur vestur fyrir nefnda merkjalínu.
>
> Seljarteigshjáleiga á land frá nefndri merkjalínu og inn að Geithúsaá að vestan.
>
> Samkomulag varð um það með landeigendum og ábúendum að land fyrir vestan Geithúsaá en neðan Grænafells skuli vera sameiginlegt beitiland fyrir báðar þessar jarðir með þeirri undantekningu þó að Kinnarbalinn skiftist þannig milli jarðanna: Seljateigshjáleiga haldi þeim bletti sem nú er inngirtur á Kinnarbala og auk þess fylgi Seljateigshjáleigu móarnir austan girðingarinnar beina línu að Geithúsaá.
>
> Gegn þeim hluta, sem Seljateigur á í þessum inngirta Kinnarbala, fær Seljarteigur áður á minnst bakkahorn vestan merkjalínu jarðanna.
>
> Seljateigur á land ofan vegar og vestan þeirrar girðingar, sem nú er á Kinnabala, og vestur að Puntbalalæk.
>
> Kinnin sjálf skal óskift land.
>
> Komi það fyrir að oskað verði eftir landi til ræktunar, leigu eða afnota í óskiftu landi jarðanna, þarf samþykki beggja jarðeigenda til þess að teljast gilt.
>
> Svonefndur Þrætuhólmi, suður á Nesi, skal vera sameiginlegt beitiland beggja jarðanna og kemur ekki til skifta.
>
> Oddur Bjarnason
>
> Sigurjón Gíslason
>
> Guðmundur Einarsson.
>
> Fyrir hönd Útibús Landsbankans Ragnar O. Tryggvason
>
> Jóhann Björnsson ábúandi í Seljarteigi.
>
> Jónas Eyjólfsson Seljarteigshjáleigu.[992]

Í október 1941 komu Benedikt Guttormsson fyrir hönd eigenda Seljateigs, þ.e. útibús Landsbanka Íslands á Eskifirði og útibús Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði, og Garðar

992 Skjal nr. 2(24).

Jónasson, fyrir hönd eigenda Seljateigshjáleigu, sér saman um skipti á landi téðra jarða í samræmi við 16. gr. landskiptalaga nr. 46 frá 27. júní 1941. Landamerkin hljóða svo:

> 1. Merkjalína sú, er liggur upp á milli bæjanna, innan við Seljateigsbæ og utan við Hjáleigubæinn, og sem skipt hefir þar landi undanfarin ár, skal haldast óbreytt. Þó skuldbinda báðir aðilar sig til þess að rétta línuna af á næsta vori, þannig að hún verði bein, (réttsýnis lína) að neðan upp á hálsbrún, og marka línuna með löglegum merkjavörðum og færa girðinguna til samræmis við þau. Skal við þá lagfæringu merkjanna og við þau óhjákvæmilegu skifti á túni og öðru landi, sem af réttingu merkjalínunnar hlýzt, hagað svo til, að hvor jörð fái jafn mikið af landi hinnar, sem frá henni er tekið.
>
> 2. Seljateigi tilheyri þannig landspildan frá landamerkjum Kollaleiru inn að umgetinni merkjalínu.
>
> 3. Seljateigshjáleigu tilheyri land frá þeirri línu inn að svo kallaðri Geithúsaá, sem ræður merkjum frá hálsbrún niður í Reyðarfjarðará.
>
> 4. Seljateigi tilheyri land frá Geithúsaá inn að línu, sem skipti svo kölluðum Puntbala um Puntbalalæk að neðan beint upp í Grænafell, og skerst sú lína suður í á. Við setningu þessarar línu skal Puntbala þannig skipt, að ekki breytist þau hlutföll, sem gilt hafa til þessa um skiptingu hans milli jarðanna.
>
> 5. Seljateigshjáleigu tilheyrir innri hluti Puntbala með áfastri grasfletju og rétti til þess að hafa þar beitarhús fyrir sauðfé en ekki til býlisstofnunar.
>
> 6. Allt land þar fyrir innan sé og verði sameiginlegt slægju- og beitiland beggja jarðanna, og er hvorugum aðila heimilt að inngirða nokkuð af því landi. En skipti á slægjum í því geta komið til greina og skal þeim skipt, ef annarhvor aðili óskar. Réttur til afnota af skógi í því landi tilheyri Seljateigi að svo miklu leyti sem landslög heimila að klippa skóg í sameignarlandi.
>
> 7. Land fyrir ofan hálsbrún sé óskipt beitiland, en til slægna fylgi svo kölluð Framsellönd Seljateigshjáleigu en Miðsellönd og útsellönd Seljateigi.
>
> 8. Eftir að löglegar merkjavörður hafa verið gerðar á næsta vori skal fullkomin merkjaskrá fyrir jarðirnar gerð í samræmi við samkomulag þetta og hún undirrituð af eigendum jarðanna og samþykkt af ábúendum og þinglesin.[993]

Í hreppaskjölum Suður-Múlasýslu er varðveitt afrit af bréfi, dagsettu 20. júní 1942, þar sem ónafngreindur höfundur skrifaði skiptanefnd um skipti á sameiginlegu landi Seljateigs og Seljateigshjáleigu. Nafn Benedikts Guttormssonar, bankastjóra á Eskifirði, er skráð efst á bréfið og líklega er hann höfundur þess. Að hans áliti kom til greina að skipta landinu frá Njörvadalsá inn fyrir svonefnda Puntbala frá landamerkjum jarðanna að sunnan upp til hálsbrúnar. Þá kvað hann hentugast að skipta landinu með beinum línum að neðan til fjalls. Í bréfinu er lýst mati jarðanna og skiptum sem framkvæmd höfðu verið á túnum.[994]

Hinn 23. júní 1942 skrifaði prófastur til skiptanefndar vegna skipta jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu og tjáði nefndinni kröfu sína að við skiptin yrði mælt ítak Hólmakirkju í Seljateigslandi, þ.e. milli Geithúsaár og Flatasteins neðan frá reiðgötum og svo langt upp í fjallið sem víðir yxi lengst.[995]

[993] Skjal nr. 2(257).
[994] Skjal nr. 2(267).
[995] Skjal nr. 2(268).

Önnur landskiptagerð milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu er dagsett 14. júlí 1942 en þar segir meðal annars:

> Landamerki á milli Seljateigs og Seljateigshjáleigu og jarða þeirra er að þeim liggja eru ágreiningslaus og munu liggja skýrt fyrir í landamerkjabók.
>
> Skifti á landi jarðanna eru þessi:
>
> 1. Seljateigur á land frá Kollaleirulandi að austan og inn að merkjalínu sem liggur um tún jarðanna fyrir neðan veg á milli bæjanna, og beint framhald af þeirri línu og suður að Seljateigi.
> 2. Seljateigur á land frá landamerkjum Kollaleiru eða frá Njörfadalsá og 680 mtr. inn með Hálsinum þ.e. að læk sem rennur milli tveggja sáðgarða og ofan við túnin þaðan þvert yfir Seljateigsháls og framhaldandi upp Sellönd og skiftir þar löndum Miðsellanda lækur, innanvert við Þröskuldsmýri.
> 3. Seljateigsháleiga á land frá nefndum merkjum og inn að miðju mynni Geithúsaárgils að ofan. Efstu mörk miðast við línu frá Vatnslæk í Brúnir. Þaðan í Melshorn og beint framhald í Stuðlaá.
> 4. Seljateigur á land frá þessum mörkum, neðan Fagradalsvegar inn að Puntbalalæk, þaðan í næsta símastaur, austur Puntbala og framhaldandi beina línu í Stuðlaá.
> 5. Seljateigshjáleiga á land frá Puntbalalæk og þeim merkjum sem nefnd eru í 4. lið og inn að Skógarhöfðalæk (þ.e. læk austan við Skógarhöfða).
> 6. Seltjateigur á land frá Geithúsaá ofan Fagradalsbrautar og í vestur á móts við landamerki Seljateigshjál. og þaðan beina línu til fjalls innan við klettsendann eftir því sem girðingastæði þykir bezt á þessu svæði. Land fyrir innan nefndar merkjalínur skal sameiginlegt nytjaland beggja jarðanna.
>
> Merkjavörður skal setja eftir þessum mörkum.
>
> Landskiftum var þar með lokið.
>
> Reyðarfirði 14. júlí 1942.
>
> E.B. Malmquist
>
> Oddur Bjarnason
>
> f.h. Benedikts Guttormssonar, Sigurjón Gíslason
>
> Jóhann Björnsson (e.u.) Garðar Jónsson.[996]

Hinn 11. desember 1942 skrifaði Ólafur Jónasson á Seljateigshjáleigu til sýslumanns og sagði samning um landskipti milli Seljateigs og Seljateigshjáleigu frá 14. júlí 1942 vera gallaðan, sagði honum upp og krafðist endurskoðunar á honum.[997]

Hinn 20. september 1944 skrifaði Benedikt Guttormsson á Eskifirði til yfirlandskiptanefndar vegna skipta jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu. Fram kemur að Ólafur Jónasson á Seljateigshjáleigu áfrýjaði skiptum sem fóru fram 14. júlí 1942. Benedikt kvaðst ekki sáttur við skiptin og tiltók ýmsa galla sem Ólafur hafði sett fram sem ýmist áttu við eða ekki að mati Benedikt. Að öðru leyti lýsti Benedikt því að Puntbali hafi átt að leggjast með Seljateigi en ekki Seljateigshjáleigu.[998]

---

[996] Skjal nr. 2(25).
[997] Skjal nr. 2(270).
[998] Skjal nr. 2(269).

Þriðja landskiptagerð milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu er dagsett 21. september 1944 en einn eigenda Seljateigshjáleigu tjáði sig óánægðan með skiptagerðina frá 1942. Landskiptagerðin er færð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu en þar segir meðal annars:

> Landskiftagjörð
>
> milli jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu
>
> […]
>
> Þetta skal tekið fram sem forsendur að niðurstöðum.
>
> 1. Árið 1861 er Seljateigur metinn á 6 hundruð og Seljateigshjáleiga á 4 hundruð. Samkvæmt síðari mati mun Seljateigur hafa verið metinn 10 hundruð og 19 álnir á landsvísu, en Seljateigshjáleiga á 6 hundruð 96 álnir. Úr jörðinni Seljateigi eru bændur Seljateigshjáleigu taldir eiga 224 álnir samkvæmt þessu mati þ.e. fullan 1/6 hluta hennar, sem hefur verið skift ur túni Seljateigs og sameinað túni Seljateigshjáleigu. Hér er þá um að ræða skifti milli Seljateigshjáleigu og 1/6 hluta Seljateigs annarsvegar og 5/6 hluti Seljateigs hins vegar (sbr. Jarðarmati 1861) þá verða hlutföllin sem skifta ber eftir þessi: Seljateigur 6 hundruð – 1 hundrað = 5 hundr. Seljateigshjáleiga 4 hundruð + 1 hundrað = 5 hundruð. Þ.e. 1 á móti 1 = jöfn skifti.
>
> 2. Landskiftalög kveða svo á, að skifti miðist sem mest við nytjaland, þ.e. tún, engi og gróið beitiland. Beinar merkjalínur eftir því sem við verður komið, og sem mest samhengi í hverri landeign.
>
> 3. Tún jarðanna eru samliggjandi og merkin milli þeirra ágreiningslaus enda þótt þau séu krókótt – og að því er virðist mjög óhentug. Því má alltaf kyppa í lag með frjálsu samkomulagi eða einfaldri mælingu.
>
> 4. Stæði bæjanna er þannig, að skifti á landinu frá Njörfadalsá að Geithúsá marka sig að mestu sjálf vegna legu og líkra landsgæða eftir hlutföllum. Þó fær Seljateigshjáleiga meira skógland, en Seljateigur nokkru minna land sem bæta verður upp með landi innan Geithúsaár. Hins vegar eru eðlilegir möguleikar á að land Seljateigshjáleigu verði samfellt.
>
> 5. Landamerki við nágrannajarðir eru ágreiningslaus, og liggja skýrt fyrir í Landamerkjabók.
>
> Niðurstöður nefndarinnar eru þessar:
>
> A. Seljateigur á land frá Kollaleirulandi að austan og inn að merkjalínu sem liggur um tún jarðanna fyrir neðan veg á milli bæjanna og beint framhald af þeirri línu suður að Sléttulandi.
>
> B. Seljateigur á land frá landamerkjum Kollaleiru, eða Njörfadalsá, og 680 metra inn með hálsinum þ.e.a. læk sem rennur milli tveggja sáðgarða ofan við túnin. Þaðan þvert yfir Seljateigsháls, og framhaldandi upp Sellönd, skiftir þar löndum Miðsellandslækur innan vert við Þröskuldsmýri.
>
> C. Seljateigshjáleiga á land frá nefndum merkjum, að efstu mörkum er miðist við línu um Brúnir, Vatnslæk, suður með gili Geithúsaár að mynni þess. Þaðan sem styttst er að Fagradalsvegi, sunnan hans, að merkjasteini sem er 2 ½ metir frá rennu Puntbalalækjar. Verða þá merkin að vestan úr áður nefndum steini við Puntbalalæk, um símastaur í melnum utan við Puntbalann. Þaðan í jarðfastan stein á slétta mónum austan við Puntbalann og sjónhending í Stuðlaá (bein lína).
>
> D. Seljateigur á land vestan Geithusaár ofan Fagradalsvegar, og ræður vestur lína skógargirðingarinnar landamerkjum þar. Sunnan Fagradalsvegar á Seljateigur land frá

> nefndum mörkum Seljateigshjáleigu, austan Puntbala að rennu Fagradalsvegi, sem er upp af vesturenda Skógarhöfða og sjónhending í foss sem ber yfir Stuðlabæ.
>
> E. Vestan og ofan framanskráðra merkja er sameiginlegt óskift beitiland.
>
> Seljateigur svari til ítaks Hólmakirkju í skógarteig þeim sem áður er nefndur og girtur var s.l. sumar.
>
> Mannvirki öll eru eign viðkomandi lands s.br. framangreind landskifti.
>
> Á vesturlínu Seljateigshjáleigulands, sunnan Faagradalsvegar eru merki, á þrem stöðum, með ljósri málningu.
>
> Á vesturlínu Seljateigslands er merki með eins málningu á rennu í Fagradalsvegi.
>
> Eigendur jarðanna setji upp varanlegri merki samkv. 15. gr. landskiftalaganna.
>
> Af sérstökum ástæðum var ekki hægt að ljúka matsgerð þessari fyr en í dag þann 6. júní 1945.
>
> Formanni matsnefndar er falið að gefa reikning um kostnað er leiðir af matsgerð þessari:
>
> St. Reyðarfirði 6. júní 1945.
>
> Þórhallur Jónasson
>
> Davíð Árnason
>
> Þórhallur Helgason
>
> Jóhann P. Jóhannsson
>
> Björn Sveinsson.[999]

Með makaskiptasamningi, dagsettum 9. nóvember 1949, afsöluðu eigendur Seljateigshjáleigu til Reyðarfjarðarhrepps því svæði sem getið er í landskiptagjörð frá 21. september 1944, þ.e. undir tölulið 5 og staflið C. Í samningnum segir að mörk svæðisins séu:

> <u>að utan</u>, lína úr mynni Geithúsaárgisl [svo] í melkoll meðan [svo] við Fagradasbraut [svo], <u>að ofan</u>, Fagradalsbraut, <u>að vestan</u> lína úr steini við Puntubalalæk um símastaur í melnum utan til Puntubalann þaðan í jarðfastan stein á slétta mónum austan við Puntubalann, og sjónhendin[g] í Stuðlaá, <u>að neðan</u> Stuðlaá.[1000]

Í staðinn afsalaði Reyðarfjarðarhreppur til eigenda Seljateigshjáleigu landsvæði sem lýst er í áðurnefndri skiptagjörð undir tölulið 5 og staflið D sem sé svo lýst:

> Sunnan Fagradalsvegar á Seljateigur land frá nefndum mörkum Seljateigshjáleigu austan Puntbala að rennu í Fagradalsvegi sem er upp af vesturenda Skógarhöfða og sjónhending í foss, sem ber við Stuðlabæ.[1001]

Árið 2007 dæmdi Hæstiréttur í máli nr. 611/2006 sem varðaði ágreining um landamerki Stuðla í Reyðarfirði gagnvart jörðunum Áreyjum, Grænuhlíð, Seljateig, Seljateigshjáleigu og Sléttu. Ágreiningurinn sem þar var uppi snertir ekki ágreiningssvæði málsins.[1002]

---

999 Skjal nr. 2(26).
1000 Skjal nr. 2(253).
1001 Skjal nr. 2(253).
1002 Skjal nr. 4(61).

## 5.12 Eignir og ítök kirkna

### *5.12.1 Hallormsstaður í Skógum*

Í máldaga Vilchins fyrir Péturskirkju á Hallormsstað frá um 1397 segir m.a. að kirkjan eigi Áreyjar, nautahöfn í Eyvindardal og skógarteiga í Sandfelli hinu efsta. en annar þeirra lægi til Geirólfsstaða og hinn til Mýra[1003] Hið sama kemur fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.[1004]

Í biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstað frá 1641 segir eftirfarandi um Áreyjar og Hjálpleysudal:

> Peturskyrkia ad Hallormstodum ä heimaland alltt til þeirra landamerkia er Sera Eirÿkur Biarna Son og Hans formadur haffa hafft og hallded
>
> […]
>
> Hün ä Äreyar Jnnan þessara landamerkia, J þann læk Sem fellur wr midiu kotfelle, og rennur wt ä millum Melanna üt ä eyrar og halfann hialpleysudal til þess vótnum hallar[1005]

Hið sama kemur fram í biskupsvísitasíum fyrir Hallormsstað frá 1. september 1677 og 30. ágúst 1706 og í ódagsettum texta, líklega frá miðri 18. öld, í kirkjustól Hallormsstaðarkirkju.[1006]

Hinn 16. júní 1792 fór fram úttekt á Hallormsstaðarkirkju. Þar kemur fram að jörðin Áreyjar, níu hundruð að dýrleika, byggðist fyrir sex hundruð.[1007]

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 og *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Áreyjar skráð sem eign Hallormsstaðarkirkju.[1008]

Hinn 15. janúar 1823 skrifaði sr. Gunnlaugur Þórðarson á Hallormsstað biskupi bréf um skógarítök Hallormsstaðar í landi Litla-Sandfells í Skriðdal og sagði að gengið væri á skógarítökin. Sr. Gunnlaugur óskaði eftir aðstoð biskups um hvernig hann ætti að framfylgja málinu.[1009]

Á manntalsþingsrétti að Þingmúla þann 13. apríl 1841 var þess getið að 14. maí 1814 hefði verið þinglesin auglýsing, dagsett 12. sama mánaðar, þess efnis að Hallormsstaðarkirkja ætti tvo skógarteiga í Sandfelli hinu efsta og að annar þeirra lægi til Mýra, en hinn til Geirólfsstaða.[1010]

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólmum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Í umfjöllun um Hallormsstaðarkirkju segir m.a. að kirkjujörðin Áreyjar eigi skógarteig undir Grænafelli, líklega áfastan við skógarteig Hólma. Einnig segir að kirkjujarðir Hallormsstaðar, Mýrar og

[1003] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 207–208, skjal nr. 4(69).
[1004] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 682–683.
[1005] Skjal nr. 2(645).
[1006] Skjöl nr. 2(646)–2(648).
[1007] Skjal nr. 2(649).
[1008] Skjöl nr. 2(47) og 4(1).
[1009] Skjal nr. 2(375).
[1010] Skjal nr. 2(153).

Geirúlfsstaðir í Skriðdal eigi skógarteiga í „litla – eda Efsta Sandfells skogi, einginn veit hvar, og telur prestur ítök þessi, einsog sjálfann skóginn, þegar á förum“.[1011]

Á fundi Suður-Múlaprófastsdæmis 4. september 1916 var samþykkt að mæla með því að Jón Runólfsson fengi að kaupa skógarítak Vallanesprestakalls, áður Hallormsstaðar, í jörðinni Litla-Sandfelli fyrir 200 kr.[1012]

### *5.12.2 Vallaneskirkja*

Sjá kafla 5.8.1.

[1011] Skjal nr. 2(380).
[1012] Skjal nr. 2(360).

# 6 SJÓNARMIÐ AÐILA

## 6.1 Íslenska ríkið

Hér verður fyrst gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum íslenska ríkisins en sjónarmiðum sem varða hvert kröfusvæði sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því að þau svæði sem gerðar eru kröfur til séu landsvæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæði 11 séu heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður og önnur atriði sem gerð er grein fyrir í umfjöllun um hvert svæði fyrir sig. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að þau kröfusvæði sem fjallað sé um í greinargerð ríkisins hafi verið utan landnáms. Af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á svæðinu hafi náð. Verði því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Fyrirliggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðji það.

Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verði ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarlönd eða til annarra sambærilegra nota. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tilteknar kirkjur eða jarðir hafi kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá bendi þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi kirkjur eða jarðir hafi verið tilkomnar að þeim réttindum eða hvað hafi falist nánar í því tilkalli.

Að því er varðar öll kröfusvæðin er af hálfu ríkisins horft til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað. Í greinargerð ríkisins er að öðru leyti fjallað um helstu heimildir, röksemdir og önnur atriði sem af hálfu ríkisins teljist styðja kröfur þess hvað hvert kröfusvæði varðar.

Um lagarök er af hálfu ríkisins vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk ýmissa eignaréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

### *6.1.1 Hjálpleysa*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Hjálpleysa* sé fyrst og fremst stuðst við sameiginlegt landamerkjabréf fyrir Tunghaga og hjáleigurnar Arnkelsgerði og Grófargerði. Þá sé einnig litið til landskipta milli Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga frá 1. júlí 1922, þar sem innri mörk landsvæðisins séu afmörkuð nánar. Í landskiptagerðinni sé mörkum útskipts lands Grófargerðis lýst, m.a. þannig að Kálfsvallará (Kálfa Vallará) ráði af fjallsbrúnum þar til hún falli í Gilsá. Ráði þessi lína, þ.e. Kálfsvallará frá fjallsbrúnum í Gilsá, norðurmörkum kröfusvæðisins. Landsvæðinu á Hjálpleysu sé þannig lýst sem sérstökum afrétti framangreindra jarða. Þá sé jafnframt horft til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Gíslastaði og Gerði á Völlum, sem séu aðliggjandi til austurs, Stóra-Sandfell á Völlum, sem sé aðliggjandi til vesturs, Eyrarteig í Skriðdal, sem sé aðliggjandi til suðvesturs og Áreyja í Reyðarfirði, sem sé aðliggjandi til suðurs og suðausturs.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að Hjálpleysudals sé getið í biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstað frá 1641, en þar segi að kirkjan að Hallormsstað eigi „halfann hialpleysudal til þess vótnum hallar". Sama lýsing komi fram í biskupsvísitasíum fyrir Hallormsstað frá 1. september 1677 og 30. ágúst 1706. Ekki verði annað ráðið en að verið sé að vísa til þess hluta Hjálpleysudals er falli innan kröfusvæðisins. Svæðisins sé næst getið í fyrrnefndu landamerkjabréfi Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði frá 14. júní 1884 og virðist samkvæmt því þá falla innan merkjalýsinga, a.m.k. að hluta. Í landamerkjabréfinu sé merkjum n.t.t. lýst þannig, hvað kröfusvæðið varði, að Gilsá ráði að Hjálpleysuvatni og síðan Lambavallaá inn á Hjálpleysvarp, en að austan og sunnan ráði fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarp. Ekki liggi fyrir eldri heimildir sem bendi til þess að land jarðanna hafi náð til kröfusvæðisins, þ.e. inn Hjálpleysudal og upp á Hjálpleysuvarp.

Af hálfu ríkisins er þess getið að í sóknarlýsingu Vallanessóknar frá 1840 sé Hjálpleysudals getið í tengslum við Tunghaga og hjáleigurnar Arnkelsgerði og Grófargerði. Þar segi að skógur er hafi áður einkum verið á Hjálpleysudal „sem hálfur liggur undir jörð þessa" sé nærfellt horfinn og að Tunghaga og undirliggjandi hjáleigna ábúendur reki geldfé sitt í Hjálpleysudal „so sem áfastan þeirra heimalöndum." Þá sé Hjálpleysu getið sem upprekstrarlands í sameign með jörðunum Arnkelsgerði og Tunghaga í umfjöllun um Grófargerði í fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918, þar sem segi: „Upprekstrarland hefir jörðin á Hjálpleysuafrétti sem er sameign þessara jarða." Þá hafi farið fram landskipti milli jarðanna Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga hinn 1. júlí 1922. Þau hafi verið þinglesin við manntalsþing að Ketilsstöðum 3. júlí 1923 og séu skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998. Í landskiptagerðinni sé mörkum útskipts lands Grófargerðis lýst, m.a. þannig að Kálfsvallarár (Kálfa Vallará) ráði af fjallsbrúnum þar til hún falli í Gilsá. Tekið sé fram að Grófargerði „á tiltölulegann hluta af afréttu landi framangreindra jarða eftir núgildandi jarðamati. Eigendur og

ábúendur Tunghaga og Arnkelsgerði hafa rétt til umferðar í gegnum land í Grófargerðis til að nota afréttarland sitt.“

### *6.1.2 Gíslastaðir og Gerði*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Gíslastaðir og Gerði* sé stuðst við landamerkjaskýrslu Gíslastaða þar sem fjallað sé um óskiptarland Gíslastaða og Gerðis. Þá sé litið til þess að í sömu landamerkjaskýrslu Gíslastaða, þar sem fjallað sé um merki milli Gíslastaða og Gíslastaðagerðis, sé merkjum jarðanna lýst austur að Fagradalsá. Verði því ekki ráðið að merkin nái lengra til austurs en að Fagradalsá. Afmörkun þjóðlendukröfulínu styðjist einnig við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfi þeirra, en um sé að ræða jarðirnar Gíslastaði, Tunghaga, Arnkelsgerði og Grófargerði til vesturs, Eyjólfsstaði til norðurs og Áreyjar í Reyðarfirði til suðurs.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að undir rekstri málsins hafi verið bent á að ósamræmi væri á milli kröfu íslenska ríkisins og þess hvernig hún væri færð á kort. Í kröfunni væri vísað til þess að vatnaskilum væri fylgt til suðurs frá upptökum Efri-Launár að upptökum Efri-Hrútár, en á korti væri dregin bein lína til norðvesturs frá upptökum Efri-Launár í óskilgreindan punkt og þaðan til suðurs að upptökum Efri-Hrútár. Tekið er fram af hálfu ríkisins að í upphaflegri kröfu þess hafi misfarist að skilgreina fyllilega hvernig kröfulínan liggi á milli upptaka Efri-Launár og Efri-Hrútár, þótt þar hafi komið fram að hún liggi um vatnaskil. Af þessum sökum, og með vísan til þess að vatnaskil á svæðinu hafi verið greind af Veðurstofu Íslands, sé krafa ríkisins uppfærð með greinargerð þess þannig að skýrt sé að frá upptökum Efri-Launár væri farið í vatnaskil á Aurum, þaðan sem vatnaskilum sé fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár. Af hálfu ríkisins er byggt á því að ekki sé um breytingu á kröfugerð að ræða heldur einungis skýringu, en að því marki sem um breytingu teljist vera að ræða rúmist hún innan upphaflegrar kröfu.

Af hálfu íslenska ríkisins er tekið fram að takmarkaðar heimildir liggi fyrir um kröfusvæðið. Af þeim heimildum sem liggi fyrir sé ljóst að jarðirnar Gíslastaðir og Gíslastaðagerði á Völlum hafi kallað til réttinda þar, en svæðið virðist falla innan merkjalýsinga í landamerkjabréfum Gíslastaðagerðis frá 12. maí 1884 og Gíslastaða frá 4. júní 1884. Í landamerkjabréfi Gíslastaðagerðis sé merkjum þannig lýst upp í svokallaðan Klofastein og svo „austur aurana að efri Launá, sem rennur norðan af aurunum og með honum í Fagradalsá“ og „í vörðubrot sem er á aurbrúninni síðan austur aurana og ásamt Gíslastaðalandamerkjum að Fagradalsá sem rennur eptir Fagradal“. Í landamerkjabréfi Gíslastaða sé merkjum að sama skapi lýst „suður um aurinn rétt fyrir utan Hött ynn og suður í Hrútárdrög og niður Hrúta að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrútárbotna ofan í Fagradalsá“ og „um þverann Aurinn ofan um Hlauphjalla í Fagradalsá“. Í landamerkjabréfi Gíslastaða sé síðan tekið fram að á milli Gíslastaða og Gíslastaðagerði sé óskipt afréttarland á norðanverðum Fagradal, milli Efri-Launár og Efri-Hrútár. Ekki

liggi fyrir eldri heimildir en framangreind landamerkjabréf frá 1884, sem bendi til þess að kröfusvæðið falli innan merkja jarðanna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum. Í lögfestu vegna Gíslastaðagerðis frá 22. maí 1845 sé merkjum þeirrar jarðar raunar lýst á þann veg að land jarðarinnar afmarkist af fjallsbrún en ekki þannig að gefið sé til kynna að það nái austur fyrir Aura og yfir í Fagradal. Varðandi tilkall Gíslastaða og Gíslastaðagerðis til kröfusvæðisins skipti einnig máli að á milli jarðanna á Völlum og kröfusvæðisins í Fagradal séu nokkuð skýr skil af náttúrunnar hendi. Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 komi fram að jörðin Gíslastaðagerði eigi upprekstrarland með Gíslastöðum og að Gíslastaðir eigi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda.

Í greinargerð ríkisins segir að í landamerkjabréfi Áreyja frá 5. september 1885 sé norðurmerkjum jarðarinnar lýst svo: „Að norðan ræður stefna beint af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. – Að austan og utan skilur Fagradals á alla leið Seljateigs og Áreyjalands út í Flóalækjarós.“ Þess sé síðan getið að innan landamerkja Áreyja eigi Vallaneskirkja afrétt í Fagradal frá Hrútá til Afréttarár og Gíslastaðir á Völlum eigi afrétt á Fagradal milli Hrútár og Launár. Landamerkjabréfið hafi verið samþykkt f.h. Vallaneshrepps og eigenda Gíslastaða, með svofelldri athugasemd: „Vér undirskrifaðir samþykkjum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir, með svo felldu móti; að vér notum afréttalandið á sama hátt frjálst og átölulaust, eins og hingað til hefur verið.“ Við samanburð á landamerkjabréfum Gíslastaða og Áreyja sé ljóst að landið á milli Efri-Hrútár og línu sem dregin sé beint úr Hjálpleysuvarpi í Fagradalsá falli innan beggja landamerkjabréfa. Ekki sé hins vegar unnt að fallast á að þetta misræmi í landamerkjabréfum staðfesti öðru fremur að um eignarland væri að ræða, eins og haldið sé fram af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis. Fremur virðist þetta misræmi staðfesta að óvissa hafi verið uppi um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem um ræði, á milli Efri-Hrútár og Efri-Launár. Landamerkjabréf Gíslastaða og Gíslastaðagerðis frá 12. maí 1884 og Gíslastaða frá 4. júní 1884 hafi ekki verið samþykkt af hálfu Áreyja en síðar tilkomið landamerkjabréf Áreyja, frá 5. september 1885, sé hins vegar samþykkt fyrir hönd Vallaneshrepps og eigenda Gíslastaða, þar á meðal hvað varði merkin beint úr Hjálpleysvarpi í Fagradalsá, þrátt fyrir athugasemd um að afréttarlandið á Fagradal yrði áfram notað á sama hátt frjálst og átölulaust, eins og hefði verið.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að ekki sé ágreiningur af hálfu þess um að Áreyjar eigi land að suðurmörkum kröfusvæðisins. Heimildir séu hins vegar ekki samhljóða um hvort þau mörk eigi að miðast við Efri-Hrútá, eins og heimildir um Gíslastaði og Gíslastaðagerði bendi til, eða við línu sem dregin sé beina stefnu af Hjálpleysuvarpi þangað sem vötnum halli á Fagradal í Fagradalsá, eins og virðist leiða af landamerkjabréfi Áreyja.

### *6.1.3 Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.* sé fyrst og fremst miðað við lýsingar í landamerkjabréfum Þuríðarstaða í Eyvindarárdal, Fjarðar í Mjóafirði, Eskifjarðarsels, Kollaleiru og Áreyja í Reyðarfirði, Útnyrðingsstaða, Keldhóla, Eyjólfstaða og Beinárgerðis, Gíslastaða og Gíslastaðagerðis, Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði og Stóra-Sandfells á Völlum og Eyrarteigs og Arnhólsstaða í Skriðdal, en framangreindar jarðir séu umhverfis kröfusvæðið. Jafnframt sé litið til þess að í máldaga Vallaneskirkju sé fjallað um að kirkjan eigi afréttarland í Fagradal og undir Skagafelli, sem og selför að Tunguseli í Eyvindardal. Sé þessi lýsing virt í samhengi við fyrrgreind landamerkjabréf, sem séu mörg hver árituð vegna Vallaness, megi álykta að landsvæðið innan fyrrgreindrar kröfulínu sé afréttarland Vallaneskirkju.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að af fyrirliggjandi heimildum verði ekki ráðið að kallað hafi verið til beinna eignarréttinda yfir kröfusvæðinu eða landsvæðum innan þess, en ljóst sé að kröfusvæðisins sé aðeins getið í tengslum við takmarkaða nýtingu. Þá sé kröfusvæðisins aðallega getið í heimildum um Vallanes á Völlum. Í biskupsvísitasíu fyrir kirkjuna að Vallanesi frá 9. ágúst 1641 segi meðal annars að kirkjan eigi afrétt í Fagradal og undir Skagfelli, og selför að Tunguseli í Eyvindarárdal sem kallist nú Tungudalur. Vísað sé með sambærilegum hætti til réttinda eða ítaka kirkjunnar á kröfusvæðinu í síðari heimildum, m.a. í skýrslu sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi, dags. 18. júní 1839, lögfestu Guttorms Pálssonar fyrir heimalandi Vallaness frá 14. maí 1840, biskupsvísitasíu Vallaneskirkju frá 29. júlí 1850 og skýrslu sr. Einars Hjörleifssonar frá 1854 um tekjur og útgjöld Vallanesprestakalls. Fyrrnefndri lögfestu frá 14. maí 1840 hafi verið mótmælt varðandi Tungudal, sem væri almenningseign. Einnig er bent á lögfestu vegna almenningseignar í Tungudal frá 8. júlí 1844 en þann dag hafi aftur verið þinglesin fyrrnefnd lögfesta sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi frá 14. maí 1840. Frekari heimildir liggi jafnframt fyrir um þennan ágreining um réttindi á Tungudal eða til Tungusels í Eyvindarárdal.

Í greinargerð ríkisins segir að í svari oddvita Eiðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afréttir, mörk þeirra og upprekstrarrétt frá 24. nóvember 1989 sé fjallað um afrétt sem nefnist Tungudalur í Dalaafrétti og mörk hans. Í bréfinu komi fram að allharðar deilur hafi staðið yfir milli Eiðahrepps annars vegar og Vallahrepps hins vegar um til hvors sveitarfélagsins afrétturinn ætti að teljast. Oddvitinn segi í bréfinu að viðurkennt sé að Tungudalur teljist til Vallahrepps en hafi um leið lagt áherslu á að ekki yrði hróflað við afnotarétti bænda í Eiðaþinghá af Tungudal. Oddviti Vallahrepps hafi svarað sömu fyrirspurn með bréfi dagsettu 27. apríl 1989. Þar sé m.a. fjallað um afréttinn Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal fyrir bændur austan Grímsár og afmörkun hans.

### *6.1.4 Oddsdalur*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Oddsdalur* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfum Seldals vestan við kröfusvæðið og Skuggahlíðar að austan.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að þar sem misræmis hafi gætt hafi ríkið aðlagað kröfulínu sína á korti að kröfulínu gagnaðila, eigenda Skorrastaða I–III. Að mati ríkisins hafi misræmið stafað af því að textalýsing gagnaðila sé nákvæmari en textalýsing kröfu ríkisins, sbr. punktar gagnaðila í Hengifossi og í Geithúsará þar sem hún falli í Hengifossá, en ljóst sé að aðilar miði kröfugerð sína við sömu heimildir. Að mati ríkisins rúmist aðlagaðar kröfulínur á korti innan óbreyttrar textalýsingar kröfu ríkisins.

Af hálfu ríkisins er á því byggt að fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að Skorrastaðir hafi á síðari tímum kallað til réttinda á Oddsdal. Hins vegar sé Oddsdals ekki getið í elstu heimildum um Skorrastaði eða kirkjuna að Skorrastöðum, þar sem taldar séu eignir og ítök kirkjunnar, sem og ýmis önnur réttindi í Norðfirði og víðar. Um það atriði vísist til Vilchinsmáldaga fyrir Skorrastaðakirkju frá um 1397, máldaga frá 1570, vísitasíu frá 12. ágúst 1645 og aðrar sambærilegar síðari heimildir. Oddsdals virðist fyrst getið í prófastsvísitasíu fyrir Skorrastað frá 23. ágúst 1818 þar sem fram komi sömu upplýsingar og í fyrri heimildum, en þar segi jafnframt að kirkjan eigi „Oddsdal allann“. Eftir þetta sé Oddsdals ýmist getið eða ekki getið í heimildum um Skorrastaði og tengdar jarðir, en að því leyti sem dalsins sé getið sé það ávallt í tengslum við afréttarnot og á þann hátt að fleiri en Skorrastaðir hafi notið réttinda á Oddsdal. Um það atriði vísist til skjals sr. Benedikts Þorsteinssonar á Skorrasstað frá 3. júní 1824, og skýrslu hans frá 1. júní 1839, þar sem vísað sé til Oddsdals sem afréttarpláss fyrir bændur í Norðfirði. Jafnframt sé vísað til Oddsdals sem afréttarlands fyrir Skorrastað og nokkurra annarra nábúa í áliti J. Jónssonar og B. Stefánssonar um prestssetrið Skorrastað frá 13. nóvember 1854. Þá komi fram í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 að jörðin Skorrastaður eigi gott upprekstrarland í Oddsdal. Í ódagsettu landamerkjabréfi vegna Skorrastaða frá 1938 sé merkjum lýst á milli annars vegar Skuggahlíðar og Oddsdals og hins vegar Oddsdals og Seldals, og þess getið að Oddsdalur sé afréttarland frá Skorrastað.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að í landamerkjaskrá Skorrastaðar frá 1890 sé að finna lýsingar á landamerkjum margra jarða í Norðfirði sem hafi verið kirkjujarðir Skorrastaðar, en lýsingarnar séu dagsettar 4.–14. júlí 1890. Þar sé landamerkjum Seldals og Skuggahlíðar m.a. lýst. Ekki sé minnst á Oddsdal í landamerkjaskránni og ekki verði annað séð en að aðliggjandi merkjum sé þar lýst þannig að Oddsdalur myndi sérstakt afmarkað en ótilgreint svæði.

## 6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins

Hér verður gerð grein fyrir sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum þar sem sami lögmaður gætir hagsmuna vegna margra jarða er fyrst getið sameiginlegra

sjónarmiða vegna viðkomandi jarða en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru svo gerð skil í undirköflum, eftir því sem við á.

### *6.2.1 Hátúnatorfa á Völlum (Tunghagi, Arnkelsgerði, Ásgarður og Grófargerði), Gíslastaðir og Gíslastaðagerði á Völlum og Skorrastaður í Norðfirði*

Hér verður gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur jarðanna Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs, Grófargerðis, Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum og Skorrastaðar í Norðfirði en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Framangreindir gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að land sem kröfulýsingar þeirra taki til séu eignarlönd, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, og því beri að fallast á kröfur þar um. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* segi að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Ekkert bendi til að ágreiningssvæðin, sem eftir atvikum sé vísað til sem afrétta, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðanna. Þá liggi ekki fyrir að svæðin hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttir. Réttarreglur Grágásar um afréttir hafi átt við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt sé að líta á þær reglur sem sameignarreglur fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogi geri í ritgerðinni *Almenningar og afréttir*, að afrétt sé beitarréttur en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hafi óbyggðanefnd hafnað. Afrétt vísi fyrst og fremst til þeirra nota að unnt hafi verið að halda fé frá byggðasvæði. Það hafi verið sérstaklega mikilvægt á tíma fráfæra, þegar reka hafi þurft lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau verið nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkist því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir og vísi afréttaörnefni á Austurlandi til slíkra nota og aðstæðna.[1013]

Af hálfu gagnaðila ríkisins er tekið fram að ekki verði fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hafi einhver líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafi ávallt verið úrskurðuð eignarlönd, hafi komið fram þjóðlendukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á séu t.d. úrskurðir óbyggðanefndar í málum 5/2001, Bær í Lóni, nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals og nr. 1/2009, Þorvaldsdalsafrétt. Til hliðsjónar og samanburðar verði þó sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur. Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendi allt til þess að landið hafi verið numið, enda séu mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem séu og hafi alla tíð verið greinileg af láglendi. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar verði taldar styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda sé það ekki fjarri byggð. Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent

1013 Sjá nánari umfjöllun um málatilbúnað gagnaðila ríkisins hvað varðar stöðu afrétta í skjali nr. 15.

eða gróðursnautt land sé þegar sýnt hafi verið fram á að land sé innan upphaflegs landnáms og lýsingar í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hafi verið tekið af óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Byggt er á því að land jarðanna, eins og því hafi verið lýst, hafi verið innan landnámssvæða og því er mótmælt að takmarkaðar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa. Þá er vísað til 2. og 3. kap. Landabrigðisþáttar Grágásar og 6. kap. Landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja en undanþágur hafi verið frá merkjagöngu þar sem séu fjöll þau er vatnsföll deilist á millum héraða. Sýni það vel hugmyndir og endurspegli stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga með lögum nr. 5/1882, og síðar með lögum nr. 41/1919, hafi verið kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú, í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verði ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur landeigenda séu byggðar á eignarheimildum sem grundvallist á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komi landeigendum því á óvart þar sem þeir hafi athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu. Samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli því á íslenska ríkinu.

Landeigendur telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda njóti verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafi í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðanna væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfulýsingu ríkisins aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Málsmeðferð þjóðlendumála lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væri að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinna jarða, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum sem sanni beinan eignarrétt þeirra.

Um lagarök er af hálfu landeigenda vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998, meginreglna í eignarrétti og eignarnámsákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar, jafnræðisreglu hennar, meginreglna um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki, laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglu, jafnræðisreglu og rannsóknarreglu, laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

*6.2.1.1 Hátúnatorfa á Völlum (Tunghagi, Arnkelsgerði, Ásgarður, Grófargerði)*

Af hálfu eigenda jarðanna Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Grófargerðis er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á gildandi landamerkjalýsingu Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði, dags. 14. júní 1884. Eftir gerð landamerkjalýsingarinnar hafi farið fram á landskipti 1. júlí 1922. Grófargerði hafi þar verið útskipt sem séreignarlandi en tilgreint að jörðin ætti tiltölulegan hlut af afréttarlandi jarðanna, þ.e. Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis. Þá hafi nýbýlið Ásgarður verið stofnað árið 1937 á grunni 5/8 eignarhluta jarðarinnar Tunghaga.

Af hálfu framangreindra eigenda er byggt á því að kröfusvæði íslenska ríkisins nái til óskipts lands jarða úr Tunghagatorfu en landamerkjabréf Tunghagajarðanna falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildarskjöl. Nýting hluta lands Tunghaga sem afréttar hvíli á beinum eignarrétti eigenda Tunghaga á landinu og beri þess merki, þ.m.t. sú umfjöllun sem komi fram í sóknarlýsingu frá 1840. Lýsingum allra skjala sem fyrir liggi beri að sama brunni að um eignarland Tunghagajarðanna sé að ræða. Í þeim endurspeglist í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi, þar sem merki miðist jafnan við vatnaskil sem á Hjálpleysudal fylgi greinilegri fjallsbrún, séð úr dalnum. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og engar heimildir um samnotaafrétti. Gera megi ráð fyrir að víðtækari not hafi verið á svæðinu en venjuleg beitarnot, til dæmis skógarhögg.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að Hjálpleysudalur sé í raun láglendur en girtur nokkuð bröttum fjöllum. Um Hjálpleysudal (Skriðdalsmegin) renni Gilsá, sem einnig sé nefnd Lambavallaá ofan Hjálpleysuvatns að Hjálpleysuvarpi í landamerkjabréfi Tunghaga 1881. Örnefnið Hjálpleysa vísi í raun til fjallvegarins/heiðarinnar, sem hafi verið alfaraleið milli Skriðdals og Reyðarfjarðar til forna. Reyðarfjarðarmegin sé einnig Hjálpleysudalur og þar renni Hjálpleysuá um dalinn og í Fagradalsá. Vatnsfallið Skriðdalsmegin hafi aldrei verið nefnt Hjálpleysuá, heldur fyrst og fremst Gilsá. Allar líkur séu á að Hjálpleysuörnefni dalanna beggja megin Hjálpleysu hafi fests á dalina vegna umferðar um heiðina.

Byggt er á því að samhengi jarðaskipulags á Völlum og aðliggjandi svæðum verði að rekja frá landnámi en skýrt sé að allt land upp með Gilsá á Hjálpleysuvarp hafi verið

numið. Þá hafi landnámið náð upp með Eyvindará, en vatnsfallið fái nú það nafn þar sem árnar úr Slenjudal, Tungudal og Svínadal komi saman. Landnámsafmörkunin sé nokkuð skýr og ljóst að jarðir á Völlum hafi átt land á Fagradal og yfir Fagradal á Skagafell. Efsta jörð á Völlum hafi verið Tunghagi og hafi Gilsáin í Hjálpleysudal, Skriðdalsmegin, verið landnámsmörk, sóknarmörk og hluti lands jarðarinnar Tunghaga. Arnkelsgerði og Grófargerði séu eflaust fornar hjáleigur og taldar sem slíkar langt fram á 19. öld. Allar heimildir og staðhættir beri um að Hjálpleysudalurinn, Skriðdalsmegin, sé hluti Tunghaga. Þá sé með engu móti rökrétt að land í dalnum sitt hvoru megin Gilsár hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, sbr. landamerkjabréf Stóra-Sandfells.

Þá segir í greinargerð landeigenda að í 14. tl. greinargerðar ríkisins komi fram grundvallarmisskilningur. Engar heimildir séu um að nokkur önnur jörð en Tunghagi eigi Hjálpleysudal, Skriðdalsmegin, á móti Stóra-Sandfelli. Misskilningur ríkisins felist í því að umfjöllun um Hallormsstað varði Hjálpleysudal Reyðarfjarðarmegin. Tekið sé fram að vísun í Hjálpleysudal hálfan þurfi ekki að varða bakkann öðru megin, heldur geti „hálfan Hjálpleysudal til þess vötnum hallar“ mögulega átt við að allur Hjálpleysudalurinn Reyðarfjarðmegin falli undir Áreyjar í Reyðarfirði, en ekki hlutinn Skriðdalsmegin, sem sé hluti Stóra-Sandfells og Tunghaga. Áréttað sé að engar heimildir um Hallormsstað fjalli um Hjálpleysudal, nema þar sem fjallað sé um land Áreyja. Í vísitasíu 1677 komi þetta samhengi skýrt fram, enda umfjöllun um hálfan Hjálpleysudal í sömu málsgrein og annað um Áreyjar.

Í greinargerð landeigenda er jafnframt tekið fram að í 15. tl. greinargerðar ríkisins sé því haldið fram að ekki liggi fyrir eldri heimildir en landamerkjabréf frá 1884 um að Hjálpleysudalur, Skriðdalsmegin, á móts við land Stóra-Sandfells, sé ekki hluti Tunghaga. Þetta sé rangt en sóknarlýsing Vallanessóknar frá 1840 vísi til þess að svæðið sé hluti Tunghaga. Þá megi í þessu tilviki einnig líta til landnámslýsingar en Gilsáin sé nefnd og þekkt. Lönd jarða innan landnámsins hafi eðli máls samkvæmt náð í upptök Gilsár sem séu í raun skýr og augljós á Hjálpleysuvarpi. Þá komi í 16. tl. greinargerðar ríkisins fram villandi tilvísun í gögn málsins. Ákvæði lýsingarinnar um að svæðið falli undir „jörð þess“ vísi sannarlega til Tunghaga. Skilja megi texta greinargerðar ríkisins að svæðið falli undir Vallanes, sem sé af og frá. Lýsing sóknarlýsingarinnar beri um að svæðið sé hluti Tunghaga og eins sé vísað til afréttarlandsins í fasteignamati 1804.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að í kröfulýsingu ríkisins komi engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Tunghaga með fyrrum hjáleigum. Í kröfulýsingunni sé texti landamerkjabréfs ekki tekinn rétt upp, en misritað sé að landamerki liggi um Lambavallaá inn á „Hjálpleysuvatn“. Þar eigi að standa Hjálpleysuvarp. Í kaflanum sé nefnt að samkvæmt landskiptum vegna Grófargerðis árið 1923 sé vísað til hluta lands jarðar sem afréttar. Slík ábending feli ekki í sér málsástæðu eða skýringu af hálfu ríkisins á því af hverju landið sem liggi innan landamerkja jarðarinnar eigi ekki teljast eignarland. Af hálfu landeigenda er hvers kyns lagasjónarmiðum hafnað sem snúi að því að landskipti

á Grófargerði árið 1923, sem gerð hafi verið á grundvelli eignarréttarlegra heimilda eigenda Tunghagajarðanna til að skipta út séreignarlandi úr óskiptu, hafi rýrt eða takmarkað eignarréttarlega stöðu heildarlands Tunghaga.

*6.2.1.2 Gíslastaðir og Gíslastaðagerði á Völlum*

Af hálfu eigenda jarðanna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á landamerkjalýsingu Gíslastaðagerðis, dags. 12. maí 1884, og landamerkjalýsingu Gíslastaða, dags. 4. júní 1884. Þá sé gerð grein fyrir skiptingu lands milli jarðanna og óskiptu landi, en í Gíslastaðabréfinu sé skiptu landi lýst lengra til Fagradals. Þá hafi á 20. öld verið gerðar breytingar á landi milli jarðanna á láglendi Vallamegin.

Í greinargerð gagnaðila vegna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum er fjallað um afmörkun kröfusvæðis ríkisins og breytingar sem gerðar hafi verið á því, sbr. 18.–19. tl. í greinargerð ríkisins. Tekið er fram af hálfu gagnaðila að eftir gerð upphaflegrar kröfulýsingar ríkisins hafi vatnaskil verið greind á Hálsinum milli Fagradals og Valla. Eftir greininguna hafi kröfulýsingu ríkisins verið gjörbreytt og kröfusvæðið samkvæmt texta aðlagað að upphaflegu kröfulínukorti. Íslenska ríkið hafi þannig aukið stórkostlega við kröfur sínar frá upphaflegri kröfugerð og það þótt út frá kröfulínukortum komi það fram eins og dregið hafi verið lítillega úr kröfum. Landeigendur mótmæli því að skilyrði sé til þess að aukning kröfugerðar ríkisins, norður fyrir vatnasvið Efri-Launár og Hrútár, komist að í málinu, sbr. 6. mgr. 10. gr. laga 58/1998. Kröfugerð ríkisins geti ekki náð til vatnasviðs Köldukvíslar og vegna þessa geti óbyggðanefnd ekki tekið aukningu á kröfum íslenska ríkisins til meðferðar.

Byggt er á því að samhengi jarðaskipulags á Völlum og aðliggjandi svæðum verði að rekja frá landnámi en skýrt sé að allt land upp með Gilsá á Hjálpleysuvarp hafi verið numið. Þá hafi landnámið náð upp með Eyvindará, en vatnsfallið fái nú það nafn þar sem árnar úr Slenjudal, Tungudal og Svínadal komi saman. Landnám á Völlum hafi verið skýrlega afmarkað upp með Gilsá og upp með Eyvindará og umrætt svæði sé bersýnilega innan þeirrar afmörkunar. Landnámsafmörkunin sé sérstaklega skýr og ljóst að jarðir á Völlum hafi átt land á Fagradal og yfir Fagradal á Skagafell.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að landamerkjabréf Gíslastaða lýsi merkjum á Fagradal milli Efri Launár og Efri Hrútár. Undir landamerkjabréf Gíslastaða sé skrifað samþykki umboðsmanns Vallanesseigna. Skýrist sú staðfesting af því að Vallanes hafi átt afréttarítak í landi Áreyja utan við Hrútá og út að svokallaðri Afréttará. Óljóst sé hvaða á sé þar átt við, en þar geti verið um að ræða vatnsfall sem renni í Fagradalsá, við Neðri Hrútá, eða nokkuð nær botni Reyðarfjarðar. Landamerkjabréf Áreyja sé dags. 5. september 1885 og hafi jörðin verið kirkjujörð Hallormsstaðakirkju og heyrt þá undir Þingmúlaprest. Í kjölfar merkjalýsinga gagnvart jörðum á Héraði komi fram sú lýsing að innan landamerkja liggi ítök er bréfið greini, þ.e. að Vallaneskirkja eigi afrétt á Fagradal frá Hrútá til Afréttarár og að Gíslastaðir á Völlum eigi afrétt á Fagradal milli

Hrútár og Launár. Prestur í Þingmúla skrifi undir lýsinguna og af uppskrift bréfsins í landamerkjabók megi ráða að hluti af undirritunum á bréfið hafi verið gerð á frumrit bréfsins en aðrar undirritanir virðist koma fram á öðrum skjölum. Við samanburð á landamerkjabréfi Gíslastaða og Áreyja sé ljóst að landið milli Hrútár og Neðri Launár sé talið innan merkja Gíslastaða en einnig innan lands Áreyja, m.v. umfjöllun um afréttarítök. Miðað við Áreyjalýsinguna eigi Gíslastaðir því einungis land að Fagradalsá milli Efri Launár og Neðri Launár, en það sé nokkurn veginn við Neðri Launá sem vatnaskil á Fagradal séu í dag. Þetta misræmi í landamerkjabréfunum staðfesti öðru fremur að um eignarland sé að ræða, þ.m.t. sú staða að ítök hafi stofnast á svæðinu. Það geti talist rökrétt að Vallaneskirkja hafi eignast afréttarítak úr kirkjujörð Hallormsstaðakirkju, Áreyjum. Hins vegar sé slík ítakastofnun óvenjuleg vegna jarðarinnar Gíslastaða sem eigi land á Fagradal, þ.e. að jörð í einkaeign hafi fengið afréttarítak úr kirkjujörðinni Áreyjum, til viðbótar því landi sem Gíslastaðir hafi þegar átt á Fagradal. Landeigendur telji að véfengja megi gildi landamerkjabréfs Áreyja hvað varði staðfestingu á því að eigendur Gíslastaða hafi samþykkt að Hrútá réði ekki merkjum á Fagradal.

Að mati landeigenda séu allar líkur á því að framangreind Afréttará hafi vísað til Hjálpleysuár í Hjálpleysudal, Reyðarfjarðarmegin. Það samræmist líka vel eldri og yngri heimildum, þ.e. biskupsvistasíu frá 1641 þar sem mörk Áreyja hafi verið tilgreind hálfur Hjálpleysudalur, og líka lýsingu Áreyja í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, III. bindi, bls. 165, en þar segi: „Hrútabotnastykki heitir efsta spildan í landareign ofan við Hrútá og niður á Fagradalinn en hlíðar og fjöll frá Hrútá niður að Hjálpleysuá, Afrétt". Tekið er fram af hálfu landeigenda að þessar lýsingar rýri í engu eignarréttarlega stöðu landsins. Biskupsvisitasían frá 1641 vísi í raun til þess að Áreyjaábúandi hafi einungis fengið byggingarráð að Áreyjum að hálfum Hjálpleysudal og sú lýsing hafi legið fyrir hjá Hallormsstaðakirkju. Þar fyrir ofan hafi verið afrétt sem Áreyjabóndi hafi án efa nýtt, en jafnframt hafi Vallanes átt þar afrétt frá fornu fari. Það sé afstaða landeigenda að ósamræmi milli landamerkjabréfa Áreyja og Gíslastaða beri um að svæðið sé undirorpið beinum eignarrétti. Engar heimildir séu um að aðrir, t.d. aðilar sem gæti almenningshagsmuna, hafi véfengt eignarréttarlega stöðu svæðisins, s.s. hreppar varðandi stöðu svæðis sem mögulegs samnotaafréttar eða Vallanes, sem hafi haft afréttarítak á svæðinu. Nýting hluta lands Gíslastaðajarða sem afréttar hvíli á beinum eignarrétti eigenda jarðanna á landinu og beri þess merki, þ.m.t. umfjöllun sem komi fram í sóknarlýsingu Vallaness.

Að mati landeigenda beri landamerkjaskrár fyrir Gíslastaði og Gíslastaðagerði um ákveðna óvissu um skiptingu lands þeirra á milli á Fagradal, en útmörk Gíslastaðajarðarinnar að innan og utan séu skýr. Eðlilegt sé að óskýrleiki hafi verið um mörk hjáleigu gagnvart höfuðbýli, þegar komið hafi verið út fyrir engjamörk og haga búsmala, enda liggi ekki fyrir að formleg landskipti hafi átt sér stað milli jarðanna þegar landamerkjabréf hafi verið gerð. Landamerkjaskrá Gíslastaða sé dagsett 4. júní 1884 og þar sé landamerkjum lýst auk þess sem vísað sé til óskipts afréttarlands á norðanverðum

Fagradal milli Efri-Launár og Efri-Hrútár. Mikilvægt sé að hafa í huga að eigendur Gíslastaða hafi fengið landamerkjabréfið undirritað af prestinum í Vallanesi, enda hafi verið byggt á því að Vallanes ætti afréttina fyrir neðan Hrútá, þ.e. Efri Hrútá. Í landamerkjaskrá fyrir Gíslastaðagerði sé skýr lýsing á merkjum að utan gagnvart Eyjólfsstöðum og Úlfsstöðum. Lýsingin að innan taki hins vegar til skiptingar gagnvart Gíslastöðum og beri hún um að mörk hjáleigunnar hafi ekki verið skýr. Líklegt sé að hjáleigan hafi í upphafi verið byggð með engjamerkjum og afmörkun haga fyrir búsmala, gagnvart Gíslastöðum. Í landamerkjabréfi Eyjólfsstaða frá 29. júní 1886 sé skýrari lýsing á innri merkjum Gíslastaðajarða. Upphaflegu jarðirnar á Völlum hafi allar átt land yfir Hálsinn og yfir á Fagradal og væri órökrétt að það ætti ekki við um Gíslastaði og land á Fagradal væri ekki undirorpið beinum eignarrétti, þ.m.t. það land sem kröfulýsing Áreyja nái til.

Af hálfu landeigenda er því mótmælt sem komi fram í 22. tl. greinargerðar ríkisins, þ.e. að ekki liggi fyrir eldri heimildir en landamerkjabréf Gíslastaðajarða sem bendi til að kröfusvæðið sé innan lands jarðanna. Um eldri heimildir er af hálfu landeigenda vísað til gagna um Eyjólfsstaði en í vitnisburði frá 14. maí 1583 sé vísað til þess að Eyjólfsstaðir „eigi allan fagradal, ofann ad launá“. Launá séu ennþá merki lands Gíslastaðajarða og Eyjólfsstaða. Lögfesta fyrir Eyjólfsstaði frá 17. apríl 1842 sé bein heimild um landeign Gíslastaðajarða á Fagradal.

Af hálfu landeigenda er fjallað um ástæðu þess að land skv. lögfestu fyrir Gíslastaðagerði frá 1845 og 1851 nái ekki lengra en upp í fjallshlíð Vallamegin en hjáleigan Úlfsstaðir frá Eyjólfsstöðum hafi ekki átt land upp á Aurinn, sbr. einnig síðara landamerkjabréf Úlfsstaða frá 2. júlí 1885. Lögfesta Gíslastaðagerðis hafi einungis varðað ágreining við Úlfsstaði og því hafi lýsingin ekki náð lengra. Eigandi Eyjólfsstaða hafði nýverið lögfest rétt merki um Launá og engin ágreiningur milli Gíslastaðajarða og Eyjólfsstaða um merkin á Aurnum og yfir á Fagradal. Lögfestur Gíslastaða hafi ekki komið fram í gögnum frá sýslumanni Suður-Múlasýslu.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að í kröfulýsingu ríkisins komi engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja jarðanna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis. Þar sé einungis fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og virðist þar skipta máli að land Gíslastaða og fyrrum hjáleigunnar Gíslstaðagerðis sé óskipt að nokkrum hluta. Af hálfu landeigenda er hvers kyns lagasjónarmiðum hafnað um að staða Gíslastaðagerðis sem hjáleigu úr landi Gíslastaða og að land jarðanna sé að nokkru leyti óskipt rýri eignarréttarlegt tilkall jarðanna til landsins. Lýsingar allra skjala sem fyrir liggi beri að sama brunni að um eignarland sé að ræða. Heimildirnar endurspegli í raun heildstætt skipulag jarða frá landnámi. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og engar heimildir séu um samnotaafrétti.

### *6.2.1.3 Skorrastaður í Norðfirði*

Af hálfu eigenda jarðarinnar Skorrastaðar er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á landamerkjalýsingu Skorrastaðar, dags. 14. júlí 1890, og landamerkjalýsingu þinglýstri 1938. Jafnframt sé litið til annarra eldri heimilda, s.s. landamerkja aðliggjandi jarða og lýsinga á Skorrastaðakirkjueign. Þá miðist afmörkunin við það land sem nú tilheyri Skorrastað 1–3, en sé þó að verulegu leyti skipt á grundvelli landskiptagerða milli jarðanna sem gerðar hafi verið á 20. öld. Þinglýst landamerkjalýsing Skorrastaðar frá 1890 sé ekki hefðbundin heildstæð landamerkjalýsing en skýrist þegar saga jarðarinnar og afstaða prests til kirkjujarða og hjáleigna Skorrastaðar sé skoðuð. Lýsingin birti í raun ystu merki Skorrastaðar, en sérstök svæði innan þessara útmerkja séu tilgreind. Einnig er af hálfu landeigenda vísað til landamerkjalýsinga jarða í fyrrum Helgustaðahreppi, Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarmegin fjalls, sem eigi land á eggjar gagnvart Norðfirði og eins Hellisfjarðarsels innst í Hellisfirði.

Af hálfu landeigenda er á því byggt að landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing *Landnámu* á upphaflegu landnámi Norðafjarðar sé skýr. Landnám Norðfjarðar feli í sér afdráttarlausa afmörkun á landnámi innan fjallahrings sem sé svo til allur bersýnilegur af láglendi. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti. Yfirráð Skorrastaðar markist af þessu.

Byggt er á því að landamerkjalýsingar jarðarinnar falli í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, en beri þess merki að Skorrastaður eigi landið á Oddsdal. Umfjöllun um Oddsdal verði að setja í samhengi við heildarumfang lands Skorrastaðar og kirkjujarða og breytingar þar á. Sýnt sé að prestar kirkjustaðar hafi haft veruleg yfirráð yfir nýtingu prestsjarðar og kirkjujarðar, enda hafi hagkvæmust not þeirra eigna verið grundvöllur að tekjum prests. Í víðtækum umráðum prests sem beneficator á kirkjustaðnum (beneficium) hafi þó falist að eignir hafi ekki mátt ganga undan staðnum, nema með samþykki biskups. Framangreind umfjöllun sé nauðsynleg til að setja landamerkjalýsingu Skorrastaðar samkvæmt biskupsvísitasíu frá 1645 í samhengi. Þar vísi fyrri hluti lýsingar sérstaklega til merkja gagnvart Skálateigi að innan og megi ætla að „Snarkijl“ sé að hluta Illakelda og Merkikelda sem nái að Grænahyl. Síðari landamerkjalýsingu megi skilja svo að land „staðarins“ hafi á þeim tíma verið afmarkað af Norðfjarðará, þar sem Starkíll sé (nú þar sem Merkikelda neðan Hofs falli í Grænahyl) og upp með Norðfjarðará að Berghyl. Í þessari fornu lýsingu, sem skrifuð hafi verið upp 1645, geti því falist að land Skorrastaðar hafi ekki legið yfir Norðfjarðará í upphafi. Hins vegar hafi Skorrastaður átt bæði jarðirnar Grænanes og Skuggahlíð og Skorrastað hafði verið fengið landið í fjallinu þeim megin ár, milli kirkjujarðanna tveggja. Í biskupsvistasíunni frá 1645 sé Seljadals getið sem sérstakrar landeignar Skorrastaðar en Oddsdalur hafi þá verið hluti af jörðinni Skuggahlíð. Þá hafi lönd Skuggahlíðar og Grænaness legið saman. Þessi svæði séu bæði tekin undir prestsetrið til búskapar á Skorrastað og hagsmuna hjáleigu- og kirkjujarðabænda. Í sögulegri

greinargerð Þjóðskjalasafns segi um biskupsvísitasíuna frá 1645 að sömu upplýsingar komi fram í biskupsvísitasíum frá 7. september 1706, 20. maí 1764 og 26. júlí 1850, prófastsvísitasíu frá 27. júní 1842 og texta í kirkjustól Skorrastaðarkirkju frá 1748. Það sé rétt hvað upptalningu á kirkjujörðum og landsvæðum varði, en ekki hvað varði landamerki Skorrastaðar en Skorrastaður eigi árið 1748 land sunnan Norðfjarðarár, sem tilheyrt hafi kirkjujörðum samkvæmt lýsingunni 1645.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að samkvæmt prófastsvisistasíu frá 1818 sé Oddsdals getið sérstaklega. Jafnframt sé þar lýsing á því landi sem Skorrastaður hafi fengið fyrir sunnan ána, milli Skuggahlíðar og Grænaness. Gögn og heimildir beri um að eignarréttarleg staða Oddsdals sé skýr með tilliti til allra aðstæðna og eignarhalds og ráðstafana Skorrastaðapresta. Sérstaklega megi nefna að Oddsdalur sé lítið landsvæði sem blasi við úr byggð og allt bendi til að það hafi verið eðlilegur hluti jarða og landa í Norðfirði frá landnámi og þróun síðari byggðar. Norðfjörður hafi verið þéttbýl sveit, en skort verulega upprekstrarland fyrir geldfé. Vegna þessarar stöðu hafi heimildir presta til eignaumsjónar verið nýttar til að leggja Oddsdal undir Skorrastað fyrir afréttarfé prests og ábúenda hjáleigna og kirkjujarða Skorrastaðar í skjóli eignarréttar kirkjunnar. Nýting hluta lands Skorrastaðar sem afréttar hvíli á beinum eignarrétti eigenda Skorrastaðar á landinu og beri þess merki. Það komi fram bæði hvað varði Seldal og Oddsdal, sbr. álitamál um hvort byggja mætti nýbýli í Seldal 1824 og í skýrslu sr. Benedikts Þorsteinssonar frá 1839. Dalirnir séu nýttir sem afréttir, en það beri ekki um að svæðin séu ekki háð beinum eignarrétti Skorrastaðar og reyndar séu heimildir um fjölbreytileg not svæðisins, s.s. slægjur o.fl. Á Oddsdal séu nú framræstar mýrar vegna túnræktar.

Vegna umfjöllunar í greinargerð ríkisins um landamerkjaskýrslu Skorrastaðar frá 1884 og 1890 er af hálfu landeigenda vísað til framangreindrar umfjöllunar um landamerkjabréfið. Ekki komi fram heildstæð lýsing á merkjum Skorrastaðar í heild, en útmerkjum jarðaheildarinnar sé lýst, sbr. lýsingu gagnvart jörðum í eigu annarra en Skorrastaðakirkju. Með afmörkun á árinu 1890 hafi lýsingin gagnvart Skálateigi verið kláruð, en jafnframt hafi þá verið tilgreind merki kirkjujarða gagnvart landi Skorrastaðar. Oddsdalur verði þannig afmarkað svæði milli Seldals, sem hafi þá fyrst orðið sérstök jörð, og Skuggahlíðar. Eignarréttarleg staða Oddsdals sem eignar Skorradalskirkju hafi ekki raskast við þessa lýsingu. Ónákvæmni lýsingarinnar um marga þætti hafi svo líklega verið tilefni til gerðar sérstaks landamerkjabréfs 1938.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að í kröfulýsingu ríkisins komi engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Skorrastaðar. Þar sé fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu, með vísun til landamerkja Seldals og Skuggahlíðar. Vegna þessa sé ítrekuð vísun til þeirrar aðferðar Skorrastaðaprests við gerð landamerkjaskráningar 1891, að hann hafi afmarkað útmerki jarðarinnar, en með afmörkun merkja Seldals og Skuggahlíðar hafi merki við Skorrastað í raun verið afmörkuð. Ljóst sé að innan kröfusvæðisins séu svæði sem nýtt hafi verið af eigendum Skorrastaðar eins og jarðareiganda hafi verið heimilt, t.a.m. hafi

þar verið slegin engi og eiganda kirkjujarðarinnar Skuggahlíðar heimilaður þar heyskapur.

### *6.2.2 Áreyjar í Reyðarfirði*

Af hálfu eiganda Áreyja í Reyðarfirði er kröfum og málsástæðum ríkisins mótmælt. Byggt er á því að svæðið sem gerð er krafa til vegna Áreyja sé innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Tekið er fram að landamerkjabréf Áreyja sé undirritað af öllum hluteigandi, líka fyrir hönd Gíslastaða. Í því sé fjallað um að Vallaneskirkja og Gíslastaðir hafi átt upprekstrarrétt í landi Áreyja. Allir hluteigandi skrifi upp á að um hafi verið að ræða beitarrétt (upprekstrarrétt). Sá réttur sé fallinn niður, sbr. lög nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum. Byggt er á því að á því svæði þar sem jörð landeiganda skarist eða mæti kröfugerð ríkisins telji hann að landamerki jarðarinnar liggi nokkurn veginn eins og sveitarfélagamörkin séu dregin á korti sem hafi fylgt kröfugerð ríkisins, þ.e.a.s. af Hjálpleysuvarpi og í punkt þar sem vötnum halli á Fagradal í Fagradalsá (eða sama áin sem renni í sitthvora áttina) frá sama upphafsstað í Fagradal og renni til norðurs. Sveitafélagamörkin hafi verið dregin eftir landamerkjalýsingu Áreyja. Landeigandi mótmæli því að kröfugerð ríkisins skuli ná allt suður að Efri-Hrútá.

Byggt er á því að í örnefnaskrám vegna Áreyja megi finna munnmæli sem staðfesti þau landamerki sem landeigandi telji vera rétt. Áreyjar séu innan Hólmasóknar en Gíslastaðir og Gíslastaðagerði séu það ekki. Í lýsingu Hallgríms prófasts frá 1843 segi að Hólmasókn nái þangað sem vötnum halli á Fagradal og að Hlaupafjallaöxl sé innan Hólmasóknar, norðan við Efri-Hrútá. Framangreind lýsing styðji kröfugerð landeiganda. Í örnefnaskrá Stefáns Eiríkssonar vegna Áreyja komi fram rétt lýsing á landamerkjum að mati landeiganda en þar komi fram að norður af Hlaupahjalla og Neðri-Launá séu vatnaskil þar sem landamerki milli Gíslastaða og Áreyja séu. Í örnefnaskrá Björns G. Eiríkssonar segi að landamerkin séu Áreyjamegin við Launá og að Fagradalsá greini á milli Áreyja og Seljateigs og Seljateigshjáleigu. Sé það í samræmi við kröfugerð landeiganda.

Byggt er á því að það hafi ekki áhrif á eignarréttarlega stöðu svæðisins að fram komi í landamerkjabréfi Áreyja að Vallaneskirkja eigi afrétt í Fagradal frá Hrútá til Afréttarár og að Gíslastaðir á Völlum eigi afrétt á Fagradal milli Hrútár og Launár. Það virðist hafa verið málvenja að nota orðið afrétt um svæði sem notuð hafi verið til sumarbeitar. Á því sé samkvæmt framangreindu byggt að orðið „afrétt“ geti hvort tveggja átt við um eignarland eða almenning/þjóðlendu. Landeigandi telji að íslenska ríkið geti ekki rökstutt kröfu sína með vísan til þess að hið umdeilda land hafi verið notað sem afrétt heldur verði að horfa til annarra gagna og staðreynda. Rökrétt sé að upptalning um afréttina í Áreyjalandi sé frá Áreyjum og upp til Héraðs. Það sé líklegt að þegar fólk á Vallanesi hafi rekið fé til sumarbeitar á Fagradal hafi það rekið féð í átt að Egilstöðum og yfir Egilsstaðahálsinn inn Eyvindarárdal því það hafi verið snjór á Ketilstaðaháls-

inum og Aurum langt fram á sumar. Líklega hafi því Kaldakvísl einnig verið kölluð Afréttará því Kvíslárdalurinn sem Kaldakvísl renni um sé erfiður yfirferðar og hafi verið gott aðhald þannig að fé rynni ekki til baka í heimahagana.

Af hálfu landeiganda eru gerðar athugasemdir við kröfugerð og röksemdir íslenska ríkisins. Tekið er fram að í greinargerð þess sé vísað til þess að horft sé til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu land hvað varði öll kröfusvæðin. Varðandi staðhætti vísi landeigandi til þess að það sé algengt að landamerki séu að vatnaskilum líkt og landeigandi fari fram á að landamerki verði miðuð við í þessu máli. Þá liggi hið umdeilda svæði nær Áreyjum en Gíslastöðum og Gíslastaðagerði og þar sé enginn fjallgarður sem skilji landið frá Áreyjum. Varðandi landnýtingu þá hafi fé verið beitt frá Áreyjum á landið þangað til að fé hafi verið skorið niður í Áreyjum í kringum árið 1990. Gróðurfarslega sé samfella í gróðri upp Fagradalinn en frá Gíslastöðum slitni gróðurþekjan í sundur. Afmörkun þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins styðjist aðallega við landamerkjabréf Gíslastaða og Gíslastaðagerðis en fram komi í kröfugerð íslenska ríkisins að hún styðjist jafnframt við landamerkjabréf Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis til vesturs, Eyjólfsstaða til norðurs og Áreyja í Reyðafirði til suðurs. Það sé ekkert að mati landeiganda í landamerkjabréfum Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði eða Eyjólfsstaða sem kveði á um að hið umdeilda svæði sé þjóðlenda þó vísað sé til óljóss réttar til afréttar. Landeigandi telji ljóst að með afrétt hafi verið átt við rétt til beitar fyrir búfénað, sá réttur hafi hvoru tveggja getað verið á eignarlandi eða almenningi og hafi notkun orðsins afrétt því enga þýðingu í þessu máli að mati landeiganda.

Landeigandi telji engin efnisleg sjónarmið koma fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins sem styðji kröfugerð þess annað en að misræmi sé milli landamerkjabréfa Gíslastaða og Gíslastaðagerðis frá 12. maí 1884 og 4. júní 1884 og landamerkjabréfs Áreyja frá 5. september 1885. Fram komi í greinargerð íslenska ríkisins að óvíst sé hvort miða eigi landamerki við Efri-Hrútár, eins og heimildir um Gíslastaði og Gíslastaðagerði bendi til, eða við línu sem dregin sé beina stefnu af Hjálpleysuvarpi þangað sem vötnum halli á Fagradal í Fagradalsá, eins og leiði af landamerkjabréfi Áreyja. Landeigandi bendi á að sá mikilvægi munur sé á landamerkjabréfum Gíslastaða og Gíslastaðagerðis annars vegar og Áreyja hins vegar að bréf Gíslastaða og Gíslastaðgerðis séu ekki undirrituð af hálfu Áreyja en landamerkjabréf Áreyja sé hins vegar samþykkt af hálfu Vallnahrepps og eiganda Gíslastaða.

Byggt er á því að sönnunarbyrðin um að ekki eigi að leggja landamerkjabréf landeiganda til grundvallar hvíli á íslenska ríkinu en samkvæmt landamerkjalögum hafi opinberum aðilum verið falið að fara yfir það hvort lýsingar á landamerkjabréfum væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Landeigandi telji því að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðarinnar Áreyja verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar.

Samandregið byggi landeigandi kröfugerð sína fyrst og fremst á landamerkjabréfi Áreyja sem allir hlutaðeigandi hafi skrifað upp á. Landamerkin hafi verið staðfest að stærstum hluta með dómi Hæstaréttar í máli nr. 611/2006. Jafnframt styrki önnur gögn og staðreyndir kröfugerð landeiganda.

Um lagarök vísar landeigandi til þess að land sem greinargerð hans taki til sé eignarland í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Þá er af hálfu landeiganda vísað til meginreglna eignarréttar og til eignarnámsákvæðis stjórnarskrárinnar og um málsmeðferð og sönnunarmat er vísað til laga meðferð einkamála nr. 91/1991. Vísað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 og eldri laga um landamerki, laga um hefð nr. 4/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978 ásamt eldri lögum um þinglýsingar, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglunnar, jafnræðisreglunnar og rannsóknarreglunnar, laga um afréttarmálefni og fjallaskil nr. 6/1986 og laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Um málskostnað er að lokum vísað til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129.–131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

# 7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

## 7.1 Inngangur

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirliggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

## 7.2 Almenn atriði

### *7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A, 8B, 10A, 10B og í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Þegar úrskurðað var um svæði 9A, 9B og 10C þótti hins vegar ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæðunum á undan. Nú hafa *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* að nýju verið uppfærðar með efni úr úrskurðum í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga um nýgengna dóma og álitaefni um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, lagagrundvöll málsmeðferðar samkvæmt því ákvæði og réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7.4 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

### *7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum*

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga voru kveðnir upp 17. október 2024. Hæstiréttur hefur ekki kveðið

upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem áður fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Frá því að framangreindir úrskurðir voru kveðnir upp hefur á hinn bóginn orðið ljóst að fjórir dómar Landsréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 7. júní 2024 munu ekki koma til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir, sbr. ákvarðanir Hæstaréttar 24. október 2024 nr. 2024-96, 2024-97, 2024-98 og 2024-99 þar sem beiðnum um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar var í öllum tilvikum hafnað. Um er að ræða dóma Landsréttar 7. júní 2024 í málum nr. 430/2022 (Hamraendar), 431/2022 (Stóru-Hnausar), 432/2022 (Miðvellir) og 433/2022 (Hellnar). Hins vegar liggur enn ekki fyrir hvort dómar Landsréttar 10. október 2024 í málum nr. 40/2023 (Stóra-Vatnshornsmúli) og 41/2023 (Jörfaafréttur), sem vörðuðu úrskurð óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár), komi til kasta Hæstaréttar og því verður ekki fjallað nánar um þá hér að sinni.

Framangreindir dómar Landsréttar í málum nr. 430–433/2022, sem fyrir liggur að eru endanlegir, vörðuðu allir úrskurð óbyggðanefndar frá 15. ágúst 2019 í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) um að landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls væri þjóðlenda. Í öllum málunum, sem höfðuð voru af eigendum fjögurra jarða sem töldu til réttinda á umræddu svæði, staðfesti Landsréttur niðurstöður óbyggðanefndar.

Meginágreiningsefnið í öllum málunum laut að túlkun á lýsingum í landamerkjabréfum viðkomandi jarða á merkjum þeirra til fjalla. Eigendur jarðanna byggðu á því að merki þeirra næðu upp á vatnaskil milli norðurs og suðurs á Snæfellsnesi, á Snæfellsjökli og austan hans, en íslenska ríkið byggði á því að draga ætti beinar línur á milli efstu merkjapunkta samkvæmt landamerkjabréfunum. Í úrskurði óbyggðanefndar var við túlkun landamerkjabréfanna m.a. litið til staðhátta og samanburðarskýringar á landamerkjabréfum jarða vestan og austan við ágreiningssvæði málsins. Efstu merkjapunktar til fjalla samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um voru tiltekin örnefni sem eru talsvert langt frá jöklinum og vatnaskilunum sem landeigendur byggðu á að miða bæri við. Mat nefndarinnar var að gögn málsins styddu ekki að merki jarðanna næðu lengra til fjalls en að umræddum örnefnum og þar sem merkjum milli efstu merkjapunkta væri ekki lýst væri eðlilegast, að teknu tilliti til staðhátta, að draga beinar línur þar á milli, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga, Prestsbakki og Prestsbakkakot). Í því sambandi var m.a. horft til þess að rannsókn nefndarinnar leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða vestan ágreiningssvæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í Snæfellsjökul eða örnefni við jökulrönd og í landamerkjabréfum austan svæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í vatnaskil. Það var ekki gert í landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um og því var orðalag þeirra talið mæla gegn því að merki jarðanna næðu að jöklinum eða vatnaskilum. Þá var jafnframt litið til þess að línur sem dregnar væru beint á milli efstu

merkjapunkta í landamerkjabréfum jarðanna væru á eða nærri frambrún fjallanna sem risu nokkuð skarpt upp frá láglendi þeirra, en þar fyrir ofan tæki við aflíðandi land upp að vatnaskilum og jöklinum. Staðhættir voru því taldir mæla með afmörkun íslenska ríkisins á landi jarðanna.

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar var, að virtum gögnum málanna, fallist á framangreindar röksemdir og niðurstöður óbyggðanefndar um túlkun á afmörkun jarðanna sem deilt var um.

Gagnaðilar ríkisins í öllum málunum byggðu einnig á því að íslenska ríkið hefði með fyrri athöfnum sínum í tengslum við ríkisjörðina Arnarstapa, sem liggur að ágreiningssvæði málanna, skapað öðrum landeigendum á svæðinu réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í úrskurði óbyggðanefndar var því hafnað með vísan til þess að þær athafnir sem vísað væri til, m.a. útleiga lóðar innan ágreiningssvæðisins til námurekstrar árið 1936, beindust ekki að öðrum landeigendum og væru því ekki til þess fallnar að skapa öðrum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í dómi Landsréttar í máli nr. 430/2022 var fallist á þá niðurstöðu nefndarinnar með svofelldum rökstuðningi:

> Þá hafa áfrýjendur vísað til þess að stefndi hafi um árabil farið með ríkisjörðina Arnarstapa eins og væri hún undirorpin eignarrétti ríkisins upp að vatnaskilum á því svæði sem það telji nú þjóðlendu. Þannig hafi umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði leigt út lóð til námurekstrar á Arnarstapa árið 1936 en leigusamningurinn var staðfestur fyrir hönd atvinnu- og samgöngumálaráðherra. Vikurnámur voru á jökulhálsinum suðaustan við Snæfellsjökul en námuvinnsla mun hafa lagst þar af um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Einnig liggur fyrir minnisblað Ríkiseigna 25. febrúar 2019 þar sem kemur fram að Arnarstapaland hafi verið í eigu stjórnvalda frá árinu 1556. Landamerkjalýsingar jarðarinnar frá 1887 á austur- og vesturmerkjum nái frá sjó og upp í fjallshlíðar en lýsi ekki hvernig mörkum sé háttað þar fyrir ofan. Segir í minnisblaðinu að litið sé svo á að landamerkjalínur jarðarinnar nái upp í jökulrætur. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur verið litið svo á að tilteknar athafnir ríkisins geti skapað ákveðnar væntingar hjá aðilum og haft þýðingu við úrlausn á eignarréttarlegri stöðu viðkomandi lands, sbr. dóma réttarins 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005, 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 og 28. september 2017 í málum nr. 93/2017 og 94/2017. Hér háttar á hinn bóginn svo til að þessar athafnir og yfirlýsingar íslenska ríkisins, sem eru tiltölulega nýtilkomnar, samrýmast ekki eldri heimildum og lutu auk þess einvörðungu að jörðinni Arnarstapa en beindust ekki að aðliggjandi jörðum. Verður því ekki fallist á það með áfrýjendum að þær hafi verið til þess fallnar að skapa öðrum landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins.

Sama eða sambærilegan rökstuðning um þetta atriði er að finna í hinum dómum Landsréttar sem hér eru til umfjöllunar. Í dómunum var staðfest túlkun óbyggðanefndar á dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á eignarréttarlega stöðu lands sem deilt er um á grundvelli þjóðlendulaga. Af þeim verður ráðið að svo til álita geti komi hvort tilteknar athafnir ríkisins hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu lands, þannig að þýðingu hafi við úrlausn þjóðlendumála, þá verði þær að hafa beinst að öðrum en ríkinu sjálfu eða jörðum í eigu þess. Af þeim verður einnig ráðið að athafnir eða yfirlýsingar ríkisins sem beinast að tiltekinni jörð

geti almennt ekki skapað eigendum annarra nærliggjandi jarða réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu þeirra. Athafnir og yfirlýsingar ríkisins verði að hafa beinst að tiltekinni jörð og eigendum hennar svo að til álita komi hvort þær hafi skapað viðkomandi eigendum síkar væntingar.

## 7.3 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[1014] Má í þessu sambandi t.d. vísa til dóms Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Eins og þar kemur fram greinir *Landnáma* frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagarfljót, allt Hérað til Unalækjar. Þar segir einnig að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi komið á land í Eskifirði en síðan numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan, og svo Vellina út til Eyvindarár þar sem hann hafi tekið mikið af landnámi Una. Þá hafi maður að nafni Ásröður fengið Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs, og henni hafi fylgt öll lönd milli Gilsár og Eyvindarár en þau hafi búið á Ketilsstöðum. *Landnáma* greinir einnig frá því að Ævar hinn gamli bróðir Brynjólfs hafi komið á land í Reyðarfirði en svo hafi Brynjólfur gefið honum Skriðdal allan fyrir ofan Gilsá og hann hafi búið á Arnaldsstöðum. Um landnám í Norðfirði segir að Egill hinn rauði hafi numið Norðfjörð og búið á Nesi.

Af framangreindum lýsingum í *Landnámu* og með hliðsjón af staðháttum þykja miklar líkur á að þjóðlendukröfusvæðin sem af hálfu íslenska ríkisins eru nefnd *Hjálpleysa* og *Gíslastaðir og Gerði* á Völlum og *Oddsdalur* í Norðfirði hafi verið numin, að minnsta kosti að mestu leyti. Hins vegar er meiri vafi um kröfusvæðið sem af hálfu ríkisins er nefnt *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.* Af framangreindum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort það svæði hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og upp til fjalla landnám hafi náð á þeim slóðum. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið að einhverju leyti.

[1014] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 7.4 Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals

Í þeim undirköflum sem hér fylgja á eftir verða þjóðlendukröfusvæði ríkisins, sem eru fjögur í þessu máli, tekin til skoðunar með aðgreindum hætti. Tilhögun þeirrar umfjöllunar er þannig að fyrst verður fjallað um þjóðlendukröfusvæðið sem í kröfugerð íslenska ríkisins er nefnt *Hjálpleysa* og næst um svæðið sem í kröfugerð þess er nefnt *Gíslastaðir og Gerði.* Þá verður fjallað um svæðið sem í kröfugerð ríkisins er nefnt *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.* og loks kröfusvæðið sem nefnt er *Oddsdalur*.

Fyrst verður fjallað um staðhætti einstakra þjóðlendukröfusvæða málsins og þá verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki kröfusvæðanna og aðliggjandi jarða. Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar svæðanna er rakin í 5. kafla hér að framan. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæða ríkisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða þau, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæðunum byggjast að mestu leyti á því að kröfusvæði ríkisins hafi aðra eignarréttarlega stöðu en heimaland þeirra jarða sem um ræðir þrátt fyrir að þeim sé lýst innan landamerkja viðkomandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, að nokkru eða öllu leyti. Á þjóðlendukröfusvæðinu sem af hálfu íslenska ríkisins er nefnt *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.,* sem er til umfjöllunar í kafla 7.4.3, eru ekki gerðar gagnkröfur og ríkið gerir því eitt kröfu til þess. Þar er vísað til þess af hálfu ríkisins að ekki verði ráðið af fyrirliggjandi heimildum að kallað hafi verið til beinna eignarréttinda yfir kröfusvæðinu eða landsvæðum innan þess. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna.[1015]

### *7.4.1 Hjálpleysa*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hjálpleysa.* Þjóðlendukröfusvæðið tekur til Hjálpleysudals norðaustan Gilsár og Lambavallaár en dalurinn er í fjallgarðinum milli Valla og Fagradals og skerst inn í hann milli Hattar og Sandfells. Kröfusvæðið afmarkast af Gilsá og Lambavallaá að vestanverðu, Hjálpleysuvarpi og fjallsbrúnum ofan Hjálpleysudals að sunnan- og austanverðu, og Kálfavallaá að norðanverðu.

---

[1015] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

Norðvestan svæðisins liggja óumdeild eignarlönd Grófargerðis, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Tunghaga[1016] en sameiginlegri kröfu er lýst vegna allra jarðanna. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna framangreindra jarða er gerð krafa til alls ágreiningssvæðisins en eigendur jarðanna byggja á því að svæðið sé óskipt land jarðanna og innan merkja þeirra samkvæmt landamerkjabréfi Tunghaga, ásamt Arnkelsgerði og Grófargerði, frá 1884 og sé eignarland á þeim grundvelli. Þá mun Ásgarður vera nýbýli frá Tunghaga, stofnað á fyrri hluta 20. aldar.

Óumdeilt eignarland Stóra-Sandfells liggur að vestan- og sunnanverðu þjóðlendukröfusvæðinu en ekki er uppi ágreiningur um merki jarðarinnar í málinu. Að norðaustanverðu liggur að ágreiningssvæðinu það þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Gíslastaðir og Gerði* en fjallað er um það í kafla 7.4.2. Innan þess ágreiningssvæðis eru gerðar kröfur vegna Áreyja í Reyðarfirði og Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum en eigendur þessara jarða gera ekki kröfur til ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Óumdeilt eignarland Gíslastaða liggur norðan og austan við óumdeild eignarlönd Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Grófargerðis og óumdeilt eignarland Áreyja í Reyðarfirði liggur að ágreiningssvæðinu sunnan- og austanverðu. Verður því fjallað um merki þessara jarða hér á eftir, samhengis vegna.

Ágreiningssvæðið er lægst í um 200 m hæð en rís hæst í rúmlega 1.200 m hæð á austurmörkum þess. Frá norðurmörkum svæðisins að suðurmörkum þess eru um 7 km í beinni loftlínu og um 2,5 km í beinni loftlínu eru frá austurmörkum til vesturmarka svæðisins þar sem það er breiðast. Frá bæjarstæðum þeirra jarða sem gera kröfu til ágreiningssvæðisins og að mörkum svæðisins sem næst þeim liggja eru á bilinu 2,5–6,5 km í beinni loftlínu.

Í kafla 7.4.1.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu en ekki er fyrir að fara heimildum sem varða merki þess sérstaklega. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist á því að því sé lýst sem sérstökum afrétti Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga við landskipti árið 1922. Ágreiningur aðila snýr því einkum að því hvort ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarðanna. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.1.2.

[1016] Í sumum eldri heimildum um jörðina er rithátturinn Tunguhagi jafnframt notaður.

### *7.4.1.1 Afmörkun*

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá þeim stað þar sem Kálfavallaá rennur í Gilsá og Gilsá síðan fylgt að Hjálpleysuvatni. Úr Hjálpleysuvatni er Lambavallaá fylgt inn á Hjálpleysuvarp. Að sunnan og austan afmarkast kröfusvæðið af fjallsbrúnum að upptökum Kálfavallaár og er ánni síðan fylgt að upphafspunkti. Við afmörkun á kröfulínu er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til landamerkjabréfs Tunghaga auk þess sem horft er til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Gíslastaði og Gíslastaðagerði á Völlum, Stóra-Sandfell á Völlum, Eyrarteig í Skriðdal og Áreyjar í Reyðarfirði. Þá segir ríkið jafnframt litið til þess að í landskiptum milli Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga sé landsvæðinu á Hjálpleysu lýst sem sérstökum afrétti þeirra jarða. Gagnaðilar byggja kröfu sína á því að allt landsvæðið sem lýst er í landamerkjabréfi Tunghaga sé háð beinum eignarrétti. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki framangreindra jarða.

Sem fyrr segir er sameiginleg krafa gerð vegna jarðanna Tunghaga, Ásgarðs, Arnkelsgerðis og Grófargerðis en bæjarstæði þeirra eru öll austan Grímsár á Völlum norðvestan kröfusvæðisins. Í landamerkjabréfi Tunghaga, með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði,[1017] frá 14. júní 1884 er merkjum lýst svo:

> Landamerkjalýsing
>
> jarðarinnar Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði: að utan ræður Stórilækur þar til hann fellur í Tunghagalæk, þá Tunghagalækur uns hann fellur í Grímsá.
>
> Að norðan og vestan Grímsá.
>
> Að framan Gilsá, að „Hjálpleysuvatni", og síðan „Lambavallaá" inn á „Hjálpleysuvarp".
>
> Að austan og sunnan: fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarp.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er tilgreint að merkjum Tunghaga hafi verið þinglýst með Arnkelsgerði og Grófargerði, land sé óskipt milli þessara jarða og enginn ágreiningur sé um það. Þá hafi jörðin upprekstrarland í félagi við áðurnefndar jarðir. Svipuð umfjöllun er um Arnkelsgerði þar sem segir að land sé óskipt milli jarðanna að undanteknu túni og engjum og að enginn innbyrðis ágreiningur sé um landamerkin. Þá segir að jörðin eigi nægt upprekstrarland á afrétti áföstum við land jarðarinnar. Í umfjöllun um Grófargerði er Hjálpleysu getið sem upprekstrarlands í sameign með jörðunum Arnkelsgerði og Tunghaga en þar segir: „Upprekstrarland hefir jörðin á Hjálpleysuafrétti sem er sameign þessara jarða."

Hinn 1. júlí 1922 fóru fram landskipti á hluta lands jarðanna Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis að beiðni eiganda Grófargerðis. Landskiptagerðin var þinglesin 3. júlí 1923 og þar segir:

[1017] Hér eftir verður vísað til þess sem landamerkjabréfs Tunghaga.

> Að utan ræður Miðgrófargrafningur frá Grímsá að merkjasteini sem er við Grafninginn. Úr merkjasteini í Klettinn í Lækjarholti. Þaðan beina línu í merkjavörðu við Stekkjalæk, þá Stekkjalækur upp í neðri brún á Stekkjabarða, þá barðabrúnirnar að Ytri Grófarlæk, þá lækurinn að varnargarði hinum forna, síðan garðurinn að Hátúnalæk, og þrjátíu föðmum framar, og þaðan í Vöð í forustulækjum, svo ynnri Svuntulækur til Fjallsbrúna, og Fjallsbrúnirnar að Kálfa Vallará, þá ræður nefnd á þar til hún fellur í Gilsá, síðan Gilsá í Grímsá að Miðgrófargrafningi.
>
> Grófargerði á tiltölulegann hluta af afréttu landi framangreindra jarða eftir núgildandi jarðamati. Eigendur og ábúendur Tunghaga og Arnkelsgerði hafa rétt til umferðar í gegnum land í Grófargerðis til að nota afréttarland sitt.
>
> Ábúandi Grófargerðis hefur rétt til að nota vatn til áveitu eins og verið hefur.
>
> Beitahús þau sem nú eru frá Arnkelsgerði mega standa óhögguð fyrir landaskiftum þessum, þó nær kunni að vera en forn lög mæla fyrir.

Framangreint ber með sér að við landskiptin hafi landi Grófargerðis verið skipt út úr heimalandi jarðanna þriggja. Í kjölfar merkjalýsingar útskipta landsvæðisins kemur svo fram að Grófargerði eigi tiltölulegan hluta af afréttarlandi jarðanna þriggja. Með hliðsjón af áðurnefndu landamerkjabréfi bendir lýsingin til þess að afréttarlandið sem vísað er til sé fyrir innan Kálfavallaá, sunnan við hið útskipta land Grófargerðis, og innan kröfusvæðis ríkisins á Hjálpleysu.

Sem fyrr segir eru ekki fyrir hendi heimildir sem varða merki ágreiningssvæðisins sérstaklega. Í ýmsum örnefnaskrám er þó fjallað um örnefni á svæðinu sunnan Kálfavallaár. Í örnefnaskrá um Grófargerði frá 1970 er fjallað um nokkur „örnefni í Afrétt, sem ekki eru talin í örnefnaskrá Arnkelsgerðis“ en einnig segir að örnefni á sameiginlegri afrétt séu talin með í örnefnaskrá fyrir Tunghaga og Arnkelsgerði. Þá segir að innst við Hjálpleysuvarp séu Lambavellir en eftir þeim renni Lambavallaá. Hún renni í Hjálpleysuvatn eftir þröngum farvegi er kallist Lambavallaþröng. Úr vatninu renni síðan Gilsá. Kálfavellir séu innar við Gilsá og nái að Kálfavallaá. Á Kálfavöllum séu hæðir, sem heiti Yztuhólar og Miðhólar en svo er tekið fram að Innstuhólar tilheyri „afrétt“. Í örnefnaskrá fyrir Arnkelsgerði, Tunghaga og Ásgarð frá 1970 segir að fyrir innan Kálfavallaá hafi verið „Afrétt“ og óskipt land, sem líka hafi tilheyrt og tilheyri Grófargerði og síðar eru talin upp örnefni sem sögð eru í „Afrétt í Hjálpleysu“. Þar er Hjálpleysuvarp „síðast og efst“.

Næst koma til skoðunar merki annarra aðliggjandi jarða.

Norðan ágreiningssvæðisins er svæði sem eigendur Gíslastaða og Gíslastaðagerðis gera tilkall til. Landamerkjabréf Gíslastaða frá 4. júní 1884 lýsir sunnanverðum merkjum um Stóralæk …

> … og upp um svokallaða grjótarbotna og suður um aurinn rétt fyrir utan Hött ynn og suður í Hrútárdrög og niður Hrúta að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrútárbotna ofan í Fagradalsá …

Þá er fjallað um óskipt afréttarland Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á norðanverðum Fagradal milli Efri-Launár og Efri-Hrútár. Bréfið er m.a. áritað vegna Tunghaga og Arnkelsgerðis.

Næsta jörð sunnan ágreiningssvæðisins er Stóra-Sandfell en landamerkjabréf jarðarinnar frá 9. júní 1884 greinir frá merkjum jarðarinnar að utan, þ.e. gagnvart ágreiningssvæðinu, um Gilsá[1018] inn á Hjálpleysuvarp. Landamerkjabréfið er m.a. áritað vegna Tunghaga, Grófargerðis og Arnkelsgerðis. Örnefnaskrá fyrir Stóra-Sandfell frá 1971 styður við framangreinda landamerkjalýsingu en þar segir að landamerki að utan séu Gilsá upp í Hjálpleysuvatn en Lambavallaá úr Hjálpleysuvarpi í Hjálpleysuvatn.

Jörðin Litla-Sandfell er næsta jörð sunnan Stóra-Sandfells en land jarðarinnar liggur ekki að ágreiningssvæðinu. Eyrarteigur er sunnan Litla-Sandfells og í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1883 eða 1884 er merkjum jarðarinnar m.a. lýst um Eyrarteigsá eftir því sem vötnum hallar frá Hallsteinsvarpi og um Þórisá frá uppptökum.[1019] Að austan ráði Hallsteinsvörp á Ófærudalsvörp eftir því sem vötnum hallar en Ófærudalur er næsti dalur sunnan Hjálpleysudals. Framangreindar landamerkjalýsingar Stóra-Sandfells og Eyrarteigs sýna að merkjum jarða á svæðinu virðist almennt lýst upp á vörp austan bæjarstæða sem styður við afmörkun gagnaðila ríkisins.

Austan ágreiningssvæðisins, suðaustan fjallgarðsins milli Valla og Fagradals, er jörðin Áreyjar í Reyðarfirði. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 5. september 1885 lýsir merkjum jarðarinnar að vestanverðu eftir vatnaskilum á Hjálpleysuvarpi og að norðan ræður stefna beint af varpinu og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. Merkjalýsingin kemur heim og saman við lýsingar í landamerkjabréfi Tunghaga og er bréfið m.a. áritað vegna Tunghaga.

Í fyrrgreindu landamerkjabréfi Tunghaga er merkjum að framan lýst um Gilsá að Hjálpleysuvatni og síðan þaðan um Lambavallaá inn á Hjálpleysuvarp. Þá er merkjum að sunnan og austan lýst um fjallsbrún suður á Hjálpleysuvarp. Landamerkjabréfið hefur því að geyma skýra lýsingu á heildarmerkjum sem tekur til alls ágreiningssvæðisins og af áritunum vegna aðliggjandi jarða má ráða að sátt hafi ríkt um merkin.

Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki jarða og staðhættir á svæðinu styðji afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins. Heimildir um landamerki aðliggjandi jarða styðja einnig þá niðurstöðu. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Tunghaga frá 1884.

### *7.4.1.2 Eignarréttarleg staða*

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* er greint frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagar-

[1018] Af gögnum málsins verður ráðið að áin hafi áður heitið Gilsá alveg frá Grímsá upp í Hjálpleysuvörp en í seinni tíð virðist sá hluti árinnar sem liggur ofan við Hjálpleysuvatn hafa verið kallaður Lambavallaá.

[1019] Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu er landamerkjabréfið er dagsett 26. júní 1884 en í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands er bent á að það hafi verið þinglesið 20. júní 1884. Því sé dagsetningin í landamerkjabókinni líklega misritun og líklegra sé að landamerkjabréfið sé frá 1883.

fljót, allt Hérað til Unalækjar. Þar segir einnig að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi komið á land í Eskifirði en síðan numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan, og svo Vellina út til Eyvindarár þar sem hann hafi tekið mikið af landnámi Una. Þá hafi maður að nafni Ásröður fengið Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs, og henni hafi fylgt öll lönd milli Gilsár og Eyvindarár en þau hafi búið á Ketilsstöðum.

Af þessum frásögnum *Landnámu* er ljóst að sá hluti landnáms Brynjólfs, sem Ásröður og Ásvör fengu síðar, hafi tekið til þess hluta Valla sem hér er til umfjöllunar. Þó verður að gera þann fyrirvara að landnámsmörk inn til lands eru ekki tiltekin og því ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust um nákvæma stærð landnámsins, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun lýsinganna eru þó að mati óbyggðanefndar miklar líkur á að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Að framan var komist að niðurstöðu um að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfi Tunghaga frá 1884. Íslenska ríkið byggir

fyrst og fremst á því að ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarðanna, þar sem þess sé getið sem afréttar jarðanna við landskipti 1922, og því er tilefni til að kanna það atriði nánar.

Í sóknarlýsingu fyrir Vallanessókn frá 1840 segir m.a. um jörðina Tunghaga að Arnkelsgerði og Grófargerði séu afbýli jarðarinnar, þ.e. hjáleigur, og að Hjálpleysudalur liggi hálfur undir jörðina. Þá segir í umfjöllun um upprekstur að ábúendur Tunghaga og undirliggjandi hjáleigna reki geldfé sitt í dalinn „so sem áfastan þeirra heimalöndum“. Hér er því fjallað um ágreiningssvæðið sem upprekstrarland Tunghaga og hjáleignanna, samliggjandi heimalandinu.

Í svari vegna Vallahrepps frá 15. febrúar 1920 við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919 um almenninga segir, í kjölfar umfjöllunar um afréttarland í óskiptri sameign milli Svínadalsár og Tungudalsár, að önnur svæði séu ekki í Vallahreppi sem ekki tilheyri sérstökum býlum.

Fyrir liggur að 1. júlí 1922 fóru fram landskipti milli Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis að beiðni eiganda síðastnefndu jarðarinnar en merkjalýsing í skiptagerðinni ber með sér að landi Grófargerðis hafi verið skipt út úr heimalandinu. Þá er fjallað um eign Grófargerðis á tiltölulegum hluta af afréttarlandi jarðanna auk umferðarréttar Arnkelsgerðis og Tunghaga í gegnum land Grófargerðis til að nota afréttarland sitt. Af framsetningu og orðalagi, og með hliðsjón af landamerkjabréfi Tunghaga má ráða að með afréttarlandi sé vísað til svæðisins á Hjálpleysu sunnan Kálfavallaár.

Hinn 8. október 1940 skrifaði sýslumaður þáverandi eiganda Tunghaga um framangreind landskipti þar sem hann greindi frá því að skiptin hefðu farið fram samkvæmt þágildandi landskiptalögum nr. 43/1913 og að eigendur Tunghaga hefðu aldrei samþykkt landskiptin. Í bréfinu segir að samkvæmt lögunum hefði verið heimilt að skipta sameignarlöndum ef einn sameigenda óskaði þess, þótt aðrir mótmæltu. Þó segi í 4. gr. laganna að eigandi sameignarlands sem sé óánægður með skiptin geti krafist yfirmats, en skiptum verði ekki breytt öðruvísi en með yfirmati. Sýslumaður sagði í framhaldinu að eigendur Tunghaga hefðu ekki farið fram á slíkt yfirmat og gætu varla krafist þess héðan af. Að lokum sagði sýslumaður að vildi eigandi jarðarinnar hefja málsókn til að reyna að fá landskiptunum rift, þá yrði slíkt að gerast áður en 20 ár væru liðin frá skiptunum. Að hans áliti væri ólíklegt að þeim fengist breytt nema það upplýstist að þau hefðu ekki farið fram samkvæmt lögum. Ekki liggja fyrir heimildir um að yfirmats hafi verið krafist eða um málsókn af þessu tilefni.

Í málinu liggur fyrir að Arnkelsgerði og Grófargerði voru hjáleigur Tunghaga samkvæmt landamerkjabréfi frá 1884. Heildarmerkjum Tunghaga og hjáleignanna er lýst í landamerkjabréfinu án þess að greint sé á milli lands þeirra innbyrðis eða gerð grein fyrir sérstöku beitilandi þeirra. Ekkert bendir til þess að eignarréttarleg staða lands innan merkja samkvæmt landamerkjabréfinu hafi breyst við það að landi Grófargerðis hafi verið skipt út úr óskiptu heimalandi árið 1922. Af heimildunum má ráða að ágreiningssvæðið hafi haldist í sameiginlegri eigu þrátt fyrir landskiptin og að land-

svæðið, sem virðist fyrst og fremst hafa verið nýtt til beitar, hafi áfram verið óskipt land jarðanna þriggja.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hverrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir er lagt til grundvallar að ágreiningssvæðið sé innan merkja Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis samkvæmt landamerkjabréfi frá 1884. Þar er heildarmerkjum lýst og ágreiningssvæðið er ekki sérstaklega aðskilið frá öðru landi sem lýsingin tekur til. Ekki er heldur gerður neinn greinarmunur á því landi sem er sunnan Kálfavallaár, og um er deilt í málinu, og landi norðan hennar, sem er óumdeilt eignarland. Að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu þessara svæða.

Í þessu samhengi er einnig tilefni til að horfa til aðliggjandi svæða en samkvæmt fyrrgreindu landamerkjabréfi Stóra-Sandfells er merkjum jarðarinnar lýst um Gilsá inn á Hjálpleysuvarp. Í málinu er óumdeilt að hálfur Hjálpleysudalur, sunnan Gilsár og inn að Hjálpleysuvarpi sem lýst er innan merkjanna, sé eignarland Stóra-Sandfells en enginn greinarmunur er gerður á eignarréttarlegri stöðu svæðis innan þeirra merkja sem bréfið lýsir. Hins vegar byggir íslenska ríkið þjóðlendukröfu á því að annað eigi við um þann helming dalsins sem er innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Tunghaga frá 1884. Þó er um mjög sambærileg svæði að ræða, sitt hvorum megin Lambavallaár og Gilsár í Hjálpleysudal, og telja verður afar líklegt að þessi landsvæði hafi verið nýtt með sambærilegum hætti. Í málatilbúnaði ríkisins er ekki að finna sérstakar röksemdir fyrir því að gera eigi greinarmun á þessum landsvæðum að undanskilinni vísun til landskipta frá 1922 þar sem vísað er til ágreiningssvæðisins sem sameiginlegs afréttarlands.

Auk landskiptagerðarinnar frá 1922 greinir fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918 frá því að upprekstrarland Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis sé sameiginlegt og í kaflanum um Grófargerði er sérstaklega tilgreint að það sé sameign þessara jarða. Þá er í örnefnaskrám ýmist vísað til ágreiningssvæðisins sem sameiginlegrar afréttar eða óskipts lands jarðanna. Í *Árbók* Ferðafélags Íslands 2018 um Upphérað er fjallað um að land Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis hafi verið sameiginlegt fram til skiptingar heimalands árið 1922 en afrétt hafi áfram verið óskipt í Hjálpleysu innan við Kálfavallaá.

Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi

og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að vísanir til afréttar í áðurnefndum heimildum vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitilandi fremur en að endurspegla mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðanna, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum 19. aldar var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 12. gr. reglugerðar fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m.fl., dags. 4. júlí 1892, segir að afrétt sé þar sem venja hafi verið, enda sé búsmala eigi haldið þar á sumrum að staðaldri, og eftir því skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Að mati nefndarinnar styður það við þann skilning á orðinu sem gagnaðilar ríkisins leggja til grundvallar í málinu. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir ágreiningssvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Líkt og áður hefur komið fram telur óbyggðanefnd miklar líkur á að ágreiningssvæðið hafi verið numið. Þá liggur svæðið nærri byggð og er talsvert gróið, sérstaklega láglendustu hlutar þess sem liggja nálægt árfarvegum. Þá gefa staðhættir að öðru leyti ekki tilefni til að ætla að landsvæðið hafi verið undanskilið við landnám. Ekki verður þannig séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að svæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en aðliggjandi svæði, en svæðið er samliggjandi óumdeildum eignarlöndum Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis. Þá eru merkjalýsingar í landamerkjabréfum Stóra-Sandfells og Eyrarteigs, sem eru að öllu leyti óumdeild eignarlönd, sambærilegar merkjalýsingu í landamerkjabréfi Tunghaga frá 1884, en í öllum tilvikum er merkjum lýst upp á vörp á efsta hluta fjallgarðsins austan jarðanna. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi innan ágreiningssvæðisins hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Þegar landamerkjabréf Tunghaga og aðliggjandi jarða eru skoðuð er ekki að finna neitt sem bendir til þess að ágreiningssvæðið hafi ekki verið háð beinum eignarrétti, enda svæðið allt skýrlega innan merkja. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að svæðið hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafréttar. Þrátt fyrir að vísað sé til ágreiningssvæðisins sem afréttarlands þegar Grófargerði er skipt út úr sameiginlegu heimalandi jarðanna er tekið fram að Grófargerði eigi tiltölulegan hluta af afréttarlandi jarðanna þriggja eftir þágildandi jarðamati. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að eigendur Tunghaga, Arnkelsgerðis og Grófargerðis hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir ágreiningssvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi nokkru sinni tilheyrt eða það verið nýtt af öðrum. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því ekki verið sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

### *7.4.2 Gíslastaðir og Gerði*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Gíslastaðir og Gerði*. Þjóðlendukröfusvæðið tekur til stórs hluta af hálsinum milli Valla, Fagradals og Reyðarfjarðar, austan vatnaskila á Aurum sem eru gróðurlitlar urðir efst á hálsinum í 600–800 m hæð, hækkandi til suðurs. Kröfusvæðið afmarkast af Efri-Launá að norðanverðu, Fagradalsá að austanverðu, Efri-Hrútá að sunnanverðu og vatnaskilum á Aurum að vestanverðu.

Að svæðinu norðvestanverðu liggja óumdeild eignarlönd Gíslastaða og Gíslastaðagerðis en sameiginlegri kröfu er lýst vegna jarðanna. Hún tekur til alls ágreiningssvæðisins en eigendur jarðanna byggja á því að svæðið sé innan merkja þeirra samkvæmt landamerkjabréfum þeirra frá 1884 og sé eignarland á þeim grundvelli. Að svæðinu norðanverðu liggur óumdeilt eignarland Eyjólfsstaða á Völlum en ekki er uppi ágreiningur um merki jarðarinnar í málinu. Að norðanverðum austurmörkum svæðisins liggur það þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.*, sem fjallað er um í kafla 7.4.3, og að sunnanverðum austurmörkum svæðisins liggja óumdeild eignarlönd Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfirði en ekki er uppi ágreiningur um merki þeirra í málinu. Að svæðinu sunnanverðu liggur óumdeilt eignarland Áreyja í Reyðarfirði. Kröfu vegna Áreyja er lýst til sunnanverðs ágreiningssvæðisins og skarast kröfur gagnaðila þar. Gagnaðili íslenska ríkisins vegna Áreyja byggir á því að hluti ágreiningssvæðisins sé innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1885 og sé eignarland á þeim

grundvelli. Að suðvestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu það þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hjálpleysa* og fjallað er um í kafla 7.4.1. Innan þess ágreiningssvæðis er gerð sameiginleg krafa vegna Tunghaga, Ásgarðs, Arnkelsgerðis og Grófargerðis en eigendur þessara jarða gera ekki kröfur til ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Loks eru óumdeild eignarlönd síðastnefndu jarðanna vestan ágreiningssvæðisins.

Svæðið er lægst í um 150 m hæð við Fagradalsá á austurmörkum svæðisins en rís hæst í tæplega 1.100 m hæð á vatnaskilum á vestanverðu svæðinu. Milli Efri-Launár á norðurmörkum svæðisins að Efri-Hrútá á suðurmörkum þess eru um 5 km í beinni loftlínu og um 6 km í beinni loftlínu eru frá austurmörkum til vesturmarka svæðisins þar sem það er breiðast. Frá bæjarstæðum þeirra jarða sem gera kröfur til svæðisins og að þeim hlutum ágreiningssvæðisins sem næst þeim liggja eru á bilinu 3–5,5 km í beinni loftlínu.

Í kafla 7.4.2.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu en ekki er fyrir að fara heimildum sem varða merki þess sérstaklega. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á kröfusvæðinu byggist m.a. á því að í landamerkjabréfi Gíslastaða er fjallað um óskipt land Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á norðanverðum Fagradal milli Efri-Launár og Efri-Hrútár. Ágreiningur aðila snýr því að hvort ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarðanna. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.2.2

### *7.4.2.1 Afmörkun*

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki jarða sem liggja að kröfusvæðinu.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá punkti þar sem Efri-Launá rennur í Fagradalsá. Þaðan er Efri-Launá fylgt að upptökum en síðan er línan dregin beint norðvestur að vatnaskilum milli Kvíslardals og Valla á Aurum og þeim vatnaskilum síðan fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár. Þá er Efri-Hrútá fylgt niður í Fagradalsá og þaðan farið eftir Fagradalsá í upphafspunkt.

Upphaflega var kröfulínu ríkisins lýst á þann veg að hún fylgdi Efri-Launá að upptökum og þaðan væri vatnaskilum fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár. Hins vegar var ekki tilgreint hvernig línan skyldi dregin milli upptaka Efri-Launár og vatnaskila en á kröfulínukorti var dregin bein lína norðvestur að vatnaskilum milli Kvíslardals og

Valla. Sú breyting var gerð á textalýsingunni í greinargerð íslenska ríkisins, dags. 13. desember 2023, að við bættist sú lýsing á þessum hluta línunnar að hún væri dregin frá upptökum Efri-Launár norðvestur í vatnaskil á Aurum. Þeim vatnaskilum væri síðan fylgt til suðurs að upptökum Efri-Hrútár. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins hefur breytingunni verið mótmælt á þeirri forsendu að íslenska ríkið hafi með henni aukið við kröfur sínar. Að mati óbyggðanefndar felur breytingin einungis í sér nánari skýringu á kröfugerðinni þar sem eyða var í upphaflegri textalýsingu, auk þess sem hún er í samræmi við upphaflegan uppdrátt af kröfu ríkisins á kröfulínukorti. Umrædd breyting þykir því ekki leiða til þess að aukið hafi verið við kröfur ríkisins í skilningi 6. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020.

Afmörkun ríkisins styðst einkum við landamerkjabréf Gíslastaða þar sem fjallað er um óskiptarland milli Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á norðanverðum Fagradal milli Efri-Launár og Efri-Hrútár. Þá er jafnframt litið til þess að í bréfi Gíslastaða er merkjum jarðanna lýst austur að Fagradalsá. Að mati íslenska ríkisins verði því ekki ráðið að merkin nái lengra til austurs en að Fagradalsá, sem ráði austurmörkum ágreiningssvæðisins.

Sem fyrr segir er sameiginleg krafa gerð vegna jarðanna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis en bæjarstæði þeirra og óumdeild eignarlönd eru austan Grímsár á Völlum, norðvestan kröfusvæðisins. Landamerkjabréf Gíslastaða er dagsett 4. júní 1884 og þinglesið 5. júlí 1886. Efni þess er svohljóðandi:

> Að framan milli Gíslastaða og Arnkelsgerðis skilur Stórilækur úr Tunguhaga læk og upp um svokallaða grjótarbotna og suður um aurinn rétt fyrir utan Hött ynn og suður í Hrútárdrög og niður Hrúta að sunnan sem fellur ofan um svokallaða Hrútárbotna ofan í Fagradalsá en á Fagradal aðskilur Fagradalsá; á millum Tunguhaga og Gíslastaða skilur Tunguhaga lækur, að utan skilur millum Gíslastaða og Gíslastaðagerðis varða við Tunguhagalæk og er bein stefna um Kirkjusund í klett fyrir framan og neðan Gerðistún og í vörðu fyrir framan Gerðisás og svo beint upp í vörðu á Aurbrún og um þverann Aurinn ofan um Hlauphjalla í Fagradalsá millum Gíslastaða og Gerðis er oskipt afréttarland á norðanverðum Fagradal millum efrilaunár og efri Hrútár.

Merkjum jarðarinnar, bæði til suðurs og norðurs, er lýst austur yfir hálsinn milli Valla og Fagradals og í Fagradalsá, sem ræður merkjum að austan. Að sunnanverðu er merkjunum lýst suður um aurinn rétt fyrir utan Hött, yfir í Hrútárdrög og eftir Hrútá í Fagradalsá. Gagnvart Gíslastaðagerði að norðan er merkjum lýst yfir aurinn ofan um Hlauphjalla í Fagradalsá, en Hlauphjalli er rétt sunnan Neðri-Launár. Í lok landamerkjabréfsins er greint frá óskiptu afréttarlandi Gíslastaða og Gíslastaðagerðis milli Efri-Launár og Efri-Hrútár. Efri-Hrútá er á suðurmörkum Gíslastaða í Fagradal samkvæmt lýsingu landamerkjabréfsins en Efri-Launá er norðan norðurmarka jarðarinnar í Fagradal, eins og þeim er lýst í bréfinu. Hluti hins óskipta afréttarlands er því norðan við landamerki Gíslastaða, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfinu, og innan merkja Gíslastaðagerðis, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem nánar verður vikið að hér síðar. Bréfið er áritað vegna Arnkelsstaða, Tunghaga, Gíslastaðagerðis og Vallaness. Bréfið er aftur á móti ekki áritað vegna Áreyja í Reyðarfirði sem

gera kröfu til sunnanverðs ágreiningssvæðisins í Fagradal en sú krafa skarast við kröfu vegna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis.

Suðvesturmörk ágreiningssvæðisins miðast við vatnaskil milli Valla og Kvíslardals, sem liggja m.a. um Hött, suður að upptökum Eftri-Hrútár. Þaðan eru suðurmörk svæðisins dregin um Efri-Hrútá í Fagradalsá. Það er í samræmi við framangreindar lýsingar landamerkjabréfs Gíslastaða á suðvestur- og suðurmörkum jarðarinnar.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Gíslastaðir eigi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda en um merki þess er ekki fjallað.

Í örnefnaskrá fyrir Gíslastaði er merkjum gagnvart Gíslastaðagerði lýst úr Dagmálavörðu á Aurbrún og þar „fyrir ofan er óskipt land milli bæjar og (Gíslastaða)Gerðis“. Örnefnum er síðan lýst frá aurbrúninni vestan auranna, yfir hálsinn og austur á Fagradal. Þar segir m.a. að Launá renni eftir Launárdal og sá dalur liggi niður á Fagradal, beint upp af sæluhúsi en hjallinn ofan við sæluhúsið heiti Hlauphjalli. Suðvestur af Launárdal sé Hrútabotnaaur og þá Hrútabotnar sunnar, á móts við Biskupshlaup á Fagradal. Hrútá falli úr Hrútabotnum en sú á skipti löndum milli Gíslastaða og Áreyja í Reyðarfirði.

Norðan Gíslastaða er jörðin Gíslastaðagerði sem eitt sinn var hjáleiga frá Gíslastöðum, eins og t.d. kemur fram í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804. Í landamerkjabréfi Gíslastaðagerðis frá 12. maí 1884 er merkjum jarðarinnar lýst svo:

> að utanverðu […] upp fjallið í svokallaðan Klofastein á aurbrúninni svo austur aurana að efri Launá, sem rennur norðan af aurunum og með honum í Fagradalsá, sem skiptir landi að austan. […] að framan eru landamerki milli Gíslastaðagerðis og Gíslastaða þannig […] upp í svokallaða Grænulág, sem er norðan í Berjaás þaðan beint upp fjallið í vörðubrot sem er á aurbrúninni síðan austur aurana og ásamt Gíslastaðalandamerkjum að Fagradalsá sem rennur eptir Fagradal.

Líkt og í landamerkjabréfi Gíslastaða er merkjum hér, bæði til suðurs og norðurs, lýst austur yfir hálsinn milli Valla og Fagradals og í Fagradalsá. Norðanverðum merkjum er m.a. lýst úr Klofasteini á aurbrúnum austur aurana að Efri-Launá og í Fagradalsá. Efri-Launá rennur niður í Fagradal og er á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Lýsing landamerkjabréfs Gíslastaðagerðis á norðurmörkum jarðarinnar er því í samræmi við afmörkun aðila á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Í landamerkjabréfinu segir að suðurmörk jarðarinnar gagnvart Gíslastöðum séu um tiltekin kennileiti á láglendi upp á aurbrúnina og svo austur yfir aurana „ásamt Gíslastaðalandamerkjum að Fagradalsá“. Ætla má að með því að lýsa merkjum „ásamt Gíslastaðalandamerkjum“ sé vísað til merkja Gíslastaða á þessum slóðum, þ.e. norðurmarka þeirrar jarðar, og að suðurmörk Gíslastaðagerðis fylgi þeim. Eins og áður segir er þeim lýst yfir aurinn um Hlauphjalla og í Fagradalsá, nokkurn veginn þvert yfir mitt ágreiningssvæðið frá vestri til austurs.

Landamerkjabréfið er áritað vegna Gíslastaða, Tunghaga, Úlfsstaða og Eyjólfsstaða. Í því er ekki fjallað um óskipt afréttarland Gíslastaða og Gíslastaðagerðis milli Efri-Launár og Efri-Hrútár eins og í áðurnefndu landamerkjabréfi Gíslastaða. Efri-Launá er hins vegar á norðurmörkum Gíslastaðagerðis í Fagradal og því er ljóst að lýsingin á óskiptu afréttarlandi jarðanna í landamerkjabréfi Gíslastaða tekur bæði til lands sem er

innan merkja Gíslastaða og lands sem er innan merkja Gíslastaðagerðis, sé tekið mið af landamerkjabréfum jarðanna. Þá kemur fram í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 að Gíslastaðagerði eigi upprekstrarland með Gíslastöðum en um merki þess er ekki fjallað þar.

Fyrir liggur lögfesta frá 22. maí 1845 um merki Gíslastaðagerðis og Úlfsstaða, sem er næsta jörð norðan Gíslastaðagerðis á láglendi. Land Úlfsstaða nær samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 2. júlí 1885 skammt til fjalls, og ekki að ágreiningssvæðinu, og umrædd merkjalýsing varðar því ekki ágreiningssvæðið beint. Í lögfestunni er þess hins vegar sérstaklega getið að þar sé lýst merkjum Gíslastaðagerðis „[h]érna megin hálsins eður Auranna" sem gefur til kynna að jörðin eigi land beggja vegna hálsins milli Valla og Fagradals.

Í örnefnaskrá fyrir Gíslastaðagerði er merkjum jarðarinnar lýst með sama hætti og í landamerkjabréfi jarðarinnar en tekið fram að frá Dagmálavörðu á Aurbrún sé óskipt land milli jarðarinnar og Gíslastaða austur í Fagradal. Þá segir að örnefni í óskipta landinu séu talin með Gíslastaðaörnefnum.

Þegar framangreindar heimildir um merki Gíslastaða og Gíslastaðagerðis eru virtar heildstætt er ljóst að ágreiningssvæðið er allt innan merkja jarðanna samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Lýsing á suðurmörkum Gíslastaða er í samræmi við suðvestur- og suðurmörk ágreiningssvæðisins og lýsing á norðurmörkum Gíslastaðagerðis er í samræmi við norðurmörk ágreiningssvæðisins en mörkum milli jarðanna er lýst þvert yfir ágreiningssvæðið. Austurmörkum jarðanna er svo lýst um Fagradalsá, sem er í samræmi við austurmörk ágreiningssvæðisins. Norðanverð vesturmörk ágreiningssvæðisins, sem eru á vatnaskilum milli Valla og Kvíslárdals, liggja þvert yfir land jarðanna eins og því er lýst í landamerkjabréfum þeirra og ekki verður séð að afmörkun ríkisins eigi sér stoð í landamerkjabréfunum að öðru leyti en því að í landamerkjabréfi Gíslastaða er því lýst að svæðið milli Efri-Launár og Efri-Hrútár, þ.e. svæði innan merkja beggja jarða, sé óskipt afréttarland jarðanna. Þar kemur hins vegar ekki fram hversu langt til vesturs umrætt afréttarland nái. Í örnefnaskrám fyrir jarðirnar segir að land jarðanna ofan við Aurbrún sé óskipt og veitir það afmörkun ríkisins á vesturmörkum svæðisins nokkra stoð, enda eru þau við eða á Aurbrún vestast á Aurum.

Úlfsstaðir eru næsta jörð norðan Gíslastaðagerðis á láglendi en eins og áður segir nær land jarðarinnar skammt til fjalls og liggur ekki að ágreiningssvæðinu.

Norðan Úlfsstaða eru Eyjólfsstaðir en í landamerkjabréfi jarðarinnar með Beinárgerði frá 29. júní 1886 er suðurmörkum jarðarinnar gagnvart Úlfsstöðum m.a. lýst upp í Ölvishamra sem eru sagðir skipta landi að ofan allt inn að landi Gíslastaðagerðis. Þá tekur við merkjalýsing gagnvart Gíslastaðagerði en þar segir:

> En fyrir ofan þessa hamra eru landamörk milli Eyólfsstaða og Gíslastaðagerðis landa bein línar úr Sniðlæk þar sem hann fellur ofan af hömrunum uppí svo nefnda Klofasteina á Aurbrún og suður yfir aurinn. En á afréttinni Fagradalsmeigin eiga Eyólfsstaðir suður að efri Launá.

Einnig segir að merki að austan séu Fagradalsá og er bréfið m.a. áritað vegna Gíslastaðagerðis. Samkvæmt þessu liggur land Eyjólfsstaða að norðurmörkum ágreiningssvæðisins frá Aurbrún yfir aurinn að Efri-Launá, sem er í samræmi við afmörkun aðila á norðurmörkum svæðisins.

Að norðanverðum austurmörkum ágreiningssvæðisins liggur það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.3. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir það svæði eða einstaka hluta þess. Afmörkun svæðisins er hins vegar lýst í svari oddvita Vallahrepps frá 27. apríl 1989 við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til allra sveitarstjórna um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt. Í svarinu segir að önnur tveggja afrétta í hreppnum sé Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal og afmörkun hennar er lýst. Vesturmörkum svæðisins er lýst um Fagradalsá, frá vatnaskilum gagnvart Reyðarfirði, sem er í samræmi við afmörkun aðila á austurmörkum ágreiningssvæðisins.

Þar sunnan við liggjur að sunnanverðum austurmörkum ágreiningssvæðisins óumdeilt eignarland Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfirði. Ekki liggja fyrir landamerkjabréf fyrir jarðirnar en í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er merkjum þeirra lýst í færslu um Seljateigshjáleigu. Þar segir að jarðirnar eigi óskipt land og að um merki þeirra sé fjallað í „landamerkjagjörningi das. á Sléttu 9. apríl 1884, sem þó ekki hefir verið þinglýst“. Landamerkjalýsing samkvæmt umræddu skjali er svo tekin upp í fasteignamatinu og þar kemur fram að merki jarðanna að norðvestan- og vestanverðu séu á vatnaskilum í Fagradal þar sem vötnum hallar til Héraðs og Reyðarfjarðar og svo suður eftir Fagradalsá. Það er í samræmi við afmörkun aðila á austurmörkum ágreiningssvæðisins.

Sem fyrr segir er gerð krafa til syðsta hluta þjóðlendukröfusvæðisins vegna Áreyja í Reyðarfirði en óumdeilt eignarland jarðarinnar er aðliggjandi suðurmörkum svæðisins. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 5. september 1885 er norðurmerkjum hennar lýst í beina stefnu af Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. Hjálpleysuvarp er við suðvesturmörk ágreiningssvæðisins og vatnaskil á Fagradal, þar sem vötnum hallar til Héraðs og Reyðarfjarðar, eru norðan Efri-Hrútár á suðurmörkum ágreiningssvæðisins. Lína sem dregin er frá Hjálpleysuvarpi, um umrædd vatnaskil, í Fagradalsá liggur því frá suðvesturmörkum svæðisins að norðanverðum austurmörkum þess um suðaustanvert ágreiningssvæðið. Sá hluti ágreiningssvæðisins sem er sunnan nefndrar línu er samkvæmt landamerkjabréfinu innan merkja Áreyja.

Í kjölfar lýsingar á merkjum Áreyja í landamerkjabréfi jarðarinnar eru talin upp ítök innan merkja hennar og m.a. greint frá því að Gíslastaðir á Völlum eigi afrétt á Fagradal milli Hrútár og Launár. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða, m.a. vegna Gíslastaða, en því samþykki fylgir svohljóðandi athugasemd:

> Vér undirskrifaðir samþykkjum ofangreind landamerki, hvað Fagradal snertir, með svo felldu móti; að vér notum afréttalandið á sama hátt frjálst og átölulaust, eins og hingað til hefur verið.

Á svæðinu eru tvær Hrútár og tvær Launár. Syðst er Neðri-Hrútá, sunnan ágreiningssvæðisins, næst Efri-Hrútá, á suðurmörkum ágreiningssvæðisins, þá Neðri-Launá, innan ágreiningssvæðisins, og nyrst Efri-Launá, á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Í landamerkjabréfinu segir einungis að afrétt Gíslastaða sé milli Hrútár og Launár en þar sem báðar Launárnar eru innan ágreiningssvæðisins er ljóst að svæðið sem vísað er til í landamerkjabréfinu er a.m.k. að einhverju leyti innan ágreiningssvæðisins.

Í örnefnaskrá fyrir Áreyjar er merkjum að mestu lýst í samræmi við framangreinda landamerkjalýsingu en þar segir að merki jarðarinnar gagnvart Gíslastöðum séu vatnaskil norður af Neðri-Launá og Hlauphjalla.

Suðvestan og vestan ágreiningssvæðisins liggja annars vegar þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hjálpleysa* og fjallað er um í kafla 7.4.1 og hins vegar óumdeild eignarlönd jarðanna Tunghaga, Arnkelsgerðis, Ásgarðs og Grófargerðis á Völlum en af hálfu eigenda þeirra er gerð sameiginleg krafa til svæðisins *Hjálpleysa*. Landamerkjabréf Tunghaga, með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði, frá 14. júní 1884 lýsir merkjum að austan um fjallsbrún austan Hjálpleysudals suður á Hjálpleysuvarp. Það er í samræmi við vestur- og suðvesturmörk ágreiningssvæðisins sem liggja um vatnaskil á umræddum fjallsbrúnum.

Hér hefur verið gerð grein fyrir heimildum um merki þeirra jarða sem kröfur eru gerðar vegna á ágreiningssvæðinu og annarra aðliggjandi jarða og landsvæða. Sameiginleg krafa eigenda Gíslastaða og Gíslastaðagerðis styðst við landamerkjabréf jarðanna sem bæði eru frá árinu 1884. Eins og áður segir lýsa þau merkjum jarðanna með aðskildum hætti, allt frá láglendinu á Völlum, austur yfir Aura og í Fagradalsá í Fagradal. Norðurmörk ágreiningssvæðisins eru í samræmi við norðurmörk Gíslastaðagerðis samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar og suðurmörk ágreiningssvæðisins eru í samræmi við suðurmörk Gíslastaða samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, auk þess sem austurmörk ágreiningssvæðisins um Fagradalsá eru í samræmi við austurmörk beggja jarða samkvæmt landamerkjabréfunum. Þá er landinu milli Efri-Launár og Efri-Hrútár, frá norðurmörkum Gíslastaðagerðis að suðurmörkum Gíslastaða, lýst sem óskiptu afréttarlandi beggja jarða í niðurlagi landamerkjabréfs Gíslastaða. Krafa eiganda Áreyja styðst við landamerkjabréf jarðarinnar frá 1885 þar sem norðanverðum merkjum jarðarinnar er lýst frá Hjálpleysuvarpi og þangað sem vötnum hallar á Fagradal í Fagradalsá. Framangreind landamerkjabréf hafa öll að geyma skýrar lýsingar á heildarmerkjum jarðanna sem taka til mismunandi hluta ágreiningssvæðsins, en samanlagt taka þær til alls svæðisins og skarast að hluta.

Svæðinu milli vatnaskila á Fagradal og Efri-Hrútár, vestan Fagradalsár, er annars vegar lýst innan merkja Gíslastaða og Gíslastaðagerðis, og hins vegar innan merkja Áreyja í landamerkjabréfum jarðanna sem skýrir hvers vegna kröfur gagnaðila ríkisins skarast á þessu svæði. Landamerkjabréf Gíslastaða frá 1884 er áritað vegna aðliggjandi jarða á Völlum en ekki vegna Áreyja í Reyðarfirði. Landamerkjabréf Áreyja er síðan gert ári seinna og er áritað vegna Gíslastaða með fyrirvara um notkun afréttarlandsins,

líkt og áður hefur verið vikið að, en ekki vegna Gíslastaðagerðis. Þrátt fyrir misræmi í lýsingum landamerkjabréfanna er allt að einu ljóst að ágreiningssvæðið, eins og það hefur verið afmarkað af hálfu aðila málsins, er innan merkja jarðanna eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum þeirra frá 1884 og 1885. Sú niðurstaða er í samræmi við afmörkun aðila á svæðinu.

Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki Gíslastaða, Gíslastaðagerðis og Áreyja styðji afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu, að því undanskildu að þau styðja ekki, nema að mjög takmörkuðu leyti, við afmörkun ríkisins á vesturmörkunum norðanverðum. Skoðun á heimildum um merki aðliggjandi jarða og landsvæða styður einnig þá niðurstöðu. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja jarðanna, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum þeirra frá 1884 og 1885.

*7.4.2.2 Eignarréttarleg staða*

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* er greint frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagarfljót, allt Hérað til Unalækjar. Þar segir einnig að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi komið á land í Eskifirði en síðan numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan, og svo Vellina út til Eyvindarár þar sem hann hafi tekið mikið af landnámi Una. Þá hafi maður að nafni Ásröður fengið Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs, og henni hafi fylgt öll lönd milli Gilsár og Eyvindarár en þau hafi búið á Ketilsstöðum. *Landnáma* greinir einnig frá því að Ævar hinn gamli bróðir Brynjólfs hafi komið á land í Reyðarfirði en svo hafi Brynjólfur gefið honum Skriðdal allan fyrir ofan Gilsá og hann hafi búið á Arnaldsstöðum.

Af þessum frásögnum *Landnámu* er ljóst að sá hluti landnáms Brynjólfs, sem Ásröður og Ásvör fengu síðar, hafi tekið til þess hluta Valla sem hér er til umfjöllunar. Þó verður að gera þann fyrirvara að landnámsmörk inn til lands eru ekki tiltekin og því ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust um nákvæma stærð landnámsins, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun lýsinganna eru þó að mati óbyggðanefndar miklar líkur á að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti. Hluti ágreiningssvæðisins teygir sig yfir í Reyðarfjörð en í *Landnámu* er því aðeins lýst að Ævar hinn gamli hafi komið í Reyðarfjörð áður en hann settist að í Skriðdal. Ekki eru nánari lýsingar á landnámi í firðinum. Þrátt fyrir það telur nefndin, að teknu tilliti til staðhátta, að sömu ályktanir verði dregnar um landnám á þeim hluta ágreiningssvæðisins og áður greinir, þ.e. að miklar líkur séu á því að svæðið hafi verið numið.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat

á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Að framan var komist að niðurstöðu um að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum Gíslastaða, Gíslastaðagerðis og Áreyja frá 1884 og 1885. Íslenska ríkið byggir fyrst og fremst á því að ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarðanna þar sem í landamerkjabréfi Gíslastaða segi að Gíslastaðir og Gíslastaðagerði eigi óskipt afréttarland á norðanverðum Fagradal, milli Efri-Launár og Efri-Hrútár. Því er tilefni til að kanna það atriði nánar.

Í sóknarlýsingu fyrir Vallanessókn frá 1840 segir um upprekstur bæja sóknarinnar í umfjöllun um dali og afréttir:

> En Ketilsstaða-, Eyjólfsstaða- og Gíslastaða- og þeirra jarða hjáleigumenn á Fagradal hvört heimalönd þeirra ná, þvert yfir hálseinn …

Hér er vísað til þess að eignarland Gíslastaða nái þvert yfir hálsinn, þ.e. yfir á Fagradal. Hið sama er gefið í skyn um Gíslastaðagerði í lögfestu frá 1845 en þar er sérstaklega vísað til þess að lýst sé merkjum Gíslastaðagerðis „[h]érna megin hálsins eður Auranna“ sem gefur til kynna að jörðin eigi land beggja vegna hálsins milli Valla og Fagradals.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Gíslastaðir eigi upprekstrarland fyrir afréttarfé ábúanda auk þess sem Gíslastaðagerði eigi upprekstrarland með Gíslastöðum.

Í svari vegna Vallahrepps frá 15. febrúar 1920 við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um almenninga frá 29. desember 1919 segir, í kjölfar umfjöllunar um afréttarland í óskiptri sameign milli Svínadalsár og Tungudalsár, að önnur svæði séu ekki í Vallahreppi sem ekki tilheyri sérstökum býlum.

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands 2018 segir að jarðir á Austurvöllum frá Kollsstaðagerði að Gíslastöðum hafi flestar átt sneið af landi yfir á Eyvindardal og Fagradal. Á Eyvindardal hafi fénaður fyrr á öldum verið hafður í seli yfir sumarið og síðar jafnvel í beitarhúsum að vetrarlagi, þótt langt væri þangað að sækja.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hverrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Líkt og áður hefur komið fram telur óbyggðanefnd miklar líkur á að ágreiningssvæðið hafi verið numið. Þá er svæðið ekki langt frá byggð og þrátt fyrir að melar, klettar og sandlendi einkenni svæðið þar sem það rís hæst er innan svæðisins jafnframt að finna talsvert gras- og mólendi, sérstaklega á láglendustu hlutum þess sem liggja nálægt árfarvegum. Þá gefa staðhættir að öðru leyti ekki tilefni til að ætla að landsvæðið hafi verið undanskilið við landnám. Ekki verður þannig séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að svæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en aðliggjandi svæði, en svæðið er samliggjandi óumdeildum eignarlöndum Gíslastaða, Gíslastaðagerðis og Áreyja.

Sem fyrr segir er lagt til grundvallar að ágreiningssvæðið sé innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum Gíslastaða, Gíslastaðagerðis og Áreyja frá 1884 og 1885.

Enginn greinarmunur er gerður á landsvæðum innan merkja Áreyja samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1885 sem lýsir heildarmerkjum hennar, auk þess sem sá hluti ágreiningssvæðisins sem eigandi Áreyja gerir kröfu til er ekki sérstaklega aðskilinn frá öðru landi jarðarinnar samkvæmt bréfinu. Hið sama á við um Gíslastaðagerði og landamerkjabréf jarðarinnar frá 1884. Þar er merkjum jarðarinnar lýst í einu lagi frá bæjarstæði á Völlum yfir í Fagradal að Fagradalsá án þess að greinarmunur sé gerður á landi innan merkjanna. Heildarmerkjum Gíslastaða er jafnframt lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884 með svipuðum hætti og í landamerkjabréfi Gíslastaðagerðis, þ.e. frá Völlum yfir í Fagradal að Fagradalsá án neinnar aðgreiningar. Í kjölfarið segir hins vegar í landamerkjabréfi Gíslastaða að á svæðinu milli Efri-Launár og Efri-Hrútár, sem er að hluta innan merkja Gíslastaða og að hluta innan merkja Gíslastaðagerðis samkvæmt landamerkjabréfunum, sé óskipt afréttarland jarðanna tveggja. Fyrir liggur að Gíslastaðagerði var eitt sinn hjáleiga frá Gíslastöðum. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að þrátt fyrir að landi Gíslastaða og Gíslastaðagerðis

hafi á einhverjum tímapunkti verið skipt megi ráða að ágreiningssvæðið, sem virðist fyrst og fremst hafa verið nýtt til beitar, hafi áfram verið nýtt sameiginlega af eigendum jarðanna tveggja. Að öðru leyti en því að svæðinu er lýst sem óskiptu afréttarlandi Gíslastaða og Gíslastaðagerðis í landamerkjabréfi Gíslastaða er enginn greinarmunur gerður á því landi sem liggur vestan vatnaskila á Aurum, sem er óumdeilt eignarland, og svæðinu austan þeirra og að Fagradalsá, sem um er deilt í málinu. Þá er ágreiningssvæðið ekki sérstaklega aðskilið frá landi jarðanna heldur liggur það innan heildarmerkja jarðanna beggja samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu þessara svæða.

Í þessu samhengi er einnig tilefni til að horfa til aðliggjandi jarða en samkvæmt fyrrgreindu landamerkjabréfi Eyjólfsstaða með Beinárgerði frá 1886 er merkjum jarðanna lýst allt austur að Fagradalsá að austanverðu. Þó er tekið fram að „á afréttinni Fagradalsmegin eiga Eyólfsstaðir suður að efri Launá“. Þrátt fyrir að slíkt orðalag sé notað um landsvæði innan merkja jarðarinnar í landamerkjabréfi hennar er ekki deilt um eignarréttarlega stöðu svæðisins í málinu og því um óumdeilt eignarland að ræða. Þá eru Ketilsstaðir norðan við Eyjólfsstaði. Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er tilgreint að landamerkjum Ketilsstaða hafi ekki verið þinglýst, en landamerkjalýsing fylgir. Þar er heildarmerkjum jarðarinnar lýst austur að Fagradalsá en ekki er gerður greinarmunur á eignarréttarlegri stöðu svæðis innan merkja jarðarinnar. Í landamerkjabréfi Keldhóla, sem voru hjáleiga frá Ketilsstöðum, frá 4. júní 1884 er þess þó getið að ábúandi Keldhóla eigi „afrjett að tiltölu í Ketilsstaða afrjettarlandi“.

Ekki er deilt um það í málinu að landsvæðin sem eru innan merkja Eyjólfsstaða og Ketilsstaða samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna séu eignarlönd að öllu leyti, þrátt fyrir tilgreiningu Eyjólfsstaða á afrétt jarðarinnar Fagradalsmegin og vísun í afréttarland Ketilsstaða í landamerkjabréfi Keldhóla. Hins vegar byggir íslenska ríkið þjóðlendukröfu á því að annað eigi við um sams konar svæði sem lýst er innan merkja Gíslastaða, Gíslastaðagerðis og Áreyja í landamerkjabréfum jarðanna. Þessi svæði eru að öllu leyti sambærileg, enda um að ræða svæði samliggjandi heimalöndum jarða sem liggja austur að Fagradalsá og virðast fyrst og fremst hafa verið nýtt til beitar. Telja verður afar líklegt að þessi landsvæði hafi verið nýtt með sambærilegum hætti. Í málatilbúnaði ríkisins er ekki að finna sérstakar röksemdir fyrir því að gera eigi greinarmun á þessum landsvæðum.

Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi innan ágreiningssvæðisins hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Auk umfjöllunar í landamerkjabréfi Gíslastaða frá 1884 um óskipt afréttarland Gíslastaða og Gíslastaðagerðis greinir landamerkjabréf Áreyja frá 1885 frá afrétt Gíslastaða á Fagradal milli Hrútár og Launár. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að vísanir til afréttar í áðurnefndum landamerkjabréfum vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitilandi fremur en að endurspegla mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðanna, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum 19. aldar var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 12. gr. reglugerðar fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m.fl., dags. 4. júlí 1892, segir að afrétt sé þar sem venja hafi verið, enda sé búsmala eigi haldið þar á sumrum að staðaldri, og eftir því skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Að mati nefndarinnar styður það við þann skilning á orðinu sem gagnaðilar ríkisins leggja til grundvallar í málinu. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir ágreiningssvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Líkt og fjallað var um í kafla 7.4.2.1 er skörun á kröfum gagnaðila ríkisins á svæðinu milli vatnaskila á Fagradal og Efri-Hrútár en svæðinu er annars vegar lýst innan merkja Gíslastaða og Gíslastaðagerðis og hins vegar innan merkja Áreyja í landamerkjabréfum jarðanna frá 1884 og 1885. Sem fyrr segir er ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda og í ljósi þess verður ekki tekin afstaða til þessarar skörunar á lýsingum í landamerkjabréfum jarðanna.

Þegar öll framangreind atriði eru virt í heild er mat óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess

hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

### *7.4.3 Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Suðurhluti Eyvindarárdals o.fl.* Þjóðlendukröfusvæðið er í dölum sem liggja milli Héraðs og Reyðarfjarðar og stundum eru einu nafni nefndir Reyðarfjarðardalir, en kröfusvæðið er í þeim hluta dalanna sem telst til Héraðs, þ.e. norðan vatnaskila gagnvart Reyðarfirði. Það tekur nánar tiltekið til suðurhluta Eyvindarárdals[1020] og Skagafells, hluta af Fagradal austan Fagradalsár, og Svínadals og Tungudals sem ganga inn úr Eyvindarárdal. Svæðið afmarkast að vestanverðu af Fagradalsá og að norðanverðu af Eyvindará og Slenjufjalli. Að austanverðu er kröfulína ríkisins dregin eftir vatnaskilum gagnvart Fannardal í Norðfirði. Að sunnanverðu er kröfulína ríkisins dregin um vatnaskil gagnvart Reyðarfirði, allt frá efstu drögum Tungudals í austri, vestur um Tungufell, Hrævarskörð, Svínadalsvörp og Njörvadalsárdrög, yfir Skagafell og niður í Fagradalsá í Fagradal.

Að svæðinu sunnan- og suðaustanverðu liggja óumdeild eignarlönd Seljateigs, Seljateigshjáleigu, Kollaleiru og Bakkagerðis í Reyðarfirði, og Eskifjarðar og Eskifjarðarhjáleigu í Eskifirði. Að austanverðu svæðinu liggur óumdeilt eignarland Fannardals í Norðfirði. Að syðsta hluta vesturmarka svæðisins liggur það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Gíslastaðir og Gerði* en fjallað er um það í kafla 7.4.2. Innan þess ágreiningssvæðis gera gagnaðilar ríkisins kröfur vegna Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum og Áreyja í Reyðarfirði en kröfur vegna þeirra jarða taka ekki til svæðisins sem hér er til umfjöllunar. Samhengis vegna verður þó vikið að heimildum um merki þessara jarða hér á eftir. Norðan við fyrrgreint kröfusvæði ríkisins liggja að vesturmörkum svæðisins óumdeild eignarlönd Eyjólfsstaða, Beinárgerðis og Ketilsstaða á Völlum. Að norðanverðu liggja að svæðinu óumdeild eignarlönd Þuríðarstaða í Eyvindarárdal og Fjarðar í Mjóafirði. Ekki er uppi ágreiningur um merki framangreindra jarða í málinu eftir aðlögun íslenska ríkisins á kröfulínu sinni að kröfulínu vegna Fjarðar.

Engar gagnkröfur eru gerðar vegna svæðisins og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til þess. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til svæðisins er eignarréttarleg staða þess til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á

[1020] Einnig nefndur Eyvindardalur.

grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Svæðið er lægst í rúmlega 100 m hæð á nyrsta hluta þess, þar sem Fagradalsá rennur í Eyvindará, en hæst í rúmlega 1.000 m hæð á vatnaskilum á austur- og suðurmörkum svæðisins. Frá norðurmörkum svæðisins að suðurmörkum þess eru um 8 km í beinni loftlínu þar sem það er lengst og rúmlega 11 km eru í beinni loftlínu frá austurmörkum til vesturmarka svæðisins þar sem það er breiðast. Svæðið er að miklu leyti vel gróið en gróðurþekja minnkar þó eftir því sem ofar dregur.

Í kafla 7.4.3.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki þjóðlendukröfusvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar ríkisins á svæðinu sem krafa þess tekur til. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á kröfusvæðinu byggist á því að um sé að ræða svæði utan landamerkja aðliggjandi jarða, þ.e. að merki þeirra nái ekki inn á svæðið. Þá er af hálfu ríkisins dregin sú ályktun að kröfusvæðið sé afréttarland Vallaneskirkju með vísan til heimilda sem geta þess að kirkjan eigi afréttarland í Fagradal og undir Skagafelli, sem og selför að Tunguseli í Eyvindardal. Um nánari afmörkun kröfu ríkisins vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.3.2.

### *7.4.3.1 Afmörkun*

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki kröfusvæðis ríkisins.

Kröfulína íslenska ríkisins er dregin frá punkti þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará í landamerkjavörðu á Slenjudalshálsi. Þaðan er línan að mestu dregin eftir vatnaskilum, um Slenjufjall, yfir Fönn og þaðan vestur á Tungufell, suður á Hrævarskörð og þá um Svínadalsvörp, í Njörvadalsárdrög og loks yfir Skagafell í Fagradalsá sem ræður vesturmörkum svæðisins norður að ármótum Fagradalsár og Eyvindarár. Frá umræddum ármótum er síðarnefndu ánni svo fylgt í upphafspunkt. Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst miðað við lýsingar í landamerkjabréfum jarða umhverfis kröfusvæðið. Ríkið tilgreinir þar Þuríðarstaði í Eyvindarárdal, Fjörð í Mjóafirði, Eskifjarðarsel, Kollaleiru og Áreyjar í Reyðarfirði, Útnyrðingsstaði, Keldhóla, Eyjólfsstaði og Beinárgerði, Gíslastaði og Gíslastaðagerði, Tunghaga með hjáleigunum Arnkelsgerði og Grófargerði og Stóra-Sandfell á Völlum og Eyrarteig og Arnhólsstaði í Skriðdal. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þjóð-

lendukröfusvæðisins og framangreindra jarða, að undanskildum Útnyrðingsstöðum þar sem jörðin liggur ekki að þjóðlendukröfusvæðinu.

Fyrst verður litið til heimilda sem varpa ljósi á merki þjóðlendukröfusvæðisins. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að svæðið hafi haft tengsl við Vallanes á Völlum en engin landamerkjaskrá fyrir jörðina er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu. Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að landamerkjum Vallaness hafi ekki verið þinglýst og í merkjalýsingu fyrir jörðina sem fylgir þar í kjölfarið er ekki fjallað um þjóðlendukröfusvæðið. Af þessum gögnum má ráða að landamerki jarðarinnar hafi hvorki verið skráð í landamerkjabók né þeim þinglýst og landamerkjabréf fyrir jörðina samkvæmt fyrirmælum landamerkjalaga nr. 5/1882 hefur ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit undir rekstri málsins. Hins vegar liggur fyrir landamerkjaskrá fyrir Vallanes, dags. 23. september 1921, sem var meðal skjala sem lögð voru fram í landamerkjamáli árið 1921 milli eigenda Ketilsstaða og Jaðars, sem var skipt út úr landi Vallaness árið 1908. Landamerkjaskrá þessi, sem virðist ekki hafa verið færð í landamerkjabók eða þinglýst, greinir frá merkjum heimalands Vallaness gagnvart aðliggjandi jörðum en þar er ekki fjallað um kröfusvæðið. Auk þess liggja fyrir fleiri heimildir um einstaka hluta heimalands Vallaness í málinu en þar er ekki heldur fjallað um kröfusvæðið. Ekki liggja því fyrir neinar heimildir um Vallanes þar sem merkjum kröfusvæðisins er lýst.

Hins vegar er gerð grein fyrir svæðinu og afmörkun þess í svari oddvita Vallahrepps frá 27. apríl 1989 vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins frá 20. febrúar 1989 til allra sveitarstjórna um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt. Í svarinu segir að önnur tveggja afrétta í hreppnum sé Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal, sem bændur austan Grímsár nýti, og afmörkun svæðisins er lýst svo:

> Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal afmarkast að austan Eyvindará frá ármótum Fagradalsár í Slenju upp með henni á Slenjudalsháls þaðan upp hálsinn um Slenjufjall í Jökulkinn og Fonn hæðarpunkt 1058 m.vatnaskil Eskifjarðarheiði Tungufell Hræfarskörð Eskihnúkur vatnaskil Svínadal þvert yfir Skagafell í Þrílæki vatnaskil Fagradalsár síðan ræður hún í Eyvindará.

Afmörkun svæðisins í svari oddvita Vallahrepps er í samræmi við afmörkun íslenska ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu.

Oddviti Eiðahrepps svaraði áðurnefndri fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins með bréfi 24. nóvember 1989 þess efnis að aféttin Tungudalur í Dalaafrétti liggi milli Slenjudals og Svínadals í Dalaafrétti, nái að Slenjudalsá að utan og liggi upp á Eskifjarðarheiði að innan. Svæðið sem hér er lýst tekur til austasta hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins, þ.e. Tungudals sem gengur inn úr Eyvindarárdal.

Í ódagsettri örnefnaskrá um selstöðu frá Vallanesi segir að Vallaneskirkja eigi selstöðuítak í Reyðarfjarðardölum austan Fagradalsár. Í örnefnaskránni eru „landamerki Vallaness í dölunum“ tilgreind með eftirfarandi hætti:

> Að norðan ræður Fagradalsá (1) frá Eyvindará að vatnaskilum á Fagradal, þaðan lína yfir Skagafell um Þrílæki, á Svínadalsvörp, þaðan um Tungufell að vatnaskilum á Tungudal, þaðan lína um Slenjufjall og eftir háfjalli og áfram í Eyvindará, sem ræður eftir það að ósum Fagradalsár.

Lýsingin er í samræmi við afmörkun svæðisins í fyrrgreindu svari Vallahrepps og því jafnframt í samræmi við afmörkun íslenska ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu. Í kjölfar lýsingarinnar í örnefnaskránni er örnefnum á svæðinu lýst nánar og greint frá því að sel frá Vallanesi, Tungusel, hafi staðið á bakka Tungudalsár utarlega í dalnum.

Ekki liggja fyrir frekari heimildir um merki kröfusvæðisins. Koma næst til skoðunar merki aðliggjandi jarða og landsvæða.

Óumdeilt eignarland Þuríðarstaða liggur að vestari hluta norðurmarka kröfusvæðisins, norðaustan Eyvindarár. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 22. maí 1890 er merkjum jarðarinnar gagnvart kröfusvæðinu lýst um Eyvindará milli Valagilsár og Slenjudalsár.

Austan við Þuríðarstaði tekur við land Fjarðar í Mjóafirði við norðurmörk kröfusvæðisins, en eftir aðlögun íslenska ríkisins á kröfulínu sinni undir rekstri málsins er ekki lengur ágreiningur um mörk jarðarinnar. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 8. júlí 1884 lýsir merkjum að sunnanverðu eftir tilgreindum örnefnum við sjó sunnan Mjóafjarðar til fjalls og í fjallseggjar sem eru sagðar ráða merkjum. Vesturmörkum jarðarinnar er svo lýst eftir landamerkjavörðum á Slenjudalshálsi sunnan Slenju út í Innri-Grjótá.

Austan þjóðlendukröfusvæðisins er Fannardalur fyrir botni Norðfjarðar. Landamerkjabréf Fannardals og Tandrastaða frá 20. júní 1884 lýsir aðeins merkjum milli jarðanna en hefur ekki að geyma lýsingu á merkjum Fannardals inn til landsins. Upphaflega gerði íslenska ríkið þjóðlendukröfu til lands í Fannardal, sem miðaðist að vestanverðu við vatnaskil á Fönn og var því aðliggjandi austurmörkum þjóðlendukröfusvæðinu sem hér er til umfjöllunar. Ríkið féll frá þeirri kröfu undir rekstri málsins og því er umrætt svæði eftir breytinguna óumdeilt eignarland jarðarinnar Fannardals.

Suðaustan þjóðlendukröfusvæðisins liggur jörðin Eskifjörður í samnefndum firði. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 24. maí 1886 er merkjum m.a. lýst um Eskifjarðará upp á háheiði og þaðan eftir fjallseggjum að Bleiksá, sem er austan kröfusvæðisins við norðanverðan Eskifjörð.

Næsta jörð vestan Eskifjarðar er Eskifjarðarsel í sama firði. Landamerkjaskrá jarðarinnar frá 18. maí 1885 lýsir merkjum m.a. um Eskifjarðará í upptök hennar í Hrævarskörðum og þaðan eftir fjallseggjum að Nóntindi.

Næsta jörð vestan Eskifjarðarsels er Bakkagerði í Reyðarfirði, sem liggur að suðurmörkum svæðisins. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 16. maí 1885 lýsir merkjum að vestanverðu m.a. um Búðará frá fjöru til fjalls á Svínadalsvörp en að utanverðu frá sjó til fjalls í „ytri ærhjallaenda“. Í landamerkjalýsingu frá 7. júní 1869 er landamerkjum jarðarinnar jafnframt lýst um Ærhjalla úr sjó en síðan úr honum „uppá Víðirhjalla norður með eggjum og á vörp til þess votnum hallar til heraðs, og á hina síðuna í Búðará í sjó niður“.

Kollaleira er næsta jörð fyrir innan í Reyðarfirði. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 6. maí 1884 ræður Búðará frá fjöru til fjalls á Svínadalsvörp gagnvart Bakkagerði. Um merkin að norðan- og vestanverðu segir:

> Að norðanverðu, sem til hjeraðs veit, af „Svínadalsvörpum“ yfir svo kallað „Skagafell“ í „Njörfadalsárdrög“, þar sem „Njörfadalsá“ hefur upptök sín og fellur beint suður í „Sljettuárfarveg“, þessi á aðskilur Kollaleyru og Seljarteigsland.

Næsta jörð innan Kollaleiru er Seljateigur í Reyðarfirði en engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Suður-Múlasýslu fyrir jörðina. Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er vísað til fasteignamats Seljateigshjáleigu um landamerki en þar segir:

> Landamerki: Seljateigur og Hjáleigan eiga saman óskift land, utan tún og engjar eru skift. Samkvæmt landamerkjagjörningi das. á Sléttu 9. apríl 1884, sem þó ekki hefir verið þinglýst, eru landamerki þessi:
>
> „Milli jarðanna Seljateigs og Kollaleyru: aðskilur hin svokallaða Nörfadalsá, er rennur suður í Sléttuá, að ofan upp áðurnefndan Nörfadal takmarka svokallaðar „Eggjar“ – Svo upp í Fagradal þar sem vötnum hallar til Héraðs og til Reyðarfjarðar. Þaðan fellur hin svonefnda Fagradalsá út og suður í Stuðlaá, er aðskilur Stuðla- og Áreyjaland. Að sunnan aðskilur hinn gamli Sléttuár-farvegur, er liggur þétt við Illeyri.“

Sem fyrr segir liggur að þjóðlendukröfusvæðinu vestanverðu hluti af því þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Gíslastaðir og Gerði* og fjallað er um í kafla 7.4.2. Af hálfu eigenda Gíslastaða og Gíslastaðagerðis á Völlum er gerð gagnkrafa til viðkomandi hluta þess svæðis sem byggist á landamerkjabréfum jarðanna frá 1884 þar sem austanverðum merkjum þeirra er lýst um Fagradalsá. Krafa vegna jarðanna nær því að vesturmörkum svæðisins sem hér er til umfjöllunar en skarast ekki við það.

Óumdeild eignarlönd Eyjólfstaða og Beinárgerðis liggja að vestanverðu kröfusvæðinu, norðan svæðisins sem eigendur Gíslastaða og Gíslastaðagerðis gera tilkall til. Í landamerkjabréfi Eyjólfsstaða með Beinárgerði frá 29. júní 1886 er austanverðum merkjum lýst um Fagradalsá. Í niðurlagi bréfsins segir: „En á afréttinni Fagradalsmeigin eiga Eyólfsstaðir suður að efri Launá“, en hún fellur austur í Fagradalsá. Þá er merkjum gagnvart Ketilsstöðum, næstu jörð fyrir norðan, m.a. lýst að Fagradalsá.

Í málinu liggur fyrir vitnisburður frá 1583 um landamerki Eyjólfsstaða þar sem merkjum er lýst austur í Svínadal. Þrátt fyrir að þessi vitnisburður taki til kröfusvæðisins er til þess að líta að engar aðrar heimildir, hvorki eldri né yngri, benda til þess að jörðin hafi átt land austan Fagradalsár. Þá hefur lýsingin takmarkað gildi þar sem um einhliða vitnisburð er að ræða sem á sér ekki stoð í öðrum gögnum málsins. Enn fremur er mjög skýrt vísað til Fagradalsár sem austurmarka jarðarinnar í framangreindu landamerkjabréfi frá 1886 og sú lýsing á jafnframt stoð í öðrum fyrirliggjandi gögnum um merki jarðarinnar.

Ketilsstaðir eru næsta jörð til norðurs vestan við nyrsta hluta kröfusvæðisins. Ekkert landamerkjabréf fyrir jörðina er í landamerkjabók Suður-Múlasýslu en greint var frá því við manntalsþing 10. júní 1890 að lögð hefði verið fram landamerkjaskrá milli Ketilsstaða og Vallaness sem annar eigandinn hefði verið samþykkur en hinn neitað að skrifa undir. Landamerkjalýsing er síðan í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 þar sem merkjum Ketilsstaða gagnvart kröfusvæðinu er lýst um Fagradalsá frá Stóralækjaósi þangað sem hún fellur í Eyvindará.

Í framangreindum tilvikum er merkjum jarðanna að mestu lýst um ár, fjallseggjar eða vatnaskil sem afmarka þjóðlendukröfusvæðið. Merkjum jarðanna er þannig ekki lýst inn á kröfusvæðið heldur styðja heimildir um merki aðliggjandi jarða við afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki jarða á svæðinu, ásamt öðrum heimildum um merki landsvæðisins, styðji við afmörkun íslenska ríkisins á kröfusvæðinu. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að kröfusvæðið sem hér er til umfjöllunar sé að öllu leyti utan merkja jarða.

### *7.4.3.2 Eignarréttarleg staða*

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þjóðlendukröfusvæðisins. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til svæðisins er eignarréttarleg staða þess til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli áðurnefnds fyrirvara íslenska ríkisins þess efnis að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar væri þess óskað að óbyggðanefnd kannaði og skæri úr um hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* er greint frá því að Uni Garðarsson hafi komið á land á Unaósi og reist sér þar bæ. Þá hafi hann numið land fyrir sunnan Lagarfljót, allt Hérað til Unalækjar. Þar segir einnig að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi komið á land í Eskifirði en síðan numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan, og svo Vellina út til Eyvindarár þar sem hann hafi tekið mikið af landnámi Una. Þá hafi maður að nafni Ásröður fengið Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs, og henni hafi fylgt öll lönd milli Gilsár og Eyvindarár en þau hafi búið á Ketilsstöðum. *Landnáma* greinir einnig frá því að Ævar hinn gamli bróðir Brynjólfs hafi komið á land í Reyðarfirði en svo hafi Brynjólfur gefið honum Skriðdal allan fyrir ofan Gilsá og hann hafi búið á Arnaldsstöðum.

Af framangreindum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort svæðið sem hér er til umfjöllunar hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og upp til fjalla landnám hafi náð á þeim slóðum. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið að einhverju leyti. Þess ber að gæta að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkj-

um. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins."

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Við úrlausn þessa máls reynir því einkum á hvort kröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum. Að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið sem hér er til umfjöllunar sé að öllu leyti utan merkja jarða. Aðrar fyrirliggjandi heimildir benda einnig til þess að það sé ekki undirorpið beinum eignarréttindum. Hins vegar benda gögn málsins til þess að kröfusvæðið hafi haft tengsl við Vallaneskirkju, auk þess sem svæðið kemur við sögu í svörum sveitarfélaga við fyrirspurnum um almenninga og afréttarmál á 20. öld. Hér verða heimildir þar að lútandi því teknar til skoðunar.

Í máldögum Vallaneskirkju allt frá 14. öld er getið um afrétt í Fagradal og undir Skagafelli, auk selfarar að Tunguseli í Eyvindarárdal. Í biskupsvísitasíu frá 1641 kemur hið sama fram, auk þess sem tekið er fram að Eyvindarárdalur kallist þá Tungudalur. Sömu upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar koma fram í biskups- og prófastsvísitasíum fram á 19. öld og enn kemur hið sama fram í skýrslu sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi yfir inntektir Vallanesprestakalls frá 1839.

Í lýsingu á Vallanessókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna sem gerð var í október 1840 er tekið fram að Vallanes eigi selstöðu á Tunguseli „innan til á umgetnum

Eyvindardal, sem ei hafi verið tíðkuð í manna minnum“, auk þess sem getið er um afrétt á Fagradal og undir Skagafelli í umfjöllun um ítök kirkjunnar. Í umfjöllun um vegi innan sóknarinnar segir að innst á Eyvindarárdal fyrir innan Slenju standi sæluhús á Tunguseli sem hafi verið byggt á almenningskostnað. Um takmörk sóknarinnar segir að austan og suðaustan hennar sé fjallgarður, kallaður Ketilsstaðaháls, sem aðskilji byggðina frá afréttardölum sem liggi á bak við hann og almennt kallist einu orði Reyðarfjarðardalir. Um upprekstur bæja sóknarinnar í umfjöllun um dali og afréttir segir að Vallanessábúendur og hjáleignamenn ásamt Strandar-, Egilsstaða-, Kollstaða- og Höfðabændum reki geldfé sitt undir Skagafell. Í lýsingu á Eiðasókn í sama riti, dags. 18. maí 1841, segir að Eyvindará aðskilji Eiðasókn frá Vallanessókn að sunnan. Þá segir:

> og frá þessari sömu á, syðst í nefndum dal, liggur annar dalur beint til austurs, kallaður Slenjudalur, hér um ½ mílu til Mjóafjarðarheiðar, úr hvörjum fellur á, kölluð Slenja, vestur í fyrrnefnda Eyvindará, hvörjar báðar aðskilja afréttir Eiðasóknar að sunnan og vestan frá afréttardölum Vallanessóknar.

Um svipað leyti og framangreindar sóknalýsingar eru skrifaðar greina heimildir frá ágreiningi milli fulltrúa Eiðahrepps og Vallanesprestakalls um réttindi í Tungudal, á norðausturhluta þjóðlendukröfusvæðisins. Hinn 14. maí 1840 lögfesti Guttormur Pálsson prófastur heimaland Vallaness og í lögfestunni segir m.a. um ítök kirkjunnar:

> Sömuleidis lögfesti eg þessi Itök kirkjunnar liggiandi í þessu og Þíngmula þinglagi: Afrett undir Skagafell bádu megin og á Fagradal fyrir ofan Afrettará Selfor á Tunguseli og þar tilheyrandi Land á Tungudal fyrir innan Slenju.

Efni lögfestunnar er að þessu leyti efnislega í samræmi við aðrar eldri heimildir um réttindi Vallaneskirkju á svæðinu. Lögfestan var þinglesin samdægurs og svo aftur þann 8. júlí 1844 en þá voru jafnframt þinglesin svohljóðandi mótmæli hreppstjóra Eiðahrepps:

> Jafnvel þó eg viti ad Vallaness kirkiu Forvaltari hafi fyrir nokkrum Arum Logfest Selför á Tungudal undir Vallaness kirkiu, þá var þeirri Logfestu samstundis motmælt af þáverandi Eydaþínghár hreppstióra, og dalurinn sídan eins og ádur brukadr atölulaust fyrir Afrett af Eyda þínghár Frambyggjurum. – Því lýsi eg hermed almennings Eign og hefdar haldi vegna mín og Sveitarinnar á ofannefndum Tungudal og fyrirbíd því hvorjum manni ad bruka edr Liá adrnefndt Landsplats til Afréttar ödrum enn okkur Eydahreppsbuum.

Hinn 6. janúar 1845 tók sáttanefnd Þingmúlasáttaumdæmis fyrir mál um Tungusel á Eyvindarárdal. Þar viðurkenndi hreppstjóri Eiðahrepps selför heimilaða Vallanesprestakalli en engar aðrar landsnytjar þegar ekki væri haft í seli. Sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi var ekki sáttur við þessi málalok og leitaði til stiftamtmanns vegna málsins. Í málinu liggur fyrir bréf, dags. 17. janúar 1845 að Vallanesi, líklega ritað af sr. Guttormi Pálssyni, til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi þar sem kemur fram að fyrrgreindur sáttafundur hafi farið fram og að hreppstjóri Eiðahrepps hafi hreyft áðurgreindum mótmælum. Í bréfinu segir:

> Í Máldögunum er Vallaness kirkju medal annara ítaka eignud Selför á Túnguseli í Eÿvindardal. – Þessu ítakji sem talid var medal annara ítaka i Lögfestu upplesinni á sídasta manntalsþíngji mótmælti Hreppstjórinn i Eÿdalaþinghá Sgr Sigvaldi Magnússon og lýsti Tungudal i Hvörs mÿnni Selid stendur almenníng og fyrirbaud alla brúkun hanns og lán ödrum enn Eÿdalaþinghár innbyggjendum. Hvörsvegna eg finn mig orsakadann til ad innkalla nefndann Hreppstjóra fÿrir af Amtinu settu forlíkunarmenn þann 6[ta] þ.m. vidurkéndi hann þá – eins og hjálögd útskript af forlíkunar-protokolnum sýnir – Prestakallinu Heimila þá – ádurnefndu Selför, enn neitar þvi um alla brúkun nærliggjandi lands, þegar ekkji væri haft i Seli. – Í þessu tilliti orsakast eg til ad gjöra þá fyrirspurn til Stiptisins: Hvört ad vidkomandi prestar ekkji megji gjöra neina adra brúkun af því landi hvar þeir kÿnnu ad ega Selför þann tíma eda þau ár [innskot á spássíu, óvíst frá hverjum] nei! sem þeir ekkji einhvörra kringumstæda vegna nota sér af Selförinni.

Biskup og stiftamtmaður svöruðu Guttormi 11. mars 1845 og sögðu að hægt ætti að vera að leysa málið en á hinn bóginn ætti ekki að banna réttinn til að leigja selið til annarra. Ekki liggja fyrir frekari gögn um málið eða málalok.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir frá afrétt Vallaness í Reyðarfjarðardölum í kjölfar lýsinga á skógar- og rekaítökum sem liggja undir jörðina. Þá eru í skýrslu um tekjur og útgjöld Vallanesprestakalls 1849–1853, sem gerð var í október 1854, talin upp ítök og hlunnindi kirkjunnar og þeim skipt í tvo flokka eftir því hvort þau væru nýtt af prestinum eða ónotuð. Í skýrslunni segir að presturinn hafi notað „[a]frétt á Fagradal fyrir ofan afréttará og undir Skagafell – notad sem afrétt fyrir géldfé prestsins“. Aftur á móti segir að „[s]elför í Tunguseli í Eyvindarardal“ geti ekki notast vegna fjarlægðar.

Í svari fulltrúa Vallahrepps við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um almenninga frá 29. desember 1919 segir að afréttarland milli Svínadalsár og Tungudalsár að landamærum Reyðarfjarðarhrepps sé óskipt sameign (almenningur) Valla- og Eiðahrepps, en ár þessar falli saman við mynni Svínadals. Önnur svæði séu ekki í Vallahreppi, sem ekki tilheyri sérstökum býlum. Ekki hefur fundist svar frá Eiðahreppi við sömu fyrirspurn, þrátt fyrir ítarlega leit við rannsókn málsins.

Í byggingarbréfi frá 1942 fyrir jörðinni Jaðar I, sem var byggð sem nýbýli úr landi Vallaness, segir m.a að nýbýlið hafi rétt til upprekstrar í afréttarlandi Vallanesstorfunnar í Skagafelli ásamt öðrum býlum úr Vallanesslandi.

Í örnefnaskrá um selstöðu frá Vallanesi er fjallað um selstöðuítak Vallaneskirkju í Reyðarfjarðardölum austan Fagradalsár. Þar segist heimildamaður m.a. lýsa landamerkjum Vallaness í dölunum sem taka til alls kröfusvæðisins, sbr. umfjöllun í kafla 7.4.3.1, og greint er frá seli frá Vallanesi, Tunguseli, sem hafi staðið á bakka Tungudalsár utarlega á dalnum.

Í úttekt á prestssetrinu í Vallanesi 21. október 1970 er fjallað um hlunnindi sem fylgdu Vallanesi en þar eru ekki nefnd réttindi innan þjóðlendukröfusvæðisins og ekki heldur í skjali um afhendingu staðarins þann 27. júní 1977.

Í byggingarbréfi frá 1982 fyrir Vallanesi kemur fram að jörðin sé eign ríkissjóðs. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvenær íslenska ríkið eignaðist jörðina en af þessu skjali er ljóst að jörðin var a.m.k. komin í eigu ríkisins árið 1982.

Í svari oddvita Vallahrepps frá 1989 við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt er fjallað um afrétt á tveimur stöðum, annars vegar Gilsárdal á Norður-Völlum fyrir bændur vestan Grímsár og hins vegar Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal fyrir bændur austan Grímsár. Þá fylgir skýr lýsing á afmörkun síðarnefnda svæðisins sem hefur stuðning af landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, líkt og fjallað er um í kafla 7.4.3.1.

Oddviti Eiðahrepps greinir í svari við sömu fyrirspurn frá áðurnefndum ágreiningi á 19. öld um Tungudal og kveður allharðar deilur hafa staðið yfir milli Eiðahrepps annars vegar og Vallahrepps hins vegar um til hvors sveitarfélagsins afrétturinn ætti að teljast. Afrétturinn nefnist Tungudalur í Dalaafrétti og liggi milli Slenjudals og Svínadals í Dalaafrétti, nái að Slenjudalsá að utan og liggi upp á Eskifjarðarheiði að innan. Oddvitinn segir að viðurkennt sé að Tungudalur teljist til Vallahrepps en leggur um leið áherslu á að ekki verði hróflað við afnotarétti bænda í Eiðaþinghá af Tungudal.

Í málinu liggur fyrir kaupsamningur og afsal, undirritað 12. desember 2016 og 6. janúar 2017, þar sem Ríkiseignir, f.h. ríkissjóðs, selja ábúanda tilgreinda eignarhluta og mannvirki í Vallanesi. Þar kemur m.a. fram að undanskilin við söluna séu réttindi til upprekstrar í afréttarlandi jarðarinnar í Skagafelli. Því er ljóst að ríkið hélt þeim réttindum eftir við söluna.

Í þeim heimildum sem eru raktar hér að framan er þjóðlendukröfusvæðisins fyrst og fremst getið í tengslum við beit eða önnur sambærileg takmörkuð not innan svæðisins, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana, og engar heimildir eru um byggð innan þess. Framangreindar heimildir benda til þess að inntak réttinda yfir svæðinu hafi verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem felast í rétti til upprekstrar búfjár og annarra hefðbundinna afréttarnota, fyrst og fremst af hálfu eigenda og umráðamanna Vallaness. Bera heimildir þannig með sér að svæðið hafi tengst Vallanesi en ekki sem hluti jarðarinnar. Eins og fyrr er rakið styðja heimildir ekki að svæðið hafi áður verið jörð eða hluti af jörð, sem er það atriði sem almennt skiptir mestu við úrlausn um hvort landsvæði sé eignarland eða þjóðlenda. Þá er þess einnig að gæta að kröfusvæðið er landfræðilega aðskilið Vallanesi og á milli liggur land nokkurra jarða en um 10 km eru í beinni loftlínu frá Vallanesi að vesturmörkum kröfusvæðisins í Fagradalsá. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum og staðháttum að líklegt sé að landsvæðið hafi veri numið, a.m.k. að einhverju leyti, en jafnvel þótt svæðið kunni að hafa verið numið í öndverðu liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í þessu sambandi vísast t.d. til úrskurðar óbyggðanefndar um

Þórsmörk í máli nr. 5/2003 og dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 um sama landsvæði.

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, séu ekki nægjanleg ein og sér til að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Að þessu öllu virtu verður ekki talið að svæðið sé undirorpið beinum eignarrétti á grundvelli hefðar.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki hafa verið leitt í ljós að ef stofnast hefur til eignarlands á þeim hluta kröfusvæðisins sem hér er til umfjöllunar með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka) hafi hann haldist síðan. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.

Samkvæmt gögnum málsins mun upprekstur innan þjóðlendukröfusvæðisins hafa tilheyrt staðnum í Vallanesi, samkvæmt heimildum sem ná allt aftur til 14. aldar, og þannig verið afréttareign sem fylgdi jörðinni. Ljóst er hins vegar að sá upprekstrarréttur var síðar skilinn frá jörðinni og hann fylgdi Vallanesi ekki þegar ríkið seldi jörðina árið 2017, eins og áður er getið. Af því verður dregin sú ályktun að viðkomandi réttur sé enn á hendi íslenska ríkisins, enda verður ekki talið að hann hafi fallið niður við það að færast undan Vallanesi. Af fyrirliggjandi gögnum verður því ráðið að svæðið sé í afréttareign íslenska ríkisins.

Í sóknalýsingu frá 1840 og svari oddvita Eiðahrepps og Vallahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti árið 1989 er þess getið að aðrar jarðir en Vallanes hafi nýtt svæðið, eða hluta þess, til upprekstrar, auk þess sem áður er getið ágreinings milli Eiðahrepps og Vallaneskirkju um réttindi í Tungudal innan kröfusvæðisins á 19. öld. Af umræddum heimildum verður hins vegar ekki ráðið hvort aðrir sem kunna að hafa nýtt svæðið hafi talið sig eiga til þess sjálfstæðan rétt eða hvort sú nýting hafi verið í skjóli réttinda Vallaness á svæðinu og þá eftir atvikum með leyfi eða gegn greiðslu til eigenda og umráðamanna Vallaness. Hvað sem því líður styðja gögn málsins ekki tilkall annarra en eigenda og umráðamanna Vallaness og því er niðurstaða nefndarinnar að afréttareign á svæðinu sé fyrr á tímum bundin við Vallanes og síðar íslenska ríkið, eins og áður er lýst.

Ljóst er að einstakir hlutar svæðisins sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Landið sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði […] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Þegar litið er til uppruna og inntaks þeirra réttinda sem felast í afréttareign íslenska ríkisins innan þjóðlendu á svæðinu er ljóst að hún grundvallast á því að réttindin fylgdu jörðinni Vallanesi þegar ríkið eignaðist jörðina og hélt þeim síðan eftir við sölu jarðarinnar árið 2017. Sambærileg staða var uppi í máli nr. 4/2020 (Hvannahlíð) hjá óbyggða-

nefnd. Þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998, var þar tekið til skoðunar hvort það hefði sjálfstæða þýðingu að lögum að úrskurða um afréttareign íslenska ríkisins innan þjóðlendu. Í úrskurði nefndarinnar frá 22. desember 2020 í umræddu máli nr. 4/2020 var komist að þeirri niðurstöðu að svo væri. Með vísan til þess sem þar kemur fram verður það sama talið eiga við í þessu máli.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að þjóðlendukröfusvæðið, þ.e. suðurhluti Eyvindarárdals, ásamt Skagafelli, Tungudal og Svínadal, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará og ræður Slenjudalsá norðaustur að landamerkjavörðu á Slenjudalshálsi, sunnan árinnar. Þaðan er farið beina stefnu austur á Slenjufjall og eftir vatnaskilum á Slenjufjalli austur að vatnaskilum gagnvart Norðfirði. Þaðan suður eftir vatnaskilum á Fönn og þá eftir vatnaskilum milli Tungudals og Eskifjarðar vestur á Tungufell og þaðan suður á Hrævarskörð. Frá Hrævarskörðum er vatnaskilum milli Svínadals og Eskifjarðar og svo Svínadals og Reyðarfjarðar fylgt á Svínadalsvörp og þaðan áfram vestur á Skagafell í Njörvadalsárdrög. Þaðan er vatnaskilum á Skagafelli og á Fagradal fylgt í Fagradalsá. Henni er svo fylgt norður þar til hún rennur í Eyvindará en þaðan er Eyvindará fylgt suðaustur í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er í afréttareign íslenska ríkisins, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Afréttareigninni fylgir veiðiréttur í ám og vötnum samkvæmt 5. gr. sömu laga, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

### *7.4.4 Oddsdalur*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Oddsdalur*. Þjóðlendukröfusvæðið tekur til alls Oddsdals sem gengur suður úr Norðfirði í Fjarðabyggð. Svæðið afmarkast að mestu leyti af fjallshryggjum umhverfis dalinn en nyrsti punktur þess miðast við þann stað þar sem Geithúsaá fellur í Hengifossá, en hin síðarnefnda rennur eftir miðjum Oddsdal.

Umhverfis svæðið eru óumdeild eignarlönd nokkurra jarða. Að norðaustan- og austanverðu svæðinu liggur óumdeilt eignarland Skuggahlíðar í Norðfirði og óumdeilt eignarland Seldals í Norðfirði liggur að því norðvestan- og vestanverðu. Að svæðinu sunnanverðu liggja óumdeild eignarlönd jarða í norðanverðum Reyðarfirði. Skammt norðan og norðaustan svæðisins er óumdeilt eignarland Skorrastaðar[1021] sem krafa er gerð vegna til alls ágreiningssvæðisins. Krafa gagnaðila ríkisins styðst við landamerkja-

[1021] Jörðinni hefur verið skipt í Skorrastað I, II og III en eigendur jarðanna gera sameiginlega kröfu til ágreiningssvæðisins og byggja á því að um óskipt land þeirra sé að ræða.

bréf Skorrastaðar, dags. 14. júlí 1890, og yngra landamerkjabréf sem var þinglýst árið 1938.

Svæðið er lægst í tæplega 150 m hæð á nyrsta hluta þess þar sem Geithúsaá rennur í Hengifossá en rís hæst í um 1.200 m hæð á suðurvesturmörkum svæðisins við Svartafjall. Svæðið er um 4,5 km á lengd í beinni loftlínu frá norðri til suðurs en breiðasti hlutinn er um 3,5 km. Frá bæjarstæði Skorrastaðar að þeim hluta ágreiningssvæðisins sem liggur næst bænum eru rúmlega 3 km í beinni loftlínu. Svæðið er að mestu leyti mjög vel gróið, sérstaklega á láglendari hluta þess og nálægt árfarvegum.

Í kafla 7.4.4.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist á því að Oddsdals sé ekki getið í landamerkjabréfi Skorrastaðar frá 1890 og að tilkall Skorrastaðar til beins eignarréttar yfir svæðinu eigi ekki stoð í eldri heimildum. Ágreiningur aðila snýr því einkum að því hvort ágreiningssvæðið sé hluti jarðarinnar Skorrastaðar og hvort það hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.4.2.

### *7.4.4.1 Afmörkun*

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins.

Af hálfu ríkisins er afmörkun kröfusvæðis lýst svo að bein lína sé dregin úr Hengifossá í veginn á Bröttubrekkubrún, þá umhverfis allan Oddsdal upp á fjallshrygg og að Geithúsaá sem sé fylgt niður í upphafspunkt. Upphaflega var munur á því hvernig aðilar drógu kröfulínur sínar á kort en eftir aðlögun íslenska ríkisins á kröfulínu sinni að kröfulínu gagnaðila á kröfulínukorti við meðferð málsins er ekki ágreiningur milli þeirra um afmörkun ágreiningssvæðisins. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við lýsingar í landamerkjabréfum Seldals, vestan kröfusvæðisins, og Skuggahlíðar að austan.

Líkt og áður greinir er gerð krafa til alls ágreiningssvæðisins vegna Skorrastaðar með vísan til landamerkjabréfs jarðarinnar frá 14. júlí 1890 og yngra landamerkjabréfs frá árinu 1938. Byggt er á því að Oddsdalur tilheyri Skorrastað, sé innan merkja jarðarinnar og háður beinum eignarrétti á þeim grundvelli. Við úrlausn málsins reynir því einkum á túlkun fyrirliggjandi heimilda um merki svæðisins og aðliggjandi jarða.

Fyrst koma til skoðunar heimildir um merki svæðisins sjálfs en merkjum Oddsdals er fyrst lýst sérstaklega í yngra landamerkjabréfi Skorrastaðar, ársettu 1938 og mótteknu til þinglýsingar 22. júní 1938. Þar segir að Oddsdalur sé afréttarland frá Skorrastað. Merkjum Oddsdals gagnvart Skuggahlíð, sem er næsta jörð austan Oddsdals, er lýst úr „geithúsárós að neðan bein lína uppí mitt grænafell" og milli Oddsdals og Seldals, sem er vestan Oddsdals, er merkjum lýst úr „hátúnshálsi að neðan bein lína uppí hátúnsröð, (um hádegistein á bröttubrekku)". Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Seldals og Skuggahlíðar.

Fyrir liggur eldra landamerkjabréf Skorrastaðar frá 1890. Þar er fjallað um merki nokkurra jarða í Norðfirði sem voru kirkjujarðir Skorrastaðar en lýsingarnar eru dagsettar 4.–14. júlí 1890. Í landamerkjabréfinu er útmerkjum Skorrastaðar, ásamt kirkjujörðum og hjáleigum, lýst gagnvart jörðum í annarra eigu, og jafnframt merkjum tiltekinna kirkjujarða og hjáleigna. Hins vegar hefur landamerkjabréfið ekki að geyma samfellda lýsingu á heildarmerkjum Skorrastaðar. Þar er ekki fjallað sérstaklega um merki Oddsdals en meðal annars eru tiltekin landamerki Seldals sem liggur vestan Oddsdals og var eitt sinn selland Skorrastaðar en síðar hjáleiga staðarins. Austanverðum merkjum Seldals er lýst frá mótum Hengifossár og Selár en þaðan ráði Hengifossá upp að Hengifossi og þaðan bein lína í veginn á Bröttubrekkubrún. Að öðru leyti miðast landamerkin við fjallsbrúnir umhverfis Seldal. Þá er fjallað um merki Skuggahlíðar, austan Oddsdals, sem þá var kirkjujörð frá Skorrastað. Innanverðum, þ.e. vestanverðum, merkjum Skuggahlíðar er lýst um „Gestahúsaárós þar sem hún fellur í Hengifossá og þaðan beina lína í mitt Grænafell". Lýsingar á merkjum Oddsdals í yngra landamerkjabréfi Skorrastaðar frá 1938 eru í samræmi við framangreindar lýsingar á austurmörkum Seldals og vesturmörkum Skuggahlíðar í eldra landamerkjabréfi frá 1890.

Í ýmsum biskups- og prófastsvísitasíum frá miðri 17. öld og fram á miðja 19. öld, ásamt texta í kirkjustól Skorrastaðarkirkju frá 1748, er fjallað um landamerki Skorrastaðar en þar er Oddsdals ekki sérstaklega getið. Í prófastsvísitasíu frá 23. ágúst 1818 er tekið fram að Skorrastaðarkirkja eigi Oddsdal allan en merkja er þar ekki getið.

Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* frá 1976 segir að Skorrastaður eigi Oddsdal ofan marka Skuggahlíðar frá Geithúsaá.[1022] Merkjum Skuggahlíðar er síðan lýst ofan af miðju Grænafelli og fram á Oddsdal að mótum Geithúsaár og Hengifossár. Að innan ráði Hengifossá og Selá mörkum og að neðan Norðfjarðará. Þá er tekið fram að Skorrastaður eigi land utan við tún og Oddsdal báðum megin ár nema spildu sem tilheyri Skuggahlíð. Jafnframt segir að fyrr á öldum hafi verið haft í seli frá Skorrastað í Seldal, en samfelld byggð hafi verið þar frá 1838. Austan Seldals deili Hengifossá mörkum við Skuggahlíð og síðan Hátúnshálsbrún, norður af Hátúni, sem myndi múla milli Oddsdals og Seldals.[1023]

[1022] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, III. bindi, bls. 33.
[1023] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, III. bindi, bls. 49–51.

Hinn 24. júlí 1978 voru tekin fyrir landskipti á óskiptu ræktanlegu landi jarðanna Skorrastaðar I, II og III, m.a. í Oddsdal, og lauk skiptunum 31. sama mánaðar. Eftirfarandi var skráð í landskiptabók um Oddsdal:

> Oddsdalur: Mældar voru tvær spildur og sett merki á jöðrum. Spilda ofan þjóðvegar innan við merki Skuggahlíðar og Skorrastaða. Eru innri mörk við jaðar Víðihóla rétt utan og neðan við Skíðaskála. Er sú spilda 7.33 ha að flatarmáli. Spilda milli þjóðvegar og Hengifossár á Oddsdal, mæld frá Geithússtóttum 844 m inneftir og er hún 6.92 ha. Skiptanefnd vill vekja athygli á að Geithússtættur eru utan við skipta landið og er þessvegna óheimilt að hrófla við þeim.
>
> Um þessar spildur var samstaða allra aðila að meta að jöfnu þrátt fyrir smá stærðarmun.
>
> […]
>
> Um stykki í Staðarhálsi og Oddsdal var dregið með samþykki allra Skorrastaðabænda. Þó þannig að stykkin í Staðarhálsi voru dregin á tveimur númerum og raðað niður á þau af skiptanefnd áður. Í Suðurfjalli gegnt Skorrastað réði samkomulag bænda um hvernig lönd skiptust.
>
> Lönd skiptust þannig:
>
> […]
>
> Á Oddsdal: Skorrastaður I fær spildu neðan þjóðvegar. Skorrastaður II og III fá spildu ofan þjóðvegar.

Af skiptagerðinni er ljóst að meðal þess sem var til skipta voru tvær landspildur í Oddsdal, annars vegar 7,33 ha og hins vegar 6,92 ha. Af lýsingu landskiptagerðarinnar á staðsetningu þeirra er ljóst að þær eru innan ágreiningssvæðisins, en þær sjást einnig greinilega á loftmyndum af svæðinu.

Sem fyrr segir liggja jarðir í norðanverðum Reyðarfirði að ágreiningssvæðinu sunnanverðu. Landamerkjabréf Högnastaða og Sellátra, bæði frá 17. maí 1890, og landamerkjabréf Helgustaða með Sigmundarhúsum, dags. 23. maí 1886, greina frá því að fjallseggjar ráði merkjum jarðanna að ofan.

Líkt og áður segir er ekki ágreiningur milli aðila um merki ágreiningssvæðisins og styðja gögn málsins jafnframt við afmörkun aðila. Aftur á móti deila aðilar um hvort Oddsdalur sé innan merkja Skorrastaðar eða ekki. Oddsdals er ekki sérstaklega getið í landamerkjabréfi Skorrastaðar frá 1890 en afmörkun aðila kemur heim og saman við merkjalýsingar aðliggjandi jarða. Lýsingar í landamerkjabréfinu frá 1890 eru hins vegar nokkuð brotakenndar og óskýrar og af því verður ekki afdráttarlaust ráðið hvort Oddsdalur rúmast innan merkja Skorrastaðar samkvæmt bréfinu eða ekki. Merkjum Oddsdals er hins vegar glögglega lýst í landamerkjabréfi Skorrastaðar frá 1938 og dalsins er þar getið sem afréttarlands frá Skorrastað. Af þessu leiðir að ágreiningssvæðið í Oddsdal er innan merkja Skorrastaðar eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1938 og er sú niðurstaða í samræmi við málatilbúnað gagnaðila íslenska ríkisins.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða á svæðinu sem hér er til umfjöllunar styðji við afmörkun aðila, eða mæli henni a.m.k. ekki afdráttarlaust í

mót. Því er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja Skorrastaðar, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1938.

*7.4.4.2 Eignarréttarleg staða*

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* er greint frá því að Egill hinn rauði hafi numið Norðfjörð og búið á Nesi.

Af þessari frásögn *Landnámu* er ljóst Norðfjörður var numinn. Þó verður að gera þann fyrirvara að landnámsmörk inn til lands eru ekki tiltekin og því ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust um nákvæma stærð landnámsins, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun lýsingarinnar eru þó að mati óbyggðanefndar miklar líkur á að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að mestu leyti.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að niðurstöðu um að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja Skorrastaðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1938. Íslenska

ríkið byggir fyrst og fremst á því að ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar þar sem þess sé getið sem afréttarlands og því er tilefni til að kanna það atriði nánar.

Oddsdals er í gögnum málsins fyrst getið í prófastsvísitasíu fyrir Skorrastaðarkirkju frá 1818 þar sem segir að kirkjan eigi Oddsdal allan, en heimildir um kirkju á staðnum ná aftur til um 1200. Í máldaga Skorrastaðarkirkju frá 1397 er fjallað um eignir og ítök kirkjunnar en Oddsdals er þar ekki getið sérstaklega, né heldur í máldaga kirkjunnar frá 1570. Í biskupsvísitasíum fyrir Skorrastaðarkirkju frá 1645 og fram á miðja 19. öld er fjallað um landamerki Skorrastaðar og segir þar m.a. að kirkjan eigi heimaland allt með gögnum og gæðum. Þar er þess sérstaklega getið að kirkjan á Skorrastað eigi Seldal og Skuggahlíð sem liggja vestan og austan Oddsdals.

Hinn 3. júní 1824 var framkvæmd skoðunar- og útvísunargjörð í Seldal til að kanna hvort þar gæti byggst nýbýli. Sama dag skrifaði sr. Benedikt Þorsteinsson á Skorrastað til sýslumanns og skoðunarmanna þar sem hann færði rök fyrir því að ekki ætti að byggja nýbýli í Seldal. Í bréfinu segir m.a.:

> Hin önnur orsök er þessi: Nordfiördur er fyrir 11[u] af bæumm i nordursveitinni edur frá Backa allt innad Kyrkiubols inclusive aldeilis afréttalaus fyrir géldfé, annarstadar enn á þeim 2[r] dölumm Seldal, og Oddsdal nordann meiginn, og þetta land sem eg hefi eptirlátid til sameiginnlegrar afréttar f[yr]ir þá, er þo allt ofþraungt eins og allir kunnugir vita. Skyldi nu nybyle sem lifvænlegt væri upptakast a Seldal mindi þad minka þetta afréttarland stórlega og þad orsaka öllumm þessara bæa ábuendumm stórann já óbætanlegann skada þvi þeir géta hv[ergi] feingid sér afrétt annarstadar, þar allstadar er i nálægum Sv[eit] umm stór þraung med þær.

Í skýrslu yfir inntektir og útgjöld Skorrastaðarprestakalls frá 1. júní 1839 segir um Oddsdal og Seldal:

> Oddsdalur og Seldalur eru Afrettarplats á Sumardag fyrir Gieldfé Prestsins og nokkurra annara Bænda, og á þeim sidarnefnda dal er Heyskapur þá annadhvort þritur Eingi edr ecki vex i Heimalandinu, fyrer brukun Afrettarinar hafa um nokkur ár goldist árlega herum 20 al. enn sá Skogur sem fyrrum var á Seldalshalsi er nú engin ordin

Af skýrslunni sést að kirkjan hefur haft tekjur af nýtingu eigenda annarra jarða á upprekstri í Seldal og Oddsdal, sem virðist því hafa farið fram með leyfi frá Skorrastað.

Í sóknarlýsingu Skorrastaðarsóknar í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna frá 1. október 1841 segir:

> Sel- og Oddsdalurinn eru yfir höfuð mikið grösugir bæði á sléttlendi og upp eftir hlíðum, líka ekki alllítið lyng á þeim fyrrtalda en næstum er gjöreyddur sá skógur sem fyrrum var á Seldalshálsi. Báðir þessir dalir eru Skorastaðarkirkju heimaland en brúkaðir alltaf fyrir afrétt af flestum Norðfirðingum samt til slægna af prestinum og öðrum sem þess þurfa, samt er nýlega byggður Seldalurinn fyrir norðan Seldalsána þar sem fyrrum var höfð selför frá Skorastað en nú ekki brúkuð, bæði vegna vegalengdar sem og oft báginda framan af sumri að fara yfir Norðfjarðarána. Fyrir utan dalina undir Bjarginu stendur bær sá, er *Skuggahlíð* kallast, 6 hndr. að dýrleika, kirkjujörð, þar er heldur lítill heyskapur og verður því oftast að fá hann af Oddsdalnum,

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er jörðin Skorrastaður metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem kirkjueign (beneficium). Í neðanmálsgrein kemur fram að þrjú hundruð

af mati Skorrastaðar tilheyri hjáleigunni Seldal. Þar segir einnig að Seldalur og Oddsdalur séu afréttarpláss staðarins.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Skorrastaður metinn með afbýlinu Seldal og eyðihjáleigunum Stóragerði og Borgum en ekki er sérstaklega fjallað um Oddsdal.

Í skýrslu frá 28. nóvember 1854 um tekjur og útgjöld Skorrastaðarprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 er m.a. fjallað um tekjur af ítökum og hlunnindum en þar er Oddsdals ekki getið. Þar segir aftur á móti að Skorrastaður eigi mikið og gott land en sá ókostur fylgi því að gæðamestu landspartarnir liggi langt frá heimalandinu sem sé mjög lítið ummáls, kostalétt fyrir allan búsmala og undirorpið miklum átroðningi af annarra gripum. Í kjölfarið er vísað til álitsgerðar hreppstjóra og úttektarmanns um prestssetrið Skorrastað, dags. 13. nóvember 1854, þar sem Oddsdalur er m.a. talinn með landi heimajarðarinnar:

> Þared vidkomandi Prófastur eptir skipun biskupsins hefur mælst til þess að vid undirskrifadir mettum hvad sanngjarnlega mætti byggja prestsetrið Skorrastað, þá gjörum við það hjérmeð og tiltökum við þá örnefninn á landi Heímajardarinnar, sem liggur mjög dreíft, til þess að betur sjáist hvað mikið land við leggjum til undirstödu undir matníngu þessa, teljum vid þá.
>
> […]
>
> Oddsdalurinn sem er afréttarland á sumardag fyrir sauðfé þess er býr á stadnum og nokkurra annara nábúa.

Meðal kirkjujarða Skorrastaðar samkvæmt skýrslunni er Skuggahlíð sem liggur austan Oddsdals og á staðurinn Seldal óbyggðan á þeim tíma.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að beitiland Skorrastaðar sé mikið. Beitiland fyrir hesta og nautgripi sé í Norðfjarðarnesi og hinum megin árinnar gagnvart Skorrastað, hvort tveggja mikið land og gott. Þá segir: „Upprekstrarland: Afréttarland á Oddsdal, gott land, tekjulaust að öðru.“

Með bréfi dagsettu 14. maí 1920 svaraði oddviti Norðfjarðarhrepps fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um almenninga frá 29. desember 1919 á þann veg að enginn almenningur og ekkert afréttarland væri í hreppnum sem ekki tilheyrði einhverju lögbýli.

Í örnefnaskrá frá 1931 fyrir Skorrastað fjallar einn þriggja kafla um Oddsdal sem kallaður er afréttarland frá staðnum og sagður meðfylgjandi jörðinni.

Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* frá 1976 er komist svo að orði að Skorrastaðarland sé stórt eftir því sem gerist um jarðir í miðri sveit því að allar landareignir Seldals og Búlandsborgar, á þeim tíma er ritið var skrifað, hafi talist hluti jarðarinnar. Ennfremur eigi staðurinn Oddsdal ofan marka Skuggahlíðar frá Geithúsá. Í kjölfar umfjöllunar um landskipti á jörðinni um miðja 20. öld segir að sameiginlegt og óskipt land sé á Oddsdal, Staðarhálsi, Grænanesbökkum og sunnan ár utan við Skuggahlíð.[1024] Í sama riti segir í umfjöllun um Skuggahlíð:

[1024] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, III. bindi, bls. 32–33.

> Þess má geta, að Skorrastaður hefur ekki haft aðstöðu til að nytja land sitt umhverfis S, enda haft eftir einhverjum presti þar, að Skuggahlíð væri lélegasta kotið af þeim, sem lægju undir staðinn, og væri því rétt, að ábúendur hefðu fríar slægjur á Oddsdal. Hafa Skuggahlíðarbændur notið þessa lands til beitar og fyrr til slægna.[1025]

Bendir framangreint til þess að aðrar jarðir hafi greitt fyrir slægjur og aðrar nytjar á Oddsdal, líkt og jafnframt má lesa úr ýmsum eldri heimildum, en til að mynda segir í umfjöllun um Skálateig að jörðin hafi átt mjög lítið beitiland en hafi átt rétt til beitar og upprekstrar í löndum Skorrastaðar gegn gjaldi.[1026]

Árið 1978 fóru fram landskipti á óskiptu ræktanlegu landi jarðanna Skorrastaðar I, II og III. Meðal þess sem tekið var til skipta voru tvær landspildur í Oddsdal, innan ágreiningssvæðisins, sbr. nánari umfjöllun í kafla 7.4.4.1.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Oddsdals getið sem afréttarlands Skorrastaðar í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1938 og í tengslum við upprekstur og afréttarnot í öðrum fyrirliggjandi gögnum, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana, en ekkert hefur þó komið fram í málinu sem bendir til þess að ágreiningssvæðið hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafréttar. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Heimildir um afnot ágreiningssvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, og er ekki að sjá af heimildum að Oddsdalur hafi nokkurn tímann verið byggður. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið, ásamt öðru, til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn verður að mati óbyggðanefndar ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á Oddsdal en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að vísun til afréttarlands í landamerkjabréfi Skorrastaðar frá 1938 og öðrum gögnum málsins vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitilandi fremur en að endurspegla mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum 19. aldar var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 12. gr. reglugerðar fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m. fl., dags. 4. júlí 1892, segir að afrétt sé þar sem venja hafi verið, enda sé búsmala eigi haldið þar á sumrum að staðaldri, og eftir því skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landa-

[1025] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, III. bindi, bls. 51.
[1026] *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, III. bindi, bls. 38.

merkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið afrétt hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Að mati nefndarinnar styður það við þann skilning á orðinu sem gagnaðilar ríkisins leggja til grundvallar í málinu. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggja fyrir heimildir allt frá byrjun 19. aldar um að umráðamenn Skorrastaðar hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir Oddsdal og má ráða af þeim að svæðið hafi ekki tilheyrt eða staðið öðrum til afnota án leyfis eða gjalds. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Þá ber að líta til þess að Oddsdalur er fremur víðáttulítill, liggur nærri byggð og er vel gróinn, sérstaklega láglendustu hlutar hans sem liggja m.a. að árfarvegum. Þá gefa staðhættir ekki tilefni til að ætla að ágreiningssvæðið hafi verið undanskilið við landnám. Ekki verður þannig séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að svæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en aðliggjandi svæði, en að Oddsdal liggja eignarlönd til allra átta. Þetta atriði er til þess fallið að styðja við niðurstöðu um að réttindi á Oddsdal hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Þegar öll framangreind atriði eru virt í heild er mat óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

## 7.5 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat lítur nefndin almennt til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Einnig er við mat á fjárhæð kostnaðar litið til þess hvað telja mætti sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang ágreiningsmálsins, og málskostnaður úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gaf tilefni til.

Í samræmi við framangreint var gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu úrskurðaður málskostnaður á fundi óbyggðanefndar 17. október 2024. Vegna takmarkaðra fjár-

heimilda óbyggðanefndar var þó einungis úrskurðað um hluta af málskostnaðinum. Ákvörðun um málskostnað að öðru leyti er frestað og málið verður endurupptekið í byrjun árs 2025 í því skyni að úrskurða um það sem eftir stendur.

Áður hafði óbyggðanefnd, á fundi 19. desember 2023, úrskurðað gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu málskostnað í tilvikum þar sem ekki var lengur ágreiningur um mörk jarða. Sú ákvörðun er endanleg og málskostnaður samkvæmt henni hefur þegar verið greiddur.

Úrskurður um málskostnað er birtur í viðauka II.

## 8 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. suðurhluti Eyvindarárdals, ásamt Skagafelli, Tungudal og Svínadal, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

> *Upphafspunktur er þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará og ræður Slenjudalsá norðaustur að landamerkjavörðu á Slenjudalshálsi, sunnan árinnar. Þaðan er farið beina stefnu austur á Slenjufjall og eftir vatnaskilum á Slenjufjalli austur að vatnaskilum gagnvart Norðfirði. Þaðan suður eftir vatnaskilum á Fönn og þá eftir vatnaskilum milli Tungudals og Eskifjarðar vestur á Tungufell og þaðan suður á Hrævarskörð. Frá Hrævarskörðum er vatnaskilum milli Svínadals og Eskifjarðar og svo Svínadals og Reyðarfjarðar fylgt á Svínadalsvörp og þaðan áfram vestur á Skagafell í Njörvadalsárdrög. Þaðan er vatnaskilum á Skagafelli og á Fagradal fylgt í Fagradalsá. Henni er svo fylgt norður þar til hún rennur í Eyvindará en þaðan er Eyvindará fylgt suðaustur í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er í afréttareign íslenska ríkisins, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Hulda Árnadóttir

Allan V. Magnússon

Þorsteinn Magnússon

# ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

— með viðaukum —

**Svæði 1–10A, 10B, 10C o.fl.**

**Sérprentun 5. nóvember 2024**

## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði frá og með svæði 3. Fer sá texti hér á eftir, í 1.–6. kafla.

Í úrskurðum á einstökum svæðum hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Þegar tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi hefur gefist fer sá texti lítillega styttur hér á eftir í 7.–15. kafla.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum og vísa til þeirra.

## EFNISYFIRLIT


**1. INNGANGUR ........ IV**

**2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR ........ V**

**3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA ........ VI**

3.1. Landnám ........ VI
3.2. Hefð ........ VIII
3.3. Lög ........ XII

**4. FLOKKUN LANDS ........ XIV**

4.1. Almennt ........ XIV
4.2. Jörð ........ XV
4.3. Almenningar ........ XX
4.4. Afréttir ........ XXII
4.5. Jörð eða afréttur? ........ XXIX
4.6. Jöklar ........ XXX
4.7. Fjallskil ........ XXXV
4.8. Ítök ........ XXXIX
4.9. Fjörur og rekaeign ........ XLII

**5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD ........ XLVII**

5.1. Almennt ........ XLVII
5.2. Jarðamöt og jarðabækur ........ XLVII
5.3. Máldagar og vísitasíur ........ XLIX
5.4. Lögfestur ........ LI
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf ........ LII
5.6. Afsals- og veðmálabækur ........ LVI
5.7. Aðrar heimildir ........ LVIII

**6. NIÐURSTAÐA ........ LIX**

**7. VIÐAUKI 1: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5 ........ LXIV**

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum ........ LXIV
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða ........ LXIV
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi ........ LXVII

**8. VIÐAUKI 2: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6 .......... LXIX**

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .......... LXIX
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana .......... LXIX

**9. VIÐAUKI 3: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A .......... LXXIII**

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .......... LXXIII

**10. VIÐAUKI 4: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B .......... LXXIII**

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .......... LXXIII
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar .......... LXXIV
10.3. Heimildir um legu jarða til forna .......... LXXVI

**11. VIÐAUKI 5: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A .......... LXXVIII**

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .......... LXXVIII
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir .......... LXXVIII
11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis .......... LXXXI
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna .......... LXXXIV

**12. VIÐAUKI 6: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B .......... LXXXVIII**

12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur .......... LXXXVIII
12.2. Almenningar stöðuvatna .......... LXXXIX

**13. VIÐAUKI 7: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10C .......... XCI**

13.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .......... XCI
13.2. Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776 .......... XCI

**14. VIÐAUKI 8: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10B .......... XCVII**

14.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .......... XCVII
14.2. Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla .......... C

**15. VIÐAUKI 9: ÚR ÚRSKURÐUM Í MÁLUM NR. 1–5/2023 .......... CXIII**

15.1. Almenn álitaefni um stjórnskipulegt gildi
1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 .......... CXIII
15.2. Almenn álitaefni um lagagrundvöll málsmeðferðar
skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 .......... CXVI
15.3. Almenn álitaefni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins .......... CXVIII

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^2/_3$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^1/_4$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^1/_4$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^1/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

---

1 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

2 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

## 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

---

3 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

4 *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

5 *Landnámabók* 1986, s. 321.

6 *Landnámabók* 1986, s. 337.

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagn-

---

7 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

8 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

9 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

fræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

## 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ‚átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

---

10 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

11 *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

12 Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

13 Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna

---

14 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

15 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

16 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

17 *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprieksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

18 *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 august 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

19 *Tíðindi frá Alþingi ... 1845,* s. 466.

20 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886–1889). Reykjavík 1890. S. 236–241.

21 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898). Reykjavík 1901. S. 327–330.

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845 …[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitaefni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008

[221] Kafli 6.1.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B), dags. 10. október 2011.

á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

# 11. VIÐAUKI 5: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

## 11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum [222]

[…]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómar fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[…]

## 11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir[223]

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrra atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið

[222] Kafli 6.1.2.1 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A), dags. 19. desember 2014.
[223] Kafli 6.1.2.2 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A), dags. 19. desember 2014.

á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings

eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkt á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla

að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

## 11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis[224]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir

[224] Kafli 6.1.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A), dags. 19. desember 2014.

> óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum […], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirliggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalínu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lög-

býlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu […] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. […] Aðrir fyrirliggjandi dómar hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.[225]

[225] Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

## 11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna[226]

[…]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklaustur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

> Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Múnkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfirréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirliggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklausturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfirréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklaustri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfirréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfirréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirliggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklaustur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

[226] Kafli 6.1.2.4 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A), dags. 19. desember 2014.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluaðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áðurnefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lægju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum

Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómar Landsyfirréttar kunni að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómar þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfirrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðaefndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnessýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnessýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignar-

dómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra". Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. [...] Aðrir fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

# 12. VIÐAUKI 6: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B

## 12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur[227]

Í kafla 5.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er lýst þeirri afstöðu nefndarinnar að hafi landamerkjabréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt sé ljóst að þinglýstir eigendur hafi um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Í þeim málum sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar á svæði 9B, þar á meðal því máli sem hér er til úrlausnar, eru allmörg dæmi um að ekki liggi fyrir upplýsingar um hvort og þá hvenær landamerkjabréfum jarða sem tengjast ágreiningssvæðunum hafi verið þinglýst og það þótt landamerkjabréfin séu varðveitt í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Á öðrum svæðum sem nefndin hefur haft til meðferðar hefur upplýsingar um þetta oftast verið að finna í dóma- og þingbókum viðkomandi sýslu, í registrum þinglýsingarbóka og/eða á landamerkjabréfunum sjálfum.

Í þessu sambandi skal þess getið að skv. 4. gr. eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, skyldi landeigandi, eftir að hann hafði aflað samþykkis eigenda aðliggjandi jarða á merkjalýsinguna (landamerkjabréfið), fá hana sýslumanni í hendur til þinglesturs á næsta manntalsþingi. Þá skyldi sýslumaður skv. 6. gr. laganna „hafa löggilta landamerkjabók, til að rita í allar merkjalýsingar, samninga og dóma um landamerki, sem á þingi eru lesnir“. Núgildandi landamerkjalög, nr. 41/1919, leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Í 5. gr. þeirra kemur fram að í hverju lögsagnarumdæmi skuli vera löggilt landamerkjabók og skuli sýslumaður[228] rita í hana alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Þá kemur fram í 2. gr. laganna að eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skuli færa hreppstjóra merkjaskrá eftir að aflað hafi verið áritana vegna aðliggjandi landsvæða og hreppstjóri skuli, eftir athugun á skránni, senda sýslumanni hana til þinglýsingar.

Af þessu verður ráðið að allt frá gildistöku eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, hafi gilt reglur sem fólu í sér að ekki skyldi færa landamerkjabréf í landamerkjabók nema þeim hefði verið þinglýst. Jafnframt er ljóst að frá upphafi hefur sú skylda hvílt á sýslumönnum að halda landamerkjabækur, auk þess sem það hefur verið á þeirra hendi að annast þinglýsingar. Það að þau landamerkjabréf sem hér um ræðir sé að finna í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu bendir a.m.k. til þess að þeir sem kölluðu til réttinda á grundvelli þeirra hafi uppfyllt þá skyldu að afhenda þau viðkomandi sýslu-

---

227 Úr kafla 6.3.3 í úrskurði í máli nr. 1/2018 (svæði 9B), dags. 15. ágúst 2019. Í málinu voru til umfjöllunar tilvik þar sem ekki kom með ótvíræðum hætti fram í heimildum að ákveðnum landamerkjabréfum hefði verið þinglýst. Af því tilefni fjallaði nefndin með ítarlegri hætti en gert er í kafla 5.5 um samspil þinglýsingar landamerkjabréfa og færslu þeirra í landamerkjabækur.

228 Í upphaflegri gerð þessarar greinar laganna og allt þar til henni var breytt með 6. gr. laga nr. 92/1991 um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl. var orðið *valdsmaður* notað þar sem nú segir *sýslumaður*. Að öðru leyti er þessi lagagrein óbreytt. Ljóst er að sýslumaður bar þó frá upphafi þær skyldur valdsmanns sem kveðið er á um í greininni.

mannsembætti til þinglýsingar og varðveislu í landamerkjabók eða, séu bréfin frá því eftir gildistöku laga nr. 41/1919, afhenda þau hreppstjóra sem síðan hafi sent þau til sýslumanns. Í ljósi þessa verður að mati óbyggðanefndar engu slegið föstu um að óvissa um þinglýsingu umræddra landamerkjabréfa á Snæfellsnesi bendi til þess að eigendur viðkomandi jarða hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt landamerkjalögum. Þessi landamerkjabréf hafa því eftir sem áður ríkt sönnunargildi um landamerki jarðanna, að öðrum framangreindum skilyrðum uppfylltum.

### 12.2. Almenningar stöðuvatna[229]

Í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. 1. gr. laga nr. 132/2011, er *almenningur* skilgreindur sem sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög landareigna. Þá eru *netlög* skilgreind í 17. tölulið sömu málsgreinar sem vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að. Sambærilegar skilgreiningar á þessum hugtökum er einnig að finna í 2. og 30. tölul. 3. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Fram kemur í 1. mgr. 4. gr. vatnalaga að þegar landareign liggur að stöðuvatni fylgi vatnsbotn þeim bakka sem hann verður talinn framhald af, 115 metra út í vatn (netlög). Í 3. mgr. sömu greinar segir að ef gras vex upp úr vatni við lágflæði fylgi vatnsbotn landi sem þurrt land væri og í 4. mgr. kemur fram að ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni fylgi þeim netlög. Þá segir í 5. mgr. að jafnan skuli miða við lágflæði í vatni. Af athugasemdum við 4. gr. frumvarps sem varð að vatnalögum, nr. 15/1923, verður ótvírætt ráðið að gengið hafi verið út frá því að aðliggjandi fasteignir næðu ekki lengra út í stöðuvötn en næmi netlögunum. Niðurstaða dóms Hæstaréttar sem birtur er á bls. 182 í dómasafni réttarins 1981 (Mývatnsbotn) er í samræmi við þetta. Veiðiréttur í almenningum stöðuvatna tilheyrir aftur á móti jafnan fasteignum sem að þeim liggja, sbr. 6. gr. laga um lax- og silungsveiði. Samkvæmt þessu verður að telja að almenningar stöðuvatna teljist að jafnaði til landsvæða utan eignarlanda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga og eigi því að falla í flokk þjóðlendna samkvæmt lögunum, enda verður að telja að *landsvæði* í þessum skilningi geti bæði átt við um vatn og þurrlendi. Ekki verður þó útilokað fyrir fram að í einstökum tilvikum kunni að hafa stofnast til beinna eignarréttinda á slíkum svæðum, t.d. á grundvelli hefðar.

Þrátt fyrir þetta verður ekki ráðið af þeim gögnum sem varða undirbúning þess að þjóðlendulög voru sett að litið hafi verið til almenninga stöðuvatna í því sambandi og framkvæmd laganna hefur einnig endurspeglað það. Á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur fjallað um til þessa eru fjölmörg dæmi um stöðuvötn sem eru það stór að þar gætu verið almenningar, þ.e. vötnin breiðari en 230 metrar. Þessi vötn eru ýmist innan eða utan svæða sem kröfugerðir íslenska ríkisins um þjóðlendur hafa lotið að. Í þeim tilvikum þar sem vötnin hafa verið innan marka þjóðlendukrafna hefur málatil-

229 Úr kafla 6.3.3 í úrskurði í máli nr. 4/2018 (svæði 9B) , dags. 15. ágúst 2019. Í málinu fjallaði óbyggðanefnd með almennum hætti um almenninga stöðuvatna í tilefni af því að tiltekið stöðuvatn og hluti af öðru vatni voru innan ágreiningssvæðis málsins.

búnaður ríkisins ekki lotið sérstaklega að almenningum þeirra heldur byggst á því að vötnin væru, ýmist að hluta eða heild, innan stærri svæða sem væru þjóðlendur á öðrum grundvelli. Að sama skapi hafa úrlausnir óbyggðanefndar ráðist af stöðu viðkomandi svæða og ekki hefur verið úrskurðað um almenninga vatnanna sérstaklega.

Í máli þessu hefur íslenska ríkið ekki gert varakröfu um að almenningar Baulárvallavatns og Hraunsfjarðarvatns séu þjóðlendur og ekki heldur byggt málatilbúnað sinn á því að hann sé þjóðlenda á þeim grundvelli að hann sé utan netlaga aðliggjandi fasteigna. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Þá verður ráðið af dómi Hæstaréttar frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú á Jökuldal) að málsástæður aðila kunni að reisa nefndinni skorður hvað varðar niðurstöður sem þó rúmist innan kröfugerða þeirra. Enn fremur verður að telja sjónarmið um jafnræði mæla gegn því að úrskurðað verði um þjóðlendu í almenningi Baulárvallavatns og hluta af almenningi Hraunsfjarðarvatns án þess að aðrir almenningar stöðuvatna sæti sams konar málsmeðferð og rannsókn. Að teknu tilliti til þessara atriða er að mati óbyggðanefndar eðlilegra að úrlausn um almenninga stöðuvatna á landinu fari eftir atvikum fram með heildstæðum hætti síðar og í ljósi þess hvernig þjóðlendulög hafa hingað til verið framkvæmd að þessu leyti kynni lagabreyting, þar sem tekin væru af tvímæli um afstöðu löggjafans til þessa, að vera æskilegur undanfari þeirrar vinnu.

# 13. VIÐAUKI 7: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10C

## 13.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[230]

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurður á svæði 10A, þ.e. Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi, var kveðinn upp 21. febrúar 2020. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem fyrr fyrir samtals 68 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Með lögum nr. 50/2016, um dómstóla, sem tóku gildi 1. janúar 2018, var Landsrétti komið á fót og verður dómum héraðsdómstóla á sviði þjóðlendumála nú áfrýjað þangað í stað Hæstaréttar áður. Frá uppkvaðningu úrskurðar á svæði 10A, 21. febrúar 2020, hefur Landsréttur kveðið upp fjóra dóma í þjóðlendumálum, sem jafnframt eru þeir fyrstu á því sviði sem kveðnir eru upp þar. Um er að ræða dóma réttarins frá 2. október 2020 í málum nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir), nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) og nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar), og frá 16. október 2020 í máli nr. 322/2019 (Þóreyjartungur). Í tveimur fyrstnefndu dómunum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að þau svæði sem deilt var um væru þjóðlendur. Í þeim þriðja var komist að niðurstöðu um að hluti svæðisins sem þar var til umfjöllunar væri eignarland en niðurstaða óbyggðanefndar, sem hafði úrskurðað allt svæðið þjóðlendu, var staðfest að öðru leyti.[231] […]

## 13.2. Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776[232]

Í tveimur af framangreindum dómum Landsréttar reyndi á álitaefni í tengslum við stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776.[233] Verður nú vikið nánar að þeim. Í dómi Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir) var m.a. fjallað um þá málsástæðu gagnaðila íslenska ríkisins að áreið og útmæling vegna stofnunar nýbýlis á Fannlaugarstöðum hefði farið fram á grundvelli 3. gr. nýbýlatilskipunarinnar, sem fjallar um stofnun nýbýlis í eignarlandi, og þar með væri ljóst að um eignarland hefði verið að ræða. Landsréttur hafnaði því að sýnt hefði verið fram á það í málinu með svofelldum rökstuðningi:

> Áreið og útmæling Fannlaugarstaða 10. júlí 1823 fór fram á vegum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunar 15. apríl 1776. Samkvæmt

---

230 Kafli 7.1.2 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2020 (svæði 10C), dags. 22. desember 2020.

231 Áfrýjunarleyfis var óskað vegna þriggja af fjórum dómum Landsréttar, allra nema dóms í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar). Hæstiréttur hafnaði beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóma Landsréttar í málum nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) og 63/2019 (Fannlaugarstaðir) og þeir dómar eru því endanlegir, sem og dómur Landsréttar í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar). Hins vegar féllst Hæstiréttur á beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms Landsréttar í máli nr. 322/2019 (Þóreyjartungur) og dómur Hæstaréttar var kveðinn upp 13. október 2021 (mál nr. 41/2020). Um hann er fjallað í úrskurðum á svæði 10B (Ísafjarðarsýslum).

232 Kafli 7.1.2.1 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2020 (svæði 10C), dags. 22. desember 2020.

233 „Tilskipun um fríheit fyrir þá, sem vilja upp taka eyði-jarðir eða óbygð pláz á Íslandi."

> ákvæðum tilskipunarinnar var hvort heldur unnt að stofna til nýbýlis á landi sem enginn kallaði til eignarréttar yfir, sbr. 4. og 5. gr. hennar, eða í eignarlandi annarra, sbr. 3. gr. Fyrir liggur að fullgild stofnun nýbýlis á grundvelli tilskipunarinnar hafði í för með sér stofnun beins eignarréttar yfir landi óháð því hvort 3., 4. eða 5. gr. ætti við, að fullnægðum skilyrðum tilskipunarinnar. Stefndi byggir á því að jafnvel þótt talið yrði að hann hafi ekki fært fram fullnægjandi sönnunargögn um beinan eignarrétt sinn að landinu fyrir árið 1823 sé ótvírætt að slík gögn hafi legið fyrir við áreið og útmælingu landsins 10. júlí það ár. Af hans hálfu er á því byggt að áreiðin og útmælingin hafi farið fram á grundvelli 3. gr. tilskipunarinnar sem fjallar um þær aðstæður þegar einhver „kemur fram með óefanlegan eignarrétt til landsins“. Um nánari rökstuðning fyrir þessu vísar hann einkum til þess að í fyrrgreindri útskrift úr dómsmálabókinni komi fram að Bjarni Þorleifsson sem eigandi Víkur í Sæmundarhlíð, hafi í aðdraganda áreiðarinnar og útmælingu landsins framvísað skjölum sem hafi borið þetta með sér. Í útskriftinni segir nánar tiltekið orðrétt um þetta: „Mr Bjarni Þorleifsson á Reinistað hefir þar skjöl, sem eigna það útþryckilega Vík og fleiri lönd þar nærverandi, enn enginn hefir getað þar á móti haft.“
>
> Fyrir liggur að þau skjöl sem vísað er til í útskriftinni hafa ekki fundist þrátt fyrir leit. Samkvæmt því liggur ekkert fyrir um hvert efni þeirra og innihald var. Er því ekki unnt að staðreyna hvers eðlis sá ætlaði eignarréttur var sem skjölin hafi fengið eiganda Víkur í Sæmundarhlíð yfir landinu. Í ljósi þess sem fyrr hefur verið rakið um efni þeirra skjala sem hafa fundist um landið Fannlaugarstaði og gefa eindregið til kynna að enginn hafi kallað til beins eignarréttar yfir landinu verður í ljósi þessa óskýrleika ekki fallist á að unnt sé að leggja til grundvallar að til hafi staðið að stofna til nýbýlis á grundvelli 3. gr. tilskipunarinnar. Verður því ekki fallist á að fyrrgreind tilvísun í útskrift Dómsmálabókar Skagafjarðarsýslu 1820–1823, til ótilgreindra skjala sem ekki hafa fundist, geti ein og sér dugað sem fullgild sönnun fyrir því að Bjarni Þorleifsson, sem eigandi Víkur í Sæmundarhlíð, hafi árið 1823 farið með beinan eignarrétt að landi Fannlaugarstaða.

Þrátt fyrir það sem fram kemur í tilvitnuðum texta er ljóst af orðalagi 3. og 10. gr. nýbýlatilskipunarinnar að ef stofnað var til nýbýlis á grundvelli 3. gr., á landsvæði sem var háð beinum eignarrétti fyrir, var ekki gert ráð fyrir yfirfærslu þess eignarréttar til nýbýlings nema um það semdist við landeigandann, heldur var þá hugmyndin að nýbýlingurinn fengi ótímabundna ábúð á leigulandi. Jafnframt er ljóst að undir þessum kringumstæðum getur skipt verulegu máli hvort sá sem hefur uppi kröfu um beinan eignarrétt leiðir rétt sinn frá nýbýlingnum eða þeim aðila sem talinn var eiga landið. Um bæði þessi atriði vísast til dóms Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Í úrskurði óbyggðanefndar frá 19. desember 2014 í máli nr. 1/2013 var komist að sömu niðurstöðu um þetta atriði en í dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 31. desember 2018 í máli nr. E-23/2015 var aftur á móti komist að þeirri niðurstöðu að umrætt svæði væri eignarland, m.a. á þeim grundvelli að í dómsmálabók Skagafjarðarsýslu kæmi fram að Bjarni Þorleifsson hefði haft skjöl sem vafalaust sýndu að hann hefði verið eigandi landsins þegar áreið og útmæling Fannlaugarstaða fór fram. Gagnaðila íslenska ríkisins yrði ekki kennt um að þau skjöl sem vísað var til í dómsmálabókinni um þetta hefðu ekki fundist.

Að fenginni niðurstöðu um þetta atriði tók Landsréttur til skoðunar hvort til beins eignarréttar hefði stofnast að landi Fannlaugarstaða með stofnun nýbýlis á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Um það segir í dómi Landsréttar:

> Upplýst er að byggingarbréf fyrir stofnun nýbýlis að Fannlaugarstöðum hafi ekki fundist þrátt fyrir leit og heimildir sem liggja fyrir í málinu gefa heldur ekki til kynna að slíkt bréf hafi verið gefið út eða að eftir því hafi verið gengið af hálfu fyrrgreinds Bjarna Þorleifssonar, eiganda Víkur í Sæmundarhlíð, eða Sigurðar Gíslasonar, ábúanda landsins. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt að leggja til grundvallar að byggingarbréf hafi ekki verið gefið út en engar upplýsingar liggja fyrir um hugsanlegar ástæður þess. Engin gögn liggja heldur fyrir um að áreið og útmælingu Fannlaugarstaða 10. júlí 1823 hafi verið lýst á þingi í samræmi við fyrrgreindan áskilnað 6. gr. tilskipunarinnar.
> Gera verður þá kröfu svo að beinn eignarréttur verði viðurkenndur á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar að fyrir liggi að farið hafi verið eftir ákvæðum hennar um stofnun nýbýlis. Leggja verður til grundvallar að útgáfa byggingarbréfs af hálfu amtmanns á grundvelli fyrrgreindrar 6. gr. tilskipunarinnar hafi falið í sér staðfestingu á rétti nýbýlings til stofnunar nýbýlis og sé þar með forsenda þess að hægt sé að viðurkenna stofnun beins eignarréttar að landi á grundvelli hennar. Sem fyrr greinir liggur fyrir að ekki var gætt að ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar um útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til þess sem átti að verða nýbýlingur í landinu. Um orsakir þess er sem fyrr greinir óupplýst en eins og aðstæður máls þessa eru verður ekki fallist á að unnt sé að láta áfrýjanda bera hallann af því með þeim afleiðingum að beinn eignarréttur yfir landi teljist hafa stofnast á grundvelli tilskipunarinnar. Af fyrrgreindu leiðir að ekki er unnt að fallast á að lögformlegt nýbýli hafi stofnast að Fannlaugarstöðum á grundvelli tilskipunarinnar við fyrrgreinda áreið og útmælingu 10. júlí 1823. Verður því ekki fallist á að stofnast hafi beinn eignarréttur að landinu á grundvelli hennar sem stefndi geti byggt rétt á.

Hér virðist ráða úrslitum að ekki hafi legið fyrir byggingarbréf og engar heimildir gefi til kynna að slíkt bréf hafi verið gefið út eða að eftir því hafi verið gengið af hálfu þeirra sem stóðu að nýbýlisstofnuninni. Á þeim grundvelli taldi Landsréttur að ekki hefði verið gætt að ákvæði 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar og þannig hefði ekki stofnast beinn eignarréttur að landinu á grundvelli hennar.

Í dómi Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) reyndi einnig á það hvort skilyrðum 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hefði verið fullnægt í tengslum við nýbýlisstofnun á hluta ágreiningssvæðis málsins. Talið var sannað að byggingarbréf hefði verið gefið út vegna stofnunar nýbýlis að Réttarhóli. Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013 að nýbýli hefði ekki stofnast þar sem byggingarbréfinu hefði ekki verið þinglýst, svo sem nefndin taldi að skylt hefði verið samkvæmt 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar, og fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að mistökum eða vanrækslu embættismanna væri um að kenna. Um þetta atriði er nokkuð ítarlega fjallað í dómi Landsréttar:

> Fyrir liggur að sýslumaður sendi amtmanni endurrit af áreiðargjörðinni og að amtmaður sendi sýslumanni 17. október 1889 byggingarbréf sem hann óskaði eftir að yrði afhent Birni Eysteinssyni. Þá kemur fram í gögnum málsins að sýslumaður hafi með bréfi 29. sama mánaðar sent byggingarbréfið áfram til Björns samkvæmt áðurgreindum fyrirmælum amtmanns. Frumrit byggingarbréfsins liggur ekki fyrir í málinu en leggja verður til grundvallar að byggingarbréfið sem gefið var út til Björns

> hafi að efni til verið í samræmi við endurrit sem er að finna í skjalasafni amtmanns og áður er getið.
> Í málinu er ekki að finna nein gögn um að „foréttíngunni“ hafi verið lýst á þingi svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar. Í greininni er þess ekki getið hver eigi að annast lýsingu á „foréttíngunni“ á þingi og ekki er sérstaklega kveðið á um að byggingarbréfinu skuli þinglýst. Ljóst er af ákvæði 6. gr. að gerður var greinarmunur á útgáfu byggingarbréfsins og „foréttíngunni“ sjálfri. Þá liggur fyrir að áreiðin var á höndum sýslumannsins og þeirra matsmanna sem hann kvaddi til og að sýslumaður hafði umsjón með manntalsþingi þar sem „forréttíngunni“ skyldi lýst.
> Á þeim tíma sem áreiðargerðin fór fram og byggingarbréfið var gefið út var í gildi tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833. Í 2. og 3. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að ef skjal hljóðar upp á afhendingu fasteignar eigi ætíð að lesa það á þingi „til hvers eigindómurinn heyrir“ sem utan Reykjavíkur skuli vera hið árlega manntalsþing. Í 4. gr. tilskipunarinnar kemur fram að réttarverkun þinglýsingar gagnvart þriðja manni reiknist almennt frá þinglýsingardegi. Af ákvæðinu má ráða að þinglýsingu skjals um afhendingu eignar hafi fyrst og fremst verið ætlað að verja rétt eiganda gagnvart þriðja manni.
> Í úrskurði óbyggðanefndar og hinum áfrýjaða dómi er á því byggt að Birni hafi verið skylt að láta þinglýsa byggingarbréfinu samkvæmt báðum tilskipunum. Svo sem rakið er að framan var ekki mælt fyrir um það í nýbýlistilskipuninni að nýbýlingi hefði borið skylda til þess að þinglýsa byggingarbréfi til þess að fullkomna stofnun nýbýlis heldur er einungis mælt fyrir um að „foréttíngunni“ skuli lýsa á þingi. Það liggur á hinn bóginn fyrir að ef nýbýlingur hefði viljað tryggja eignarrétt sinn á nýbýlinu gagnvart þriðja manni hefði hann getað óskað eftir því að byggingarbréfinu yrði lýst á þingi eins og öðrum skjölum um afhendingu eignar. Fyrir liggur að áreiðargerðin og þar með „foréttíngin“ var á höndum sýslumannsins auk þess sem sýslumaður og amtmaður höfðu báðir haft undir höndum byggingarbréfið sem gefið var út til Björns. Embættismönnunum var því fullkunnugt um gilda stofnun nýbýlisins að Réttarhóli. Ekki verður úr því skorið hvers vegna „foréttíngunni“ var ekki lýst á þingi enda liggja engar upplýsingar fyrir um það í málinu. Þegar framangreint er haft í huga og það markmið þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni verður því hafnað að vanhöld á þinglýsingu hafi leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar Björns á umræddu landi samkvæmt nýbýlatilskipuninni. Gagnvart aðaláfrýjanda verður því að miða við að nýbýli hafi stofnast og Björn þannig eignast einkaeignarrétt að því svæði sem önnur varakrafa gagnáfrýjenda í héraði tekur til, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Í dómnum er byggt á því að 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hafi einungis kveðið á um skyldu til að láta þinglýsa „forréttíngunni“ eða áreiðargerðinni en ekki byggingarbréfinu. Þrátt fyrir það var því hafnað að vanhöld á þinglýsingu „forréttíngarinnar“ hafi leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, m.a. með hliðsjón af því að óljóst hafi verið hvers vegna „forréttíngunni“ hafi ekki verið þinglýst og því markmiði þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni. Ályktun um markmið þinglýsingar var dregin af túlkun á 4. gr. þágildandi tilskipunar um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833.

Af framangreindum dómum Landsréttar má ráða þá afstöðu réttarins að þrátt fyrir að 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hafi kveðið á um skyldu til útgáfu byggingarbréfs og þinglýsingar „forréttingarinnar“ ráði útgáfa byggingarbréfs í raun úrslitum um það hvort stofnast hafi til eignarréttar á grundvelli tilskipunarinnar. Þinglýsingu „forréttíngarinnar“ hafi fyrst og fremst verið ætlað að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja

manni og hún hafi því ekki verið fortakslaust skilyrði fyrir stofnun eignarréttar á grundvelli tilskipunarinnar.

Í dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli) var m.a. fjallað um skilyrði 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar í tengslum við stofnun eignarréttar á grundvelli hennar í Heiðarmúla í Svalbarðshreppi. Í málinu lá fyrir að áreiðar- og skoðunargerð fór fram í samræmi við reglur tilskipunarinnar. Ekki lá hins vegar fyrir hvað gert hefði verið í framhaldinu og um það segir í dómi Hæstaréttar:

> … til að ljúka meðferð málsins stóð eftir að sýslumaður léti af hendi til amtmanns útskrift af áreiðar- og skoðunargerðinni, amtmaður gæfi [nýbýlingi] út byggingarbréf og gerðinni yrði lýst á þingi, svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. tilskipunarinnar.
> […]
> Í málinu hefur ekkert komið fram um að byggingarbréf fyrir Heiðarmúla hafi verið þinglesið eða gerð sýslumanns lýst á manntalsþingi. Að þessu öllu virtu er ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að látið hafi verið hjá líða að ljúka stofnun nýbýlisins með áðurnefndum aðgerðum, sem kveðið var á um í 6. gr. tilskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Til þess verður á hinn bóginn að líta að um þessi atriði, sem málsmeðferðinni var áfátt, varð [nýbýlingi] ekki kennt, heldur er óhjákvæmilegt að rekja þau til mistaka eða vanrækslu embættismanna.

Sú niðurstaða málsins að um þjóðlendu væri að ræða réðst síðan af öðrum atriðum.

Sú afstaða Landsréttar sem að framan var lýst, þess efnis að útgáfa byggingarbréfs ráði í raun úrslitum um hvort stofnað hafi verið til beins eignarréttar á landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, er í meginatriðum í samræmi við þá afstöðu sem óbyggðanefnd hefur haft til þessa atriðis, þó að niðurstaða nefndarinnar varðandi nýbýlisstofnun að Réttarhóli hafi verið önnur en Landsréttar. Má í því sambandi benda á umfjöllun nefndarinnar um heiðarbýli á Norðausturlandi í kafla 7.1.2 í *Almennum niðurstöðum* nefndarinnar sem birtar eru sem viðauki með úrskurði þessum. Umræddur kafli snýr einkum að stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, en þar segir m.a. um það atriði: „Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum." Þrátt fyrir þetta komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu í máli nr. 2/2013, m.a. með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli), að þar sem engar heimildir væru um að byggingarbréfi Réttarhóls hefði verið þinglýst og fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að þar væri mistökum eða vanrækslu embættismanna um að kenna stæðu ekki rök til að viðurkenna að til fullnaðrar nýbýlisstofnunar hefði komið á Réttarhóli í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Eins og áður segir var ekki óskað áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar vegna dóms Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) og beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms réttarins frá sama degi í máli nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir) var hafnað af Hæstarétti. Dómarnir eru því endanlegur í málunum og hafa það fordæmisgildi sem af því leiðir. Samanburður þeirra þriggja dóma sem hér um ræðir, þ.e. dóma Landsréttar í málum nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) og 63/2019 (Fannlaugarstaðir) og dóms Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli), leiðir til

ályktunar um að eftir sem áður ráði útgáfa amtmanns á byggingarbréfi til nýbýlings á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 mestu um hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á áður eigandalausu landi. Ekki ræður endilega úrslitum um þetta þótt látið hafi verið hjá líða að þinglýsa áreiðargerð („forréttingu“) sýslumanns vegna stofnunar nýbýlisins eða eftir atvikum byggingarbréfinu, heldur þarf að meta hvert tilvik sérstaklega. Þá leiða vanhöld á útgáfu byggingarbréfs ekki endilega sjálfkrafa til niðurstöðu um að eignarréttur hafi ekki stofnast á þessum grundvelli, ef þau vanhöld verða rakin til mistaka eða vanrækslu embættismanna, sbr. margnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þau sjónarmið sem koma fram af hálfu Landsréttar í umræddum tveimur dómum eru meðal þess sem hlýtur að koma til skoðunar við mat á því hvort eignarréttur hafi stofnast á þessum grundvelli, í tilvikum sem talist geta sambærileg.

# 14. VIÐAUKI 8: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10B

## 14.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[234]

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum á svæði 10C, þ.e. Barðastrandarsýslu, voru kveðnir upp 22. desember 2020. Frá þeim tíma hefur Hæstiréttur kveðið upp einn dóm í þjóðlendumáli. Um er að ræða dóm réttarins frá 31. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur). Því liggja fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Frá sama tíma hefur Landsréttur kveðið upp fjóra dóma í þjóðlendumálum sem ekki hafa komið til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir. Um er að ræða dóma réttarins frá 28. maí 2021 í máli nr. 104/2020 (Tvídægra, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland, austurhluti Síðumúlaskógar og Helgavatnsselland)[235], 3. júní 2022 í máli nr. 490/2020 (Austurhluti Ystutunguafréttar)[236], og frá 4. nóvember 2022 í málum nr. 514/2021 (Fjalllendi Borgarhrepps)[237] og nr. 515/2021 (Fjalllendi Hraunhrepps)[238].

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar voru niðurstöður óbyggðanefndar um svæðin sem deilt var um staðfestar. Í framangreindum dómi Hæstaréttar komst meirihluti réttarins hins vegar að þeirri niðurstöðu að svæðið sem deilt var um, Þóreyjartungur í Borgarfirði, væri eignarland, en óbyggðanefnd hafði komist að þeirri niðurstöðu að það væri þjóðlenda. Minnihluti Hæstaréttar taldi að staðfesta bæri niðurstöðu óbyggðanefndar. Verður nú vikið nánar að dómi Hæstaréttar.

Í úrskurði óbyggðanefndar 11. október 2016 í máli nr. 5/2014 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Þóreyjartungur í Borgarfirði væru þjóðlenda í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Í dómi Hæstaréttar kom fram að þrátt fyrir að lýsingar í hinum ýmsu gerðum *Landnámu* af landnámi á svæðinu væru ekki að öllu leyti glöggar og samrýmanlegar yrði sú ályktun dregin af þeim að umþrætt landsvæði hefði í upphafi tilheyrt hinu víðfeðma landnámi Skalla-Gríms. Um landnám Þóreyjartungna vísaði dómurinn til þess að óbyggðanefnd hefði komist að þeirri niðurstöðu að aðliggjandi heiðarlönd, Lundartunga og Oddsstaðatunga, hefðu verið numin í öndverðu og teldust eignarlönd. Þá hefði íslenska ríkið ekki gert kröfu fyrir óbyggðanefnd um að landsvæði norður af Þóreyjartungum teldist þjóðlenda. Að mati meirihluta Hæstaréttar ættu flest sömu sjónarmið við um Þóreyjartungur og umrædd heiðarlönd, að því er varðaði lýsingar *Landnámu* á landnámi á svæðinu, staðháttum, hæð yfir sjávarmáli og gróðurfari. Ekki stæðu rök til annars en að niðurstaðan yrði sú sama hvað varðaði nám Þóreyjartungna

---

[234] Kafli 7.2.2 í úrskurðum í málum nr. 1–8/2021 (svæði 10B), dags. 30. ágúst 2023.
[235] Ekki var óskað áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar.
[236] Beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 10. október 2022 nr. 2022-98.
[237] Beiðni um áfrýjunareyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 31. janúar nr. 2022-151.
[238] Beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 31. janúar nr. 2022-152.

og því talið nægilega sýnt fram á að þær hefðu verið numdar með þeim hætti að beinn eignarréttur hefði stofnast yfir þeim.

Að fenginni þeirri niðurstöðu tók Hæstiréttur til skoðunar hvort beinn eignarréttur hefði haldist frá landnámi. Dómurinn tiltók að niðurstaða um það réðist einkum af heildarmati á heimildum um eignarréttindi yfir Þóreyjartungum og inntaki þeirra, heimildum um nýtingu þeirra og fyrirliggjandi upplýsingum um gróðurfar og staðhætti. Að mati meirihluta Hæstaréttar veittu fyrirliggjandi heimildir um jörðina Hrísa í Flókadal og Þóreyjartungur því næga stoð að Þóreyjartungur hefðu lengst af verið hluti af jörðinni Hrísum og að beinn eignarréttur hefði ekki fallið niður þótt Reykholtskirkja, sem átti hálfa jörðina Hrísa og ýmist hálfar eða allar Þóreyjartungur, hefði í lok 19. aldar selt landsvæðið til sveitarfélags. Með vísan til ólíkrar niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Þóreyjartungna annars vegar og Lundartungu og Oddsstaðatungu hins vegar taldi dómurinn rétt að bera saman þá þætti sem helst þættu skipta máli varðandi eignarréttarlega stöðu landsvæðanna. Um þá þætti sem talið var að greindu Þóreyjartungur frá hinum heiðarlöndunum segir eftirfarandi í dóminum:

> Í fyrsta lagi eru heimildir ekki jafn skýrar um hvaða landnámi Þóreyjartungur tilheyrðu og hvað varðar Lundartungu og Oddsstaðatungu. Samkvæmt framansögðu er þó líklegast að öll landsvæðin hafi verið innan upphaflegs landnáms Skalla-Gríms. Í öðru lagi eru eignarréttarleg tengsl jarðarinnar Hrísa og Þóreyjartungna ekki jafn skýr og samfelld og jarðarinnar Lundar og Lundartungu annars vegar og jarðarinnar Oddsstaða og Oddsstaðatungu hins vegar að því leyti að á löngu tímabili átti Reykholtskirkja hálfa jörðina Hrísa en allar Þóreyjartungur. Í þriðja lagi var Þóreyjartungna jafnan getið sérstaklega í eldri heimildum þótt yfirleitt hafi það verið í tengslum við jörðina Hrísa en jörðinni Oddsstöðum og landamerkjum hennar hins vegar að jafnaði lýst þannig að landsvæðið Oddsstaðatunga taldist í raun hluti af henni. Í fjórða lagi hafði verið gert landamerkjabréf fyrir jörðina Oddsstaði 29. maí 1885 áður en Oddsstaðatunga var seld frá Oddsstöðum árið 1930 og náði lýsing á merkjum einnig yfir Oddsstaðatungu án þess að hún hafi sérstaklega verið þar tilgreind eða afmörkuð.

Hvað varðar þá þætti sem talið var að umrædd heiðarlönd ættu sameiginlega í eignarréttarlegu tilliti segir eftirfarandi:

> Í fyrsta lagi eru landsvæðin afar einsleit hvað varðar landfræðilega legu, gróðurfar og hæð yfir sjávarmáli. Í öðru lagi hafa landsvæðin svo lengi sem elstu heimildir greina verið nýtt sem séreignarafréttir sem ekki hafa staðið öðrum en eigendum þeirra til afnota án leyfis. Í þriðja lagi rofnuðu eignarréttarleg tengsl milli landsvæðanna og þeirra jarða sem landsvæðin tengdust ekki fyrr en í lok 19. og byrjun 20. aldar og þau þá gerð að samnotaafréttum. Í fjórða lagi hefur meðferð eigenda landsvæðanna verið án athugasemda yfirvalda og nágranna og að mestu ágreiningslaus. Í fimmta lagi fjalla heimildir um öll landsvæðin fyrst og fremst um beit og önnur þrengri og sambærileg not svo sem selstöðu sem heimildir eru um á þeim öllum. Í sjötta lagi var landsvæðanna ekki getið sérstaklega í lýsingu á jörðunum Hrísum, Lundi og Oddsstöðum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1708 en takmarkaðar ályktanir verða af því dregnar. Í sjöunda lagi var Lundartungu lýst með svipuðum hætti í eldri heimildum í tengslum við lýsingu á Lundi eða Lundarkirkju og Þóreyjartungum var lýst í tengslum við lýsingu á Hrísum. Lundartungu eða Lundarheiði var þannig ekki getið sérstaklega í eldri heimildum um jörðina Lund og Lundarkirkju en svæðisins fyrst getið í vísitasíu fyrir Lund frá árinu 1647 og staðsetningu hennar þar fyrst lýst. Í lögfestum Lundar frá árunum 1665, 1671, 1679, 1694 og 1703 var Lundarheiði tilgreind með svipuðum hætti

> gagnvart jörðinni Lundi og Þóreyjartungur gagnvart jörðinni Hrísum. Þannig var Lundarheiði lögfest Lundi sérstaklega í lögfestu frá árinu 1694 og í vísitasíum fyrir Lundarkirkju frá árunum 1827 og 1868 er landamerkjum Lundar lýst annars vegar og Lundarheiðar hins vegar gagnvart öðrum landsvæðum. Í áttunda lagi hafði hvorki verið gert landamerkjabréf fyrir Hrísa né Lund áður en Þóreyjartungur voru seldar árið 1895 og Lundartungur árið 1910, gagnstætt við Oddsstaði þegar Oddsstaðatunga var seld árið 1930.

Samkvæmt þessu taldi meirihluti Hæstaréttar að Þóreyjartunga og Lundartunga ættu að nær öllu leyti og Oddsstaðatunga að flestu leyti þá þætti sameiginlega sem mestu máli skiptu við afmörkun á eignarlöndum og þjóðlendum. Ekkert væri fram komið sem stutt gæti að munur yrði gerður á Þóreyjartungum og aðliggjandi landsvæðum og því stæðu ekki rök til annars en að niðurstaðan yrði sú sama hvað varðaði eignarréttarlega stöðu Þóreyjartungna, Lundartungu og Oddsstaðatungu, þ.e. að Þóreyjartunga teldist eignarland en ekki þjóðlenda.

Í sératkvæði tveggja dómara Hæstaréttar var komist að öndverðri niðurstöðu. Að því marki sem talið yrði að Þóreyjartungur hefðu verið numdar í öndverðu hefðu þær verið innan landnáms Björns gullbera, sem hefði numið land milli Grímsár og Flókadalsár. Þar sem því væri lýst í *Landnámu* að síðarnefnda áin hefði skilið milli landa hans og jarðarinnar Hrísa hefðu Þóreyjartungur ekki verið hluti af landnámsjörðinni Hrísum. Að mati minnihluta Hæstaréttar veittu heimildir um Hrísa og Þóreyjartungur því ekki stoð að Þóreyjartungur hefðu verið hluti af jörðinni Hrísum, enda væru tungurnar tilgreindar sérstaklega og í lögfestum allt frá árinu 1739 með öðrum eignum og ítökum Reykholtskirkju. Þvert á móti taldi minnihluti Hæstaréttar að heimildir bentu fremur til þess að Þóreyjartungur hefðu verið sérstakt landsvæði og ekki hluti af jörðinni. Í sératkvæðinu er þess getið að ekkert hafi komið fram í heimildum um að Þóreyjartungur hefðu verið nýttar til annars en upprekstrar búfjár. Engin viðhlítandi rök stæðu því til annars en að líta svo á að réttindi Reykholtskirkju, og þeirra sem leiddu rétt sinn til landsins frá henni, hefðu verið fólgin í óbeinum eignarréttindum til hefðbundinna nota á því til upprekstrar og annars þess sem afréttir hefðu í aldanna rás almennt verið hafðir til. Um samanburð á Þóreyjartungum og aðliggjandi landsvæðum segir í sératkvæðinu:

> Við tökum undir þá lýsingu í atkvæði meirihluta dómenda að niðurstaða um hvort landsvæði telst hafa verið numið í öndverðu og hvort það telst eignarland eða þjóðlenda geti meðal annars ráðist af samanburði við niðurstöður um aðliggjandi landsvæði sem telja verður sambærileg með tilliti til gróðurfars og hæðar yfir sjávarmáli. Þetta er þó aðeins einn af mörgum þáttum í heildarmati en kemur ekki í stað kröfu um að efnislega áþekkar heimildir séu til stuðnings eignarhaldi á samliggjandi landsvæðum.
> Þegar litið er til aðliggjandi landsvæða, Lundartungu og Oddsstaðatungu, sem liggja sunnan Þóreyjartungna og talin voru eignarlönd í fyrrnefndum úrskurði óbyggðanefndar, sést að til grundvallar þeirri niðurstöðu lágu mun skýrari heimildir í samanburði við Þóreyjartungur, bæði um nám í öndverðu og þaðan í frá um óslitin og óumdeild tengsl þeirra sem hluta viðkomandi landsnámsjarða. Allt þetta landsvæði er vissulega áþekkt að gróðurfari og staðháttum sem rennir stoðum undir þá ályktun að Þóreyjartungur hafi verið numdar í upphafi. Þar sem ekki nýtur við styrkari heimilda um að Þóreyjartungur hafi upphaflega verið hluti af landnámsjörðinni Hrísum og beinn eignarréttur að landinu hafi með henni færst á hendur annarra geta áþekkir staðhættir þó ekki einir sér ráðið úrslitum til staðfestingar því að um eignarland stefndu sé að ræða.

Að þessu virtu var niðurstaða minnihluta Hæstaréttar að staðfesta bæri niðurstöðu óbyggðanefndar.

Af dómnum má ráða að talsverð áhersla hafi verið lögð á samanburð við aðliggjandi landsvæði og miklu virðist hafa ráðið í niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar að óbyggðanefnd hafi komist að öndverðri niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu Lundartungu og Oddsstaðatungu, þrátt fyrir að margt væri sameiginlegt með þeim og Þóreyjartungum. Þessi sjónarmið sem koma fram af hálfu meirihluta Hæstaréttar í dómnum eru meðal þess sem hlýtur að koma til skoðunar við mat á eignarréttarlegri stöðu í tilvikum sem talist geta sambærileg. Hins vegar virðist munurinn á niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar og óbyggðanefndar einnig grundvallast á ólíku mati á sambandi jarðarinnar Hrísa og Þóreyjartungna, en óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að heimildir um Hrísar og Þóreyjartungur bentu til þess að Þóreyjartungur hefðu ekki verið hluti jarðarinnar heldur sérstakt landsvæði, aðskilið frá jörðinni, líkt og minnihluti Hæstaréttar.

## 14.2. Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla[239]

### *[14.2.3.1] Almennt*

Sá ágreiningur sem uppi er milli íslenska ríkisins og gagnaðila þess í málum nr. 1–8/2021 á svæði 10B snýr að verulegu leyti að því hvort efstu hlutar fjalla séu þjóðlendur eða hvort eignarlönd jarða beggja vegna nái saman uppi á fjöllum. Íslenska ríkið byggir gjarnan á því að þær fjallsbrúnir sem mynda skörp skil í landslagi, t.d. við frambrún kletta, ráði merkjum eignarlanda gagnvart þjóðlendum. Vísað er til þess af hálfu ríkisins að í slíkum tilvikum séu landfræðilegar aðstæður oft með þeim hætti að innan fjallsbrúna, þ.e. ofan á fjalli, liggi tiltölulega flatlent svæði eða skýrt afmarkað. Þegar landamerkjum sé lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall sé almennt litið svo á að merki séu dregin í fjallsbrúnir í þeirri merkingu. Sé merkjum ekki lýst lengra, landamerkjalýsingar séu óskýrar eða landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin og í töluverðri hæð sé víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði úrskurðað þjóðlenda. Kröfugerð ríkisins er í þeim tilvikum iðulega háttað þannig að kröfulínur eru sagðar fylgja fjallsbrúnum, eins og þær eru skilgreindar af hálfu ríkisins, en tilgreindir punktar á línunum sem miðast við efstu punkta í landamerkjalýsingum, en eru ekki endilega nákvæmlega þeir sömu. Þá eru kröfulínur ríkisins í sumum tilvikum miðaðar við hæðarlínur. Fram kemur í kröfugerð ríkisins að það sé gert þegar fyrir liggi að um jörð sé að ræða en landamerkjalýsing liggi ekki fyrir, sé óljós eða óskýr og ekki sé hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki sé hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun til að miða við. Hæðarlína hafi þó jafnan verið

[239] Kafli 7.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2021 og 7–8/2021 (svæði 10B), dags. 30. ágúst 2023. Undirkaflarnir eru þar nr. 7.2.3.1–7.2.3.8

valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti, s.s. gróðurfar og landslag.[240]

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja aftur á móti jafnan á því að túlka beri landamerkjabréf og aðrar heimildir um merki jarða á þessu svæði á þann veg að landamerki jarðanna nái upp á efstu hluta fjallanna og að þegar hugtakið fjallsbrún kemur fyrir í merkjalýsingum sé átt við vatnaskil. Því séu engar þjóðlendur uppi á fjöllunum.[241] Við úrlausn um framangreind atriði reynir m.a. á túlkun hugtaksins „fjallsbrún" og sambærilegra hugtaka í merkjalýsingum, mat á þýðingu þess að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar og áhrif atriða á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð á sönnunarmat. Þar sem víða reynir á atriði af þessu tagi við úrlausn málanna er ástæða til að fjalla almennt um þau hér, áður en að því kemur að taka afstöðu til einstakra tilvika.

Við úrlausn þjóðlendumála skal m.a. gætt samræmis og jafnræðis. Í því sambandi ber ekki einungis að líta til niðurstaðna einstakra ágreiningsmála heldur einnig þess hvernig kröfugerð íslenska ríkisins hefur verið háttað. Má í því sambandi geta um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2006 (Fell í Suðursveit). Þar var m.a. deilt um hvort miða ætti mörk þjóðlendu á Vatnajökli við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga árið 1998 eða þann tíma þegar landamerkjabréf jarðarinnar Fells var gert. Þar sem ríkið undi þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að miða við fyrrnefnda tímamarkið gagnvart öðrum jörðum í Suðursveit og Öræfum án þess að láta reyna á þau fyrir dómi taldi Hæstiréttur að vegna jafnræðisreglu yrði ekki hróflað við ákvörðun nefndarinnar gagnvart eignarlandi Fells að þessu leyti.

Fyrir uppkvaðningu úrskurða í málum á svæði 10B hefur óbyggðanefnd lokið almennri málsmeðferð á um 91% meginlandsins og úrskurðir nefndarinnar í þjóðlendumálum eru orðnir 66 talsins, en í hverju máli hefur iðulega verið fjallað um nokkur ágreiningssvæði og fjölda jarða. Þá liggja fyrir 69 hæstaréttardómar í þjóðlendumálum, 8 dómar Landsréttar og 107 héraðsdómar. Þegar litið er heildstætt á endanlegar niðurstöður málanna finnast ekki dæmi þess að efstu hlutar fjalla teljist þjóðlendur nema um sé að ræða nokkuð víðfeðm heiðarlönd eða hluta af þjóðlendum sem ná jafnframt yfir nærliggjandi landsvæði. Þá hafa gjarnan legið fyrir heimildir um að viðkomandi svæði hafi aðra stöðu að eignarrétti en land aðliggjandi jarða, svo sem að þar séu eða hafi verið afréttir eða almenningar.[242] Enn fremur hafa fjölmörg fjöll talist eignarlönd í heild þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið lýsti ekki kröfum um að þau eða hlutar þeirra væru þjóðlendur. Ætla verður að til grundvallar þeirri afstöðu ríkisins hafi legið það mat að um eignarlönd væri að ræða. Víða um land eru staðhættir sambærilegir við Ísafjarðarsýslur að því leyti að fjöll skilja þar gjarnan á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, án þess að endilega sé um að ræða víðáttumikla fjallgarða eða stór og samfelld

240 Fjallað er um kröfur og sjónarmið íslenska ríkisins í máli þessu í köflum 3.1 og 6.1.

241 Fjallað er um kröfur og sjónarmið annarra en ríkisins í köflum 3.2–3.12 og 6.2.

242 Hvað varðar nánari umfjöllun um jarðir, afrétti og almenninga vísast til kafla 4.2–4.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum.

heiðarlönd. Má í því sambandi nefna sem dæmi Barðastrandarsýslur sem auðkenndar voru sem svæði 10C við málsmeðferð óbyggðanefndar en um ágreiningssvæði þar var fjallað í úrskurðum nefndarinnar í málum nr. 1–4/2021.

Greining óbyggðanefndar á landamerkjum sem varða ágreiningssvæði í þeim landshlutum þar sem nefndin hefur lokið málsmeðferð hefur leitt í ljós að mjög algengt er að vatnaskil efst á fjöllum ráði merkjum milli jarða, sérstaklega í tilvikum þar sem ekki er um að ræða mjög víðfeðma fjallgarða eða heiðarlönd, eða að lönd jarða nái a.m.k. saman uppi á fjöllum án þess að nákvæmlega sé skilgreint með hvaða hætti. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi fjallgarðinn milli Lóns og Nesja í málum nr. 4/2001 (Nes) og 5/2001 (Lón), Esju í sameinuðum málum nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós), Smjörfjöll í málum nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð) og 3/2005 (Vopnafjarðarhreppur), Lambafjöll og fjallgarðinn á Tjörnesi í máli nr. 2/2007 (Tjörnes og Þeistareykir), Kinnar- og Víknafjöll í máli nr. 4/2007 (Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár), fjalllendi í Grýtubakkahreppi í máli nr. 5/2007 (Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár), fjöll sem skilja að jarðir í fyrrum Hörðudals- og Miðdalahreppum í Dalasýslu í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár) og fjalllendi inn af Vatnsfirði í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps). Niðurstöður allra þessara mála standa óraskaðar af dómstólum að þessu leyti enda undi íslenska ríkið við þær. Þá eru ótalin tilvik þar sem ágreiningslaust var milli íslenska ríkisins og landeigenda að eignarlönd næðu saman uppi á fjöllum þar sem ríkið lýsti ekki kröfum um þjóðlendur þar.

Algengt er þó að merkjalýsingar til fjalla séu ekki eins nákvæmar og niðri á láglendi. Að mati nefndarinnar er líklegt að oft stafi það annars vegar af því að meiri hagsmunir voru bundnir við að merki milli nytjalanda jarða á láglendi væru skýr heldur en merki til fjalla. Hins vegar má að mati nefndarinnar ætla að sú útbreidda venja, sbr. fyrrgreind dæmi, að vatnaskil og hæstu brúnir fjalla ráði merkjum hafi gert það að verkum að minni ástæða hafi þótt til að lýsa þeim hluta merkjanna en merkjum gagnvart aðliggjandi jörðum á láglendi í tilvikum þar sem fjöllin fólu í sér skýr landamerki af náttúrunnar hendi. Þar sem fjöll skilja að dali og firði sem eru eða hafa verið í byggð má að mati nefndarinnar oft telja líklegt að merki jarða nái saman á fjöllunum, nema heimildir eða staðhættir mæli því sérstaklega í mót.

### *[14.2.3.2] Nánar um áhrif staðhátta o.fl. á sönnunarmat*

Fjölmörg dæmi eru um það í réttarframkvæmd að atriði á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð hafi haft áhrif á mat á því hvort landsvæði væru eignarlönd eða þjóðlendur. Staðhættir geta verið þannig að meiri kröfur en ella séu gerðar um sönnun þess að svæði sé eignarland. Til marks um það eru t.d. tveir dómar sem voru meðal þeirra fyrstu sem Hæstiréttur kvað upp í þjóðlendumálum en þar gaf rétturinn til kynna þá afstöðu að í ljósi staðhátta og gróðurfars hefðu tiltekin svæði átt að teljast þjóðlendur

ef ríkið hefði gert sérstakar kröfur um það. Um er að ræða dóma réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar fjalllendi nærri mörkum fyrrum Biskupstungna- og Laugardalshreppa, og frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) að því er varðar tiltekið landsvæði sunnan og vestan Jökulsár í Lóni. Tilvikin sem um ræðir í þessum tveimur dómum eru frábrugðin flestum tilvikum í Ísafjarðarsýslum sem nú eru til umfjöllunar að því leyti að þar er ekki um að ræða tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi sem skilur milli eignarlanda jarða heldur lítt gróin hálendissvæði sem eru nokkuð fjarri byggð en liggja nærri samfelldri þjóðlendu á miðhálendinu. Þá hefur Hæstiréttur einnig staðfest að hálend og lítt gróin svæði geti verið innan eignarlanda ef fullnægjandi heimildir liggja því til grundvallar, sbr. t.d. dóm réttarins frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli sem heimildir bentu til að hefði einungis verið háð mjög takmörkuðum notum.

Af framangreindu er ljóst að það að svæði er hálent, lítt gróið, fjarri byggð og lítt nytjað leiðir ekki sjálfkrafa til niðurstöðu um þjóðlendu, þótt allt séu þetta atriði sem geta ásamt skriflegum heimildum haft áhrif á sönnunarmatið.

### *[14.2.3.3] Áhrif þess að landamerkjabréf skortir eða merkjalýsing er óljós*

Með lögum um landamerki nr. 5/1882 var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrá landamerki jarða sinna. Skrásetja skyldi nákvæma lýsingu á landamerkjum, afla áritana eigenda aðliggjandi landsvæða ef þeir voru samþykkir lýsingunni og fá sýslumanni skrána í hendur til þinglýsingar á næsta manntalsþingi, sbr. 3. og 4. gr. laganna. Kveðið var á um sambærilegar skyldur í 2. gr. laga um landamerki nr. 41/1919 sem leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Þessar skrár eða merkjalýsingar sem lög nr. 5/1882 og síðar lög nr. 41/1919 kváðu á um eru jafnan nefndar landamerkjabréf. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt á landi og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd.

Þrátt fyrir að landamerkjabréf jarða hafi almennt mjög mikið vægi við sönnun um eignarland[243] hefur í réttarframkvæmd ekki verið gerð fortakslaus krafa um að merkjalýsingar þeirra séu að öllu leyti ótvíræðar og raunar eru nokkur dæmi um að svæði hafi verið talin eignarlönd þótt ekki séu fyrir hendi landamerkjabréf og jafnvel ekki heldur aðrar merkjalýsingar. Á það sérstaklega við ef landamerki geta talist glögg af náttúrunnar hendi, t.d. ár og lækir, strandlengjan og jökulrendur. Má í því sambandi nefna

[243] Sjá umfjöllun um landamerkjabréf í köflum 5.5, 7.1.1, 10.2, 11.2 og 12.1 í *Almennnum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

úrskurði óbyggðanefndar í málum á svæði 2 (Sveitarfélagið Hornafjörður) og svæði 3 (Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla) þar sem merkjum jarða gagnvart jöklum var ekki endilega lýst í landamerkjabréfum en nefndin komst þó almennt að þeirri niðurstöðu að jöklarnir hefðu afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að umfjöllunar hefði ekki talist þörf.

Í þessu sambandi er vert að leggja áherslu á að þótt lögð væri á skylda til skrásetningar landamerkja með lögum nr. 5/1882 og síðar lögum nr. 41/1919 var ræksla þeirrar skyldu aldrei forsenda þess að eignarréttindi héldust við. Eignarréttindi féllu ekki niður vegna vanrækslu skyldunnar og að sama skapi hefur aldrei verið unnt að stofna til nýrra eignarréttinda, umfram þau sem fyrir voru, með því að útbúa landamerkjabréf.[244] Um var að ræða skrásetningu réttinda sem þegar voru til staðar og eftir atvikum ákvörðun um mörk þeirra, í samráði við eigendur eða umráðamenn aðliggjandi landsvæða. Af þessu leiðir að þýðing landamerkjabréfs við úrlausn þjóðlendumála er fyrst og fremst sönnunarlegs eðlis en tilvist þess er ekki fortakslaust skilyrði þess að fallist sé á að landsvæði sé háð beinum eignarrétti, ef rétt þykir að draga slíka ályktun af öðrum atriðum.

Að mati óbyggðanefndar leiðir það af eðli máls að ef fyrir liggur að landsvæði hafi stöðu jarðar að lögum en merkjalýsingu skortir þarf að ákvarða merkin að álitum, m.a. út frá staðháttum. Sem dæmi um tilvik þar sem úrskurðað hefur verið um eignarland þrátt fyrir vöntun á landamerkjabréfi og öðrum merkjalýsingum má nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn). Þar voru ekki fyrir hendi landamerkjabréf eða aðrar merkjalýsingar fyrir jörðina Hrafnkelsstaði en með hliðsjón af staðháttum og öðrum fyrirliggjandi heimildum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að mörk jarðarinnar gagnvart þjóðlendu í Eyrarbotni lægju um efstu brúnir Gunnungsfells á vatnaskilum.

Í réttarframkvæmd finnast á hinn bóginn nokkur dæmi þess að mörk þjóðlendna og eignarlanda séu dregin um beinar línur milli efstu kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum eða öðrum merkjalýsingum. Má í því sambandi fyrst nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) en nánar er vikið að honum í kafla 7.2.3.5. Sömu nálgun var beitt í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 8/2003 (Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallahreppi) og dómi Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir). Með dómnum staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu óbyggðanefndar að

[244] Um stofnunarhætti eignarréttinda er fjallað í 3. kafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum. Tekið skal fram að þótt ekki sé hægt að stofna til nýrra eignarréttinda með landamerkjabréfi, þá er unnt að semja með landamerkjabréfi um breytingu á landamerkjum milli eignarlanda, enda eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum nr. 457/2011 (Krýsuvík), 547/2012 (Reykjahlíð), 360/2013 (Hrollaugsstaðir og Ásgrímsstaðir), 222/2014 (Miðhús og Barmar), 637/2014 (Brekka/Snartastaðir), 127/2015 (Dyrhólaey) og 136/2017 (Á og Skarð), sem og: Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2023, bls. 168–171. Ef þannig er samið um breytingu á landamerkjum er um að ræða svonefnda *afleidda stofnun* eignarréttinda en ekki frumstofnun þeirra.

mörk þjóðlendunnar Síðumannaafréttar gagnvart umræddum jörðum skyldu dregin um beina línu milli upptaka Geirlandsár og Þverár. Niðurstaða óbyggðanefndar um að miða merkin að þessu leyti við beina línu byggðist m.a. á því að náttúrulegar aðstæður á svæðinu veittu litla vísbendingu um legu norðurmerkja jarðanna og engin glögg skil væru frá náttúrunnar hendi til að styðjast við. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu nefndarinnar að þessu leyti. Annað dæmi um að Hæstiréttur dragi mörk þjóðlendu gagnvart eignarlöndum eftir beinum línum milli þeirra kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum og liggja næst viðkomandi þjóðlendum er dómur réttarins frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Mjóidalur, Sörlastaðir og Hjaltadalur ásamt Kambfellskjálka) en þar breytti rétturinn niðurstöðu óbyggðanefndar um mörk þjóðlendunnar afréttarlands í Þingeyjarsveit gagnvart umræddum jörðum, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 3/2007 (Þingeyjarsveit sunnan Ljósavatnsskarðs og vestan Skjálfandafljóts). Við samanburð þessara tilvika við þau sem til úrlausnar eru á svæði 10B ber þess að gæta að bæði Síðumannaafréttur og afréttarland í Þingeyjarsveit eru svæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum nutu stöðu afrétta að lögum fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 og tilheyra nú víðáttumiklu og samfelldu svæði þjóðlendna á miðhálendi Íslands. Í þessum tilvikum var því ekki um að ræða álitaefni um efstu hluta fjalla sem skilja á milli eignarlanda jarða.

### *[14.2.3.4] Túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra tilvísana í merkjalýsingum*

Í málunum sem hér eru til úrlausnar hefur óbyggðanefnd lagt fram álitsgerð Orðabókar Háskólans frá árinu 2006 um merkingu hugtaksins fjallsbrún en hennar var á sínum tíma aflað vegna meðferðar nefndarinnar á málum 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós). Meginniðurstaðan sem þar er lýst er sú að fjallsbrún geti verið hvort sem er „hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað“. Í umræddum málum reyndi á túlkun hugtaksins í landamerkjabréfum jarða umhverfis Esju. Þá líkt og nú byggði íslenska ríkið á því að fjallsbrún væri þar sem halli breyttist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún, en jarðeigendur byggðu á því að fjallsbrún væri þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. Í úrskurði óbyggðanefndar í sameinuðum málum nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós) fjallaði nefndin um landamerkjabréf jarða sem liggja að Esju og komst að þeirri niðurstöðu að merki nokkurra jarða tækju að einhverju leyti til hæsta hluta fjallsins. Aðrar lýsingar væru óljósari en nefndu þó gjarnan vatnaskil, brúnir eða jafnvel hæstu brúnir. Nefndin túlkaði umræddar heimildir með hliðsjón af staðháttum og komst að þeirri niðurstöðu að landamerki jarða næðu upp á efstu brúnir Esju, þ.e. vatnaskil, sbr. eftirfarandi texta í úrskurðinum:

> Esjan er hár og brattur móbergsstapi, mótaður af jöklum, ám og lækjum; skorin með dölum og giljum í allar áttir. Á hryggjum milli dala er víðast bratt til beggja hliða og ekki mikið um flatt land ofan á fjallinu. Á flestum stöðum eru því engin vandkvæði á að finna hvar vötnum hallar á Esjunni. Hugtakið fjallsbrún er notað í landamerkja-

> bréfum jarða í kringum Esjuna, jafnvel þar sem erfitt er að átta sig á hvar fjallsbrún í skilningi íslenska ríkisins ætti að vera, nema þá að litlum hluta.
> Samkvæmt framangreindum heimildum um merki og staðháttum á Esjusvæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að leggja til grundvallar að hugtakið fjallsbrún í umræddum landamerkjalýsingum vísi til þeirra hluta Esjunnar sem hæstir eru og vötnum hallar frá.

Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að ekki væri þjóðlenda á efsta hluta Esju. Íslenska ríkið skaut þeirri niðurstöðu ekki til dómstóla. Sambærileg álitaefni voru uppi varðandi Smjörfjöll í málum nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð) og 3/2005 (Vopnafjarðarhreppur). Í úrskurðum óbyggðanefndar kemur fram að Smjörfjöll séu firnabreiður fjallgarður sem sé mikill um sig og rísi hæstu hnjúkarnir í yfir 1.200 m hæð yfir sjávarmáli. Jökulsárhlíðarmegin halli Smjörfjöll mót austri og séu skorin giljum. Frá bæjarstæðum í Jökulsárhlíð að sveitarfélagamörkum séu um 12–13 km í beinni loftlínu. Vopnafjarðarmegin séu Smjörfjöll með hamróttar brúnir, þar sem smáir hvilftarjöklar hafi grafið sig niður á nokkrum stöðum og myndað skálar og ekið fram jökulruðningi á nokkrum stöðum. Frá bæjarstæðum jarða Vopnafjarðarmegin að sveitarfélagamörkum á Smjörfjöllum séu um 9,5–13 km, mælt í beinni loftlínu.

Í umræddum málum greindi óbyggðanefnd landamerkjabréf jarða sem liggja að Smjörfjöllum með sambærilegum hætti og gert var í áðurnefndum málum vegna jarða sem liggja að Esju. Sú greining leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða Jökulsárhlíðarmegin væri merkjum oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða svo að merki næðu að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum væri vísað til upptaka áa í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. Vopnafjarðarmegin væri landamerkjum sömuleiðis gjarnan lýst að vatnaskilum og stundum vísað til kennileita í háfjöllunum. Þá voru eldri heimildir taldar renna frekari stoðum undir landamerkjabréfin hvað varðaði efri mörk jarðanna til fjalla. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlíð lægju saman í Smjörfjöllum og þar með væru ekki þjóðlendur efst á fjöllunum. Líkt og í tilviki Esju undi íslenska ríkið þessum niðurstöðum.

Fyrir liggur hæstaréttardómur þar sem lagt var til grundvallar að með tilvísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi væri átt við vatnaskil, þ.e. dómur Hæstaréttar frá 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá). Í dómnum segir m.a.:

> Í landamerkjabréfi Úlfár sagði sem áður var getið að merki jarðarinnar til suðurs fylgdu Hafrá „til fjallsbrúnar“, en að vestan réði „fjallsbrúnin.“ Úr því að lýsingin hljóðaði á þennan veg verður að teknu tilliti til úrskurðar óbyggðanefndar og krafna málsaðila að líta svo að fjallsbrúnin, sem fylgja átti Hafrá til, sé við upptök árinnar og þar með við vatnaskil. Merkin til vesturs fylgi síðan þessari fjallsbrún og þar með vatnaskilum.

Með þessu er ljóst að Hæstiréttur hefur fallist á að með tilvísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi kunni að vera átt við efsta hluta fjalls, þ.e. vatnaskil. Að mati óbyggðanefndar er þó ekki unnt að líta á það sem algilda reglu að túlka beri slíkt orðalag í landamerkjabréfum á þann hátt. Eftir sem áður þarf að túlka orðalag landamerkjabréfa og annarra merkjalýsinga með atviksbundnum hætti, m.a. að teknu tilliti til staðhátta á

viðkomandi svæði. Þá þarf jafnframt að gæta að því að með gerð landamerkjabréfs gátu menn ekki aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði og fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 var engum til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

### *[14.2.3.5] Þjóðlendur ofan „fjallsbrúna“*

Sem dæmi um tilvik þar sem svæði ofan þeirra brúna sem mynda skörp skil í landslagi, neðan vatnaskila, var úrskurðað þjóðlenda má nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans). Þar var úrskurðað um þjóðlendu á landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls. Suður- og austurmörk þjóðlendunnar liggja að talsverðu leyti um kennileiti sem eru nærri fjallsbrúnum í þessum skilningi, nánar tiltekið eftir línum sem dregnar eru í beina stefnu milli efstu kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum og öðrum merkjalýsingum jarða sem liggja að þessum hluta þjóðlendumarkanna. Byggðist sú niðurstaða m.a. á heildstæðu mati á heimildum sem lágu fyrir um viðkomandi jarðir með hliðsjón af staðháttum, þar á meðal því að sýnilegar fjallsbrúnir mynduðu sums staðar glögg skil í landslaginu. Einnig hafði samanburðarskýring á landamerkjabréfum jarða á vestanverðu Snæfellsnesi áhrif á þetta mat, þ.e. samanburður við jarðir sem óumdeilt var að ættu land upp að jökli. Þau landamerkjabréf voru talin benda til þess að alvanalegt væri á þessum slóðum að lýsa merkjum í Snæfellsjökul berum orðum þar sem landeigendur töldu sig á annað borð eiga land að honum. Það var aftur á móti ekki gert í tilvikum umræddra jarða sem liggja hlið við hlið sunnan og austan jökulsins, sem ásamt öðru var talið benda til þess að eignarlönd jarðanna næðu skemur til fjalla þar. Sú niðurstaða að draga mörk þjóðlendunnar um beinar línur milli efstu punkta sem getið var um í viðkomandi merkjalýsingum byggðist m.a. á því að ekki væri fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum á borð við vatnaskil sem eðlilegt væri að styðjast við. Þó kemur fram í úrskurðinum að brúnir Botnsfjalls og Hamraendafjalls myndi að vísu nokkuð glögg skil í landslaginu, þótt ekki séu þar vatnaskil, en með því að draga beinar línur milli framangreindra efstu merkjapunkta sé brúnunum að mestu leyti fylgt. Norðurmörk sömu þjóðlendu voru aftur á móti miðuð við vatnaskil gagnvart óumdeildu eignarlandi jarðarinnar Fossárdals í samræmi við breytingu sem gerð var á legu kröfulínu ríkisins eftir að aflað var greiningar frá Veðurstofu Íslands á vatnaskilunum. Í úrskurði óbyggðanefndar kemur fram að heimildir mæli því ekki í mót að línan sé dregin með þessum hætti milli syðstu punkta á merkjum Fossárdals, enda liggi punktarnir á vatnaskilum og algengt sé að mörk fasteigna liggi um vatnaskil þegar svo háttar til.

### *[14.2.3.6] Samanburður tilvika*

Að framan var fjallað um niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 þess efnis að eignarlönd jarða umhverfis Esju og Smjörfjöll næðu upp á efstu brúnir fjallanna, þ.e. vatnaskil, en nú síðast um úrskurð nefndarinnar í máli nr. 1/2018 þar sem niðurstaðan var að landamerki jarða austan Snæfellsjökuls næðu einungis að kennileitum nærri þeim fjallsbrúnum sem mynda skörp skil í landslagi, milli brattra hlíða og hallaminna lands ofan þeirra, en ofan þessara fjallsbrúna væri þjóðlenda. Vert er að skoða nánar hvað þarna skilur helst á milli. Annars vegar er einkum um það að ræða að í fyrrnefndu málunum voru fyrir hendi landamerkjabréf og aðrar merkjalýsingar sem lýstu merkjum jarða upp á efstu fjallsbrúnir á vatnaskilum en í síðastnefnda málinu voru ekki fyrir hendi nein landamerkjabréf eða aðrar heimildir sem veittu því viðhlítandi stoð að merki jarðanna næðu hærra upp til fjalla en að þeim kennileitum sem þjóðlendumörkin voru miðuð við. Hins vegar er munur á staðháttum sem styður við þessar ólíku niðurstöður. Svæðið sem deilt var um í máli nr. 1/2018 tilheyrir samfelldu fjalllendi sem skilur á milli norðan- og sunnanverðs Snæfellsness og rís hæst í Snæfellsjökli sem einnig er þjóðlenda og liggur að umræddri þjóðlendu sunnan og austan jökulsins. Þá er víðátta svæðisins allnokkur í samanburði við stærð eignarlanda umræddra jarða neðan þeirra fjallsbrúna sem liggja nærri þjóðlendumörkunum, ólíkt því sem á við um a.m.k. flestar jarðir sem liggja að Esju og Smjörfjöllum.

### *[14.2.3.7] Hæðarlínur*

Eins og að framan greinir miðar íslenska ríkið kröfugerð sína í sumum tilvikum við hæðarlínur, þ.e. þegar óumdeilt er að um jörð er að ræða en landamerkjalýsing liggur ekki fyrir eða er óljós eða óskýr að mati ríkisins og „ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við“, eins og segir í rökstuðningi kröfugerðar ríkisins.

Þegar á fyrsta svæðinu sem óbyggðanefnd tók til meðferðar, þ.e. svæði 1 (Árnessýsla), byggði íslenska ríkið kröfugerð sína að talsverðu leyti á hæðarlínum, innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum jarða, sbr. t.d. mál nr. 4/2000 (Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi), þar sem gjarnan var miðað við hæðarlínur, ýmist í 250, 300 eða 400 m hæð yfir sjávarmáli. Kröfugerð ríkisins var m.a. byggð á því að hálendi, fjöll og öræfi hefðu ekki verið numin til eignar og að hæðarlínur skiptu miklu máli í því tilliti. Óbyggðanefnd féllst ekki á þessi sjónarmið ríkisins heldur úrskurðaði að um eignarlönd væri að ræða innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfum jarða á svæðinu. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu nefndarinnar með dómi 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þá eru fjölmörg dæmi um það í síðari réttarframkvæmd að fallist hafi verið á eignarlönd í mun meiri hæð en kröfur ríkisins í umræddu máli miðuðust við, sbr. t.d. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Því

er ljóst að hæðarlínur eru ekki í eðli sínu eignarréttarleg mörk heldur er það háð mati hverju sinni hvort hálend svæði séu háð beinum eignarrétti eða ekki.

Eins og áður kom fram getur þurft að ákvarða mörk eignarlands að álitum, m.a. út frá staðháttum, ef fyrir liggur að um er að ræða jörð en landamerkjabréf og aðrar merkjalýsingar skortir. Ekki er útilokað að hæðarlínur geti í einhverjum tilvikum þótt eðlileg mörk við þær aðstæður. Ef um er að ræða tilvik þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, líkt og víða er raunin í Ísafjarðarsýslum, liggur þó að mati óbyggðanefndar beinna við að ganga út frá því að merki jarða nái saman efst á fjöllum og á vatnaskilum, enda eru merkin þá glögg af náttúrunnar hendi.

### *[14.2.3.8] Landamerkjalýsingar og staðhættir í Ísafjarðarsýslum*

Líkt og áður hefur verið vikið að eru staðhættir meðal þeirra atriða sem horfa þarf til við túlkun merkjalýsinga. Jafnframt hefur verið greint frá dæmum um hvernig munur á staðháttum hefur stutt við ólíkar niðurstöður óbyggðanefndar um hversu langt til fjalla landamerki jarða hafi talist ná.

Andstæður í landslagi eru einkennandi fyrir Ísafjarðarsýslur og þar eru há og tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi iðulega á mörkum eignarlanda jarða í dölum og fjörðum. Fjöllin fela í sér glögg landamerki af náttúrunnar hendi og fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjalla eru oftast litlar. Hér á eftir verður fjallað um einkenni merkjalýsinga á svæðinu og áritanir um samþykki landamerkjabréfa.

Almenn athugun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum jarða í Ísafjarðarsýslum þar sem staðhættir eru af fyrrgreindu tagi leiðir í ljós að orðalag merkjalýsinga er iðulega með þeim hætti að merkjum milli jarða er lýst frá tilteknum stað á láglendi *til fjalls,* í *fjallsbrún* eða í tiltekið örnefni í fjalli, sé merkjum á annað borð lýst til fjalla, en ekki er gerð grein fyrir því hvernig merki liggi milli efstu kennileita sem vísað er til. Oft geyma landamerkjabréf tvær lýsingar af þessu tagi, þ.e. á merkjum tiltekinnar jarðar gagnvart jörðunum beggja vegna en einnig lýsa sum landamerkjabréf merkjum milli tveggja jarða án þess að gerð sé grein fyrir merkjum þeirra að öðru leyti. Sem dæmi um slíkt má nefna ýmis landamerkjabréf jarða í Jökulfjörðum og á Hornströndum þar sem merkjum milli tveggja jarða er gjarnan lýst með vísan til ákveðins kennileitis, oft við sjó.[245]

Að mati óbyggðanefndar má jafnan telja ljóst að ætlunin hafi ekki verið að gera merkjum viðkomandi jarða tæmandi skil eða takmarka beinan eignarrétt jarðanna við land neðan efstu kennileita sem nefnd eru. Þá eru óglöggar merkjalýsingar til fjalla ekki endilega til marks um að jarðirnar hafi ekki talist ná þangað, enda fjöllin glögg skil af náttúrunnar hendi. Í þessu sambandi má nefna að í 2. gr. eldri landamerkjalaga, nr.

[245] Hér má sem dæmi nefna bréf um landamerki milli Álfsstaða í Hrafnfirði og Kvía í Lónafirði, dags. 24. júní 1889, sjá kafla 5.3 í úrskurði í máli nr. 8/2021.

5/1882, voru fjöll nefnd sem dæmi um „glögg landamerki, er náttúran hefur sett“, í tengslum við þá skyldu sem lögð var á að setja merki þar sem þau væru ekki glögg af náttúrunnar hendi. Að því gættu að fjöllin mynda glögg náttúruleg merki er að mati nefndarinnar ekki hægt að leggja almennt til grundvallar að jarðirnar afmarkist í slíkum tilvikum af línum sem dregnar eru í beina stefnu milli efstu punkta í merkjalýsingum eða eftir atvikum um klettabrúnir eða önnur skil í landslagi sem íslenska ríkið vísar til sem fjallsbrúna í málatilbúnaði sínum, né heldur af hæðarlínum. Þá eru jafnframt dæmi þess að merkjum jarða sé lýst um önnur glögg merki af náttúrunnar hendi, svo sem tiltekna á. Telja má að viðkomandi kennileiti í fjalli, árfarvegur eða lína sem dregin var til fjalls, hafi þótt skýr og hentug viðmiðun en að mati nefndarinnar má telja líklegt að litið hafi verið svo á að línan lægi áfram efst upp á fjall eða að vatnaskilum. Í sumum tilfellum eru efstu kennileiti í merkjalýsingum jafnvel niðri við sjó og þá er augljóst að heildarmerkjum er ekki lýst. Þegar landamerkjabréfin eru skoðuð í samhengi við þá staðhætti sem að framan er lýst, þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur að jarðir og fjarlægðir eru litlar á milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla, telur óbyggðanefnd í ljósi framangreindrar umfjöllunar alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Í landamerkjabréfum jarða í Ísafjarðarsýslum er merkjum samkvæmt framansögðu sjaldan lýst berum orðum í hæsta punkt fjalls eða að vatnaskilum en þó má finna landamerkjabréf á svæðinu þar sem sú er raunin. Til að mynda er merkjum Karlsstaða við Arnarfjörð m.a. lýst „eftir því sem vötnum hallar til Karlsstaðalanda“ í landamerkjabréfi jarðarinnar. Ekki er að sjá að landamerkjabréf sem lýsa merkjum berum orðum til vatnaskila eigi endilega önnur einkenni sameiginleg. Flest þeirra eru reyndar gerð í gildistíð yngri landamerkjalaga, nr. 41/1919, en það er ekki algilt. Þá finnast jafnframt dæmi um að merkjum milli jarða sé lýst að hreppamörkum en í landamerkjabréfum Hvilftar og Eyrar í Önundarfirði frá 1921 er merkjum milli jarðanna lýst „til fjalls að hreppatakmörkum“. Hreppamörk milli Suðureyrarhrepps og Mosvallahrepps voru eftir endilöngum fjallgarðinum milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar og því á þeim stað þar sem eigendur jarða beggja vegna fjallgarðsins telja þær ná saman.

Ekki liggur fyrir hvers vegna merkjum er lýst nánar til fjalla í fyrrgreindum landamerkjabréfum en almennt gerist á svæðinu en að mati óbyggðanefndar er ólíklegt að merki jarðanna og beinn eignarréttur eigenda þeirra hafi í reynd náð lengra til fjalls en merki aðliggjandi jarða í sama dal eða firði og jarða hinum megin fjallsins. Í þessu samhengi skal bent á að meðal atriða sem geta haft áhrif á úrlausn þjóðlendumála er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004, að því er varðar efstu jarðir í Biskupstungum, 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006, að því er varðar Stórhöfða í Mýrdal, og 13. október 2021 í máli nr. 41/2020, að því er varðar Þóreyjartungur í Borgarfirði. Það skyti skökku við ef komist yrði að mismunandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu sambærilegra aðliggjandi landsvæða án þess að annað og meira en óljós merkjalýsing annars svæðisins styddi

slíka ályktun. Telja verður hið sama eiga við um landsvæði þar sem merkjalýsingu skortir, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.3, og að því verði að horfa til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi svæða auk staðhátta við mat á eignarréttarlegri stöðu.

Líkt og áður hefur komið fram hafa landamerkjabréf jarða almennt mikið vægi við sönnun um eignarland. Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Svo framarlega sem eigendur aðliggjandi jarða og rétthafar ítaka væru sammála um efni landamerkjabréfsins skyldu þeir árita samþykki sitt á bréfið. Af áritunum um samþykki landamerkjabréfa vegna aðliggjandi jarða má stundum sjá vísbendingar um hvort sátt eða ágreiningur hafi verið uppi um merki milli jarðanna við gerð bréfanna og það hverjir árita tiltekið landamerkjabréf getur gefið til kynna hvaða jarðir hafa talist aðliggjandi. Ekki verður litið fram hjá því að svo virðist sem landamerkjabréf jarða í Ísafjarðarsýslum hafi alla jafna ekki verið árituð vegna jarða sem liggja hinum megin fjalla en ekki er endilega hægt að draga almennar ályktanir af því. Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum á svæði 10C, í Barðastrandarsýslum, leiddi t.d. á sínum tíma í ljós að landamerkjabréf jarða þar eru almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi, þ.e. í sama firði, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps). Við mat á merkjum tiltekinnar jarðar þar þótti ekki hafa sérstaka þýðingu að landamerkjabréf jarða í aðliggjandi fjörðum væru almennt ekki árituð um samþykki vegna jarðarinnar. Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum í Ísafjarðarsýslum leiðir hið sama í ljós, þ.e. að þau séu almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi eða í sama dal. Því verður ekki talið hafa sérstaka þýðingu að landamerkjabréf jarða í Ísafjarðarsýslum séu ekki árituð vegna jarða hinum megin fjalla, enda virðist það hafa verið venjan á Vestfjörðum, og raunar víðar um landið, þegar staðhættir eru með fyrrgreindum hætti.

### *7.2.3.9 Ályktanir og niðurstöður*

Eins og að framan greinir er sú venja útbreidd víða um land að eignarlönd nái saman efst á fjöllum eða á vatnaskilum, sérstaklega þar sem staðhættir eru þannig að fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Sú er almennt raunin í landshlutum þar sem óbyggðanefnd hefur lokið málsmeðferð, þ.e. á langstærstum hluta landsins.[246] Þá hefur réttarframkvæmd ótvírætt leitt í ljós að hálend svæði geta eftir atvikum verið eignarlönd, þótt þau séu lítið eða jafnvel ekkert gróin og þótt nytjar af þeim séu litlar eða jafnvel engar. Séu merkjalýsingar landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki óljósar eru þær jafnan túlkaðar með hliðsjón af atriðum á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð. Minni kröfur en ella hafa verið gerðar til skýrleika merkjalýsinga ef merki teljast glögg frá náttúrunnar hendi. Þá eru þess dæmi

[246] Ísafjarðarsýslur eru það fimmtánda af sextán svæðum á meginlandinu sem óbyggðanefnd úrskurðar um en fyrri svæðin fjórtán ná yfir 91% af meginlandinu.

að dregin hafi verið ályktun um merki út frá staðháttum, eftir atvikum með hliðsjón af landamerkjum nærliggjandi jarða, ef landamerkjabréf og aðrar skriflegar heimildir um merki skortir, eða ef ljóst þykir að heildarmerkjum jarðar sé ekki lýst í landamerkjabréfi. Í tilvikum þar sem ekki er fyrir að fara víðáttumiklu fjalllendi eða heiðarlöndum telur óbyggðanefnd, líkt og áður segir, alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Að framan voru niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 annars vegar og í máli nr. 1/2018 hins vegar bornar saman og greint frá því að munur á staðháttum hafi meðal annars stutt við ólíkar niðurstöður. Almennt má að mati óbyggðanefndar segja um þau tilvik í Ísafjarðarsýslum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla að þau eru mun líkari framangreindum tilvikum Esju og Smjörfjalla heldur en tilviki svæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls að því leyti að fjalllendi milli jarða er ekki víðfeðmt í samanburði við stærð óumdeildra eignarlanda jarðanna neðan þeirra fjallsbrúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við. Skoðun landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki jarða í Ísafjarðarsýslum leiðir þó í ljós að þar er algengara en í tilvikum Esju og Smjörfjalla að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar eða að merkjum sé yfirhöfuð ekki lýst til fjalla. Aftur á móti eru fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna í flestum tilvikum litlar og fjöllin mynda skýr náttúruleg skil. Að teknu tilliti til alls þess sem hér hefur verið rakið er því að mati óbyggðanefndar í flestum tilvikum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla í Ísafjarðarsýslum rétt að leggja til grundvallar að land jarða nái saman á fjöllum og því séu ekki þjóðlendur þar. Á þetta við um flest ágreiningssvæði sem fjallað er um í málum nr. 1–4/2021 og hluta þeirra svæða sem fjallað er um í málum nr. 5/2021 og 7–8/2021, þ.e. svæði þar sem fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Þessi almennu sjónarmið eiga aftur á móti síður við í tilvikum þar sem staðhættir eru öðruvísi og deilt er um víðáttumeiri hálendissvæði. Við úrlausn um einstök ágreiningssvæði hér á eftir verður vísað til þessarar almennu umfjöllunar eftir því sem við getur átt hverju sinni.

[…]

## 15. VIÐAUKI 9: ÚR ÚRSKURÐUM Í MÁLUM NR. 1–5/2023

### 15.1. Almenn álitaefni um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998[247]

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á því að málsmeðferð á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 brjóti gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvalds og 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Á þessum grundvelli er þess krafist að óbyggðanefnd vísi kröfum ríkisins um þjóðlendur frá nefndinni. Þar sem flestir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar.

Með 4. gr. laga nr. 34/2020 um breytingu á lögum nr. 58/1998 bættist ný 7. mgr. 10. gr. við síðarnefndu lögin. Samkvæmt 1. málsl. hennar er óbyggðanefnd heimilt að taka til meðferðar svæði, þ.e. landshluta, sem áður hafa sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 34/2020 kemur fram að við útfærslu ákvæða sem heimila óbyggðanefnd að fjalla aftur um landshluta þar sem málsmeðferð er lokið hafi verið gætt að ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð og vernd eignarréttar. Samkvæmt því liggur fyrir mat löggjafans um að 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga samræmist stjórnarskrá að þessu leyti.

Í því sambandi er þess einnig að gæta að skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga fer um málsmeðferð á grundvelli ákvæðisins eftir málsmeðferðarreglum þjóðlendulaga. Mál sem rekin eru á þessum grundvelli fá því sömu málsmeðferð og önnur mál sem óbyggðanefnd hefur haft til úrlausnar. Sú málsmeðferð hefur verið talin standast ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, líkt og fjallað hefur verið um í fjölda dóma Hæstaréttar[248] og jafnframt í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06. Í síðastnefnda málinu gat Mannréttindadómstóll Evrópu þess m.a. — til stuðnings því að málsmeðferðin bryti ekki gegn ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu — að í þjóðlendulögum væri því ekki fyrirfram lýst yfir, eða gefið í skyn, að íslenska ríkið nyti eignarréttar sem skert gæti eignarréttindi einkaaðila og jafnframt að með lögunum væri ekki verið að færa land í einkaeign í hendur ríkisins. Hið sama á við um málsmeðferð skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laganna. Með ákvæðinu er því ekki lýst yfir eða gefið í skyn að íslenska ríkið njóti eignarréttar sem skert geti eignarréttindi einkaaðila og ætlunin er eftir sem áður ekki sú að land í einkaeign færist í hendur ríkisins. Þvert á móti er óbyggðanefnd falið að leysa úr eignarréttarlegri stöðu þeirra landsvæða sem til umfjöllunar eru með sama hætti og í öðrum málum sem nefndin hefur haft til meðferðar. Við meðferð málanna hafa gagnaðilar íslenska ríkisins öll sömu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á

---

[247] Kafli 7.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2023, dags. 17. október 2024.

[248] Í þessu sambandi vísast m.a. til fyrsta dóms Hæstaréttar í þjóðlendumáli frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 ((Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þar sem nokkuð ítarlega er fjallað um atriði af þessu tagi.

framfæri og í öðrum málum fyrir óbyggðanefnd. Að mati nefndarinnar er því ekki tilefni til að telja að málsmeðferð á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi eignarréttar.

Athugasemdir gagnaðila ríkisins sem varða 2. gr. stjórnarskrárinnar byggjast á því að öll kröfusvæði ríkisins í málum nr. 1–5/2023 eru aðliggjandi svæðum sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað þjóðlendur og dómstólar hafa í flestum tilvikum tekið afstöðu til þeirra. Í öllum þeim tilvikum þar sem dómstólar hafa tekið afstöðu til úrskurða óbyggðanefndar um svæði aðliggjandi kröfusvæðum ríkisins í málum nr. 1–5/2023 voru niðurstöður óbyggðanefndar um þjóðlendur staðfestar.[249] Byggt er á því af hálfu gagnaðila ríkisins að í niðurstöðum dómstóla um að staðfesta úrskurði óbyggðanefndar um þjóðlendumörk hafi jafnframt falist bindandi úrlausn um að landsvæði utan þjóðlendumarka samkvæmt úrskurðunum væru eignarlönd. Með því að heimila nefndinni nú að taka svæði til meðferðar sem liggja að umræddum þjóðlendumörkum sé farið á svig við 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem dómstólar hafi þegar tekið afstöðu til eignarréttarlegrar stöðu meirihluta þeirra landsvæða sem til meðferðar eru í málum nr. 1–5/2023.

Í þessu sambandi er til þess að líta að sakarefni þeirra dómsmála sem rekin hafa verið á grundvelli 19. gr. laga nr. 58/1998 um gildi viðkomandi úrskurða óbyggðanefndar hefur í öllum tilvikum einskorðast við afmörkun og eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem óbyggðanefnd úrskurðaði þjóðlendur. Kröfugerð gagnaðila ríkisins í öllum málunum var á þá leið að felld yrðu úr gildi ákvæði í úrskurðum nefndarinnar um að land innan tiltekinna marka væri þjóðlenda. Í sumum tilvikum var þess einnig krafist að viðurkennt væri að innan sömu marka væri enga þjóðlendu að finna eða að viðurkennt væri að land innan sömu marka væri eignarland. Í öllum málunum var íslenska ríkið sýknað af kröfum gagnaðila þess. Með því voru staðfestar niðurstöður óbyggðanefndar um að umrædd landsvæði væru þjóðlendur. Eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða var hins vegar ekki til umfjöllunar í dómunum og þar með ekki hluti af sakarefni þeirra, enda var engin afstaða tekin til þeirra í úrskurðum óbyggðanefndar. Skv. 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur

[249] Um er að ræða dóma Hæstaréttar 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður), 22. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur), 7. október 2010 í máli nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin), 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur), 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá); dóma Landsréttar 20. október 2020 í máli nr. 184/2019 (Auðkúluheiði) og 4. nóvember 2022 í máli nr. 515/2021 (Fjalllendi Hraunhrepps); dóm Héraðsdóms Austurlands frá 5. mars 2010 í máli nr. E-345/2007 (suðurhluti Kverkártungu), dóma Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 14. október 2013 í máli nr. E-75/2010 (Almenningur) og frá 15. október 2013 í máli nr. E-74/2010 (Bakkasel, syðri hluti), og dóm Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 31. desember 2018 í máli nr. E-24/2015 (Skrapatunguafrétt). Í tilviki tveggja svæða sem nú eru til meðferðar liggja ekki fyrir dómsúrlausnir um úrskurði óbyggðanefndar um aðliggjandi landsvæði. Það eru Kornsártungur í máli nr. 2/2023 og svæði sunnan og austan Drangajökuls í máli nr. 4/2023.

sem eru dæmdar þar að efni til. Með öðrum orðum eru bindandi réttaráhrif dóms, *res judicata* áhrif, bundin við það sakarefni sem leyst er úr í viðkomandi dómi á grundvelli þeirra efniskrafna sem gerðar eru. Þeir dómar sem hér eru til umfjöllunar eru samkvæmt framansögðu bindandi um það álitaefni hvort þau landsvæði sem þá voru til umfjöllunar og eru aðliggjandi kröfusvæðum ríkisins í málum nr. 1–5/2023 séu þjóðlendur en ekki um eignarréttarlega stöðu kröfusvæðanna sem nú eru til meðferðar eða annarra landsvæða utan þeirra þjóðlendna sem voru til umfjöllunar í dómsmálunum. Umræddir dómar standa þannig ekki í vegi fyrir því að óbyggðanefnd fjalli um eignarréttarlega stöðu kröfusvæða ríkisins í málum nr. 1–5/2023. Að sama skapi er ekki fallist á að með 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 sé nefndinni ætlað að ganga inn á svið dómstóla og að með því sé brotið gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Í öllu falli er ljóst að óbyggðanefnd, sem er stjórnvald og handhafi framkvæmdarvalds, hefur almennt ekki heimild til að víkja lögum eða einstökum lagaákvæðum sem henni er falið að vinna eftir til hliðar á þeim grundvelli að þau samræmist ekki stjórnarskrá. Ef nefndin gerði það stigi hún inn á svið dómstóla í andstöðu við 2. gr. stjórnarskrárinnar, enda er slíkt almennt aðeins á forræði dómstóla. Aðeins hefur verið talið að játa verði stjórnvöldum heimild til að láta hjá líða að beita lögum ef tiltekið lagaákvæði er bersýnilega í andstöðu við stjórnarskrá eða skýrt dómafordæmi liggur fyrir um það, en jafnframt að gera verði afar ríkar kröfur til þess að ósamræmi laga við stjórnarskrá sé bersýnilegt og slík niðurstaða sé hvorki háð vafa né flókinni lagatúlkun, sbr. dóm Hæstaréttar 25. október 2023 í máli nr. 9/2023. Að mati óbyggðanefndar eru slíkar aðstæður ekki uppi í máli þessu. Telji gagnaðilar íslenska ríkisins að vafi sé uppi um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sem meðferð mála nr. 1–5/2023 byggist á, geta þeir látið á það reyna fyrir dómstólum að fengnum úrskurði óbyggðanefndar, að gættum skilyrðum réttarfarslaga. Í því sambandi er bent á að sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í, sbr. 1. mgr. 19. gr. þjóðlendulaga, og heimilt er að veita aðila gjafsókn í slíkum einkamálum, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Að öllu framangreindu virtu er ekki fallist á að vísa máli þessu frá eða hafna kröfum ríkisins á þeim grundvelli að 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu. Málsástæður sem varða réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins verða teknar til skoðunar í kafla 7.2.5.[250]

[250] Sjá kafla 15.3 hér á eftir.

## 15.2. Almenn álitaefni um lagagrundvöll málsmeðferðar skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998[251]

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja í mörgum tilvikum á því að athugasemdir óbyggðanefndar við kröfugerð ráðherra í fyrri úrskurðum nefndarinnar, sem liggja til grundvallar meðferð mála nr. 1–5/2023, geti ekki talist vera *athugasemdir* í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Á þessum grundvelli er þess krafist að óbyggðanefnd vísi kröfum ríkisins um þjóðlendur frá nefndinni. Þar sem margir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar.

Líkt og áður segir var 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 bætt við lögin með 4. gr. laga nr. 34/2020. Skv. 1. málsl. hennar er óbyggðanefnd heimilt að taka til meðferðar svæði, þ.e. landshluta, sem áður hafa sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 34/2020 segir að markmiðið með þessari heimild sé að stuðla að því að niðurstöður ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat, frekar en því að svæði hafi orðið útundan í upphaflegri kröfugerð ríkisins vegna mistaka eða vegna þess að þýðingarmikil gögn voru ekki komin fram þegar kröfum var lýst. Lagt sé til að slík heimild verði bundin svæðum þar sem óbyggðanefnd hafi í úrskurðum gert athugasemdir við kröfur ríkisins, en í nokkrum úrskurðum hafi óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda. Nefndinni hafi ekki verið heimilt að rannsaka svæðin nánar vegna þess að ekki voru uppi kröfur frá ríkinu þar að lútandi. Því leiki enn vafi á um hvort þau séu háð beinum eignarrétti. Jafnframt segir í athugasemdum með frumvarpinu að til að ná því markmiði þjóðlendulaga að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu sé mikilvægt að taka af öll tvímæli um að nefndinni sé heimilt að taka svæði af þessu tagi til meðferðar. Niðurstaða um hvort svæðin séu í reynd þjóðlendur eða eignarlönd ráðist sem endranær af mati á gögnum sem koma fram, innan marka kröfugerðar. Þá er tekið fram að ríkið geti ekki á grundvelli þessarar heimildar afmarkað kröfur sínar þannig að þær nái inn á land sem áður hefur sætt slíkum kröfum, enda væri þá um tvöfalda málsmeðferð að ræða sem vafi væri á að samræmdist 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Enn fremur eru í athugasemdum við frumvarpið talin upp þau tilvik sem sögð eru uppfylla skilyrði 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga um að óbyggðanefnd hafi í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra, fram að framlagningu frumvarpsins sem varð að lögum nr. 34/2020. Þar segir að um sé að ræða úrskurði óbyggðanefndar í málum:

- nr. 1/2005 (Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal) hvað varðar annars vegar mörk Skriðuklausturs gagnvart afréttarsvæðunum Rana og Undir

[251] Kafli 7.2.4 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2023, dags. 17. október 2024.

Fellum og hins vegar mörk Valþjófsstaðar gagnvart svokölluðum Vesturöræfum,

- nr. 4/2005 (Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur) hvað varðar annars vegar nyrsta hluta Grímólfsártungu og hins vegar Kverkártungu,
- nr. 2/2008 (Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár) hvað varðar fjalllendi vestan Urðarvatna,
- nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár) að því er varðar merki Vaskárdals, Almennings og Bakkasels,
- nr. 5/2008 (Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli) hvað varðar annars vegar landsvæði norðan Eyvindarstaðaheiðar og hins vegar Hraunin svonefndu austan Eyvindarstaðaheiðar,
- nr. 1/2013 (Skagi) hvað varðar annars vegar austasta hluta Skálahnjúks og hins vegar mörk Skrapatunguafréttar,
- nr. 2/2013 (Húnavatnshreppur) hvað varðar annars vegar mörk milli Auðkúlu og Auðkúluheiðar og hins vegar hluta af svæðinu milli Kornsár og Kleppukvíslar, og
- nr. 1/2014 (landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár) hvað varðar annars vegar norðausturmerki Svarfhóls og hins vegar svæði austan Hítardals.

Framsetning athugasemdanna í þessum úrskurðum er mismunandi en í öllum tilvikum er vakið máls á því að gögn málsins kunni að gefa til kynna óvissu um eignarréttarlega stöðu lands utan svæðis þar sem ríkið hafði gert þjóðlendukröfur en jafnframt tekið fram, oftast með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 367/2005 og 571/2006, að þar sem óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila geti ekki komið til skoðunar í málinu hvort þar sé um að ræða eignarland eða þjóðlendu.

Ljóst þykir að fyrrgreind talning sé tæmandi miðað við þann tíma þegar frumvarp til laga nr. 34/2020 var lagt fram, þ.e. 1. nóvember 2019. Eftir þann tíma, 21. febrúar 2020, kvað nefndin upp úrskurð í máli nr. 1/2019 sem hefur að geyma sambærilega athugasemd að því er varðar svæði sunnan og austan Drangajökuls, þar sem nefndin vakti máls á því að vafi kynni að vera um eignarréttarlega stöðu þess svæðis. Að mati nefndarinnar verður ekki litið fram hjá framangreindri talningu við mat á því hvað teljist vera athugasemd við kröfugerð ráðherra í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 heldur beri að túlka ákvæðið með hliðsjón af henni. Af athugasemdum við frumvarpið er að mati nefndarinnar skýrt að vilji löggjafans var að ákvæðið yrði túlkað með þeim hætti. Þá verður einnig að túlka ákvæðið með hliðsjón af því markmiði þjóðlendulaga að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu og því markmiði með lögfestingu 7. mgr. 10. gr. laganna að niðurstöður ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat.

Líkt og segir í bréfi óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra frá 11. ágúst 2022, er mat nefndarinnar, að teknu tilliti til athugasemda með frumvarpi er varð að lögum nr. 34/2020, að fullnægt sé skilyrðum 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að taka til meðferðar þau sautján landsvæði sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023.

Að þessu gættu er ekki fallist á að vísa kröfum íslenska ríkisins frá óbyggðanefnd á þeim grundvelli að athugasemdir óbyggðanefndar við kröfugerð ráðherra í fyrri úrskurðum nefndarinnar, sem liggja til grundvallar málsmeðferð í málum nr. 1–5/2023, geti ekki talist vera athugasemdir í skilningi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga.

## 15.3. Almenn álitaefni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins[252]

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á því að kröfugerð ríkisins í málunum sé ósamrýmanleg kröfugerð ríkisins í eldri málum fyrir óbyggðanefnd. Með því að lýsa ekki kröfum til viðkomandi landsvæða í eldri málum hafi ríkið skapað réttmætar væntingar til þess að landsvæði sem ekki voru úrskurðuð þjóðlendur á þeim tíma væru eignarlönd. Þar sem flestir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar. Til stuðnings þessari málsástæðu vísa gagnaðilar ríkisins til dóma Hæstaréttar 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þessir dómar verða teknir til nánari skoðunar í þessu samhengi og einnig dómur Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II),[253] auk tveggja úrskurða óbyggðanefndar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var um að ræða landsvæði á Skeiðarársandi sem var innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfi Skaftafells II en Hæstiréttur taldi þó að eldri heimildir styddu ekki að það hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Aftur á móti taldi rétturinn að með tilteknum gerðum í tengslum við áform um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hefðu menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð „ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra“. Dómkröfur ríkisins um að svæðið væri þjóðlenda væru þessu alls ósamrýmanlegar. Þau lögskipti sem þar um ræðir fólust m.a. í því að menntamálaráðherra undirritaði árið 1966 afsal fyrir hönd ríkisins sem kaupanda að landinu, þar sem vísað var til framangreinds landamerkjabréfs Skaftafells II, og Náttúruverndarráð gaf út yfirlýsingu árið 1987 um að ágreiningssvæðið utan þjóðgarðsins væri í eigu lögbýlisins.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var sú staða uppi að íslenska ríkið var meðal þeirra sem seldu hluta ágreiningssvæðisins til Orku-

[252] Kafli 7.2.5 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2023, dags. 17. október 2024.

[253] Sjá einnig umfjöllun um þessa dóma í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og í úrskurði óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla).

veitu Reykjavíkur 1999 og við kaupin var gengið út frá því að svæðið væri innan merkja jarða og háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli. Jafnframt var þar gengið út frá því að hið sama ætti við um svæði sem Orkuveitan keypti af eigendum nærliggjandi jarða. Réð þetta atriði úrslitum um þá niðurstöðu réttarins að svæðið væri eignarland en ekki þjóðlenda, þrátt fyrir að rétturinn teldi eldri heimildir mæla gegn þeirri lýsingu landamerkjabréfa umræddra jarða að svæðið væri innan merkja þeirra. Talið var að ríkið hefði með þeim gerðum sem um ræddi viðurkennt í lögskiptum sínum við Orkuveituna að svæðið sem deila hennar við ríkið laut að væri háð beinum eignarrétti. Krafa ríkisins um mörk þjóðlendu var talin alls ósamrýmanleg þessu.

Um þessa tvo dóma segir í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*:

> Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.
> Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Eftir að þetta var ritað féll einn dómur til viðbótar í Hæstarétti þar sem reyndi á sambærilegt álitaefni, þ.e. áðurnefndur dómur Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þar réðu fyrri lögskipti eiganda Hvassafells við íslenska ríkið úrslitum um þá niðurstöðu að Hvassafellsdalur væri eignarland, þrátt fyrir að rétturinn teldi að fyrirliggjandi heimildir styddu „á engan hátt að land á svæðinu, sem málið varðar, hafi með námi orðið háð beinum eignarrétti“, heldur hnigju þær þvert á móti eindregið að því „að eigendur Hvassafells hafi notið óbeinna eignarréttinda yfir landinu, sem falist hafi í hefðbundnum notum til upprekstrar búfjár og öðru því sem afréttir hafa í aldanna rás almennt verið hafðir til“. Þau lögskipti sem um ræðir fólu í sér að landbúnaðarráðherra samþykkti landskipti á því landi sem deilt var um í málinu og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land jarðar væri að ræða. Í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins segir:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk

> þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda. Er því óhjákvæmilegt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 um að landsvæðið Hvassafellsdalur sé þjóðlenda, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012.

Á sambærilegt álitaefni reyndi einnig í úrskurði óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár), að því er varðar Sauðafellsselland. Þar lá fyrir samningur um fjölnytjaskógrækt, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu fyrir hönd landbúnaðarráðherra, þar sem ótvírætt virtist gert ráð fyrir að svæðið sem samningurinn tók til og var innan ágreiningssvæðis málsins væri hluti af viðkomandi lögbýli og háð beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd taldi að krafa fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að sama svæði væri þjóðlenda væri ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds, sem girti jafnframt fyrir að unnt væri að fallast á kröfuna, a.m.k. að því er þann hluta ágreiningssvæðisins varðaði.

Einnig má nefna úrskurð óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla). Þar lá m.a. fyrir að skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu hafði, fyrir hönd ráðherra, undirritað tvær yfirlýsingar 1964 um landamerki tiltekinna jarða sunnan Baulárvallavatns. Þá lá einnig fyrir afsal frá 1992, undirritað af landbúnaðarráðherra, vegna einnar jarðarinnar, þar sem vísað var um landamerki jarðarinnar til annarrar af landamerkjayfirlýsingunum frá 1964. Um þetta segir í úrskurði óbyggðanefndar:

> Landbúnaðarráðherra og starfsmenn ráðuneytisins voru ekki til þess bærir að breyta eignarréttarlegri stöðu hins umdeilda svæðis með því að undirrita umræddar tvær yfirlýsingar um landamerki 1964 og afsala 1992 stærra svæði en áður tilheyrði Ytra-Lágafelli, sbr. þá meginreglu eignarréttar að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Þrátt fyrir það verður að telja að með þessum gerðum hafi íslenska ríkið viðurkennt gagnvart Ársæli Jóhannessyni, sem keypti Ytra-Lágafell 1992, að sameiginleg landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða væru þau sem greinir í yfirlýsingunni frá 1964. Jafnframt mátti ríkinu vera ljóst að eigendur Hofsstaða og Elliða gætu lagt traust sitt á að í þessu fælist að ríkið viðurkenndi þau landamerki sem lýst er í yfirlýsingunum tveimur frá 1964 sem báðar eru undirritaðar af skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Breytir engu um þetta þótt sýslumannsembættið hafi þinglýst skjölunum með athugasemdum um að embættið hefði ekki borið landamerkjalýsingarnar saman við eldri heimildarskjöl um svæðin. Krafa ríkisins um þjóðlendu innan þeirra merkja sem lýst er í umræddum yfirlýsingum er þessu ósamrýmanleg, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005, 617/2012 og 94/2017, og er henni því hafnað.

Hér hefur verið rakin réttarframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál fyrir óbyggðanefnd og dómstólum. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur haft áhrif á niðurstöður þjóðlendumála hafa tilteknar *athafnir* ríkisins verið taldar hafa skapað væntingar hjá landeigendum og verið ósamrýmanlegar síðari þjóðlendukröfum, en kröfunum hefur verið hafnað á þeim grundvelli. Allar þær athafnir ríkisins sem í áðurnefndum dómum voru taldar ósamrýmanlegar þjóðlendukröfum ríkisins eiga það sam-

eiginlegt að hafa varðað tiltekin afmörkuð landsvæði og beinst að eigendum tiltekinna jarða. Umræddar athafnir ríkisins fólu þannig í sér viðurkenningu á því að afmörkuð landsvæði væru hlutar tiltekinna jarða og eignarlönd viðkomandi landeigenda á þeim grundvelli. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var til umfjöllunar land á Skeiðarársandi sem menntamálaráðherra hafði afsalað fyrir hönd ríkisins árið 1966 þar sem um landamerki var vísað til landamerkjabréfs Skaftafells II, sem tók til ágreiningssvæðis málsins, auk þess sem fyrir lá yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá 1987 um að ágreiningssvæðið væri í eigu lögbýlisins. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var um það að ræða að íslenska ríkið hafði verið meðal seljenda hluta ágreiningssvæðis málsins til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999 þar sem gengið var út frá því að svæðið væri innan merkja tiltekinna jarða. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) var til umfjöllunar land þar sem landbúnaðarráðherra hafði samþykkt landskipti og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land tiltekinnar jarðar væri að ræða. Það sama á við um úrskurði óbyggðanefndar sem hér hafa verið nefndir.

*Aðgerðaleysi* ríkisins hefur á hinn bóginn almennt ekki verið talið nægja til að skapa slíkar væntingar. Sem dæmi má nefna að aðgerðaleysi eða tómlæti ríkisins — t.d. þegar látið hefur verið hjá líða að gera athugasemdir eða aðhafast vegna skráningar á eignarhaldi lands á grundvelli eignarheimilda eins og landamerkjabréfa eða þinglýsingabóka — hefur ekki haft sérstaka þýðingu í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Slíkt aðgerðaleysi ríkisins hefur ekki verið talið nægja til þess að skapa réttmætar væntingar um beinan eignarrétt ef fullnægjandi heimildir skortir um eignarhaldið. Athugasemdalaus þinglýsing landamerkjabréfs eða annarrar eignarheimildar hefur þannig ekki verið talin leiða til réttmætra væntinga eigenda jarðar um að beinn eignarréttur hafi með því unnist að landi sem ekki átti undir jörðina áður, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (Hofsafréttur).

Af framangreindri dómaframkvæmd verður ráðið að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Í slíkum tilvikum virðast réttmætar væntingar geta haft sjálfstæða þýðingu að lögum og umfram þá vernd sem meintur rétthafi gæti reist á hefðbundnum heimildum að landsrétti. Í ljósi þeirrar þýðingarmiklu meginreglu eignaréttar að sá sem kallar til eignarréttinda yfir fasteign verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir rétti sínum ber að varast að túlka áðurnefnda dóma um sjálfstæða þýðingu réttmætra væntinga rúmt, enda verður beiting slíkra sjónarmiða að teljast undantekning frá fyrrgreindri meginreglu.

Þá hefur einnig þýðingu í þessu sambandi að þegar íslenska ríkið lýsti kröfum í öndverðu á hverju svæði, innan lögbundins kröfulýsingarfrests, lágu ekki öll gögn um svæðið fyrir. Undir rekstri hvers máls komu fram ýmsar heimildir og upplýsingar sem

ekki voru fyrir hendi þegar ríkið lýsti kröfum á svæðunum. Íslenska ríkinu var hins vegar ekki, fyrir gildistöku laga nr. 34/2020, heimilt að aðlaga kröfugerð sína að nýjum heimildum og upplýsingum ef í því fólst að aukið væri við kröfugerð ríkisins. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 34/2020 segir um þetta atriði:

> Samkvæmt dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum, einkum dómi frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur), er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila við úrlausn mála og getur því ekki úrskurðað um þjóðlendur á öðrum svæðum en þeim sem kröfur ríkisins ná til. Kröfum ríkisins er lýst á því stigi málsmeðferðar þegar gagnaöflun vegna viðkomandi svæðis er einungis lokið að hluta, enda er leit í sumum heimildaflokkum það seinleg að ógerlegt væri að koma henni við án þess að takmarka hana við þau svæði sem þjóðlendukröfur varða nema ætla mun lengri tíma til verksins en hingað til hefur tíðkast. Við gagnaöflun sem á sér stað eftir að kröfum ríkisins er lýst geta komið fram skjöl sem breyta forsendum kröfugerðar og benda í sumum tilvikum til þess að þjóðlendukröfur ríkisins hefðu átt að taka til stærra svæðis eða fleiri svæða. Að óbreyttum lögum eru verulegar skorður reistar við aukningu krafna ríkisins eftir að upphaflegar kröfur hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna, sbr. t.d. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár) og dóma Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 11. október 2013 í máli nr. 71/2010 (Vaskárdalur), frá 14. sama mánaðar í máli nr. 75/2010 (Almenningur í Öxnadal) og frá 15. sama mánaðar í máli nr. 74/2010 (syðri hluti Bakkasels). Þar var því hafnað að kröfur ríkisins sem komu fram eftir tiltekið tímamark yrðu teknar til meðferðar og dómarnir standa allir óraskaðir af Hæstarétti. Þessi réttarstaða getur leitt til þess að svæði sem ættu að teljast til þjóðlendna samkvæmt almennum sönnunarreglum verði ekki úrskurðuð þjóðlendur vegna þess hvernig kröfum ríkisins var upphaflega hagað.

Að mati nefndarinnar þarf að hafa þessa réttarstöðu í huga við mat á því hvort réttmætar væntingar kunni eftir atvikum að hafa skapast á grundvelli upphaflegrar kröfugerðar ríkisins sem tók til landsvæða aðliggjandi þeim svæðum sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023.

Samkvæmt öllu framansögðu er ekki unnt að fallast á að almennar athafnir ríkisins, eins og þær að lýsa ekki kröfum til landsvæða í þjóðlendumálum fyrir óbyggðanefnd, geti verið til þess fallnar að skapa landeigendum réttmætar væntingar um að slík landsvæði séu eignarlönd þeirra. Hafa verður hugfast að í kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd felst almennt ekki afstaða til þess að afmörkuð landsvæði utan þjóðlendukröfusvæða ríkisins séu eignarlönd tiltekinna jarða. Það er enda ekki hlutverk óbyggðanefndar að skera úr um mörk milli eignarlanda og slíkt er því ekki til umfjöllunar í málum fyrir nefndinni eða eftirfarandi dómsmálum í þjóðlendumálum.

Því er ekki fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra og að hafna beri kröfum ríkisins á þeim grundvelli.

Þrátt fyrir það kunna að vera fyrir hendi tilvik þar sem fyrir liggja athafnir ríkisins sem ganga lengra en það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til viðkomandi landsvæða fyrir óbyggðanefnd. Slík tilvik verður að skoða sérstaklega út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindri dómaframkvæmd. Fjallað verður um slík tilvik eftir

því sem málatilbúnaður aðila og rannsókn óbyggðanefndar gefur tilefni til í tengslum við umfjöllun um eignarréttarlega stöðu hvers ágreiningssvæðis fyrir sig í kafla 7.4.

Sjónarmið um ósamrýmanleika fyrri athafna ríkisins og kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumálum hafa einnig tengsl við sjónarmið um réttmætar væntingar í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þau hafa verið túlkuð af Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn hefur byggt á því að réttmætar væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta tiltekinna eigna heyri undir vernd eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06, reyndi á gildi þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og túlkun Hæstaréttar á þeim í dómi réttarins frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Breiðármörk og Fjall). Kærendur byggðu m.a. á að þeir hefðu haft réttmætar væntingar til þess að þeir ættu beinan eignarrétt að hinu umþrætta landsvæði, m.a. þar sem íslenska ríkið hefði viðurkennt landamerkjabréf jarða þeirra, sem þeir byggðu rétt sinn á, og aldrei dregið þau í efa fyrr en þjóðlendukröfur voru gerðar árið 2000.

Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu kemur fram að þegar eign er í eðli sínu krafa megi líta svo á að sá sem telji til hennar hafi réttmætar væntingar ef nægilegur grundvöllur er fyrir henni í landslögum, t.d. ef föst dómaframkvæmd innanlands staðfestir að eignin sé til. Hins vegar sé ekki hægt að líta svo á að réttmætar væntingar séu fyrir hendi þegar deilur standi um réttan skilning á landslögum og dómstólar innanlands hafna röksemdum kæranda. Dómstóllinn taldi að beiting Hæstaréttar á reglum eignaréttar í tilviki kærenda hefði verið í samræmi við eigin fordæmi réttarins og að þess væru engin merki að þar hefði gætt geðþótta eða að niðurstaðan hefði verið andstæð þeim reglum landslaga sem við áttu. Að því virtu féllst dómstóllinn ekki á að kærendur hefðu átt eignarrétt sem væri nægilega fastur í sessi til að réttmætar væntingar gætu tengst honum. Því var talið að krafa þeirra til eignarréttar að hinu umdeilda landi hefði ekki verið eign í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessu sambandi má einnig nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Kopecký gegn Slóvakíu, nr. 44912/98. Þar fjallaði dómstóllinn m.a. um að gera þyrfti greinarmun á væntingum sem byggðust aðallega á voninni einni, sem nytu ekki verndar ákvæðisins, hversu skiljanleg sem sú von kynni að vera, og réttmætum væntingum, sem þyrftu að eiga sterkari rætur í öðru, svo sem settum lögum eða dómafordæmum.[254] Þar kom einnig fram að ekki væri unnt að fallast á að réttmætar væntingar væru fyrir hendi þegar ágreiningur væri um túlkun og beitingu landslaga og málatilbúnaði kæranda væri hafnað af innlendum dómstólum.[255]

---

| | 2(105) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Helgustaðahreppur. Merkt A.5.c.106a–b. |
| | 2(106) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Helgustaðir í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.107a–b. |
| | 2(107) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Sigmundarhús í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.108a–b. |
| | 2(108) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Sellátrar í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.109. |
| | 2(109) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Högnastaðir í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.110. |
| | 2(110) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Svínaskálastekkur/Engjabakki í Eskifirði. Merkt A.5.c.111. |
| | 2(111) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Svínaskáli í Eskifirði. Merkt A.5.c.112. |
| | 2(112) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Lambeyri í Eskifirði. Merkt A.5.c.113a–b. |
| | 2(113) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Bleiksá í Eskifirði. Merkt A.5.c.114a–b. |
| | 2(114) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Áreyjar í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.115a–b. |
| | 2(115) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Seljateigshjáleiga í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.116a–b. |
| | 2(116) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Seljateigur í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.117a–b. |
| | 2(117) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Kollaleira í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.118a–b. |
| | 2(118) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Bakkagerði í Reyðarfirði. Merkt A.5.c.119a–c. |
| | 2(119) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Eskifjarðarsel í Eskifirði. Merkt A.5.c.120a–b. |
| | 2(120) a–b | Fasteignamat 1916–1918: Eskifjörður í Eskifirði. Merkt A.5.c.121. |

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6):*

*Yfirlit úr dómabókum sýslumanna (skjalaflokkur A.6.a):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(404) | Yfirlit úr dómabókum sýslumanna: Afrétt, Arnhólsstaðir í Skriðdal, Arnkelsgerði á Völlum, Áreyjar í Reyðarfirði, Bakkagerði í Reyðarfirði, Beinárgerði á Völlum, Bleiksá í Eskifirði, Eskifjarðarsel í Eskifirði, Eskifjörður í Eskifirði, Eyjólfsstaðir á Völlum, Eyrarteigur í Skriðdal, Fannardalur í Norðfirði, Fjarðarkot í Mjóafirði, Fjörður í Mjóafirði, Gíslastaðagerði á Völlum, Gíslastaðir á Völlum, Grófargerði á Völlum, Helgustaðir í Reyðarfirði, Hellisfjarðarsel í Hellisfirði, Hellisfjörður í Hellisfirði, Hólar í Norðfirði, Hryggstekkur í Skriðdal, Hvammur í Reyðarfirði, Högnastaðir í Reyðarfirði, Keldhólar á Völlum, Ketilsstaðir á Völlum, Kollaleira í Reyðarfirði, Lambeyri í Eskifirði, Litla-Sandfell í Skriðdal, Seldalur í Norðfirði, Seljateigshjáleiga í Reyðarfirði, Seljateigur í Reyðarfirði, Sellátrar í Reyðarfirði, Sigmundarhús í Reyðarfirði, Skorrastaður í Norðfirði, Skuggahlíð í Norðfirði, Stóra-Sandfell í Skriðdal, Suðurhluti Eyvindarárdals (Svínadalur, Tungudalur, Skagafell og Fagridalur), Svínaskálastekkur/Engjabakki í Eskifirði, Svínaskáli í Eskifirði, Tandrastaðir í Norðfirði, Tunghagi á Völlum, Úlfsstaðir á Völlum, Útnyrðingsstaðir á Völlum, Vallanes á Völlum, Veturhús í Eskifirði, Þuríðarstaðir í Eyvindarárdal. |

*Uppskriftir úr dómabókum sýslumanna (skjalaflokkur A.6.b):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(405) a–b | Manntalsþing 29. maí 1846. Þinglesið var skipta- og skilmálabréf um Tunghaga, Grófargerði og Arnkelsgerði. Einnig var þinglesið skjal um skiptagjörning varðandi Hjartarstaði. Merkt A.6.b.1. |
| | 2(406) a–b | Manntalsþing 9. júlí 1862. Þinglesið var skjal hvar erfingjar G. Björgólfsdóttur gáfu A. Sigurðssyni á Skjöldólfsstöðum eitt hundrað úr Arnkelsgerði, virt á 80 ríkisdali, og einnig 20 ríkisdali í lausafé. Merkt A.6.b.2. |
| | 2(407) a–b | Manntalsþing 9. júlí 1867. Upplesið var kaupbréf, dagsett 1. júní 1865, hvar Guðríður Sveinsdóttir og Sveinn Björgúlfsson seldu Árna Sigurðssyni tvö hundruð í Arnkelsgerði. Merkt A.6.b.3a–b. |
| | 2(408) a–b | Manntalsþing 1. júlí 1872. Þinglesið var kaupbréf, dagsett 11. apríl 1872, hvar Ingibörg Þorláksdóttir seldi Árna Magnússyni hálfa jörðina Arnkelsgerði. Merkt A.6.b.4. |
| | 2(409) a–b | Manntalsþing 12. júní 1901. Þinglesið var gjafabréf, dagsett 31. maí 1900, hvar Jón Guðmundsson á Litla-Sandfelli gaf barninu Eymundi Einarssyni á sama stað tvö hundruð í Arnkelsgerði. Gjafabréfinu var mótmælt. Enn fremur var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 21. apríl 1900 og 16. mars 1901, hvar Benedikt Rafnsson seldi og afsalaði Jónasi og Halldóri Benediktssonum jörðina Keldhóla. Merkt A.6.b.5a–b. |
| | 2(410) a–b | Manntalsþing 7. júlí 1903. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 7. nóvember 1900, hvar Þórarinn Sölvason seldi Nikulási Guðmundssyni þrjú hundruð úr jörðinni Tunghaga. Merkt A.6.b.6a–b. |
| | 2(411) a–b | Manntalsþing 22. júní 1906. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 8. nóvember 1904, hvar biskups Íslands seldi og afsalaði landssjóði jörðina Hallormsstöðum með hjáleigum. Enn fremur var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 21. mars 1906, hvar Eymundur Einarsson seldi Nikulási Guðmundssyni tvö hundruð úr Arnkelsgerði. Merkt A.6.b.7. |
| | 2(412) a–b | Manntalsþing 17. júní 1909. Þinglesið var skjal frá erfingjum Sigurðar Hallgrímssonar heitins þar sem þeir tilkynntu að Hallgrími Þórarinssyni var við skipti á búinu útlögð hálf jörðin Ketilsstaðir í arf. Enn fremur var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 22. mars 1909, hvar Jónas Benediktsson seldi og afsalaði Vigfúsi Einarssyni jörðina Keldhóla. Á þinginu var staðfest leyfi til að reisa girðingu milli jarðanna Gíslastaða og Arnkelsgerðis, samkvæmt skjali dagsettu 23. maí 1909. Merkt A.6.b.8. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(413) | Aukaréttur 21. október 1907. Hans K. Bech hreppstjóri og Ásmundur Helgason hreppsnefndaroddviti voru dómkvaddir til að virða jörðina Sigmundarhús. Merkt A.6.b.9. |
| | 2(414) a–b | Manntalsþing 3. júlí 1923. Þinglesin var landskiptagjörð milli jarðanna Grófargerðis, Arnkelsgerðis og Tunghaga. Merkt A.6.b.10. |
| | 2(415) a–b | Manntalsþing 20. júní 1884. Þinglesnar voru landamerkjaskrár fyrir Litla-Sandfell, Eyrarteig, Arnhólsstaði með Hryggstekk, Þingmúla með hjáleigum, Búðartungur, Geitdal, Þorvaldsstaði og Flögu. Merkt A.6.b.11a–b. |
| | 2(416) a–b | Manntalsþing 27. júní 1883. Þinglesið var forboð Jóhanns Péturssonar í Áreyjum um beit utan Áreyjarklifs. Enn fremur var þinglesin landamerkjaskrá Ánastaða. Skráð er að þinglesin hafi verið landamerkjaskrá Höskuldsstaða en svo er strikað yfir þá færslu. Merkt A.6.b.12a–b. |
| | 2(417) a–b | Manntalsþing 1. júní 1883. Þinglesið var uppboðsafsalsbréf, dagsett 22. september 1882, á Lambeyri til Björns Sigurðssonar. Einnig afsalsbréf, dagsett 23. september 1882, frá Birni til Johnsons sýslumanns á parti úr sömu jörð ásamt afsalsbréfi frá sýslumanninum, dagsett sama dag, til Jóns Magnússonar kaupmanns fyrir partinum í Lambeyri. Enn fremur var þinglýst forboði Jóhanns Péturssonar í Áreyjum um að ferðamenn ái ekki í engjum hans. Merkt A.6.b.18a–b. |
| | 2(418) a–b | Manntalsþing 7. júlí 1883. Þinglesið var forboð Jóhanns Péturssonar í Áreyjum. Merkt A.6.b.20a–b. |
| | 2(419) a–b | Aukaréttur 16. júlí 1910. Páll Beck hreppstjóri og Sigurjón Gíslason voru dómkvaddir til að virða jörðina Áreyjar. Merkt A.6.b.21. |
| | 2(420) a–b | Manntalsþing 9. júlí 1923. Þinglesið var afsal hvar Jóhann Pétursson afsalaði Indriða og Pétri sonum sínum jörðina Áreyjar. Enn fremur var þinglesið afsal hvar Kristín Gísladóttir afsalaði Jóni Jónssyni og Jóni Halldórssyni jörðina Svínaskálastekk. Merkt A.6.b.22a–c. |
| | 2(421) a–b | Manntalsþing 21. júní 1924. Þinglesið var skjal hvar Indriði Jóhannsson lýsti Pétur V. Jóhannsson eiganda að hálfri jörðinni Áreyjum. Merkt A.6.b.23. |
| | 2(422) a–b | Manntalsréttur 14. júní 1828. Upplesið var gjafabréf, dagsett 4. febrúar 1827, hvar Sveinn Sigurðsson gaf Gísla syni sínum fjögur hundruð í jörðinni Bakkagerði. Merkt A.6.b.24. |
| | 2(423) a–b | Manntalsþing 18. júní 1846. Þinglesið var gjafabréf, dagsett 17. maí 1846, hvar Nikulás Brynjólfsson með vissum skilmálum afhendir sonum sínum Ólafi og Brynjólfi ásamt tengdasyni sínum, Jóni Jónssyni, alla þá fasteign sem hann fékk við einkaskipti eftir konu sína Hallgerði Þórðardóttur. Þar á meðal voru fimm hundruð úr Tunghaga og fjögur hundruð í afbýlinu Grófargerði. Merkt A.6.b.25. |
| | 2(424) a–b | Manntalsþing 9. júní 1869. Þinglesin voru tvenn kaupbréf, annað dagsett 15. júlí 1868 og hitt 5. júní 1869, hvar E. K. Þorvarðardóttir seldi sitt hvor fjögur hundruðin úr jörðinni Eskifirði til Andrésar Eyjólfssonar og Eiríki Björnssonar. Enn fremur var þinglesin lögfesta, dagsett 7. júní 1869, hvar Ólöf Hemíngsdóttir lögfesti land Bakkagerðis. Merkt A.6.b.26a–b. |
| | 2(425) a–b | Manntalsþing 27. maí 1871. Þinglesið var gjafabréf, dagsett 24. janúar 1871, hvar Ólöf Hemingsdóttir gaf dóttursyni sínum, Eyjólfi Nikulássyni, þrjú hundruð úr jörðinni Bakkagerði. Einnig var þinglesið afsalsbréf, dagsett 10. febrúar 1871, hvar Ólöf seldi Stefáni Vigfússyni eitt hundrað úr sömu jörð. Enn fremur voru þinglesin tvenn afsalsbréf, bæði dagsett 25. febrúar 1871, hvar Jón Pálsson seldi Andrési Eyjólfssyni eitt hundrað úr jörðinni Eskifirði og Markúsi Eyjólfssyni þrjú hundruð úr sömu jörð. Merkt A.6.b.27a–b. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(426) a–b | Manntalsþing 30. maí 1881. Þinglesið var kaupbréf, dagsett 1. desember 1878, hvar Eyjólfur Nikulásson seldi Bóasi Bóassyni tvö hundruð úr jörðinni Bakkagerði. Einnig var þinglýst gjafabréfi, dagsett 20. maí 1879, hvar Ólöf Hemingsdóttir gaf Gísla Nikulássyni eitt hundrað úr sömu jörð. Enn fremur var þinglesin lögfesta, dagsett 23. maí 1881, um ítök Eskifjarðarsels í Eskifjarðarlandi. Lögfestunni var mótmælt af eiganda Eskifjarðar. Merkt A.6.b.28. |
| | 2(427) a–b | Manntalsþing 4. júní 1896. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 3. febrúar 1896, hvar Kristján Einarsson seldi og afsalaði Guðmundi Magnússyni 48 álnir úr jörðinni Bakkagerði. Merkt A.6.b.29. |
| | 2(428) a–b | Manntalsþing 7. júní 1898. Þinglesið var bréf, dagsett 31. júlí 1897, hvar eigendur Svínaskála og Svínaskálastekks skiptu með sér eigninni eftir landamerkjum. Þinglesið var afsalsbréf hvar Carl D. Tulinius seldi á uppboði Eyjólfi Eyjólfssyni fjallið úr Lambeyrareigninni. Þinglesið var bann Carl D. Tulinius um að hafa gripi í landareign hans milli Grjótár og Innri-Lambeyrarár, dagsett 6. júní 1898. Þinglesnir voru tveir samningar milli Gísla Nikulássonar, Bóasar Bóassonar, Carls D. Tulinius og Fr. Wathne um kaup á einu hundraði úr jörðinni Bakkagerði annars vegar og hins vegur um veiði fyrir sama landi, dagsettir 20. apríl og 9. maí 1898. Þinglesið var kaupbréf, dagsett 20. apríl 1898, hvar Gísli Nikulásson seldi Bóasi Bóassyni hálft hundrað í jörðinni Bakkagerði. Enn fremur var þinglesið byggingarbréf Carls D. Tulinius fyrir 1/16 hluta úr jörðinni Eskifirði, dagsett 20. apríl 1898. Merkt A.6.b.30a–b. |
| | 2(429) a–b | Manntalsþing 10. júlí 1902. Þinglesið var kaup- og afsalsbréf, dagsett 28. október 1901, hvar Guðbjörg Jónsdóttir seldi og afsalaði syni sínum Árna Jónssyni jörðina Svínaskála. Enn fremur var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 1. mars 1902, hvar Gísli Nikulásson seldi syni sínum Sigurjóni hálft hundrað úr jörðinni Bakkagerði. Merkt A.6.b.31a–c. |
| | 2(430) a–b | Manntalsþing 17. júní 1913. Þinglesið var afsal, dagsett 1. maí 1913, hvar Bóas Bóasson afsalaði Hallgr. Bóassyni 5/8 hlutum úr jörðinni Bakkagerði. Merkt A.6.b.32a–c. |
| | 2(431) a–b | Manntalsþing 29. maí 1914. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 17. júní 1913, hvar Hallgr. Bóasson afsalaði Sigurjóni Gíslasyni 1/8 hluta í jörðinni Bakkagerði. Einnig var þinglesið kaupbréf, dagsett 18. júní 1913, hvar Gísli Nikulásson seldi Sigurjóni Gíslasyni eitt hundrað úr sömu jörð. Enn fremur var þinglesið afsalsbréf, dagsett 13. nóvember 1913, hvar Jón Pálsson og Helga Magnúsdóttir afsöluðu Páli Jónssyni jörðina Sellátur. Merkt A.6.b.33. |
| | 2(432) a–b | Manntalsþing 16. júní 1756. Upplesið var aðkomstarbréf, dagsett 31. október 1752, hvar Jórunn Pétursdóttir fékk sýslumanninum Pétri Thorsteinssyni til eignar 15 hundruð í jörðinni Ketilsstöðum með eyðihjáleigunni Ketilsstaðagerði. Einnig var upplesið kaupbréf, dagsett 1. júní 1756, hvar Árni Vigfússon, í umboði systur sinnar Guðrúnar, seldi sýslumanninum hjáleiguna Beinárgerði. Enn fremur var staðfestur gjörningur milli sýslumannsins og Jórunnar um að sonur hennar Egill mætti vera á jörðinni Ketilsstöðum meðan hún lifir. Merkt A.6.b.46a–b. |
| | 2(433) a–b | Manntalsþing 27. apríl 1838. Þinglesinn var makaskiptagjörningur, dagsettur 6. janúar 1838, hvar Pétur Jónsson makaskipti þremur hundruðum í Beinárgerði, hjáleigu frá Eyjólfsstöðum, til S. Guðmundssonar fyrir þrjú hundruð í jörðinni Felli í Vopnafirði. Merkt A.6.b.47. |
| | 2(434) a–b | Manntalsþing 30. júlí 1838. Upplesinn var makaskiptagjörningur, dagsettum 6. janúar 1838, hvar Pétur Jónsson makaskipti þremur hundruðum í afbýlinu Beinárgerði til Sigurðar Guðmundssonar fyrir þrjú hundruð í jörðinni Felli í Vopnafirði. Merkt A.6.b.48. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(435) a–b | Manntalsþing 16. maí 1848. Þinglesið var gjafabréf, dagsett 3. febrúar 1839, hvar S. Guðmundsson gaf konu sinni Ingunni Vigfúsdóttur Beinárgerði, sex hundraða afbýli frá Eyjólfsstöðum. Merkt A.6.b.49a–b. |
| | 2(436) a–b | Manntalsþing 1. júní 1896. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 22. júní 1895, hvar Ragnheiður Halldórsdóttir afsalaði Finnboga Ólafssyni eitt hundrað í jörðinni Tunghaga. Þinglesið var kaup- og afsalsbréf, dagsett 12. maí 1896, hvar Sveinn Árnason, Eiríkur Þórðarson og Indriði Sturluson seldu og afsöluðu sr. Magnúsi Bl. Jónssyni þrjú hundruð í sömu jörð. Þinglesið var gjafabréf, dagsett 18. mars 1896, hvar Vigfús Þórðarson gaf frænku sinni Þórdísi Guttormsdóttur jörðina Beinárgerði. Enn fremur var þinglesið afsalsbréf, dagsett 27. júlí 1895, hvar Þorst. Jónsson og Nikulás Jónsson seldu Jóni Guðmundssyni jörðina Grófargerði. Merkt A.6.b.50a–b. |
| | 2(437) a–b | Manntalsþing 13. júlí 1917. Þinglesið var afsal, dagsett 21. júlí 1908, hvar Jóhannes Sveinbjarnarson í umboði biskups afsalaði Magnúsi Bl. Jónssyni landspildu úr landi Vallaness. Enn fremur var þinglesin yfirlýsing Magnúsar um að hann hafi gefið nýbýlinu nafnið Jaðar. Merkt A.6.b.51. |
| | 2(438) a–b | Extraréttur 24. ágúst 1799. Tekið var fyrir mál gegn kaupmönnunum N. Ørum og J. Wulf þar sem þeim var gert að færa sínar byggingar sem voru taldar vera á lóð kaupmannsins Kyhns. Fram kemur að eigendur Lambeyrar og Eskifjarðar voru samþykkir um landamerki milli jarðanna og er frekari útlistun á þeim í þingbókinni. Merkt A.6.b.61a–b. |
| | 2(439) a–b | Extraréttur 30. ágúst 1799. Tekið var fyrir mál gegn kaupmönnunum N. Ørum og J. Wulf þar sem þeim var gert að færa sínar byggingar sem voru taldar vera á lóð kaupmannsins Kyhns. Merkt A.6.b.62a–b. |
| | 2(440) a–b | Aukaréttur 26. mars 1917. Útnefndir voru menn til að meta jarðirnar Hallbjarnarstaði og Borg í Skriðdalshreppi og einnig Skuggahlíð í Norðfjarðarhreppi. Merkt A.6.b.63a–b. |
| | 2(441) a–b | Aukaréttur 24. apríl 1855. Tekið var fyrir mál Runólfs Jónssonar gegn Pétri Vilhelm Brant vegna óheimillar beitar hins síðarnefnda á landi Runólfs. Merkt A.6.b.98a–b. |
| | 2(442) a–b | Manntalsþing 27. maí 1858. Þinglýst var lögfestu fyrir Þuríðarstaðalandi. Merkt A.6.b.107. |
| | 2(443) a–b | Manntalsþing 15. september 1825. Upplesið var makaskiptabréf, dagsett 22. september 1822, hvar Þórður Jónsson makaskipti hálfri bóndaeign á Eiðum með tilheyrandi bæjum, Ormsstöðum, Tókastöðum og hálfum Þuríðarstöðum, til Benedikts Vigfússonar á móti hálfum Firði með Fjarðarseli í Seyðisfirði. Einnig var upplesin lögfesta fyrir Hallormsstað, dagsett 4. september 1825. Merkt A.6.b.117. |
| | 2(444) a–b | Manntalsréttur 10. júní 1890. Þinglýst var landamerkjum Eiða með Ormsstöðum. Enn fremur framlagði Gunnar Pálsson landamerkjaskrá milli Ketilsstaða og Vallaness en aðeins annar eigandinn var samþykkur henni. Merkt A.6.b.121. |
| | 2(445) | Skoðun. 7. september 1821. Fram fór mat á jörðinni Eskifirði. Hún var sögð vera 20 hundruð að dýrleika og þá voru framtaldar ýmsar eigur hennar. Loks var hún metin á 536 ríkisbankadali (Sýsl. S-Múl., GA/2–2, Dóma- og þingbók Suður-Múlasýslu 1820–1827, bls. 39–40). Merkt A.6.b.126a–b. |
| | 2(446) a–b | Manntalsþing 3. júní 1848. Lesið var afsalsbréf, dagsett 26. júlí 1847, fyrir svokölluðu Ísfjarðarhöndlunarhúsi á Eskifirði ásamt jörðinni Eskifirði með undirliggjandi hjáleigum frá börnum Ísfjörðs til kaupmannsins Thaaes. Einnig var lesið afsalsbréf, dagsett 29. júlí 1847, fyrir jörðinni Eskifirði frá kaupmanninum Thaae til Péturs Péturssonar. Enn fremur var lesið afhendingarskjal á einu og hálfu hundraði í jörðinni Seljateigi frá Sigríði Finnbogadóttur til Indriða Ásmundssonar. Merkt A.6.b.127. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(447) a–b | Manntalsþing 2. júní 1866. Þinglýst var gjafabréfi, dagsettu 7. maí 1866, hvar Jón Sigfússon afhenti Jóni Pálssyni hálfan Eskifjörð. Merkt A.6.b.128. |
| | 2(448) a–b | Manntalsþing 15. júní 1878. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 20. maí 1878, hvar Eiríkur Einarsson seldi Sæbjörgu á Sléttu þrjú hundruð úr Seljateigi. Enn fremur var þinglesin lögfesta fyrir Eskifjarðarlandi gagnvart Lambeyri frá Jón Ólafssyni vegna eigendanna, dagsett samdægurs. Merkt A.6.b.129a–b. |
| | 2(449) a–b | Manntalsþing 23. júní 1879. Þinglýst var kaupbréfi, dagsettu 14. desember 1878, hvar Eiríkur Bjarnason seldi Tulinius kaupmanni átta hundruð úr Eskifirði. Þinglýst var lögfestu, dagsettri sama dag, frá Tulinius kaupmanni fyrir landi Eskifjarðar. Einnig var þinglýst kaupbréfi, dagsettu 16. júní 1878, hvar Jón Einarsson seldi Jónasi Eyjólfssyni þrjú hundruð úr Seljateigi. Enn fremur var þinglýst kaupbréfi, dagsettu 2. desember 1878, hvar Sigurður Oddsson seldi Bjarna Eiríkssyni eitt hundrað og 30 álnir úr Seljateigshjáleigu. Merkt A.6.b.130a–b. |
| | 2(450) a–b | Manntalsþing 1. júní 1882. Þinglýst var afsalsbréfi, dagsettu 22. október 1881, hvar Björn Sigurðsson seldi Tulinius kaupmanni landstykki úr Lambeyrarlandi. Enn fremur var þinglýst lögfestu frá Kjartani Péturssyni í Eskifjarðarlandi eða friðun á sínu landi fyrir gripum frá Eskifirði. Tulinius kaupmaður mótmælti lögfestunni að því leyti að Kjartan vildi hafa ítak í Eskifirði. Merkt A.6.b.132. |
| | 2(451) a–b | Aukaréttur 23. ágúst 1884. Tekið var fyrir landamerkjamál um takmörk Eskifjarðarsels að utan og Eskifjarðar að innan. Merkt A.6.b.133a–c. |
| | 2(452) a–b | Aukaréttur 16. ágúst 1886. Dómur í máli Kjartans Péturssonar í Eskifjarðarseli gegn Þórði Eiríkssyni og Eiríki Þórðarsyni á Vattarnesi út af sölu á Eskifjarðarseli. Merkt A.6.b.134a–b. |
| | 2(453) a–b | Manntalsþing 29. maí 1901. Þinglýst var gjafabréfi, dagsettu 27. nóvember 1900, frá Carl D. Tulinius kaupmanni fyrir landsstykki sem Eskifjarðarkirkja stóð á. Enn fremur var þinglýst gjafabréfi, dagsettu 17. september 1900, hvar Guðni Vigfússon á Veturhúsum afsalaði Stefáni Magnússyni á Eskifirði öllum sínum eigum. Merkt A.6.b.135a–c. |
| | 2(454) a–b | Manntalsþing 26. júní 1906. Þinglesin var áritun, dagsett 29. maí 1905, á kaupbréfi, dagsettu 16. júní 1878, hvar Jón Einarsson seldi Jónasi Eyjólfssyni þrjú hundruð úr Seljateigi. Áritunin var lýsing Jónasar á því að hann hafi keypt þessi hundruð fyrir móður sína Sæbjörgu Jónsdóttur og að þau væru hennar óátalin eign. Einnig var þinglesið kaupbréf, dagsett 24. nóvember 1905, hvar Þorsteinn Jónsson seldi bræðrunum Björgólfi og Andrési Runólfssonum 1/3 hlut úr jörðinni Eskifirði. Á kaupbréfið var ritað afsal, dagsett 24. apríl 1906, hvar Andrés seldi og afsalaði bróður sínum Björgólfi hálfri jörðinni Eskifirði. Einnig fylgdi vottorð, dagsett 16. maí 1906, þess efnis að Björgólfur Runólfsson var einn eigandi Eskifjarðar. Einnig var þinglýst kaupbréfi, útgefnu 22. maí 1906, hvar Björgólfur seldi Ara Jónssyni lóð úr Eskifjarðarlandi. Enn fremur er þinglýst gjafabréfi, dagsettu 21. maí 1916, hvar Thór E. Tulinius gaf A. V. Tulinius landshlutarrétt fyrir neðan Lambeyrartún. Merkt A.6.b.137a–b. |
| | 2(455) a–b | Manntalsþing 5. júní 1908. Þinglesið var afsalsbréf hvar Páll Þorláksson afsalaði Pétri Kjartanssyni tveimur hundruðum í Eskifjarðarseli. Merkt A.6.b.138a–b. |
| | 2(456) a–b | Manntalsþing 17. júní 1854. Þinglesið var lífsfestubyggingarbréf fyrir Pétur Vilhelm til ábúðar á Eskifjarðarseli. Merkt A.6.b.139a–b. |
| | 2(457) a–b | Manntalsþing 12. júní 1862. Upplesið var skjal viðvíkjandi skipsuppsátri á Eskifjarðarseli. Enn fremur var upplesið skjal um eggvarp í Stakkahlíð. Merkt A.6.b.140. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(458) a–b | Manntalsþing 16. júní 1877. Lesið var afsalsbréf, dagsett 22. maí 1877, hvar Þórður Eiríksson og Eiríkur Þórðarson seldu Kjartani Péturssyni Eskifjarðarsel. Enn fremur var lesin lögfesta G. E. Thorlacius fyrir jörð sinni Lambeyri, dagsett 16. júní 1877. J. Símonarson á Svínaskála mótmælti lögfestunni. Merkt A.6.b.141. |
| | 2(459) a–b | Manntalsþing 19. maí 1905. Þinglýst var gjafabréfi, dagsettu 25. mars 1905, hvar Andrés Eyjólfsson gaf lóð úr Eskifjarðarlandi undir kirkjugarð handa Eskifjarðarkirkjusókn. Þinglýst var fimm gjafabréfum, dagsettum 2.–3. og 10.–12. nóvember 1904, hvar hjónin Kjartan Pétursson og Kristín Jónsdóttir gáfu börnum sínum Þorbjörgu, Jóhanni Björgvini, Pétri, Jóni og Lárusi hlut úr Eskifjarðarselslandi. Merkt A.6.b.142a–b. |
| | 2(460) a–b | Manntalsþing 26. júní 1918. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 10. janúar 1917, hvar ráðherra Íslands afsalaði Högnastöðum til Guðríðar Sigurðadóttur. Enn fremur var þinglesið leyfi eigenda Eskifjarðarsels, dagsett 20. apríl 1917, til Guðmundar Jóhannssonar kaupmanns á Eskifirði til að vinna hvers konar kolategundir í Eskifjarðarselslandareign næstu 75 árin. Merkt A.6.b.143a–d. |
| | 2(461) a–b | Manntalsþing 24. júní 1817. Þinglýst var makaskipta- og kaupbréfi, dagsett 9. júní 1817, hvar Einar Jónsson afhenti sr. Birni Vigfússyni jörðina Mýnes á móti 13 hundruðum í Eyjólfsstöðum. Merkt A.6.b.144a–b. |
| | 2(462) a–b | Manntalsþing 20. september 1821. Þinglýst var makaskiptabréfi, dagsettu 11. september 1820, hvar Einar Jónsson afhenti Sigurði Guðmundssyni hálfa jörðina Eyjólfsstaði. Merkt A.6.b.145. |
| | 2(463) a–b | Manntalsþing 5. júlí 1823. Þinglýst var makaskiptabréfi, dagsettu 11. september 1821, hvar Sigurður Guðmundsson makaskipti til Einars Jónssonar jörðinni Giljum á Jökuldal fyrir hálfa jörðina Eyjólfsstaði. Merkt A.6.b.146. |
| | 2(464) a–b | Manntals- og skattaþing 7. apríl 1841. Þinglýst var lóðseðli, dagsettum 29. júlí 1812, hvar Sigurður Guðmundsson fékk í föður- og móðurarf hálfa jörðina Eyjólfsstaði, 14 hundruð að dýrleika. Merkt A.6.b.147a–b. |
| | 2(465) a–b | Manntals- og skattaþing 8. júlí 1844. Þinglýst var kaupbréfi, dagsettu 19. apríl 1843, hvar Pétur Hildibrandsson seldi Sveini Sveinssyni sex hundruð í jörðinni Gilsárteigi. Þinglýst var lögfestu hvar S. Guðmundsson lögfesti jörðina Eyjólfsstaði. Einnig var þinglýst umboði frá Jóni Marteinssyni handa R. Guðmundssyni á Þorvaldsstöðum til að krefjast fjallskila af þeim bændum í Vallnahreppi sem notuðu Geitdalsafrétt. Þá framlagði Þorst. Michaelsson til þinglesturs lögfestu, dagsetta 14. maí 1840, hvar G. Pálsson lögfesti Vallanesheimaland og Vallaneskirkjuítök í Egilsstaða- og Þingmúlaþinglagi. Í framhaldinu var þinglýst skjali Sigv. Magnússonar hvar hann lýsti Tungudal almenningseign. Merkt A.6.b.148. |
| | 2(466) a–b | Manntalsþing 17. maí 1856. Þinglýst var lóðseðlum Guðlaugar, Malenar og Þórunnar Sigurðardætra fyrir tveimur hundruðum og 20 álnum sem Malena átti og tveimur og hálfu hundraði sem hver hinna áttu í Eyjólfsstöðum. Merkt A.6.b.149a–b. |
| | 2(467) a–b | Manntalsþing 20. júní 1868. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 9. júní 1868, hvar Sæmundur Sigfússon seldi Einari Sigurðssyni fjögur og hálft hundrað í jörðinni Eyjólfsstöðum. Merkt A.6.b.150. |
| | 2(468) a–b | Manntalsþing 10. júní 1913. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 25. maí 1913, hvar sr. Magnús Bl. Jónsson afsalaði til Odds Þorgrímssonar þremur hundruðum í jörðinni Tunghaga. Enn fremur var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 4. ágúst 1911, hvar sr. Vigfús Þórðarson afsalaði Kristjáni Sigmundssyni jörðinni Eyjólfsstöðum. Merkt A.6.b.151a–b. |
| | 2(469) a–b | Aukaréttur 3. júní 1915. Menn voru útnefndir til að meta jarðirnar Högnastaði og Eyjólfsstaði. Merkt A.6.b.152. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(470) a–b | Manntalsþing 16. maí 1843. Þinglesið var makaskiptabréf, dagsett 24. febrúar 1843, hvar sr. Pétur Jónsson makaskipti jörðinni Egilsseli til bræðranna Jóns og Eiríks Jónssona fyrir jörðina Eyrarteig. Enn fremur var þinglesið makaskiptabréf, dagsett 8. mars 1843, hvar bræðurnir Jón og Eiríkur makaskipta jörðinni Egilsseli til Einars Guðmundssonar fyrir jörðina Geitavík með undirliggjandi hjáleigu. Merkt A.6.b.153. |
| | 2(471) a–b | Manntalsþing 1. júlí 1893. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 25. apríl 1883, hvar Jón Ívarsson keypti jörðina Eyrarteig. Merkt A.6.b.154. |
| | 2(472) a–b | Manntalsþing 30. júní 1920. Þinglýst var afsalsbréfi, dagsettu 20. apríl 1920, hvar hreppsnefnd Fljótsdalshrepps afsalaði Ögmundi Ketilssyni jörðinni Eyrarteig. Merkt A.6.b.155. |
| | 2(473) a–b | Manntalsþing 31. maí 1814. Upplesið var gjafa- og afhendingarbréf, dagsett 12. júní 1813, hvar Hermann Jónsson gaf fóstursyni sínum Halldóri Pálssyni hálfan heimastað Fjarðar í Mjóafirði með helmingi kotanna Árness og Fjarðarkots. Einnig voru upplesnir máldagar Hallormsstaðarkirkju. Enn fremur var upplesið afsalsbréf hvar Bjarni Guðmundsson, með samþykki G. Ögmundssonar, afsalaði Pétri Péturssyni þremur hundruðum í jörðinni Fannardal. Merkt A.6.b.156a–b. |
| | 2(474) a–b | Manntalsþing 22. maí 1818. Upplesið var kaupbréf, dagsett 9. apríl 1818, hvar Guðrún Runólfsdóttir seldi sr. Benedikt Þorsteinssyni hálfa jörðina Fannardal, þrjú hundruð að dýrleika. Enn fremur var upplesið kaupbréf, dagsett 21. apríl 1818, hvar Pétur Pétursson seldi sr. Benedikt Þorsteinssyni hálfa jörðina Fannardal. Merkt A.6.b.157. |
| | 2(475) a–b | Manntalsþing 14. júlí 1884. Þinglesnar voru landamerkjaskrár jarðanna Fannardals og Fjarðar með koti. Merkt A.6.b.158a–b. |
| | 2(476) a–b | Manntalsþing 14. júlí 1890. Þinglýst var landamerkjum jarðanna Fannardals, Hóla, Seldals, Skorrastaðar og Skuggahlíðar. Einnig er þinglýst ítökum Skorrastaðarkirkju. Merkt A.6.b.159a–b. |
| | 2(477) a–b | Manntalsþing 12. júlí 1920. Þinglesið var afsal eigenda jarðarinnar Fannardals til Guðjóns Ármannssonar á jörðinni Fannardal, dagsett 14. október 1919. Enn fremur var tekið fyrir afsal Guðjóns Ármannssonar til Jóseps Axfirðings fyrir sömu jörð, dagsett 15. október 1919. Merkt A.6.b.160a–b. |
| | 2(478) a–b | Manntalsþing 22. maí 1845. Þinglýst var lögfestu hvar Þórður Eyjólfsson lögfesti ábýlisjörð sína Gíslastaðagerði. Einnig var þinglýst lögfestu, dagsettri 20. apríl 1845, hvar Sigurður Jónsson lögfesti jörðina Höfða. Bændurnir Óli Ísleifsson og Arngrímur Vilhjálmsson á Útnyrðingsstöðum gáfu þá erklæringu að þeir gátu ekki samþykkt lögfestu Höfða. Enn fremur var þinglýst lögfestu, dagsettri 20. maí 1845, hvar Einar Halldórsson lögfesti land sitt og kirkjunnar í Firði í Mjóafirði. Merkt A.6.b.161a–b. |
| | 2(479) a–b | Manntalsþing 12. júlí 1871. Þinglýst var gjafabréfi, dagsettu 11. júlí 1871, hvar Guðrún Erlendsdóttir gaf dóttur sinni Guðfinnu eitt hundrað í jörðinni Hellisfjarðarseli. Enn fremur var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 24. apríl 1865, hvar Anna Jónsdóttir seldi tengdasyni sínum Eiríki Pálssyni tvö hundruð í jörðinni Fjarðarkoti. Merkt A.6.b.162a–b. |
| | 2(480) a–b | Manntalsþing 25. júní 1818. Upplesin var lögfesta, dagsett 4. maí 1816, hvar Hermann Jónsson og H. Pálsson lögfestu jörðina Fjörð og Fjarðarkirkjulandareign. Merkt A.6.b.163. |
| | 2(481) a–b | Manntals- og skattaþing 19. júlí 1838. Upplesinn var skiptagjörningur, dagsettur 5. október 1835, hvar Halldór Pálsson útlagði til eignar 13 og hálft hundrað í jörðinni Firði. Merkt A.6.b.164. |
| | 2(482) a–b | Manntalsþing 13. júlí 1840. Þinglýst var afsalsbréfi, dagsettu 10. júlí 1840, hvar Halldór Pálsson seldi Einari syni sínum jörðina Fjörð. Enn fremur var Bjarni Pétursson sleginn hæstbjóðandi á opinberu uppboði á konungsparti í jörðinni Hellisfirði, fimm hundruð að dýrleika. Merkt A.6.b.165a–b. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(483) a–b | Manntalsþing 12. júní 1852. Lögfesta var lesin fyrir Fjarðarland í Mjóafirði, dagsett 20. maí 1852. Enginn mótmælti henni. Merkt A.6.b.166a–b. |
| | 2(484) a–b | Manntalsþing 23. maí 1853. Þinglýst var lögfestu fyrir Fjörð, dagsett 20. maí 1852. Enn fremur var þinglýst lögfestu fyrir eyðijörðina Þuríðarstaði, dagsett 6. maí 1853. Merkt A.6.b.167a–b. |
| | 2(485) a–b | Manntalsþing 7. júní 1854. Þinglesið var afsalsbréf hvar H. Hermannsson afsalaði til E. Halldórssonar jörðinni Firði fyrir 1200rd og þremur hundruðum í jörðinni Reykjum. Merkt A.6.b.168a–b. |
| | 2(486) a–b | Manntalsþing 11. júní 1858. Hjálmar Hermannsson hreppstjóri áskyldi eigendum jarðarinnar Fjarðar rétt til að mótmæla lögfestu fyrir Þuríðarstaði sem var þinglýst á Egilsstaðaþingi. Þinglesnir voru lóðseðlar Guðlaugar og Ingibjargar Einarsdætra frá Firði. Enn fremur var þinglesið kaupbréf hvar Þórður Guðmundsson á Eyvindará seldi Bjarna Stefánssyni eitt og hálft hundrað í jörðinni Tandrastöðum. Merkt A.6.b.169a–b. |
| | 2(487) a–b | Manntalsþing 30. júní 1865. Þinglesin voru tvenn kaupbréf, dagsett 7. september 1860 og 10. október 1863, hvar Anna Jónsdóttir seldi Ólafi Guðmundssyni í fyrra skiptið fimm hundruð í jörðinni Firði og í seinna skiptið þrjú hundruð í sömu jörð. Merkt A.6.b.170a–b. |
| | 2(488) a–b | Aukaréttur 31. mars 1875. Menn voru útnefndir til að gera skoðunargjörð yfir spjöll þau sem skriða gerði þegar hún féll á jörðina Fjörð haustið 1874. Merkt A.6.b.171. |
| | 2(489) a–b | Manntalsþing 21. maí 1901. Friðlýst var fyrir Fjarðarlandi. Merkt A.6.b.172. |
| | 2(490) a–b | Manntalsþing 19. júní 1913. Friðlýst var fyrir skotum fyrir löndum Fjarðar, Skóga og Brekku í Mjóafirði. Merkt A.6.b.173a–b. |
| | 2(491) a–b | Manntalsþing 19. júlí 1932. Þinglesin var friðlýsing á skotum fyrir Fjarðarlandi. Merkt A.6.b.174a–b. |
| | 2(492) a–b | Aukaréttur 26. apríl 1875. Matsmenn staðfestu framlagða skoðunargjörð á spjöllum sem skriða gerði á jörðina Fjörð haustið 1874. Merkt A.6.b.180. |
| | 2(493) a–b | Manntalsþing 26. maí 1847. Þinglesinn var samningur, dagsettur 30. september 1845, og lögfesta, dagsett 20. apríl 1845, um landamerki Höfða og Útnyrðingsstaða. Einnig var þinglesið afsalsbréf, dagsett 12. apríl 1846, fyrir eyðibýlinu Núpsgerði, þ.e. úr Hjartarstöðum, frá Br. Evertssyni Wium til Vilhjálms Árnasonar. Enn fremur voru lesin tvö makaskiptabréf, hið fyrra dagsett 13. maí 1847, hvar Jarðþrúður Eiríksdóttir makaskipti fjórum hundruðum í Geitavík til Halldórs Einarssonar fyrir fjögur hundruð í Eyvindará. Hið seinna dagsett 19. maí 1847, hvar H. Einarsson makaskipti þessum Geitavíkurhundruðum til Guðlaugar Jónsdóttur fyrir fjögur hundruð í Egilsstöðum á Völlum. Merkt A.6.b.196a–b. |
| | 2(494) a–b | Manntalsþing 18. júní 1908. Þinglesið var kaup- og afsalsbréf, dagsett 18. febrúar 1908, hvar Björn Árnason seldi og afsalaði Einari Jónssyni hálfri jörðinni Stóra-Sandfelli. Einnig var þinglesið kaupbréf, dagsett 23. nóvember 1907, hvar Guðmundur Pétursson seldi Guðm. Þorvaldssyni fjögur hundruð og 19 álnir í jörðinni Geitdal. Þessu kaupbréfi mótmælti hreppsnefnd Skriðdalshrepps vegna forkaupsréttar. Enn fremur var þinglesið skjal hvar Guðmundur Þorvaldsson í Geitdal eftirlét móður sinni, Svanhvíti Sigurðardóttur, kauprétt að þeim fjórum hundruðum og 19 álnum sem hann keypti af Guðm. Péturssyni. Merkt A.6.b.204a–b. |
| | 2(495) a–b | Manntals- og skattaþing 24. júní 1844. Friðlýst var jörðinni Hellisfirði gegn skotum að beiðni Mekkínar og Guðrúnar Erlendsdætra. Merkt A.6.b.232. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(496) a–b | Manntalsþing 15. júní 1880. Þinglýst var afsalsbréfi, dagsettu 17. mars 1880, hvar Níels Sigurðsson seldi Árna Auðunssyni Úlfsstaði. Þá var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 6. desember 1879, hvar Jón Bjarnason og Eiríkur Jónsson seldu Sigbirni Eyjólfssyni þrjú hundruð í Tunghaga. Einnig var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 18. janúar 1879, hvar Friðrik Guðmundsson seldi Sigurði Jónssyni Eiðatorfuna. Einnig var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 4. október 1879, hvar Nikulás Jónsson seldi Árna Magnússyni níu hundruð og 72 álnir úr Gilsárteigi. Enn fremur voru menn útnefndir til að skipta jörðunum Ketilsstöðum, Útnyrðingsstöðum og Keldhólum. Merkt A.6.b.235. |
| | 2(497) a–b | Manntalsþing 1. júní 1813. Þinglesið var kaupbréf Eyjólfs Jónssonar fyrir jörðinni Gíslastöðum með afbýlinu Gíslastaðagerði, dagsett 29. maí 1873. Merkt A.6.b.244a–b. |
| | 2(498) a–b | Manntalsþing 15. maí 1851. Þinglesin var lögfesta, dagsett 22. maí 1845, hvar Þórður Eyjólfsstaður lögfesti Gíslastaðagerði. St. Jónsson mótmælti henni þar sem hún var ósamkvæm þeim ummerkjum sem honum voru byggð í Úlfsstaðalandi. Merkt A.6.b.245a–b. |
| | 2(499) a–b | Manntalsþing 4. júlí 1924. Þinglýst var sölu Jóns Eiríkssonar á ¾ hlutum úr jörðinni Gíslastaðagerði til Halldórs Helgasonar. Enn fremur var þinglýst sölu Bjarna Eiríkssonar til hins sama á ¼ hluta úr sömu jörð. Merkt A.6.b.246. |
| | 2(500) a–b | Manntalsþing 3. júlí 1925. Þinglesin var sala Halldórs Helgasonar á jörðinni Gíslastaðagerði til Þórðar Helgasonar. Enn fremur var þinglesin sala Þórðar Helgasonar á sömu jörð til P. V. Jensens. Merkt A.6.b.247. |
| | 2(501) a–b | Manntalsþing 2. júlí 1816. Þinglesin var lögfesta Eyjólfs Jónssonar fyrir Gíslastaðalandi, dagsett 16. maí 1816. Enn fremur var upplesin lögfesta fyrir ítökum Vallaneskirkju í Eyvindarárdölum, dagsett 21. júlí 1799. Merkt A.6.b.248. |
| | 2(502) a–b | Manntalsþingsréttur 29. maí 1843. Þinglýst var makaskiptabréfi, dagsettu 28. maí 1843, milli E. Nikulássonar og Jóns Eyjólfssonar áhrærandi þrjú hundruð í Keldhólum og þrjú hundruð í Gíslastöðum. Merkt A.6.b.249. |
| | 2(503) a–b | Manntalsþing 29. júlí 1910. Þinglýst var afsalsbréfi, dagsettu 20. september 1909, hvar Vilhjálmur Jónsson afsalaði bústýru sinni Björgu Eyjólfsdóttur hálfri jörðinni Gíslastöðum. Enn fremur var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 27. júní 1910, hvar Jón Ólason afsalaði syni sínum Þorsteini M. Jónssyni hálfri jörðinni Útnyrðingsstöðum. Merkt A.6.b.251a–b. |
| | 2(504) a–b | Manntalsþing 29. júlí 1840. Upplesið var kaupbréf, dagsett 3. mars 1840, hvar Þorvarður Gíslason seldi syni sínum Gísla tvö hundruð í jörðinni Höskuldsstöðum. Enn fremur var upplesið makaskiptabréf, dagsett 12. maí 1840, hvar Nic. Brynjúlfsson makaskipti sex hundruðum í Kirkjubóli í Stöðvarfirði fyrir Grófargerði á Völlum. Merkt A.6.b.254. |
| | 2(505) a–b | Manntalsþing 10. júní 1871. Þinglesið var makaskiptabréf, dagsett 25. júní 1870, hvar Hallur Einarsson makaskipti Sigríði Halldórsdóttur fjórum hundruðum í Hamragerði á móti fjórum hundruðum og 44 álnum í Rangá. Einnig var þinglesið kaupbréf, dagsett 28. desember 1870, hvar Sigurður Árnason seldi B. Þ. Nikulássyni 30 álnir úr Tunghaga. Enn fremur var þinglesið kaupbréf, dagsett 20. apríl 1871, hvar Ólafur Vigfússon seldi B. Þ. Nikulássyni eitt hundrað úr Grófargerði. Merkt A.6.b.255. |
| | 2(506) a–b | Manntalsþing 7. júlí 1891. Þinglýst var gjafabréfi, dagsettu 4. janúar 1891, hvar Jón Marteinsson gaf Benedikt Rafnssyni jörðina Keldhóla. Einnig var þinglýst landamerkjaskrá fyrir eyðijörðina Þuríðarstaði. Enn fremur var friðlýst fyrir æðarvarpi á eyjum frá Eiðum undan Gröf. Merkt A.6.b.256. |
| | 2(507) a–b | Manntalsþingsréttur 13. maí 1796. Upplesinn var kaupsamningur, dagsettur 5. apríl 1796, hvar Steingrímur Ögmundsson seldi Jóni Jónssyni fimm hundruð í jörðinni Helgustöðum. Merkt A.6.b.272. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(508) a–b | Manntalsþing 17. maí 1813. Uppboðinn var konungspartur í jörðinni Helgustöðum, kallaður Gytteborg, þrjú hundruð að dýrleika og var hæstbjóðandi Faktor G. Ögmundsson. Merkt A.6.b.273. |
| | 2(509) a–b | Manntals- og skattaþing 19. júní 1819. Þinglýst var afsalsbréfi, dagsettu 16. október 1818, hvar Faktor G. Ögmundsson afsalaði til Þórunnar Jónsdóttur fimm hundruðum í jörðinni Helgustöðum og fjórum hundruðum í Sigmundarhúsum. Merkt A.6.b.274. |
| | 2(510) a–b | Manntalsþing 31. ágúst 1820. Upplesið var kaupbréf hvar Þórunn Jónsdóttir seldi sr. Benedikt Þorsteinssyni fimm hundruð í jörðinni Helgustöðum ásamt Sigmundarhúsum, fjögur hundruð að dýrleika. Merkt A.6.b.275. |
| | 2(511) a–b | Manntalsþing 9. maí 1855. Þinglesið var byggingarbréf hvar sr. Th. Erlendsson byggði faktor H. H. Svendsen allan þann silfurteig sem fyndist í Helgustaðalandi. Merkt A.6.b.276a–b. |
| | 2(512) a–b | Manntalsþing 27. maí 1863. Þinglýst var leigubréfi frá sr. Th. Erlendssyni til faktors Tulinius fyrir ¾ hlutum úr Helgustöðum. Merkt A.6.b.277a–b. |
| | 2(513) a–b | Manntalsþing 28. maí 1874. Þinglýst var bréfi hvar sr. Þórarinn Erlendsson afsalaði Tuliniusi kaupmanni 17 og 925/1000 hundruðum úr Helgustöðum og Sigmundarhúsum með tiltölulegum hluta úr námunni. Merkt A.6.b.278. |
| | 2(514) a–b | Manntalsþing 31. maí 1880. Þinglýst var afsalsbréfi, dagsettu 25. apríl 1879, hvar Tulinius kaupmaður afhenti landssjóði Íslands sína ¾ hluta úr Helgustöðum með silfurbergsnámunni. Einnig var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 19. apríl 1880, hvar sr. Jón Hávarðsson afhenti Jóni Ólafssyni ritstjóra Svínaskálastekk. Enn fremur var þinglýst tveimur afsalsbréfum, dagsettum 28. apríl 1880, hvar Tulinius seldi Markúsi Tómassyni eitt hundrað úr Eskifirði og Andrési Eyjólfssyni þrjú hundruð úr sömu jörð. Merkt A.6.b.279a–b. |
| | 2(515) a–b | Aukaréttur 14. september 1906. Tekið var fyrir að eiðfesta matsmenn vegna mats á Helgustöðum. Merkt A.6.b.280a–b. |
| | 2(516) a–b | Manntalsþingsréttur 20. maí 1843. Einar Erlendsson friðlýsti öllum fjörum fyrir Sveinsstaðalandi og fyrir Hellisfjarðarlandi að svo miklu leyti sem hans eign áhrærir í Hellisfjarðarland. Merkt A.6.b.281a–b. |
| | 2(517) a–b | Manntalsþing 5. júlí 1872. Þinglýst var kaupbréfi, dagsettu 30. apríl 1872, hvar P. Sveinsson seldi Sv. Stefánssyni tvö hundruð í jörðinni Hellisfjarðarseli. Merkt A.6.b.283. |
| | 2(518) a–b | Manntalsþing 12. júlí 1900. Þinglýst var gjafabréfi, dagsettu 11. júlí 1900, hvar Sveinn Stefánsson gaf uppeldisdóttur sinni Guðrúnu Pétursdóttur eitt hundrað í jörðinni Hellisfjarðarseli. Merkt A.6.b.284a–b. |
| | 2(519) a–b | Manntalsþing 24. maí 1813. Hæstbjóðandi í fimm hundruð í jörðinni Hellisfirði var Erlendur Árnasonar. Merkt A.6.b.285a–b. |
| | 2(520) a–b | Manntalsþing 29. maí 1838. Þinglýst var gjafabréfi, dagsettu 24. september 1837, hvar Erlendur Árnason gaf dætrum sínum Guðrúnu og Mekkínu, eftir sinn dag, tvö hundruð hvorri fyrir sig í jörðinni Hellisfirði. Merkt A.6.b.286. |
| | 2(521) a–b | Manntalsþing 21. júní 1841. Þinglýst var kaupbréfi, dagsettu 16. júlí 1840, hvar Þórarinn Erlendsson seldi Jóni Erlendssyni eitt hundrað í jörðinni Hellisfirði. Merkt A.6.b.288a–b. |
| | 2(522) a–b | Manntalsþing 8. júní 1850. Lesinn var samningur um landaskipti milli Hellisfjarðar og Sveinsstaða. Merkt A.6.b.289a–b. |
| | 2(523) a–b | Manntalsþing 24. júní 1880. Þinglýst var afsalsbréfi, hvar Hávarður Einarsson afhenti Tulinius kaupmanni sjö hundruð í jörðinni Hellisfirði. Merkt A.6.b.290a–b. |
| | 2(524) a–b | Manntalsþing 8. júlí 1881. Þinglýst var afsalsbréfi, dagsettu 7. febrúar 1881, hvar Tulinius seldi Sveini Sveinssyni sjö hundruð í jörðinni Hellisfirði. Merkt A.6.b.291. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(525) a–b | Manntalsþing 18. júlí 1892. Þinglýst var kaupsamningi, dagsettum 17. maí 1890, hvar Sveinn Sveinsson seldi Sigurði Finnbogasyni 37 hundruð í jörðinni Hellisfirði. Merkt A.6.b.292. |
| | 2(526) a–b | Aukaréttur 19. september 1896. Menn voru útnefndir til að skipta jörðinni Hellisfirði með túni og úthaga í þrjá parta á milli Gísla Sigurðssonar, Víglundar Péturssonar og Sveins Sveinssonar. Merkt A.6.b.293. |
| | 2(527) a–b | Manntalsþing 7. júlí 1897. Þinglýst var skiptagjörningi, dagsettum 26. júní 1897, á milli eigenda og ábúanda jarðarinnar Hellisfjarðar. Merkt A.6.b.294a–b. |
| | 2(528) a–b | Manntalsþing 23. júní 1903. Þinglýst var kaupbréfi, dagsettu 16. júní 1902, hvar Víglundur Pétursson seldi Símoni Jónssyni 5,6 hundruð í jörðinni Hellisfirði. Merkt A.6.b.295a–b. |
| | 2(529) a–b | Manntals- og skattaþing 24. júní 1836. Upplesið var kaupbréf, dagsett 26. júlí 1835, hvar kammerráð Melsted sýslumaður seldi jörðina Ketilsstaði til Jóns Sigfússonar. Upplesinn var skiptagjörningur hvar sjö hundruð í jörðinni Hjaltastað voru útlögð til Vilhjálms Árnasonar og önnur sjö til Málfríðar Árnadóttur. Einnig var upplesinn samningur þar sem Málfríður afhenti sinn hlut til Vilhjálms. Upplesið var kaupbréf, dagsett 5. ágúst 1831, hvar sr. Benedikt Vigfússon seldi 30 hundruð í Eiðatorfu til sr. Péturs Jónssonar. Enn fremur var upplesið gjafabréf, dagsett 25. maí 1835, hvar Nikulás Brynjúlfsson afhenti tvö hundruð í jörðinni Tunghaga til Ingibjargar Brinjúlfsdóttur. Að lokum var þinglýst afsalsbréfi hvar Ingibjörg afhenti sama jarðarpart til Björgólfs Brynjúlfssonar. Merkt A.6.b.303. |
| | 2(530) a–b | Manntalsþing 18. júní 1884. Sýslumaðurinn framlagði amtsbréf þar sem uppálagt var að útnefna menn til að leggja mat á hvernig væri hægt að vernda Hallormsstaðaskóg fyrir frekari skemmdum. Einnig var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 1. október 1883, hvar Jóhannes Sveinsson seldi Sigurði Magnússyni jörðina Hjartarstaði. Enn fremur var þinglýst landamerkjaskrám fyrir jarðirnar Hleinargarð, Hjartarstaði, Útnyrðingsstaði, Keldhóla og Tunghaga. Merkt A.6.b.309a–c. |
| | 2(531) a–b | Aukaréttur 5. júní 1912. Menn voru útnefndir til að meta jarðirnar Helgustaði, Sigmundarhús, Hof, Skuggahlíð og Skorrastað. Merkt A.6.b.325. |
| | 2(532) a–b | Manntalsþing 21. apríl 1823. Upplesið var amtsbréf, dagsett 18. febrúar 1823, varðandi að Björn Skúlason sótti um að mega byggja bæ í Selárdal til eigin íbúðar. Sr. Benedikt Þorsteinsson lofaði að gefa bevísingu fyrir Skorrastaðarkirkju eignarrétt til Selárdals. Upplesin var umsókn Björns Skúlasonar. Einnig var upplesið forboðsskjal sr. Benedikts að hafa nokkur not af Seldal. Þá var upplesið skiptaskjal á landamerkjum milli Hóla og Tandrastaða. Merkt A.6.b.328a–b. |
| | 2(533) a–b | Manntalsþing 16. júlí 1888. Þinglýst var kaupbréfi, dagsettu 31. mars 1888, hvar Símon Jónsson seldi 2/9 hluta af eign sinni í jörðinni Hólum til Jónasar Símonarsonar. Merkt A.6.b.329a–b. |
| | 2(534) a–b | Aukaréttur 21. september 1897. Menn voru útnefndir til að virða jörðina Hóla til lántöku úr Landsbankanum í Reykjavík. Merkt A.6.b.330. |
| | 2(535) | Aukaréttur 17. júlí 1945. Tekið var fyrir mál Marteins Sigfússonar gegn Sveini Sigfússyni um flutning eigna af úrskiptum hluta Marteins í jörðinni Hólum. Fram kemur að skipti hafi farið fram á jörðinni milli Marteins, Sveins og þriðja aðila haustið 1942 þannig að hver og einn fékk tiltekinn hluta og séu glögg merki og ágreiningslaus milli landa þeirra. Sveinn var dæmdur til að flytja burt hluta mannvirkjanna sem hann átti á jarðarhluta Marteins. (Sýsl. S-Múl., GA/14–3, Dómabók Suður-Múlasýslu 1938–1948, bls. 70–74). Merkt A.6.b.331a–c. |
| | 2(536) a–b | Manntalsþing 31. maí 1890. Þinglýst var landamerkjaskrám jarðanna Högnastaða, Svínaskála og Sellátra. Merkt A.6.b.354. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(537) a–b | Aukaréttur 9. júlí 1915. Menn voru útnefndir til að meta jörðina Högnastaði. Merkt A.6.b.356. |
| | 2(538) a–b | Aukaréttur 20. desember 1915. Matsmenn staðfestu framlagða matsgjörð fyrir jörðina Högnastaði. Merkt A.6.b.357. |
| | 2(539) a–b | Aukaréttur 1. október 1906. Menn voru útnefndir til að meta landspildu úr landi jarðarinnar Vallaness sem héraðsfundur hafði mælt með að sr. Magnús Bl. Jónsson fengi að kaupa. Merkt A.6.b.378. |
| | 2(540) a–b | Manntalsþing 29. maí 1837. Upplesinn var kaupgjörningur, dagsettur 5. júní 1836, hvar Jón Sigfússon skuldbatt sig til að selja jörðina Keldhóla til Einars Nikulássonar. Merkt A.6.b.379. |
| | 2(541) a–b | Manntalsþing 25. maí 1860. Þinglýst var kaupbréfi J. Marteinssonar fyrir Keldhólum. Merkt A.6.b.380a–b. |
| | 2(542) a–b | Manntals- og skattaþing 13. júlí 1844. Þinglýst var lögfestu, dagsettri 14. maí 1840, hvar sr. G. Pálsson lögfesti ítök Vallaneskirkju. Merkt A.6.b.381. |
| | 2(543) a–b | Manntalsþing 14. maí 1840. Þinglesin var lögfesta, dagsett sama dag, fyrir Vallaneskirkjulandi. Enginn mótmælti henni. Merkt A.6.b.382a–b. |
| | 2(544) a–b | Manntalsþing 17. júní 1908. Þinglesið var kaupbréf, dagsett 15. júní 1908, hvar Halldór Benediktsson seldi bróður sínum, Jónasi Benediktssyni, hálfa jörðina Keldhóla. Merkt A.6.b.383. |
| | 2(545) a–b | Manntalsþing 12. júlí 1824. Upplesin var lögfesta, dagsett 12. júlí 1824, fyrir Vallanesi og undirliggjandi jörðum. Merkt A.6.b.384. |
| | 2(546) a–b | Manntalsþing 25. júní 1831. Upplesin var lögfesta, dagsett 24. júní 1831, fyrir jörðunum Ketilsstöðum og Útnyrðingsstöðum. Merkt A.6.b.385. |
| | 2(547) a–b | Manntalsþing 26. júní 1832. Upplesið var afsalsbréf, dagsett 12. ágúst 1830, hvar kaupmaðurinn Ísfjörð afhenti Þórunni Guttormsdóttur jörðina Útnyrðingsstaði. Enn fremur var upplesin lögfesta, dagsett sama dag, hvar Melsted sýslumaður lögfesti alla jörðina Ketilsstaði. Merkt A.6.b.386. |
| | 2(548) a–b | Extraréttur 9. ágúst 1830. Upplesið var kaupbréf, dagsett 18. júlí 1829, hvar sr. Stefán Árnason seldi K. Ísfjörð jörðina Útnyrðingsstaði. Merkt A.6.b.387. |
| | 2(549) a–b | Extraréttur 30. september 1845. Tekið var fyrir landamerkjamál milli jarðanna Höfða, Ketilsstaða og Útnyrðingsstaða. Merkt A.6.b.388a–c. |
| | 2(550) a–b | Manntalsþing 19. maí 1863. Þinglýst var makaskiptabréfi milli H. Eyjólfssonar og J. Sigfússonar á Ketilsstöðum á Völlum og átta hundruðum í Meðalnesi og öllum Önnustöðum í Fellum. Merkt A.6.b.390. |
| | 2(551) a–b | Manntalsþing 19. maí 1852. Þinglýst var kaupbréfi, dagsettu 22. maí 1851, fyrir Úlfsstöðum frá Sig. Guðmundssyni til Ólafs Eiríkssonar. Merkt A.6.b.391. |
| | 2(552) a–b | Landamerkjadómur 30. september 1921. Tekið var fyrir landamerkjamálið Hallgrímur Þórarinsson, eigandi hálfra Ketilsstaða, gegn Magnúsi Bl. Jónssyni, eiganda Jaðars. Merkt A.6.b.394. |
| | 2(553) a–b | Landamerkjadómur 4. júlí 1922. Tekið var fyrir landamerkjamálið Hallgrímur Þórarinsson, eigandi hálfra Ketilsstaða, gegn Magnúsi Bl. Jónssyni, eiganda Jaðars. Merkt A.6.b.395. |
| | 2(554) a–b | Landamerkjadómur 4. júlí 1922. Tekið var fyrir landamerkjamálið Hallgrímur Þórarinsson, eigandi hálfra Ketilsstaða, gegn Magnúsi Bl. Jónssyni, eiganda Jaðars. Merkt A.6.b.396a–b. |
| | 2(555) a–b | Aukaréttur 4. júlí 1922. Menn voru útnefndir til að taka sæti í landamerkjadómi í landamerkjamálinu Hallgrímur Þórarinsson, eigandi hálfra Ketilsstaða, gegn sr. Magnúsi Bl. Jónssyni, eiganda Jaðars. Merkt A.6.b.397. |
| | 2(556) a–b | Landamerkjadómur 4. júlí 1922. Tekið var fyrir landamerkjamálið Hallgrímur Þórarinsson, eigandi hálfra Ketilsstaða, gegn Magnúsi Bl. Jónssyni, eiganda Jaðars. Merkt A.6.b.398. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(557) a–b | Landamerkjadómur 29. september 1922. Tekið var fyrir landamerkjamálið Hallgrímur Þórarinsson, eigandi hálfra Ketilsstaða, gegn Magnúsi Bl. Jónssyni, eiganda Jaðars. Merkt A.6.b.399a–b. |
| | 2(558) a–b | Landamerkjadómur 30. október 1922. Tekið var fyrir landamerkjamálið Hallgrímur Þórarinsson, eigandi hálfra Ketilsstaða, gegn Magnúsi Bl. Jónssyni, eiganda Jaðars. Merkt A.6.b.400a–b. |
| | 2(559) a–b | Landamerkjadómur 1. nóvember 1922. Dómur í landamerkjamálinu Hallgrímur Þórarinsson, eigandi hálfra Ketilsstaða, gegn Magnúsi Bl. Jónssyni, eiganda Jaðars. Merkt A.6.b.401a–d. |
| | 2(560) a–b | Aukaréttur 2. júní 1923. Menn voru útnefndir til að gera uppdrátt af þrætustaðnum í ágreiningsmáli um landamerki jarðanna Jaðars og hálfra Ketilsstaða. Merkt A.6.b.402. |
| | 2(561) | Lögregluréttur 23. nóvember 1934. Dómur í máli valdstjórnarinnar gegn Hallgrími Þórarinssyni á Ketilsstöðum fyrir brot á fjallskilareglugjörð sýslunnar. Hann átti ekki að hafa lagt til mann í göngu til að reka fé í Reyðarfjörð eins og honum hafi verið uppálagt af hreppsnefndinni. Dómur féll þannig að Hallgrímur var sýknaður af kærunni. Merkt A.6.b.403a–b. |
| | 2(562) a–b | Manntalsþing 31. maí 1884. Þinglýst var landamerkjskrá jarðarinnar Kollaleiru. Merkt A.6.b.407a–b. |
| | 2(563) a–b | Manntalsþing 12. júlí 1927. Þinglesið var skjal hvar Guðjón Pálsson og Stefánía Pálsdóttir afsöluðu sonum sínum Guðmundi og Páli fimm hundruð og 67 álnir úr jörðinni Sléttu ásamt túnbletti á Sléttuströnd, 203 álnir úr Seljateigi og 48 álnir úr Borgargerði. Enn fremur var þinglesið skjal hvar umboðsmaður Múlasýsluumboðs seldi Magnúsi Magnusen í erfðafestu lóð úr Kollaleirulandi, þrjá og hálfa dagslátta að stærð. Merkt A.6.b.408a–d. |
| | 2(564) a–b | Manntalsþing 5. september 1821. Þinglýst var kaupbréfi, dagsettu 10. maí 1814, hvar Baagöe faktor seldi G. Øgmundsen faktor jörðina Lambeyri. Á kaupbréfið var skráður flutningur Øgmundsens af téðri jörð til Ørums og Wulff, dagsett 14. maí 1814. Merkt A.6.b.414. |
